Dagbók Grafar-Jóns gamla 1846-1860

Mánuðir merktir með * fyrir framan - Grófskrifaðir upp, en ekki yfirfarnir - 180/180.

Mánuðir merktir með ** fyrir framan - Yfirfarnir og bornir saman við handrit.

Mánuðir merktir með * fyrir aftan - Sérlega áhugaverðir efnislega.

Dagbók Grafar-Jóns gamla 1846-1860 **1**

Uppskrift á dagbókinni **8**

1846 8

*Janúar 1846 8

*Febrúar 1846 9

*Mars 1846 11

*Apríl 1846 12

*Maí 1846 14

*Júní 1846 16

*Júlí 1846 17

*Ágúst 1846 19

*September 1846 21

*Október 1846 23

*Nóvember 1846 25

*Desember 1846 27

1847 29

*Janúar 1847 29

*Febrúar 1847 32

*Mars 1847 33

*Apríl 1847 33

*Maí 1847 35

*Júní 1847 37

*Júlí 1847 38

*Ágúst 1847 41

*September 1847 43
*Október 1847 44
*Nóvember 1847 47
*Desember 1847 49
1848 51
*Janúar 1848 51
*Febrúar 1848 53
*Mars 1848 55
*Apríl 1848 57
*Maí 1848 59
*Júní 1848 61
*Júlí 1848 63
*Ágúst 1848 65
*September 1848 67
*Október 1848 69
*Nóvember 1848 71
*Desember 1848 73
1849 75
*Janúar 1849 75
*Febrúar 1849 77
*Mars 1849 79
*Apríl 1849 81
*Maí 1849 83
*Júní 1849 85
Júlí 1849 87
*Ágúst 1849 88
*September 1849 90
*Október 1849 91
*Nóvember 1849 92
*Desember 1849 94
1850 95
*Janúar 1850 95

*Febrúar 1850 97
*Mars 1850 98
*Apríl 1850 100
*Maí 1850 101
*Júní 1850 103
*Júlí 1850 105
*Ágúst 1850 107
September 1850 108
Október 1850 110
Nóvember 1850 112
*Desember 1850 113
1851 115
*Janúar 1851 115
*Febrúar 1851 117
*Mars 1851 118
*Apríl 1851 120
*Maí 1851 122
*Júní 1851 124
*Júlí 1851 126
*Ágúst 1851 128
*September 1851 130
*Október 1851 132
*Nóvember 1851 134
*Desember 1851 136
1852 138
*Janúar 1852 138
*Febrúar 1852 140
*Mars 1852 141
Apríl 1852 143
*Maí 1852 145
Júní 1852 147
*Júlí 1852 148

*Ágúst 1852 150
*September 1852 151
Október 1852 153
Nóvember 1852 154
*Desember 1852 156
1853 158
*Janúar 1853 158
*Febrúar 1853 159
*Mars 1853 161
*Apríl 1853 163
*Maí 1853 165
*Júní 1853 166
*Júlí 1853 168
*Ágúst 1853 170
*September 1853 171
*Október 1853 173
*Nóvember 1853 175
*Desember 1853 176
1854 178
*Janúar 1854 178
*Febrúar 1854 179
*Mars 1854 181
*Apríl 1854 183
*Maí 1854 184
*Júní 1854 186
*Júlí 1854 188
*Ágúst 1854 189
*September 1854 191
*Október 1854 193
*Nóvember 1854 194
*Desember 1854 196
1855 197

*Janúar 1855 197
*Febrúar 1855 198
Mars 1855 200
*Apríl 1855 201
*Maí 1855 202
*Júní 1855 204
*Júlí 1855 205
*Ágúst 1855 206
September 1855 207
*Október 1855 209
*Nóvember 1855 210
*Desember 1855 211
1856 213
*Janúar 1856 213
*Febrúar 1856 214
*Mars 1856 216
Apríl 1856 217
*Maí 1856 218
Júní 1856 220
Júlí 1856 221
Ágúst 1856 223
*September 1856 224
*Október 1856 225
*Nóvember 1856 227
*Desember 1856 228
1857 229
*Janúar 1857 229
*Febrúar 1857 230
*Mars 1857 231
*Apríl 1857 232
*Maí 1857 233
*Júní 1857 235

*Júlí 1857 236
*Ágúst 1857 237
*September 1857 238
*Október 1857 239
*Nóvember 1857 240
*Desember 1857 241
1858 243
*Janúar 1858 243
*Febrúar 1858 244
*Mars 1858 245
*Apríl 1858 246
*Maí 1858 247
*Júní 1858 248
*Júlí 1858 249
*Ágúst 1858 250
*September 1858 251
*Október 1858 251
*Nóvember 1858 252
*Desember 1858 253
1859 254
*Janúar 1859 254
Febrúar 1859 256
Mars 1859 257
Apríl 1859 258
*Maí 1859 259
*Júní 1859 260
*Júlí 1859 261
*Ágúst 1859 262
*September 1859 263
*Október 1859 264
*Nóvember 1859 265
*Desember 1859 266

1860 267
*Janúar 1860 267
*Febrúar 1860 268
Mars 1860 269
*Apríl 1860 270
Maí 1860 272
Júní 1860 273
Júlí 1860 274
*Ágúst 1860 275
*September 1860 276
*Október 1860 277
*Nóvember 1860 279
*Desember 1860 280

Uppskrift á dagbókinni

1846

*Janúar 1846

Dag fyrsta janúari. Frost hægt. Loft þunnur og logn. Var embættað. Sást 2ö vöðuhrot framundan Tungugröf. Högni var hér næturgestur og söng? til leiðinda.

2ar janúar. Hægur um birtinguna. Svo hastarlegt austan áhlaup. Lentum í Tungugröf. Sáum engan sel. Hinir lentu? yfir á Strönd.

3ja. janúar. Útsynnings hryðja hvass, frost hægt. Þá var haldinn hátíðlegur fundur á Kollafjarðarnesi, um Lestrarfélag. Fór ég þangað. Kom heim um nóttina kl. 6. Slórði Guðmundur á Geststöðum hér langt á nótt fram.

4a janúaris. Logn og frost hægur. Sóttum 2 ása út á strönd.

5ta janúaris. Austan gúlpur með kafalds slitring. Ekki frosthart. Haldið Dýnu. Kom Óli fyrsta dag, fórum inn eftir að Húsavík. Bjarni á Geststr. kom um kvöldið.

6da janú. Fór ég út að Smáhömrum. Keypti 2 ása. Þá var frostkafald norðan. Kom Einar frá Heiðarbæ og Bjarni Styrkársson.

7di jan. Norðan með frosti, gætti að vöðu. Sá hrot undir Grænu?kleifarnar. Strandarmenn réru yfir fjörð. Kom þeir Einar og Guðm. á Geststöðum. Heiðbirti um kvöld. Björn á Klúku eftir sel.

8da jan. Logn, heiðbirta og hart frost. Róið, fengu 2ar sel, ég og Sæmundur með skutli. ?upl?aðist Einar háseti minn af hagli.

9da jan. Hægur til ? ? Svo austan áhlaup með ofsa og megnis kafaldi. Rérum um morguninn ? ? ? sel. Bjarni á Geststöðum malaði, varð um nóttina.

10di jan. Dimmufjúk … og hæglátur til kvölds og sígandi frost … ? ? ? ? ? ? ? ? … ? ? Bjarni og Einar héldu útá Bæi ? ...

11ta jan. Frost kafald norðan og hvassviðri, kom enginn.

12. jan. Austan gúlpur og fjúkslitringur kom Guð. Geststöðum og Eyjúlfur Húsavík eftir nauti, haldið Skrautu um leið.

13da jan. Austan um morguninn, svo logn og niðri sunnan í loftið. Rérum. Skutlaður brimill. Skotin 3 skot til ónýtis, kom kópur í dauðafæri og brann ei saman. Þórey fór ofan að Heiðarbæ um kveldið til að mjólka kúna.

14. jan. Frost hægur landsynningur og hægri, rérum fengum ekkert. Vaða stygg og æddi um flóann. Kom Björn í Heiðarbæ og Tómas á Geststr.

15. janúar. Sama veður. Róið. Vaða mikil og stygg, fékk ég kópsel með skutli. Kom enginn.

16da jan. Logn og myrkvaþoka. Rérum og fengum væna urtu, vaðan mikil og stygg. Kom Ingveldur í Heiðarbæ.

17da. Jan. Sunnan þíðviðri, stormur um miðjan daginn. Rérum, fengum ekkert, haldið Kofu. Kom Markús Björn Sigurðsson og Bjarni á Geststr.

18da. jan. Logn og þoka með frostleysu, var embættað fór ég og Jón til kirkju, kom Einar frá H. yngsti Björn á Kl. og Guðm. Geststr.

19da. j. Logn og þoka, mikil vaða, lánaðist mér báglega?, gisti á Hafnarhóli. Fékk 2 misti 1. Jón Eyjúlfsson 5m. Guðm. Kirkjub. 4a.

20ta. Logn og þoka, laust til sólarlags, vaða mikil, Ég skutlaði 3, skaut einn, Torfi þá 6, Guðm 3.

21da J. Heiðbirti frost hart, útnyrðingssteitingur, vaða mikil og öfluðu allir utan ég og Jón í Tungugröf, missti hann 2 skutla og kastfæri, ég skutli, Sæmundur fékk 4ra. Hinir 1 og 2a.

22an j. Heiðbirta, hægviðri og sígandi frost. Vaða mikil. ? háhyrningar. Torfi og Guðm. Sigm. 4a ég 3a væna, missti 4a.

23. j. Heiðbirta og hægð með sígandi frosti. Vaða mikil. Þá mesti 6, næsti 5m og 4a. Guðm. Torfi og Björn. Ég missti sel með skutli. Andrés flutti sig.

24. j. Hægviðri heiðbirta og sígandi frost. Vaða mikil. Sá mesti 6, þarnæsti 5m og 4ra. Ég 2a væna, missti sel með skutli og kaffæri.

25. j. Sama veður. Sást vaðan mikil. Embættað á Felli. Komu Magnús, Markús, Eyjúlfur og Tómas á Geststr. Þórey fór fram að Arnkötludal og Þorkell með henni, ég ? kaffæri og þátt. Smíðaði skutul um kvöldið.

26ta. j. Stórviðri austan með fjúkslitring og sígandi frosti. Gerðum til 8a sela.

27da. Sama veður. Hart frost Gerðum til 6 sela.

28da. J. Sama veður. Gjörðum til 4ra. Búið að afla með hásetum rétta? 20u, skera upp og skipta? þann. 28. j. hann er miðvikudagurinn fyrsti í þorra, af þeim til hlutar 35½ fjórðungur. Sváfum öll hér fram eftir. Kom M. í Ar. með kind í fóstur.

29da. Hæglátari austan frost hægt. Fóru Strandarmenn um hálfbirtu en við hérna megin um miðjan dag. Strandar m. öfluðu, við ekkert. Börnin sóttu á sleða sel.

30ti j. Hægur inn fjarðar. Landsynnings gúlpur til flóans. Frost hægt, vaða mikil í flóanum ? innfjarðar, ég fékk einn skotkóp, Guðm. S. 3 væna. Börnin sóttu á sleða sel.

31. j. Kafaldsdimma allan daginn og útnorðan. Stormur frost hægur. Fóru Bjarni og Einar út á bæi.

*Febrúar 1846

Febrúaris 1. f. logn og þoku sleginn, frost hægt, tók Bjarni og Einar hlut sinn, sást mikil vaðan út í Bæli. Ekki var embættað.

2. f. Vestan kafalds hryðja framan af með hvassviðri. Fengu 4rir 2 - hinir ekkert. Lentum á Ströndinni fengum ekkert.

3ja f. Austan stormur, loftþunnur, hægði um kvöldið. Rérum þá, fengum ekkert. 4ir fengu 1. Kom Guðmundur í Miðhúsum.

4. f. Heiðbirta í suðri, loftmikill bakki á Strandirna, og mesti sjóþungi. Var róið, þeir misstu 3, ég missti stærðar sel.

5ti f. Heiðbirta og stormhvass norðan með sígandi frosti, fórum fram litla stund, fengum ekkert. Ég afhenti Grími félagspeninga nb. 48ra sk. Kom enginn. Þórey varð niður í Heiðarbæ um nóttina við peysu prjón.

6. f. Loftþunnur útnorðan steitingur og hart frost. Var róið, vaða mikil, sá mesti 4, allir nokkuð, ég ekkert. Röfn haldið. #

8da. f. Loftþunnur hægur og þétt frost, var embættað. Kom Sigríður á Tind. Vaðan sást mikil. Séra Björn minn sendi mér 1u seiju? með Jóni mínum.

9da. f. Vestan hláviðri, komu þeir Einar og Bjarni að skafa og spíta skinn og Guðmundur á Geststöð.

10da f. Sama veður. Fórum útí huga?, svo fram. Fékk enginn neitt. Frá því hálfur mánuður var af vetri til þessa, hafa verið jarðbönn hér.

12. f. Sama veður. Komu Einar og Bjarni að skafa og spíta skinn.

12da f. Sama verður. Kom enginn. Þórey fór ofan að Heiðarbæ að enda við peysuna. Var ég heima að slá til skutla og gjöra við skóflurnar.

13da f. Sama veður, Reru allir utan ég, fengu ekkert. Ég færði bát minn að Heiðarbæjarnaustum. Vaðan er mikil og stygg. Háhyrningar eru alltaf að d? í henni.

14da. Sama veður, reru allir. Guðm. á Kirkjubóli skaut kóp, fékk ég til láns af honum hunda? beikir?, komu 4ir, Guðrún á Kl., Eyjúlfur Sm., B. St., Bogie í Heiðbæ. Tók ég fyrst korn úr ? ? frá ser. Halldór fór upp eftir. Sveinbjörn með Klemensson fór parsti? upp?

15di. f. Sama hláviðri og góðviðri, sást vaðan lítil og stygg. Komu 7, Guðrún í Hb. með drenginn s, Guðrún Tungug., Guðm. Gestst, Guðrún á Klúku og Markús.

16. f. Frostleysa og logn. Réru allir. Fékk enginn neitt. Vaða engin. Þórey fór ofan að Heiðarbæ, var þar um nóttina.

17da febr. Hægviðri og þíðviðri, Sunnan, sást engin vaða. Léði Jón m. að Klúku til sama verks.

18di f. Alltaf sama hláviðri, var ekki róið, sást engin vaða. Kom Einar og Heiðarbæjarkýrnar.

19a f. Sama hláviðrið. Stormhvass vestan, fórum út á bæi eftir spýtum. Urðum út frá um nóttina.

20ta f.br. Lítið frost um nóttina, logn, sólskin og frostleysa um daginn. Sást vaðan mikið stygg. Reru allir, fékk enginn, nema Jón í Tungugröf skaut kóp.

21. f. Dimmu kafald um morguninn. Svo Þ.E. útnorðan frostkafald, þegar á leið daginn. Brutu hestarnir? G.b. irnir járn dragið undan bátnum. Kom Guðmundur á Gestsstöðum.

22a feb. Norðan stórkafald með hörðu frosti.

23ja feb. Norðan hvass og slitnings kafald með frosti. Ég gerði við, drag undir bát mínum.

24. feb. Hægð og fjúk til hádegis, svo logn og sólskin og frosthægt, sást engin vaða.

25ta Austan gúlpur, frosthægt með fjúkslitring. Kom Guðmundur á Geststöðum.

26ti feb. Sama veður, kom Guðmundur á G.stöðum.

27. f. Sama veður, birti með sólskini um kvöldið. Komu Guðm. á Geststöðum og Einar í Hb.

28di F. Hið sama veður, landsunnan í loftið, austan gúlpur til flóans. Hægur innfjarðar og frostlítið. Réru allir, skaut Sæmundur kóp, Torfi fékk sel, aðrir ekkert. Vaða lítil og stygg. Komu um kvöldið séra Björn m. og Halldór á Vonarholti með honum, Guðm. á Geststöð., eftir mjölskjóðu, Jón minn fór út að Kollafjarðarnesi.

*Mars 1846

Dag 1. marstijus. Sama veður, landsunnan í loftið, austan til flóans, frost hæat? og sólskin. Var embættað. Kom Helga í Húsavík.

2ar. m. Suðaustan stormhvass og þíðviðri. Gísli í Þorpum gekk um hlaðið.

3ja m. Hægur um morguninn, svo hvass austan. Skaut ég kóp og skutlaði, missti síðan. Fundu hásetar m. hann um kvöldið hálfdauðan, komu með hann frameftir. Ég sótti á hestum sel um kvöldið.

4d mars. Hvass austan gúlpur.

5ta m. Norðan með frost og kafaldsslitring. Komu þrír, Einar og B. í Hb., líka Jóhann á Vonarholt.

6.m. Austan með sígandi frosti, loftþunnur. Fórum við Jón að brytja sel, komu þeir Guðmundur á Geststöðum og Jóhann á Vonarholti. Hekla kvað enn vera að gjósa.

7da m. Logn og sólskin. Fórum ekkert. Gengum upp á Múla. Sást engin vaða. Kom Guðmundur í Miðhúsum með vinnu? Guðmundur á Geststöðum og Einar í Heið[ar]bæ. Fóru hásetar frá mér. Við Jón m. söguðum niðurfrá.

8da m. Logn og sólskin. Embættað. Guðm. og Óli fara norður.

9da m. Frost lítið og hægur. Sunnan framan af, svo fannfergju kafald um miðjan daginn. Sunnan bleytuhríð um kvöldið og fram yfir miðja nótt. Sáum hrot, fórum fram, fengum ekkert, fórum svo að brytja feitan sel.

10da. Hvass með útsynning. Kom enginn.

11. M. hvass með útsynnings kafald fram að miðjum degi, svo hægur og hríð til kvölds. Sáum vænt hrot í Reykjarvíkinni. Jón á Hafnar hólmi fram í vöðuna. Við sóttum korn ofan í búð. Kom enginn.

12. m. Hvassviðri vestan með stórúrfelli mest af um kvöldið, frost og kafald að öðru hverju til morguns. Kom Jón í Arnkötludal.

13. m. Útsynningur, kom Guðm. á Geststöðum og Jón í Arnkötludal.

14. m. Stórviðri útnorðan með frosti og kafaldi. Kom enginn.

15. m. Sama veður, ekki embættað, kom Helga í Húsavík og Markús í Tungu, Markús aftur og Guðm. á Geststöðum með naut.

16. m. Norðan hvassviðri með éljum og hörkufrosti. Kom Guðmundur á Geststöðum.

17a m. Sólskin og logn enn, þó frost. komu 3, Guðmundur á Geststöðum, Magnús Hrútfjörð og Helga í Húsavík.

18da m. Austnorðan með frosti og kafaldi. Kom Guðm. á Gestst. og Guðmundur dekkbáts? yfirmaður að vestan.

19da m. Logn og frostmikið með heiðbjarta, allur fjörðurinn í lagnaðarís. Selar við á honum uppiliggjandi. Fórum að saga niður frá. Guðmundur á Gestst. fór suður eftir Böðvari. Þorleifur á Tind kom.

20ta. m. Landsunnan stórviðri með frosti og skafkafaldi. Ég fór ofan eftir að saga. Grímur kom að koma? fyrir kindum frá Finnboga. Þorleifur á Tind kom, Markús með ? og Bogi litli með honum.

21ti m. Stórviðri austan með frosti og kafaldi. Kom Björn í Heiðarbæ, Jón eftir eld þangað, rekið fé inn um daginn.

22r m. Norðan með hvassviðri hörkufrosti og kafaldi. Kom enginn.

23ja m. Sama veður. Komu bræðurnir frá Heiðarbæ með kindur. Jón fór fram að Geststöðum.

24. m. Sama veður, kom enginn.

25ti m. Sama veður nema kafaldsminna. Fórum ofan að Kirkjubóli eftir korni, við Jón. Mættum Finnboga með rekstur að Klúku. Kominn hafíshroði.

26. m. Logn og sólskin. Hlýtt veður til kvölds, skutum eitt skot til ónýtis, fengum ekkert. Kom Guðmundur á Geststöðum að sunnan.

27di m. Heitt og gott veður fram að miðaftani, þá austan stormur með fjúki. Ég reri með drengi mína, skaut 4um skot þrjú á einn sel, skutlaði til hans og misti, svo loksins skaut ég 5m kofur, Bjarni á Geststöðum malaði.

28da m. Hvassviðri með hafís vekje og þykku lofti, kom Bjarni Hb. og Guðm. á G.

29da. Hvassvirði norðan með hörku frosti og kafaldi. H? inn, kom enginn, ekki varð embættað.

30ta m. Norðan hvassviðri með hörkufrosti og hafísreki, enn loftþunnur. Réri enginn.

31. m. Logn og sólskin, þó frost. Við Jón fundu 7 - ál spýtu á ísnum. Komu 3r Guðmundur á Geststöðum, Ragnheiður á H. og Helga á Klúku með henni.

*Apríl 1846

1. apríl. Hæglátur norðan, sólskin og frost. Við fórum að koma síu* á tuonum í Húsavík og saga á Kirkjubóli. Kom Halldór á Vonarholti og Jóhann með kvígu, Þórey fór ofan að Heiðarbæ.

2a ap. Loftþunnur stormhvass austan, gengu við og aðrir ofan Guðmundur á G. og Björn á Klúku. 7al. ? og góða spýtu*. Við Guðbrandur í Tungugröf 18du aln. ásspýtu. Kom eng.

3je ap. Sólskin og hægð fórum á ísinn að koma spýtunum í land. Böðvar að Kirkjubóli.

4a ap. Hæglátur sunnan með sólskini og fjúkalldur og frostlaust. Við Jón fórum inn að Tungugröf að but* draga upp 18 álna spýtuna, svo út að Húsavík að saga og söguðum 14 álnir. Kom enginn. Þeir dag eftir dag að skjóta á Ströndinni við skörina. Sagður mikill ís norður frá og er h?a að an?.

5ti ap. Sunnan og sama veður. Hvessti vestan um nóttina. Fórum ofan* að Kirkjubóli. Við Þórey að sækja korn, fór fólk til kirkju, var embættað, séra Björn m. liggur í síðumeini, komu 2r. Guðm. á Geststst. og Helga í Húsavík.

6. apríl. Fórum inn áð Tungu að saga og skipta 18 al spýtunni. Sama veður, frost að nóttinni. Komu? 3r Guðmundur á Tind, Bogie í H. og Jón á Klúku.

7. apríl. Hægur með fjúkmygling og þykkur. Fórum inn að Húsavík. Kom Björn í Snartartungu.

8. apríl. Þykkviðri og hægð. Fór fram á ís eftir röftum og söguðum í kjöl. Vöntuðu 5m.

9. apríl. Góðviðri á daginn, en frost á næturnar. Fórum á ís eftir röftunum inni þar voru. Ég að Klúku eftir kolum?. Guðrún í Hb. kom og Bjarni á Gest.

10. apríl. Oki? þó með norðan, hafís liggur um allan fjörðinn. Börnin inn áð Húsavík eftir borðunum, ég að Kirkjubóli. Kom? Tómas á Geststst.

11. apríl. ? stormur og frost. ? ?ndsson að norðan um kvöldið. Bjarni á Gestsm*.

12. apríl. Hreinviðri með frosti og sólskini. Var embættað í Tungu.

13. apríl. Þíðara með sólskini. Var embættað sama staðar.

14. apríl. Þoka og blítt veður, fórum ofan að Kirkjubóli. Jón að brytja sel, ég að flytja spýtur, korn og kvörn*. Malað frá Heiðarbæ. Guðbrandur í Tungugröf, sá yngri, aftur hér. Guðm. á Gests. að sunnan.

15. apríl. Þoka og blítt veður. Smíðaði s? ?. Kom Finnbogarnir frá Hb. og Jón frændi með smjör lánað.

16. apríl. Landaustan hægur framan af. Svo stórúrfelli frá kl. 11u til kl. 3 e.m. Svo sunnan stormur. Kom Jón í Tungugr. Hafð skorið 3 sela um daginn. Tók nú ísinn frá hér megin fyrst.

17. apríl. Sunnan blíðviðri með sólskini, fórum fram á fjörð, skaut 7 skot til ónýtis.

18. apríl. Sama veður, kom Guðmundur á Geststöðum að reka? járn, og Eyjólfur á Smáhömrum eftir korni. Fórum fram á fjörð, fundum nokkuð af röftum. Skaut 1 skot til ónýtis. Hljóp skot úr byssunni hér inni.

19. apríl. Ekki embættað. Fram út að Smáhömrum að taka út rafta. Fundum 8a al. langa spýtu og 4a rafta. Þórey fór fram að Tind.

20. apríl. Alltaf sama blíðviðrið, fórum ofan að Kirkjubóli. Ætluðum fram á fjörð, svo heim?, sveið? kolagröf. Drengirnir inn að Húsavík eftir baki*. Komu þeir frá Vonarholti eftir kálfi.

21. apríl. Góðvirði. Fórum fram á fjörð, og fundum af spýtum nærri uppá bátinn og 2r á eftir. Kom Guðm. á Gests. eftir járndrægi.

22. apríl. Sama góðviðri. Kom smiðurinn Böðvar til að fara smíða bát fyrir mig.

23. apríl. Sama góðviðri. Búið setja á stokka? og láta 2o umför?.

24. apríl. Sunnan stormur og leysing, látin 3r umför?, kom Guðm. á Geststst.

25. apríl. Sólskin og hiti. Látin 2r umför? og borðstokkar, kom Guðmundur á Geststr. og fór með Jóni m. fram á fjörð í spýtnaleit. Fundu lítið. Kom Þorsteinn á Broddanesi og Björn á Klúku. Þorsteinn í skotmáls snuður.

26. apríl. Sólskin og hiti. Var embættað og farið til kirkju.

27. apríl. Gott veður. Látin bönd í bátinn.

28. apríl. Kaldara. Búinn báturinn. Kom Þorlákur á Hirningsstöðum og varð um nóttina. Kom Guðm. á Geststr.

29. apríl. Kafald og norðan frost, fór Böðvar suður, kom Guðm. á Geststr. og Ingveldur í Hb. að mala.

30. apríl. Austan gúlpur. Þó frostlítið. Vorum við Jón að gjöra við bátinn, bæjardyrnar og stiga?. Kom enginn.

*Maí 1846

1. maí. Austan landsynningur og gott veður, fórum ofan eftir að saga og flytja spýtur. Kom Guðm. á Geststr. og fletti ?

2. maí. Við sunnan besta veður, gjörði snjó um nóttina. Fórum ofan á Kirkjubóli að saga og flytja spýtur. Kom Guðm. á Geststr. og Ingveldur í Hb.

3. maí. Við norðan sólskin og gott veður, var embættað. Kom enginn.

4i m. Austan landsynningur og gott veður, fórum ofan að Kirkjubóli að saga og flytja spýtur nú er búið að flytja 22 hesta af spýtum frameftir. Kom Guðm. og Bjarni á Geststöðum. Búið að vinn á í 3u daga á túninu.

5. maí. Landaustan stormur með sólfari. Fórum að saga og flytja. Komnir 28a hestar frameftir. Hálfflutt spýtu með Guðmundi á Geststr. Búið að vinn á 4a daga á túni.

6ti maí. Austnorðan og hvass og kaldur, þó kafaldslaus, vorum heima að saga. Kom enginn. Unnið á í 5ta sinni.

7di maí. Sama veður, nokkuð hægri. Vorum heima að saga, 6ti unnið á túni. Kom Helga í Húsa. og Guðmundur Sigmundsson, hann með ? og steinkol. Gaf mér 1ir pott brennivín og sykur.

8a maí. Við landsynning, gott veður, fjúk á milli. Var embættað á Felli. Komu 4r Guðrún í Heiðarbæ, Sólveig og Benidikt í Arnkötludal og Þorleifur á Tind með reiytögt?

9di maí. Landsynningur og góðviðri til landsins, en hvass til hafanna. Fórum inn að Tungugröf að sækja spýtur og saga og flytja frá Kirkjubóli. Nú 3jr viðarhestur kominn fram eftir. Kom Guðm. á Geststr. og Ingveldur í Hb. 7di á túni unnið.

10di maí. Hvass austan landsunnan til loftsins, þá gott veður með smávætu. Kom Árni í Þorpum með kind frá Ólöfu. Fór ég aftur að Kirkjubóli eftir morvið.

11. maí. Við austan dag ? með smávætu. Svo logn. Vorum heima að ræsta og slétta í kringum húsin. Kom Magnús í Arnkötludal og Guðmundur á Geststöðum. 8. unnið á túni.

12. maí. Landsunnan góðviðri. Vorum upp í Tungu að rífa og stinga í kirkjugarðinn, kom Guðm. á Geststr. 9di unnið á túni.

13di maí. Við landsunnan og góðviðri. Vórum uppí tungu að stinga og rista í garðinn. Kom enginn. 10di unnið á túni.

14di maí. Við austan og gott veður. Fórum út á bæi að sækja spýtur. Þórey og Guðríður fram að Tind. 11ti unnið á túni.

15. maí. Austan landsynningur með smávætu. Vorum heima að flétta, kom Finnbogi og systir hans.

16di maí. Austan landsynningur, vorum heima að grafa upp grjót í kvíarnar. Ég ofan að Kirkjubóli um kvöldið. Þórey út að Heydalsá. Jón að Klúku eftir ½ vætt fiska.

17di maí. sama veður. Embættað, fórum til kirkju, ég og Jón.

18di maí. Austan gúlpur með hvassviðri, vorum heima að byggja kvíar, kom Þorleifur á Tind og Guðbjörg s. st. eftir hestum er ég léði. 12ti unnið á túni.

19di maí. Austan gúlpur. Var þingað á Kirkjubóli. Drengirnir hlóðu kvíarnar?. Kom Guðrún og Bogie í Heiðarbæ.

20ta maí. Sama veður, þó hæglátari. Vorum að byggja kvíarnar. Komu 4ir, Jón á Klúku, Bjarni á Geststst. Nafnarnir frá Hb. 13di unnið á túni.

22r. maí. Við austan hæglátur með smávætu, var embættað, fóru héðan 3r, Þórey, Guðríður og Þorkell. Kom enginn.

23ie maí. Vestan með hvassviðri úrfellishryðjum. Sagaði Jón m. á Kirkjubóli með Grími. Ég var heima að smíða hrífu skaft. Kom eng.

24i maí. Sama veður. við Jón fórum norður að Nesi að standa fyrir máli mínu. Fór þar vel fram, komum heim klukkan næstum 3r.

25ti maí. Við útnyrðing og snerist til norðurs um kvöldið. Var ekki embættað. Ég fór yfir að Klúku, kom enginn.

26ti maí. Austnorðan með kafaldi hryðjum á milli, frosti ofan til miðra hliða. Ég með Þorkel sótti hrís inní Hrófárland. Jón byggði kvíarnar, kom enginn. 14di unnið á túni.

= Sama veður þó hæglátari, entum við kvíarnar. Kom Tómas á Geststöðum og Björn í Hb. 15di unnið á túni.

28. maí. Við landsynning hægur. Sóttum spýtur út á ? og komum að Smáhömrum um kvöldið. Smíðaði ?

29di maí. Hægð og smá væta framan af, svo vestan með úða skúrum.

30ta maí. Við vestan framan af, svo landaustan með linju fjúki.

30di m. Norðan hvassviðri. Þessa 3u daga höfum við Jón unnið að byggja kirkjugarðinn.

31. maí. ? er hvítasunnudagur. Landaustan með úrfelli, þar til kl. 6, var embættað og jarðaður Guðmundur sálugi Jónsson á Víðirdalsá. Um 80 rætt. Fóru 3u héðan til kirkju. Þann 27.da maí 1846 heyrði drukknan Magnúsar og stúlku á Bjarnanesi. Komust lífs á land Björn sjálfur og stúlka.

---

*Júní 1846

1. júní. Austan hvass og þurrviðri. Var embættað og margt fólk til sakramentis.

2. júní. Þykkviðri með þoku, úða og regni til kvölds. Fór Þórey, Jón og Guðríður til grasa. Kom Hjámar á Kirkjubóli.

3ie júní. Vestan með skúrum. Lagði nenin?[netin?] í fyrsta sinni, fékk 1 silung. Jón stakk hnaus. Kom enginn.

4a júiní. Vestan stormur með smá skúrum, vorum að byggja kirkjugarðinn.

5ta Við austan, logn og sólskin. Smá skúrir við kvöldið. Entum við garðinn héldum heim um kv.

6ti júní. Vestan stormur og þurrviðri. Smá skúrir þá á leið. Fór0um ofan að Kirkjubóli og lögðum netin um kvöld. Fó[r] Jón út á bæi með skyr. Ég afkvistaði hrís. Kom Jón á Klúku og Sveinn á Geststst.

7di júní. Vestan stormur og þykkviðri. Væta þá á leið. Ég fór ofan að Kirkjubóli að finn á sýslumann. Var embættað, fór Jón og Þórey t.k. Aflaði 2 silunga.

8di júní. Hæglátur vestan framan af, svo austan, hæglátur, gættum netanna, fengum 2. Stungu drengirnir 360 af hnaus, ég kurlaði og brenndi kol. Smíðaði 1a grind í skemmuna, var fært í ?lik. Komu 3r Helga í H., Bogie í H. Þorleifur á Hlíð.

9undi júní. Við land?ing, svo sunnan, vitjuðum neta, fugl og 1 silungur í því. Hirtum 3 fugla. Vorum að saga í skemmuna. Kom Margrét systir og var um nóttina, ? í Tungu og Tómas á Geststöðum.

10di júní. Úrfelli, svo sunnan stormur til kvölds. Ég fylgdi Margréti að Klúku, tók þar við bókum. Svo smíða grindur, Jón risti torf. Jón á Klúku sótti eld.

11ti Máni?. Stormhvass vestan með skúrum. Ég setti saman sperrur. Kom Björn á Klúku og Guðbrandur á Valsh. með honum. Svo Björn og Magnús í Arnkötludal með stefnu til mín.

12ti júní. Við sunnan þykkviðri og hægð, með vætu á millum. Lagði netin og í smiðju um kvöldið. Ég var vesaæll um daginn. Kom Guðmundur af Hlíðarseli með hesta er ég léði dagin aftur.

13di júní. Vestan stormur með skúrum, fórum að byggja skemmuvegginn. Vitjaði um netin. Í þeim 6 silungar. Kom Björn á Klúku með kúabað?

14di júní. Sama veður, fór Jón eftir eggjum út að Kollafjarðarnesi. Ég og Þorkell ofan að Kirkjubóli. Var einn? í netunum. Kom Guðrún í Hb og Helga í Húsavík, var ekki embættað.

15da júní. Vestan sterkviðri með úrfelli. Vitjuðum neta og fengum 1u s. Ég efnaði til í trog. Jón tindaði hrífu höfuð. Lögðum 1 gafllag í skemmuna. Kom Bogie og Ingveldur frá Hb.

16di júní. Þykkviðri, logn og smáúði á millum. Lögðum 2a lag í skemmu vegginn, sóttum morvið, lögðum netin, Þórey til grasa með ? ?ónum um nóttina. Kom Ingveldur Hb.

17da júní. Vestan hvass með skúrum. Vitjuðum neta, í þeim 1r. Lögðum 1a lag í vegginn, kom herra prófasturinn og Bjarni á Geststst.

18di júní. Sama veður, entum við norðari vegginn. Vitjuðum neta í þeim 1a. Kom Jón á Klúku og Tómas á Geststst.

19di júní. Sama veður, lögðum 3a lag á síðari vegginn. Þvegin ull. Þórey ofan að Kirkjub. Kom Ingveldur í Heið.

20ti júní. Vestan stormur með sólskin og skúrum á millum. Entum við vegginn á, sóttum grind úr ? í. Drengirnir lögðu netin og sótt fisk að Kirkjubóli. Kom enginn.

21i júní. Austan stormur og úrfelli til kvölds. flutti Jón Þóreyju á grasafjall. Ég vitjaði neta, í þeim 3r, kom Helga á Tind. Embættað á Felli.

22r júní. Við sunnan blíðviðri. Drengirnir lögðu netin. Jón fór fram að Vonarholti með seglið. Ég lagði lag á syðri vegginn skemmunnar, helldi? á sillur? og yfir bita og setti viði á reglu? Kom Björn í Hiðarbæ.

23ie júní. Blíðviðri með smá skúrum. Ég sótti morvið ofan eftir, tók upp netin í þeim 2r. Settu upp ?, hirt nokkuð af ? framan fyrir. Rérum um kvöldið til fiskjar urðum ekki lífs varir.

24i júní. Sama veður til kvölds. Þá l? til norðan, var ég að ? þil og smíða sau? Jón og Þorkell sóttu seljusreyta? á Já?, tók upp net og bjó um bátinn, þvegin ull um daginn.

25. júní. Norðan hvassvirði og sólskin. létum öll langbönd, bikaði nýja bátinn. Komu Gillastaða feðgar með kol til m.

26ta júní. Norðan sólskin. Við Jón söguðum 28a álnir og leitum það fyrir skemmuna og 12 álnir letum ég smíðaði 5 af saum. Kom Bjarni á Gestst. Ingveldur og Björn í H. Ingibjörg á Kirkjubóli beiddi um sög.

27da júní. Norðan storm hvass, þurrviðri og sólskin á millum. Jón sótti Þóreyju á fjallið, Þorkell ofan að Kirkjubóli með sög. Kom með dóminn í máli mínu. Ég smíðaði ? um kvöldið.

28di. Norðan og þurrviðri, kom Björn á K. og Magnús að birta mér dóminn. Líka Eyjúlfur í Húsavík að járna hest. Var embættað. Fór enginn héðan. Ég fór yfir að Klúku.

29di júní. Norðan hvassviðri. Yringur? á millum. Ég var að bræða, börnin skáru mó, kom Halldóra á Vonarholti. Fært frá.

30ti júní. Norðan hvassviðri og þerrir. Við vorum öll að bræða og brytja selspik niður frá.

*Júlí 1846

1. júlí. Sama veður, ég og Þórey fórum að bædda og entum við það. Jón og Þorkell vistu ? Kom Bogei í H. með þráflukings þultið.

2.an júlí. Sama veður. Hirtum þilið fyrir skemmuna, reitum lantiun? þik? nokkuð og ? á ?.

3. júlí. Sama veður. Bykuðum skemmu þilið, og bjuggum okkur undir norður ferð. Kom Þórunn á Tind í kinda leit.

4. júlí. Hægviðri, fórum á stað norður frá Þorpum um miðaftan, fengum hæglátan alltaf. Lentum á Eyjum, Birgisvík og Gjörgri. Komum í kaupstaðinn um dagmál. Þau ?.

5. júlí. Ábúðarlegur sunnan. ? ? nokkuð.

6. júlí. Austnorðan gúlpur, komustum ekki að.

7. júlí. Við norðan sólskin og hægviðri. Komustum ekki að.

8. júlí. Sama veður. Fórum að Gander* og á stað kl. 9u. Fengum logn og auðnara á eftir inn áð Eyjum, varð Eyjólfur í Húsavík ?, biðum lítið á Eyjum, fórum þaðan kl 3u f.m.

9. júlí. Vestan, fengum hægð innundir Rifið. Svo ? mót inn áð (vaknaði Eyjólfur undir Valshöfða og pípaði* þar í poka sinn) Bjarnanesi, jöfnuðum þar. Fjóraði* skipið og lá við tjóni, greiddum úr vandræðum þessum með Guðs hjálp! ? ? í vætu og logni. Innri fann frá* til norðurs þá á leið. Lentum í Húsav. kl. 11 f.m. Komum heim og settum 3 ferðir ofan eftir. Þórey farin að slá.

10. júlí. Norðan hvass og þerrir. Reistum og þöktum skemmuna.

11. júlí. Hæglátari norðan og þerrir til kl. 6 e.m. Kláruðum öll moldarverk við skemmuna. Ráku börnin lömbin um nóttina.

12. júlí. Hæglátur austan, þykkviðri og hægð til kvölds. Kom Guðmundur á Geststöðum með lánað korn. Jón í Tungugröf með sama. Ég sótti þá og hálftunnur ofan í búð. Var ekki embættað.

13. júlí. Hvass austan með úrfelli oftast. Slógu börnin á brekkunni, ég ? skemmu hurði*.

14. júlí. Austan gúlpur. Voru börnin að slá brekkuna. Ég enti við skemmu hurðirnar. Þorkell var veikur. Kom enginn.

15. júlí. Norðan þráviðri. Entum við brekkuna og heim að smiðjunni. Ég var mikið vesæll af bein verkjum og ýmisri vesæld er nú á fólki liggur víðast. Kom enginn.

16. júlí. Við norðan hægviðri þykkur og þurr. Var rökuð brekkan og slegið fram með smiðjunni. Ég var við sömu vesæld. Kom enginn. Sótt netin* ofan eftir og náði um leið 2r silunginn í Gornfljótinu*, ég var að bera* mig að setja til ent um kvöldið.*

17. júlí. Norðaustan gúlpur. Ég gat maðjuðum* dengt, fór svo inn í rúm og háttaði. Börnin slógu Sæunnarflöt, Löngufløt og þúfurnar þar á millu um daginn.

18. júlí. Austan gúlpur með úrfelli til kvölds. Ég klæddist ekki. Jón var og lagstur sjúkur. Slógu systurnar með Þorkeli, þúfurnar fyrir norðan flatjurnar.

19. júlí. Austan með þykkviðri og væru í millum. Ég var veikari af beinverkjum og megnum hósta. Sótt séra Björn m. að taka smá blóð. Að nokkrum stundum liðnum frá blóðtökunni datt hóstinn burt. Jón var og mikið vesæll.

20. júlí. Þurrt, var ? lítið og ??, rakað í millum. Jón við sama. Kom snúa* D. m. og dvaldi lengi.

21. júlí. Þykkviðri og þurt. Rökuðu börnin mikið upp á brekkunni. Við Jón skreiddustum í fötin og um lítið tíma korn.

22. júlí. Alltaf austan og landsunnan. Sólskin og hiti um miðjan daginn. Voru börnin ýmist að kroppa, raka eða rifja. Við Jón gjörðum ekkert. Málmfríður lagðist. Kom Guðr. í Hb.

23. júlí. Við landaustan með sólskini, ? þurka og raka*. Málmfríður sár sjúk. Við Jón vorum á rjátli, gjöðrum lítið. Ég flutti net til. Kom Guðr. Hb. og Björn á Klúku.

24. júlí. Austan stórgarður, þó þurr. Var mikið upprakað af töðu. Ég skreiddist á fótum. Jón var við verk*. Komu Tómas og Bjarni á Gest.

25. júlí. Sama veður. Voru börnin alltaf að slá, ég var inni hálfvesæll og Þorkell. Málmfríður alltaf sjúk og klæddist ekki. Kom Helga í Húsavík.

26. júlí. Sama veður, þó þurt*. Var embættað á Felli. Jón flutti mó. Sótti kott* að Kirkjubóli. Komu bræðurnir frá Gestst. og Björn á Heiðarbæ.

27. júlí. Stór austan garður með hríð, vorum að kroppa í útræktinni. Þorkell og Þórunn lágu. Björn og Málmfríður því nær. Flestir ?, þó á fótum ?. Kom enginn.

28. júlí. Sama veður, þó ?, úrfelli framan af. Nú er konan m. el. orðin vesæl, Þórey og Gunna og hin* 4r börnin við sama. Ég skreiðist þetta mikið ?. Við kroppuðum kellingar* völlinn og útundir húsin. Kom enginn.

29. júlí. Storm hvass vestan og þerrir framan af. Breiddi allt á brekkunni ofan til. Herti þá veðrið, svo ekki varð neitt við átt og stór hríð frá nóni til kvölds og ringdi allt niður. Var konan m. el. lögst, Þórunn sár aum, og allir við rúmið þó sumir kveldust á fótum. Jón var orðinn frískur núna, ég sjálfur dragnaðist úr og útann* gagnslítill. Ekkert var að heyverkum gjört.

30. júlí. Vestan með hríð og sudda til kvölds. Lá konan m. el. mikið sjúk og Þórunn mín, líka Björn el.* Léttara Þorkeli og Málmfríði, Þórey, Guðríður og Gunna lögðust nú algjörlega. Ekkert varð úti gjört.

31. júlí. Vestan með skúra leiðingum. Var konan m. ek. sár sjúk, og hinar stúlkurnar allar sjúkar. Líka Björn og Málmfríður, við 3r á fótum. Varð að fá Guðrúnu í Heiðarbæ um morguninn til að mjalta og búverka. Um kvöldið var fengin Ingibjörg Jónsdóttir á Kirkjubóli. Ekkert var úti gjört.

*Ágúst 1846

1. ágústus. Vestan stormur og þurrviðri, gjörði úrfelli um kvöldið. Við piltarnir rökuðum blutt? í útræktinni. Svo rökuðum við upp í brekkunni. Ingib. búverkaði, stúlkurnar þrjár drógust ofan, konunni minni léttara og börnunum utan Gunnu.

2ar Ág. Vestan stormur og þurrviðri. Var emb. fóru drengirnir héðan, Jón fram að Vonarholti. Allir klæddust jafn? utan konan m. el. þó var henni enn nú frískari. Gunna litla við sama. Ingibj. búverkaði og fór á stað um nón.

3ie ág. Landsunnnan stórhríð fram undir nón, þá stormhvass sunnan og þurr. Slógum við piltarnir fyrir ofan fjóshlöðuna og kringum hesthústóftina. Dróst konan mín el. litla stund ofan á loftið. Allir voru aðrir á fótum. Þó með veikum burðum sumir. Kom enginn.

4. ág Stórviðri vestan með smá skúrum, reif töðu til stórskaða, rakaði þá á leið, ? ? ég lét niður smiðju mína. Konan m. elskuleg rólaði um loftið, við og við. Kom Bjarni á G.st. og Björn í Hb.

5ti ág. Vestan stormur með smá skúrum við og við. Var verið að raka í kellingarvöll og út að húsunum og taka það þurrasta úr lönunum á brekkunni. Konan mín el. dró sig út og um bæinn. Öllum er léttara. Guði! Lof og dýrð! Við piltarnir fórum í ána um háttatímann og fengum 15da silunga. Bjarni á Gestst. fór inn að Tungugröf að sækja net.

6ta ág. Við vestan hæglátur þurrviðri, þar til kl. 7, þá hvessti svo naumast varð við verk átt. Var brekkan öll hirt að ofanverðu og stykkið fyrir norðan lækinn og kringum smiðjuna, upp að hlöðu og ? flekkur undan sumarfjósinu. Kom enginn.

7. ágúst. Vestan hvass og þerrir. Var hirt útmeð brekkunni. Svo farið að sting út vegna veðurs, þar til um nón. Þá farið að hirða á stykkinu fyrir framan götuna, og breiddir fanghnappar* í útræktina. Allir nokkurn veginn frískir.

8. ágúst. Við norðan þerrir og blíðviðri. Var stungið útúr báðum húsunum. Hirtir 4r flekkir. Fluttir 4r kaplar heim* á mó, farið í silunga á, fengum 4a. Lögðum netum í sjóinn.

9. ágúst. Fóru til kirkju, Jón, Þórey og Guðríður. Kom Högni, Árni og Ásgeir frá Þorpum, Jón að Kirkjubóli um kvöldið eftir tunnu. Ég að Klúku eftir glerum*. Þorkell vitjaði neta og voru í þeim 3 silungar.

10. ágúst. Norðan garður þó þurr síðan. Við slógum ofantil á Breiðavelli, var rakað um kvöldið. Kom einginn. Björn litli alltaf, ofur vesæll.

11. ágúst. Norðna garður, þykkviðri og þurr að mestu. ? til um kvöldið, þó úrfelli. Slógum miðbikið úr Breiðavalli. Rakað nokkuð um morguninn. Kom enginn.

12. ágúst. Við útnorðan þykkviðri og úrfelli. Entum við Breiðavöll að slá hann. Kom enginn.

13. ágúst. Hægur norðan og þurviðri. Sá þó sjaldan sól. Við slógum í stykkinu fyrir framan götuna og indsta* partinn af útræktinni. Kom Ingve. í Hb.

14. ágúst. Hæglátur þið við norðan í áttinni. Sá til sólar á milli. Slógum það sem eftir var af stykkinu. Svo fóru allir að raka. Ég í smiðju þá á leið. Kom enginn.

15. ágúst. Norðan í áttinni, logn og þurrviðri, sá þó sjaldan sól. Var rakað úr Breiðivöllum og í burtu færð taðan sem ei* komst* niður. Líka rakað stykkið, og endað við túnið að raka og há. Ég ? partinn og dró* á, fékk ? silung.

16. ágúst. Við landsynning, hægviðri og væta að öðru hverju, var embættað á Felli, riðu uppeftir Þórey, Jón og Þorkell. Fréttust 11u mannalát, kom Óli í Gautsdal og vitjaði neta, ekkert í þeim.

17. ágúst. Logn og góðviðri með sólfari í millum. Var 2r rifjuð taðan á niður túninu, kringum* bæinn og fjárhúsum og ? veitan*.

18. ágúst. Logn blíðviðri og þurt. Við Jón rérum og fengum eina litla lóu. Var öll taðan upp rökuð, kom enginn.

19. ágúst. Austan og landsynningur með stórúrfelli. Var ei bundið* í Veitunni. Ég fór að smíða* ljá. Komin niðurgangssótt og kvef með ýmislags vesæld ? aftur. Kom enginn.

20. ágúst. Við norðan þ?flæsa. Náð um 18n lönum. Voru eftir 50u töðulanir, 5m kaplar voru rakaðir í veitunni. Jón inn áð Húsavík eftir 6 reiðingstorfum. Vöntuðu 10 ær um kvöldið. Kom ein.

21. ágúst. Landsynnings ? og ? á næta*. Slegið í veitunni, rakað um 1u fanga hnappur. Ég náði úr veitu bakkanum* 12 silungu*. Kom enginn.

22. ágúst. Suðvestan stormur með stór* skúrum á millum. Við slógum há á brekkunni og rökuðum nokkuð að hánni. Jón fóru suður eftir fiski með Sveini á Geststöðum. Lá hálf* vestan í ljá. Kom Bjarni á Gest. með 2o fiska á bakinu, inn án frá Tungugröf.

23. ágúst. Vestan með stórum hvass með skúrum í millum. Ég beiddi* 10 lanir og náði þeim. Var embættað í Tungu, fór enginn héðan. Ragnheiður á Heydalsá sótti kvörn. Jón m. kom að sunnan með fiskinn. Jón á Klúku kom um kvöldið með dóminn yfir mig í annað sinn. Nú við hann bætt 2rdl 48? útlátin í það heila 10rdl 48?.

24. ágúst. Vestan þurrviðri og stormur til kl. 7 e.m. Breiddum og hirtum 13 lanir neðantil á stykkinu. Rakað nokkuð í veitunni. Síðast slegin há, kom enginn. Ég vesæll af kvefi og undir búningi til niðurgangs sóttar.

25. ágúst. Vestan stormur og besti þerrir eftir miðjan dag. Var túnið alhirt Guði sé lof! Líka var rakað í veitunni, ég vesæll af niðurgangs sótt. Þó á fótum. Kom enginn. Jón sótti lýsi ofan í búð um kvöldið.

26. ágúst. Við sunnan hæglátur og þurr að mestu, þar til á leið daginn. Var bunið 30 úr veitunni, og slegið í henni þá á ?. Ég bikaði bátinn í annað sinn að utan verðu. Kom Guðmundur frá Hlíðarseli í hrúta* leit.

27. ágúst. Vestan hvassviðri með skúrar hriðjum, var ent við veituna að slá hana. Rakað nokkuð lítið, og hætt vegna veðurs. Svo rifið ling. Kom Jón á Klúku þá háttað var, með ? frá Óspakseyri.

28. ágúst. Sama veður, rakað og bundið úr veitunni síðast. Reist* taðið. Ég skaust að Klúku með 1n Sp. til Tómasar á Broddanesi. Komu Hb. dur* Jón mikið vansæll af niðurgangs sótt.

29. ágúst. Sama á undan. Enginn þurrkurinn.* Kom enginn.

30. ágúst. Suðvestan þurrviðri. Kom Finnbogi klukkan 6 f.m. með boð að sækja hval úteftir. Fór ég og allir Tungusveitungar. Hlóðum* að Óspakseyri, tókum þar uppá hestana, og héldum hingað ? bitanum kvöldið*. Var embættað á Felli.

31. ágúst. Sama veður til kl. 12 f.m. Þó skúrir öðru hverju til kvölds. Héldum heim og komum kl. 4r e.m. Hirti 30 kapla, rakað upp veitu heyið sem eftir var og nokkuð á Stekknum*. 24. ág. rak hvalinn á Ósp. en 25. rak hval á Melum í Trékyllisvík ?.

*September 1846

1. september. Norðvestan með krapa úrfelli. Snjóaði á fjöll. Slegið í Illukeldu, og var heima að brytja hval og hleypa* spýtum. Alltaf hálfvesæll. Kom enginn.

2. september. Hæglátur, vestan og flæsa til kl. 4r e.m. Var veitu heyið hirt og 3 kaplar af stykkinu líka rakað í illukeldu. Kom S. Björn m. Helga í Húsavík og Guðríður í Tröllatungu. Ég við sömu vesældina.

3. september. Góðviðri og flæsu?. Var slegið framan af í keldunni. Svo rakað og bundnir 18 til kvölds. Kom Jón á Klúku með bolla? og var við sömu vesældina og konan m. el. öðru hverju.

4. september. Landsynnings hægð og úrfelli þar til kl. 8a e.m. Síðan* með úrfelli. Var slegið í Illukeldu. Mér nokkuð léttara. Kom enginn.

5. september. Vestan storms og sólskin með skúrum*. Voru rakaðir og bundnir 14 úr keldunni. Ég var heima, kom enginn.

6. september. Góðviðri og þurt. Var embættða í Tungu. Fór enginn héðan. Komu Hjálmar á Kirkjubóli og Tómast á Gest.

7. september. Austan og landsunnan þó hægur og þurr til kl 2 e.m. Þá krap austan og stórhríð til kl. 2 f.m. Voru bundnir 10u. Rakaðir og slegið í keldunni til kl. 5m e.m. Kom enginn.

8. september. Sunnan stormur með sólskini og besta þurrki. Voru breiddir 42r. Hirtir af þeim 22u. Hitt upprakað. Slegin há um morguninn. Kom enginn.

9. september. Sunnan gott veður með smáskúrum. Voru bundnir heim 12. Kom enginn nema Kúfi* með kúnum um kvöldið undan frá Kirkjubóli.

10. september. Norðvestan með skúrum þó hæglátur. Bundnir 8a. Kom enginn.

11. september. Vestan með skúrum þartil kl. 9u f.m. Svo þerrir þar til kl 11 e.m. Voru bundnir heim 14. Hirtir 20. Kom Jón á Klúku um kvöldið.

12. september. Vestan og stórhagl* þar til kl 12 e.m. Varð ekkert* við heyskap átt. Fóru börnin að rífa ling. Kom Helga í Húsav. og var í kaffi heit*.

13. september. Vestan stórviðri slembru skúrum. Var ekki embættað. Kom Guðmundur Sigmundsson.

14. september. Vestan krapviðri og þerrir, varð hér ekkert við hey átt. Vorum að reisa* og taka tað. Við Jón fórum ofan að búð og skaut til sels um leið uppi liggjandi hjá Steinboganum, og missti hann ? í því ég var komin að honum. Kom enginn.

15. september. Vestan stomur og þerrir. Bundnir 2r kaplar af engjum, hirtir 34. Kom enginn.

16. september. Við útnyrðing, sólskin og góðviðri. Ég bikaði bæinn inn án. Börnin sótti ling á meðan. Slógum fram á Stórholtsbreið 10 kapla. Kom enginn.

17. september. Sama veður, voru háin bundnir og breyddir 16n. Kom enginn.

18. september. Sama veður, voru heim bundnir og flutt breyddir 14. Við hjónin tókum saman 3r hrauka. Kom Guðrún í Hb. með fulla svuntu sína af kálmeti og færði konunni m. el. Guðm. á Gests. kom til barnanna í partinum um kvöldið.

19. september. Sama veður, bundnir heim 10u. Ég réri um kvöldið og aflaði 5m smælki*, kom Guðrún í Tungugröf.

20. sep. Nú þokur á næturnar fram undir miðjan daga, þá sólskin og heiðbirti. Var ekki embættað. Komu Finnbogi í H-B og Eyjúlfur í Hv. Jón fór til ?

21. sep. Lognþoka og mikill suddi úr henni. Var tekið saman tað ? og síðari parta dagsins þar í millum slógum við fram í parti 3. Ég, Þórey og Guðríður. Jón leitaði lambafjallið og var í burtu nóttina. Kom enginn. Þann 17da og 18da sama m. heyrðust miklir brunadynkir.

22. sep. Hart frost að nóttunni, þoka og logn. Bundum úr partinum 8a og hirtum 14. Jón var í leitum um og burt um nóttina. Kom enginn.

23. sept. Norðan flæsa. Við bundum 8a úr partinum. Jón kom úr leigunum. Kom enginn.

24. sep. Norðan hvass og þurrviðri. Frost til fjalla að nóttunni. Við bundum 8 úr partinum, ég og stúlkurnar 2r. Jón var heima við hag? og vesæll af niðurgangssótt. Kom enginn.

25. sept. Landsynnings hægð og væta þá á leið. Voru bundnir 2 úr partinum, hirtir 14. Við feðgarnir allir rákum rekstur fram að Geststr. Ég fór yfir að Klúku um kvöldið. Komu engir.

26ti sep. Norðan ? Ég lá fársjúkur af uppsölu, var allt upp rakað. Kom Jón á Klúku með lamb ? ?

27di sep. Norðan stormur og þerrir, var embættað. Fóru þrír héðan til kirkju. Ég dróst á fótum. Komu 4rir. Séra B. Sig. G. Guðm. Sig. s. og Hjálmar á Kirkjubóli.

28da sep. Heiðbirta og logn. Við tókum tað framan og hirtum 15. Jón leitaði og fann ? égt átti. Kom Markús í tungu. Ég var ennu vesæll þó á fótum væri.

29di sep. Hægð og góðviðri, hirtum 18, ? 4ra duæptað að taði, ?_ 2 lömb, er nú alheimt. Komu Gestadahjónin yngri inn án frá hreppskilum.

30ti september. Austan ? með stórhríð þá á leið, var duptað að taði og ? uppá hraukana. Týndust 5m lömb. Kom sveinn á Gestst. Kom enginn.

*Október 1846

1. október. Landsynningur og ?. Voru skornir 8 dilkar og Jón leitaði lamba og fann ekki. Kom Bjarni á G. og sagði Jón í Tungugröf skotið hafa 2 sela.

2r októb. Garður norðan með úrfelli og krapa til fjalla. Ég sótti s? ofan að búð. Jón lömb að Tungu. Kom Björn ? ? ? ?.

3ti okt. Austnorðan gúlpur með suddaskúrum. Ég brytjaði spað, Jón leitaði lamba inn að Húsavík. Ólöf B.d. fór hjá, kom Jón á Klúku að biðja um hesta. Guðmundur og Bjarni á Gestst. komu við.

4i október. Norðan storm ? með éljum og sígandi frosti. Jón sótti 2 lömb að Tungu. Ég fór inn að Hrófá að fá ? Kom B. á Gest. Varð ei embættað.

5ti. okct. Austan gúlpur. Rifum við 3ja hrís inn í Hrófárlandi og Jón í Tungugröf með okkur. Komu e? norður.

6ti októb. Stórgarður austnorðan með bleytukafaldi. ? ? ? og Eyjamanna, varð ? um nóttina.

7di októb. Sterkviðri og stórkafald norðan, fóru Eyjamenn ? upp að Tungu, voru ? ? um nóttina. Var allt fé inn látið. Vöntuðu 2 lömb. Ég af fundi. E. Kúld gullhringana, og ? ? upp í byssuna.

8i október. Austan stórviðri með bleytuhryðjum. Voru hreppskil haldin. … Lá Guðrún litla í ? Kom ? og sonur hans um kvöldið og tók henni blóð. ? alkomnir inn fyrir . 3m dagur kindur búnar að liggja inni í 2 nætur.

9di. október. Norðan hvassviðri með bleytu ? ? í byggðinni. Guðrún ? sjúk af ? í Helga ? ? . Konan mín el. ? ? . Ég sjálfur hálf vesæll. Vantaði 9u um kvöldið. Kom Eyúlfur í Húsav[ík].

10. október. Norðan hæglátari með élu* á milli og frost. Fæddi konan m. bl. sveinbarn kl. 7 f.m. Skírður Steingrímur kl. 1 e.m. Lá Guðrún sáraum enn í takinu. Tók prestur henni blóð í annað sinn. Fundust lömbin 2 er vantað höfðu.

11. október. Norðan með frosti og hreinviðri. Storm krap. Var ei embættað. Guðrún litla við sama. Komu 5m. 2r frá Tungu Markús og Hjálmar, Jón á Klúku, Guðm. Geststöð. og Guðrún í Heiðarbæ.

12. október. Frost og hreinviðri, við Jón bikuðum gamla bátinn. Sóttu drengirnir heyskaps verkfærin fram á engjarnar. Snjór yfir allt. Guðrúnu litlu léttara, Guði sé lof! Kom Guðmundur á G. með lamb.

13. október. Austan landsynningur og frost hægur. Hæglátur inn til fjarðar. Sá sól á milli. Voru skornar 5m kindur rosknar*. Jón sótti kvörnina út að Heydalsá. Ég á meðan akaði* heim hálfum hrauk. Kom enginn. Guðrún farin að dragast um loftið, konan m. el. heilsast vel. Guði! sé lof og dýrð.

14. október. Við útnyrðing þó hæglátur. Fór Jón ofan að Kirkjubóli að biðja um Guðmund Sigmundsson til hjálpar að drepa Skrautu. Kom Tómas á Geststöðum og Bjarni þaðan líka. Björn á Klúku eftir ?.

15. október. Hægð og blíðviðri. Guðmundur Sigmundsson kom og skaut Skrautu, í henni 5m fjórðungar. Ég fór inn að Húsavík um kvöldið.

16. október. Við vestan hæglátur og væta á millum. Eyjúlfur fór norður. Við skárum 10u lömb. Kom Markús í Tungu.

17. október. Vestan stormur og þyngsla úrfelli til kvölds. Jón rakaði gærur, og duptaði að ? og hitt og þettað. Vöntuðu 7 lömb, var látið liggja úti. Kom Helga í Húsavík.

18. október. Við vestan, loftþunnur og blíðviðri. Var ei embættað. Fórum upp að Tungu um kvöldið. Jón minn og Guðmundur á Geststöðum til suður ferðar. Fréttum um jaktar tap og bátar líka, fiskirí afla og fjár skaða.

19. október. Sólskin og blíðviðri, voru skorin 10u lömb. Þorkell var alltaf að leita að 2r lömbum er sluppu. Jón var fyrir sunnan. Kom Jón á Klúku með kaffikvörn er léð var að Kirkjubóli.

20. október. Norðan og gjörði bleytusnjó og svo frost. Ég rakaði 10u gærur, brytjaði 5m lambakroppa. Þorkell leitaði triggja* lamba og fann ekki. Komu þau ? við þegar á leið. Hinn fyrir norðan. Kom Magnús í Tungu og var í lamba leit. Jón fyrir sunnan.

21. október. Heiðbirta og fast frost. Ég rakaði hálfu kýrhúð. Brytjaði 5m lamba kroppa. Þorkell fór fram að Tind að sækja grákollu og varð ei ágengt. Jón fyrir sunnan. Kom Tómas á Geststöðum.

22. október. Við austan með inn á éljum og frosti. ? skorin 8a lömb. Kom Helga og drengirnir á Tind með Grákollu. Jón ga* Guðmundur komu að sunnan og með byssuna.

23. október. Útsinnings stormur ? ? viðri og frost. Við piltarnir bárum heim 2 hrauka og tókum saman fundum ? kom Björn á Klúku eftir á frá Tind

24di october. Vestan útsynningur og hvassviðri og bleytu? þá á leið. Jón m. rakaði 9u gærur. Ég gerði hitt og þetta. Kom Guðbrandur yngri í Tungugröf. Borga-Magnús kom daginn áður um dagsetur með 5m svíga frá Söebekk.

25ti oktb. Landsynningur og bleytu? krepju á milli. ? um nóttina ? kom Eyjúlfur í Húsavík að norðan og með. Það er eg umm briddi þaðan, sagði sjóar gang mikinn og ? að norðan. Sagt voru 3n manna leik. Var ei embættað, fóru fáir.

26di october. Hvassviðri vestan með bleytu kafaldi. Ég var að færa ? mína fram í sumarfjósið. Jón rakaði 8a gærur. Kom enginn.

27. October. Vestan með stór? mannaf. Svo smá batnandi úrfelli. Við Jón vorum að saga sá stafi. Svo var kominn ? stórþraukna. Komu Guðm. á Geststst. Friðrik á Hamri og Björn í Heiðarbæ.

28. october. Vestan með éljum þá á leið. Við piltarnir vorum allan daginn að þrífa og bræða húsin. Lanukirlings vildi um nóttina vegna leka. Kom enginn.

29di october. Vestan hvass með bleytu kafaldi. Við Jón vorum að sá gla í stafi og botn í sá. Komu 2ri. Guðbrandur yngsti í Tungugröf eftir byssu og Guðmundur í Gröf í Bitru að vitja um lamb er hann átti hér og selt ? ?. Var hann hér um nóttina. Sást stór hafís jaki í flóanum.

30ti octóber. Útnyrðings stórviðri með frosti og kófkafaldi til hádegis, þá batnandi vestan um kvöldið. Voru bornir heim 3r hraukar og var á milli að setja á sá. Kom e.

31di octóber. Austanorðan hvass með frosti og fjúkslitring. Við Jón entum útaf við sákeraldið. Komu þeir Óli og Guðm. á Gestst. Líka Bogie í Heiðarbæ. Sýndu drengirnir honum kæru? bréf? til ?

*Nóvember 1846

1sti nóvember. Hæglátur sunnan, frost lítið, bloti um kvöldið. Var nú embættað. Komu 7, Finnbogi í H. Margrét systir og Björn yngsti á Klúku, fylgdi Jón m. henni að Tungu, svo Guðbrandur frá Valshamri og Hjálmar frændi hans, svo drengirnir frá Klúku um vökuna.

2r nóvemb. Sunnan hæglátur og frost lítið. Við gjörðum lítið um daginn. Komu 2, Hjálmar á Kirkjubóli eftir sög? og Eyjúlfur í H eftir byssu.

3ji nóvember. Landsynnings hægð og frost hægt. Svo austan stórviðri þá ? með ? var verið að ?. Ég smíðaði 4r fótarjárn. Kom Sólveig í Arnkötludal og Guðrún í Heiðarbæ.

4i nóv. Austan gúlpur með kafaldi og stórviðrisfjúki þó mikið. Ég var að gjöra að klifberum mínum og hitt og þetta. Jón var vesæll. Kom Guðm. Sigm.s. og fékk byssu að skjóta ? á Klúku.

5.ti. nóvember. Austan og landsunnan til lofts og sjóar. Hæglátari innfjarðar. Við sóttum hrís á 6 hestum inn í Hrófárland, komum heim kl. 9u e.m. fiskirí gott inn á firðinum. 2n og 3ja sama m. Kom enginn.

6ti nóvember. Landsynningur frostlaust og væta á millum. Við Jón vorum að reka járn, gjöra við skrá og láta hana fyrir skemmuna. Stúlkurnar sviðu um leið í ?. Kom Ingveldur í Hb.

7di. nb. Við landsynning hægur, þurr og frostlaust. Við Jón sóttum hrís á þremur hestum inn í Hrófárland. Kom enginn.

8di nb. Bleytukafald um morguninn, þá stórhríð og hvassviðri þá á leið. Var embættað, fóru fáir, við og annars staðir, settustum aftur. Lágu kindur úti vegna leka, kom enginn.

9da nó.b. Vestan hvass með stórhríð allan daginn. Var ei smalað ? kindur úti allstaðar var ákaflegur leki. Tómas á Gest. var ? að kæfu í tunnu og varð um nóttina.

10di nóvb. Hægur þoka og suddi. Við Jón fórum í fyrsta sinni inn með landi í skotsnuður og fengum 1a kóp við Húsavíkurland. Kindur lágu úti vegna leka. Guðrún í Heib. malaði. Alltaf nú kvefvesældin hér og annars staðar viðloðandi.

11. nob. Sunnan stormur, þykkviðri og þurrt, lágu kindur úti. Því autt nú upp á fjöll. Jón var að þæfa ? fyrir mig. Við Þorkell norður að dubta til ?. Kom Borga Magnús að norðan og Guðrún í Tungugröf.

12ti. nóvb. Vestan sterkviðri framan af, svo hæglátur, alltaf þurr, þar til kl. 7. e.m. Við Jón fórum í skotsnuður inn undir Tungugröf. Skutum 1 skot og það til ónýtis. Kom Tómas á Gestst.

13di. Vestan ofsa með ? ? kl. 6 f.m. þá hægð og þurrviðri að ? til kvölds. Við Jón söguðum í árar niður á Kirkjubóli. Fluttum þær og ? fram eftir. Guðmundur Sigm. búinn skjóta 5m kópa, alltaf lítil fiskreita hjá þeim á firðinum. Blóðeyða upp á fjöll og kindur liggja alltaf úti. Kom enginn.

14di nóvember. Sunnan ? frost? stormur Ég með drengjunum fórum inn að Hafnsnesi og ? þar ?allan daginn og hafði ekkert í ábatann. Dó Jón Björnsson á Klúku 13da sm.m. Kom Guðmundur á Geststöðum. Kindur liggja úti.

15di nb. Sunnan stormur ? þykkviðri og væta á millum. Við fórum 5m héðan til kirkju og urðum til altaris og margt fólk. Var og jarðsett barnið Jón Björnsson frá Klúku. ? ? samstaðar og barn á Geststöðum lágu sjúk. Þórður á Reykhólum ? sálaður. Kindur lágu alltaf úti.

16di n-ber. Logn og blíðviðri loftþunnur og frostlaus t. Lágu kindur úti, þó smalað. Við Jón fórum skotsnuður. Skutum 5m skot og fengum 1a kóp, þrjú skotin fóru mæðulega. Komu 4ri Björn á Klúku og Guðm. á G. með hrossakjöt, Guðbjörg á Hlíðarseli með ?, Björn í Heiðarbæ til álagningar, líka Magnús í Arnkötludal eftir langviðarsög.

17di. nóvember. Austan með s?úrfelli þar til kl. 6 f.m. þá hvassviðri og gúlpur til kvölds. Ég var að ? ? lifðu og líkaði illa við hana. Sótt kóp ofan í Naustavíkina og gjörði hann til. ? ? ?. Svartur hrútur af ?. Guðrún í Heib. malaði.

18di nóvember. Norðan gúlpur. Frostlaust og fjúk á milli. Drengirnir leituðu ? og fundu. Ég fór ofan að Kirkjubóli og sótti spýtur. Kom Helga á Klúku ? ?, líka Sveinn á Geststr. og Björn í Hb. eftir görnum.

19di nóvember. Austan gúlpur. Frostlaust og smávæta á millum. Kindur liggja alltaf úti. Við Jón Gengum inn með sjó og ég að Tungugröf. Fengum ekkert. Þeir afla nú á lóðir og haldfæri. Kom Ingv. Hb.

20ti n-b. Austnorðan s?hvass með smáfjúki á millum og lítið frost. Ég lét dragið undir nýja bátinn. Drengirnir þrifu stórahúsið. Kindur lágu úti. Kom enginn.

21di nóvember. Norðaustan sorm?hvass, frost og þurrviðri. Kindur látnar inn. Ég ?gaði bátinn framan og aftur. Gerði við sög fyrir Finnboga í Hb. er þá kom líka. Smíðaði upp meis. Kom Þorleifur á Hlíðarse.

22n n-b. Sama veður, var ? embættað. Fóru fáir. Fréttist andlát barnsins Björns og Halldóru í Tröllatungu. Komu 2. Finnbogi yngri í Hb. og Tómas á Geststr. Jón m. ? ? út að Heydalsá. Kindur lágu úti.

23ie nóvember. Sama veður. Ég var að fella keipstokka á nýja bátinn. Kindur látnar inn. Kom enginn.

24i nóvember. Sama veður, norðan ?viðri og frost. Lágu kindur úti. Ég lint nef og netdli? keipstokkana á bátinn. ? til hinn á fremstu og lagaði til að öllu, en voru áninegdir um kvöldið. Guðrún í Hb malaði.

25ti nóvbr. Sama veður. Ég kláraði við keipstokkana á nýja bátnum. Sagaði í 11n álnir og ? ?. Kom Guðm. Sigmundsson frá Hrófá ? ? ? og Björn í Hb með ? í ?. Kindur úti.

26ti nóvember. Sama veðurstaða minn á kafaldið, dimma til kvölds. Kindur látnar inn. Ég setti í stand hurð með járnum fyrir nýja fjósið og sk? fyrir skemmuna. Kom Óli að ? með ? ? að Kirkjubóli.

27di nóvemb. Sama átt, þó hæglátari og smáfjúk á millum. Ég smíðaði ? ?. Kindur inni. Kom Guðrún á G. að ?.

28di nóvb. Logn, frost og heiðbirta. Við Jón fórum í skotsnuður og fengum 1 kóp. Misstum vöðuselskóp. Steingrímur litli var dauðsjúkur. Kom Guðrún í Hb.

29di nóvember. Vestan hvassviðri með þoku? og sudda. Var embættað á Felli. Andaðist barnið Steingrímur kl. ½ 8 f.m. 7 vikna og 1 dags gamall. Guði! mínum fyrir þakkir að hann tók hann til sín. ? G. S. S. Guðrún í Hb. og Jón í Tungugröf.

30ti nóvember. Vestan stormur, frost og heiðbirta, ég smíðaði utan um barnið. Kom Björn í Hb. eftir kópsgörnum og Barni á Geststr. með bolta. Lágu? 19n af kindunum úti. Jörðin var auð og ?.

*Desember 1846

1ti desember. Útnyrðings stormur. Frost og hreinviðri. Við ætluðum til skotsnuðurs og komumst að Hb. Söguðum ?. Var stokklagður líkami barnsins sáluga. Komu 4rir, Tómas G., Guðrún í Hb. malaði, drengir hennar komu um kvöldið. Vantaði meiri part kinda. Auð jörð upp á fjöll.

2r dber. Hæglátur, frost og hreinviðri. Við Jón fórum í skotsnuður, var ei byssa upp tekin, svo fórum við heim. Ég var vesæll af hósta og kvefi. Komu börnin frá Heiðarbæ, kindur látnar inn.

3i desember. Vestan hvassviðri með suddaúrfelli. Við Jón söguðum kubb í 13 stykki. Hann var 18n álnir. Ég hálf vesæll af hósta og kvefi, vantaði af kindunum. Kom enginn.

4ri de.ber. Vestan ofsi frá því kl. 12 e.m. þar til kl. 6 f.m., þar frá til kl. 10u f.m. Stórúrfelli, kafaldsslitringur frá kl. 4 e.m. og hæglátari. Við Jón söguðum væna fjöl. Kindur látnar inn. Kom Björn í Hb.

5.ti. demb. Við útnyrðing, frost og fjúklaust. Við Jón söguðum 6 álnir. Ég fór yfir að Klúku um morguninn. Jón um kvöldið. Kindur látnar inn. Kom enginn.

6ti. desember. Við sunnan , hæglátur með bleytufjúki þar til kl. 4r. Þá hvass með ? hægð. Var embættað þó fáir væru, fórum við hjónin, Gunna og Þórey. Var barnið Steingrímur sálugi jarðsettur.

7di desember. Vestan stórviðri með mikilli ? og sudda til kvölds. Jón smíðaði upp meis?. Ég gjörði við ullar lár og gluggaramma. Vantaði 6. ? ?

8di desemb. Vestan bleytu rosi. Við Jón söguðum í gluggaramma. Kom Guðmundur Sigmundsson. Vöntuðu 4rar.

9. desember. Norðan frost og kafald. Lint ? ?, smíðaði 6 ? og ? ? ? fyrir konuna. Drengirnir leituðu 4ra kinda. Kom Björn í Tungu og Þrúður á Vonarholti.

10. desember. Norðan kófkafald og hörkufrassi. Var fyrst ? kindum ? gömlum. Við Jón söguðum 19 álnir. Ég svo smíðaði gluggarammana að í skemmuglugganum niðri á þilinu. Guðrún í Heiðarbæ malaði, komu drengirnir hennar um kvöldið.

Desember 11ti. Norðan stormhvass, frosthart þó fjúklítið. Við ? niðri vind ? fyrir skemmunar. Vöntuðu 2r. Kom enginn.

12. desember. Austnorðan hæglátur fjúklaus og hart frost. Ég var að gjöra við lóð og singtaði* sög. Jón leitaði fram að Tind að ánum er vöntuð daginn áður. Þær voru komnar framan við. Þeir voru að fara hjá útá félags fundinn. Kom enginn.

13. desember. Við norðan mikið hæglátur og frost linara. Lítið fönafjúk* á milli. Ég fór eins og aðrir útá félagsfundinn á Kollafjarðarnesi. Fór þaðan lítt ánægður kl. hálf 7 e.m. Kom að Kirkjubóli kl. 11u e.m. og gisti þar.

14. desember. Norðan stórum hvass, líið* fjúk þá áleið. Kom og heim kl. 11 f.m. og sagaði 8 álnir í loy*. Komu drengirnir frá Heiðarbær.

15. desember. Vestan hvass með skrenning. Þykkur og frostminn á. Ég var að smíða hurðinni og glugganum niðri á skemmunni ?legt. Ingveldur í Heiðarbæ malaði. Ég hálf vesæll af kvefi niðurgangspestar snerti. ? og víða sjúkdóms?ing.

16. desember. Norðan stormhvass og stígandi frost, þó fjúklaust. Ég var að láta gluggana í þilið niðri og smíða hurðina* fyrir hann. Kom Loftur á Hrófá.

17. desember. Logn og í kófudimma* með bleytu fjúki til kvölds. Við Jón m. fórum í skotsnuður*, sáum varla* sel, fengum ekkert. Ég týndi púðurhorni. Kom enginn.

18. desember. Austnorðan stormur með frosti og ísingu. Ég var að smíða glugga kistur. Guðr. í Hb. malaði, Björn S. í Tungu kom við með ? og fann púðurhornið.

19. desember. Norðan með dag?falldi*. Svo stormhvass með skafrenning á milli. Ég gjörði við jötustokka í stóra h. Smíðaði utan um rúðu, og smíðaði 15 nagla. K. enginn.

20. desember. Hæhlátur austan, fór enginn héðan til kirkju. Kom Helga í Húsavík, og Guðmundur Sigmundsson og gaf mér sykur.

21. desember. Hæglátur austan til sjóarins*. Landsunnan í loftið, með smáfjúki. Ég var að láta efri gluggann framan til á skemmuna*. Kom B. á Geststöðum.

22. desember. Logn, heiðbirta og hart frost. Við Jón fórum í skotsnuður, og skutum 1n. Var inn við Borgir. Komu 3r. Guðm. S.s. Guðbrandur í Tungugröf hinn yngri og Ingveldur í ?.

23. desember. Hægð logn og sígandi frost þartil kl 5m e.m. Þá vestan hvassviðri með bleytu. Ég fór inn í fjörð, sá 1 hrot, skaut 1 skot og missti. Varð á Sandnesi um nóttina. Fréttist lát Gylfa Gylfasonar á Þrúðardal. Kom ? Halldór og Bjarni í Tungu, líka Bjarn á Geststst.

24. desember. Vestan stormhvass með bleytu hrakning þartil kl. 10 f.m. Fórum við þá á Stað frá Sandnesi og fengum storm kælu með slettings kafaldi undir Kálfaneshólmann. Þá allt í einu rokniður norðan með frosti og ? kafaldi, svo við sjálft* lá að höfn mundum ná við Kálfanes. Settum þar yfir ? og héldum svo útundir Skeljavíkurland, gátum við naumast grillt í* Formstutanga* vegna kafalds megnis. Hægði nokkuð ?, jók þó báru. Við svömluðum þó með Guðs! hjálp út að Tungugröf. Settum þar upp og gengum svo heim í öllum saltseknum*, linaði nokkuð kafaldið kl. 4 e.m. Kom Jón á Klúku um kvöldið með kyrtaskjóðu*.

25. desember. Norðan með frosti og kafaldsslítning. Var embættað, fóru drengirnir héðan. Kom Tómas á Gest.

26. desember. Austnorðan með frost kafaldi. Fóru fáir til kirkju. Komu Hb. drengirnir um morguninn með á í fóður kvesti séra B.

27. desember. Bloti frá ? kl. 12 e.m. þar til 5m f.m. Svo hægð og hreinviðri þar til kl. 12 e.m. Var ei embættað. Kom Tómas á G. Fóru hjá snikkarnir* og Magnús í Tungu. Jón sótti blý að Klúku.

Draumur

Meðan ég lifi hér í heimi

frá hættum lífs og sálargeimi,

bæn mína veika styrk og styð,

stjórn þín lífinu haldi við.

Sjó ferðarmanns bæn

Í hinu nafni Jesú minn á form

um yfir* nú þessa sjó ferð, vertur

nú sjálfur inn án vorra skips

borða og annastu oss á sálu og

lífi, vernda þú oss frá öllum

háska sem þú betur sjálfur þe

kkir en* vjér kunnum um að*

28. desember. Hæglátur framan af með bleytu hríð ?vestan krap með stórúrfelli. Ég smíðaði 20u járnnagla og gluggakistu í efra þilið* á skemmunni. Kom Óli að sunnan og varð nóttina.

29. desember. Vestan stórviðri með þíð þar til kl. 10 f.m. Þá frost og krapviðri þar til kl. 3 e.m. Þá bleytu hríð. Ég var vesæll af slæmsku í vinstra auganu, k?bólgu og beinverkjast?. Svo ég fór ekkert út. Fer þessi vesæld nú víða yfir.

30. desember. Vestan með stórhríð þar til kl 12 f.m. Svo hæglátari og þurr þartil kl. 6 e.m. Komin min? vesöl af beinverkjum og ýmsum sjúkdómsumleitum*. Ég var nokkur skárri um daginn áður. Ég skerpti* skutul, steipti kúlur, stímaði* færi. Smíðaði keing í smiðju hjá Kofu og lét hann*. Guðrún í Hb. malaði. Kom Björn á eftir.

31. desember. Vestan hvass og úfelli er á leið. Ég var vesæll af kverkabólgu og hósta. Gjörði því lítið. Konunni m. bl. léttara. Kom enginn.

1847

*Janúar 1847

Fyrsti janúarius 1847. Vestan hvass og útsynningur. Var embættað, þá fór enginn úr dalnum. Komu um kvöldið feðgarnir frá Hb. og Bjarni í Snartartungu. Sagði Bjarni undarleg slys frá Guðlaugsvík. Feðgarnir fóru héðan kl. 12. e.m. Bjarni varð um nóttina. Ég vesæll, þó mest af hósta og verkjarharðindum fyrir brjóstinu.

---

2. janúari. Hægð og frostlítið með bleytufjúk og þokulæðu. Við sóttum bátinn að Tungugröf. Kom Óli. Ég léði Bjarna 2 hesta út á bæi. Ég eins vesæll af sama, svo get naumast á fótum verið.

3. jan. Loftþunnur, logn og blítt veður, var embættað að ?. Fórum 4r héðan. Ég yfir að Klúku að leita ráða við veseæld minni, en magur? kondir? vesældinni á ferðinni. Kom Bjarni með hestana. Engin vaða sjáanleg.

4. janúari. Landsunnan stormur, hreinviðri, hægt frost. Ég var að smíða ?ittin í nýja bátinn og gjöra við gluggann hjá okkur. Kom Óli í róðrar skini. Fórum við öll á vigsl? vesæl af kvefþyngslum og ? ? allstaðar er nú umfarandi. Guðrún í Heiðarbæ malaði.

5mt. janar. Hæglætis landsunnan með vætu. Ég smíðaði fvennuklittin? í bátinn, ? skal vera, flustallinn? við sömu vesældina. Kom Guðm. Sig.s. eftir sög og járnum.

6ti janúaríus. Við landsunnan blíðviðri og logn. við fórum í fyrsta sinni, ég með ? í skotsnuður fram á fjörð, sáum 1 vöðuhrot ljónstyggt, þeir voru allir að skjóta í akirfð? inní firðinum. Ég skaut 1 skot og missti kópinn því nær dauðann niður. Alltaf er vesælldinni.

7di janúari. Sunnan hvass og þíðviðri og þurrt. Ég var að smíða ? ? stokk og dunta að bátnum. Var Guðrún í Hb. sótt til Þóreyjar hér um leið kl 2 fr.m. Svo Helga k. 8 f.m. Fæddist barnið kl. 2 e.m.

8. janúar. Landsunnan stormhvass, þíðviðri með smá skúrum. Ég fór fram á fjörð og skaut 1t skot til ónýtis. Heiðarbæjarhjónin komu hér eftir barninu Guðm. og Þóreyjar.

9. janúar. Sunnan í áttinni. Logn, blíðviðri og lengst af mikið úrfelli. Við rérum inn fjörð, var það mikið af svartfugli og dálítið sela stangl. Fengu 2r sel með byssu. Ég kastaði mitt kast og var þá selurinn kominn of djúpt. Kom Guðrún í Hb. Óli um kvöldið og morguninn. Ég lenti á Sandnesi og tók 20* hlaupuðu* byssuna.

10. janúar. Logn og blíðviðri, lítið frost. Var ei embættað. Kom Helga í Húsavík. Vöntuðu 2r*.

11. janúar. Heiðbirta, logn og sígandi frosti. Við fórum inní fjörð og kastaði mitt kast og fékk væna urtu. Þetta var ? hálfum mánuði fyrir þorra. Kom Finnbogi.

12. janúar. Fjúk og hægð til fullbirtu, svo stormhvass og heiðbirta til kvölds, sígandi frost. Við fórum inn í fjörð. Sáum stand sela og vöðuhrot þar inn í ísnum, en gátum ekkert við átt fyrir vind. Kom Tómas á Geststöðum.

13. janúar. Við sunnan hæglátur og væta á millum. Var Dínu haldið. Sótti Bjarni í Heiðarbæ kálfinn með Jóni. Óli kom um morguninn. Fórum ofan eftir með kálfinn og gjörðum til urtuna. Hún var með 12 f.

14. janúar. Sunnan hláviðri, hvass og þurr Ég smíðaði austurtrog. Lappaði við bátinn. Ég var hálf vesæll af niðurgangssótt sem er nú er á ferð ásamt megnum hósta og margskonar krankleika, sem jafnt inn tekur börn, miðaldra fólk og gamalmenni.

15. Stormhvass sunnan með smávætu framan af, svo logn og þurrviðri til kvölds. Við fórum inní fjörð, kastaði þar 3 köst og fékk 1n kóp. Var Baugu haldið með tilstyrk Finnboga. Óli kom um morguninn og spýtti skinn.

16. janúaríus. Frá því kl. 12 e.m. og þar til kl. 8a f.m. stormúrfelli með bleytu kafaldi og sterkviðri vestan. Þar eftir frost og krap? með éljum á milli. Ég smíðaði vöðu ár. Kom Óli og Guðm. á Gest.

17. janúaríus. Hægur sunnan, lítið frost. Var embættað, fóru drengirnir héðan. Kom 6. Markús, Margrét, Guðm., Tómas, Bjarni, Ingveldur. Sást vaða fyrst út á firðinum. Ég tók inn laxer?olíu.

18. janúar. Sunnan hæglátur, þurrviðri og frostleysa. Allir fóru í vöðuna utan ég, hún var ákaflega stygg. Gjörðum við til kópinn og bjuggum til hvolf fyrir alla bátana. Kom Óli um morguninn.

19di janú. Við sunnan logn og frostlaust. Settum nýja bátinn um morguninn héðan ofan til sjóar, rérum síðan út í Haga? og þaðan inní fjörð. Skutum kóp og urðum á Ósi um nóttina.

20sti jan. Sunnan hvass og þíðviðri alltaf. Blóðeyða? upp á fjöll. Við fórum í róður við Jón í Tungug. Hún var undir Bassastaði. Ég fékk urtu. Vorum lengi í landi vegna veðurs. Urðum á Ósi aftur*.

21. Við sömu átt, logn og blíðviðri. Fórum við Jón í vöðu hrotið inn frá. Ég fékk brimil. Jón hringanóru með byssu. Hinir fóru allir í vöðu útá hyrnum?. Fór ég heim um kvöldið. Urðu hinir/hér? um nóttina. Magnús og Halldór í Vonarholti.

22. janúar. Sunnan þíðviðri og stormur á millum. Rérum út í haga* um morguninn, sáum* og ? í stygga vöðu. Fékk enginn neitt utan Torfi 1n. ? ? Jón í Tungugr. hélt inn í fjörð, Jón minn fór að sækja spýtur útá bæi með næturgestum. Kom Margrét systir og varð um nóttina og Björn á Klúku eftir hrossa? ?.

23. janúar. Landsunnan þíðviðri og stormhvass. Vaðan stygg. Við vorum inn í fjörð. Guðm. Sig. Jón í Tungugr. og Friðrik, fékk Guðm. kóp, Guðm. á Kleifum og Jörundur sinn selinn hvor útfrá. Jón minn fór upp að Tungu með Margréti systur.

24. janúar. Loftþunnur og austan stormur. Lítið frost. Var ei embættað. Kom Tómas góur*. Við skárum upp sela okkar, þeir voru 3r.

25. janúar. Austan stórviðri, þurr og lítið frost. Ég var ? í smiðju að smíða nagla og laga til járn í gilldingar* og á árar. Kom Óli og Bjarni í Hb. Hálfur 10ndi fjórðungur af 5m selum sem búið var að afla. Rétt? með Þorra. hlutar*.

26. janúar. Sama veður, frost, hægt og fjúk er á leið. Ég fór ofan að búð að gera að árum og gildingum. Var smávegis að reka? útum bæina, enda var mesti stórsjór, kom enginn.

27. janúar. Alltaf stórgarður austan með þokugúlp og smávætu. Mareyða upp á fjöll. Ég fór ofan að Búð og setti stalbik* á bátinn nýja. Kom enginn.

28. janúar. Sama veður, fór ég ofan að Búð með tunnu á Bleik. Sótti magran? sel og flikkaði til byssur mínar. Kom Eyjólfur í Húsavík og lagði á axir. Gekk Kofa, sóttu drengirnir nautið að Geststöðum, komu í því bili Jón og Sigmundur að Smáhömrum eftir nautinu og biðu meðan Kofu var haldið. Hb. systkin möluðu, ég brytjaði selinn um kvöldið.

29. janúar. Austnorðan krapa frost og lítið fjúk. Ég var í smiðju að smíða mölldul* í hverfusteininn? stóra og 30 hagla, steypti í 19 skot af höglum. Kom enginn.

30. janúar. Lítill stormur austan framan af, frost og hreinviðri, var ég og Bjarni upp á tagli? að gæta að vöðunni. Var hún inn á firði hjá Ósi. Æddi út þeir* aftir.* Ég á stað um miðdegi til þeirrar sem var í Reykjarvíkina. Kastaði 3r og ætíð yfir. Torfi fékk kóp aðrir ei.

31. janúar. Hreinviðri og frost og logn. Var embættað. Fór ég og Þórey og Þorkell. Vaðan mikil.

*Febrúar 1847

1. febrúaríus. Vestan stormur og þíðviðri, loftþunnur, Strandararnir börðu 3ar upp í Heiðarbæjarnes. hinir voru frammi þar til ei var fært, þá allir inn í fjörð því þar var alltaf hvítalogn. Við Guðm. vorum ýmist upp í hlíð eða inn í bæ á Kirkjubóli. Sáum alltaf vöðuna, loksins fórum við fram um sólarlag, þá lægði hann. Enda komu þá líka Strandarar, fengu 2 seli. Við Við Guðm. ekkert. Vaðan mikil og stygg. Andrés fór norður. Kom enginn.

2. febrúar. Vestan storm þrítingur*, við norðan* ? lengi inní Hb.nesi, svo í Tungugrafarhólma og þaðan fram. Fengum ekkert, 2r fengu sel, vaðan mikil og stigg. Fengum barning í land.

3. febrúar. Inir riss* Miðvikudagurinn 2r í þorra. Var blíðviðri og loftþunnur, frostlítið. ? töða* snemma* í vöðuna, hún var mikil en stigg. Fengu sumir* 3r. Sæmd, Torfi, Björn og ? 2u og 1n. Sumir ekkert. Voru 18 selar drepnir úr vöðunni þennan dag, en 3 misstu og missti 1n. Alltaf er blóð nyður uppá fjöll. Kom Björn á G. og Björn Hb. um kvöldið ? snúð.

4. febrúar. Við suðaustan* með ? framan af og skúrum við og við. Var snemma* til vöðu farið. Ég síðastur. Hún nokkuð minni um daginn áður og stiggri. Fékk 1n 2 selu, 2r 1n. Hinir ekkert. Ég ? útí Haga og sá ? hrot utan inn frá. Ingv. í Hb. malaði.

5. febrúar. Háttnorðan storm* hvass*, með sígandi frosti og litlu fjúki. Sá ég vöðuna frá Kirkjubóli. Æðandi inn fyrir ofan ?. Fórum við Guðm. í farti* frma og kastaði ég 1tt kast og náði sel. Fór í land og skaut* upp þá 4a er fekk um vikuna. Komið til fluten* 20u fjórðungar og 9u merkur, af 9u selum. ? ? voru föstudaginn 2n í Þorra. ???. Kom Finnbogi í Hb.

6. febrúar. Austnorðan krap og frost og kafallst slítiningur, var ég að smíða skutla. Kom Óli með skinnin. Björn í Hb. með innbundnar bækur og Guðm. á G.

7. febrúar. Hæglátur norðan, loftþunnur og frosthart. Sá ég vöðuna um og eftir hádegið mikla og spaka í Reykjarvíkina*, eftir nónið. Sá ég sama í trnulægi* undan Kirkjubóli mikla og stygga og ? út. Var og embættað, fóru þó fáir. Komu 3r frá Húsavík, Eyjólfur, Þorsteinn og Helga með Guggu. Líka Guðrún og Jón Klúku. Líka Björn í Heiðarbæ og Jón litli á Tind.

8. febrúar. Útnorðan frost og hreinviðri. Við Guðmundur S. gengum upp á bungu. Sáum bátana ? ? vöðuna ? því háska stormur var út fjörðinn. Börðum síðan fram til ? og fundum hrot, er við gátum ei kastað í. Í því bili náði Sæmundur sel, en Guðm. missti án *. Svo allir upp í Skarfakletta. Sáum vöðuna hingað og þangað ljón stygga. Hélt* svo * heim til sín. Björn í Tungu kom aftur ? og máði* minn ekki á Kirkjuból, fór ? þó búinn.

9. febrúar. Útnorðan steitingur, hart frost og hreinviðri. Allir í vöðuna utan við Guðm. Gengum við upp og sáum ljónstygg hrot, fórum því ekkert. Enginn fékk neitt. Kom Þorleifur í Hlíðars.

10. febrúar. Við útnyrðing hægð og sígandi. Frost og héla í lofti. Fórum fram um hádegi. Vaðan í hrotum hingað og þangað. Lítil og stygg. Fékk ég kóp með byssu, missti 4r skot. Jón í Tungugröf náði 1m með byssu, Torfi 2 með rá. Kom yngsti Björn á Klúku og Hb. börnin möluð. Eru alltaf jarðir uppá fjöll og lítið sál* á jörðinni.

11. febrúar. Vestan hæglátur og log er á leið*. Var vaða lítil og stygg. Ég náði skotnum sel af Guðmundi Sigmundssyni með skutli. Skaut ég kóp og missti hrapakulega*. Enginn fékk sel svo ég vissi. Kom Björn á Hb. Meiddist Þorkell í augabrún.

12. febrúar. Við sunnan. Logn og lítið frost. Gjörði bleytufjúk er kom fram á miðjan dag og dimmu, en birti í rökkrinu* með hægð*. Sæmundur fékk 2o sela væna. Jónmundur 1. Guðmundur S.s. skot kóp, aðrir ekkert. Vaðan var mikil og ljónstygg. K. Guðb, ingi í T.g. eftir haglatöng*.

13. februar. Landsunnan stórúrfelli því því kl. 6 f.m. þar til 11u f.m. Þá hægð og þurrviðri. Var vaðan í tvennu lagi, inn hjá Reykjanesi og undan Kirkjubóli, mikil og stygg. Náði Torfi sek og ég framundan Heydalsá. Mitt selur var brimill.

[14. febrúar til 3. apríl 1847 vantar í bókina. Þarf að athuga ljósmyndun, vegna rugls á bls.tali]

*Mars 1847

[14. febrúar til 3. apríl 1847 vantar í bókina.]

*Apríl 1847

[14. febrúar til 3. apríl 1847 vantar í bókina.]

4. apríl. Suðvestan með smá vætu hæglátur og blítt veður. Embættað séra Björn. Hinn á Felli. Fórum við hjónin héðan og Jón. Kom Guðrún í Heiðarbæ með Skarphéðin litla um morguninn.

5. apríl. Norðan þúkur* hæglátar með frosti, var ei embættað. Komu bræðurnir frá Geststöðum og sögðu lát Bjargar litlu þar, er lengi hafði þjáðst. Ég fór ofan að Kirkjubóli til að hálfa* um beitu Sacariasi og Andrési.

6. apríl. Linju fjúk landaustunan* til kl. 12 f.m. Þá sólskin og hægviðri sunnan. Ég var í smiðju lengst af. Svo söguðum við Bjaunk* 51 alin á lengd, Ingveldur malaði.

7. apríl. Hæglátur með bleytu fjúki. Sló af ýmsum áttum. Birti um kvöldið og gjörði hart frost að nóttunni. Hefur það verið um nokkurn tíma á næturnar. Ég var að saga og smíða lítinn* hníf Guðmundar á Geststöðum. Fór suður með Guðrúnu á Kirkjubóli, fór hún að vitja séra Bjarna í Garpsdal, því Grímur er og hefur verið sjúkur.

8. apríl. Við norðan hæglátur, sólskin og blítt veður á landi. Við söguðum 24 álnir af breiðu og flöknu. Reiku* í sög handa Óla og svo smávegis. Kom Finnbogi og börn hans, hann keypti skinn, þau möluðu. Hart frost að nóttinni.

9. apríl. Blíðviðri með sólskini, lagði inn útrennu um miðjan daginn. Fór ég fram á fjörð og skaut 4 kófur, 1 má og sel með 5½ fjórðung. Guði sé lof og D. Kom Björn bóndinn á Klúku frá Tröllatungu, var hann að gjöra yfir leiði sonar síns sáluga.

10. apríl. Logn þar til kl 11 f.m. Þá vestan stormur fram í rökkur með smá fjúki í millum. Fór ég fram á fjörð og komst nær því í færi við stand*sel. Svo í land vegna kælu upp í Tungugrafarhólma og Sæmundur. Biðum við þar til kl. 6 e.m. Svo hann heim til sín og reyndi byssur mínar, en líkaði þar ekki í besta máta. Alltaf er hart frost á næturnar, þó blítt sé á daginn.

11. apríl. Norðan hvass með frosti, þó fjúklaust. Var embættað í Tungu, fóru 4r héðan. Kom Tómas á Gest. við um kvöldið, var jarðsett Björg sáluga á Gest. Ásgeir á Kollafjarðarnesi, nú fyrir sunnan að káfera* í hestkaupa prettum* Sigurðar Hákonarsonar á Kambi við Grím á K[irkju]bóli.

12. apríl. Norðan fjúkslitringur með frosti. Kindur inni. Við söguðum fjalagólfið í dyrnar og sótti sel ofaneftir.

13. apríl. Logn og frost og var að gang upp til linviðris. Fórum í skotsnuður, fengum 10 kofur, 2 grásleppur og 2 rauðmaga með sting. Fluttum Helgu á Hamri undir Hafnarhólm, hún kom að sunnan úr fingurmeins græðslunni. Ásgeir kom að sunnan frá Sigurda* á Kambi, og bar Sigurður minni hluta…

14. apríl. Vestan með hvassviðri og hríð að öðru hverju. Ég fór fram að Tind með selskinn. Kom Guðrún og Bogi í Hb.

15. apríl. Hæglátur vestan, mestpart þurrviðri. Ég var að skafa og spýta kópskinnið síðasta. Kom Sveinn á Geststöðum að láta berja fyrir sig vörpu. Jón fór yfir að Klúku eftir reiðtygjum handa mér til suðurferðar að finn á Sigurð á Kambi uppá hnakkinn. Kom Björn á Heiðarbæ með bækur að svíða utan af.

16. apríl. Norðan útnorðan með bleytuhríð þar til kl. 9 f.m. þá megnis kafald með frosti. Kindur látnar inn og hestar að nóttinni. Ég var að láta fjalagólf í bæjardyrnar og selja samann keraldsbotn.

17. apríl. Norðan hvassviðri með hörkufrosti. Við vorum að saga og selja upp kerhalld. Kom Helga í Húsavík og Hb. börnin möluðu. Kindur stóðu inni. Hestar að nóttinni.

18. apríl. Norðan hvass með bleytu kafaldi. Var ei embættað. Kom Björn í Heiðarbæ með spordalla og bækur.

19. apríl. Landaustan frostlítið með bleytu kafaldi, þartil kl. þrjú e.m. Þá nokkuð minn á. Ég var að girða kerhalld og smíða á það hlemm. Drengirnir að smíða að döllum. Kom Guðrún í Tungugröf, Ragnheiður á Heydalsá og Björn í Hb.

20. apríl. Við landaustan hæglátur, og loftþunnur. Við fórum skotsnuður. Sáum sela hingað og þangað, gat ég ei skotið vegna smábáru*. Skaut 15 kofur. Sáum illfisk, fórum svo í land.

21. apríl. Við langsynning, sólskin og blítt veður. Við fórum í skotsnuður. Sáum 3 vöðusela. Nóg af fiskum. Skutum 6 kofur. Rifum 2r hrísklifjar á Sandnesi.

22. apríl. Laundaustan stormhvass með bleytu kafaldi í fjallinu. Fór ég suður að Kambi að sækja hnakk og kom heim um nóttina.

23. apríl. Sama veður. Ég var að gjöra við sög og smíða trogarafar*. Kom Björn í Hb.

24. apríl. Landaustan bleytu kafald til fjalla, en bar minn á á bleytu kafaldinu í byggðinni, en úrfellið mikið. Þornaði er á leið. Ég smíðaði 1* trog. Kom enginn.

25. apríl. Norðaustan stórviðri sólskini og frosti. Var embættað á Felli. Kom Helga á Tind um morguninn og börnin þaðan. Svo Sólveig í Arnkötludal, Tómas á Gests. og Ingveldur í H. Vantaði eina á um kvöldið.

26. apríl. Sama veður, þó él á milli. Ég enti við 2 trog. Kom enginn.

27. apríl. Sama veður, nn* meira kafaldið. Ég var að efna til í látúnar kjaralld. Kom Guðmundur á Geststöðum og sagði frá hrakning Bjarna Ásgeirssona á Vatnsnes og hættum er Torfi á Kleifum komst í. Líka óvissu um líf og lendingu Andrésar í Gautsdal og Einars í Litla-Fjarðarhorni. Jón minn fór út að Heydalsá um kvöldið.

28. apríl. Norðan með frosti og kafaldi. Ég setti upp og girti keraldið. Kom Tómas á Geststöðum.

29. apríl. Sama veður. Ég var að dupta að dollum*. Jón minn fór út að Heydalsá með Jarp í taumi að sækja taðkögla. Kom Guðm. á Gest. og Guðbrandur í Tungugröf.

30. apríl. Sama veður en kafaldslítið. Var embættað. Fór Jón héðan ofan að Kirkjubóli um kvöldið eftir potti*. Komu allir feðgarnir frá Geststöðum* kvöldið frá kirkjunni við.

*Maí 1847

1. maí. Sama veður, þó fjúklítið. Ég var að segja í stand útburðar dalla*. Systkinin þæfðu í tunnu. Kom Bjarni á G. Drengirnir frá Heiðarbæ máluðu.

2. maí. Blíðviðri með smá vætu. Var embættað í Tungu, fóru 5m héðan. Kom Guðmundur á Gest. um kvöldið. Tók selskinn fyrir Markús í Tungu.

3. maí. Blítt veður, austan um miðjan daginn, svo logn og hríð, sunnan kæla síðast. Ég fór út að Kollafjarðarnesi til að heyra á nokkrar bænaskrár. Kom heim um kvöldið. Stungið útúr nýja fjósinu. Kom Guðrún og Björn í Heiðarb.

4. maí. Landsynningur, log* og vætta lengst af. Gjörði storm um miðjan daginn. Við piltarnir fórum út að Heydalsá eftor mórvið og taði. Ég veiddi 2 grásleppur, missti 1a. og tvo rauðmaga. Kom Finnbogi á Heiðarbæ og Tómas Gest. Kindur láni*.

5. maí. Sunnan hvass og sólskin. Við vorum að smíða hlemma og búta niður trog.*

6. maí. Við sunnan þykkur framan af, birti með sólskini er á leið. Mesta blíðviðri og logn, fór ég inn áð Hellu og Sandnesi. Var gott að koma að Hellu til Guðmundar.

7. maí. Norðan hvass með sólskini. Ég snéri 2 kastfæri og sótti mórvið á 2m hestum ofan eftir.

8. maí. Sama veður, ég ritaði bréf fyrir Finnboga í Heiðarbæ og fór með það ofan eftir. Jón lét stuðul í kláf* og fór að byrjað kálgarð í brekkunni. Kom Finnbogi um morgun. Guðrún og Bogi um kvöldið með Skarphéðinn.

9. maí. Sama veður, var embættað í Tungu. Ég fór þaðan ofan að Hrófá frá kirkjunni.

10. maí. Logn og sólskin, útræna er á leið. Var unnið á og ýmislegt duptað að með þurk* á rudda, sléttaðar þúfur fyrir ofan húsin, og stungið út lambhúsið. Guðmundur litli á Kirkjubóli slasaðist í fæti á suðurferð með naut.

11. maí. Vestan um morguninn, svo austan er á leið. Ég var að moka völl, Jón að stinga hnaus. Kom Þorleifur á Hlíðarseli. Stúlkurnar unnu á fram á miðjan daginn. Búið að vinn á á í þrjá daga.

12. maí. Austnorðan stórviðri með éljum er á leið, frost til fjalla. Allt látið inn. Ég smíaði* trog. Jón fór með fóðran* á að Klúku, og Þórey fyrir móður sína. Björn í Hb. malaði*.

13. maí. Austan hvassviðri með megnis kafalds bleytu, átti að embættast á Felli.

14. maí. Hvass norðan sólbráð í millum, tók af snjó uppundir hlíðar. Mikil fönn til fjalla, frost að nóttinni. Kindur farnar að bera. Ég setti upp dall. Kýr búnar að vera úti einn dag, nú staðið inni 3.

15. maí. Hæglátur norðan með sólskini, logn og frost að nóttinni. Jón stakk hnaus og hlóð dálítið af kálgarðsefninu. Stúlkurnar unnu yst á brekkunni. Ég duptaði að rudda þurk og ýmsu. Kom þingboðið með Helgu á Tind.

16. maí. Við norðan hæglátur, sá sól við og við. Ég fór ofan að Búð eftir mórvið. Embættað á Felli, kom Óli.

17. maí. Hæglátur við vestan. Við fórum inn áð Hellu og keypti þar 1 vætt af fiski og aðra af skötu.

18. maí. Vestan stormhvass, stórúrfelli er á leið. Ég bar 30 kapla á útrækina*, Jón m. risti 200 á mýrartorfi. Helga á Klúku var hér að sauma föt á Þorkel, Þórey sótti sortu og fór með hana út að Heydalsá og varð útfrá um nóttina.

19. maí. Vestan hvass með hagléljum á milli. Ég var að setja upp kláralld, Jón fór út að Heydalsá.

20. maí. Landsunnan hæglátur með rífuéljum á milli. Ég var að dunda við rudda þunk* og kálgarðinn. Jón risti 120 trf. uan* lítilfjárlegt umda*. Þórey var að sauma för uppá Þorkel, hann sótti Bölta að Tungu. Kom Ingveldur í Hb.

21. maí. Austan hvass og þurrviðri, frost að nóttunni og héla. Við Jón entum útaf við kálgarðinn, kom Björn á Klúku og málaði skemmugluggana. Ég fór ofan að Kirkjubóli og sótti skötur og grjóna hálftunnuna. Ingveldur malaði.

22. maí. Norðaustan stórviðri, gránaði á fjöll um kvöldið. Ég mokaði á völl 35 konlum*. Jón risti 120 af torfi.

23. maí. Sem er Hvítasunna. Austan sterkviðri og kafalds slitingur er á leið með frosti að nóttunni. Var embættað í Tung. og staðfest 4r börn, Þorkell minn, Valgerður Grímsdótter á Kirkjubóli, Bogi Finnbogason í Heiðarbæ og Þorsteinn Eyjólfsson á Húsavík.

24. maí. Austan stórviðri, garður og kafald um miðjan daginn, fórum við hjónin og Þorkell til kirkjunnar.

26 [25]. maí. Stórgarður austan, með stórhríð og þoku. Við vorum að riðju* milli Húsavíkur og Hrófár, utan Björns, menn ruddu að Kirkjubóli. Jón m. sótti kornhálftunnu að Heydalsá.

27 [26]. maí. Sama veðurstaða. Nokkuð hæglátari og væta er á leið. Við fórum að tæta sundur gömlu hesthústóftina og fórum að minda úr henni garð.

28 [27]. maí. Sam veðurstað. Hægur innfjarðar framan af, góður þerrir þar til kl. 9 e.m. Þá stórúrfelli, þar til kl. 11 e.m. Við vorum að iðja sama og daginn áður. Þórey skaust ofan við Heiðarbæ.

28. maí. Landaustan, hæglátur innfjarðar, þerrir og blítt veður á landi. Við endugum við að slétta hesthústóftina gömlu og koma grjóti og hnaus út henni í garðinn. Kom Björn í Hb. og sagði að Jón í Tungugröf hefði dregið 13 fisk í fyrradag þar framundan. Daginn eftir varð enginn var.

29. maí. Blítt veður með sólskini. Við vorum að bera á völl. Ég smíðaði reku. Jón bjó sér ofan að Kirkjubóli. Þvegin haustullin. Trenítatis sem er sá*.

30. maí. Landaustan væta á milli - blítt veður og sólskin er á leið. Við fórum inn í Hrófárland og fengum okkur í slóð*. Svo ofan eftir með netið og lögðum þau. Hér komu allir frá Heiðarbæ. Hjónin fóru með Skarphéðinn fram að Geststöðum.

31. maí. Hæglátur sunnan með skúrum á milli. Við rifum stóra húsið. Slóðadró útræktina. Vitja í um netinu. 2r í þeim og 10 til samans báðar ferðirnar.

*Júní 1847

1. júní. Stormhvass suðvestan framan af, þurt og sólskin á millum. Við piltarnir stungum út neðri garðinn á stóra húsinu. Rifum þann vegginn að mestu. Ækuðum mold og ristum undan. Vitjuðum neta 1ni í þeim 2. Fórum á stekkinn og tókum af 5

2. júní. Landaustan hæglátur með stórhríð þar til kl. 7* fa.m. Þá bráðvirði vestan og þurr. Fór ég á þingið og vitjaði neta um leið, í þeim 2. Kom Ásgeir að norðan og sagði slæma prísa. Halda menn dekkbát Ásgeirs tapaðan og jakt úr Skagafirði. Því* af þesskonar skipum kvað vera að reka á ströndunum.

3. júní. Vestan hvass fram á miðjan dag með vætu á milli, hæglátari er á leið með norðan impring*. Við rifum neðri vegginn á stóra húsinu í grunn. Komum 2 úr grjótlögum á inn án og hnauslag í að utan. Vitjaði neta, í þeim ekkert. Dró ég þau á land. Kvefþyngsli í okkur hjónum og fleirum.

4. júní. Vestan hæglátari skúraleiðingar* á milli. Við entum við neðra stórhúsvegginn. Kom Helga í Húsavík. Sigldu þeir norður Andrés og Eyjólfur til viðarkaupa á að Dröngum og Drangavík.

5. júní. Sam veður, við hlóðum upp efri vegginn á stórahúsinu og tókum uppundir hrútakofa* minni. fórum á stekkinn og tókum af 5m ám og 2 hrútum.

6. júní. Vestan með smá skúrum. Var embættað í Tungu. Urðu til sakramentis Þórey, Jón og Guðr. héðan. Ég brá mér að Klúku um kvöldið.

7. júní. Útnorðan hæglátur og þerrir. Við tókum kampinn af hlöðunni við stórahúsið og hlóðum upp til miðju aftur. Stungum út hálft húsið, rifum allan bálkinn annarsvegar og hlóðum til miðju.

8. júní. Þoka, logn og þurviðri, þartil kl 4 em. Þá smávæta og svo stórhríð þartil k. 2 fm. Við vorum að koma út mold til nóns, þá taka saman lambhústaðið. Svo að reisa* húsið stóra.

9. júní. Vestan stormur með skúrum. Fóru drengirnir og Þórey til grasa og komu að vörmun spori aftur. Ég var vesæll af kvefþyngslum og konan m. líka. Fór ég að reisa húsið og vakti þar til kl 5 f.m. Þórunn smalaði með Ingveldi í Heiðarbæ um kvöldið. Fórum og lögðum netin.

10. júní. Suðvestan stormur með skúrum. Við vorum að reisa og þekja húsið. Kom séra Björn og sagði 6 silungar væru í bátnum við netin, en Guðmundur Sigmundsson hefði úr þeim tekið. Stúlkurnar voru að bera af túninu.

11. júní. Sama veður þartil um kvöldið austan stormur. Við fórum inn áð Hellu, gaf Guðmundur mér 100 egg. Gættum neta í þeim 8a. Jón byggði upp króna. Ég var að repta og þekja húsið.

12. júní. Landsynnings stormur, felli á milli. Ég enti við að repta og koma á stórahúsið fyrst þakinu. Þórey, Guðríður og Þorkell fóru til grasa og fengu lítið. Kom kallu* Jón timburmaður. Ég vitjaði neta, þau komin á land og ekki*.

13. júní. Austan hæglátur og þerrir. Var embættað. Fór enginn héðan. Jón og Þorkell ráku hrútana fram í Leining. Kom Jón á Brúná.

14. júní. Sama veðurstaða og þerrir kl. 12 f.m. Svo stórhríð. Ég fór út að Smáhömrum í tófu veseni. Þórey og Jón fóru um kvöldið fram á Heydal.

15. júní. Landsunnan hægð með skúrum á milli. Ég var að dirfa* húsið og hlaða bálkin á milli. Kom hropasótt í Karra. Ég lagði netið. Búinn afla 28a silunga.

16. júní. Landaustan hæglátur, þyktveður með vætu á milli. Ég var að þekja húsið. Kom fór út að Heydalsá. Jón kom um nóttina af fjalli.

17. júní. Landsynnings góðviðri með vætu á milli. Ég endti við að þekja stórahúsið. Mokaði 16 hest af mold og taði í garðinn. Jón barði og ræstaði til í honum. Byrjað að sá. Vitjaði neta, í þeim 1n. Búið að afla 41 silung.

18. júní. Við vestan hæglátur. Ég sáði í garðinum og bjó um hann. Vitjaði neta, í þeim 1. Þorkell sléttaði fyrir norðan hrútakofann. Fór ég á stekkinn og tók af 5m. Jón fór á Heydalsárfjallið aftur.

19. júní. Landsunnan hæglátur. Fór Þorkell að Kirkjubóli og kom með skilaboð um að vinn á gren á Heydalsá, og fór ég þangað og skaut til tófunnar. Missti ég hana.

20. júní. Austan stórgarður með úrfelli. Var ég á greninu um nóttina og vannst ei að. Var embættað á Felli, og sagði andlát Guðrúnar Sigmundsdóttur á Kollafjarðarnesi.

21. júní. Sama veður. Vorum við báðir á greni Guðm. S.son. Náðum bleyðunni og 1 yrðling, hinir brældir inni. Komu börnin af fjallinu.

22. júní. Hæglátur norðan. Ég fór að bræða. Jón og Þórey að skera mó í samlögum við Ragnheið á Heydalsá. 2r silungar fengust.

23. júní. Sama veður. Ég enti við að bræða, skorinn mór í samlögum. Prófasturinn kom að norðan.

24. júní. Sama veður. Við vorum að hlaða kálgarð framan við stórhúshlöðuna. Var ei skorinn mórinn. Ég fór að stekkinn og markaði lömbin.

25. júní. Alltaf norðaustan með þoku fýlu á milli. Lítið um þerra. Ég var að hlaða kálgarðsvegginn, Heydalsárstúlkurnar og börnin mín.

26. júní. Sama veður. Við vorum að eiga við garðinn, fórum að Klúku um kv.

27. júní. Landaustan hæglátur með skúrum á milli. Var embættað í Tungu og jörðuð Guðrún sáluga Sigm dóttir frá Kollafjarðarnesi. Ég fór að Klúku og Kirkjubóli að búa Jón til norðurferða. Voru lömbin rekin og það var batt*.

28. júní. Vestan með skúrum. Fór Andrés í kaupstaðinn og Jón minn með honum. Þórey var með lömbunum fram í Miðdal. Ég bjó til beð í hesthúshauginn og sáði þar. Kom Sveinn á Geststöðum og var í ærleit. Við Þorkell vitjuðum neta, gátum ei lagt vegna vinds. Drógum á ána og fengum ekkert.

29. júní. Vestan hvassviðri og þerrir. Ég enti við að berja í garðinum. Konan mína að hressa við taðið.

30. júní. Sama veður, vorum að taka saman tað. Ég þreif mold í kringum húsin og sáði í 3 beð í garðinn við þau. Kom Guðmundur á Geststöðum og tók við mat fyrir Þóreyju á lambafjallið.

*Júlí 1847

1. júlí. Vestan með úrfelli. Tókum saman nokkuð af taði. Ég sáði í 3 síðustu beðin í garðinum. Lét grindverk á stóra húsið. Hlóð í það bálkinn og 11u taðmeisa út fyrir tún. Kom Þórey af lambafjallinu, en Jón er fyrir norðan.

2. júlí. Hægur landaustan með þoku, sudda og hríð allan daginn. Ég kláraði Stórahúsið inn án. Sótti bátinn í Naustavíkina og færði hann úteftir og bandist? þar við síldar farfn?, náði 1. Jón kom úr kaupstaðnum, Þórey smalaði um kvöldið.

3. júlí. Vestlægur, þurrari og hæglátur. Ég reif króna og flutti viðinn úr henni heim. Fór ofan að Kirkjubóli, tók þar tunnur 2 og kúta 2 og flutti í búðina, en þaðan heim 6 kúta steinkol. 5m l* blýi, 1a vætt smjörs og bagga af spýtum, sótti fárfferð? á stekkinn og járnaði um kvöldið. Jón hneekti? lömbum á Miðdal. Flekka tvílemba nærri dauð. Ég bætti net og lagði.

4. júlí. Vestan hvass og þurrviðri, var ei embættað. Jón fór út að Heydalsá um morguninn, svo á stað vestur með Hjálmari. Ég vitjaði neta um morguninn, í þeim 7 og 1 æðikolluungi og um kvöldið vitjaði ég þeirra, í þeim 1 og 1 ungi. Tvílemban orðin frískari.

5. júlí. Hæglátur vestan og þurr að mestu. Var ull þvegin. Ég og Þorkell fórum að vitja neta. Í þeim ekkert. Ég hvolfdi upp stóra bátnum og bika hann, líka hvolfdi nýja bátnum. Ég skaut 2 andir og 2 kópa um kvöldið. Jón fyrir vestan. Farið að slá á Kollafjarðarnesi. Þann 2nn þessa m. í Staðarsveitinni.

6. júlí. Sama veður. Ég, Þórey og Gunna litla öll vesæl af bogling? fyrir brjóstinu, þar af niðurgangssótt með. Var hreinsaður stekkurinn og ýmislegt sett í lag. Ég gjörði til kópana, á þeim báðum til saman 4 fjórðungar. Jón er enn ekki kominn að vestan.

7. júlí. Við landsunnan blíðviðri og þerrir. Ég dróst á fótum og gerði ekkert, vesældar vegna, kvefs og ýmislegt, er um fer. Jón kom að vestan og geck ver? Við vitjuðum neta, í þeim 9 - 2a náðusti í ánni. Jón í Tungugröf reri og fékk 100 á sk.

8. júlí. Landaustan stormhvass og þerrir. Var hér byrjað að slá kringum smiðjuna upp að fjósi og hjalli. Ent við að taka saman taðið. Vitjaði neta, í því 2. Kom Ragnheiður á Heydalsá að hressa við mó sinn. Jón í Tungugröf aflaði 29u. Finnbogi 8a þorska.

9. júlí. Sama veðurstaða. Hiti og sólskin þar til kl. 4 e.m. þá smávæta. Var slegið mið pettið? úr útræktinni, út fyrir Hesthúslindina. Ég vökvaði garðana. Kvefþyngsli og niðurgangssótt kvelur hér ýmsa sem annars staðar. Konan m. rakaði kringum smiðjuna.

10. júlí. Sama veðurstaða og þerrir. Við slógum norðurpart útræktarinn ár til enda. Nokkuð rakað. Þórey fór út að Heydalsá um kvöldið að vitja um kaffi og egg. Kom heim með það fegin?. Alltaf er niðurgangssóttin að áreita börnin og kvefþyngsli ýmsa.

11. júlí. Landsunnan í loftið. Austan stormhvass til sjóarins. Úrfelli um morguninn, þar til kl. 11 fyrir m. Svo þerrir. Var embættað á Felli. Reið Jón m. þangað og fleira úr dalnum. Þorkell smalaði Klúku um kvöldið.

12. júlí. Sama veðurstaða. Þurt þar til kl. 12 f.m. svo væta. Við slógum fyrir norðan lækinn og heimar til á Brekkunni. Þórey, lét taka sér blóð á fótum á Klúku. Kom þar Anna blinda á meðan. Við drógum í ána og fengum 1.

13. júlí. Sama veður. Var rökuðu útræktin norðantil og slegið í Brekkunni í milli. Gekk bágt að finn á kindur. Við lögðum netin.

14. júlí. Austan og hríð allan daginn. Við entum við Brekkuna. Þorkell vitjaði netanna, í þeim 2 og sótti ég að Heydalsá. Alltaf er kvefvesældin.

15. júlí. Þerrir og hægviðri vestan um kvöldið. Við slógum í útræktinni framan og neðan til. Rökuðum fyrir norðan lækinn og heiman til í Brekkunni.

16. júlí. Vestan hæglátur og þykkviðri. Við rökuðum allt upp á útræktinni og allt í flekki á Brekkunni. Greiddum netin og lögðum.

17. júlí. Vestan með sudda framan af. Svo sterkviðri og þurr. Við entum við útræktina. Ég vitjaði neta, í þeim 2 silungar, 2 ungar og æðikolla. Jón fór að smíða orf. Alltaf er kvefvesældin.

18. júlí. Vestan stormur með smá skúrum. Var embættað í Tung[u], fóru drengirnir til kirkju. Þórey að Geststöðum að finn á Skarphéðinn. Kom Sigmundur á Smáhömrum.

19. júlí. Suðurlægari þurr, stormkæla og sá til sólar. Við settum saman föngin á útræktinni í lanir. Breiddum yst á henni og hirtum, voru það 4r kaplar. Breiddum líka kringum smiðjuna og hirtum, það 4r kaplar líka. Rifjuðum allt í brekkunni, hún var öll í flekkjum og fyrir norðan lækinn. Rökuðum nokkuð í síðari parti útræktarinn ár, hann var allur í ljá.

20. júlí. Hæglátur sunnan, þykkviðri og smá væta á milli. Við slógum í lautinni? fyrir ofan mýrina. Lögðum netin. Vöntuðu? 9u.

21. júlí. Landaustan hægur og stórhríð á milli. Við rerum og fengum 10 af fiski og 4 silunga. Var slegið fyrir neðan mýrina.

22. Vestan stormur og úrfelli á milli. Við entum við að Stykkið.

23. júlí. Landsunnan hægur og flæsa til kl. 4 e.m., svo væta á milli. Við rifjuðum allt á rekkunni og rökuðum fremri partinn á útræktinni. Byrjuðum að slá í Ennunum. Er eftir Breiðivöllur að slá, hitt af túninu í sátum, flekkjum og ljá. Við vitjuðum neta í þeim 2.

24. júlí. Við austan hæglátur. Góður þerrir. Voru hirtir 7 kaplar af útræktinni og allt upp rakað á Brekkunni og Stykkinu fyrir norðan lækinn.

25. júlí. Austan hægur og úrfelli þar til kl. 3 e.m. þá sunnan stormur. Var embættað á Felli. Vitjuðum neta. Í þeim 6.

26. júlí. Sunnan mestur úrfelli. Þar til kl. 2 e.m. þá sólskin með skúrum á milli. Var fyrst slegið í Ennunum. Svo farið að rifja í útræktinni og raka í stykkið og ent við það. Jón sótti hesta fram á dal um kvöldið.

27. júlí. Hvass útnorðan og þerris flæsa. Voru breiddar og hirtar 19 lanir á Brekkunni. Rakað fyrir neðan mýrina og breitt úr á flötum þar, og rakað upp áfram stekki við útrækina 28 lanir. Vitjuðum neta í þeim ekkert.

29. júlí. Landaustan hríðarhraglanda þar til kl. 4 e.m. þá hvassviðri vestan með stórhríð á milli. Ég reri til fiskjar með Jón minn og Bjarna á G? og fékk 45 á skip. Kom Ragnheiður á Heyd. og bauð kaffi útvegun.

30. júlí. Vestan með stórhryðjum. Var slegið í Ennunum og rökuð 24 föng.

31. júlí. Sama veðurstaða en þurrviðri. Voru rakaðir 13 kaplar í Ennum og tvívegis í stykkinu og rakað nokkuð. Jón m. fór út að Kollafjarðarnesi um kvöldið.

---

*Ágúst 1847

1. ágúst. Útnorðan með smávætuýring var ei embættað. Kom séra Björn minn hingað og dvaldi lengi, gaf Birni litla málað bréf. Þórey fór fram að Gestsstöðum. Jón kom heim.

2. ágúst. Vestan stormur og sólskin. Var breitt og hirt allt af Brekkunni og útræktinni og rifjað á stekkina öllu. Nú búið að hirða af töðu 44.

3. ágúst. Við vestan hæglátur og þurrviðri. Var borið úr stykkinu yfir 130 föng fram á útræktina og hirtar 27 sátur af stykkinu.

4. ágúst. Við austnorðan góðviðri og þerrir. Ég hirti 20u sátur. Bundnir 18 úr enumun*. Jón fór út að Heydalsá og sótti kaffi um leið og hann reiddi þangað lamb sitt.

5. ágúst. Við norðan þerrir flæsu. Voru hirtir 7 af stykkinu. Búið að hirða 64 af töðu. Bundnir heim 14 úr enunum. Þaðan komnir 32. Tekin saman mórinn. Jón rist 50 af torfi.

6. ágúst. Sama veðurstað og þerrir. Slegið niður til á Breiðavelli og rakaðir upp 30 af þurru útheyi.

7. ágúst. Hæglátur norðan og besti þerrir. Við vorum að slá á Breiðavelli. Ristum 50 af torfi um kvöldið.

8. ágúst. Vestan hæglátur og þerrir. Var embættað í Tung. og jarðsettur Jón S. Þorleifsson faðir séra Halldórs. Fór ég börnin 3 til kirkju. Grímur hreppstjóri á Kirkjubóli hefur legið í 8a daga samfleytt og liggur enn.

9. ágúst. Við landaustan hæglátur og þurrt. Gjörði litla skúr er á leið. Vorum að slá í Breiðavelli. Hirtum 7 kapla af vellinum og bundum 4a galta af útheyi með í fúlgu hjá eldhúsin. Kom Valgerður á Kirkjubóli.

10. ágúst. Við sunnan hæglátur og þerrir með hita. Þar til kl. 9 em. þá vestan stormur með smá vætu um nóttina. Við fórum í ána um kvöldið og fengum 30 silunga. Var verið að raka og slá í Breiðavelli. Var nokkuð rakað upp í Ga*.

11. ágúst. Hægur sló af ýmsum áttum. Þerrir til nóns, þá voru skúrir. Vorum að raka í vellinum frá hádegi til nóns. Entum við að slá túnið, slóum öll hús og nokkuð af há.

12. ágúst. Vestan með skýjafleiting og þurrt þar til um kvöldið. Þá sudda skúrur. Var völlurinn rakaður útaf, hús öll og há, líka slegið í veitunni. Ég sló varpana. Rökuðum upp 10 lanir.

13. ágúst. Vestan stormur og þerrir, þá síðast sólskin. Var borið upp hey út við eldhúsið í öðru sinni. Rifjuð taðan á vellinum og slegið í veitunni.

14. ágúst. Vestan með úða til hádegis. Svo þerrir. Hirtum af töðu. Slógu börnin í veitunni og nokuðu* 7 kapla. Ég sló há. Fórum í ána og fengum 23 silunga.

15. ágúst. Vestan hvassviðri með stórskúrum á milli. Var embættað í Tungu og líst með Jóni Sveinbjörnssyni og Guðrúnu Jónsdóttur á Gillastöðum.

16. ágúst. Sama veður, var slegið í veitunni og rakað á milli. Ég var að slá há. Lágu töðuflekkir á túninu nærri þurrir og varð ei við átt fyrir veðri.

17. ágúst. Sama veður en hríðarmeiri um leið og stórhríð um nóttin. Við fórum að slá flekkinn og í ána um kvöldið og fengum 6, en búið alls að veiða í henni 62 silunga.

18. ágúst. Stórhríð með veðri þar til kl 11 f. þá þurrari og hægri, þar til kl. 4 em. þá einsog framan af. Kom Jón í Tungugröf að útgera um stóra bátinn til róðra.

19. ágúst. Suðvestan hæglátur með sólskini og smá skúrum á milli. Við vorum að slá kringum gamla stekkinn. Svo hreinsa og slá stekkjar breiðina*. Svo rakað á 10u síðast í flekk og* fangahnappa.

20. ágúst Norðaustan hvassviðri með vætuýring á milli. En festi snjó á hæstu fjöllum og hart frost með hélu að nóttinni. Við hjónin vorum að breiða og rifja töðuna og raka há á milli. Börnin rökuðu 11 kapla út ljá uppaf stekknum, en slógu 2 og rökuð þá.

21. ágúst. Sólskin og besti þerrir. Var túnið al* hirt og húsa og bæjartaðan 3 kaplar. Slegaðir* og rakaðir á stekknum. Var upp rakað á stekkum.

[22. ágúst.] Vestan stormur til dagmála, þá hægð, svo austan og til kvölds besti þerrir. Var embættað í Tungu. Forhalaðist um hjónavígslu Jóns Sveinbjörnssonar og Guðrúnar Jónsdóttur á Gillastöðum. Við Jón minn fórum fram í Tinds stokka og fjóra, svo hér í fljótamyndirnar og fengum 14. Búið að afla 84 úr ánni.

23. ágúst. Hart frost að nóttinni með hélu. Var það í öðru sinni að komið hefur frost og héla síðan slátturinn hófst. Daginn sjálfan vestan sláttur og besti þerrir með sólskini á milli. Var rakað, slegið og bundið úr veitunni 33 heimbundnir komnir 65 af útheyi. Af túninu urðu með b*ðar og húsatöðunni 90. 3 sátur í kapal. Hirtum 7 pentur* af há.

24. ágúst. Vestan stormur og þerrir. Suddi á milli ofan í dalinn. Fórum að slá fyrst framan af, svo að breið á stekkinn. Hirti þar 4 kapla í svóna*, batt 8a þar upp frá. Jón risti 50u um kvöldið.

25. ágúst. Logn og þykkviðri með vætu á milli. Við vorum að raka upp heima og stekknum framan af. Ég tók saman pysjuhlaða. Slógum síðan til kvölds í Illukeldu. Fórum í ána og fengum 9.

26. ágúst. Sunnan hvass, sá sól á milli. Var ei gott að þurka vegna vinds. Við slógum há frá húsunum og heim að læk*. Rökuðum 108 föng í Illukeldu. Jón í Tungugröf barði uppundir Byrgistangan.

27. ágúst. Logn og blíðviðri til kl. 1 em. Þá austan hvass með þokuruðning. Svo útnorðan. Alltaf þerrir, flæsa til kvölds. Við hjónin rökuðum hána á brekkunni. Breiddu á stikkinu og rökuðum það upp. Rifjuðum á Breiðavelli. Börnin breiddu og rifjuðu á stekknum. Rökuðu í keldunni og slógu nokkuð við lækinn hjá stekknum.

28. ágúst. Vestan hvass með sudda skúrum á milli. Voru bundir 18. Við hjónin rökuðum há og rökuðum upp á Breiðuvallarflötinni. Börnin á stekknum. Búið að binda heim af útheyi 83.

29. ágúst. Vestan hvass til hádegis. Svo blítt veður og þerrir. Var ei embættað á kirkjunum. Ég fór inn áð Tungugröf að tala um bátinn. Drengirnir fóru inn áð Arnkötludalsfossum. Þórey að Geststöðum.

30. ágúst. Vestan hvassviðri og þerrir. Var borið heim taðið og veituheyið borið saman í galta. Hægði um kvöldið, þá rakað fok heima og á stekkum um leið og þar var borið saman. Bundinn 1 ferð af pysju.

31. ágúst. Norðaustan sterkviðri með skúraleiðingum á milli. Gránaði á efstu fjöllum. Bundu börnin heim 33. Við hjónin duptuðum að heyi heima.

*September 1847

1. september. Útnordan, alltaf hæandi og blíðasti þerrir. Bárum upp heyið við stórhúshlöðuna.

2. sept. Lítið frost að nóttunni. Logn og þurrviðri. Væta, krepja síðast. Var borið upp í ? ? heyið við eldhúsgaflinn og bæði heyin tyrfð. Stúlkurnar slógu í Ennunum um kvöldið.

3. sept. Norðaustan stormur, snjóaði á sjó bleytuél, fram yfir dagmál. Svo þerrir. Við slógum, rökuðum og bundum heim 12 úr Ennunum.

4. septemb. Hart frost að nóttunni og héla. Við norðan hæglátur með glaða sólskini. Við vorum að heyja á Börðunum niðurundan stekkinum og í Ennunum. Fengum 14 heimbundna.

5. september. Hart frost og héla að nóttunni. Logn og þurrt til kvöld. Við hirtum 12 kapla. Upprakaðir 6. Jón fór með Tunnu út að Kollafjarðarnesi. Við Þorkell fórum í ána og fengum ekkert. Var embættað á Felli.

6. sept. Landaustan hægur og stórrigning allan daginn. Við slógum í Illukeldu til kvölds.

7. septemb. Suðvestan hæglátur og þurr til miðdegis, svo með skúrum. Við slógum 6 í keldunni hæst. Rökuðum og bundum heim 16.

28. septemb. Austnorðan hæglátur innfjarðar. Stórbrim til hafsins og í Flóanum stærðar jaki. Gerði hvolfu jakinn um sólarlagið, en þurr þangað til. Við slógum hátt og framarlega í Keldunni. Við hölldum á 18 slegið, bundum og rökuðum 8.

9. september. Útnorðan stórviðri með smá éljum. Festi þó ekki fyrr en um nóttina. Gjörð föl og frost. Við rökuðum og bundum úr keldunni 23.

10. septb. Vestan útsynningur stormhvass með krapa skúrum á milli. Voru breiddir 38, hirtir 8 og slegnir og rakaðir 10 á Stórholtsbreiðum.

11. september. Norðaustan stormur. Kastaði snjó á fjöll. Loftþunnur með élja drögum. Við slógum og rökuðum 16 fyrir neðan miðskál. Kom læknirinn að vestan til Gríms.

12. september. Norðaustan snjóaði og fjúk, en þurrt í byggð. Jón minn leitaði og Geststaðamenn. Hann fann alla hrútana og 3 lömb. Kom Kristín og Grímur í Tungu, líka Sólvegi í Arnkötludal.

13. septemb. Við norðan, þurr um morguninn, svo bleytuél fyrir hádegið. Þurrt eftir það til kvölds. Við slógum 8, en rökuðum 5 kapla. Rökuðum upp 14 um kvöldið. Jón m. var í leitunum.

14. september. Besti þerris útnyrðingur. Voru hirtir 50. Fylltar? H?dyrnar?, hitt rakað í galta. Jón kom úr leitunum.

15. september. Stormhvass austnorðan með bleytuhrakning. Við vorum að slá upp undir Miðskál og hættum að slá um kvöldið. Jón risti torf.

16. september. Austan stórviðri með fjúkslitring til fjalla er á leið. Við Þórey bundum 16 og rökuðum á 4. Jón var í eftirleit.

17. september. Sama veður, við Þórey rökuðum 13, en bundum 16. Kom Jón úr eftirleitinni og heimt 2. Vantar 4ar.

18. sept. Norðan hvass með frostéljum á milli. Sá sól stundum . Við breiddum 18 og rökuðum það upp í lanir. Bárum svo galta ofan á Heyið við ?húsgaflinn? Drengirnir fóru með rekstur héðan að Klúku og tóku þar 2 lömb er heimst höfðu og ég átti.

19. september. Hæglátur útnorðan frost og fjúk. Svo af tók í Nautjörð? til hádegis, b? úr lofti og snjór sem ? ? útnyrðings. Ég fór inn áð Tungugröf að sækja ? eftir bátinn og að ?. Var embættað í Tungu.

20. september. Vestan hvass um nóttina og framyfir dagmálin og frost kastaði ? éli um nóttina, ? dagmálin hagstæður þerrir til kvölds. Voru breiddir 32, en bundnir framan að 18. Þá klárt á engjunum, voru 90 af túninu, 3 sátur í kapal. En heyjað 250 á engjum.

21. sept. Norðaustan garður þó þurr, sá sól á milli. Við gjörðum útaf við minn á heyið hjá hlöðunni við húsin.

22. september. Hæglátari útnorðan með sólskin á milli. Við fluttum 3 pisjuferðir, hirtum síðast útheyið og bárum upp stærra heyið við hlöðuna út frá og þöktum til hálfs.

23. septb. Útnorðan steytingur og hreinviðri. Við Jón minn rerum þá í fyrsta sinni og fengum 26 á haldfæri. Lentum snemmt og þöktum það efti var af heyinu. Kom Sveinbjörn frændi minn að vestan og varð um nóttina.

24. septb. Sama veður hæglátari framan af. Við rérum og skutum kópum og svo fiskuðum 60. Lentum um dagetur. Þórey flutti mó.

25. septemb. Sama veður. Við rerum og fiskuðum 16. Þórey flutti mó og allan aflann um kvöldið fram eftir. Frost á hverri nóttu. Ýmsir að ryðjast í kaupstaðinn að fá sér sitt af hvurju, því í vor var korntunna á 14 ? bankabygg 16.

26. september. Logn og við sunnan. Ég gjörði til aflann. Emb. og gefin saman hjón á felli.

27. sept. Logn fyrst og hvass. Hægði er á leið. É gaflaði 1 spröku og 1 fisk.

28. september. Austan gúlpur. Ég bjó mig til norðurferðar.

29. septb. Við sunnan, kældi er á leið og gjörði hryðjur um kvöldið. Ég fór að heiman og í kaupstaðinn, þótti mér fúlldt? og dimmt frá Fellinu í og í kauptúnið, næturgistingin eins.

30. sept. Suðaustan með úrfelli. Ég tók út og hélt á stað, varð Sveinn á Hrófá mér samferða, héldum að Ósi.

*Október 1847

1. oktober. Logn og myrkur þoka, ég hélt heim og gjörði ei annað. Jón m. gjörði upp fyrir eldhúsheyið og rist mikið af torfi á meðan ég var fyrir norðan.

2. oktob. Logn til miðdegis, þá vestan. Ég réri og varð ei var, fann mikinn rafta 2 al 3 og 6 álna stærst.

3. októb. Vestan hvass, sólskin og þerrir. Var embættað í Tungu, fórum við piltarnir. Kom Guðmundur S. með varning og var hann keyptur.

4. October. Við vestan hæglátur, væta á milli, við piltarnir fórum að byggja hrútakofann.

5. október. Við vestan, við rérum og öfluðum 15, héldum að Hellu um miðjan dag vegna veðurs. Jón í Tungugröf að Kleifum.

6. október. sama veður staða, við rérum öfluðum nálægt 40. Hægri framan af, hvass um miðjan daginn, logn er á leið. Stúlkurnar rifu lyng fyrri daginn.

---

7. október. Við sunnan væta um nóttina, hægð og blíðviðri um daginn. Ég réri með drengjunum og aflaði 48. Þórey flutti fiskinn frameftir og flatti, þakti? bátana og bjó um kýrnar, Guðríður flutti torf að heyjunum.

8. október. Logn og blíðviðri, við rérum og fengum 16. Lentum snemma.

9. október. Blíðviðri, við rérum og fengum 2. Fórum í land og gjörðum til og festum upp þriggja daga aflann. Jón gjörði upp fyrir heyin við húsin. Ég fór á hreppskil með Gísla á Þorpum er sótti mig. Högni varð um nóttina.

10. októb: Við sunnan hæglátur og blítt veður. Var emb: í Tungu. Fóru 3 héðan. Þann 8. sama mánaðar skáru Geststr. feðgarnir fyrir mig hrútana 6 og gelda á og undirflogs.

11. október. Við útnyrðing, snérist vindurinn til landsynnings með þoku og fýlu, þó hæglátur. Við rérum um morguninni með haldfæri og urðum ei varir. Skutum kóp rétt í því að héldum á stað, héldum heim og sóttum lóðir, beittum þær með kópsgörnunum og lögðum þær.

12. október. Logn og blíðviðri. Hula í lofti og suddi er á leið. Við rérum til lóða og skutum kóp á leiðinni, á lóðunum voru 3 skötur, 1 langa, 4 þorskar og 16 ýsur. Gjörðum til kópann og fiskinn um kvöldið. Ég fór að en drengirnir að raka sína gæruna hvur.

13. október. Vestan stormur til kl. 12. f.m. svo hægð og blíðviðri. Ég lagði hálft lag í hrútakofann. Þorkell flutti nokkrar ferðir af hnaus. Jón rakaði 1 gæru áður á stað fórum, á lóðunum 3 skötur, 5 fiskar, 12 ýsur og 1 steinbítur. Þeir eru að ryðja sköturnar

14. október. Suðurlægur með skýjaslitring, logn og blíðviðri. Kældi er á leið. Við öfluðum 4 fiska og 9u ýsur, bjuggum til haukalóð. Drengirnir reiddu hnaus um kvöldið.

15. október. Vestan hvass með stór ? framan af, þurrari er á leið, því gaf ei til lóða. Við entum við að hlaða hrútakofann. Ég sótti kubb ofan að búð og bút aði hann þar í sundur. Kom Finnb. og bauð okkur kvígukálf.

16. október. Vestan stórviðri með áköfum haglhríðarskúrum. Gengu og skruggur með, 1 um morguninn og 2 um kvöldið. Eru lóðirnar alltaf fram í firði. Fyrir viku eru kýr inn komnar. Ég fór ofan í Naustavík. Jón ofan í Tungu að sækja spýtur.

17. október. Sama veðurlag, þó hæglátari. Lyngdi í rökkrinu og var að snúa sér til norðurs, var embættað á Felli, kom Óli með lambhrút, fór Jón með hann fram að Tind. Komu lík Guðmund á G. og Markús í Tungu. Alltaf liggja lóðirnar frammi. Segja sumir að eldingar hafi fylgt skruggunum.

18. október. Norðaustan hvass með fjúkslitring og frosti. Ekki gaf til að [vitja] lóðanna. Við Jón reistum og þöktum hrútakofann að innsta þaki, hitt fluttum við í stórahúsið til að þiðna. Kom Finnbogi í Heiðarbæ og sagði lát Boga sonar síns, sem þá var nýandaður. Guðmundur Sig eftir .. Var fé innlátið.

19. október. Sama veður. Ei varð lóða vitjað. Drengirnir hlóðu bálk í sumarfjósið og gjörði við skóplinga. smíðaði öngul, tók í sundur hrútsviðir, flikkaði til byssuna litlu og gjörði í kringum húsin.

20. október. Útnorðan í afláti. Logn og heiðbirta með frosti þéttu er á leið. Við vitjuðum lóðanna er legið höfðu í viku frammi, við Jón. Var haukaloðin og sú næsta henni komin í bobba, þar á 2 sprökur, 2 þorskar og hámeri, á hinar lóðirnar 2 skötur, gátum ei stokkað nema 2 lóðir.

21. október. Vestan inn? hreinviðri og frost. Við skárum 8a lömb. Fórum síðan ofan eftir. Beittum og greiddum haukalóðina og aðra til og lögðum þær. Greiddum líka nokkuð af hámarflækjunni. Nokkrir lögðu lóðir, aðrir reittu á haldfæri.

22. október. Hægð og logn og hreinviðri með frosti. Við Jón beittum lóð um morguninn og lögðum hana um leið og við vitjuðum þeirra er frammi voru. Beittum 2 í landi, er á leið. og greiddum aðra. Fluttum allt fram eftir og festum upp 3 ýsur voru á lóð

23. október. Austan norðan hvass með þoku ruðning bleytuhríðarhrönnum. Ei gat ég lóða vitjað. Öfluðu þeir vel á haldfæri í Þorpum og Smáhömrum. 3ja dag hér fyrir. Jón fór út að Heydalsá með fisk sortir og baniet. Ég ofan að búð, að binda upp lóðir í hatinn?.

24. október. Norðaustan með bleytu fjúki er á leið og frosti síðast. Var embættað í Tungu og jarðaður Finnbogi litli. Fæddist barn í Húsavík hjá Guðnýju sem Eyjólfur átti. Elín á Gilstöðum var og lögst að barni. Þórey fór að Gestsstöðum á meðan.

25. október. Sama veðurstaða. Þó jafnhægur um miðjan daginn, fórum við Jón þá að vitja lóðanna og fengum Hjálmar á Kirkjubóli með okkur. Þegar fram kom fannst ei grunnbólið sem var baugja, var hún af jöguð, náðum þó öllu, á þeim 4rar ýsur og 1 skata. Sáum rauðleita ókind. Beittum síðan lóðirnar sem frammi voru, hinar sátu með beitum upp í hjalli, Þórey kyrr framfrá.

26. október. Austan og landsunnan gjörði mikinn bleytusnjó um nóttina. Bleytuhríð allan daginn, þámaði af upp í hlíðar til hálfs. Ég var að láta dyraumbúninginn í Stórahúsið. Jón og Þorkell rökuðu gærur. Lóðirnar sátu alltaf beittar í landi. Þórey kyrr fram frá.

27. október. Útnorðan innfjarðar. Austan stórgarður til flóans með foráttu brimi. Var bleytuhríð framan af, svo þurrt og lítið frost síðast. Ég var að láta jötustokka og jötuband í Stórahúsið og hrútakofann. Fór síðan ofan að búð að breiða út lóðir. Drengirnir rökuðu gærur. Lá úti vegna leka. Þórey fram frá kyrr.

28. október. Suðvestan með stórhríð um morguninn. Eftir það stórbleytu? og hvass til kvölds. Ég var að láta jötustökka og jötub. í Stórahúsið. Þórey sótt fram eftir til Dýnu, hún bar um kvöldið. Lá úti vegna leka.

29. október. Hvass vestan og útsynningskafald. Ég ar að lata síðast jötustokkana í Stórahúsið og í Sumarfjósið. Jón fór út að Heydalsá. Sálaðist í dag barnið Guðnýjar í Húsavík.

30. október. Hvass útsynningur. Ég var að láta jötustokkana í Stórahúsið og sumarfjósið. Þorkell rakaði kálfskinnið Dýnu. Jón fór út að Heydalsá um kvöldið. F? finnst inn tekinn.

31. október. Hæglátur þar til á leið, þykkur í lofti og frostlítið. Kl. 4 e.m. gerði bleytu fannfergju austan svo fólk varð því nær gegndrepa frá kirkjunni. Fórum við 4 héðan, við hjónin, Þorkell og Gunna litla. Urðum við 3 til altaris. Var og jarðsett barnið Eyjúlfs og Guðnýjar í Húsavík.

*Nóvember 1847

1. nóvember. Landaustan hvassviðri með vatnsbleytu sletting til kvölds, lak allt sem lekið gat. Kom Þórey frá Gestsstöðum. Við piltarnir vorum að ganga á milli lambanna að kenna þeim átið. Er nú komin mikil bleytusnjór til fjalla að líkindum jarðlaust.

2. nóvember. Norðan stórgarður með frosti og kafaldi, fór þó dag batnandi. Við Jón fórum ofan að búð og hvolfdum fiskibátnum og létum upp færin. Jón skar gelding er hann heim kom. Voru komin í hann óþrif.

3. nóvemb. Hart frost og heiðbirta. Við rerum með haldfæri og fengum 30 af fiski og 1 meðal spröku. Voru reiðar og illfiskar um fjörðinn.

4. nóvemb. Myrkva þoka og logn til hádegis, birti síðan af suðri, þó á milli með bleytuskúrum, síðast regnskúrum og hægð. Við rerum og fengum 40 á skip, á haldfæri.

5. nóvemb. Landaustan frostlaust og hægur þartil er á leið, þá kælnari og gjörði mikið bleytukafald um nóttina. Við rerum og fengum 23 á haldfæri. Vorum komnir í hættu af reiður og illfisk. Urðum á Hellu um nóttina.

6. n.b. Stórgarður norðaustan með frosti og kafaldi. Vorum á Hellu í góðu yfirlæti.

7. nóvemb. Hæglátari. Fórum hingað yfir að Tungugröf og settum þar upp og festum uppi. Var frostið lygnra með éljum.

8. nóvemb. Við vestan stormur á milli með fannmokséljum. Við rerum með haldfæri og fengum 42 á skip. Lentum í Naustavíkinni.

9. nóvember. Hæglátur vestan með dimmu kafaldi til kl. 10 f.m. Svo norðan hvass með frosti og megnu kafaldi. Við fluttum úr Naustavíkinni fiskinn og sköturnar og festum upp á Kirkjubóli og stokkuðum nokkuð af lóðum.

10. nóvember. Útnorðan hvass með frosti og kafaldi. Við Jón m. sóttum á sleða, heilagfiski, höfuð og hryggi ofan í Naustavík. Var áin ófær af ólgu.

11. n.ber. Vestan stórviðri, með öskukafaldi og frosti. Við vorum að þjóna skepnunum og var það full örðugt.

12. n. Sunnan hvass til miðdegis. Við fórum ofan að búð og áttum bágt með að komast yfir ána. Stokkuðum lóðirnar út af, festum upp fiska er niður voru dottnir og byggðum kringum hjallinn með borðum og spýtum. Fórum síðan inn á Húsavíkurgrunn og drógum þar 18 af fiski og 1 lóu.

13. n.ber. Vestan stormur með skúrum. Við rerum inn á Húsavíkurgrunn og drógum þar 106 af fiski og 1a spröku. Lentum fyrir nón uppí Naustavík og tókum þar fyrri dags aflann og mornuðum með það útí Birgistanga. Röðuðum öllu í stórabátinn, fórum síðan inn á mið og fengum ekkert. Lentum í Naustavík og hvolfdum þar.

14. nóvember. Vestan útsynningur., þó frostlítið. Var ei embættað. Kom Dagbjört S. og Sólveg frá Arnkötludal og urðu um nóttina.

15. N-ber. Hæglátur útsynningur. Við rerum og öfluðum 28a af fiski og 1 kóp. Lentum við Búðina. Komumstum ána lagða við sjóinn.

16. n-b. Norðan hæglátur með frosti og fjúkkaldari á milli. Reru aðrir utan ég. Við vorum að gera til fiskis og festa upp, urðu það 110. Kom Jónatan með Puðurdósir til mín úr Reykjavík.

17. n.vember. Loft þunnur, hægur með sígandi frosti, þar til á leið, þá linara frostið og þykkra loftið. Við rerum og fengum 3 þorska, gerðum til 18 og festum upp á samt 110 höfðum og létum rankana yfir hjallinn.

18. nóvember. ? vestan með stórhríðar? allan sólarhringinn, svo allt flaut úti og inni. Áin lá á löndum. Fé úti vegna vatns. Kom upp vatn sem ausið er dag og nótt.

19. nóvember. Vestan stormhvass með stunum, við rerum og fengum bát í Naustavíkinni til að komast yfir ána. Urðum ei varir. Kringum Oddagrunnið fórum því í land, gjörðum til 29 sprökur og kópinn, svo inní Naustavík og fengum barning. Bárum slóið og kópskroppinn fram eftir.

20. n.ber. Norðaustan með megnu bleytukafaldi og sterkviðri. Ég brá mér ofan í Naustavík og varð gagndrepa á miðri leið í gegnum 5m fallt. Kindur hjá mér lágu og stóðu inni. Við sjó allstaðar úti. Varð nærri jarðlaust af bleytu áfreðanum.

21. nóvem. Norðan stormur með frosti og kafaldi. Fé út látið. Jón m. sótti Sakarías til að gjöra að klukkunni. Var ei em.

22. nóvember. Norðan fjúklítið stormgola og hart frost. Við reyndum um miðjan daginn inn á Húsavíkurgrunni og fengum 1. Lentum við Búðina og gjörðum við keipana á bátnum.

23. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi. Stóð fé inni. Jón gjörði við hesthúshurðina.

24. n.ber. Norðan með frosti og kafaldi. Þó var fé útlátið. Ég smíðaði hnackatré? og gerði við grind er vera átti í stíu í stórahúsið. Drengirnir smíðu skinnsockagrindur.

25. n.ber. Austnorðan stormur með frosti. Hvessti er á leið með kafaldi. Þó voru kindur úti. Við Jón fórum að bika nýja bátinn og dupta að hjöllunum. Því krummi áreitti oss fast.

26. nóvember. Norðan stormur og frost. Kafaldslítið og í afláti. Við skárum 4 ær. Fé var út látið. Kom Sigmundur á Smáhömrum.

27. nóvember. Logn og hart frost og loftþunnur. Við Jón m. ætluðum með haldfæri, en sáum engva venda vara, því slepptum við því og fórum í skotsnuður inn undir Tungugröf. Komustum í gott færi við sel og sprengdi 2 knahettur, tókst þó ekki. Fórum upp að T.gröf og borsiðum þar in byssu tudinni, fengum ekkert. Höfum aflað frá leitum til aðventu (sem byrjar á morgun) 574 af fiski, 10 skötur, 5 sprökur og 4 kópa. Guði! sé lof og dýrð.

28. nóvember. Landaustan hvass, sígandi frost og loftþunnur. Var embættað á Felli. Ég brá mér að Klúku. Jón og Þórey að Gestsstöðum.

29. n-ber. Sama veðurstaða, hæglátari og frostlinari líka loftþunnur. Við fórum með 2 ær og 2 lömb til Guðmundar m. á Hellu. Sáum vöðusela stangl, en gat ei sinnt því vegna kindanna og vinds hingað eftir.

30. nóvember. Hvass austan með sígandi frosti og fjúkslitring. Við fórum ofan að Búð og heim að Kirkjub.

*Desember 1847

1. desember. Útnorðan stormur með frosti og fjúki. Ég smíðaði sleða til taðsóknar frá fjósi og hesthúsi líka hurð fyrir stóra húsið. Andaðist Valgerður litla nýfædd á Klúku.

2. desember. Austan stórviðri með megnu kafaldi til nóns. Þá sunnan sláttur með vætu hér um bil 2 stundir. Þá í norðan. Við vorum að lappa að meisum og hitt og þettað.

3. desem. Norðan með frosti og kafaldi. Stóð inni í gær og dag. Ég var að smíða h?dar járn við hrútakofann. Kom Jón í Tungugröf og sagði mér af vöðunni inn á firði.

4. desember. Norðan með frosti og kafaldi. Voru hestar úti í stundarkorn, fé inni. Ég setti stykki í aus. Drengirnir smíðuðu snældur.

5. desember. Norðan með frosti hörðu og kafaldi. Hestar úti um stund. Fé inni. Kom Guðmundur á Broddadalsá. Var jarðsett barnið Valgerður frá Klúku. Ei embættað. Ég fór ofan að hjöllum og hafði Krummi orðið þar djarftækur á skötum og höfðum, líka vantaði fisk, þar er hann kunni.

6. desember. Norðan með kafaldi og hörðu frosti. Við gjörðum skjólkamp framan við bæjardyrnar úr snjó og byrgðum alla glugga m. snjó, stóð fé inni. Hestar litla stund úti.

7. desember. Norðan hvassviðri með megnis kafaldi og hörðu frosti. Voru hestar inni.

8. desember. Sama veðurstaða, nema hæglátari og kafaldsminni. Frost jafn mikið. Hestar úti, fé inni. Ég fór ofan að búð og inn í Naustavík eftir skinnklæðum. Hafði rekið hjá þeim við sjóinn, þeir frá Húsavík og Tungugröf voru að vitja lóða, er legið höfðu meira en viku. Víða kominn móður í víkur. Lagði mikinn frostreyk eftir öllum firðinum.

9. desember. Hátt austan hvass, með hörðu frosti og skafrenning. Var alltaf að ganga í loftið og hækka bakkar til hafsins. Ég lét hurðirnar fyrir Stórahúsið og Hrútakofann. Stóðu kindur inni.

10. desember. Stórviðri austan með öskukafaldi og hörðu frosti til kl. 2 e.m. þá allt í einu kafaldslaus, hægri og frostlinari. Ég fór ofan að búð og girti í kringum hjallinn með nótstúfnum.

11. desember. Landaustan með frosti og Öskukafaldi frá kl. 8 e.m. þar til kl. 12 e.m. Þá vestan með skafmold þar til kl. 9 f.m. Þá hæglátur til kvölds. Jón fórum inn í Rostungsklett að gæta til vöðu og sáum ekkert, utan 3 eða 4 reiðar, inn hjá Fagurgaladjúpi. Fengum kóp og dró Jón hann heim með sér. Lentum um dagsetur. Kom Guðrún Sakaríasardóttir varð hér nætur gestir.

12. desember. Loftþunnur hægur og við sunnan. Var embættað á Felli. Voru fundarmenn að tínast til fundarins

13. desember. Við sunnan hægur, loftþunnur og þétt frost, þykknaði er á leið með fjúki og linaði frost. Við fórum inn í fjörð og sáum fáa standsela. Fengum ekkert.

14. desember. Landsunnan hægur með skúrum. Austan til sjóarni vorum heim að taka snjó úr fiskinum heima. Ég mikið vesæll í vinstri mjöðminni.

15. desember. Landaustan, stormhvass á milli, með vætuskúrum við og við. Fylltu kindur sig úr augunum er upp komu útum taglið. Jón m. fór upp að vatnshorni með Rokka til aðgjörðar. Ég smíðaði skinnklæðanálar. Konan m. vesöl af tannpínu. Sendi prestur henni pipar og engifer með Þóreyju. Ég við sama í læfinu.

16. desember. Sama veðurlag og veðurstaða, til kvölds, þá sunnan með skúrum á milli til miðnættis. var Jón ei kominn. Guðmundur á Geststöðum kom frá Bæ með 4 * af kaffi til okkar.

17. desember. Hægur til kl. 12. f.m. Þá landaustan bráðviðri þar til kl. 12 e.m. var frostlinja. Hafa kindur þessa viku fengið fylli sína úti. Við Þorkell fórum inn á Tungug.voga, svo strax til baka, fengum ekkert. Gátum naumast lent í Naustavíkinni, þaðan héldum við á landi út að hjöllum að skoða fiskinn. Jón kom um kvöldið frá Vatnhorni með R.

18. desember. Við landsunnan hæglátur og lítið frost. Við fórum í skotsnuður. Sáum 3 vöðusela vel stygga. Skaut og til kóps, gjörði byssina eftir skot. Lentum og gengum svo út að Hjöllum, tókum þar nokkuð höfuð.

19. db. Suðvestan stormur með smá skúrum. Var ei embættað. Komu þeir Jónarnir frá Hrófá og Tungugröf, annar fékk langviðarsög, hinn Rilt?.

20. desember. Logn og loftþunnur. Lítið frost, við fórum inní fjörð og fengum ekkert. Urðum á hellu um nóttina.

21. desember. Sama veður. Við héldum inní fjörð sáum þar hrot í lagnaðarísnum og varð ei að komist. Fékk enginn neitt.

22. desember. Um morguninni þykkur með bleytu sletting þar til klukkan 10 f.m. Þá gott veður þar til kl. 6 e.m. þá austan fannfergja. Við Jón fórum út að Broddanesi með sleggjuefni, ég að Broddadalsá.

23. desember. Suðvestan stormur og fjúklítið. KL. 22 fm. þá sterkviðri með megnisútsynning. Var sleggjan búin kl. 9 f.m. Skelldi á kafaldinu þegar á stað fórum frá Kollafjarðarnesi. Héldum heim og komum hvergi við, þreyttir og klökugir.

24. desember. Vestan stormur síagandi. Frost og fjúk úti. Við vorum að gjöra að peningaverkum. Kom Jón á Klúku með næpur, en yngri Hjónin sendu okkur. Þórey fór fram að Geststöðum.

25. desember. Stórhríð og hvassvirði vestan þar til kl. 10. f.m. Þá skárri með skúrum. Var embættað í Tungu. Fór Jón m. og strjál af sumum bæjum. Snæbjörn yngri í Vatnshorni kom hér um morguninni fyrir dag og fylgdist með Jóni. Herti vadnid og h ríðina kl. 6.e.m.

26. desember. Suðvestan hlaviðri. Úrfellislítið en stormhvass. Var embættað í Tungu. Fórum við Þorkell.

27. desember. Vestan sígandi frost og hreinviðri. Logn til sjóarins undir útfall þá kælnari. Voru 3ir í fyrsta sinni í vöðunni, ég og Jón m. fórum úr Naustavíkinni með bátinn út á Tangann. Tókum ofan hjall og fisk og skrifuðum honum og bjó mig undir vöðuferðir að morgni komanda.

28. desember. Vestan með stórhríð og sterkviðri til kl. 9 f.m. þá með bleytuhryðjum. Kafald um kvöldið og litið frost. Kom Einar í Gautsdal, háseti minn. Þrúður var a´ferð með Gunnu litlu Ólafar og var það nöturlegt ferðalag.

29. desember. Útsynningur og sígandi frost. Voru kindur ei út látnar. Jón fór fram að Geststöðum að mal og kom eigi um kvöldið.

30. desember. Hægð, frost og hreinviðri. Voru 6 bátar í vöðunni. Fengu 3ir sel, Guðmundur og Torfi á Kleifum, líka Guðmundur S.s á Kb. Ég fór með Einar háseta minn og skaut 4 skot til ónýtis. ? var í kaupstaðarferð, en Jón m. á kirkjuviðarflutningi með öðrum.

31. desember. Landsunnan með byljum og stórhríð. Fór ég ekkert. Steypt í 4 * hagla og 1 * af rennikúlum. Kindur stóðu inni vegna óveðurs.

1848

*Janúar 1848

1. janúar 1848 – Landsunnan stormur frost og hreinviðri. Var embættað á T. Sást vaðan í Reykjavíkina. Meðallagi stygg og eins niðri.

2. Jan. Austan stormur sígandi frost og hreinviðri. Embættað á T. Komu 2 menn inn án úr Hrútafirði.

3. jan. Frost, logn og hreinviðri. Vaðan stygg. Fengu 3ir sel, ég ekkert. Börnin sóttu fisk á sleða. Þorkell slasaðist í öxl.

4. janú. Landaustan stormur til kl. 10. f.m. þá hægur. Fórum allir í vöðuna, hún lítil og þó stygg væri, fékk enginn neitt. enn nú alltaf landsynningur á víxl, frost og bleytukrepjur.

5. jan. Suðvestan hvass með krepju frá kl. 12 inn án miðnætti, þar til kl. 9 f.m. þá hægri og þurrt. Vaðan lítill og stygg. Fóru Kleifamenn, Jón á Bessast, Sæmund og Jón í Tungugröf í hana, fengu ekkert. Við Guðm. minn vorum í landi.

6. janúar. Landaustan hvass, sígandi frost. Loft þunnur, þykknaði er á leið. Ég var að húða belg. Börnin sóttu fisk á sleða. Kom Friðrik á Hellu og varð um nóttina.

7. janúar. Austan garður, frost sígandi með smáfjúki við og við. Drengirnir og Friðrik sóttu fiskifangið, það eftir var. Hann varð um nóttina aftur. Ég varð að gera við smiðjubelginn.

8. janúar. Austan hæglátur með þokuýring. Fóru allir í vöðuna utan ég, hún var ljónstygg undan Reykjanesi. Hrot var inn í firðinum. Ég var að setja í stand belginn minn. Friðrik fór héðan.

9. janúar. Útsynningur og stormhvass. Fóru þau Jón og Þórey til kirkju. Kindur litla stund úti.

10. janúar. Vestan hvass með ösku kafaldi til kvölds.

11. janúar. Vestan sterkviðri með skúrum. Leysti mikið. Ég var að taka fisk úr fönninni í hjallinum og láta í skemmuna. Líka setja niður smiðjuna og reyna hana.

12. janúar. Við landsunnan hægur með fíluhríð allan daginn. Allir í vöðunni, fengu þessir sel, Torfi, Björn og Jón á H.h. Kofu haldið.

Frá blaðsíðu 40 til 82 annarar er einum tug færra en á að vera eftir réttu pakinu* tali. Mánaða og ártal vísa þó nokkuð á það rétta, þar til hér kemur.

13. janúar. Vestan hlaviðri. Fjúkleiðingar er á leið. Gaf ekki í til vöðunnar. Sást hún þó mikil. Jón m. fór inn áð Hrófá til sögunar í viku. Ég hálfvesæll, gjörði við nafna fyrir Geststaðafeðga og hagræddi til fiski.

14. janúar. Vestan hvass með kafaldi til kl. 10 f.m. Þá ofan kafaldslaus að ofan. Kom Guðmundur á Gest og gekk upp með mér. Þeir fóru allir í vöðuna utan við Guðmundur á Kirkjubóli. Fékk enginn neitt. Komu þessir Jón timburmaður, Sigurður í Húsavík og Jón í Arnkötludal. Vaðan var mikil og stygg.

15. janúar. Vestan steitingur loftþunnur og hart frost. Skóf af fjöllum ofan í miðja byggð. Allir fóru í vöðuna, hún lítil og stygg af háhyrningagangi á næturnar. Jón á Bassastöðum fékk kóp, aðrir ekki. Var Rauð kusu haldið.

16. janúar. Landaustan með frosti og kafaldi frá því kl 12 um nóttina og þar til kl 9 f.m. Þá hæglátari til kl 12 f.m. og loftþunnur í suðrinu, en stóð í norðrinu kafaldið sem á svipstundu skelldi á með ofsaveðri að ei sá frá fórum manns. Hélt veðrið og kafaldið til morguns. Jón Bjarnarson og Helga systir mín voru nýskroppin upp af brúninni til kirkjuferðar er á skelldi öskunni. Þórey fram á Geststöðum.

17. janúar. Útnorðan stórviðri með frosti og ösku kafaldi gnístandi til fjalla er á leið. Kom Þórey.

18. janúar. Útnorðan hvass og sígandi frost, gjörði sól um miðjan daginn. Garðurinn heldur í niðurgöngu. Við Þorkell vorum að starfa að því er þurfti við skepnurnar.

19. janúar. Hægð, frostlítið. Fjúk hralldur* á milli og loftþunnur. Allir í vöðunnu, hún lítil og ljónstygg. Guðmundur S.S. fékk sel og missti annan, aðrir ekkert. Þorkell með kýlistilbúning á handarjaðrinum hægri.

12[20]. janúar. Hægur, þétt frost og loftþunnur um morguninn, fór alltaf þykknandi og um kvöldið kl 6 komið sterkviðri sunnan með bleytu hríð. Þar til kl 12* um nóttina, þá útsynningur. Allir fóru í vöðuna, hún ljónstygg og lítil og setti sig í flóann. Enginn fékk neitt. Ég skaut svartbak. Snæbjörn kom með rokk og varð um nóttina.

21. janúar. Útsynningur allan daginn. Ég þjónaði skepnunum. Þorkell var fatlaður í hendi, Jón inn frá.

22. janúar. Útsynningur. Ég var að þjóna skepnunum. Tvennir eða þrennir voru að vinglast um fjörðunn. Við Guðmundur fórum ekkert. Kom Guðm. á G. og gengum við upp og sáum ekkert.

23. janúar. Vestan hvass með hríð, útsynningur um nóttina. Kindur inni. Enginn fór til kirkju.

24. janúar. Útsynningur allan daginn. Kom Jón inn áð og jafnharðan eftir kálfi og Þorkell, handa Dýnu. Varð Þorkell eftir í Tungu. Björn Sigurðsson kom með Jóni um nóttina og kusu haldið. Varð Björn til morguns.

25. janúar. Útsynnings fannfergja og steitings stormur allan daginn. Fóru flestir til vöðunnar. Var hún grunnt framundan ánni. Baggaði þá mest vindurinn. Jón Eyjólfsson fékk sel.

26. janúar. Landaustan hægur, með fannfergju það til kl. 4 e.m. Þá hvassviðri vestan með hríð langt á nótt fram, þurrari er á leið. Ég lét fjaðrir í 2 skutla og gaf með drengjunum.

27. janúar. Suðvestan hlávíðri og þurrt til kvölds. Sá ég ljónstyggar vöðu-anga. Enginn fór neitt.

28. janúar. Hægð með þoku og dimmu kafaldi til kvölds. Fóru allir í vöðuna, við Guðm. seinast. Fengu þessir seli. Torfi 2. Jón á Hafn 1. Björn 1. Sæmundur, Jón á Bessastöðum misstu. Jón m. dróg planga að Tröllatungu.

29. janúar. Útnorðan frost og hreinviðri. Var víða gengið upp og síðast út í Ey og sást engin vaða. Fugl mikill í Flóanum og dríf, útnorðan.

30. janúar. Hreinviðri og frost, með austan stormi. Var embættað á Felli.

31. janúar. Vestlægur um morguninn, lint frost og skafmolld, fór hægandi. Kom Guðmund. Sigm.son kl 12 f.m. og gengum báðir ofaneftir og uppá bungu. Sáum vöðuna í 3 stöðum. Sáum bát halda í eyna og bát frá Smáhömrum inn fjörðinn. Kom Friðrik á H, hingað yfir í því við komum ofan, og skelldi þá áhlaupi útnorðan. Hættum við að snúa færi, og hvolfdum mínum bát hjá Guðmundar. Friðrik varð hjá mér um nóttina. Hesta lágu úti vegna óþægðar niður við sjó.

*Febrúar 1848

1. febrúar. Norðan stórkafald með brunahörku. Friðrik fór út að Þorpum. Fylgdist Jón m. með honum út að Heydalsá. Komu báðir um kvöldið aftur. Varð Friðrik um nóttina.

2. febrúar. Norðan hvass með hörku og kafaldi. Jón og Friðrik sögðu 8a álnir. Við Þorkell gerðum í húsunum. Þann 16da næstliðinn mánuð lá fé víða úti og týndist af því víða. Því bylurinn var mikill.

3. febrúar. Norðan sterkviðri með þreifandi ösku og brunahörku. Friðrik saumaði skinnbuxur fyrir mig. Við Jón gjörðum í húsunum og var full heimt aðgangs.

4. febrúar. Norðan með hörku. Stórviðri og moldkafaldi. Linaði veðrið og kafaldið eftir því sem á leið. Jón og Friðrik söguðu 12 ál. Kom Vermundur á Bessastöðum og sagði lát madame Valgerðar á Klúku, er skeði í gærkvöldi kl. 8.

5. febrúar. Hart frost, hægð og hreinviðri. Var mikill lagnaðaríshroði. Við Guðmundur gátum um síðir komist fram. Ég skaut 2 skot á leiðinni, bæði til ónýtis. Það 3ja í glettum við Jón á Hafnarhólmi. Vaða var engin. Fóru sumir úti í ey. sumir um fjörðinn með íshroðanum, sumir heima. Við og Guðm. komustum undir Hrafnsnes svo út með. Jón m. fór með Friðrik að Hellu til sögunar. Eru jarðir þá út gæfur* víðast góðar. Mið þorri.

6. febrúar. Frost, hægð og hreinviðri. Var embættað í Tungu og lík madem Valgerðar flutt á kirkjuna. Fór ég og börnin 3.

7. febrúar. Hægð, frost og hreinviðri. Vaðan mikil og all góð. Fengu flestir sel, sá mesti 3 margir 2. Ég fékk 2 urtu og brimil. Sumir misstu, Jón í Tungugröf 3 náði 1. Lentum við Guðmundur á Smáhömrum vegna íss.

8. febrúar. Austan hvass með þoku og fjúki á milli. Linara frost. Gekk ég þá heim.

9. febrúar. Harðara frost, sama veðurstaða og jafn hvass. Gekk í loftið og gjörði molld kafald er á leið. Ég sneri kastfæri með Guðm. Sigmundssyni. Kom piltur frá Vatnshorni eftir beitu. Báturinn og selarnir eru útá Smáhömrum.

10. febrúar. Norðaustan stórviðri, með þéttu frosti og stór kafaldi. Jón m. heim kominn frá Hellu. Við söguðum 2 fjalir 4 ½ alin. Hafa nú gengið í hálfan mánuð miklar hörkur og stór kafölld, utan 3 daga.

11. febrúar. Útnorðan hvass með hörku frosti og stór kafaldi. Við söguðum 2 fjalir 4 ½ álna.

12. febrúar. Sama veðurlag og veðurstaða. Við söguðum 2 fjalir 4 ½ álna.

13. febrúar. Sama veðurlag og veðurstaða. Kom Óli. Jón m. fór fram að Geststöðum með vefjarverk. Varð ei embættað eða jarðsett.

14. febrúar. Veðurstaðan og harkan eins, en askan minni á milli. Drengirnir fóru að smíða aska.

15. febrúar. Sama veðurstaða, þó hægandi, loftþunnur, harkan eins. Við fórum úteftir og í vöðuna, bátarnir voru á Smáhömrum, þar framundan vaðan. Ég fékk væna urtu og ýmsir sel. Jarðsett madem Valgerður sáluga.

16. febrúar. Frostlinara, hreinviðri og logn til kvölds. Ég, Guðm, og Jón í T. brutumst framúr ísnum frá Smáh. því ég var þar um nóttina og svo út með skörinni. Var kominn lítilfjörlegur hafís mulningur. Vaðan á hirnunum og í Flóanum geysi mikil en stygg mjög. Sæm. fékk 3. Guðm. S.s. 2. Sumir 1. Sumir

ekkert, ég væna urtu. Varð mönnum mínum hálfillt. Urðum á Hafnarhólmi um nóttina vegna lagnaðaríss.

17. febrúar. Fjúk um morguninn, frostlaust og logn. Kældi sunnan eftir fullbirtuna með úrfelli. Flestir fóru í hagana og biðu þar. Vaðan var til og frá um pollinn og undir hyrnurnar. Slétti dálítið um miðjan daginn. Við allir fram. Ég náði 1 kasti og fékk vænan brimil, aðrir ekkert. Héldum inn eftir með alla selana. Öðru hverju var hríðir og að hægja. Ég gjörði til sel handa Andrési í beitu um leið og ég hjálpaði til að hvolfa upp skip hans. Fór um dagsetur fram eftir í mestu stórhríð, og svo bleytu kafaldi. Þá allt í einu stórviðri útnorðan með hörðu frosti og kafaldi.

18. febrúar. Hvassnorðan með hörku og kafaldi. Gerðum við til selana, til hlutar af þeim. 13 fjór. og 14. merkur. Voru selarnir 5 m sem búið var að afla í þorralok, sem eru á morgun. Bassastaða*Jón varð hér um nóttina. Orðið jarðlítið.

19. febrúar. Norðaustan hægri og fjúk minni til kl. 11 f.m. og sígandi frost. Svo útnorðan stór kafald og hvass. Þartil kl. 4. e.m. þá norðlægari og hvassari, en minn á kafaldið. Jón m. fór með 2 fjórðunga af sel til séra Halldórs.

20. febrúar. Útnorðan með hörku og stór kafaldi. Var ei embættað. Komu 3. Friðrik Friðriksson, Friðrik Sacaríasarson og Óli með skinn. Góa.

21. febrúar. Austan stormur og hreinviðri með hörku frosti. Við fórum í vöðuna, hún mikil og stygg. Engin fékk neitt. Jón í Tungugröf sótti úti Byrgistungu vegna lagnaðaríshroða. Sást viður* í móðnum til muna út um Bæina. Andrés lá til byrja á Kirkjubóli. Friðrik í Heiðarbæ.

22. febrúar. Norðan hvass með hörku og kafald. Sá þó oftast til fjalla. Ég var að gjöra við rekur, smíða nálar og ýmislegt. Eyjólfur í Húsavík kom í smiðjuna.

23. febrúar. Útnorðan steitingur, hreinviðri hart frost og skafrenningur. Ég var að spíta selskinnin.

24. febrúar. Við norðan mikið hægur, þétt frost, hula í lofti sá þó sól. Allir fóru í vöðuna. Fengu sumir 2. Sumir 1. Björn Sveinsson missti 3. Fékk ekkert. Ég fékk væna urtu. Missti aðra. Andrés fór í vöður. Drengirnir sóttu sel ofan eftir.

25. febrúar. Logn, frost og þokuhula í lofti. Vaðan mikil og stygg, austur í Flóa, kringum lagnaðaríshroða sem var í Flóanum. Jón í Tungugröf fékk 2 væna seli. Jón á Hafnarhólmi vænan sel og kóp. Guðm. á Kb. 1. Björn skaut sel. Ég missti sel. Vað á Hafnh. um nóttina.

26. febrúar. Sama veður, ég fékk kóp, Sæmundur vænan sel og 8a álna ásspýtu. Aðrir ekkert. Vaðan víða og feykil. stygg.

27. febrúar. Sama veður, sunnan uppgangur og jafn frost minn á. Var embættað á Felli, fór Jón þangað til kirkju. Kom Guðrún á Heiðarbæ og Valgerður í Húsavík. Ég brá mér yfir að Klúku um kvöldið. Kallast má jarðlaust.

28. febrúar. Hreinviðri og sígandi frost, austan til Flóans, en útnorðan til fjarðarins. Allir fóru í Flóann eftir miðjan dag, utan ég. Guðm. Sig.s. fékk 2. Guðm. á Kleifum 1. og Torfi 1. Aðrir ekkert. Eg var að glíma við vitlaust hrot inn á firði og fékk ekkert. Skaut 1 skot og missti.

29. febrúar. Sama veðurstaða og gjörði fjúk er á leið nóttina. Birti það af sér kl. 8 f.m. og fór alltaf dagbatnandi. Allir fóru í Flóann. Ég fékk sel á leiðinni út í eyna. Það var brimill og í Flóanum brimill og urta. Um aðra vissi ég ekkert. Hér kom séra Halldór og Þorleifur.

*Mars 1848

1. mars. Austan stormur, hula í lofti og frost sígandi. Gjörði logn á fjörðinn er á leið. Fór þá Jón og Sæmundur fram á vöðu hrot, en varð að ? ? öll stygg, fengu ekkert. Við Guðm. vorum að gera til sela okkar.

2. mars. Vestan steytingur og skafrenningur með smá éljum á milli. Sígandi frost og sá sól alltaf. Sá ég vöðuna úti polli um sólarlag, fór ég þá ofan á Rana og uppí Hlíð, svo heim. 2ir af ströndinni fóru til hennar og fengu ekkert. Jón skaust inn áð Hrófá. Þórey er niðri Heiðarbæ að prjóna fyrir mig nærpeysu. Jón og Þorkell fóru með sel á sleða um kvöldið að Heiðarbæ.

3. mars. Sunnan bráðviðri á milli, þíðviðri og skúrir á milli. Allir fóru til vöðunnar utan ég, fór ég og einar ofan í Tanga. Kom hann, Ingibjörg á Kb. og Finnbogi um morguninn. Drengirnir sóttu sel kropp ofan eftir. Ég brytjaði og saltaði 2 sel kroppa.

4. mars. Vestan steytingur með éljum á milli. Sá þó sól alltaf. Engir fóru til vöðu. Sá ég hana um kvöldið að halda inn hjá Hafnarhólmi. Kom Jón timburmaður.

5. mars. Við vestan, blíðviðri og sólskin til kvölds. Var embættað í Tröllatungu. Fórum við Jón og Þórey. Hún var í Heiðarbæ að prjóna peysuna m. um morguninn var vaðan innhjá Sandnesi og móts við Bessastaði í stórum fleskjum. Hélt síðan út með mestu ferð. Um kvöldið var hún framundan Heydalsá í hrotum, til og frá.

6. mars. Sunnan stormur til landsins, en austan til sjóarins og fjúk til 10 f.m. Sólskin og frostlítið. Við sáum vænt vöðuhrot framundan Heydalsá, fóru allir þangað, hún tættist öll sundur. Enginn fékk neitt. Við fundum pjötlu af sel. 2r ráku á Kleifum í gær og heilan sel á Smáhömrum. Háhyrningarnir eru að tæta hana sundur á hvurri nóttu. Kom Jón Timburmaður og varð um nóttina og skemmti vel okkur piltunum.

7. mars. Sunnan hæglátur, hula í lofti og frostlítið. Gjörði skæðadrífu er á leið. Sáust hrotangar á firðinum. Strandarar fóru flestir. Fékk enginn neitt. Við hérna megin fórum ekkert. Jón sagaði með Sveini á Tind.

8. mars. Við sunnan hægur þar til kl 9 f.m. Þá bleytu kafald og hvassviðri suðvestan þartil kl. 10 e.m. Við Tungusveitungar gengum upp á Kirkjubóli og sáum hrotkorn á Pollinum. Fórum ekkert. Strandarar allir fóru utan Sæm. Fengu ekkert.

9. mars. Norðaustan með sígandi frosti og kafaldi. Ég var að renna sög. Þórey kom frá peysuprjóninu í Heiðarbæ. Komu 7. Guðrún og Björn í Hb. Eyjólfur og Einar í Hvk. Hjálmar á Valshamri, Guðm. á G.st. og Guðbrandur í Tungugröf.

10. mars. Útnorðan með þéttu frosti og skafrenning. Lítið kafald að ofan. Sá sól á milli. Ég var að enda útaf við sögina hans Óla. Drengirnir sóttu á sleða 2 kópa og spýtna smælki.

11. mars. Norðan hvass með þéttu frosti og smá éljum á milli allt af skafrenningur. Ég var að smíða reku í Fjósið og gjöra við austurtrog*. Eru nú alltaf jarðleysur hér norður frá.

12. mars. Steitingur austnorðan, þoka í lofti, fjúklítið og sígandi frost. Var embættað í Tungu. Fór enginn út dalnum. Óli kom eftir söginni sinni. Ingveldur á Heiðarbæ með boðskap til sveitarmanna að draga kirkjuviðinn.

13. mars. Sama veðurstaða og veðurlag. Jón minn og allir sveitarmenn, voru að draga. Sagaðar við til* kirkjunnar frá Húsav. Guðm. G. var hér að gjöra við sjálfskeiðing. Ég þjónaði pening mínum og hjó til kollharða*.

14. mars. Norðaustan stórgarður og frostlítið. Ég var að smíða hneifar*.

15. mars. Í garðsláti til vestan, sólskin og hlýtt er á leið. Við sóttum spýtu ofan í Naustavík.

16. mars. Útvestan stormur með skýjaleiting á milli og þíðviðri. Ég enti við 19. hneifar fyrir Guðmund m. á Hellu. Jón fór ofan að Kirkjubóli, svo fram í Flóðahvamm að leita að sortupítti*. Eyjólfur í Húsavík fór norður. Séra Halldór var í húsvitjan um dalinn. Hjá mér á morgun.

17. mars. Vestan stórviðri með sólskini, þokuruðning og frostlinju. Séra Halldór kom hér í húsvitjun. Ég smíðaði hjóltein í spólurokk fyrir Tómas á Geststöðum. Gerði við sög fyrir Finnboga í Heiðarbæ.

18. mars. Útnorðan sterkviðri, háarok hingað á miðjan fjörð, hörku frost. Sá sól oftast. kafaldslaust. Ég smíðaði 7 hneifar fyrir mig og endaði spýtu 5½ alin.

19. mars. Norðan sórviðri með hörku og stórkafaldi. Varð ei embættað í Tungu.

20. mars. Sama veður. Við Jón söguðum 7 álnir og vötnuðum öllum lömbunum fötum.

21. mars. Stórgandur. Austan með kafaldi, en frost linara. Við Jón söguðum 16 álnir af 7 þumlunga breiðu.

22. mars. Landaustan hæglátur og frostlítið með smáfjúki og þoku. Komin nógur hafís. Ég fór ofan að Kirkjubóli og keypti hospitalsnein*.

23. mars. Suðvestan í áttinni, hægð og blíðviðri. Við piltarnir fórum inn áð Hellu. Skaut ég 2 kofur annars var ei kostur. Þórey brá sér að Kirkjubóli.

24. mars. Sunnan hægð og þíðviðri. Jón minn og allir sveitarmenn voru að sprengja og aka grjóti til kirkjunnar. Tómas á Geststöðum varð um nóttina. Ég var að gera hitt og þetta.

25. mars. Sunnan stormur, með sólfari og skúrum á víxl. Leisti mikið. Við vorum að stjá ýmislegt.

26. mars. Við sunnan, logn og mesta blíðviðri með sólskini. Frostlítið að nóttunni. Var embættað í Tungu. Fóru 3 héðan, Jón að Heydalsá að sækja hvolp*.

27. mars. Frost að nóttinni, að deginum við sunnan sólskin og blíðviðri. Við piltarnir fórum fram á Fjörð og fundum hnyðju 3 álna með mikilli rót. Við bifuðum henni upp í Hrafnsnes. Héldum síðan fram á fjörð til og frá inn ánum ísinn, svo að Hellu - svo til baka. Komumst í færi við gransel á jaka, skaut til hans 2 sk. Náði honum og rérum hann að Kirkjubóli. Á leiðinni fundum við 9u álna ás. Um dagsetur vorum við búnir að setja og koma selnum upp.

28. mars. Sunnan með stormi og bleytufjúki. Ég gerði til granselinn, á honum 29 fjórðungar. Húðin* óskafin ½ vætt = 13 merkur og stór kópur í henni.

29. mars. Landaustan ræma með bleytu fjúki til kl. 2 e.m. Þá stormur sunnan með sólskini smáskúrum. Við fluttum bátinn í inn í Naustavík. Nú er komin nóg jörð í góðu. Hafísinn er mestur inní firði, minni útfrá.

30. mars. Suðvestan með sígandi frosti og kafaldi um nóttina, þartil kl. 5m f.m. Þá hægviðri og sólskin til kvölds. Við fóru inní fjörð milli Óss og Bassastaða að leita inn án um ísinn (sem þar var mikill en enginn útá firðinum) og fengum 19 alls af rusli, þar í 1 spíta 5m álna. Engvan sel.

31. mars. Suðvestan stormhvass með sólskini, éljum á milli. Varð þá að bleytu í byggðinni. Sóttum við granselskroppinn ofan eftir. Kom Einar á Klúkufelli þangað. Guðrún í Heiðarbæ kom hingað, svo að Kluku og Þórey með henni. Sendi séra Björn minn konu minni kaffi. Ég skóf hálft granselsskinnið um kvöldið, þá ég heim kom. Las svo við ljós.

*Apríl 1848

1. apríl. Sem er laugardagurinn 2ar í einmánuði. Vestan með útsynningséljum hvass og sólskin á milli. Slaknaði hádaginn. Kindur voru inni. Ég skóf út af og spýtti granselsurtu og kópskinnið.

2. apríl. Vestan hæglátur með éljum, sást sól á milli. Hart frost að nóttunni. Var embættað á Felli. Komu 7 um daginn. Margrét systir varð um nóttina. Jón fór fram að Hlíðarseli.

3. apríl. Austan hvass með fannmoki og lynju. þar til kl. 9. f.m. Eftir þá upp með sólskini og hita. Smáskúrir við og við. Við Piltarnir fórum fram á fjörð, fengum sel, en misstum 2 hálfdauða. Fundum nokkuð af röftum, spýtu 4 á. hæf í stoðir í fjárhús. Drógum selinn frameftir.

4. apríl. Útnorðan hvass með frosts éljum á milli. Ég gerði til selinn, á honum 5 ½ . Skóf og spýtti skinnið. Líka smíðaði járn í kvörn fyrir Finnboga. Var Jón m. og hann að setja hana í stand um daginn. Jón yfir Klúku um kvöldið. Kindur stóðu inni.

5. apríl. Útnorðan að vindinum og í afláti, austan, stórsjór. Við fórum inn í Hrafsnes að búta hnyðjuna í 4um stykki. Svo heim. Var allt fullt af ís með öllu landinu inn án úr firði. Fóru Strandarmenn að leita að selum og spýtum inn án um ísinn. Ég gat ei komist fram. Því fjaran var mikil, en ísinn sat svo þétt með landinu.

6. apríl. Norðvestan steitingur til fjallanna og á firðinum, út til ísins, sem þá lá frá Smáhömrum á snið, undir bælið. Í honum voru allan daginn Jón og Sæmundur því þar var hvítalogn. Alltaf var sólskin og fraus þar hún ekki skein. Við sóttum hnyðjuna inn í Hrafnsnes og komum henni í Naustavíkina. Drógum stærsta bútinn fram eftir, svo annan sleða af röftum. Kældi austan um kvöldið. Kom Jón Timburmaður og varð um nóttina og sagði burtköllun konungsins Kristjáns 8a.

7. apríl. Útnorðan með frosti og kafaldi. Jón minn var að drag sleða Jóni Timbman* hann varð hér um nóttina aftur við sleðasmíði. Ég Þorkell þjónuðu peninginn.

8. apríl. Sneri vindinum frá norðri, til vesturs með frosti og megnis kafaldi. Fór timburmaðurinn héðan. Ég skrifaði sýslumanni með Jóni.

9. apríl. Hljóp til norðurs kl. 1 eftir miðnætti með sterkviðri, hörku og stór kafaldi.

10. apríl. Sama veðurstaða og veðurlag. Var þá byrjað að taka á heyinu fyrir framan eldhúsið. Hefur ei fé út farið í 5m daga, hestar í 2. Eru lítil snöp þá út gefur til dala. Allur ísinn er af firðinum. Fyrir hálfum mánuði komið skip í Ólafsvík.

11. apríl. Sama veðurstaða, hæglátari og kafaldsminni, frostið eins. Stóð inni. Við piltarnir sóttum rótina af hnyðjunni.

12. apríl. Austnorðan stormur með frosti og sólskini. Heldur í niðurgöngu. Stóð inni, nema hestar. Við piltarnir sóttum minni bútinn og afsög af hnyðjunni og vorum svo að saga og höggva kjánga*.

13. apríl. Norðan hæglátur, sólskin og frost, þó slaknandi þá daginn. Fórum við piltarnir fram á fjörð í selaleit og spýtna. Fundum nærri uppá 2 báta af röftum og kjóngjum*, það lengsta 5m álna og 1 mjó þurrksúla 8a álna. Skaut til sels á jaka með kúlu og höglum í einu og missti hann. Bárum súluna heim um kvöldið.

14. apríl. Sama veður. Kældi er á leið austan, fórum í spýtnaleit og fundum 1 kjánga. Lentum snemma og hreiktum röftum okkar.

15. apríl. Landsynningshægð með þoku og linjufjúki á milli. Fórum við fram á fjörð og fengum vöðuselskóp með kúlu. Missti hringanóru í dauðafæri.

16. apríl. Norðan garður, ekki hart frost, fjúkiningar á milli. Kom séra Björn minn og Ólöf hingað með gjafir. Var embættað í Tungu. Jón m. sótti selskinnin út að Heydalsá.

17. apríl. Norðaustan garður, þykkviðri og frostlítið. Við bútuðum hnyðju, ég gerði til kópinn, spítti og skóf skinnið. Drengirnir þrifu hesthúsið.

18. apríl. Sama veður og veðurstaða. Börnin sóttu gyrðis* spítu ofan í Naustavík. Jón malaði á Geststöðum. Ég gjörði við skáp og fór Þorkell með hann fram að Geststöðum um kvöldið. Þórey léð að Heiðarbæ meðan hjónin eru fyrir sunnan. Þeir voru að koma að norðan og höfðu aflað 3 fjórðunga enir mestu. Flestir ekkert.

19. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða, þó í afláti. Sólskin og hlýtt um miðjan daginn. Komu þeir Guðmundur Sigmundsson og Óli. Sá fyrrnefndi færandi hendi úr kaupstaðnum. Ég skipti skinnum*. Réri um nón og skaut hringanóru.

20. apríl. Við norðan hægviðri og þoka, þó sólskin alloftast. Var embættað á Felli, fóru Jón og Þorkell þangað. Komu þeir um kvöldið.

21. apríl. Sama veðurstaða, en þykkur og hægð. Embættað samastaðar. Fórum við fram á fjörð er á leið, sáum sela víða en komustum ei í færi við þá. Ég skaut 23 kofur. Þórey enn niðurfrá.

22. apríl. Landaustan blíðviðri. Fórum við Þorkell fram á fjörð og útundir haga. Þar framundir var vænt hrot. Fundum Sæm. Hann fann hálfdauðan vöðuselsbrimil eftir mig, með kúluskotin. Ég skaut 2 skot í Naustavíkinni, bæði til ónýtis. Jón fór inn áð Eyri með leigur og landskuld. Þórey kom frá Heiðarbæ.

23. apríl. Sem er Páskadagur. Landsunnan þíðviðri og þykkur. Embættað í Tröllatungu. Fór ég, Þórey og Guðríður.

24. apríl. Norðaustan stormur með frosti og fjúkhjalldri* á milli. Sá ei sól. Embættað í Tungu, fór Þorkell og Gunna. Kom Jón frá Eyri, Andrés í Gustdal [Gautsdal] kom og varð um nóttina.

25. apríl. Austan stormur og sígandi frost. Sá sól á milli og var að ganga í loftið kafald. Fórum við ofan að búð með selkeralld og tókum þar færin og lóðirnar. Héldum svo innundið Naustvík og tókum þar smælki á sleðan. Vormur á Nesi sótti sög er ég léði honum.

26. apríl. Norðan með frosti og kafaldi. Stóð fé inni. Varð lítið annað gjört en þjóna peningnum. Jón var að smíða fýsibelg. Þorkell meis.

27. apríl. Sama veðurstaða og veðurlag. Stóð inni.

28. apríl. Sama veðurstaða og veðurlag. Stóð inni. Við Jón söguðum niður á Kirkjubóli, 6 bita í kirkjuna.

29. apríl. Sama veðurlag. Stóð inni. Við Jón söguðum niðurfrá 4a sperrukjálka í kirkjuna.

30. apríl. Austan hvass með hörku og kafaldslítið. Var ei embættað. Hefur nú innistaðið rétta 7 daga í beit.

*Maí 1848

1. maí. Stórgarður austan og linju kafald, og ganga í loftið sunnan með frostlinju. Ég gjörði við keipana á gamla bátnum mínum og selldi Friðrik K.S.* fyrir 5 sp.

2. maí. Landaustan stormur, þíðviðri og bíðuveður. Ég var að setja í stand homlu spaða og þrífa til hjá húsunum. Jón m. fór inn áð Skálholtsvík eftir byssu.

3. maí. Landsynnings hægð og linja til loftsins en austan til flóans. Fórum við Þorkell fram á fjörð. Hvesst þá strax. Þá í land og fluttum 1a ferð á hestunum af spýtum úr Naustavíkinni.

4. maí. Sama veðurstaða og veðurlag, nema kafalds drífa var á milli, svo í skóvarp tók. Við Þ. fórum og fundum 5m álna stoð. Sóttum borð að Heydalsá og fórum með að Húsavík.

5. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Fjúkið nokkru minn á. Við fórum fram á fjörð, fengum ekkert nema fáein marskjelfi*.

6. maí. Austnorðan þykkur, birti um loftið er á leið og gekk upp stór garð austan með þoku og linju fjúki. Ég var að búa mig undir þingið.

7. maí. Austnorðan garður með sígandi frosti og kafaldi á milli. Sá ei sól. Var ei embættað. Stóð fé einni. Ég brá mér að Kluku.

8. maí. Sama veður en kafaldsminn á.

9. maí. Sama veður en kafaldslaus. Þingaði C. Magnúsen frá Skarði. Vantaði á og fannst ekki u.

10. maí. Sama veður, fannst ærin í Þrílækjunum dauð. 1 bar. Nú eru 3 vikur rúmar af sumri og jarðlau. Jarðleysur fram til dala. Eru alltaf bleytu kafald öðru hverju á daginn og austan veðrin, en á næturnar frostið. Eru því margir orðnir heyþrota.

11. maí. Sama veðurátta og veðurlag. Varð lítið annað gjört en hlynnt að skepnum. Kom Högni á Heydalsá og hafði meitt sig á hné á öxi.

12. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Kindur látnar út miðja dagana. Drengirnir voru að saga hnyðju.

13. maí. Sama veðurstað, en hæglátari. Logn innfjarðar fram á miðjan dag. Við fórum út í Ey, og sóttum hnyðju spýtu sem við af rættum þar. Var var Gísli í Bæ að flytja hey úr Eyjunni. Jón út að Heydalsá um kvöldið til að fara með H. að Sandnesi.

14. maí. Við landaustan með snæfjúki og hægð, og frostlítið. Sá sól lengst af. Kældi um kvöldið austan. Var embættað í Tröllatungu, fór ég og Þórunn til kirkjunnar. Jón á Hrófá kom um daginn. Jón m. kom um kvöldið heim aftur frá Sandnesi.

15. maí. Austnorðan garður, en frostlítið að deginum. Sótti Jón m. korn hálftunnu að Heydalsá. Svo kvörnina um kvöldið að Geststöðum.

16. maí. Austan stórgarður með þoku gúlp. Samt frostlítið. Sveinn á Geststöðum flutti frá Húsavík kirkjuvið og Jón m. en ég var að tegla* hann til á meðan þeir fluttu. Tók ég svo á hestana spýtur í Naustavíkinni um leið.

17. maí. Sama veður en frostmeira. Stóð inni nema hestar. Ég fór að byrja smíði á kistu Jóns.

18. maí. Norðaustan garðurinn er nú hinn sami nema frostið er alltaf meira með kafald slítning og kaf þykkur. Var kindum úthleypt miðjan daginn til að drekka. Voru bornar 13. Nú er mánuður af sumri og jarðlaust til flestra dala. Margir komnir í heyneyð. Nú í dag kom Halldór á Vonarholti að koma fyrir, í þriðja sinni. Eru þar ei eftir þá nema kýrnar og fáar lambær. Haraldur í Tungugröf löngu búinn að reka allan fóðrarpening frá sér, og heylaus eftir fyrir kindur. Þorleifur í Hlíðarseli búinn reka megnið af sínu og allt annara löngu á burt. Guðmundur á Geststöðum orðinn heylaus að mestu fyrir allt nema kúna. Gjögrarar eru sumir heim komnir eftir 10 og 11 vikna dvöl þar og hafa enn ekki á sjó komið til gagns. Sá hæsti þar 3 fjórðunga t.h. Þó hefur íslaust að mestu verið alltaf. Nokkrir eru búnir að vera þar 13 til einskis. Jaktir héðan frá, hafa þær fengið 6 tunnur best, en haft stóran baga af hretviðrum og legið við liftjar*. Sigling er löngu komin lítilfjörleg, og sagðir góðir málvöru prísar, vegna korns nægtar, en nú hamla (að menn halda) stríðs útbúnað sem hvað vera um alla norðurálfu að siglingunni seinkar í meiralagi. Hvalur náðist við Súgandisfjörð fyrir rúmum mánuði.

19. maí. Austnorðan garðurinn hinn sami, með bleytukafaldi. Var óborna féð látið drekka úti, hitt inni. Fáir muna meiri harðindi, fram á 5tu viku sumars. Átti að embætta á Felli.

20. mars [maí]. Sama veðurstaða, en hæglátari og frostlítið. Sá til sólar á milli. Kom Halldór á Vonarholti með 2a ær er ég ætlaði að telja fyrir.

21. mars [maí]. Sama veðurstaða, hæglátur og þykkur. Leysti því lítið. 3r dokna* sá ég í sólinni að ofanverðu, rétt í þríhyrning og einn* neðarlega mikilítinn* því þá sá til sólar um dagmálabilið gegnum þokuna í kíkirnum. Var embættað á Felli.

22. maí. Stórgarður landaustan með bleytu kafaldi fram á miðjan dag. Þá hægur og þurr að mestu. Smá skúrir sunnan. Kom Einar drengur frá Heiðarbæ og sagði frá villu sinni frá Gautsdal ofan í Hraundal með hest.

23. maí. Landaustan hvass til flóans, en meir við suður til landsins og hægð, lítil væta er á leið. Söguðu drengirnir 14 álnir er fara átti í girði. Ég allan daginn að glíma við hnyðju í eldinn.

24. maí. Við sunnan með vætu til kl. 12 f.m. Þá kólnar vestan og þurr, og leysing. Ég setti saman grindina á kistu Jóns. Hafa lambær legið úti 2r n.

25. maí. Heiðbirti og þoka til hafsins, sem fór vaxandi með austan steiting og kaldur að kulinu til, samt frostlaust, hægði við kvöldið. Ég var að smíða kistuna.

26. maí. Sunnan og góðviðri. Sá til sólar við og við. Ég snéri 2o þætti án 60 f. fyrir Guðmund m. á Hellu. Jón minn fór inn áð Hrófá að saga. Vantaði á svarta en ég tók frá Vonarholti.

27. maí. Hægur sunna með smá skúrum, sólskini og blíðviðri. Ég var að snúa þætti úr 60 færi fyrir Guðmund m. á Hellu. Guðmundur á Geststöðum var hér að smíða hestajárn. Ég missti lamb undan á í ána.

28. maí. Við sunnan sólskin, hiti og logn. Var embættað í Tungu. Fór Þorkell héðan.

29. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Við piltarnir stungum út sumarfjósið og hrútakofann. Þórey sótti sortu og fór með hana út að Heydalsá og varð þar um nóttina. Var byrjað að vinn á.

30. maí. Þerrir og blíðviðri. Við stungum út lambhúsið. Þórey var útá Heydalsá.

31. maí. Sama veðurlag. Þar þó að snúa sér með hægð til norðan. Drengirnir voru að saga á milli. Ég að dunda við kistu Jóns. Kom Þórey og Ragnheiður með henni, og sagði: komið stórt skip fyrir norðan. Við léðum Þóreyju til hálfrar vistar að Heydalsá, árlengis.

*Júní 1848

1. júní. Norðan með skýjafleiting og þurrt. Embættað í Tungu, urðu 3u börnin héðan til altaris. Þetta var uppstigningardagur. Kom Jón og Guðmundur á Broddanesi hingað.

2. júní. Norðan stormur og þoka í miðjar hlíðar, frostlaust í byggðinni og í afláti. Ég var allan daginn að flytja spýtur úr Naustavíkinni. Jón m. var fyrir sunnan að sækja fisk fyrir Svein á Geststöðum með Guðm. þar útí Langey. Guðm. Sveinsson á Kleifum var að flytja sig að Tind til ábýlis.

3. júní. Hægur norðan og besti þerrir. Ég bikaði stóra bátinn minn en refti yfir vöðu bátinn. Þórey fór með Þórunni til yfirheyringar að Tungu. Jón var fyrir sunnan.

4. júní. Vestan með sólskini og alltaf hvass andi bráðviðri er á leið fram á nótt. Enn mikið útnyrtur. Var embættað í Tungu. Þórunn konfirmeruð. Við urðum til altaris, Þorkell og hún. Ég fór ofan að Kirkjubóli um kvöldið að hitta Jón timburmann.

5. júní. Háttnorðan hvass og kafaldur, með éljaleiðingum norður yfir. Sá til sólar við og við. Við Þorkell vorum upp í Tungu að rífa kirkjuveggina.

6. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég var upp í Tungu. Var búinn syðri veggurinn og öll mold í burtu og búið að hlaða 6 grjótstöpla.

7. júní. Hvass austan og herpings kuldi. Voru lömb við að daga. Eins að hrofna af gemlingum. Vorum við búnir að hlaða grjótið undir kirkjuna og farnir byggja og reis hesthús fyrir séra Halldór í skiptum við hinn vegginn. Jón kom heim.

8. júní. Austnorðan hvass með fjúkslitning og herpingskulda. Entum við sveitarmenn við moldarverk kirkjunnar og búið að reisa alla undir grind. Var hér stíað við sumarfjósið, ærnar innlátnar og gefið. Eins gemlingar.

9. júní. Sama veðurstað og veðurlag, alltaf hörkufrost, linarlítið í byggðinni hádaginn. Eins var farið með kindurnar og fyrra kvöldið. Var efni stungar úr stóra húsinu útstungin. Dregið dautt lamb frá gimbur.

10. júní. Sama veðurstaða og veðurlag. Ég var að stinga út síðari stunguna úr stóra húsinu. Allt innlátið og gefið stíunaránum. Allsstaðar er að heyra lambadauðann og víða stór hrofnur af fullorðnu fé, fiskirí er sagt gott af Suðurlandi, Jóki og Bjarneyjum. 10 fjórðungar hæstur hlutur á Gjögri og þar fyrir neðan. Margir ekkert. Skipin útlensku eru smátt og smátt að tínast hingað og segja ýmist af stríðinu. Illa lítur út með kaupholndar* nú sem stendur. Prísarnir eru enn vondir.

11. júní. Í dag er Hvítasunna og 8a vika sumars. Sama veðurstaða og veðurlag, þó hægri innfjarðar og sólfar meira. Eru ei kýr enn út komnar. Bar 1a lambgimbrin, 2r voru búnar láta dauðum lömbunum. Kom G. S. á Kirkjubóli með 1 færi og ýmislegt. Embættað á Felli.

12. júní. Norðan hæglátur og besti þerrir í afláti til vestan. Hart frost á næturnar. Þórey fór úteftir að Heydalsá í hálfu vistina. Embættað á Felli.

13. júní. Vestan stormur og æskilegasti þerrir, með sólskini. Ég enti við kistu Jóns. Var reist taðið og teknir upp galtarnir við hlöðuna útfrá. Þriðja gimbrin lét hálfdauðu lambinu. Kom Guð=m á Tind, og Jón á Sandnesi. Ég fór tvívegis ofan að Hb, að hitta Friðrik, sem var þar með konu og barn, en hann ætlaði að flytja á Skagaströnd með sér til vistar.

14. júní. Sama veðurlag og veðurstaða, nokkuð kælnari. Drengirnir gjörðu við hrútakofann, mælinn á stórhúsinu og hlöðunni. Líka bættu ofan á hjallstólpann. Ég var að dupta að taði og þurrka rekjur. Finnbogi í Hb, var sóttur að hjálpa lambgimbur.

15. júní. Suðvestan hægur og þykkur með ýrings vætu á milli. Við tókum saman 9u hrauka stóra af taði, sem allt var útúr stórahúsinu. Fórum síðan inn áð Hellu og til baka um nóttina.

16. júní. Við landsynning. Hæglátur og gott veður. Drengirnir skáru ofan part af hesthúsinu - yfir stallinum og komu honum upp aftur. Ég fór að byrja skyggnið við bæinn. Kom í gær spekúlant af Ísafirði á Reykjafjörð. Sagt er nú að Friðrik 7i konungur vor ásamt styrki af Norskum og Svíum hafi unnið sigur í síðari slaginum við Holsetumenn.

17. júní. Besti þerrir og blíðviðri, andvari vestan á landi, sjólæða til hafsins. Ég var að smíða skyggnið fyrir bæinn. Jón stakk hnaus í kálgarð og fram að Tind um kvöldið, að fá fisk fyrir mig, en hest fyrir sig upp að Felli. Þorkell upp að Tröllatungu, svo með 2 hestana að Heiðarbæ til að sækja eggin mín og þess. Kom Finnbogi um kvöldið að láta smíða fyrir sig hestajárn, sem ég gjörði. Nú í dag er laugardagurinn í 9du viku sumars og fóru nú kýr út fyrst.

18. júní. Við landaustan hægur, þykkur, með smá vætu allan daginn. Inn setti prófastur séra Búi, séra Halldór Jónsson til Tröllatungu prestakalls. Riðu synir m. Jón og Þorkell uppeftir og margt fólk. Í fyrra kvöld var búið að láta hliðveggina, gaflana og súðina á timburkirkjuna í Tröllatungu.

19. júní. Austnorðan með þoku og þéttum úða allan daginn. Við vorum að hlaða kálgarðinn. Þórey kom utanað. Sótti sortu. Jón með hana uppað Tungu. Guðrún í Hb. hjálpaði 2 lambgimbrum. 7 lömb og 2r ær dauðar. 70 aflaðist nýlega af fiski í Byrgisv. en 7 í Skreblum*.

20. júní. Austnorðan gúlpur, þurr er á leið og hvass. Ég var að láta þilin fyrir skyggnið. Drengirnir voru að keppast við kálgarðinn.

21. júní. Sama veðurstaða. Þurr til nóns, þar eftir þéttur úði. Ég enti við þilin fyrir skyggninu, en drengirnir við garðhleðsluna. Til þessa dags hefur lambgimbrum verið gefið inni að öðru hverju og er þó miðvikudagur inn í 9du viku, en enn ⅔ túns óá unnið og kindurnar á túninu. Samt er nú kominn lielkun* í tún og úthaga fyrir kindur, en lítið fyrir kýr.

22. júní. Sama veðurstaða, en þurr og heldur í afláti. Var garðurinn búinn undir sáningu og þvegin haustullin.

23. júní. Hæglátur norður með þoku í flóann. Ég fór að Kluku um morguninn svo inn áð Hrófá. Byrjað að sá. Drengirnir komu upp krónni. Þrúður sótti hingað kindur sínar.

24. júní. Sama veðurstaða og veðurlag. Við sáðum í garðinn að öllu og tókum hey kúruna* undan eldhúsgaflinum og bárum inní kúahlöðuna, fórum síðan inn að Hrófá um kvöldið. Í fyrradag leysti skaflinn úr brekkunni. Það er endirinn á 9du v. Ófært er enn að fara til grasa vegna snjós á fjöllum

25. júní. Við norðan hæglátur á næturnar með myrkaþokur á landi og sjó, með náttfalli en besti þerrir á daginn með sólskini og norðan stormi. Var ei embættað. Ég fór að Heydalsá um kvöldið. Jón inn áð Tungugröf. Kom Bjarni í Hlíð og varð um nóttina.

26. júní. Sama veðurstaða og veðurlag. Við fórum að bræl* og brytja. Lagði netin fyrst og fékk 2 silunga. Missti 2 lömb.

27. júní. Sama veðurstaða og veðurlag en fór þó að ganga upp norðan kuldagand, var austan drífuveður allan daginn. Var Grímur hreppstjóri í kaupstaðarferð. Jón minn fór fiskafd. til ytri Langeyjar. Við Þorkell vorum að brita og bræða. Búið að hálfvinn á á túni. Tókum upp netin í þeim 2.

28. júní. Norðan garður með kafaldséljum á milli. Ég smíðaði lok og bullu í og á strokk fyrir Ólöfu á Klúku, og fór með það innum. Þorkell akaði á flatirnar úr haugum síðna í fyrra er voru á túninu. Nú er kvartað um sótt á ungu og gömlu fé. Margslags sjúkdómar hafa verið að stinga sér niður á þessum skepnum. Þetta var, og lömb víða dauð, frá 10u til 30u og þar yfir. Fer fjármissirinn á ungu og gömlu yfir allt land.

29. júní. Hæglátur og við útnyrðing. Ég var að bræða og brytja með Þorkeli. Lögðum netin og fengum 2. Sacarias* fór viðarferð, Eyjólfur í Húsavík komst á fjörðinn og sneri til baka. Sagður kominn spekúlantinn Bekk á Skagast.

30. júní. Norðna garðs vera og alltaf bestu þerrar. Ég enti við að bræða. Skaut 2 öndir. 1 skip hvað vera komið á Borðeyri og annað á ferðinni þangað. Kom lamb dautt, og 2 drukknað í stekkjar læknum. 10 dauð.

*Júlí 1848

1. júlí. Sama veðurstaða og veðurlag. Við sóttum pottana ofaneftir og létum lís á tunnu fyrir Einar háseta minn. Bikaði skyggnið við bæinn.

2. júlí. Með norðan kulldagarði og élja drögum. Kom Þórey og Ragnheiður með henni. Grímur kominn úr kaupstaðnum og sagði Bekk kominn á Reykjafjörð og eftir honum, að 3j slagurinn hefði staðið til fyrir konungi vorum. Var ei embættað á Felli, er nú verið að smíða inn án um kirkjunni í Tungu.

3. júlí. Sami norðan garðurinn og fjúkleiðingarnar. Við Þork. vorum að girða dalla. Kom Jón m. að sunnan með 4ur vættir fiska og sagði 3ja spekúlanta komin í Hólminn.

4. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða. Var komið heim 3n hnauskum og klárað við túnið. Líka fært frá með keflingu. Nú er þriðjudagur í 11u viku sumars og enginn farinn að fara á grasafjall, vegna snjóa á fjöllum og kullda. Verða lömb ei enn rekin til afrétta vegna snjóa og gróðurleysis á fjöllum.

5. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða (þó nokkuð linari er á leið og smá væta á milli.) Var nístings kuldi í vindinum og kafalds hrannir til flóans. 3r hlaðar voru heim bornir og þvegin ull. Ég byrjaði að smíða stiga.

6. júlí. Sama veðurstaða og veðurlag. Þó nokkuð linari er á leið og smávæta á milli. Við vorum að gjöra við lambhúsið, lát kýrnar í sumarfjósið og hitt og þettað að færa í lag. Ég fegli* til 10 stiga=hopt*. Kom Jón í Tungugröf.

7. júlí. Norðan gandurinn sami, enn harðari er í gær og einlægir þerrar. og frost til fjalla á hverri nótt. Við rifum hrís inní Hrófárlandi.

8. júlí. Sama veðurstaða og veðurlag. Ég enti við stigann, hann var með 10 hoptum. Stúlkurnar rifu ling. Þórey þvoði ull. Drengirnir þrifu til rudda við húsin og ýmislegt.

9. júlí. Sama veðurstaða, en hæglátari og þerrir. Jón fór út að Hvalsá. Þórey að Heydalsá. Ég að Kirkjubóli. Var ei embættað í Tungu né Felli.

10. júlí. Landsunnan hægð með smáskúrum. Ég var að gjöra við gluggann okkar. Farin að ganga kvefvesæld.

11. júlí. Landaustan hægur með skúrum er á leið. Ég bjó mig í kaupstaðinn með Sakaríasi í Heydalsá. Skar Jón veturgamla gimbur útaf áður en stað fórum. Við komumstu á miðjan fjörðinn og snérum að Smáhömrum aftur vegna vinds.

12. júlí. Sama veðurstaða og veðurlag, en hæglátari um morguninn. Við héldum á stað og komumstum í Búðarvog, vorum þar til náttmála. Þaðan héldum við að Gjögri og fengum léttir yfir firðina.

13. júlí. Vestan drífaveður og sólskin. Við héldum á móti inn í kaupstaðinn.

14. júlí. Sama veðurstaða og veðurlag. Við hölnduðum. Sleit bát frá Dansku skipinu og náðist við hólmana áður skemmdist. Átti Guðbrandur á Nesi bátinn.

15. júlí. Sama veðurstaða og veðurlag. Fór þó hægandi er á leið. Þá allir á stað úr kaupstaðnum og við síðastir. Fengum á móti hingað að Drangsnesi. Þá logn. Lentum í Þorpum.

16. júlí. Vestan þerrir og hvass, héldum heim og sóttum það nauðsynlegasta um kvöldið að Heydalsá. Var ei embættað í Tungu né Felli. Var lamb dautt í skemmunni er heim komum.

17. júlí. Vestan með þerrir, fram á miðjan dag, svo norðan stormur. Ég gerði við gluggann útaf. Jón fór út að Heydalsá og sótti á hestunum 1a ferð. Fannst flekkóttur vænn gemlingur dauður í hlíðarendalæknum. Dauðar 2r ær, 2r gemlingar og 15. lömb.

18. júlí. Austnorðan stormhvass og þerrir, en krapa hriðjur er á leið. Ver þæft í tunnu, komið heim nokkru af taði. Rekin lömbin og geldmingarnir. Lömbin sem rekin voru, voru 39. Geldingar 8a og 6 hrútar.

19. júlí. Norðan gandur, með bleytu hriðjum á milli. Snjóaði nærri í miðjar hlíðar. Við vorum að koma heim taði. Jón fór út að Heydalsá um kvöldið.

20. júlí. Sami garðurinn og útfelli allan daginn. Snjóað að nóttunni eins og hina fyrri. Voru bornir heim 5m hraukar og ent við taðið. Borið úr til sláttar í túninu á Klúku í dag.

21. júlí. Sama veðurstaða og veðurlag. Við hlóðum á húsveggina og gjörðum við skyggnið.

22. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða. Snjóaði minn á á fjöllin, þurt innsveitis er á leið, en sterkviðri útnorðan á firðinum. Við piltarnir sóttum hrísið inn í Hrófárland á 9u hestum. Nú í dag er laugardagurinn í 14. v. sumars og ég enn ei farinn að bera út til sláttar. Fyrir 3 = 4 dögum aðrir búnir. Ekki er enn orðið vart við fisk hér inn frá. Túnin eru naumlega ljáberandi.

23. júlí. Sami gandurinn, þoka í miðjar hlíðar og þurrviðri. Komu 8a. Jón reið uppað Felli, var haldin bókavals fundur á Kollafjarðarnesi, eftir embætti. Ei var ég þar til kvaddur.

24. júlí. Sama veðurstaða og veðurlag. En þurr og þokusleginn. Var nú fyrst útborið í túnið hjá mér, á brekkunni. Þórey var útfrá.

26. júlí. Sami garðurinn og þurr. Sá ei sól. Við entum við brekkuna. Kom sign. Grímur að tala u* menn að sækja borð til kirkjunnar norður í kupstað og á Gjögur, þá gæfi. Við klufum milti um kvöldið áður háttuðum.

27. júlí. Sami garðurinn, þurr og þokusleginn. Við slógum í útræktinni frá hesthúslindinni og framfyrir bæinn. Smíðuðum orf.

28. júlí. Garðurinn í afláti. Besti þerrir. Rökuð brekkan. Við piltarnir slógum í útræktinni fyrir framan sumarfjósið. Rekið járn um kvöldið. Jón í Tungug. fékk 120 af fiski í gær.

28. júlí [aftur]. Þerrir góður og við norðan. Lagði inn miðjan daginn. Ég réri með Björn í Heiðarbæ og aflaði 55. Fóru nokkrir sveitarmenn norður í kaupstað um kvöldið að sækja borð til kirkjunnar og Jón m. með þeim.

29. júlí. Við landsynning þerrir og blíðviðri. Lagði er áleið. Ég réri með Finnboga í Hb. og Guðmundi á G. Aflaði 42. Þeir komu að norðan.

30. júlí. Besti þerrir og norðan garðsvera. Var embættað á Felli. Ég gjörði við fiskinn minn. Guðmundur á Geststöðum slasaðist á ljá í neipína* á vinstri hendi við þumalfingur.

31. júlí. Norðaustan stórgarður, með þokugúlp og ganga í loftið til úrfellis. Var verið að enda við útræktina norður frá. Svo hirt af útræktinni nokkuð og brekkunni. Ég smíðaði ljá um kvöldið. Var bænarskrá send um sveitina með hraðri ferð.

*Ágúst 1848

1. ágúst. Garðurinn eins og úrfelli allan daginn. Áin varð öskumórau, Jón Þorkell, Þórey og Guðríður slógu í stykkinu, og sett otlin*, entu þau vel við hana. Ég og Þórunn slógum fram í útrækt.

2. ágúst. Sami garðurinn. Þurr til kvölds, þá suddi. Var ent við útræktina, stykkið og að mestu Breiðavallar flötina.

3. ágúst. Garðurinn sami. Þykkur og með smá vætu. Slógum í Breiðavelli.

4. ágúst. Sami garðurinn. Væta á millum. Við entum við að slá túnið á miðdags bórðun*. Nú er í ljá allt niðurtúnið og nokkuð af útræktinni. Fórum að slá í hesthúsflóanum. Jón fór inn áð Tungugr. um kvöldið. Þeir að fiska við sjóinn. Jón í T=g. skaut sel áður Jón m. kom. Þórey fór fram að Geststöðum um kvöldið.

5. ágúst. Garðurinn sami og útfelli er á leið. Snjóaði nær í miðjar hlíðar er á leið daginn. Slógu börnin í húshúsflóanum lengst af. Ég smíðaði samsuðuljá, og bjó til leddu*. Afkurstaði* nokkuð til kola. Kom Hafliði í Þorpum og dvaldi frameftir glaður og góður.

6. ágúst. Garðurinn sami. Hæglátari innfjarðar og þurr að mestu. Var embættað í Tungu í fyrstasinni í timburkirkjunni. Fóru héðan Jón, Þórey og Þorkell. Komu hér Högni og Sigurður á Heydalsá og fylgdu Þóreyju úteftir.

7. ágúst. Gundlæa* og þurr. Ég réri og fékk 58. Það var að raka túnið.

8. ágúst. Landsunnan blíðviðri og þurrt og logn. Var rakað stykkið útaf. Ég réri með Jón m. í skiptum við Bjarna á G. og fékk 47.

9. ágúst. Vestan stormur og þerrir framyfir miðjan dag, þá þykkri og væta er áleið. Við vorum að raka breiðavöll og gjörði til góða fisknum mínum.

10. ágúst. Vestan grúaður í loftið og úrfelli við og við Var ent við túnið að raka það. Líka rakað nokkuð upp og slegið í flóanum og fiskurinn festur á rár.

11. ágúst. Vindurinn snerist til norðurs, þó þurr og loft þunnur. Var rifjað á túnunum og rakaðir og bundnir 16 af útheyi.

12. ágúst. Vestan besti þerrir, en á hvass* er á leið. Ég réri og varð ei lífs var. Vorum að rifja á stykkinu og vellinum og 15 kapla af útheyi. Hirtum að mestu stykkið og 8a af útheyi. Jón m. varð veikur hastarlega af uppsölu og sótt, en batnaði aftur um morguninn.

13. ágúst. Vestan stormur með sudda skúrum á milli. Var embættað í Tungu. Fóru drengirnir, var upprakað á vellinum kvöldið.

14. ágúst. Vestan stormur og þerrir. Ég réri, aflaði 49. Var hirt af vellinum, svo slegið í veitunni og börnin veiddu 3 silunga í ánni.

15. ágúst. Landsunnan þurr að mestu. Við rérum og öfluðum 43. Var slegið í veitunni og dregið á ána og fengust 12 silungar, eitt af laxbarn.

16. ágúst. Landsunnan hægur með úrfelli á milli. Var rakað í veitunni. Við rérum og öfluðum 61.

17. ágúst. Úrfelli að öðru hverju. Sama veðurstaða. Ég gjörði til fiskinn. Börnin fóru að slá í flóðhvamminum.

18. ágúst. Landsunnan með skörpum þotum til sjóarins á milli og besti þerrir til nóns. Þá þykkri með vætu á milli. Var veitan kláruð að raka og binda úr henni. Síðan fóru börnin fram í flóðahvamm að raka. Slógu seinast.

19. ágúst. Landsunnan. hægð og blíðviðri, og þurt að mestu. Ég réri og aflaði 64 af smáfiski og stitting. Fátt roskið. Börnin rökuðu í flóðav. á 20 hest og buggu sig til Garpsdalskirkju.

20. [21] ágúst. Austan hvassviðri með þokunuðning. Sá sól á milli. Var embættað á Felli. Jón, Þorkell og Þórey riðu suður að Garpsdal.

21. ágúst. Austan garður og flæsa. Börnin heyjuðu í flóðahvamminum. Þórey útfrá. Kom séra Björn m. og dvaldi fyrir okkur hjónum allan daginn með líkræðum konu sinn ár.

22. ágúst. Meir við hátt - norður og hæglátari með þerrir. Voru bundnir 34 úr flóðahvamminum, fór og sjálfur með. Jón og Guðríður bundu.

23. ágúst. Við norðan hæglátur og góður þerrir. Voru bundnir heim 16. Alls komnir heim af útheyi 90. Við hjónin vorum heim að þurrka. Hefur 2r undanfarandi nætur verið frost, þá fyrri hvít jörðin af hélu.

24. ágúst. Norðan stormur og flæsa um miðjan daginn. Sudda skúrir ofur smáar á milli. Við byrjuðum að slá í heimri partinn. Fórum heim og hirtum af breiðavallarf. Drengirnir fóru í ána og fengu 7 silunga.

25. ágúst. Austan garður og stórúrfelli er á leið með þokugúlp. Ringdi niður 50u hálf þurrt á túninu. Við byrjuðum að slá fremri partinn.

26. ágúst. Garðurinn vaxandi. Úrfelli mikið til kl 9. f.m. Létti þá nokkuð til um miðjan daginn. Þykknaði er á leið með þokugúlp, sudda og sterkviðri. Við slógum í sama platsi* til kvölds. Klukkan vildi ei ganga.

27. ágúst. Ofsa garðurinn sami, með þoku og sudda hryðjum á milli. Ver ei embættað. Kom Þórey utan að og Guðmundur Sigmundsson með henni.

28. ágúst. Norðan stórgarðurinn þurr um miðjan daginn. Hríðin meiri er á leið og snjóaði í fjöll. Við slógum í fremri partinum til miðdags borðunar*. Eftir það í hesthúsflóanum á 5m hesta slegið og rakað.

29. ágúst. Í afláti til vestan, þurr og góður þerrir er á leið. Við slógum og rökuðum 3r kapla heima, fórum síðan fram í heimri partinn og rökuðum þar á 12 hesta heimbundna, vænan flekk og 15 föng. Konan m. og Þórunn rifjuðu allt á túninu, rúma 50. Séra Björn minn kom um morguninn með Skírni og skýringar fornyrða Páls Vídalíns.

30. ágúst. Vestan stormur og góður þerrir til nóns, þá þykkri með skúrum og kælnari. Kom ofan* í rúma 40 en hirtir nálægt 30u, úr flóanum fyrir neðan stunguna voru bundnir 10u. 112 er ég búin að útheyi heim flutt, og er það daginn eftir nýja Höfuðdag. Á engjum munu vera nálægt 60u mest í ljá.

31. ágúst. Þoka, suddi og hríð á víxl allan daginn og mesti dumbungur. Sló af ýmsum áttum. Guðmundur á Tind réri með Sveinbjörn.

*September 1848

1. september. Suddi um morguninn. Svo þurrt til kvölds og við útnyrðing. Slógum fyrir framan stóraholt undir miðdegi, þá rakað og bundið úr flóanum. 8a og 4 frá holtinu, Lítið um fisk sem stendur.

2. september. Hart frost með héli að nóttinni. Hægur og loftþunnur að deginum og þornaði lítið. Voru rakaðir og bundnir heim 20u. Við Þorkell og Guðríður rökuðum að fanga tölu, okkur útaf á 15 ½ sem ey var heim bundið. Þó er yfir 20u í ljá í fremripartinum. Fréttist drukknan Guðmundar og Tómasar í Byrgisvík, er haldið skeð hafi við landtöku. 144 komnir heim af útheyi, en 40u í föngum og ljá á engjum.

3. september. Við norðvestur hæglátur þar til á leið. Þá stormhvass útnorðan og stórhríð mestallan daginn. Átti að embætta í Tungu en varð ei vegna óveðurs. Nú hefur frést að Guðmund og bátinn hafi rekið sitt í hvurju lagi, og að brennivín muni ollað hafa slysförinni. Ég brá mér að Klúku með ½ vætt smjörs en séra Björn m. átti í láni hjá mér.

4. september. Austan hvass með sudda hriðjum er á leið. Jón og Guðríður bundu 14. Við Guðrún rökuðum, Þorkell fór með. Hún sjálf og Þórunn rifu og rökuðu upp heima. Þórey var útfrá.

5. september. Austnorðan garður með kafallsleiðingar er á leið. Voru bundir 14. Ég var að raka og þau á milli bindingar. Hún með sjálf með litlu stúlkunum, hélt við heyi heima. Svo var upp rakað nokkuð kom ofan í síðast og varð að hætta. Gránaði á fjöll.

6. september. Sama veðurlag og veðurstaða, grátt á fjöllum. Við hjónin og litlu stúlkurnar rifjuðum og rökuðum upp 16 en hirtum 24. Jón, Þorkell og Guðríður rökuðu í partinum á 14 eftir fangatölu. Kom Hafliði í Þorpum og reið fram í part til Jóns.

7. september. Frost og héla að nóttinni. Svo hægur og góður þerrir til nóns. Þá hvessti hann meira vestan, svo við gátum ei hirt vegna veðurs, og lá mikið flatt og upp rakað þurt. Gerði síðan stórviðri

alla nóttina og tætti allt bæði flata heyið og það upp rakað um allt túnið. Jón og Guðr. bundu 28a. Finnbogi léði mér 2 hesta.

8. september. Vestan stormur og þurrviðri. Fór heldur hægandi. Með blíðviðri til nóns. Þá allt í einu norðaustan sterkviðri, með bleytu kafaldshríð. Svo menn urðu gegndrepa allt í einu. Kom ofan í þurt fakið* sem eftir var og undir 40 kafla flata, flest brauð þurrt. Síðan gránaði í miðjar hlíðar og linari ókjörin. Vorum að raka og hirða frá miðjum morgni til nóns. Því allt túnið var í foki eftir veðrið, var búinn rúmur helmingur af því er rak þurfti.

9. september. Norðaustan stórgarður með bleytu kafaldi í byggðinni, en frosti á fjöllum. Þornaði síðan og gjörði góðan þerrir eftir miðjan dag. En heldur hvass og frysti eftir sólarlag. Við slógum frá hádegi til nóns, fyrir framan stóraholt, þá fórum við að rifja og raka fok til kvölds. Þessa viku* her innbundnir 56. Alls komnir heim af útheyi 200.

10. september. Við útnyrðing hægur og þægilegasti þerrir til kvölds. Ég gjör hirti sem á túninu var 46. Allt brauð þurrt. Var embættað á F. Þeir leituðu fram í dalinn. Ég heimti 19. Guðbrandur á Valshamri kom drukkinn. Þórey kom utanað.

11. september. Vestan stormhvass með hríðahryðjum. Við Þórey bundum 10 úr partinum og 10 frá stóraholt. Jón leitaði. Snjóhrapt á fjöllum.

12. september. Vestan með vætuhriðjum. Við slógum og rökuðum í partinum. Jón kom úr leitunum. Kom Guðm. S.s. með 5 lömb, gelding og gimdur vetur gamalt.

13. september. Við norðan og hægðar=dos* með sudda yrju til fjalla. Jón leitaði síðari leit og fann gelding. Við bundum 8a úr partinum. Kom Eggert í Langey og bróðir hans, fengu 8a kindur alls hér og töfðu mikið af heyvinnu fyrir okkur.

14. september. Vestan stormhvass með þingsla úrfelli frá morgni til kvölds. Við slógum í jarðfallapartinum.

15. september. Sama veðurlag og veðurstaða, en þurrari er á leið og í ákaflegur róðmi* síðast. Við slógum miðpettið* úr deginum í partinum og rökuðum á 11 eftir fagnatölu.

16. september. Við útnyrðing hæglátur með þyngsla úrfelli í byggð en bleytu kafaldi til fjalla, þar til á leið. Snjóaði þá til sjóar. Hafa úrfelli gengið í 3 sólarhringa stöðugt. Við slógum miðjuna úr deginum í partinum. Bárum svo heim orfin.

17. september. Við norðan hæglátur og loftþunnur. Sá sól á milli og fjúkleiðingar við og við. Var embættað í Tröllatungu. Fór Jón og Þórey, kom Jón á Smáhömrum og prettaði af mér kirkjuferð. Fór ég ofan að búð. Sigurður á Heydalsá sótti Þóreyju um dagsetur.

18. september. Landaustan hægur og væta að miðjum degi, þá þurrari og kældi til sjóarins. Jón og Guðríður bundu 12 vólur* úr partinum. Kom Oddur í Rúeyjum og fékk hjá mér 2 ær. Ingveldur í Heiðarbæ kom um dagsetur að leita að kúm.

19. september. Landaustan og blíðviðri. Með vætu mestallan daginn, voru ýmsir að fara til grasa. Jón og Guðríður bundu 14 úr jarðfallapartinum. Við Þorkell skárum 8a dilka. ég heimti veturgamlan gelding og hrútlamb.

20. september. Landaustan góðviðri og logn með sólskini, tók vætu af jörð um nón. Varð því ekki hey breitt. Jón batt 14 einn, Guðríður og Þórunn rökuðu eftir nón, ég gjörði við dilka kroppana og

ýmislegt. Flestir enn að róa við sjóinn, er fiskreita, og allir að hamast í að koma heyjum sínum úr engjum.

21. september. Landsunnan góðviðri, logn og væta á milli. Voru bundnir 21 úr jarðfallapartinum, Finnbogi léði hest. Tómas á Geststöðum rakaði með mínu fólki í partinum í manna skiptum.

22. september. Sama veðurstaða og veðurlag, þurrari miðjan daginn. Við Jón rérum með haldfæri og urðum ekki lífs varir. Heim komnir af úthey 289.

23. september. Sama veðurstaða og veðurlag. Stór úrfelli að nóttinn, en þurrari að deginum og hópaði sér meira til norðurst er á leið, með garsveru. Jón m. fór suður að Gautsdal eftir kindum. Þorkell leitaði að Hlíðarseli að gelding og sá hann þar. Ég var að setja í stand lóðabát.

24. september. Norðaustan gúlpur með bleytu kafaldi allan daginn, festi í miðja byggð. Ekki kom Jón að sunnan. Komu ýmsir og Jón í Tungugröf. Honum léði ég gömlu byssuna um tíma. Séra Halldór embættaði í Árnesi. Víðast eru tún full af heyi og mikið á engjum sumstaðar hvar sem til spyrst.

25. september Hægð og gott veður. Þornaði lítið, sá þó sól oftast. Ég rakaði dilka gærurnar 8a. Þorkell sótti Þóreyju úteftir. Jón kom um dagsetur að sunnan.

26. september. Vestan stormur og þurr að mestu. Við breiddum á brekkunni og útúr, rökuðum upp á henni út að húsum í lanir, hitt í föng. Lá flatt á hesthúshólnum og Sæunnarflöt, og 4 flekkir á niðurtúninu. Jón batt 16 úr jarðfallspartinum.

27. september. Vestan stórviðri með stórhríðarslembrum og hagli á milli til nóns. Þá þurrari. Ég fór að Klúku að finn á Kúld* minn. Hirtum 4 slátur. Guðmundur á Geststöðum malaði hér.

28. september. Vestan hvassviðri og stórhríð, frá morgni til kvölds. Ég var að láta inn fiskinn minn sem ég aflaði í sumar og vega hann. Hann varð núm 2 ½ .

29. september. Suðvestan hvassviðri. Þurr framyfir miðjan dag, svo úrfelli. Jón var að smíða lóðahlera. Ég hitt og þetta í smiðju. Grímur aflaði 60 í sólarhrings köstunum.

30. september. Hægur og þykkur með smá vætu, þar til á leið þá stórur* fetti* austan og hvass. Ég réri með drengjunum og aflaði 3 þoska* á þrjár lóðir.

*Október 1848

1. október. Landaustan gúlpur og úrfelli lengstaf. Embættaði séra Björn á Felli, en séra Halldór á Eyri því prófastur var sjúkur.

2. október. Sama veðurstaða og veðurlag, þurrari er á leið. Gaf mér ei fram með lóðirnar. Skar ég hrútana og voru þeir mjög aumir á mör*. Fór ég ofan að búð um kvöldið og beitti lóð eina.

3. október. Landaustan gúlpur og þurr, hægur á landi en hvass til sjóarins og forátt alltaf. Ég lagði lóðirnar um morguninn en náði þeim ekki u kvöldið. Voru breiddar hirtar 4 lanir af hey því er slegið var í 18u viku, þó er enn úti af því og full túnin af heyi hjá mér og öðrum. Skart orðin ónýt. Ég og margir aðrir eiga mikið á engjum. Nú er hálfnuð 24. vika sumars.

4. október. Landaustan stór garður, og þurr, en hratnaði* úrfellið í loftinu, heiðbirti um kvöldið. Við áttum lóðirnar fram í. Skárum 12 lömb. Breiddum 2 flekki og rökuðum þá upp um kvöldið.

5. október. Sama veðurstaða en mesta blíðviðri. Var allt breitt og hirtir 8a kaplar, hitt lá. Við vitjuðum lóðanna, á þeim voru 8a, 1 langa og 2 skötur. Um kvöldið voru á þeim tveimur er lagðar vorur 10 og 1 skata. Svo lögðum við allar að kvöldinu, við Jón báðir. Þork. fór til hirðingar.

6. október. Austnorðan stormur, og þurr. Við vitjuðum lóða um morguninn, við Þorkell og var á þeim 16. Lögðum aftur 2. Jón batt 15 úr partinum síðast, hálf fúið.

7. október. Norðanáttin, logn og þoka til hádegis, sólskin og blíðviðri til kvölds. Við Þorkell sóttum lóðirnar, á þeim 5 og 2 skötur. Jón fór suður. Voru hreppaskil haldin.

8.-12. október. Loftþunnur og þurr og blíðviðri. Emb. í Tungu, fór er til kirkju. Þann 9. 10. og 11. blíðviðri og skölæda* á milli. Lítið þornað. Þó hafa margir kasað saman heyjum sínum, úti eru þau þó hjá mörgum enn, mikið hjá mér. Þessa daga höfum við Þorkell róið með lóðir og aflað frá 15 til 20 á sólarhring. Jón kom þann 9. að sunnan og tíndi Karra. Síðan hefur hann verið að raka gærur og brytja kroppa. Þann 12. október var hann að snúa sér til vestan og hvessti er á leið með hríð. Ég lagði lóðirnar um morguninn, náði ekki um kvöldið. Var þá allt upp rakað og nokkuð hirt.

13. október. Vestan hvass með hryðjum framan af, en þurr er á leið og sterkviðri. Tætti galta og lanir um allt túnið, og ekki varð neinu bjargað. Kýr inn teknar. Nú er vika til vetrar. Hjálmar og Markús héldu brúllaup sitt. Lóðirnar eru frammi enn.

14. október. Vestan stormur og þerrir allan daginn. Vorum við að raka og bera saman allan daginn hey og fok í gallta. Túnið var allt í foki eftir veðrið. Gátum við ei komist til lóða vegna annríkis, fremur en kælu.

15. október. Norðan hvass og þurrviðri. Kastaði úr éli miðjan daginn. Fór ég að vitja lóða og komst á miðja leið. Embættða í Tröllatungu.

16. október. Norðan og í afláti hægur. Ég vitjaði lóðann. Voru þær allar í bogga við bæði bát en hálf önnur í burt. Á þeim 4 drættir. Sígandi frost.

17. október. Logn og loft þunnur, sígandi frost. Ég lagði 2 lóðir, tók þær upp, á þeim 15. Lagð svo aftur. Jón m. var heima og skar 7 lömb.

18. október. Vestan hvass með kafalds hrakning til Fjalla. Gat ég ekki vitjað lóða. Ég hjálpaði til að hvolfa skipi Andrésar um leið og ég festi upp fyrri dags aflann. Drengirnir brytjuðu lamba kroppana.

19. október. Vestan hvass með suddaskúrum á milli. Gaf mér ekki til lóða. Eg steypti högl allan daginn, drengirnir rökuðu gærur. Kom Gunnlaugur á Valshamri.

20. október. Norðan stormur hæglátur innfjarðar. Ég náði lóðum, þær í sundur, enn ekkert farist, á þeim 3 kindur og 3 skötur. Við fórum í land og vorum að greiða allan daginn lóðirnar. Lögðum síðan um kvöldið. Jón fór strax og við lentum um morguninn að leita 4a lamba og fann þau.

21. október. Stormur austnorðan og garðsvera. Við Þorkell vitjuðum lóða, þær í sundur og mestallar í bobba og þar í lóðin er ég missti. Á þeim 10 kindur og 1 skata. Við vorum allan daginn að greiða flækjurnar. Jón skar 6 lömb. Kom Jakop söðlamakari. Lítið frost að nóttinni. Hafa nú verið góðviðri í 3 vikur.

22. október. Blíða, logn og þokuhula í lofti til kvölds. Var embættað á Felli. Kom Sakarías að gjöra við klukkuna, að láta hana hringja rétt og lukkaðist ekki. Jón fór inn að Hrófá og spyrja að blí*. Ég með smjörið ofan í búð.

23. október. Líkt veður að öllu, þó meiri impríngur í áttinni til norðan. Ég lagði 2r lóðirnar um morguninn, á þeim 4 kindur og 2 að kvöldinu. Gjörði bátskeip. Þórey kom um kvöldið.

24. október. Norðan garður, linu kafaldi og ísing framan af. Svo hart frost og kafald er á leið. Vöntuðu 3 ær og fundust ekki. 2r lóðirnar mínar lágu frammi. Kom Jón á Smáh[ömrum] og Sigurður á H[ey]d[als]á.

25. október. Norðan hart frost og kafald. Ask* er á leið. Lá inni, fannst er vantaði. Lóðirnar frammi, ég fór ofan að búð að gæta að fiski.

26. október. Norðan með frosti, kafaldi. Samt var fé úti. Lóðirnar frammi. Við vorum að saga í og búa undir ytri hurðina fyrir fjósið.

27. október. Norðan hvass með þéttu frosti og skafrenningskafaldi. Kindur inni nótt hverja. Komnir skaflar í brekkuna, ofan að sjó, en ákjósandi jörð frá fjöru til fjalls. Við smíðuðum og létum hurðina með járnum fyrir fjósið. Kom Halldór í Vonarholti og varð um nóttina. Lóðirnar frammi.

28. október. Austnorðan steitingur, frost og hreinviðri. Lóðirnar frammi. Drengirnir voru að saga. Jón gjörði að kláf um morguninn.

29. október. Logn, heiðbirta og frost. Ég vitjaði lóðanna sem legið höfðu í viku, og náði gr*unn niðri stöðunni og 20 önglum, hitt allt farið. Ég var að leita allan daginn með sjónum og fann ekkert. Embættað í Tungu.

30. október. Vestan hvass með þokurruðning og sudda skúrum. Leysti mikið. Gaf ei að slæða lóðirnar. Voru drengirnir að saga fyrst, Jón þæfði peysu fyrir mig, Þorkell fló 2 kálfa. Ég tók inn hrútana og bjó um þá.

31. október. Vestan hvass og þíðviðri, með sudda. Austan er á leið með sudda og þoku. Varð ei lóða vitjað. Voru drengirnir að saga framan af.

*Nóvember 1848

1. nóvember. Við norðaustan hæglátur, sígandi frost og þurrviðri. Við leituðum lóða og fundum djúp niðri stöðuna með bogjunni og 11u öngla við. Meira fann ei slæðan Eyjólfs. Við fórum svo uppá grunn inn af Mannsbrún og fengum 20 á haldfæri.

2. nóvember. Norðaustan steitingur með frosti og kafalds éljum framundir miðjan dag. Þá hægri, fjúklaus og sólskin. Ég sótti allan fiskinn minn ofan eftir. Drengirnir mokuðu smáhaugum á túnið.

3. nóvember. Við útnyrðing, hæglátur til nóns, frost og korgur í lofti. Hvessti er á leið. Vestan með lítilfjörlegum fjúkslitring. Ég réri með Þorkel og aflaði 7 þorska. Jón makaði á völl, leitaði kinda og fann ekki.

4. nóvember. Vestan hvass með þoku ruðning og sudda. Auð jörð uppá fjöll. Bar Dína. Kom Jón frændi Þórðarson og varð um nóttina.

5. nóvember. Hreinviðri og frost, kældi í austan er á leið og bar í loftið. Við hjónin fórum til kirkju.

6. nóvember. Útnorðan stórofsi með öskukafaldi og þéttu frosti til hádegið, þá kafaldsminn á svo kindur fóru út. Vantaði 5 um kvöldið áður og kom það smátt og smátt, í og eftir mesta kafaldið. Við leituðum til forgefins* að kindum þessum í öskunni.

7. nóvember. Norðvestan steitingur, hreinviðri og frost, þó linaðist það er á leið. Við skárum 10 ær, í þeim 4 ½ fjórðungar. Kom Jón frændi Þ.son, aftur frá Hamri og varð um nóttina.

8. nóvember. Vestan hvass, með þoku og sudda. Jón frændi var hjá mér og smíðaði reislulegg og lykilhald. Kom Margrét systir og Markús með henni, hún varð um nóttina.

9. nóvember. Sama veðurlag og veðurstaða. Jón fór héðan, fylgdi ég honum að búðinni. Léði honum byssu. Margrét fór að Geststöðum. Vantaði helminginn að kindunum.

10. nóvember. Sama veðurstaða og veðurlag, en jafnhægri og þurrari. Var borið á völlinn. Þorkell smalaði, vantaði 12. Kom ein heim dýrbitin og veturgamall geldingur haltur. Jón á Klúku lagði hér á stein.

11. nóvember. Vestan sterkviðri og þurrt. Fundust kindurnar. Guðm. S.syn var hér um daginn að leggja á og smíða hníf.

12. nóvember. Sama veðurstaða og hæglátari, þykkur með skúrum á milli. Margrét systir fór héðan, eftir 3a daga veru og Jón með henni. Þorkell fylgdi Þóreyju að Kirkjubóli. Hún fór að Heydalsá.

13. nóvember. Hreinviðri og frost, vestan steitingur er á leið. Við Þorkell rérum og slæddum eftir týndu lóðunum og fundum ekki. Fórum svo uppá grunn og drógum þar 12. Jón bar á völl.

14. nóvember. Vestan hæglátur og þíðviðri. Hvessti er á leið með þéttum skúrum. Við renndum með haldfæri og fengum 5m. Lögðum haukalóð*, svo í land.

15. nóvember. Austan steitingur með þokukafaldi og frostlítið. Lítilfjörleg ísing um morguninn. Stytti upp fjúkið um kvöldið með hægð. Við sóttum haukalóðina. Ekkert á henni. Reyndum með haldfæri og urðum ei varir.

16. nóvember. Austan hæglátur en frostlítið og fannfergju kafald allan daginn fram á nótt. Var snjór drifin í sokkaband jafnt yfir allt. Allir réru, utan ég. Ég hvolfdi bát mínum og gjörði að færunum.

17. nóvember. Norðan stormur og fjúk. Fóru kindur ei út mest fanndýptar, nema geldingarnir. Ég var að gjöra við húsunum og smíða hníf úr þél*.

18. nóvember. Norðaustan steitingur með frosti og kafaldi. Þó voru kindur út látnar og ekki gefið. Var drífsnjór í hné og sokkaband far sem grynnst var í byggðinni, en skóf af til fjalla dálítið. Var skorin dýrbitna ærin og halti geldingurinn. Þeir að afla á lóðir inn frá, frá 50 til 30. Ég hef ei getað róið. Sagt var lát Jóns Einarssonar að vestan, sem varð að bana byssa.

19. nóvember Norðaustan hvassviðri og frost með ágangs kafaldi, stórmold er á leið, ókleyft um jörðina að fara. Kindur úti undir úthall, nokkuð þá gefið. Fór ég ofan að Búð og Kirkjubóli, svo að Klúku, þaðan um dagsetur, í moldinni mátti hafa mig við að rata. Ei embættað.

20. nóvember. Sterkviðri með norðaustan stórkafaldi og frosti. Tók alla fönn burt ofan að láglendi. Fóru kindur ei út.

21. nóvember. Sama veðurstaða og veðurlag - jafnhægri. Kindur út látnar litla stund. Jón gerði úti, Þorkell saumaði skinnklæði, ég stipti kerti og ýmislegt.

22. nóvember. Norðaustan stormur með frosti en fjúklítill, svo kindur voru lengst af úti. Flestir réru með haldfæri. Við fórum ekkert. Voru drengirnir að semja skinnklæði.

23. nóvember. Stormur útnorðan til fjörðirins og fjallanna, austan til Flóans og loftþunnur, sígandi frost. Við rérum og fengum 27 á haldfæri. Jörðin nóg sem stendur upp á hæstu fjöll.

24. nóvember. Við útnyrðing hæglátur, þétt frost og hreinviðri. Við rérum með haldfæri, fengum 5 á Kirkjubóls bruni, þaðan fórum við undir Skarfakletta, svo inn að Hólsgrunn og fengnum ekkert. Þaðan útá Oddagrunn, um sólarlag og fengum þar 21. Vorum þar til dagseturs.

25. nóvember. Austan hvass, sígandi frost og fjúklítið, þar til um kvöldið gjörði slitring. Við Jón gjörðum til fiskinn og festum allt upp, bárum slóieð* fram eftir.

26. nóvember. Norðlægari og frost meira, líkt hvass en meira kafald allan daginn. Kindur fóru út síðari partinn, var ei embættað.

27. nóvember. Austan hvass með frosti og kafaldi. Þó fóru kindur miðjan daginn. Drengirnir voru að sauma sér skinnstakka, ég rakti, hnýtti á og sneri 66 öngultauma og eirlitaði minn skinnstakk.

28. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi. Þó voru kindur úti lengst af. Drengirnir voru að enda við skinnstakkana sína og söguðu 9u álnir.

29. nóvember. Útnorðan með frosti, en kafaldslítill. Við rérum með haldfæri og fengum 18.

30. nóvember. Vestan hvass og þétt frost með skafmold, en ekkert ofankafald. Drengirnir söguðu 15 álnir, enduðum 3 kubba um leið. Kom Bjarni á Geststöðum að biðja um mjólk, Guðm. S. staðar með á, Einar í Heiðarbæ eftir kút*. Kindur út látnar, inn er á leið. Hafa nú gengið frost og kafald meir en hálfan mánuð, algjörlega inni staðið einn dag. Jörðin alltaf góð.

*Desember 1848

1. desember. Norðaustan með frosti og kafaldi, voru kindur út látnar. Ég var að efna til aðra skyggnishurðina og Þorkell með mér. Jón var að þæfa, Tómas á Geststöðum malaði.

2. desember. Háttnorðan sterkviðri, með frosti og megnu kafaldi að nóttinni og framundir miðjan dag. Þá nokkuð sljárri. Kindur út látnar undir kvöld. Ég setti saman aðra skyggnishurðina. Drengirnir söguðu hálfan kubb. Jón skaust ofan að Kirkjubóli, eftir 4? af kaffi til Guðmundar Sigmundssonar og gæta að dráttum í hjöllunum.

3. desember. Landaustan stórviðri, frostlaust og þurt, þámaði mikið í, kindum ekkert gefið. Kom Óli og Guðmundur á Geststöðum. Jón minn fór út að Heydalsá, kom ekki Þórey, búin að vera út frá nú samfleyttar 3 vikur. Var ei embættað.

4. desember. Stórviðri landaustan, sígandi frost og þurrt. Ég fór ofan að Kirkjubóli að gjöra út um kýrkaupin við hreppstjórann fyrir hönd Guðmundar á Geststöðum. Drengirnir söguðu hálfan kubb.

5. desember. Austan stormur, frost og hreinviðri. Ég smíðaði járnin, lét þau á hurðina og kom henni fyrir skyggnið að norðanverðu. Drengirnir voru við og við að saga, kom Guðmundur á Geststöðum eftir kofu og betalaði 10 sp í henni, um leið.

6. desember. Sama veðurlag og veðurstaða. Við rérum inn á Húsavíkurgrunn og urðum ekki lífs varir. Fórum með skötuslæð fram eftir með okkur, en sóttum annan í tunglskininu í fyrra kvöld.

7. desember. Sama veðurstaða og veðurlag. Ég smíðaði fremri skyggn hurðina með járnum, lí* kringum hana og kom henni á og báða snerlana.

8. desember. Sama veðurstaða og veðurlag. Ég var að smíða krókana á skyggnishurðirnar og koma þeim á. Drengirnir söguðum kubb.

9. desember. Sama veðurlag og veðurstaða. Fréttist um hafísinn fyrir ströndum og við Ísafjarðardjúp. Við fórum inn áð Hellu og Sandnesi.

10. desember. Sama veðurstaða og veðurlag. Nema hægur norður í Flóa. Kom Óli á Heydalsá með Blesa til fóðurs. Fór Jón út að Heydalsá og var um nóttina. Séra Halldór embættaði í Árnesi og syngja yfir séra Guðmundi S. þar.

11. desember. Útnorðan stormur, sígandi frost og hreinviðri. Ég var að láta stallfjalir og gjöra við hesthúsið allir, réru aðrir og reita. Drengirnir sóttu skot á hryggina á sleða. Kom Borgamagnús.

12. desember. Við landaustan hæglátar og frostlítill með fjúkhralldri*. Við rérum með lóðin 3 og fengum 1 ýsu. Nú uppi dagstæðan mánud. hafa verið austan og norðan áttir með kaföldum, frostum og hreinviðrum. Jörðin samt alltaf nógur upp á hæstu fjöll.

13. desember. Landaustan stormur til sjóarins, en hægur á landi. Kældi sunnan um kvöldið. Þíðviðri og væta að öðru hverju um daginn, ég var að gjöra við fisk minn heim, drengirnir stokkuðu lóðirnar.

14. desember. Útnorðan með kafaldi um morguninn, en byrjaði kl. 4 e.p. miðnætti. Frosthægur og fór batnandi. Kindur út látnar. Drengirnir voru saga í reykháfa. Kom Guðmundur á G. með sagarblað er ég lagfærði.

15. desember. Suðvestan stormur með éljum á milli og sígandi frost. Við Jón fórum inn áð Sandnesi að sækja riffil og var hann ei búinn. Fengum barning til baka. Lentum í Naustavík.

16. desember. Við sunnan í áttinni, frost, hreinviðri og logn. Við fórum inn í fjörð í selasnuður, fengum ekkert. Skaut þó tvisvar, fyrra sk með kúlu, hitt með höglum. Þar var Jón Eyjólfsson og Jón á Sandnesi, fengu ekkert.

17. desember. Hreinviðri hægð og þétt frost. Gekk upp til garðs er á leið. Embættað í Tungu.

18. desember. Landsunnan hvassviðri og þíðviðri framyfir hádegi. Þá sunnan og leysing þó þurrt. Ég var að slá til skutla. Drengirnir að sverfa þá. Jón í Tungugröf að steypa hér högl.

19. desember. Sunnan stormur, þurrviðri og lítið frost. Ég var að smíða kastrá fyrir Guðmund Sigmundsson á Kirkjubóli og gjöra við byssur mínar. Drengirnir hagrættu bátnum í Naustavíkinni og sóttu lóðirnar og öll færin út að Búðinni. Jörðin hrein og góð uppá Fjöll.

20. desember. Sunnan hæglátur með miklum hryðjuskúrum þartil framá miðjan dag. Þá sterkviðri með stórhríð. Síðast þurra fjúk og frost. Linaði nokkuð ofsann. Við fórum inní fjörð í skotsnuður. Sáum ei sel. Lömdum út að Sandnesi og fillti í lendingunni. Vorum þar um nóttina.

21. desember. Sauðvestan stormgola, frost og hreinviðri. Við gengum út að Hellu um morguninn. Svo innum allan fjörð, sáum engvan vöðusel. Lentum í Naustavíkinni.

22. desember. Sunnan hvass, þíðviðri og þurrt. Ég var að gjöra við langviðarsög fyrir Björn minn á Klúku. Drengirnir sóttu byssurnar ofan í Naustavíkina og gáði að í hjallinum út frá.

23. desember. Háttsunnan sterkviðri með úrfelli á millum. Jón sótti skötulifur ofan í Búð. Ég sló til bekutitt* fjaðrir og 1 legg. Var hleypt til, gengu 10.

24. desember . Suðvestan hvassviðri með úrfelli á milli. Var ei embættað. Bládeyða uppá fjöll. Fórust í snjóflóði 6 hestar á Mókollsdal nú á aðventunni, og reiðhesturinn séra Halldórs í Tröllatungu fannst milli veturnótta og aðventu.

25. desember. Suðvestan stormur, frostlaust og þurt, embættað í Tröllatungu.

26. desember. Vestlægur hægðar stormur, heiðbirti og sígandi frost. Var embættað í Tröllatungu, fór ég, Jón, Guðríður og Gunna.

27. desember. Vestan hvass með fjúkslitning og sígandi frosti. Var lítið gjört. Kom Margrét í Húsavík og Ingveldur í Hb. með henni. Jón sótti skötulifur ofan eftir, Þorkell hestana, þeir þá fyrst innlátnir.

28. desember. Vestan hvass með hagls og bleytu hryðjum á milli. Varð lítið gjört, nema bygja á hnífa. Kom Einar frá Gautsdal að fá flutning að Kleifum, til vöðu og vistar.

29. desember. Vestan steitingur með éljum á milli og sígandi frosti. Sletti nú fyrst, dálítið ofan í þítt. Drengirnir söguðu selju kubb. Ég gjörði við hrútahurð og skúraði byssulása. Kom Guðrún í Heiðarbæ. Tómas á Geststöðum malaði.

30. desember. Austan hæglátur úr og kafalds dimma allan daginn. Frostlítið. Kældi er á leið. Við hvolfdum bátnum í Naustavíkinni. Jón þaðan upp að Þiðriksvöllum, ég út að hjöllum og lét allan fiskinn inn í Búðina.

31. desember. Hæglátur austnorðan með sígandi frosti og ísingsþokufjúki til kvölds. Embættað á Felli.

1849

*Janúar 1849

1. janúar. Vestan steytingur með fjúki og skafkafaldi til fjalla, en hægur undir rökkur til sjóarins. Ég sneri færi fyrir Guðmund á Hb. Kom Þórey frá Heydalsá og Sigurður með henni. Hefur hún verið þar samfleytt í 7 vikur.

2. janúar. Norðan stormhvass með fjúkslitring og frosti. Þeir voru að streyma í Félagsfundinn, sem haldast á að morgni*. Ég kyrr heima. Smíðað stórt austurtrog.

3. janúar. Við norðan hæglátur, hreinviðri og hart frost. Við fórum í selasnuður. Sáum ei sel en nóg af háhyrningum. Rerum til þeirra fyrir inn án Kleifa. Skaut þar kúlu á miðja háhyrnu, hún sökk og brákin uppaf og allir lögðu með krafti til hafs. Félagsfundurinn haldinn. Fréttist andlát prófastsins Búa á Prestbakka. Haldið kvígunni Glámu um kvöldið.

4. janúar. Norðaustan hvass hreinviðri og hart frost. Var ei útlátið. Jón þæfði, ég gjörði við skutla. Malaði Bjarni á Geststöðum. Jón með kominn fram eftir og varð þar um nóttina. Jarðir nógar.

5. janúar. Austnorðan hvass með hörku frosti og hreinviðri. Ég smíðaði skutul. Jón fór fram að Hlíðarseli um kvöldið. Ætlaði þaðan að morgun suður að Garpsdal.

6. janúar. Við sunnan í loftið, frostlítið, smáfjúk og hvítalogn. Fóru allir inn í Fjörð að leita að vöðunni. Sáust fáir selar út á firði, óhöndlandi fyrir styggð. Enginn fékk neitt. Ég var með Finnboga og Óla.

7. janúar. Við landsynning austan til sjóarins, með frostlinju kafaldi, að hvurju öðru til kvölds. Jón fyrir sunnan. Fæddist Finnbogi Björnsson á Klúku.

8. janúar. Landsynningur til loftsins en útnorðan til sjóarins. Með fjúki öðru hverju, sígandi frost er á leið. Ég var að smíða skutla. Jón fyrir sunnan.

10. janúar. Við sunnan, log*, frost og fjúk dimmu fram á miðjan dag. Við rérum allir. Engin vaða. Ég skaut til sels á jaka í rökkrinu og missti hann. Dínu haldið. Hjálpaði Finnbogi þar til.

Mér gleymdist að skrifa næst liðinn dag, sem var sá 9d. Verða svo 10d fyrri. Þá var mikið hart frost, hreinviðri og storm hvass austnorðan. Ég fór ofan að Kirkjubóli með bréf sem áttu að fara í Skagafjörð, og rá, færi og skutul til Guðmundar S.sonar. Ég mætti Jóni í Tungugröf á gáttinum*. Jón kom að sunnan.

11. janúar. Við sunnan í áttir, hæglátur austan í Flóann. Útnorðan andvari á firðinum. Hart frost og hreinviðri. Við Guðmundur gengum upp á Bungu og sáum engvan sel. Ég fór inn á fjörðinn undan Húsavík og sáum nokkra sela, ljónstygga.

12. janúar. Landsynnings tróningur, mikill í loftinu og kafalds dimma allan daginn, með þoku og sígandi frosti. Útnorðan að storminum. Ég smíðaði skutul og hálfan reykháf. Þorkell einlitaði 2 hrútskinn. Jón að saga í skutla, efna til í ask.

13. janúar. Útnorðan hvass til sjóarins, hér hæglátur með kafaldi, sá þó til fjalla. Kom Jón í Tungugröf, Smíðaði ég skutul handa honum og annan. Drengirnir voru að efna til í aska. Hefur staðið inn í 2 daga.

14. janúar. Vestan stormur. Skaffjúk til fjalla en lítið í byggð, og loftþunnur með sígandi frosti. Jón fór fram að Arnkötludal að sækja buxur. Var ei embættað. Var fastalæsings* mikill og jarðlaust vegna fanndýptar. Sást ei vaða. Ég fór yfir að Klúku.

15. janúar. Landaustan stormur og frostlaust, fjúklaust. Ég smíðaði 18 nagl. Smíði fjós sleðann. Enti við reykháfinn.

16. janúar. Landaustan stórgarður með megnu kafaldi en frostlítið. Sneri sér til vesturs með kafaldinu kl. 6 e.m. Hestar með harðfylgi úti. Ég var að smíða eldhússtromp. Drengirnir að smíða aska.

17. janúar. Norðan með frosti og stór kafaldi. Fóru ei hestar út. Ég var að smíða saum í reykháf og setja hann upp. Drengirnir gjörðu í húsunum. Þorkeli varð illt af köldu. Jón sendur að Heiðarbæ að fá lýsi. Þetta var miðvikudaginn næstan fyrir þorra. var ég þá ekki búinn að fá 1 kóp með byssu eða skutli frá því um næstliðið vor og ekki búinn að sjá eitt hrot af vöðu. Hún sögð mikil á Hrútafirði.

18. janúar. Stórgarður austan með hörku og stórkafaldi. Ég smíðaði bryggjurnar á reykháfana. Jón gjörði allt úti. Þorkell var hálfvesæll. Tókum inn um kvöldið báðir.

19. janúar. Norðaustan steitingur með frosti en kafaldslítið. Ég smíðaði nál og 26 af sáum í strompana, og setti á þá bryggjurnar. Jón sótti lýsi að Hrófá.

20. janúar. Suðvestan bloti, fjúk er á leið og sígandi frost. Ég sló til tein á prjóna. Sveinn á Geststöðum malaði. Jón fram að Arnkötludal og varð þar um nóttina. Þorkell vesæll.

21. janúar. Við útnyrðing, hæglátur með sígandi frosti og fannfergju allan daginn. Ég gjörði einn úti. Ekki embættað.

22. janúar. Við útnyrðing, hæglátur, hart frost og hreinviðri. Sá ég fyrst hrot um miðjan daginn hjá Reykjanesinu, fór enginn. Kom Jón frá Hrófá með 4n sc? af kaffi og Jón í Tungugröf með honum. Ófærð mikil, landlaust af fanndýpt fyrir kindur, snöp fyrir hesta í rétt góðu.

23. janúar. Norðan hæglátur, hart frost og hreinviðri. Við rérum allir til vöðuhrotsins, hjá Reykjanesinu í fyrsta sinni. Það ljónstyggt. Enginn fékk neitt. Jón á Hafnarhólmi og Björn Sveinsson fóru út í ey. Þetta var þriðjudaginn fyrsta í þorra. Guðmundar Böðir* frá Vonarholti var hér um nóttina.

24. janúar. Hæglátur innfjarðar en hvass til hafsins. Norðaustan þoka í lofti með smáfjúki á milli og sígandi frost. Við fórum allir til vöðuhrotsins inn á firðinum undan Kleifum, það ljónstyggt. Enginn fékk neitt. Þórey í Heiðarbæ að prjóna buxur.

25. janúar. Austnorðan hvassviðri, kafaldsslitrur og hörðu frosti. Jón sótti naut fyrir Glámu, hún gekk upp og Björn í Heiðarbæ með honum. Ég gerði í húsunum. Þorkell hálfvesæll, Þórey niður frá.

26. janúar. Austan steitingur til sjóarins, en hæglátur á landi. Loftþunnur og hart frost. Við Jón gjörðum í húsunum og söguðum í skíði. Ég smíðaði eitt þeirra, kengina í það og beigði. Fór ég að Klúku að leita Þorkeli lækninga, hann vesæll. Þórey niður í Heiðarbæ við buxnaprjónið.

27. janúar. Austan stormur, þámað loft og sígandi frost. Fóru flestir fram á fjörð að líta til vöðu. Ég fór ofan á Sjónarhól. Sá öngvan sel, svo heim.

28. janúar. Suðvestan hvass og bloti. Ég tók inn niðurhreinsandi, og verkaði vel. Þorkell jafnskárri. Þórey kom frá Heiðarbæ. Var ei embættað.

29. janúar. Suðvestan bloti, stormhvass með kafaldi er á leið. Ég svarf 2 skutla. Jón gjörði úti. Andrési í Gautsdal sigldi norður. Við Þorkell hálfvesælir. Lá Þóreyju við yfirliði um kvöldið.

30. janúar. Útnorðan steitingur og fannfergja að nóttunni og fram á daginn, þá minn á með þéttu frosti. Jón gjörði úti, ég efnaði til í lár, en Þorkell smíðaði. Fór ég að Klúku, að kaupa dropa handa Þórey og niðurhreinsandi hand Þorkeli. Hún nokkuð skárri. Ég hálfvesæll eftir inntökuna.

31. janúar. Suðvestan stormur og skaffjúk er á leið, en loft þunnur og þétt frost. Ég gekk upp og sá lítið hrot ljónstyggt undir Reykjavíkina. Fór Jón í Tungugröf þangað og Sæmundur er á leið, aðrir sátu heima. Ég setti skíði í stand handa Jóni.

*Febrúar 1849

1. febrúar. Sunnan hvassviðri og stórbleytu hríð, útsynningur er á leið. Jón gjörði úti, ég meitlaði tennurnar á langviðarsögina. Meitlaði flettusög í sundur í grindarsagir handa drengjunum. Jón tenti sína og samdi grindina á hana. Þorkell var að setja upp kollu. Við lýsislaus. Jarðlaust af fanndýpt og áfreða.

2. febrúar. Vestan megnis útsynningur allan daginn, þó verri er á leið. Sígandi frost. Gjörði Jón úti. Ætlaði til lýsis útvega, en varð að hætta. Ég var að sverfa meitluðu tennurnar í tvískeptunni og smíða grind á sög fyrir Jón.

3. febrúar. Vestan hvass með stórmold og frosti. Jón gjörði einn úti. Ég var að efna til grind á sög handa Þorkeli og spinn á hrosshár.

4. febrúar. Hæglátur, loftþunnur, þétt frost og við útnyrðing. Kom Jón Þórðarson frændi minn með byssur og tók riffilinn sinn aftur. Jón minn fór út að Smáhömrum að fá lýsi. Sést engin vaða og enginn búinn að fá einn vöðusel enn, er nú mið-þorri. Kom Jón í Tungugröf með dragsmiðju. Embættað í Tungu.

5. febrúar. Sunnan stormur og þíðviðri undir nón. Þá linjufjúk og hvassari. Tómas á Geststöðum og Jón minn þæfðu í tunnu. Ég setti í stand tvískiptuna og sagaði 8a álnir með Þorkeli.

6. febrúar. Við vestan hæglátur með fannspýju undir hádegi, þá megnis útsynningur til kvölds. Frostlint. Við söguðum 3 fjalir af kubb og tödum* hámp* í stórblöð*.

7. febrúar. Sunnan og landsunnan með bleytu kafaldi að ofan, við og við, minn er á leið og hægri. Ég setti tanga á langviðarsög fyrir Finnboga. Fór síðar að draga í prjóna og tókst það ekki því töngin var stöm í kjaftinn.

8. febrúar. Útnorðan steitingur með kafaldi og hörðu frosti. Kom Friðrik á Hellu og varð um nóttina. Háhyrningar alltaf inni, sést enginn vöðuselur.

9. febrúar. Austan með stórkafaldi, hvass og hart frost, hægði og heiðbirti um kvöldið. Svo litla stund vestan skafmold. Þá stóraska útnorðan með hörðu frosti.

10. febrúar. Stórmold með hörku frosti útnorðan, svo fyrir miðjan dag kafaldslaus og hægur, síðan birti úr lofti af vestri og hvessti með skafmold. Ég varð að skemma hurðina fyrir skyggninu, að komast út. Mokuðum við Jón, allan snjó, frá húsglugganum að norðan verðu fram undir hjall, uppfyrir miðja veggi, og var það mikið tak. Kom Hafliði í Vatnshorni og varð um nóttina.

11. febrúar. Vestan sterkviðri með stórhríð og skóf skaran, áin og allt beljandi fram. Hafliði varð aftur, átti að embætta á Felli. Presturinn fór upp eftir í gær.

12. febrúar. Sama veðurlag til hádegis, þá útsynningur. Síðast frost. Lá áin á löndum og víðast búin rífa sig til gruns. Skemmdi lækurinn veituna og skriða féll úr Miðskálarlæknum sem skemmdi. Kom upp jörð, en skemmdist. Hafliði fór héðan.

13. febrúar. Storm hvass vestan, með kafaldi allan daginn og sígandi frost. Kom Guðbrandur á Valsh. [Valshamri]

14. febrúar. Vestan hæglátur og fjúklítill með sígandi frosti. Var logn og ís um allan fjörðinn. Þrennir af ströndinni voru í skotsnuðri, sást engin vaða. Ég fór ofan að búð að gæta að dráttum þar inni, og óð ána sem búin var að rífa sig í grunn. Kindum út hleypt, eftir 5m vikna inni stöðu. Þorleifur í Hlíðarseli búinn skera 6 lömb og er nú að koma fyrir.

15. febrúar. Norðvestan bleyta að nóttinni, svo hvassari að deginum með heiðbirtu og frosti, skafmold til fjallanna og þykkur í norðri. Var líka að ganga í sjóinn. Ég var að gjöra við dragtöng og sprakk hún við dráttinn. Kom Eyjólfur í Húsavík og Guðm. á Gest.

16. febrúar. Útnorðan þykkur með frosti og kafaldi. Ég fór að grípa í að snúa lóðartauma og sneri 12.

17. febrúar. Útnyrðings steitingur, hart frost, hreinviðri. Vaðan stygg, enginn fékk neitt. Ég sendi Jón að Hellu eftir lýsi og upp í Þiðriksvalladal að fá hnappa.

18. febrúar. Við útnyrðing hæglátur, hart frost og hreinviðri. Sá ég vöðuna um miðjan daginn. Kom Guðmundur Sigmundsson og Guðm. á Gest. Nú er sunnudagur fyrstur á Góu, enginn enn búinn að fá sel.

19. febrúar. Áhlaups kafald norðan með hörku frosti. Kl. 7 f.m. og hélst allan daginn. Við Jón ætluðum til vöðu um morguninn og komust inn að Klúku, og biðum þar til dagmála. Því áin var ei fær nema undir melshornið. Ég snéri 48 öngultauma. Þorkell smíðað kistil.

20. febrúar. Norðan steytingur með hörku og svælings kafaldi. Flestar víkur fullar af mold. Ég sneri öngultauma, Jón fléttaði tagl. Þorkell setti upp ask.

21. febrúar. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég sneri 64 öngultauma. Drengirnir smíðuðu aska.

23. febrúar. Meira vil útnorðan, harka og kófkafald. Ég varð snúa öngultauma. Drengirnir að s. aska.

24. febrúar. Sama veðurstaða og veðurlag. Ég sneri öngultauma. Jón fléttaði reiptagl. Þeir bræður smíðuð sinn lóðastokkinn hvur. Tómas malaði.

25. febrúar. Sama veðurlag. Fóru í vöðuna. Torfi og Jón frá Kleifum fengu ekkert. Og Guðmundur frá Kirkjubóli, hann fékk sel. Aðrir fóru ekki.

26. febrúar. Sama veðurstaða og veðurlag. Embættað af Felli og sungið yfir barni frá Steinadal. Jón m. fór uppað Þiðriksvöllum og kom um kvöldið. Halldór í Vonarholti og Björn í Berufirði komu með sleða að sækja töðu að Klúku. Vað Guðmundur bróðir minn hér um nóttina. Hann var með Halldóri og líka var hann, hinn hans.

27. febrúar. Austnorðan hvass með hörku og kafaldshriðjum. Við Jón sóttum fisk og höfuð á sleða ofan í búð. Halldið er þetta hafísrek.

28. febrúar. Sama veðurstaða og veðurlag. Jafnmeira kafaldið. Varð lítið gjrt nema þjónað skepnum.

28. febrúar. Með vilja skrifað þannig. Norðvestan steitingur með kafkafaldi til fjalla og brunafrost. Skelldi á stórösku kafaldi vestan um dagsetrið. Allir fóru í vöðusnuður útí ey, ég fór inn á fjörð að hroti milli Hellu og Kleifa. Náði þar kóp. Renndi síðan að Hellu um miðjan dag og varð þar 2 nætur. Aðrir fengur ei sel.

*Mars 1849

1. mars. Stór aska vestan með hörku allan daginn.

2. mars. Útnyrðingssteitingur, hart frost og hreinviðri. Við fórum inn á Hellu í vöðuna og allir. Hún mikil og ljón stygg. Ég fékk kóp. Jón Eyjólfsson annan, hinir ekkert.

3. mars. Hægð með fannmoki, svo í sokkaband var komið á nóni. Birti þá upp með sunnan og blota. Fóru allir til vöðunnar, hún var grunnt undan Kirkjubóli. Jón í Tungugröf náði sel og missti annan. Aðrir ekki. Við Guðmundur urðu við síðastir til hennar. Hvessti þá við komum, fóru þá allir í land. Gjörði útsynning um kvöldið.

4. mars. Útsynningur og þétt frost. Var ei embættað.

5. mars. Útsynningur og þétt frost. Varð ei gáð að vöðu. Kom Sæmundur og gerði við klukkuna mína. Benedikt sonur hans var með honum. Fóru héðan um sólarlag.

6. mars. Norðan hvass með kafaldi og hörku. Þórey kom frá Geststöðum.

7. mars. Sama veðurlag og veðurstaða.

8. mars. Í afláti til vestan, hreinviðri og hart frost. Öll vaða farin af háhyrningum. Allir í landi.

9. mars. Vestan sterkviðri með ösku skafmold og frost linara. Reif fönnina svo undrum gengdi. Svo ekki var eftir nema svell og gaddur eins og í hláku. Enn var þá áður komin í meira lagi fönn á jörðina.

10. mars. Vestan hlávíðri, stormur og útfellislítið þar til um kvöldið stundar korn. Við mokuðum snjó af húsunum og bárum mikið úr galtanum. Þórey fór út að Heydalsá og Jón með henni og varð um nóttina út frá. Nú eru 3r vikur af Góu og ég búinn að afla 2 kópa, Jón á Hafnarhólmi 2, Guðm. á Kirkju 1. Þetta er nú með skutli. Jón á Tungugröf 1 með byssu, hinir ekkert.

11. mars. Austan hvass með frosti og kafaldi. Fór Torfi á Kleifum í vöðuna og náði vænum sel. Embættað í Tröllatungu.

12. mars. Austan með frosti og kafaldi. Við sóttum fisk á sleða ofan í búðina.

13. mars. Hægð þoka og kafaldsdimma fram yfir miðjan dag. Þá logn og bjart að mestu. Allir fóru í vöðu snuður. Hún lítil, þó styggri.

14. mars. Vestan hlávíðri með þéttu úrfelli er á leið og drif hvass. Leysti mikið.

15. mars. Sama veðurlag. Við fórum í vöðuna, hún ekki lítil en ærin stygg. Fengum ekkert. Lentum á Hafnarh[ólmi]. Urðum þar og Hamri. Eyjólfur í Húsavík fór norður, með honum Guðmundur S. á Kirkjub[óli] og Óli. Snæbjörn í Vatnshorni sigldi líka norður.

16. mars. Sama veðurlag. Við drógum undir Smáhamra er á leið. Þeir með okkur Jón og Sæmundur. Vaðan mikil undir högunum. Enginn fékk neitt vegna veðurs og styggðar á henni. Drógum heim í Tanga, en ætluðum í Naustavík. Urðum við Jón á Kirkjubóli um nóttina. Áin var ófær. Mikil leysing þessa 3 daga.

17. mars. Sama veðurstaða með sígandi frosti og útsynnings hryðjum. Festi þó ekki til muna í byggð. Lá undir roki eins og hina dagana. Háhyrningarnir voru að tæta vöðuna sundur fyrir framan Tangann. Við Jón lágum allan daginn við Skomf.* með bátinn. Skutum 5m skot og náðum 1 kópsel. Mátti skutla sem hægast af snoppunni. Hefði ekki tilfæringar vantað og gott veður, en nær ómögulegt að skjóta. Við héldum heim um kvöldið, ei embættað. Hér var daga feil. Þeim 18. mars tilheyrir það sem þeim 17. er eignað.

18. mars. Hlávíðrið, hvassviðrið, ógæftin, vöðustyggðin og aflaleysið. Tilheyrir þeim 17. m.

19. mars. Vestan stormur, og lítið frost. Ég gjörði til kópinn, við keip á bátnum og skrána fyrir búðinni. Vaðan var að streyma út með ströndinni. Enginn fór neitt.

20. mars. Við sunnan logn og blíðviðri. Varð storm hvass vestan um kvöldið. Við sáum lítið hrot og varð ei kastað né skotið í það. Enginn fékk neitt.

21. mars. Austan sláttur um morguninn með úrfelli. Svo suðvestan hvass með útfelli. Útsynningur síðast. Ég smíðaði göngujárn. Jón m. fór að Tungu með tíundina og eina lengju af granselshúðinni.

22. mars. Vestan hvass og útsynningur, bar lítið á kafaldinu í byggðinni. Fóru kindur út er á leið. Drengirnir voru að saga og mokuðu hesthúsið. Ég eitt og annað, líka smíðaði skutul. Jón sótti hesta fram í part.

23. mars. Vestan hlávíðri og sterkviðri. Frysti er á leið. Ég missti vöðuselskópskinnið úr smiðjugaflinum og leitaði þess allan daginn, og fann það fyrir ofan götur, niður á milli bæja. Kom Jón í Tungugröf.

24. mars. Norðvestan stormur með fjúki og litlu frosti. Við vorum að saga í árefti svona við og við.

25. mars. Norðan stormur með fjúki og sígandi frosti. Var embættað á Felli. Ég fór að Klúku.

26. mars. Norðan með frosti og kafaldi. Fór Jón minn út að Broddanesi og Guðm. á Geststöðum. Ég brá mér að Klúku.

27. mars. Norðan garðurinn með frosti og kafaldi. Jón var út frá. Við Þorkell þjónuðum skepnunum og söguðum 20 álnir.

28. mars. Minn á kafaldið, en jafnt frost og veður til Flóans og var að ganga í loftið. Séra Halldór kom í húsvitjan og Björn m[inn] á Klúku með honum. Jón kom utanað, fór ei nema að Hlíð.

29. mars. Stórmold, sterkviðri og mikil harka. Við vorum að saga inni. Fóru ei hestar út.

30 mars. Nokkuð linari, fór Jón m[inn] upp að Hlíð til að klára erindið á Broddanesi.

31. mars. Hæglátari og fjúk og frostminni. Jón var út frá. Kom Þorleifur frá Hlíðarseli og kona hans. Hann fór ei lengra, hún út að Broddanesi.

*Apríl 1849

1. apríl. Fjúk, þoka og frostlítið. Birti er á leið. Fórum við til kirkju 4. Jón kom utan að.

2. apríl. Landsunnan blíðviðri. Jón m[inn] og Guðm[undur] á Geststöðum fóru út í Hólm. Við fórum í skotsnuður og fengum ekkert. Séra Halldór fór norður að embætta um allan páskatímann í Árnesi.

3. apríl. Sama veður. Við Þorkell gjörðum sama en fengum ekkert, utan 5m kofur.

4. apríl. Sama veðurátta, við Þorkell gjörðum eins, fengum 9u kofur, annað ekki. Fórum að Sandnesi og Hellu um leið. Fórum þaðan um háttatíma.

5. mars [apríl]. Sama blíðuviðrið. Lítið frost á næturnar.

6. mars [apríl]. Blíðviðri með glöðu sólskini og logni eins og 5m undanfarna daga. Samt lítið frost á nóttunni. Jón enn ekki kominn úr Hólmsferðinni. Þorkell bjó til kofnahögl er á daginn leið.

7. apríl. Sama veðurlag. Við Þorkell fórum fram á fjörð. Sáum 2. vöðusela einu sinni. Skutum 10 kofur. Þeir komu að norðan róðrarmennirnir. Sögðu þar jakt komna með kaffi og steinkol. Önnur á Skagaströnd með allslags vörur. Að skip væru mörg út lögð og stríðið þegar byrjað. Í þessum góðviðrum hafa þó ei Gjögrarar getað komið á sjó að gagni fyrir dimmum og stórsjóum. Jón m[inn] kom heim út Hólmsferðinni. Sagði Boga á Staðarfelli dauðan fyrir hálfum mánuði, þó ei jarðsettan enn. Hann kom með 200 öngla, 2 meðalaglös til mín, 2 kaffi og gulan farfa.

8. apríl sem er Páskadagur. Sama góðviðrið og að snúa sér til vestan. Fóru bræðurnir Jón, Þorkell til Staðarkirkju. Komu 3. Halldór á Vonarholti, Högni og Björn yngsti.

9. apríl. Vestan stormur með þíðviðri. Fórum við Jón út að Heydalsá. Fréttist lát séra Ólafs í Otradal og 2ja pilta með honum, er drukknaði miðvikudaginn 1a í einmánuði.

10. apríl. Norðaustan þykkur, með litlu fjúki fyrst, lítið frost og stormur og í afláti til vestan. Við Þorkell vorum að flétta ás stoginn* í kúahlöðunni. Jón að elta kálfsskinn til húfubrota.

11. apríl. Vestan sterkviðri. Úrfelli til klukkan 12 f.m. Þá þurr með sólfari til kl. 6 e.m. Þá útnorðan hvass, þurr og frost. Ég smíðaði bókaskáp í húsinu. Drengirnir voru að sauma skinnstakka. Kom sendimaður frá ekkjunni á Prestbakka eftir leigum og landskuld. Fylgdi Jón m[inn] honum með það að Heydalsá.

12. apríl. Háttnorðan sterkviðri með hörku og glaða sólskini til kvölds. Kindur stóðu inni. Hestar inn látnir. Ég smíðað 2 bríkur og hálfan daginn að stíma saman færi. Jón var að sauma skinnstakk, Þorkell fór að smíða kistil.

13. apríl. Við útnyrðing og hægð, glaða sólskin, fraus þar hún ei skein. Við snerum í lóð og bikuðum.

14. apríl. Norðvestan hæglátur, þurr, þykkviðri og frostlítið. Ég var að smíða rúmstokk og bríkur fyrir Sólveigu í Heiðarbæ. Drengirnir að leysa af lóð og láta á aðra. Fór Jón út að Heydalsá um kvöldið. Skip 2 komin í Stykkishólmi og Flatey.

15. apríl. Norðan hvass með frosti og kafaldslaus. Var ei séra Halldór kominn að norðan. Því ei embættað.

16. apríl. Sama veðurstaða og veðurlag, en fór hægandi. Voru drengirnir að saga hnyðju. Ég gjörði hitt og þetta. Birni m[ínum] varð illt í eyra, ég brá mér að Klúku að leita lækninga við því. Honum skánaði um kvöldið.

17. apríl. Vestan hvass með hörku frosti og fjúkslitning. Linara frostið er á leið, þó að snúa sér til norðurs. Ég lét rúmstokkinn með bríkunum fyrir rúm Sólveigar í Heiðarbæ. Drengirnir leistu af lóðum.

18. apríl. Norðan steitingur, hart frost og fjúkslitning framan af, svo hægri og fjúklaus. Ég var að, og við, að flétta í lista í býslægið og hurðirnar fyrir því. Jón brá sér að Tungu að láta sníða húfur, Þorkell að Gilstöðum með ask. Ingveldur í Heiðarbæ kom um kvöldið með pils til Málmfríðar.

19. apríl sem er sumardagurinn. Vestan steitingur með frosti og kafaldi. Sneri síðan vindinum og fjúkinu til norðurs, með hægð til kvölds og linaði frost. Ég ofan að Heiðarbæ og setti algjörlega í stand rúmið Sólveigar. Drengirnir smíðuðu 4a hlemma á dalla.

20. apríl. Vestan hlaviðri. Ég smíðaði hlera fyrir skemmuloftið, járnin á hann og lét hann fyrir. Drengirnir smíðuðu hlemma og settu upp klárur.

21. apríl. Logn, lítið frost, kulaði landaustan er á leið. Fór ég með drengjunum mínum fram á fjörð, fann hrot. Skaut sel einstakan með kúlu, á honum 5m f. og 14.m. Kastaði 2m til ónýtis. Skaut 6 kofur. Þetta var laugardaginn 1. í sumri. Flutti ég selinn heilan heim um kvöldið og gerði til.

22. apríl. Við austan hægur, þykkur, þoka ofan að landi og frostlaust. Var embættað í Tungu. fórum við hjónin, drengirnir og Guðrún litla. Kom hér Tómas á Þiðriksvöllum og fékk til láns byssu og haglatöng.

23. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Þó síðast hreyfingar til garðs. Fór ég með drengi mína fram og inn á fjörð, að Rostungsklett. Sá ég sel, en nógan fugl innundir Hellu. Þaðan héldum við að Hellu.

Töfðum þar og fengum vel að borða. Svo í Reykjanes og fram á fjörð. Fundum 2 álna staur. Svo hringanóra með kúlu, skutum 3 teistukofur, 1 svartfuglu og máf.

24. apríl. Norðaustan garður, frostlítið og fjúkslítingur. Var þingað á Kirkjubóli, ásett að taka Guðmund á Geststöðum upp frá búhokri. Ég missti hrút og var ófundinn. Á hringanórunni þeirri í gær undir 44.m.

25. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég lét botn í ból og járngirti og smávegis. Las 3 mánuði af R.v.p. [Reykjavíkurpósturinn] og hálfa af Þjóðólfi. Jón sótti stálsögina að Heydalsá. Hrúturinn fannst lifandi fram í hólum, óskemmdur og rekinn heim í hús.

26. apríl. Sami garðurinn en frostlítið. Við Jón söguðum undir 20u álnir af nærri reis*þumlungs breiðu í kistur.

27. apríl. Austan garðurinn sami, frostið meira og fjúkið að nóttunni. Tók af að deginum. Við Jón söguðum nær 20 álnir í kistur og 10 álnir af borðlægu. Vorum orðnir lúnir um kvöldið.

28. apríl. Garðurinn sami og fannspýja er á leið. Við söguðum 10 álnir af fjölum og flettum 8a álna ás.

29. apríl. Gaðurinn í afláti. Gjörði smá til sjóar. Þámaði af á láglendi að hálfu leyti. Skæðadrífa um miðjan daginn. Gjörði hvítt logn eftir miðjan dag til kvölds og birti úr lofti. Embættað á Felli.

30. apríl. Sunnan þíðviðri með stormi og sólskini, á milli skúrir. Sóttum við Jón Þóreyju að Heydalsá.

*Maí 1849

1. maí. Sunnan hlýviðri og sólskin með smáskúrum. Kom Magnús í Veðurleysu [Veiðileysa] eftir kindunum sínum er hann átti hér og aðrir fleiri norður frá. Voru drengirnir að fletta í áranskauta* skaft og fletta seljurafti. Ég smíðaði nagla í hestaskó og járnaði Karra.

2. maí. Sama veðurlag, gjörði austan kælu um miðjan daginn. Við fórum í skotsnuður, sáum 1 vöðusel, einusinni, fórum í land að Kirkjubóli. Drengirnir að gjöra við hjallinn ég að snúa færi fyrir Grím.

3. maí. Logn og sólskin. Við flutum Tómas á Geststöðum og Bjarna saman staðar að Hafnri.? Reftu og þöktum 1 stafgólf af hjallinum niður frá.

4. maí. Sama blíðviðrið. Var embættað í Tungu. Var skrifað upp hjá Guðmundi á Geststöðum.

5. maí. Við vestan hæglátur og loftþunnur. Við fórum út að Heydalsá að sækja rafta.

6. maí. Sömu góðviðrin. Nokkuð kíælum? vestan. Var embættað í Tungu. Fór ég, Jón og Þórunn.

7. maí. Vestan stormur þurrviðri og hula í lofti. Við vorum að byggja hjallgrjótvegg í samlögum við Björn á Klúku í Birgistanganum. Hlóðum 4a faðma og undir hönd hátt. Lögðum undir flöðurnar? að hinum jafnlöngum.

8. maí. Að mestu leiti sama veðurlag og veðurstaða, væta er á leið og í tilbúningi til norðan. Við hlóðum seinni vegginn. Gekk Rauðakusa fyrst og henni var haldið.

9. maí. Austan stórgarður með slettings kafaldi. Frost er á leið. Vöntuðu 2 ær um kvöldið. Við reftum og þöktum 2 stafgólf af grjóthjallinum. Þau átti Björn.

10. maí. Garðurinn með stór kafaldi og frosti. Linaði kafaldið fyrir miðjan dag, og fór hægandi. Ærnar fundust lifandi og óskemmdar. Sluppu kirnurnar* út úr öðru húsinu um nóttina. Ég var að höggva til

rennismíði. Þorkell að hefla troghliðar. Jón að Vonarholti með vefjarverk. 24. fjórðungar af lifur til hlutar hjá þeim mesta á Gjögri og svo ofaneftir af 2 fjórðung. Til skipa fréttist ei meir, óttast menn Dana og Holsetumanna yfirvofandi stríð. Líka kóleru, er nú geisar um Norðurlönd.

11. maí. Landsynnings góðviðri, logn og smá væta á millum. Ég bikaði lóða þínina* 3. Steypti högl, hjó til skálarefni, setti gafla á trog og smávegis. Jón sótti sortu.

12. maí. Sama góðviðrið, ég smíðaði trog. Drengirnir gerðu við hjá húsunum og stungu götu fyrir framan bæinn. Guðrún í Heiðarbæ sortaði með konu minni.

13. maí. Austnorðan þokugúlpur, með fjúkslitning og frosti til fjalla. Minn á í byggð. Embættað á Felli.

14. maí. Austan hvass og þurr með hörðu frosti. Ég var að höggva til rest í smíði. Drengirnir stinga upp götu. Bar 1. ærin. Stúlkurnar unnu á 20 kapla.

15. maí. Sama veðurstaða og veðurlag. Nokkuð frostmeira. Þó var ein innlátið. Við vorum að láta listana á skyggnið. Stúlkurnar unnu á.

16. maí. Sama veðurlag og veðurstaða, jafnhægri og minn á frost. Við létum alla lista á skyggnið. Máluðu þá að hálfu og bikuðum það þurfti á skyggninu. Sagaði í kufort og nokkuð af því heflað.

17. maí. Enlægin austan froststormur og hreinviðri. Embættað í Tröllatungu. Fóru bræðurnir og Guðrún. Kom Jón í Arnkötludal að biðja um skiprúm.

18. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Gjörði snjó um kvöldið. Hvassfillir?; en hægur og frost minni, ei var innlátið. Jón var að mála skyggnishurðina og þar í kring. Við Þorkell að grípa í að smíða kuffort.

19. maí. Hlýtt og mjúkt veður, sá alltaf til sólar. Lagði inn um kvöldið austan storm sem hægði jafn ótt. Jón enti við skyggnið að mála það. Við Þork. með kuffortið. Unnið á báða dagana. Lambhúsið út stungið fyrri daginn.

20. maí. Bíðviðri með sólskini. Lagði inn er áleið. Var embættað í Tungu. Kom Tómas á Þiðriksv.

21. maí. Sama veðurlag og veðurstaða, kælnari austan er á leið. Við gjörðum við búrgluggatóftina og meitluðum nærri 10u af járni. Skutu bræðurnir 2 rjúpur?.

22. maí. Landaustan gúlpur. Væta er á leið. Við voru að stinga götuna með túninu. Ég tók upp smiðjuna.

23. maí. Landaustan góðviðri með sólskini og smáskúrum á milli. Ég var að gjöra við belginn og koma smiðjunni niður. Drengirnir að hlaða fyrir götuna útfrá.

24. maí. Landsunnan góðviðri með vætu til k. 2 e.m. Fóru börnin til grasa, fengu lítið. Ég var að smíða gluggann í skyggninu og kringum hann og láta hann í. Fanst dauð ær um kvöldið af lambssótt.

25. maí. Sama veðurlag. Við vorum að gjöra við húsgluggatóftina. Kom Sveinn á Geststöðum að biðja um kofu. Jón m. inn að Sandnesi að láta smíða ístað.

26. maí. Austan stórgúlpur, en þurr og hægur hér. Hægði og snerist til suðurs um kvöldið með blíðviðri. Við Þorkell sóttum Kofu að Geststöðum. Stungum nokkuð af sniði. Ég lét hleski? á bót og sorteraði allt mitt járnarusl. Lét 2 hillur í skemmu mænirinn.

27. maí. Sem er Hvítasunnud. Sunnan stormur og skúrir á millum. Embættað á Felli. Kom Jón frá Sandnesi.

28. maí. Landsynnings góðviðri og þurt. Embættað á Felli. Sagt er af skipum er nú eru farin að koma að. Kongur vor hafi haft ósigur og misst 2 bestu skip sín sem hétu Friðrik og Christian áttundi. Þar á 1100 manns. Líka að hann sjálfur liggi með flota sinn við eina ei - sjúkur af geðveiki. Eigi fréttist til Hafnarskips hér sem hvað hafa lagt út fyrir 7 v. Talið er það tapað. Hér er nú skortur á flestu. Malur?, kaffi, færi og tjara ófáanleg.

29. maí. Landsynnings góðviðri með stórhríðar hagl hriðjum er á leið. Drengirnir stungu hnaus norður í veitu. Ég gjörði við búr gluggann.

30. maí. Landsunnan hæglátur, en kaldari. Nokkuð gránaði til fjalla. Ég smíðaði lamir á kúffort og lét þær á. Spengdi torfljá. Drengirnir stungu 50 af hnaus. Stungu upp kálgarðinn og ristu 20 af grund. Kom? Ingveldur, Hjálmar, Halmar, Guðm., Magnús í Ar.

31. maí. Austan stormur og sólskin en kalldur í vindunum. Var rekið járn, skorin ofan hliðin á sumarfjósinu og farið að byggja bás*, akað á túnið nokkrum hjólbörum frá kvíunum. Meitluð milti* fy. Svein á G. Jóni á Tind léðir hestar.

*Júní 1849

1. júní. Norðaustan hvass og kaldur, en þurr. Kóf til hafsins. Frost til fjalla. Allt borið. Gekk upp aftur rauða kusa. Fóru drengirnir með hana inn áð Víðidalsá. Þeir entu við sumarfjósið áður. Stúlkurnar við túnið. Ég smíðaði kistulamir.

2. júní. Sama veðurlag að mestu, nokkuð hægri besti þerrir en kaldur. Var stungið út stórahúsið og hrútakofinn. Ég smíðaði ljá um kvöldið. Drengirnir fóru í ána, náðu 1 silung, misstu 3.

3. júní. Norðan hæglátur og besti þerrir. Embættað í Tungu. Urðu til altaris Jón og Þórey.

4. júní. Háttvestan stormur og smá skúrir á milli. Við Þorkell byggðum upp stekkinn og króna. Var stíað um kvöldið, vantaði lamb frá á. Jón fór í vegaruðning. Stúlkurnar þvoðu ull. 2 prófastar riðu hjá, sér. Böðvar og séra Þórarinn.

5. júní. Vestan stormur með lítilfjörlegum skúrum er á leið. Voru drengirnir að rista allan daginn, en ég að flytja til baðstofunnar og skemmunnar.

6. júní. Drífhvass vestan til nóns, þá háttnorðan dríf og frost að nóttunni. Við gjörðum við skemmuna að öllu leyti og lét járn á kistu fyrir Jón.

7. júní. Besti þerrir og logn. Vestan er á leið. Við gjörðum við barstofuna að öllu. Finnbogi gelti. Sigurður kom með rúður.

8. júní. Vestan besti þerrir. Við ristum og fluttum heim á eldhúsið. Tókum saman allt taðið sem var 8a hraukar vænir.

9. júní. Norðan stormur og besti þerrir, þó alltaf heldur kalt er norðan blæs. Við Þorkell gjörðum við eldhússtrompinn. Jón út að Broddanesi eftir eggjum.

10. júní. Norðaustan garður þurr en hörku frost að nóttinni. Embættað í Tungu, ég fór til kirkjunnar, Þorkell og Þórunn. Var séra Böðvar við kirkjuna.

11. júní. Norðan steitingur og besti þerrir. Frost með hélu að nóttinni. Við fórum að byggja garðtóft við hlöðuna útfrá.

12. júní. Besti þerrir og hæglátur. Við vorum að hlaða torfina við húsin. Fór sér Björn og Guðmundur á Kirkjubóli útí Flatey.

13. júní. Norðan hæglátur og besti þerrir. Við fórum inn áð Sandnesi og Hellu. Lánaði Guðmundur á Hellu mér ½ vætt fiska, en gaf 80 egg. Lögðum fyrst þá net í sjóinn.

14. júní. Við norðan og besti þerrir. Við entum við tóftina hjá húsunum. Jón vitjaði um netið, í því 2 og lagði það aftur. Kom Borga Magnús. Allir demba í Flatey?.

15. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Við gjörðum við eldhúsið og þöktum það og gjörðum við net.

16. júní. Norðan og besti þerrir. Hafa nú gengið nærfellt upp 3 vikur einlægir breiskju? þerrar og norðan, og heldur kaldur og hart frost á millum að nóttinni. Voru haldin vorhreppskilin í fyrsta sinni. Drengirnir gjörðu við net, ristu og þöktu vegina útfrá. Ég setti poka milli netanna.

17. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Embættað í Tungu. Þeir voru að koma út Flateyjar ferðinni, misjafnt ánægðir.

18. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Var borið moð og þrifnar til hlöðunnar. Rekið járn, borið á bæinn og hælað niður á eldhúsinu torfið. Jón fór með nafna sínum frá Klúku á Arnkötludal til grasa. Haldið þing á Þorskafjarðareyrum um landsins hagi.

19. júní. Austan hvass og besti þerrir. Var verið að bera heim tað á hestum og að efna til í glugga ramma.

20. júní. Einmitt sama veðurlag. Ég setti niður sólskífuna? og miðaði glugga grindina á búrið.

21. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Varð lítið gjört. Þvegin ull, ég dróg á um nóttina. Festist varpan og rifnaði pokinn. Náðum 2 f.

22. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég fór að Smáhömrum (í gær). Sótti Jón á grasafjallið, með hann úteftir á Smáh. til norðurferðar. Fékk 4ur færi út Flatey með séra Birni. Fékk 4a í netið.

23. júní. Sama v. og veðurstaða. 3 s.ingr í netunum. Ég hornbenti glugga búrsins. Meitlaði milti fyrir Magnús í Arnkötludal. Smíðaði kefli og fært frá.

24. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Var á hvurugri kirkjunni embættað. Kom sér. B. og sonur hans B. með grösin Jóns af fjallinu.

25. júní. S.v. og v.staða. Ég flutti 10 hesta af spítum úr Naustavíkinni, raftar grindrefti og eldiviðarrusl er Finnbogi minn seldi mér.

26. júní. Alltaf norðan stormar og þerrar. Ég fór fram að Vonarholti. Rifu börnin lyng.

27. júní. Eins þó í niðurgöngu. Var upp þvegin og barið í garðinum að hálfu. Jón enn fyrir norðan.

28. júní. Vestan hæglátur með smáskúrum á milli. Ég smíðaði gluggakistuna, lét járnin á grindina, glerin í og kíttaði, setti síðan í búrið.

29. júní. Vestan í loftið, en austan til sjóarins, þá hæglátur með smá skúrum á millum. Jón kom að norðan. Ég vesæll þó á fórum. Barið í garðinum. Önd og 1 silung í netunum. Ég brá mér að Klúku um kvöldið.

30. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Jón sótti sig úteftir. Fékk í allt eina tunnu af rúg. Ég var að slá til í ljá og ýmislegt á milli. Var hálf vesæll. Garðurinn búnir sáningu.

Júlí 1849

1. júlí. Austan landsynningur með þoku og suddaúða. Embættað á Felli. Kom Tómas á Þiðriksvöllum með byssuna er ég léði honum og henni fylgjandi. Jón m. og Tómas á Gest. suður eftir kolum.

2. júlí. Austan stormur og birti* úr lofti. Jón fyrir sunnan. Við Þorkell, Guðríður, Þórunn og Guðr. fórum til grasa. Þórey sáði í garðinn útaf.

3. júlí. Austan og besti þerrir. Jón kom að sunnan með kolin. Ég hálf vesæll.

4. júlí. Sama veðurstaða, smá væta framan af. Fóru börnin til grasa. Ég var að slá til í ljá og hnúfar?.

5. júlí. Austanorðan stormur og besti þerrir. Jón fór suður til Langeyjar að sækja færi og fisk. Fylgdi Þorkell honum suður á brekkubrún. Ég smíðaði ljá útaf og 4r hnúfar?. Dengdi 4r ljái.

6. júlí. Austnorð. garður og þurr. Við fórum að slá fram í Flóðaflóa. Fengum 60 föng. Jón fyrir sunnan. Sagður kominn á Reykjafjörð Hildibrandur og Palsen að spekúlera. Eru allir búnir að neyð út vörum sínum við Bekk, er hér spekúleraði, og notaði sér þörf manna.

7. júlí. Jafn linari garðurinn. Við heyjuðum 74 föng á Flóðahvammsbökkunum. Þorkell og Guðrún ráku geldingana og hrútana um nóttina fram í holtruna?.

8. júlí. Besti þerrir og við útnyrðing. Embættað í Tröllatungu. Kom Jónathan drukkinn.

9. júlí. Hiti og sólskin framyfir miðjan dag, svo þykkni af suðri með smávætu og stormi. Við breiddum framhjá Flóðahvamminum og rökuðum upp mest allt þurt. Heyjuðum á 3m. Ég fór inn áð Húsavík. Keypti í ár og spýtu.

10. júlí. Vestan hægtlátur þykkviðri. Við slógum í sama plássi. Fengum á 5m. Jón fyrir sunnan.

11. júní [júlí]. Vestan hvass með skúrum á milli. Varð hér ei slegið vegna veðurs. Jón kom að sunnan. Lasinn í hné, og 4r vættir fiska handa mér. 2 fyrir Halldór í Vonarholti.

12. júlí. Sunnan og mari, væta á milli. Við byrjuðum að slá í túninu. Þorkell og Guðrún slógu fram hjá Stakkgarðshól og pössuðu upp á Tinds kinn ár.

13. júlí. Suðvestan stormur og skúrur á millum. Við entum við útræktina heima að bænum. Þórunn vesæl af handleggskauni.

14. júlí. Vestan stormur og besti þerrir. Voru heim bundnir úr engjunum 5 og 20 af velþurru heyi og látið í nýju tóftina við húsin. Rakaðir 5m stekkir fram í útræktinni. Þetta var heyjað fyrir túnsláttinn.

15. júlí. Vestan stormur þykk og þurrviðri. Embættað á Felli. Jón fór með fisk hestinn fram að Vonarholti.

16. júlí. Landsynningshægð með úða og stórhríð á millum. Við slógum frá bænum út að húsum í útræktinni. Þótti oss nóg um dankúa? vesenið í veitunni.

17. júlí. Útnorðan stórgarður með bleytu kafaldi til fjalla, en regn í byggð, létti er á leið. Við slógum útaf útræktina, svo stykkið fyrir norðan lækinn og brekkuna út að ytra Haugstæði. Þórunn búin að vera inni í viku með handleggsflassæri?. Nú afturbata. Þórey inni við og við af barnstungu.

18. júlí. Garðurinn linari. Skúrir á milli. Þurrt síðast. Við entum við að slá brekkuna. Drengirnir fóru í ána og fengu ekkert. Mikil fuglferð að sjó um allan fjörðinn og halda menn fisk í nánd.

18. júlí [sama dagst. tvisvar]. Við útnyrðing hægur, blíðviðri og besti þerrir. Vorum öll að raka útræktina og svo heiman til á brekkum, millum rífinganna?. Björn veikur af hlustarverk og ýmislegu. Flestir vesælir. Sáust 2 bátar fyrst við fisk á mannsbrún.

19. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða. Við vorum að raka og rifja, hirtum í galta á útræktinni heim að nýja fjósi. Björn litli mikið sjúkur af landfarsótt, hálsríg og loksins kom í hann tak, sem linaðist bakaftur. Annars eru hér flestir vesælir af kvefi og niðurgangs sótt. Líka ég sjálfur.

20. júlí. Þerrir góður og við norðan. Vorum að þurka. Björn enn sjúkari og bætti nú hann tak.

21. júlí. Sama veðurlag. Hirtum allt af útræktinni.

22. júlí. Norðan hægur, þykkur í loft en þurr. Þórey fæddi Þórarinn (ég réri í gærkveldi og aflaði 38). Embættað í Tungu. Hljóp takið í Björn m. eyra. Honum sett stólpípa.

23. júlí. Góður þerrir, allt hirt af brekkunni og stykkinu í galta. Ég réri með Björn á Klúku. A. 34. Helga og barnið eru hér enn. Þeir eru að fá 100 og 120 í róðri fyrir inn án og utan mig.

24. júlí. Góður þerrir. Jón m. fór suður, eftir meðölum handa Birni litla.

25. júlí. Austan stormur. Við Björn á Klúku rérum og fengum 91. Þokuhula í lofti. Jón kom með meðölin. Farið að brúka þau.

26. júlí. Austan steitingur. Hula í lofti. Við Jón á Klúku rérum, fengum 5. Gátum ei verið fyrir stormi. Slegið fyrir framan götuna. Birni litla léttara. Þórey frískast.

27. júlí. Hæglátur og góður þerrir. Við B. á Kl. rérum, fengum 22. Slegið í stykkinu. B. léttir.

28. júlí. Góður þerrir. Rakað í stykkinu. Ég flatta fisk og sótti ofan eftir. Léttir B. meira.

29. júlí. Góður þerrir austan. Hafa nú verið stöðugir norðan þerrar í rúman hálfan mánuð. Ég á óslegin Breiðavöll og nokkuð af stykkinu. Flestir aðrir búnir að alhirða tún. Embættað í Tungu. Við hjónin fórum, Þorkell og Þórunn.

30. júlí. Við norðan suddi framan af. Sleig í Breiðavelli. Var Guðm. á Geststöðum hjá mér þessa viku fyrir hönd Þóreyjar.

31. júlí. Góður þerrir. Slegið í B.v. Ég réri, aflaði 86. Allir að róa við fjörðinn.

*Ágúst 1849

1. ágúst. Úði, svo góður þerrir. Hálf hirt, stykkið slegið og rakað í B.v. Ég aflaði yfir 90.

2. ágúst. Þerrir. Rakað og slegið í B.v. Ég aflaði 118. Missti kóp dauðan, færin töfðu að komast að honum. Nokkuð hirt á stykkinu.

3. ágúst. Þerrir. Rakað og slegið í v. Aflaði 66. Fæddist barn á Geststöðum.

4. ágúst. Þerrir. Hirt af stykkinu allt og fornbæ rakaðaður útaf völlurinn. Guðm. og Þórey fóru suður með Þórarinn. Ég aflaði 27. Eru alltaf stöðug góðviðri og þerrar. Notast? lands og sjóári hið æskilegast. Guði! sé l. og dýrð!

5. ágúst. Vestan þerrir. Jón minn og Jón á Klúku, fóru inn áð Sandnesi um nóttina. Öfluðu 64. Kom Bjarni í Tungu og keypti kistu. Embættað á Felli og gefin saman 4r hjón.

6. ágúst. Landsunnan góðviðri og skúrir á milli slegin húsin og veitan. Ég aflaði 18.

7. ágúst. Við norðan og þerrir. Bundnir inn 13 af töðu. Rakað og bundið úr veitunni. Ég festi upp allan fiskinn, rúmt hálft annað hundrað.

8. ágúst. Norðan og þerrir. Var byrjað að slá í fremri partinum. Fluttir heim 2 svo rakaði flekki. Kom Daníel Guðlaugsson.

9. ágúst. Við norðan, góður þerrir. Slegið, rakað og þurkað í partinum. Við hjónin hirtum 5 af töð?. Rifjuðum með veitu heyið.

10. ágúst. Veðurlag eins. Slegið, rakað og hirt í partinum í galta, þeir að róa niðurfrá.

11. ágúst. Alltaf við norðan hæglátur og góðir þerrar. Hirt veitu heyið. Bundið úr fremri partinum. 18 af þurru og 12 sem breiðust. Það þurra og veitu hirt í tóftina við húsin.

12. ágúst. Austan stormir og góður þerrir. Embættað í Tungu. Jón m. fór með kistu til Bjarna í Tungu.

13. ágúst. Austan og landsunnan. Slegið í partinum. Drengirnir ristu torf um kvöldið. Nú fátt um fisk.

14. ágúst. Landaustan hvass og drópa á millum. Slegið og rakað í partinum. Ég tirði heyrið við húsin með konu m. Svo áfram að hjöllum og gjörði þar við fiskinn. Var hann farinn að maðka.

15. ágúst. Austan hvass og þerrir. Rakaðir og slegnir 18. Hafa nú gengið þerrar í mánuð.

16. ágúst. Í norðan í afláti og blíður þerrir. Bundið, slegið og rakað í partinum. 38a heim bundnir af þeim 9 hirtir.

18. ágúst. Vestan hæglátur með korg? í lofti og besti þerrir. Við hjónin með Guðrúnu hirtum nálægt 30. Hitt sló og rakaði fram frá.

19. ágúst. Vestan hvass með sudda og úrfelli á millum. Varð lítið átt við hey fyrir veðri. Við fórum í smiðju. Rekið járn og slegið til í ljái.

19. ágúst [sama dagst. aftur]. Vestan hvass með skúrum á milli. Var slegið og rakað í flóanum fyrir neðan fremri partinn. Ég hirti gallta úr partinum og annan heima. Byrjað að slá í heimri partinum. Ég smíðaði ljá um kvöldið.

20. ágúst. Suðurlægur með skúrum á milli. Svo austan hvass með stórofanfalli um kvöldið. Ég réri og fiskaði 126. Börnin rökuðu og slógu í partinum. Drengirnir fóru í ána um kvöldið og fengu 17.

21. ágúst. Útnorðan dríf með skúrleiðingu en snjóaði á hæstu fjöll. Börnin rökuðu og slógu í partinum. Ég var heima og veitti fiskinum alla tilhlýðilega þjónustu. Var að búa um sig í mér sjúkdómur með niðurgangssótt, en megnum kulda þá háttaði.

22. ágúst. Við útnyrðing, þurr, hægur og gott veður. Voru bundnir 20 úr heimri partinum. Rakað og slegið líka. Ég gat ekki róið, var mjög vesæll af landfars og niðurgangssótt. Voru brúkaðar stólpípur og inntökur en það kom fyrir lítið.

23. ágúst. Við útnyrðing, hægð og þurr. Börnin slógu í heimri partinum. Ég vesæll þó skárri.

24. ágúst. Útnyrðings garður er á leið. Heyjað í partinu. Ég skárri. Setti upp lóð.

25. ágúst. Útnorðan, þurr og hvass. Heyjað í partinum. Fóru piltarnir ána og fengu 5.

26. ágúst. Norðan besti þerrir. Embættað í Felli. Komu þessir. Björn á K. Finnbogi og Grímur í H. Óli á Kirk. Tóm. á Gest. Jón á Tind. Hafliði á Víð. Guðrún í Tungugröf og Sveinn á Geststöðum.

27. ágúst. Í áttinni vestan þurr og hægur. Bundið úr Par.* 40 á 5m. B. á K. léði mér 3 hesta. Byrjað að slá í flóðinum á Birni á Klúku. Ég réri aflaði 55.

28. ágúst. Í norðan tilbúningi, hægur og flæsa. Allt rifið niður á Túninu. Þar voru allir við. All upp rakað að kvöldinu. Sumt vel þurrt, hitt vel komið. Ég sótti fiskinn. Flutti og festi upp.

29. ágúst. Norðan hvass og hríðarhraglandi með krepju til fjalla. Börnin slógu í partinum. Ég gjörði lítið. Konan mín varð sjúk af beinverkjum og megnum flökurleika.

30. ágúst. Hátt norðan hvass með kófi til fjalla en þurr í byggð. Var rakað í partinum, var þar með Guðm. S.s. Komu hér Jón Gartner og Jón á Hrófá.

31. ágúst. Austnorðan hvass og besti þerrir. Þó kamað loft. Voru hirtir 77. Mest í heyið við húsin, það þakið og látin á sig. Guðmund á Geststöðum var hjá mér.

*September 1849

1. september. Landaustan með úrfelli til nóns. Þá sunnan og þurr að mestu. Sló fólkið í part.m. Ég réri og fékk 1. Má nú kallast þurrt á haldfæri. Ég lenti á Kirkjubóli. Guðm. reið suður um kvöldið.

2. september. Embættað í Tungu.

3.-8. september. Þessa mánaðar hefur verið hæglát sunnan átt, með stórfelldum hryðjum á milli. Hefi ég róið alla þess sex daga, með lóðir og aflað 193 alls á bátinn. Bundnir heim af útheyi 52. Lítið orðið heyjað þessa viku vegna sjúkdóms. Hafa börnin verið þjáð á veikst af niðurgangssótt.

9. september. Hátt norðan hvass og þurr. Var embættað í Tungu. Kom Ragnheiður á Heydalsá og Björn á Klúku.

10. september. Austnorðan hvass og þerrir. Var verið að binda og þurrka.

11. september. Austnorðan hvass og góður þerrir. Voru hirtir 52 en bundnir heim 16.

12. september. Hægur og þurr. Voru hirtir yfir 20 en heyjaðir og heim bundnir 8a. Kom Eggert í Langey. Ég réri og aflaði 11.

13. september. Við sunnan hægur og væta á millum. Var slegið. Ég aflaði 22.

14. september. Landaustan með skúrum á millum. Bundnir 6 og rakaðir 11. Ég 31. Lenti í Naustavíkinni vegna vinds.

15. september. Norðaustan með hríðarhraglanda í byggð en snjóaði til fjalla. Voru bundnir 15. Varð ei róið. Jón fór upp að Hlíð um kvöldið.

16. september. Norðaustan blástur og þurr og í aflátið. Frost síðast. Ég breiddi það blauta. Datt hrútlamb dautt niður uppá Hjallanum. Embættað á Felli.

17. september. Vestan hvass með stórúrfelli á milli. Við vorum að brýna og laga öngla. Settum lóð upp um leið. Kom sendimaður Odds í Rueyjum [Rúffeyjum]

18. september. Vestan hvass með stórkrapa skúrum í millum Vorum við að setja upp lóðir.

19. september. Hæglátur og þurr til miðdegis. Þykknaði þá með landaustan kælu og á dynjandi stórrigning. Hvessti sunnan í hríðina við kvöldið. Var hreinsað úr engjunum síðast. Ég réri og aflaði 30 í einu kasti. Jón beitti í með okkur. Ég lagði aftur, lenti í Naustavíkinni og gjörði þar til.

20. september. Vestan stormur, grúaður í loft og stórrigning til dagmála, svo allt flóði og lak og vatnsföll minnileg. Léttari um miðjan daginn. Herti hríðina og veðrið er á leið. Yfir 50u lágu í köplum, flekkjum og föngum á túninu. Ég sótti lóðirnar með drengjunum. Var hægð á meðan, á þeim 29. Flutti það frameftir og gjörði við það er þurfti.

21. september. Vestan dríf og þurrviðri. Þó varð ei átt við hey vegna vinds og vatnsaga á jörðinni. Allt flaut eftir rigninguna er nær staðið hafði í 5m sólarhringa samfleytt. Drengirnir gjörðu við básana í sumarfjósinu. Ég sneri færi á Klúku.

22. september. Sunnan hægur stormur við og við. Við breiddum allt og rökuðum allt upp. Ekkert var hirðandi. Ég réri ekki vegna heysins. Fór ofan í Tanga og skrifaði öllum fiskinum sem ég átti í hjallinum.

23. september. Þurt og gott veður. Embættað á Felli.

24. september. Gott veður og þurt, þurrkað og hirt. Ég réri og aflaði 24 á skip.

25. september. Sama veður, hirt og þurrkað. Ég aflaði 70 á skip.

26. september. Gott veður og þurrt. Guðmundur á Geststöðum bar ofan í heyið við húsin. Ég aflaði 85.

27. september. Frost um nóttin, svo myrka þoka. Logn og þurrt. Birti um hádegi. Guðm. á Gest. þakti heyið fyrir mig. Ég aflaði 31.

28. september. Austan hvass. Ég fór inn í Tungugrafarhólma. Beitti þar 3 lóðir. Gaf ei fram.

29. september. Austan hvass með éljum á milli. Gaf ei fram til lóðanna. Jón fór með leigurnar.

30. september. Sama veðurlag. Embættað í Tungu.

*Október 1849

1.-3. október. Norðan frost og hreinviðri. Ég réri þann 1. og aflaði 13. ann* aflaði ég 63. Þ. 3ja var stór garður.

4. október. Eins. Gat um kvöldið vitjað lóða, á þeim 9. Snjóaði um allt norðurland, en hér gránuðu lítið fjöll.

5. október. Við útnyrðing og frost. Ég réri, aflaði 25. Jón bar á völl. Þórey kom að sunnan.

6. október. Útnyrðings steitingur og var að frostlina. Ég réri og aflaði 25. Jón enti við að bera á völlinn. Voru hreppskil haldin.

7. október. Vestan hvass með bleytu kafaldshriðjum. Snjóaði ofan undir hærrihjalla. Embættað í Tungu.

8. október. Útnorðan með frosti og fjúki til fjalla. Varð ei róið. Drengirnir ristu ofan í bata? og gerðu upp fyrir hlóðgötin.

9. október. Hæglátur frost og hreinviðri, ég réri og aflaði 16. Skornir hrútarnir og 3 ær.

10. október. Blítt veður. Ég fór inn áð Sandnesi og varð þar um nóttina. Gjörði Einar við túðuna í gömlu byssunni. Þó með nauðung. Ég aflaði 8a.

11. október. Sama veður. Ég aflaði 18. Náði kóp eftir miklar eltingar og 3 skot. Missti hnísu.

12. október. Vestan steitingur og þíðviðri. Aflaði 53. Hvolfdi skipi með Torfa. Skorin 11 lömb.

13. október. Vestan grúaður og stormur á millum. Ofsa veður frá dagsetu til miðnættis. Ég aflaði 58.

14. október. Vestan hvass með úrfelli. Embættað á Felli. Kom Guðm. á Vonarholti að biðja um byssu.

15.-24. október. Frá 14. til 28a október voru oftast góðviðri og hægðat norðan átt með sígandi frostum og lítið fjúk á millum. Var oftast róið og góð fiskreita. Þann 16. okt skutlaði ég hnísu. Á henni 25 f? Voru innyflin mjög beitin. Þann 22. missti ég nýja lóð. Ég vesæll af kvefi og krangfell og sagður mikill barnadauði úr Miðfirði og Borgar.

25. október. Austan dríf með þoku gúlpi. Varð ei vitjað lóða. Varð um nóttina Þorleifur í Hl. [Hlíðarsel]

26. október. Sama veðurstaða en hæglátur og hreinviðri. Ég aflaði 15. Missti lóð og fann samdægurs. Lömb enn ótekin á gjöf.

27. október. Sunnan hæglátur með rigningu framan af. Hvassðast krapa skúrum.

28. október. Vestan með stórhaglhriðjum. Gengu 2 eldingar.

29. október. Sunnan þíðviðri og blítt veður. Ég aflaði 2 og fann týndu lóðina.

30 október. Þykkur með hríðarkafa þar til eftir hádegi, þá bráðviðri með bleytu kafaldi austnorðan og allt í einu stórsjór. Frost kafald síðast. Ég og allir hér megin lögðum og náðum ei lóðunum aftur.

31. október. Norðaustan með frosti og kafaldi. Náðust ei lóðir.

*Nóvember 1849

1. nóvember. Vestan bráðviðri með bleytu kafaldi til miðdegis. Þá þurr og hægði í rökkrinu. Náðu allir lóðum utan ég, því ég var kominn að Heiðarbæ þá hægði.

2. nóvember. Austan stormur með hreinviðri og frosti. Ég náði öllum lóðunum, á þeim nýju, fann um leið lóðir Finnboga í Heiðarbæ er vantað höfðu meira en viku.

3. nóvember. Hægur með frosti, var alltaf að ganga í loftið. Kældi um kvöldið með kafaldi. Ég beitti en réri ekki vegna útlits.

4. nóvember. Austnorðan sterkviðri með frosti og stór kafaldi. Stóð allt inni. Ég fór ofan í Naustavík að gæta að bátnum og féll sjórinn að naustdyrum. Átti að embætta á Felli.

5. nóvember. Sama veðurlag og veðurstaða. Stóð allt inni nema hestar.

6. nóvember. Sama veðurlag og veðurstaða. Stóð allt inni. Hestar voru úti.

7. nóvember. Sama veðurlag og veðurstaða, en kafaldsminni. Var fé úti miðjan daginn. Við færðum sauðina fram í sumarfjósið. Kom Halldór í Vonarholti. Rak bát í Húsavík þann 4a þessa mánaðar.

8. nóvember. Austan stormur, hreinviðri og frost. Var ei róið hér út frá. Kom Þorleifur í Hlíðarseli og Magnús í Arnkötludal og tafði til dagseturs.

9. nóvember. Hæglátur og í afláti. Við rérum með lóðir. Fengum 4 á þær á haldfæri 37. Lentum í tanganum.

10. nóvember. Rérum með halldfæri og 2. Misstum færi á tveimur kópum. Lentum í tanganum og gerðum allt til.

11. nóvember. Suðaustan hvass og bloti. Leysti mikið. Embættað í Tungu.

12. nóvember. Sama veðurstaða, en þurr að mestu og leysti nokkuð. Við vorum að dupta að gluggum, þrífa hjallinn og smiðjuna og láta belginn niður.

13. nóvember. Norðaustan sterkviðri með linju kafaldi. Þó var útlátið miðjan daginn. Ég stokkaði lóðirnar. Líka bundum við fyrir efri enda á Hjallinum og ýmislegt.

14. nóvember. Norðaustan hvass með frosti og kafaldskófi. Fé úti. Við sóttum vöðuáraefni ofan í Naustavík og lóðarflækju. Töfðum í Heiðarbæ eftir heitu spaði!!!

15. nóvember. Norðaustan stormur með frosti. Réru nokkrir inn frá og öfluðu. Við steyptum vel af höglum.

16. nóvember. Hægð og kafaldsdimma um miðjan daginn, þá bjartur er á leið og frostlítið. Við rérum og fengum 8 á haldfæri. Fórum ei með lóðir.

17. nóvember. Bloti hæglátur framan af, hvessti vestan skarpar er á leið. Við fengum 3 á haldfæri, fórum ei með login?. Lentum í Naustavíkinni vegna vinds.

18. nóvember. Logn loftþunnur og mugga á milli. Embættað á Felli. Jón fór fram að Tind.

19.-24. nóvember. 20. 21. 22. voru blíðviðri og landsynningur og róið alltaf og reittu flestir dável. Nóttina milli þess 22. og 23. gjörð stórrigning af landausti. Við lögðum lóðirnar um morguninn þann 23. S.m. en náðum ekki um kvöldið vegna bráðviðris af austri. 24. Nber. vitjuðum við lóðanna, fundum þær allar og á þeim 49. Var Hjálmar í Húsavík fluttur í bát til okkar með kaupstaðar eyðsluvörur. Var þá austan gúlpur og sjórglandi*.

25. nóvember. Við landaustan hægur og hreinviðri. Var embættað í Tungu. Við fórum 5m til kirkju.

26. nóvember. Sama veðurstaða og veðurlag. Við rérum og öfluðum 25 á lóðirnar.

27. nóvember. Landaustan með stór úrfelli. Hvessti er á leið með bráðviðri austan. Við fórum með lóðir og náðum ekki. Skutum sel á Reykjavíkinni. Það var vöðuselur og misstum hann nær dauðann er veðrið kom. Lentum á Kleifum og urðum þar um nóttina.

28. nóvember. Hátt sunnan með hlávíðri. Við fórum út til lóða og náðum 2m. Rérðum að Hafnarhólmi og urðu þar um nóttina. Rauk hann yfir á miðjan fjörð af suðri.

29. nóvember. Sunnan hlávíðri. Við fórum til lóða, og náðu hálfri eirni*. Svo yfirum að Hafnarh. Svo fram aftur. Snerist þá vindinn til austurs. Náðum þá öllu, á þeim til samans í 3ur reisunum 59.

30. nóvember. Landaustan þokugúlpur með úrfelli er áleið. Var ei róið. Við stokkuðum lóðir, reftum og þöktum 2 stafgólf af hjalli. Bjuggum til hvolf fyrir bátana og hvolfdum þeim. Kom Jón Þórðarson til mín í tangann.

*Desember 1849

1. desember. Austan stormur og þoka frostlaust, þá snjókrepja til fjalla. Við rérum og fengum 20 á lóðir. Slitum lóð í hrauni, náðum þó öllu. Gleymdum að taka byssurnar og sóttum þær. Misstum sel úr góðu færi, því byssan hljóp í hálfkorið*.

2. desember. Hreinvirði og hægð. Embættað í Tungu.

3. desember. Sama veðurlag. Ég réri og aflaði 20.

4. desember. Sama veð.lag. Beittar lóðirnar og lagðar.

5. desember. Sama veðurlag, teknar lóðirnar, á þeim 15. Orðið mikið fiskfátt. Flestir hættir að róa. Guðmundur á Kirkjubóli fór með háseta sína inní Hrútafjörð til að skóta* og skutla.

6. desember. Hægð og hreinviðri. Við fluttum Tómas á Geststöðum að Hafnarhólmi.

7. desember. Austan stormur og frostlaus þokugúlpur. Allar lóðir stokkaðar. Ég fór að smíða vöðuár. Jón lét strompinn í baðstofuna.

8. desember. Logn og hula í lofti. Við fórum í skotsnuður og fengum ekkert. Sáum hrot hamstola.

9. desember. Hægð og góðviðri. Sígandi frost. Embættað á Felli. Kom Hjálmar í Tungu.

10. desember. Logn og blíðviðri. Linjufjúk er á leið. Við fórum inní Óskleif. Sáum hvergi sel. Svo að Sandnesi. Var Einar þá þurr í bragði.

11. desember. Logn og blíðviðri með smákrépju* á milli. Sóttum á hesti skrápa og skolluhryggi og gerðum við ár. Sáum hrot mjög styggt. Jón leitaði sauðanna og þann þá. Guðm. á Kirkjubóli kom úr Hrútafjarðarferðinni 8a þ.m. og fékk ekkert.

12. desember. Logn og blíðviðri. Við fórum allir á fundinn.

13. desember. Sama veður. Halldinn fundur um lestarfélag á Kollafjarðarnesi. Fór ég hingað að Smáhömrum um nóttina.

14. desember. Hæglátur og landaustan í verunni. Kældi þaðan er á leið. Drengirnir sóttu mig þangað um morguninn. Héldum síðan þaðan inn brún jámt* Nesi. Sáum lítið af strandsel en styggt hrot, fengum ekkert.

15. desember. Austnorðan stormhvass með þoku og fjúkslitning á millum. Lítið frost. Ég fór fram að Geststöðum að rekja kastfæri. Jón var að lata fóðrin* í skutla.

16. desember. Sama veðurstaða, linju fjúk meira og gúlpur. Embættað í Tröllatungu. Fór ég, Þorkell og Þórey.

17. desember. Þoku fjúk og hægð. Frostlítið. Allir fórum við innum fjörð, fékk enginn neitt. Sást ei selur.

18. desember. Suðvestan steitingur með frosti og smáéljum á milli. Við Keli fluttum Jón í Skárukletta hætlaði* norður í kaupstað. Komustum í færi við vænan vöðusel, en gekk ei fram úr.

19. desember. Austan í afláti og ganga til suðurs með litlu fjúki er á leið. Svo væta og suðvestan stormur. Við Þorkell fórum fram um fjörð. Sáum einn sel. Og varð hann þar eftir.

20. desember. Suðvestan sterkviðri með regn á milli. Varð bleytu slettingur er á leið. Skemmdi þó ei jörðina.

21. desember. Vesturlægari með sterkviðri og kafald. Kom Guðmundur S. á Kirkjubóli með öxi og 2 hnífa.

22. desember. Hægð, hreinviðri og frost. Við Þork. fórum fram á fjörð og sáum 2 vöðsela, tókum ófem* fisk, skrifuðu.

23. desember. Suðvestan hlávíðri. Kom Grímur og B. á Klúku að lesa upp bréf.

24. desember. Suðvestan hlávíðri. Ég gjörði við hlekki* á Kofu.

25. desember. Sunnan hvass og hlávíðri. Jón kom að norðan. Embættað Felli.

26. desember. Norðan stormur með frosti og smáfjúki á milli. Embættað á Felli. Magnús kom með Bleik.

27. desember. Norðan hvass með stór kafaldi og frosti. Stóð allt inni. Jarpur og Bleikur stóðu inni.

28. desember. Hart frost og hreinviðri og í afláti. Sást eingin vaða. Jón malaði á Geststöðum.

29. desember. Ábúðarlegur vestan með linju fjúki á milli og steitingur við og við. Ég fór ofan að búð að skrifa fiski og draga uppúr byssum.

30. desember. Sunnan blávíðri. Embættað í Tröllatungu.

31. desember. Suðvestan stormur og lítið frost. Gjörð él um miðjan daginn. Ég færði bátinn með Jóni inní Naustavíkina.

1850

*Janúar 1850

1. janúar 1850. Landsynnings hægð með fjúki til kvölds. Frostlítið. Embættað í Tungu. Kom fjöldi fólks.

2. janúar. Norðan með frosti og kógkafall. Ég var veikur af niðurgangssótt.

3. janúar. Norðan með frosti og kafalli. Útlátið litla stund.

4. janúar. Norðan með frosti og kafalldi. Útlátið miðjan daginn.

5. janúar. Norðan hægt, frost og hreinviðri. Ég sneri kastfæri.

6. janúar. Logn, frost og fínt er á leið. Embættað í Tungu.

---

7. janúar. Heitt sunnan hvassviðri og bloti. Eg gjörði við s:þilið.

8. janúar. Suðvestan bráðviðri og stóraska. Við Jón leituðum að kindunum og fundum undir Búrfelli.

9. janúar. Suðvestan stórmein og fjúk á milli, bloti síðar er á leið og sterkviðri. Eg gjörði við hjá sauðunum og hrú*.

10. janúar. Suðvestan steitingur með éljum á milli.

11. janúar. Við vestan hæglátin, með éljum á milli og láganda frosti. Ég ætlað að draga spýtu frameftir en varð ei af. Sá ég háhyrningana og vöðuna frá Heiðarbæ. Fór fram og náði 11u fjórðunga sel á milli háhyrninganna og drógum hann frameftir um kvöldið og gerðum til.

12. janúar. Frost og hreinviðri. Við fórum yfir í Nes og sáum lítið hrot en táðist allt í sundur af háhyrninga ótta. Enginn fékk neitt.

13. janúar. Frost og hreinviðri. Embættað í Túngu. Sást ei vaðan. Lítið hrot sást með Heydalsárlandinu.

14. janúar. Logn, frost og hreinviðri. Vaða lítil, eg skaut til láturssels með kúlu og missti.

15. janúar. Hart frost og hreinviðri, austan í áttinni. Allir fóru í vöðusnúður, utan við. Við drógum spýtu úr Naustavíkinni, og sáum um leið hrot undan hólmunum. Fór Jón í Tungugröf að því á heimleiðinni, og kastaði 2. Tófu halldið. Högni sótti kálfinn að því búnu.

16. janúar. Hreinviðri og frost. Við Guðm. fórum inní Víðirdalsborgir*. Sáum lítið hrot.

17. janúar. Sama veður. Við Guðmundur gengum upp á Selbringu. Sáum lítið hrot inn á firði, kom við 2 báta um stund. Við fórum ekkert. Ég tók fiskifang mitt saman.

18. janúar. Sama veður. Ég var kyrr heima. Sá hrotkorn undir Kleifa, þar við 1 bát. Drengirnir söguðu í rúmbotn.

19. janúar. Sama veður. Flestir fóru að hrotinni. Eingvir fengu sel utan Torfi á Kleifum.

20. janúar. Sama veður. Embættað á Felli. Drengirnir fóru þangað.

21. janúar. Austan þoku gúlpur með linju fjúki.

22. janúar. Sama veður, hægði er á leið og fjúk minni. Allir fóru til vöðunnar, hún ljónstygg. Guðmundur á Kirkjubóli fékk 10 f. sel. Aðrir ekki.

23. janúar. Norðan með frosti og kafaldi. Var halldið báðum hyrndu kúnum. Hestar inni.

24. janúar. Sama veðurlag. Allt inni.

25. janúar. Sama veðurlag. Allt inni.

26. janúar. Vestan steitingur og hart frost. Allir í vöðuna utan ég. Hún mikil og ljónstygg. Eltu þeir hana á lítilli stund undan Hellu út á Hyrnur.

27. janúar. Norðaustan hvass með frosti og kafaldi. Var ei embættað. Jón M. fór kvöldinu áður útá Bæi með Jóni Jónatanssyni. Var útfrá.

28. janúar. Stór garður með frosti og kafaldi. Jón kom heim. Allt inni báða dagana.

29. janúar. Við sömu átt og í afláti. Kom Guðmundur á Kirkjubóli að snúa kastfæri og leggja á hrífu? Jón m, tók í sundur klukkuna. Vaðan var í 2nu lægi. Ljónstygg. Allir í hana, utan við Guðmundur. Enginn fékk neitt. Hún tættist öll í sundur.

30. janúar. Lognhægur austan í áttinni. Við rennum allir í vöðuna, hún mikil og stygg. Fengum 3 sel. Torfi, Jón í Tungugröf og ég.

31. janúar. Austan með frosti og kafaldi og hríð á milli. Ég gjörði til kópinn 6 fjórðungar.

*Febrúar 1850

1. febrúar. Logn og við landsynning, blítt veður. Allir fóru í vöðuna. Hún frábærlega stygg og miklu minni. Jón á Hafnarhólmi fékk sel, aðrir ekki.

2. febrúar. Austan hvass með ísings fjúki og frosti.

3. febrúar. Landaustan hæglátur með frosti og fjúk ýring er á leið. Embættað í Tungu.

4. febrúar. Við norðan til hafsins, útnyrðingur til fjalla. Engin vaða. Öll sundin tætt af háhyrningum.

5. febrúar. Norðan með frosti og kafaldi.

6. febrúar. Hæglátur norðan og hart frost. Gengum á Kirkjubóli. Sáum öngva vöðu. Nokkrir í einni.

7. febrúar. Norðan með frosti og kafaldi.

8. febrúar. Norðan hart frost og? fjúklítið. Sást engin vaða. Hún öll í burt af háhyrningagangi. Drógum höfðasleða frameftir. Jarðsett barn frá Tindi.

9. febrúar. Hægari og loft þynnra, eins frost og í afláti til landsynnings. Sást engin vaða. Andrés fór norður. Nú er miðþorri. Torfi hefur fengið 3 seli. Hann er mestur. Eg og honum næstur 2.

10. febrúar. Landsunnan með frosti og fjúki á milli. Þó hægur. Embættað á Felli.

11. febrúar. Norðan garður með hörðu frosti og kafaldi.

12. febrúar. Norðan með frosti og harðviðri. Þó í afláti. Enginn fór til vöðu. Háhyrningar inni.

13. febrúar. Frost og hreinviðri. Lítið vöðuhrot. Ég fékk sel með 9 f. og 7m. Jón í Tungugröf 1. Sæmundur í Hamri 1. Aðrir ekkert.

14. febrúar. Við sunnan. Linara frost, logn og fjúk á millum. Vaðan lítil og stygg. Enginn náði kasti. Fór Indriði Gíslason hjá, Skagfirðingur. Dínu haldið í öðru sinni.

15. febrúar. Við sunnan logn og sígandi frost. Gjörðum sel undir rökkrið. Stór kafald til dagsetrið vestan. Vaðan var meiri en að undanförnu, en jafn stygg. Við vörum* 3´m á firðinum við hana, náði Guðmundur á Kirkjubóli vænum sel. 3m fóru út í Ey. Rauðu-kusu haldið.

16. febrúar. Megn útsynningur. Linari er á leið. Allir fóru til vöðunnar um nónið utan ég. Fengu ekkert. Hún lítil og stygg. Þeir er í flóann fóru út einni í gjæri*, þóttust séð hafa mikla vöðu, en fundu ei.

17. febrúar. Bloti svo hægð og fjúk dimma. Varð ei embættað. Nokkrir fóru í vöðuna, ég ekkert.

18. febrúar. Útsynnings stórmolld allan daginn.

19. febrúar. Sama veðurlag og veðurstaða.

20. febrúar. Sama veðurstaða og veðurlag. Háhyrningarnir komu inn.

21. febrúar. Hreinviðri og frost. Og snúa sér til norðurs. Sást lítið hrot. Enginn fór neitt.

22. febrúar. Víð á austnorðan og dimmu kafald allan daginn. Lítilfjörlegur bloti síðast. Þórey að Geststöðum með vefjarverk og varð um nóttina.

23. febrúar. Austnorðan steitingur með ísingu til kvölds. Sáum vont hrot. Gátum ei farið vegna vinds.

24. febrúar. Vestan bráðviðri og stórrigningar, allt flóði. Varð ei embættað.

25. febrúar. Útsynningur allan daginn. Vaðan að fara mikil með landinu. Jón sótti sög að Húsavík.

26. febrúar. Stórútsynningur. Kom Magnús 6 st. og varð um nóttina.

27. febrúar. Úsynningur fram yfir miðdegi. Þá austan hæglátur. Ég sá vöðuna undir Heydalsá. Enginn fór neitt.

28. febrúar. Landaustan stórkafall til nóns, þá sunnan hvass og bloti. Drengirnir voru að fletta röftum.

*Mars 1850

1. mars. Útnorðan með hörku frosti og kófi er á leið. Vaðan að fara með löndunum.

2. mars. Hátt norðan bráðvirði með hörku og stór kafaldi. Rofaði að klúku í rökkrinu.

3. mars. Útnorðan steitingur. Hart frost, hrímfjúk. Embættað í Tröllatungu og jarðsett Halldóra móðir séra Halldórs, er lengi hefur legið í þungri kröm.

4. mars. Hægur og fannmok fram á miðjan dag. Þá bloti og rokviðri, frost og útsinningur eftir dagsetrið. Drengirnir söguðu selju? kubb.

5. mars. Bloti en hægari á milli. Útsynningur enn er kom fram yfir dagsetrið. Varð ei annað gjört en hlint að skepnunum. Ég hitt og þetta. Þvoði í sundur grút a baðstofuna og eldhúsið. Sá vöðuna. Enginn þorði að fara.

6. mars. Norðan með frosti og kafaldi.

7. mars. Fannfergja og frostlítið. Birti um miðjan daginn. Sá ég vöðuna. Kleifamenn fóru í hana, feng hann ekkert. Ég komst að Heiðarbæ. Þá útsinningur er á leið. Voru þæfðar 40 ál.

8. mars. Útsinningur, hægði er á leið. Guðmundur á Kirkjubóli fór í vöðuna. Fékk ekkert. Við ofan að Búð.

9. mars. Austan kafald, svo bloti. Svo hæglátur fram undir miðjan dag. Þá útnyrðings áhlaup með frosti og stór kafaldi. Þó var veðrið meira að sinuleiti?. Allir í vöðuna. Guðmundur fékk kópsel. Að því liðnu

komu háhyrningarnir og áhlaupið óaðspurt. Við komumst þó lukkulega í land. Við náðum pjötlu af spiki n? stærð.

10. mars. Norðvestan drif á milli, með frosti og hreinviðri. Jón varð útá Bæjum. Átti að embætta á Felli enn varð ei, því prestur fór ei daginn áður.

11. mars. Suðvestan stór ofsi, með ákafri rigningu og skarahríð allann daginn. Allt flóði úti og inni, einn ruddi sig 2ar um daginn. Úr garðtóftinni við húsin tók ég víst 300 fjórðungs keröld. Jón útfrá.

12. mars. Norðaustan stormur með hörðu frosti framyfir miðjan dag, þá hægari og líkara frostið. Var vrðdeigi? komin snjór í hné og mitt læri víða og fannfergi allan daginn. Jón kom ei heim.

13. mars. Austan með frosti og kóf kafaldi. Jón kom.

14. mars. Við suðvestan hægð og frostlaust. Ég sá vöðuna að halda út. Hún mikið stygg. Enginn fór til hennar.

15. mars. Við sunnan grúaður í loftið. Frostlítið og logn. Við fórum 5 m í vöðuna. Sæmundur 2 seli með skutli. Guðmundur á Hvalsá missti sel. Ég skaut kóp með 4 ½ fjórðungum. Hinir ekkert.

16. mars. Suðvestan stormur með smá skúrum á milli sólskini. Ég sá vöðuna. Enginn fór til hennar. Drengirnir voru að saga.

17. mars. Við sunnan þíðviðri og logn. Embættað á Felli.

18. mars. Sunnan hægð og þíðviðri. Við fórum í vöðuna allir, Sæmundur og Jón í Tungugröf. Fengu sinn selinn hvor.

19. mars. Sama veðurlag. Við allir í vöðuna. Sæmundur náði sel.

20. mars. Sama veðurlag. Jón í Tungugröf náði sel. Ég missti sel seinni daginn. Fékk ekkert alla dagana.

21. mars. Vestan bráðveður með leisingu og skarahríð.

22. mars. Norðan með hörku og kafaldi.

22 [23]. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Ég að þilja inn án búrið þessa daga. Þann 9ut þessa mánaðar urðu úti 2 systur í Staðarsveit.

24. mars Norðan með hörku og kafaldi. Ég að þilja búrið. Drengirnir að saga það.

25. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Ég og drengirnir gjörðum hið sama.

26. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Ég að þilja búrið. Drengirnir saga í það.

27. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Eg og drengirnir gjörðum hið sama. Kominn móður fram af töngum öllum. Léttari er á leið.

28. mars. Skírdagur. Frost og heiðbirta, austan til Flóann og hafíshroði í reki, þó lítill. Hægur á landi.

29. mars. Föstudagurinn langi. Norðan með frosti og kafallt. Embættað báða dagana á Felli.

30. mars. Austnorður með frosti, hægði er á leið og linaði frost. Enn fannfergja allann daginn. Ég smíðaði staf fyrir Finnboga í Heiðarbæ að öllu leyti. Þeir komu að norðan. Sögðu þaðan: afla, línuslit, drekatöp og hrakning Bjarna í Bæ á Skagatá. Kom aftur að viku liðinni.

31. mars. Sem er páskadagur. Vestann garri og loft þunnur. Embættað í Tröllatungu.

*Apríl 1850

1. apríl. Blítt veður, sólskin og hægð. Austan í áttinni. Embættað í Tröllatungu. Við fórum hjónin, Jón, Guðríður, Þórunn, Guðrún, Björn og Hólmfríður.

2. apríl. Landaustan til Flóans, hægur inn fjarðar. Sá til sólar og frostlítið. Við fórum allir í selasnuður, og skaut ég kóp með 74. m: Sæmundur Davíð skutlaði sel í hausinn. Vaðan var mikil, en ótæk vegna styggðar og báru.

3. apríl. Landaustan hvass og loftþunnur þunnur. Sígandi frost. Við sóttum fisk á sleða.

4. apríl. Landaustan bráðviðri með sólskini og sígandi frosti. Við Jón ætluðum að renna á Heydalsá, en þá vantaði dragólina. Varð því að sækja rennibekkinn á sleða um kvöldið.

5. apríl. Við sömu veðurstöðu, logn innfjarðar til hádegis. Ég skutlaði brimil með 7 ½ fjórðung. Fann 2 fjórðunga lifrar úr vænum hákarli. Gerðum selinn til og drógum heim.

6. apríl. Landaustan í áttin, með þoku kafaldi og logni til hádegis. Þá logn og þykkviðri. Ég skaut kóp með 3 fjórðungum.

7. apríl. Landsunnan góðviðri og hægð. Kom Kristján á Heydalsá og tafði lengi. Þórey og Jón út að Heydalsá. Embættað á Felli.

8. apríl. Landaustan í áttinni. Við fórum allir til vöðunnar. Svo í land vegna vinds. Svo fram aftur. Fengum við Sæmundur sel, miku? 7 fð. Kældi vestan síðast, með hraglanda.

9. apríl. Vestan steiting með éljum á milli. Við vorum lengst af á Heydalsá. Sáum vöðuna en gaf ei fram.

10. apríl. Logn og blíðviðri. Fengu allir sel. Jón á Hafnar 3, ég 2 brimla, á þeim 7 = 7 ½ f. Hinir fengu sinn hver.

11. apríl. Vestlægur stormur allan daginn. Við töfðum á Smáhömrum til nóns. Enginn fór í vöðuna.

12. apríl. Austan inn að ey. Sæmundur fékk sel, aðrir ekki. Ég missti sel með skutli, en beit? annan skotinn.

13. apríl. Austan inn að Ey. Enginn fékk neitt. Vaðan ljónstygg, líka var mikil bára. Ég skaut 10 svartfuglum. Hefur verið blíðviðri með sólskin á landi 4 dagana af þessari viku. Þá hart frost á næturnar.

14. apríl. Landsunnan til loftsins. Austan stormur til Flóans. Blíðviðri á landi, gjörði vætuskúr er á leið. Var embættað í Tröllatungu. Fóru 5 manns héðan.

15. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Kældi er á leið útnorðan. Við sáum vöðuhrotið. Fórum allir þangað. Enginn fékk neitt. Ég skaut og missti.

16. apríl. Norðan í áttinni. Logn og þoka til fjalla. Austan ræma er á leið. Ég fór í selasnuður. Sá 4. Fór austur fyrir Hyrnur. Skaut þar 12 svartfuglur, svo upp Ey. Þaðan inn að Hafnarhólmi. Var Jón kominn kor? vín. Steinunn flúði. Héldum svo heim með áburð á hestunum en Jón út á Bæi.

17. apríl. Austnorðan storm hvass, með fjúkslitning á milli. Frost sígandi. Voru skafin og uppfest 5m selskinn. Ég smíðaði upp börurnar.

18. apríl. Norðan stormur. Frost og hreinviðri með skýja flíting. Jón sagaði með Grími á Kirkjubóli. Voru dregnir 2 asar um kvöldið frameftir.

19. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Við vorum að renna allan daginn.

20. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Við entum við að renna um nónbilið.

21. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Þó heldur í niðurgangi. Var embættað í Tröllatungu. Við Þorkell fórum til kirkjunnar og með okkur Sigurður Hákonarson.

22. apríl. Sólskin og blítt veður. Lagði inn austan miðjan daginn. Vaðan inni. Jón í Tungugröf fór um morguninn snemma og fékk 2. Svo í land. Þá komum við Jón á Hafnarhólmi en kjælldi í því. Fengum ekkert.

23. apríl. Blíðviðri allan daginn. Ég skaut 4n skot með kúlu, náði einum, missi annan dauðan. Elti þriðja mikið og náði ekki. Jón á Hólmi fékk 2.

24. apríl. Sama blíðviðri. Ég missti sel dauðan niður, engin fékk neitt. Jón m. og Björn fóru út í Hólm.

25. apríl. Alltaf sama blíðviðrið en lítið frost á næturnar. Við Jón fórum í skotsnúður, fengum ekkert.

26. apríl. Sunnan bláviðri. Kóngsbænadagur.

27. apríl. Sunnan bláviðri, stormhvass og smá væta á milli.

28. apríl. Sama veðurlag, en þurr. Kom Þórunn á Tind. Embættað báða helgidagana á Felli.

29. apríl. Vestan með leysingu. Jón fyrir sunnan.

30. apríl. Vestan með leysingu. Jón fyrir sunnan.

*Maí 1850

1. maí. Vestan með leysingu. Jón fyrir sunnan. Ég að þilja búrið.

2. maí. Vestan hæggerðari leysing og frost að kvöldinu. Jón fyrir sunnan. Ég með Þorkeli að saga í og þilja búrið.

3. maí. Norðan i áttinni og hægð. Við Þorkell fórum í skotsnuður. Sáum vöðuhrot. Fengu ekkert. Jón kom úr Hólmsferðinni.

4. maí. Í afláti til norðan vestan. Ég enti við að þilja búrið. Jón var að gjöra við klukkuna. Hafa stúlkurnar unnið á í 5m daga að öðru hverju. Hafa þessa viku oftast verið þerrar en stormasamt. Þó fremur góðviðri alltaf. Skip víðast komin um Suðurland. Segja í vændum enn Danmerkur stríðið. Lítið beri á kóleru í nálægum löndum. Góða prísa á inn og útlenskum varning. Utan dún og tólg.

5. maí. Vestan með þoku og vætu íring. Hægandi með vætu krepju og síðast norðan. Embættað í Tungu eftir lestur. Við fórum héðan fimm. Kom ei Magnús í Afgötudal.

6. maí. Norðan með hörku frosti og kóf kafaldi. Kindur inni. Drengirnir fóru að saga í þil inn án um bæjardyrnar. Ég byrjaði að sníða kistur.

7. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Við Þorkell vorum að laga til kistugafla. Jón útá Bægjá? að útvega 2 fjórðunga smjörs til láns, en urðu 2 af tólg.

8. maí. Hæglátari og við útnyrðing er á leið, með kórj? í lofti. Jón m. fór suður að Garpsdal að sækja meðöl handa Bjarna á Tind. Kom norður sama kvöldið. Við Þorkell vorum kistu smíðið.

9. maí. Sem er fimmtudagurinn 3. í sumri og uppstigningardagur. Norðaustan stórmold og sígandi frosti allan daginn. Kom áköf fönn og víða ókleifir skaflar. Hjónin í Heiðarbæ voru fyrir sunnan við greftrun föður síns.

10. maí. Stórmoldin til hádegis. Þá fjúk minni. Komnar minnilegustu biljur? um þennan tíma.

11. maí. Sami stórgarðurinn en meira við útnyrðing og frost minn á með kafaldskreppu á milli. Drengirnir söguðu í sástafi. Ég smíðaði grind í stórhúsdyrnar. Jón út að Heydalsá.

12. maí. Vestan hvass og sólskin. Komin hafíshroði. Jón út á Bæ. Embættað á Felli.

13. maí. Vestan stormur með vætu á millum. Kom Magnús á Tind. Ég járnaði Bleik fyrir hann. Kom Guðrún í Heiðarbæ.

14. maí. Vestan hvass með þokuruðning. Drengirnir voru að saga á milli. Ég var að fást við kistuhliðar. Ei varð unnið á túninu fyrir stormi.

15. maí. Vestan hvass með skúrum. Leysti mikið. Varð ei úti verið á túninu fyrir hvassviðri. Við vorum í kistu smíðunum á milli.

16. maí. Vestan hæglátur með skúrum á millum og í tilbúningi til norðan. Ég var að gjöra tvískeptu úr einskeptu fyrir Þorleif á Hlíðarseli og að hjálpa drengjunum til með kisturnar. Stúlkurnar unnu á túninu á báðum bæjunum.

17. maí. Norðaustan með bleytu kafaldi. Skóf í lægðir þó tók af að nokkru er á leið. Frostlítið, innfjarðar hæglátur. Varð lítið að verki.

18. maí. Norðaustan með bleytu kafaldi. Frost er á leið. Þórey fór með Guðrúnu litlu upp að Tröllatungu til yfirheyrslu.

19. maí. Við austnorðan og þurr, og hægandi. Hvítasunna. Guðrún okkar var staðfest og 3 önnur. Við fórum 6 til kirkjunnar. Jón út að Heydalsá um kvöldið.

20. maí. Vestan stormur og þurr. Embættað báða dagana í Tungu. Við hjónin og systurnar fjórar urðum til altaris og margt fleira fólks.

21. maí. Logn og þykkur, blítt veður þó í tilbúningi til norðan. Ég fór að Þorpum. Stúlkurnar unnu á lá úti.

22. maí. Gúlpur norðan, með hafíshroð á reiki. Ég var á klukku að gjöra við skrá og kamér fyrir prestinn. Jón m. fór með Tómasi á Geststöðum yfir á Strönd. Unnið á.

23. maí. Norðan hvass með frosti og élja drögum. Vantaði 1 á um kvöldið. Unnið á. Við piltarnir vorum að grípa í kistusmíðið.

24. maí. Norðan hvass með frosti og kófi á milli. Fannst ær er vantað hafði 3n sólarhringa afvelta í móum heiman til við Stóraholt. Hafði hún þar verið þennan tíma, sú svona því ég sá blettinn í þessum stað, þar til hún fannst en meinti það hvítgráan stein eða firning. Hún gat gengið heim um miðjan dag.

Hafði vargurinn látið hana í friði allan þennan tíma. Er allt þetta mikil furða. Stefán á Kambi sótti Þóreyju og hélt að Tungu um kvöldið.

25. maí. Norðan hvass með frosti og éljagangi á milli. Hefur oftast séð til sólar. Bornar rúmar tuttugu. 5m tvílembdar.

26. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Embættað á Felli. Kom Jón Gartner og Guðmundur á Hellu og urðu báðir um nóttina.

27. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Var haldið Roftningar? þingið á Kirkjubóli.

28. maí. Norðaustan með kófi á millum. Þingað á Kirkjubóli og haldið um leið hreppaþing.

29. maí. Austan bráðviðri með hörku frosti. Héluðu gluggar um miðjan dag, en linaðist við stórt þel, en áféll eftir miðjan dag. Fimm vikur af sumri. Ég fór út að Þorpum að kaupa spýtur. Hafísinn var að koma að norðan.

30. maí. Landaustan hvass til Flóans, hægð á landi og frostlaust. Væta er á leið. Við vorum að kúra ofan og rífa neðri veginn á kúahlöðunni.

31. maí. Við sunnan í loftið. Logn og mesta blíðviðri. Við fórum út á Gálmaströnd að sækja ás og drumb. Var ei Gísli heima. Varð svo ferðin hálfgjörð. Hafísinn vex stórum svo ei var skipgengur frá Drangsnesi og að Eyjum. Flóinn auður og fjörður hér að mestu.

*Júní 1850

1. júní. Við sunnan hægt og smáskúrir. Drengirnir entu við að skera ofan hlöðuna, rífa allan neðri vegginn og koma burtu moldinni. Ég smalaði. Reif hundur gemling til skaða, þó í síðsta sinni. Jón m. fór út að Heydalsá um kvöldið og varð um nóttina. Ísinn alltaf að vaxa. Eg var velsæll af verk fyrir brjóstinu, og því lítið gjört.

2. júní. Norðan gúlpur með þokur, þó hægð og gott veður. Ísinn að aukast. Ég var mikið vesæll af sama, var þó á fótum og yfir að klukka. Jarpur drap hvolp. Jón varð út frá. Fæddi stúlkubarn í Þorpum. Lítill gróður. Embættað á Felli.

3. júní. Suðaustan í lofti og í landi, austan til Flóans þó kögur, með smá skúrum á milli. Drengirnir stungu á 6n hundrað af klumbruhnaus. Ég vesæll af verki fyrir brjóstinu, þó á fótum.

4. júní. Sama veðurstaða og daginn áður. Gjörði stór rigningu framanaf. Svo þurr og þoka. Við hjónin smöluðum. Átti ég bágt með það. Börnin 5 fóru til grasa. Fengu lítið. Ísinn vex dag frá degi.

5. júní. Hægð og þokuslegið loft með sudda inn á milli. Drengirnir stungu 500 af klömbu og 50 af kvíahnaus. Ég tók upp heygarð. Var nokkuð skárri. Hafísinn alltaf vaxandi og grær lítið.

6. júní. Mein við norðan, hægur og þokur sífelldar, bæði í lofti og jörð. Við fórum að hlaða hlöðuvegginn og vorum búnir undir klumbulag.

7. júní. Austnorðan garður til Flóans, hæglátur og þurrviðri á landi. Frost til fjalla á næturnar. Var stungið út sunnanfjósið eftir sauðina. Ég smíðaði undir Karra og járnaði hann. Jón stakk sig á járnnagla hérna, þó ei mikið. Hjálpaði séra Björn m. honum við því.

8. júní. Austan hvass og þurrviðri. Jón m. fór að sækja hest að Stóraholt. Ég Kirkjubóli að snúa færi fyrir Grím.

9. júní. Norðan og þunnt, hægur á landi. Stíflaður fjörðurinn af ís. Embættað í Tröllatungu. Jón fyrir sunnan.

10. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Þorkell flutti í, en ég lagði lag á hlöðuvegginn. 130 af hnaus. Týndur tvílembingur. Jón fyrir sunnan.

11. júní. Austnorðan hvass, og þokugúlpur í miðjar hlíðar. Gjörði úrfelli um miðjan daginn. Þorkell flutti 30 af hnaus. Jón kom að sunnan með brúnan hest. Entum við kisturnar.

12. júní. Norðan hvass og besti þerrir. við fórum í Jarðabótafélagið í Húsavík. Fullgjörðum 16 fa. af túngarði.

13. júní. Sama veðurlag og veðurstaða, en hægri. Við gjörðum að hálfu og tókum upp undir 23 föðmum í Heiðarbæ af Túngarði.

14. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Meiri hula í lofti. Við tókum upp undir 20 f. hér og rúmlega hálf gjörðum þá.

15. júní. Sama veðurlag. Var stungið út að hálfu stórahúsið. Markað nokkuð af lömbunum, tekið af 3um sauðum. Ég lagði 30n af h. á hlöðuv. Svo Jón, inn að Ósi um kvöldið. Alltaf eru kuldarnir og lítið grænt og þegar vætu gjörir í byggð snjóar á fjöll.

16. júní. Norðan stormur þerrir. Embættað í Tröllatungu.

17. júní. Sama veðurlag og veðurlag. Var stungið út hálft stórahúsið og hrútakofinn. Líka kálgarðurinn upp stunginn. Ég lagði lag á hlöðuvegginn, Þorkell flutti. Finnbogi m. gelti fyrir mig 12 lömb.

18. júní. Suðvestan hæglátur og væta inn miðjan daginn. Barið og borið í kálgarðinum. Við Þorkell gjörðum sama. Tókum saman tað. Fædd Valgerður Guðrún Björnsdóttir á Klúku.

19. júní. Vestan og þurr þar til á leið, þá austan stormur með stór úrfelli. Sáði garðinn og búið um hann. Lagt lag á vegginn og byggður reiðinga hjallur fram á gömlu kvíum.

20. júní. Austan hæglátur og þerrir. Við entum við veggina á hlöðunni. Áttum eftir gaflhlaðið.

21. júní. Austan garðs-vera. Þó gott veður og þurrt. Ég sagað til allar stoðir í hlöðuna. Drengirnir ristu 100 af torfi og hlóðu á hlöðugaflinn. Við hjónin tókum af 7.

22. júní. Austan til Flóans. Sunnan í loftið og smáskúrum. Við létum grind í hálfa hlöðuna. Drengirnir ristu 140 af torfi. Ég sótti spýtur á 3m hestum að Kirkjubóli. Drengirnir ráku sauðina og geldingana um nóttina fram í Hraundal.

23. júní. Hægð og besti þerrir. Embættað á Felli.

24. júní. Við sunnan og landsynning, hægð og með skúrum. Besta gróður veður. Við Þorkell fórum með Sandnesi og Hellu. Renndum á hingað ferðinni og drógum 27 fiska. Þetta var á Jónsmessu. Jón og stúlkurnar rifu á 3 hesta í Tungugröf. Ég skaut hringanóru.

25. júní. Meir við landsynning, hæglátur og væta að öðru hverju. Jón minn réri og Finnbogi í Heiðarbær réru saman. Öfluðu 63. Misstu færi að mestu, ledduna? og hneif?. Átti ég þetta einn. Ég lét 13 skallrafta? á hlöðuna og ýmislegt. Keli gerði að fisknum að mestu.

26. júní. Vestan hvass og þerrir. Gjörðum til, söguðum og hleyptum árefti.

27. júní. Landsynnings hægt og ábúðarlegur um e morgninum. Við fórum að róa, gjörði þá stórúrfelli með krapa og snjóaði í miðjar hlíðar. Við fórum á grinstu? mið. Urðum ei varir. Svo í land vegna úrfellis og útlits. Dvöldum undir Fylgdarhamri? um hríð. Settum þá og svo heim. Stórgarður um kvöldið og rigning.

28. júní. Sami garðurinn en minn á úrfellið. Drengirnir fóru með Rauðu kusu að Hlíðarseli til ónýtis. Ég festi upp fiskinn, refti, tráðaði og þakti 2 faðma af hlöðunni.

29. júní. Garðurinn linari og þurr. Ég lét skalldrafta? tiju? á hlöðuna. Refti, tróðaði og þakti það. Smíðaði trog og saum í annað. Þorkell flutti á Kleppustaðagrasafjall Jón, Guðríði og Þórunni.

30. júní. Skárri garðurinn og þurr að mestu. Þorkell kom með hestana inn að. Átti að embætta í Tröllatungu.

*Júlí 1850

1. júlí. Norðan belgingur og kafaldskóf til fjalla með frosti. Ég var að gjöra við tveggjatunnusá.

2. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða. Við Þorkell vorum að reisa og refta hlöðuna.

3. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég smíðaði hlemm á sáinn og entum við að refta traða af þekju undir þak á hlöðunni. Kom Jón Gartner.

4. júlí. Í afláti. Við Þorkell fórum að brytja niður frá. Var góður þerrir. Allir að búa sig til kaupstaðar.

5. júlí. Vestan stormur með smá skúrum. Ég bræddi daginn og nóttina. Hljóp tak flog undir vinstri síðu mína, svo nánast gat heim komist. Þá léttari. Eyjólfur fór í kaupstaðinn og Þorkell með honum. Karri týndi ólarbeisli. Börnin á fjallinu inn frá. Órekin lömb og geldfé mitt. Það kom aftur.

6. júlí. Útvestan stormur og besti þerrir. Ég vesæll af takinu. Teknir saman tveir hraukar.

7. júlí. Útvestan stormur og góður þerrir. Var ei embættað. Voru allir í kaupstað. Sagt í dag að 7 spekúlantar séu í Stykkishólmi. Eitt af þeim sé þýskt. Rúgtunna þar á 4 rb 48?, en hjá þýskum 4 rbð. Hvít ull á 24s.

8. júlí. Vestan stormur og þerrir. Við tókum saman tað, 2 hrauka stóra. Það á fjallinu, Keli f. norðan.

9. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða, en hæglátari. Við tókum saman það eftir var af taðinu og Sólveig í Heiðarbæ með okkur. Það á fjallinu, Keli f. norðan.

10. júlí. Við sömu átt en þykkur, hægur og með smá skúrum á milli. Það inn frá, Keli kom úr kaupstaðnum. Við létum 40 torfur á hlöðuna og hlóðum á veggi.

11. júlí. Hæglátur sunnan og væta á milli. Komu börnin heim af Kleppistaðafjallinu. Sótt kaupstaðunan? inn áð Húsavík.

12. júlí. Vestan stormhvass og þurr að mestu. Við Jón og Guðrúður komum moldinni út úr hlöðunni. Þorkell flutti 100 af torfi. Komu þær hér, Sigríður á Víðidalsá, og Þórdís á Kollafjarðarnesi.

13. júlí. Vestan hvass með úrfelli, skipti þá skúrum á milli. Voru lömbin frá Heiðarbæ og héðan rekin í sameiningu.

14. júlí. Vestan stormur með skúrum á milli. Embættað á Felli. Riðu bræðurnir uppeftir og margir. Kom Jón Gartner.

15. júlí. Vestan stormur. Tyrfðum nokkuð af ysta þaki hlöðunnar. Drengirnir ristu 80 af torfi.

16. júlí. Vestan kæla og besti þerrir. Jón m. risti áfram. Guðmundur á Geststöðum í Heiðarbæ. Fóru svo norður í kaupstað um kvöldið á báti. Keli flutti hnaus að toflinni? við húsin.

17. júlí. Útræna og góður þerrir. Ég hlóð úr hnausunum en Keli flutti gafl í tóftina við húsin. Leysti af flæktri lóð önglana. Sló til í ljá. Keli flutti 80 af torfi og hnýtti lóðina aftur.

18. júlí. Logn og besti þerrir. Við Keli þöktum 80 af torfi á hlöðuna af ysta þaki og bárum í það. Jón kom úr kaupstaðnum. Fékk ekkert af mat, hann allur og margt fleira gjörþroti því prísinn á inn- og útlenskum vörum hefur verið af bragð. Rúgur, mél og baunir hvergi hærra en 5 ½ rbd. Bankabygg hæst 8 rd. Ull hvít 24 s. Mislit 20 s. Lýsi 24 rbd. Tólgur 16 s. Dúnn 3 rbdi. Þann 13. s.m. strandaði Bergmann í sunnanroki á Borðeyri.

19. júlí. Góðviðri og þurrt. Var að ganga til norðurs. Ég fór fram að Geststöðum að setja smiðjubelgi í stand.

20. júlí. Norðan stormur og þerrir. Ég og Keli kláruðum hlöðuna og kringum hana. Sveinn á Geststöðum risti hjá? mér með Jóni um miðjan daginn. Jón fór suður með Guðmundi.

21. júlí. Norðan steytingur. Embættað í Tröllatungu. Fór ég, Keli og 3n stúlkurnar. Kom hér inn Elín Guðmundsdóttir með manni sínum Sveini.

22. júlí. Austan bráðviðri, gjörð skúr síðast. Byrjað að slá norðast í veitunni um miðjan daginn, um kvöldið hjá fjóshaugnum. Jón kom er á leið, Þorkell og Þórunn fóru með Rauðuhúfu að Hlíðarseli.

23. júlí. Logn og hiti, við byrjuðum útræktina. Ég smíðaði ljá að hálfu og dengdi alla ljái.

24. júlí. Við sunnan mesti hiti og þerrir. Við slógum kringum smiðjuna og uppúr og Sæunnarflöt. Ég fór fram að Tind um kvöldið með nýjan ljá.

25. júlí. Við sunnan blíðviðri, hiti og besti þerrir. Var slegið í stykkinu fyrir ofan mýrina. Hirt fremst af útræktinni.

26. júlí. Sama veðurlag, en þoka að nóttinni. Slegið fyrir norðan lækinn. Svo um kvöldið Hesthúsholtin. Þeir að afla yfir og inn án hundrað. Nefh? Jón á Tind og Björn í Tröllatungu.

27. júlí. Þykknaði upp af suðri og gjörði storm á milli og skúrir. Ég réri með Þorkel og Jón á Klúku og fengum 113. Hefur fiskurinn verið mestur inn í fjarðarbotni, og svo mikill að dregist hafa á kortum? sólarhring á 2 færi 480 og þetta var á miðjum júlí. En nú er fiskiríið um allan fjörðinn.

28. júlí. Suðvestan stormur á milli og suddi á milli, enn stórrigning um morguninn nálægt klukkutíma. Embættað í Tungu.

29. júlí. Vestan hvassviðri með stórhryðjum á milli. Varð naumast slegið vegna veðurs. Slógum við frá hesthúslindinni útúr með Jaðri af Brekkunni og húsunum. Líka blett í útræktinni fram við garðinn og í stykkinu.

30. júlí. Sama veðurlag. Við entum við stykkið og slógum í viðbót, mestalla Breiðavallarflötina.

31. júlí. Sama veðurlag framundir miðjan dag, þá hægri. Slegið jáft? flötinni uppúr. Við rerum um nóttina og öfluðum 69 framundan Tungugröf.

---

*Ágúst 1850

1. ágúst. Landaustan hæglátur og stórhríð er á leið. Var en við Völlinn. Ég gjörði að fiskunum.

2. ágúst. Austan fjúkgúlpur og þung rigning framan af, einkum við brekkuna og túnið, hefur það staðið yfir í 10 daga og ég verið frá 3 daga.

3. ágúst. Sama veðurstaða og góður þerrir. Var öll útræktin rökuð í flekki og nokkuð af stykkinu. Var með okkur Valgerður á Geststöðum, Jón varð illt og gat því lítið gjört. Kom séra B. m á Klúku og tafði mikið af deginum. Urðum við Jón að fylgja honum heim til sín. Hálfur neðri hlutur stykkins, Breiðivöllur og Brekkan í ljá.

4. ágúst. Við norðan og góður þerrir. Embættað á Felli. Riðu bræðurnir, Þórunn og Guðríður uppeftir og fjöldi fólks.

5. ágúst. Við norðan og þerrir. En réri og aflaði 113. Rökuð brekkan og stykkið. Elín í skiptum.

6. ágúst. Hirtar 42 sátur. Rakaður hálfur Breiðivöllur. Tómas á Geststöðum í skiptum. Sorta a? lóðaleing? var fiskurinn frá Naustavíkurtanganum.

7. ágúst. Austan hvass. Ég gjörði til 130 og 40 höfuð og festi allt upp. Var endað við að raka túnið. Hirtur einn flekkur. Drengirnir fóru í ána og fengu 2 silunga. Jón á Tind og fleiri drags? fiskin á 4a faðma dýpi frá Hölluhólmanum.

8. ágúst. Norðan hvass og þerrir. Hirtar 64 sátur. Ég réri um kvöldið og fram á daginn eftir. Aflaði 172.

9. ágúst. Hæglátur norðan. Ég lenti um miðdegi og flutti frameftir og slægði. Hirtar 36 sátur.

10. ágúst. Hægt og útræna. Ég réri og aflaði 103. Komið heim öllu taði, hirtar 4 sátur.

11. ágúst. Góðviðri og þerrir. Embættað á Felli.

12. ágúst. Landaustan gúlpur með úrfelli og þoku. Ég réri og aflaði 65. Var byrjað að slá veituna.

13. ágúst. Landaustan með vætu á milli. Ég var heima og gjörði til það sem síðast aflaði. Börnin slógu veituna.

14. ágúst. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég réri og aflaði 72. Var slegið í veitunni.

15. ágúst. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég gjörði til aflann. Börnin og Valgerður á Geststöðum rökuðu.

16. ágúst. Við sömu átt, en að láta þó af og búa sig til þerris. Við hjónin bundum 20 úr veitunni. Börnin entu við ljána.

17. ágúst. Hæglátur norðan og flæsa. Voru bundnir 43 úr veitunni. Jón fór inn áð Kleppustöðum eftir grösum. Fiskiríið minna á, lóðir og haldfæri. 20? í meðalagi.

18. ágúst. Austan bráðviðri með éljaleiðingum til fjalla. Embættað í Tröllatungu.

19. ágúst. Við norðan slegið í veitunni fyrir framan styllur. Hirtir 28 en upp rakaðir 30.

20. ágúst. Við landsynning og kafaldshrakningum á fjöllum en regn í byggðinni á milli. Gjörði garð um kvöldið útnorðan. Ég réri og aflaði 72.

21. ágúst. Útnorðan. Bráðviðri með frosthrími til fjalla. Slegið í Hesthúsflóanum, hirtir 20. Ég gjörði til fiskinn.

22. ágúst. Við sömu átt, hæglátari. Gjörði mikla fönn á norðurlandi. Rakaðir og bundin 30 úr hesthúsflóanum.

23. ágúst. Kælnari af sömu átt. Ég réri og aflaði 92. Rakað og slegið niðrundan Kerlingarstekknum.

24. ágúst. Austnorðan hvass og þerrir. Þó krepju skúrir á milli og festi til fjalla. Rakað og slegið í sama stað. Ég gjörði til fiskinn og ýmislegt. Var Elín frá Geststöðum.

25. ágúst. Austnorðan hvass, þurt og sást til lofts. Gjörði kafalds hríðir svo festi í miðjar hlíðar. Embættað í Tröllatungu.

26. ágúst. Frost og héla. Hægð og við útnyrðing, besti þerrir. Börnin byrjuðu að slá Flóðahvamminn. Við hjónin bundum 14 úr Ennunum og hirtum 27 af túninu. Fisk fátt á haldfæri hjá þeim er róa.

27. ágúst.

28. ágúst. Við útnyrðing. Blíðviðri og þerrir. Við hjónin bundum úr ennunum 11. Ég setti í stand reiðskap á hest og ýmislegt. Börnin heyjuðu í flóðahvamminum. Frost og héla að nóttinni.

29. ágúst. Sólskin og besti þerrir með vestan stormi að morgninum. Hvít jörðin af hélu. Voru bundnir 35 úr flóðahvamminum. Við hjónin hirtum 25. Tókum á móti heyinu og breiddum 15. Þorkell vesæll í fingri og fór því með.

30. ágúst. Vestan stormur á útfellishriðjur um miðjan daginn. Bundin 1 ferð úr Flóðahvamminum. Svo hætt við hann, þá slegið hjá Stokkgrundshólnum. Valgerður á Geststöðum var með börnunum. Ég smíðaði ljá og ýmislegt. Var vesæll af kveftilbúningi.

31. ágúst. Við útnyrðing hæglátur til fjallanna, en norðantil hafisins. Smá væta framan af svo þunnt. Bundnir 15. Ég mokaði mold úr stórhúshlöðunni. Var vesæll og Björn af kvefi. Fáir róa vegna heyanna.

31. ágúst [sama dagsetning]. Við útnyrðing, hægur og með skúrum. Á billi bundnir 12. Ég vesæll af kvefi og gjörði lítið.

September 1850

1. september. Norðan stormur og þunnt. Embættað á Felli. Gefin í hjónaband Magnús og Guðrún í Þorpum líka Guðmundur og Guðrún á Hvalsá. Björn á Klúku og Jón á Tind eru í tilbúningi að heyja í Norðdal.

2. september. Norðan hæglátur og loftléttur. Þerrir hjá?. Við hjónin breiddum og rifjuðum á túninu. Ég tók upp saltfisk og þvoði. Börnin heyjuðu 11. Þorkell fór með veikur í fingri. Kom hér Jón Gartner.

3. september. Við vestan hæglátur og besti þerrir. Hirtir 28a. Upprakaðir 18. Þorkell fór suður að Garpsdal, að sína á sér fingurinn. Mér nokkuð léttara af kvefinu.

4. september. Við vestan útnyrðingur hæglátur og besti þerrir. Börnin slógu til hádegis. Svo voru hirtir yfir 40, ég ófrískur af kvefinu. Konan m. hafði taksnert.

5. september. Við sömu átt hæglátur og þurr. Ég var litla stund framfrá. Heim bundnir 15. Við hjónin ekki lakari. Þorkell lítið skárri.

---

6. september. Vestan stormur og þurr. Þykkur í lofti. Við fórum að heyja í Illukeldu, fengum 12 heimbundna, 2 voru eftir. Ég var með þeim um daginn, en varð að fara heim litlu fyrri en börnin vegna lasleika. Keli jafn skárri í fingrinum, en kvartar um kverkabólgu. Því hér gengur landfarsótt í ýmsum myndum.

7. september. Við vestan útnyrðing, þerrir. Hirtir 15. Börnin slógu* 99*. Rökuðu í kistunni*. Ég vesæll af kvefinu með taksnert og beinverkjum. Þorkell afturbata í fingrinum. Samt verklaus.

8. september. Vestan stormur og þerrir. Embættað í Tungu. Við hjónin fórum til kirkjunnar. Hljóp gensi* verkur fyrir brjóst á Elínu Jónsdóttir á Geststöðum um emb. Henni tekið blóð. Varð þar eftir, létti lítið. Ég við sömu vesældina. Komu um kvöldið Smáhamra stúlkurnar.

9. september. Við suðurátt. Þurr til nóns. Mistur allt um kring, svo vætna bundinn g. Ég við sama, Keli skárri, þó verklaus.

10. september. Suðurlægur hæglátur, þykkur og með skúrum á milli. Þang sló 4 í keldunni. Við hjónin tókum fisk upp úr salti. Þvoðum og breiddum. Keli enn eins til vinnu, þó í afturbata. Ég fór eftir nónið til barnanna að hjakka*. Jón meiddist á fingri af ljás oddi. Alltaf róa með lóðin þeir frá Hellu og Kleifum.

11. september. Við sunnan með vætu á milli. Börnin slógu og rökuðu í keldunni. Við hjónin breiddum 12 kapla og náðum 6 sátum.

12. september. Við sunnan hæglátur og þurr að mestu. Börnin slógu og rökuðu í keldunni. Við hjónin hirtum 6. Við Keli tókum saman allan harða fiskinn og lömdum maðka úr höfðum.

13. september. Suðvestan hæglátur og stór úrfelli allan daginn. Slógu börnin litla stund í keldunni. Björn og Málfríður þungt haldin af kvefþyngslum.

14. september. Vestan hvass og stór úrfelli framyfir nón. Börnin slógu fyrir heiman stekkinn. Þorkell var nú með þeim og frískari. Málmfríði léttara. Birni þyngra.

15. september. Austan hvass og þerrir. Málmf. léttara. Birni þyngra, og auðséð hvar lenda ætlaði. Þeir fóru í leitirnar. Embættað í Tröllatungu.

16. september. Suðvestan stormur og þerrir. Jón var í leitunum. Stúlkurnar rökuðu í keldunni 2. Gunna litla var heima hjá móður sinni, ásamt Guðrúnu í Heiðarbæ að hjúkra að líkama Björns - sáluga, sem andast um nóttina kl 1:30. Blessuð sé hans minning.

17. september. Suðaustan hríðar gúlpur mestallan daginn. Björn m. á Klúku var hjá að smíða utan um blessaðan líkamann Björns m. sáluga. Jón kom úr leitunum.

18. september. Austan garður með þoku og stórhríð allan daginn. Snjóaði til fjalla. Allt lak og staremdi* venju fremur. Við Björn m. entum við kistuna og lögðum í hana blessaðar jarðneskar leifa Björns míns sáluga. Blessaði Jesús mun taka sál hans og líkama í sína umsjón.

19. september. Austnorðan, þútt* úrfelli öðru hverju. Við Jón gjörðum við alla klafana. Annars vorum við foreldrar þess sársaknaða ástvinar sinnu litlir.

20. september. Austnorðan úrfellis minni. Snjóaði til fjalla. Leituð eftirleit. Ekkert var átt við hey. Við h. angháð* og sinnulítil.

21. september. Við sömu átt, með smá skúrum og í afláti. Var ei átt við hey. Ætlaði Jón að leita en varð ei af. Blessaði vinurinn var enn hjá okkur, kistulagður.

22. september. Blíðviðri og sólskin. Fylgdum við öll til legstaðarins okkar sársaknaða og yndislega ástvin! Því presturinn embættaði heima hans og okkar vegna. Við foreldrar hans berum sáran og sætann* harm í brjósti eftir hann, því hann var mjög ástúðlegur!

23. september. Við sunnan hægt og blíðviðri, þornaði lítið. Voru búnir 24. Þorkell leitaði í Jóns stað, ég alheimti sauðina.

24. september. Sama veður og viðurstað. Lítil flæsa. Bundum 24 ún. Við hjónin breiddum og rifjuðum með Málmfríði sem harmaði Björn sinn.

25. september. Norðan í áttinni, sólskin og blíðviðri. Þornaði lítið. Við hjónin vorum alltaf að rifja. Rakaðir og bundnir 12.

26. september. Sama og veðurlag og iðja. Upprakaðir 2 flekkir í gallta og 2 í lanir*. Heim bundnir 11*. Sagt lát Valgerðar B.dóttur hér um bil ársgamallrar. Skarphéðinn litli er og dauðvesæll af þessari barnapest, sem nú í 2 ár hefur geysaði yfir land vort.

27. september. Landaustan hægtlátur með vætu. Varð ekkert átt við hey. Ég var að smíða járn á 2 hurðir fyrir séra Björn. Skarphéðinn dauð vesæll.

28. september. Austan þoku ruðningur, þurr og þunnur á milli. Báru börnin á völl. Ég að smíða húshurð handa séra Birni.

29. september. Austan stórgarður með vætu á milli. Emb. á Felli. Jón m. suður að Garpsdal fyrir Skarphéðinn eftir meðl.

30. september. Norðaustan hæglátur. Lítil flæsa á milli. Sudda yrja við og við. Börn á hesthúshaugnum. Rifjað einu sinni. Jón k. að sunnan.

Október 1850

1. október. Landsunnan góðviðri og þerrinleysa*. Hirtar nokkrar lanir. Skarphéðinn enn sár vesæll.

2. október. Við sunnan með skúrum á milli. Þornaði lítið. Skornir 7 dilkar. Komu hingað 2 Eyjamenn og Kristinn að Klúku.

3. október. Við sunnan hægt góðviðri og þerrinleysa. Hirtir 2 galtar* og rifjað einu sinni. Um 60 flatir á túninu. Eg var að smíða húshurðir fyrir. Skarphéðinn sálaðist um miðmorgunsleytið. Guði! Lof fyrir hans burtköllun.

4. október. Austan gúlpur með úrfelli. Ég enti við hurðirnar prestsins og fór með þær yfir um. Drengirnir rökuðu gærurnar. Björn og Finnbogi smíðuðu um Skarphéðinn.

5. október. Austan garðurinn með úrfelli á milli. kafald til fjalla. Voru haldin hreppskil.

6. október. Austan garðurinn sami, léttari er á leið. Embættað í Tröllatungu. Voru jarðsungin bæði börnin Skarphéðinn og Valgerður.

7. október. Frost og hreinviðri, þornaði lítið. Snjór til fjalla. Börnin tóku uppúr garðinum. Ég var að smíða fyrir hillur niðri í skemmunni.

8. október. Hreinviðri, hægð og frost. Velt við heyinu einu sinni. Skornir hrútarnir og 3 ær geldar. Ég brá mér inn áð Húsavík. Þórey m. kom frá Kambi og varð um nóttina. Aflinn er góður þá gefur á lóðirnar.

9. október. Útnyrðnyrðings slútingur* og þerrir austan síðast. Var rakað yfir 50. Hitt var flatt og í lönum.

10. október. Hreinviðri og blítt veður. Var allt túnið hirt nema 9u kaplar. Þórey var kyrr hjá okkur.

11. október. Vestan bráðviðri með hríðar úða allan daginn. Jón fór á stað með leigurnar. Þórey var kjur.

12. október. Bráðviðri með stórúrfelli. Vestan allan daginn. Sigurður = Guðm. komu heim og héldu upp að Tungu og Þórey með þeim. Við Keli vorum að brytja spað.

13. október. Við útnorðan og norðan með frosti og kafaldi á milli. Kýr alteknar inn. Embættað á Felli.

14. október. Við vestan hæglátur og loft þunnur, snjór á jörð og frostlítið. Ég var að dupta* að línum og salla í þær. Keli rakaði 7 rostnur* gærur. Jón var ei kominn.

15. október. Norðaustan hvass með frosti kafaldskófi. Jón kom heim.

16. október. Á sömu átt með frosti. Hæglátari og kafaldslaus. Skorin 13 lömb.

17. október. Landaustan með fannspýju. Skorin 5m lömb.

18. október. Landsynnings fannspýja með þoku, hægð og frostlítið. Kom Jón Gartner og Sveinn á Gest. eftir kvörninni.

19. október. Norðvestan hæglátur. Frost og hreinviðri. Var lítið gjört. Kom Jón á Kleppustöðum og Guðbjörg systir hans á Smáhömrum og urðu um nóttina.

20. október. Vestan hvass með úða eftir miðjan dag. Við hjónin og Guðrún urðum til altaris og margt fólk. Konan mín sárvesæl af sorg, eftir son okkar.

21. október. Vestan bráðviðri með stórhríð allan daginn. Gjörði yfir leiðið bróðurs síns Jón m. Finnbogi yfir Skarphéðins og Björn yfir dóttur sína Valgerðar.

22. október. Norðan hreinviðri og frost. Gjört við göt og gáttir. Leysti allt í byggð. Lítill snjór til fjalla.

23. október. Norðan frost og hreinviðri. Slátraði Guðmundur S.son fyrir mig Rauðukusu með Jóni m. Svo sama daginn kú á Tind. Lítill snjór á fjöllum.

24. október. Suðvestan stormur, þurrt að mestu og þámað* loft. Jón, Þórunn, Guðrún og Ingveldur á Heiðarbæ, fóru að rífa hrís fyrir okkur inn í Tungugröf. Urðu í Tröllatungu um nóttina.

25. október. Vestan stormur og þurrviðri. Börnin rifu í Tungugröf og komu heim. Ingveldur var hér um daginn. Ég brytjaði kroppinn af Rauðukusu. Konan mín el. mikið sorgbitin alltaf eftir Björn okkar sáluga.

26. október. Hæglátur sunnan með ágang, en varð að linju* kafaldi í byggðinni, svo að frost kafaldi síðast. Við Jón voru að maka á völlinn frá sumarfiksínu*. Keli að leita sauða og fárra lamba og fann ekki. Alltaf er fiskveiðar hjá þeim við sjóinn, ég enn ekki farin að róa.

27. október. Norðan með frosti og kafaldi. Varð ei leitað sauðanna. Ei heldur embættað.

28. október. Norðan með frosti og muggukafaldi framundir miðjan dag. Þá bjartur og hægur. Jón fór að leita sauðanna. Komst á Leiðaröxl, svo heim og fann ekki. Ég lét fyrir hurðirnar húsið prestsins.

29. október. Við útnorðan með frosti og kafaldað öðru hverju. Hvass síðast. Ég gjörði við kvarnarjárn frá Klúku og fór með þau þangað. Sauðirnir sáust á hlíðarendanum og sóttir þangað.

30. október. Við útnyrðing, hart frost og hreinviðri. Við vorum að smíða hurð fyrir kúahlöðuna.

31. október. Útsinningur, norðan síðast. Átti að keá* á völl. Varð lítið vegna kafalds. Ég smíðaði útaf kúahlöðuhurðina. Sagt barnslát frá Smáhömrum.

Nóvember 1850

1. nóvember. Vestan stórofsi með bleytu kafaldi allan daginn. Vestan síðast. Sleit hann reiðinga úr hjallinum og ýmislegt týndist. 2 skinnpils og hestleppur. Tók 2 meira úr hjallinum og molbraut. Fleygði torfkrókum og öllu sem laust var. Lágu 3 lömb úti (óað gætt). Austan hvassviðri með bleytu kafaldi til hádegis.

2. nóvember. Snerist vindurinn frá vestri til norðurs með frosti og kafaldi. Voru bræðurnir að bera grjót í bálk í sunnar* fjósinu og hlaða hann. Mikið jarðskart* af áfreða, ei fundust pilsin.

3. nóvember. Hægur og frostlítið. Stóð kafaldsbakkinn í a forðrinu*. Átti að embætta á Felli og jarðsyngja Smáhamrabarnið, en prestur kom ekki.

4. nóvember. Útnorðan hvass með kafaldi að öðru hvurju. Sígandi frost. Voru skornar 3 ær og 2 sauðir. Annar 3 vetur. Hinn veturgamall. Lömb inni.

5. nóvember. Norðan hæglátur og kafaldlaus. Sígandi frost. Jón þreif upp bátinn í Naustavíkinni.

6. nóvember. Austnorðan hvass, með slitnings kafaldi. Sígandi frost. Beitt ofan í Lyngnes með Leifi Finnboga. Drengirnir rökuðu þessar 5m gærur og 2 kálfskinn. Alltaf er konan mín el. sorgbitin og vesöl eftir Björn okkar sáluga. Í dag er 7 ½ vika að hann andaðist.

7. nóvember. Norðan stormur og frost. Þó í afláti. Kindum hleypt út.

8. nóvember. Norðan hæglátari og frost. Jón m. fór suður m Brún. Beitt ofan eftir.

9. nóvember. Landaustan bleytu kafalds bloti. Hleypt ofaneftir. Vantaði 2 geldinga og 1 á.

10. nóvember. Austan þræsings bleyta mestallan daginn. Var ei embættað í hvurugri kirkjunni. Jón fyrir sunnan.

11. nóvember. Frost og hreinvirði með útnyrðingsteitingi. Við Jón á Klúku rérum með haldfæri og öfluðum 33.

12. nóvember. Sama veðurlag. Jafn hægri. Við Jón rérum og öfluðum 27 á haldfæri. Jón fyrir sunnan.

13. nóvember. Hreinviðri og logn. Við Jón rérum og öfluðum 20. Jarðlaust ofan fyrir Snorraklett. Alltaf beitt til sjávar. Jón kom heim. Alltaf konan mín el. angurbitin.

14. nóvember. Sunnan hæglátur og frostlaust. Leysti nokkuð. Við rérum Jónarnir 3 með haldfæri og öfluðum 11u. Komum að Hellu en urðum á Sandnesi um nóttina. Látin túða í tilíhlaupuðu* refsúna* og sléttuð* frælnan*.

15. nóvember. Sunnan hlávíðri, við reyndum víða og fengum einn. Aflaðist vel á lóðin frá Víðidalsá að Húsavík.

16. nóvember. Þíða með úrfelli á milli og var að hlaupa með vindinn allt um kring, síðast norðan með fjúki og frosti. Við gjörðum við bátinn og árarnar. Konan mín el. og Málmfríður fóru að Klúku og urðu þar um nóttina og ég. Jón Bjarnason á Klúku varð hér.

17. nóvember. Norðan stormur, þurr og frost. Við rérum og öfluðum 23 á lóðin. Varð ei vart á haldfærin.

18. nóvember. Norðan með hrímfjúki á milli og frost. Rerum ei.

19. nóvember. Sama veðurlag. Var ei róið. Hyrnda kusa varð veik og vildi ekki éta. Sólveig í Heiðarbæ setti henni stólpípur.

20. nóvember. Norðan steitingur, með frosthrími á milli. Fé úti. Rérum ekki. Komið í Dínu útleysi.

21. nóvember. Sama veðurlag. Ekki róið. Fé úti. Dína át ekkert. Allt reynt sem varð, en gagnaði ei.

22. nóvember. Sama veðurlag og veðurstaða. Nokkuð hægri. Við rérum. Öfluðum 28. Jón m. fór suður að Kambi. Kúfa lík. Alltaf settar stólpípur og ýmislegt reynt.

23. nóvember. Austan bráðviðri og þíða. Ég gjörði til drættina. Kúfa uppblásin, allt reynt. Jón fyrir sunnan.

24. nóvember. Norðan með frosti og kófi. Kúfa eins. Átti að embætta á Felli.

25. nóvember. Norðan hart frost og kafald. Við Þorkell bárum saman hrísið í Tungugröf. Dína bar. Finnbogi og Sólveig í Heiðarbæ tóku á móti kálfinum. Hann sótti hildirnar um kvöldið.

26. nóvember. Norðan kafalds slitningur* með hörku frosti. Kindur úti. Jón fyrir sunnan.

27. nóvember. Norðan með hörku frosti, þó í afláti. Við fórum afeinn* eftir, en beittum ekki. Þorkell og Jón á Klúku sóttu hrís á 4m hestum. Jón kom að sunnan. Kusa lítið skárri, étur dálítið. Gefið mjólk gvasa* og mva*.

28. nóvember. Gjörði logn snjó og nottinni* í mjóalegg. Svo sunnan þíðviðri og leysti þann snjó upp. Frost síðast.

29. nóvember. Hægð og þykkur. Síðast mikið krepjuúrfelli og sunnan stórum. Við rérum og öfluðum 35. Kusa mikið skárri. Þó ekki full frísk.

30. nóvember. Landaustan stormur fyrst, hægð með birtingunni. Síðast hvass austur með bleytu kafaldi. Við rérum og öfluðum 41 en enn ekki farið að gefa rosknu fé.

*Desember 1850

1. desember. Sunnan hlávíðri. Var ei embættað. Kom Valgerður á Heydalsá hingað og fylgdi ég henni yfir ána.

2. desember. Landaustan grúaður í lofti og illur útlits og forráttu sjór. Réru sumir, við ekki. Gerðum til og festum upp.

3. desember. Landaustan gúlpur og úrfelli er á leið. Snéru allir aftur. Við á albrúninni. Gengum við Jón inn að Húsavík.

4. desember. Við landsunnan hægð og þurrt, þar til um dagsetrið. Þá bleytuhrakningur og þoka. Við rérum og öfluðum 24.

5. desember. Landaustan stór rigning til nóns. Þá vestan stormur með skarum*. Við rérum ekki, eða neinir. Gerðum til og hálfflettum tveimur rám og beittum 4. lóðin.

6. desember. Sunnan hlávíðri og hægt. Ég gjörði ýmislegt heima. Jón malaði á Klúku. Orðið fiskfátt.

7. desember. Sunnan blávíðri. Stórhríð og steitingur til hálfbirtu, þá hægari og þurrari. Við rérum og öfluðum 4. Kindun* á 4 lóðin. Fluttum Geststaðahjónin Tómar og Guðlaugu undir Fiskines. Urðum á Klúku um nóttina. Áin ófær.

8. desember. Sunnan blávíðri og hæglátur. Embættað í Tungu.

9. desember. Sama veðurlag. Við stokfluðum* lóðirnar.

10. desember. Urðum heima*. Sama veðurlag veður.

11. desember. Hlávíðri og gott veður. Hefur þessa 4 daga gjört rigning á morgnana, en þurr að mestu á daginn.

12. desember. Hæglátari og kaldur með bleytu ofan í sjó. Við fórum allir til fundarins. Járnaði ég Karra* í Húsavík og þaðan úteftir að Kollafjarðarnesi. Varð þar um nóttina.

13. desember. Stór garður austan og stórkafald fram á fullbirtu. Þá allur bjartur af suðri og stormur. Haldinn fundurinn. Varð ég þar um nóttina aftur. Voru 40 manns á fundinum.

14. desember. Norðan með sígandi frosti og þokugúlpur, hægur innfjarðar. Hvesst síðar. Ég fór heim um kvöldið. Jón minn fór norður í kaupstað og Guðmundur Sveinsson.

15. desember. Landaustan hvass og þíðviðri. Leysti nýja fölið af. Jón fyrir norðan. Embættað á Felli.

16. desember. Þétt frost, hrénviðri* og hæglátur norðan. Ég fór inn að Húsavík, svo fram að Geststöðum að rekja kastfæri. Svo að Klúku. Var komin þangað Þrúður og Gunna litla á Vonarholti. Magnús Jónsson í Steinadal varð hér um nóttina.

17. desember. Norðan hvass og kóf, með hörku frosti. Þrúður og G. komu hér og fóru heim til sín. Jón ókominn.

18. desember. Norðan frost, stormur og kóf. Rak 12 f. sel í Heiðarbæ. Jón enn ei kominn.

19. desember. Hægð og hart frost. Var að snúa sér til annarar áttar. Við Þorkell vorum að snúa færi. Tókst annað vel, hitt illa. Jón ókominn. Róið frá Húsavík. Fengu 8. Kirkjubóli 35.

20. desember. Hlávíðri og hæglátur. Jón kom að norðan. Gánaði* síðast og gjörði frost. Varð lítið að verki.

21. desember. Útsynningur og kvalgeislegur um kvöldið. Ég smíðaði 3 skutulrár. Drengirnir mokuðu hesthúsið.

22. desember. Þykkviðri hægt og frostlítið. Ég fór að Klúku og Þórunn að láta sníða treyjur. Var ei embættað.

23. desember. Útsynningur, frostlaust og hæglátur. Kominn til muna snjór. Þó nægileg jörð. Jón m. og Guðm[undur] á Gest. fórum fram að Vonarholti um daginn á liðin* til suðurferðar.

24. desember. Norðan hæglátur ,eð smá ísingu. Ég pargerði*. Kom Guðbrandur Guðbrandsson að fá skipti á fiskafjórðung og spaðfjórðung.

25. desember. Hægð, frostlítið og þykkur, fjúkmiglingur þat*. Embættað í Tungu. Fórum 4r til kirkjunnar, ég, Þorkell, Guðrún og Þórunn. Jón fyrir sunnan. Hjónin yngstu á Tungu dvöldu hér fram á dagsetrið. Þá heim til sín.

26. desember. Verstan blíðu bloti. Var ei embættað. Gjörði útsynning um kvöldið og sletti ofaní. Jón fyrir sunnan.

27. desember. Útsynningur og sígandi frost. Ófreint* á jörð. Jón fyrir sunnan. Kom Björn minn á Klúku og tók af mér margar bækur til innbindingar.

28. desember. Vestan stormur og skafrenningur er á leið og hart frost. Ég var að gjöra við jötur og stall með Kela. Jón f. sunnan.

29. desember. Skafrenningur vestan og hart frost. Jón f. sunnan.

30. desember. Embættað í Tröllatungu. Jón kom að sunnan. Austan stormur, hart frost og skafrenningur.

31. desember. Norðan stormur með sígandi frosti og þurr, síðast bleytu kafald. Ég fór ofan að hjalli og gjörði þar við, og náð 3r lóðum þar upp úr klakanum. Drengirnir fóru upp að felli.

1851

*Janúar 1851

1. janúar. Útnorðan stormur og bloti, fjúk síðast. Við hjónin og Hólmfríður fórum ofan að Heiðarbæ.

2. janúar. Útsynningur og frost. Ég þjónaði peningnum. Drengirnir komu heim frá kirkjunni.

3. janúar. Við sunnan hægt og gott veður, lítið frost. Ég var heima að gjöra hvað þurfti. Drengirnir fóru með Dröfn. Enginn enn farinn að róa til vöðu. Hún er lítil, en háhyrningarnir alltaf inni. Þeir farnir að veiða á næturnar á Hafnarhólmi 4. Sandnesi 1.

4. janúar. Landsunnan stormur og þíðviðri og loftþunnur. Við snerum færi handa Jóni, og settum í stand 3 skutla handa honum. Guðrún litla fór ofan að Heiðarbær og varð um nóttina.

5. janúar. Við sunnan hægviðri og þíðviðri, gjörði bleytufjúk um kvöldið. Var embættað í Tungu. Fórum við Jón og Guðríður til kirkjunnar. Guðríður og Guðrún urðu í Heiðarbæ um nóttina.

6. janúar. Landaustan stormur með þoku og fýlu. Birti er á leið og gjörði logn. Var frostlaust. Við piltarnir drógum svola með Finnboga í Heiðarbæ. Kom Helg sipir* að mala kaffi.

---

7. janúar. Landaustan stormur. Lítið frost og þámað* loft. Við Þorkell sóttum öll færi ofaneftir og 20 af fiski skrifuðum öllu í hjallinum. Jón var vesæll af kvefi og hósta.

8. janúar. Landaustan hægur, loftþunnur og lint frost. Kældi án itann* síðast. Ég kom fyrir færunum og ýmislegt. Jón eins, ég gekk upp, sá ekkert. Kom Magnús í Steinadal og varð um nóttina.

9. janúar. Útnorðan stormur, sígandi frost og skafrenningur. Ég fór inn áð Tungugröf að draga prjóna; en varð ei búinn. Jón m. að Húsavík að smíða færa flitt* og máta skutla í rár.

10. janúar. Vestan útsynningur, þó hæglátur. Fórum að reyna að veiða rjúpur í vaði. Náðist engin. Ég gætti að vöðu, sá ekkert. Heiltaðum* milti og reindum. Jón inn kvöldið að Heydalsá. Varð um nóttina. Ingveldur í Heiðarbæ kom og varð um nóttina.

11. janúar. Vestan útsynningur til hádegis, þá kafalds minni og hægt síðast. Embættað í Tröllatungu. Fór Þorkell héðan.

12. janúar. Landaustan bráð viðri, þykkur í loft og frosthægt. Ég gjörði við hafnar* og hjálpaði Magnús á Klúku með nálar. Jón gjörði við tölu. Kom líka Guðbrandur yngri með prjóna.

13. janúar. Landaustan með bleytu kafaldi framundir kvöld.

14. janúar. Sama veður. Ég hleypti Kubbi kind* fyrir Finnboga.

15. janúar. Hæglátur inn fjarðar. Loftþunnur og sígandi frost. Ég gekk upp og sá engin deili til vöðu. Við ætluðum að veiða rjúpur í snöru, náðum engum. Skutum 2 um kvöldið. Kom Eyjólfur í Húsavík.

16. janúar. Norðan með frosti og kafaldi. Ég fór ofan að búð. Vaðan að fara með landinu, þó lítil. Hvur er af öðrum að taka á móti þyngstu kvefi með hósta og kverkabólgu. Alltaf konan m. el. sorgbitin eftir elskuna sína hann Björn.

17. janúar. Norðan með frosti og kóf kafaldi. Ég mikið vesæll af kverkabólgu. Finnbogi í Heiðarbæ var hér að hleypa girði*, ég gjörði við skrúfstykki. Jón einn úti.

18. janúar. Austan með frosti og kóf kafaldi. Lítið gjört fg* og fleiri hér lasnir af bita þyngslum í hálsinum, hósta og megnum kvef þyngslum.

19. janúar. Við austan hæglátur, frost og hreinviðri. Embættað á Felli. Kom Ingveldur í Heiðarbæ.

20. janúar. Austnorðan með frosti og kaf kafaldi. Öllum nokkuð skárra. Lítið gjört af okkur piltunum vegna vesældar.

21. janúar. Austnorðan þá meira við útnorður með kaflalldi og sígandi frosti. Ég lét reka járn og smíðað spangir á handöx sa en* þýðari og skipti um leið. Líka smíðaði ég selagogg. Alltaf er látið út um miðjan daginn, þó er jarðlítið af áfreða.

22. janúar. Hægð og hreinviðri og hart frost. Drengirnir sóttu nautið handa hyrndu kvígunni. Við sáum vöðuna fyrst, fórum fram fernir, hún mikil og ljónstygg. Enginn fékk neitt.

23. janúar. Frá því kl. 12 um nóttina báviðri* suðvestan og bloti. Þegar kom að morgninum þá með krapaéljum allan daginn, síðast frost. Kofu haldið. Keli hitti Halldór í Vonarholti með nautið í Heiðarbæ. Komu þeim með hann frameftir. Fóru síðan með hann aftur. Jón m. var kyrr í Heiðarbæ að salta kropp af lambi er hann átti þar, og missti úr pest.

24. janúar. Vestan með éljum á milli, frostlítið.

25. janúar. Við suðvestan hægur og snúa sér til norðurs. Við fórum ofan eftor. Létum keip á bátinn, en 2m skífurim* kom. Magnús gjörði hér við kaffikvörn fyrir sig. Jón fór inn eftir og skaut kóp.

26. janúar. Austan gúlpur og frostlítið. Embættað í Tungu. Fór ég, Jón, Þorkell, Þórunn og Guðrún.

27. janúar. Landaustan í áttinni. Frostlítið, þykkur í loft og hægur innfjarðar en forátttu sjór. Sást engin vaða. Við fórum ofan eftir, svo ég að Klúku um leið og tók þar 7 bækur er Björn er Björn minn hafði innbundið fyrir mig.

28. janúar. Landaustan glúlpur. Frostlaust og báðviðri. Ég fór að hleypa gindi* fyrir Finnboga heima hjá honum. Jón smíðaði 2 nálar fyrir þær á Geststöðum og fór með þær og vefjar verk ásamt risu frameftir. Keli gjörði hvað gjöra þurfti. Alltaf snöp við sjóinn en jarðlaust fyrir löngu til dala.

29. janúar. Landaustan stormur og loftþunnur framyfir miðjan dag. Herti þá veðrið þykknaði og gjörði frostlaust. Síðast bráðviðri. Kom Guðm. á Gest. og fór Jón minn með honum út að Heydalsá og varð um nóttina.

30. janúar. Landaustan sterkviðri, minnilegast hér af þeirri átt og leysing til kl. 3 e.m. Þá kaflalld með sígandi frosti. Bilaði jötustokkur í stórahúsinu og gjörðum við Jón við hann um kvöldið.

31. janúar. Norðaustan bráðviðri með kafaldi og sígandi frosti til kl. 3 e.m. Þá fjúk minni og hægandi. Ég var að smíða skutla. Drengirnir söguðu í 6 sástafi.

*Febrúar 1851

1. febrúar. Hátt sunnan bráðviðri með þíðviðri til kl. 9 e.m. Þá útsynningur með sígandi frosti. Ég kláraði við skutla og hjó til 6 sástafi. Jón minn var inn í Húsavík.

2. febrúar. Útsynningur. Skipti éljum á milli. Ég gjörði við í hjallinum niður frá. Emb. í Tungu. Komu fáir.

3. febrúar. Megnis útsynningur allan daginn. Ég hef heflaði sástafi og ýmislegt.

4. febrúar. Útsynningur. Hægði um kvöldið. Sá ég öngva vöðu. Háhyrningarnir hafa verið þessa 3 daga verið að rífa hana í sundur. Hafnarhólms bandamenn búnir að fá 21 vöðusel í nótina. Hrútfirðingar misstu sína alla eftir 21 í hana fengin sel. Andrés í Gautsdal fór nú úthjá og hans menn með sleða til norðurferðar.

5. febrúar. Við útnorðan hæglátur framanaf með frosti og fjasslaus* að mestu. Ég gætti vöðunnar, sá lítið hrot. Fórum yfir Reykjanes en fundum ekkerrt. Hann fór að hvessa. Ég fór með konu mína að Klúku um morguninn að láta taka henni blóð við eymdar skapsinnum og sorg. Urðum þar bæði um nóttina.

6. febrúar. Norðaustan með frosti og kafaldi. Við fórum heim. Allt stóð inni, kom mikill snjór.

7. febrúar. Norðan með frosti og kaflalld. Svo mikið batnaði færðin. Við piltarnir vorumað flétta tögl.

8. febrúar. Hæglátur vestur með fjúki framan af, svo þoka og yrja. Sást engin vaða, háhyrningarnir í henni á hverjum degi. Hafnarhólms bandamenn búnir fá í næturnar 32. Konan mín af angursemd fór ofan að Heiðarbæ með Málmfríði. Ég kom þar og er áleið. Sigurður í Húsavík varð um nóttina.

9. febrúar. Framan af deginum suðvestan bloti. Svo austan bleytu kafald og dríf. Svo síðast suðvestan ofsi með bleytu kafaldi. Embættað á Felli.

10. febrúar. Norðan með frosti og kafaldi. Ég tók saman fiskinn niður frá og lét inn í búð. Rakið úr færum.

11. febrúar. Norðan með frosti og kófkafalli. Við vorum að riða og rekja sundur færi.

12. febrúar. Vestan í áttinni, hæglátur og frostlítið til hádegis, þá hvass vestan og bloti. Við fórum yfir að Hafnarhólmi og Eyjólfur í Húsavík með sína menn. Urðum allir þar á bæjunum um nóttina.

13. febrúar. Suðvestan og þíðviðri. Við gátum skorpið yfir um um nónið. Gjörði þá bleytu kafald. Ég sýndi Birni m. á Klúku aðferðina að byrja og ryða nót.

14. febrúar. Megnis útsynningur til kvölds. Við vorum að rekja og ryða nótina.

15. febrúar. Sama veðurstaða, en veður og kafaldshærri*. Þessa viku hefur ei sést eitt hrot. Nú er laugardagurinn 3je í þorra og búið róa einn dag af sumum* í vöðu en enginn fengið neitt með byssu eða skutli. Við vorum að rekja og ryða nótina.

16. febrúar. Suðvestan stormur og þykkur í loft. Frostlítið. Gjörði austan kafald um kvöldið. Svo útsynning síðast. Embættað í Tungu. Fóru drengirnir og stúlkurnar.

17. febrúar. Norður með frosti og kafaldi. Við vorum að rika og riða nótina. Jarðlaust að kalla.

18. febrúar. Norðan með frosti og kafaldi. Við entum við að ryða nótina. Kom bóndin Björn á Klúku.

19. febrúar. Norðan með frosti og kafaldi. Við felldum nótina, smíðuðum flán* og bundum á hana.

20. febrúar. Norðan með frost, heldur í afláti við entum við nótina að öllu henni til heyrandi. Jón klappaði gat á vonahellu*. Ég fór yfir að Klúku og setti þar í stand að öllu nótina. Varð þar um nóttina.

21. febrúar. Frost og hægð með litlu fúki miðjan daginn. Við, hröt voru stygg á firðinum. Við Jón en fórum. Hann fékk urtu með 8 f. og 16 m. Ég kastaði 2r og slapp til undarlega, aðrir fengu ekkert.

*Mars 1851

3. mars. Sunnan loftþunnur og hláviðri. Við … .. fórum til þess, náðu ei kasti, hann hvessti. Þórunn vesöl að kverkabólgu og landfarsótt, sem hver er að fá af öðrum. Við Jón …

4. m. Þvervestan bráðviðri til sólarlags, þá útnorðan, hart frost og loftþunnur. Lítið fjúk á milli. Við Jón vorum niður frá að klappa … og enda spýtur.

5. mars. Austnorðan hægðar stormur loftþunnur og hart frost. Fengum þann … … í nótina, með 8 fjórðungum …, var hún búin liggja í 8 daga. Fórum til vöðunnar, hún mikil, en framúrskarandi stygg. Enginn náði kasti.

6. mars. Vestan hvass og útsynningur allan daginn. Við fórum að vitja nótarinn ár. Ekkert í henni. Klöppuðum í hellur um leið. Ég vesæll eins og aðrir hér af landfarsóttum og kvefúleitum*.

7. mars. Vestan í áttinni, hægur, frostlítið og muggu kafald til nóns. Þá útsynningur. Vitjuðum nótunnar, í henni 2 brimlar lifandi, á öðrum 8 ½ f. hinum 9 ½ f. Jón fór með Finnboga á Heiðarbæ út að Kollafjarðarnesi á bát eftir börnum og sleða.

8. mars. Austan hvass með fannspýn* framyfir dagmál, þá sunnan hæglátur með éljum á milli. Frostlítið. Nótin slitin frá landi. Allt óskemmt. Við lagfærðum hana, klöppuðum hellur, létum eina á

nótina. Synir söguðu. Þeir komu utanað J. og F. Var selur og skin dregin frameftir en hvurutveggja áttu. Séra Halldór var þessa daga í húsvitjan hér um dalina.

9. mars. Hátt norðan drif, frost hart og ísing fyrst, svo kófkalld. Vitjuðum nótarinn ár, hún barin nokkuð á kletta, óskemmd. Séra Halldór sóttur að að skíra barn í Steinadal.

10. mars. Norðan loftþunnur fjúklaus og hart frost. Við tókum nótina upp, hún óskemmd. Söguðum 12 álnir. Skinnin skafin og spýtt. Fólkinu hér er í afturbata.

11. mars. Hæglátur austan, frost og loftþunnur til hádegis, þá austan garður í hasti með kófi. Við sáum vöðuna mikla. Fórum til hennar en fundum ei því veðrið kom bráðara. Drógum á sleða efniviðinn í vefstaðinn.

12. mars. Austan stór garður með frosti og kafaldi. Ég var að hefla til í vefstólinn og drengirnir.

13. mars. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég og drengirnir unnum sama. Kom Finnbogi í Heiðarbæ. Honum hjálpað með sögun á hrífuhöfðum.

14. mars. Sama veðurlag, við piltarnir unnum sama. Jón fór með tvískeptu út að Heydalsá.

15. mars. Við landaustan hægur innfjarðar. Frostlítið og blítt veður. Sást engin vaða. Við Magnús lögðum nótina. Jón m. fór inn áð Sandnesi, að fá túðu í byssu. Varð þar um nóttina. Jarðskart sem stendur.

16. mars. Við útsunnan hægur og þíðviðri, embættað í Tröllatungu. Fórum við Þorkell. Jón kom inn að.

17. mars. Sólskin og gott veður. Við vestan útnyrðing. Við fórum út að Smáhömrum. Sáum hrot og fórum til þess, náðum ei kasti. Ég ætlaði að skjóta en túðan sprakk. Fréttist lát Þorláks á Hyrningsstöðum og Magnúsar á Tindum. Jón minn og Finnbogi urðu á Heydalsá.

18. mars. Við austan stormur er á leið. Við fórum til vöðunnar. Ég kastaði 4 köst, Jón 2. Fengum ekkert. Sæmundur skaut sel. Guðm. frá Bakka varð hér um nóttina.

19. mars. Norðan stormur fjúklaus og þétt frost. Ég fór að reyna að láta túðu á tvíhlaupuðu byssuna, en tókst ekki. Sendi því Jón minn með hana inn að Sandnesi, og að fá aðra í stóru byssuna. Keli sótti hellu á tangann á sleða. Helga í Húsavík hefur verið hér í 3 daga að prjóna húfur.

20. mars. Austan hvass, hart frost og fjúklaust. Við Jón á Klúku gættum nótarinn á. Jón inn frá.

21. mars. Austnorð stormur og hart frost. Sáum ei vöðu. Kom Björn m. á Klúku með 2 biblíur en hann hafði innbundið fyrir mig. En nú farið að reka hjá sjóarbærð*.

22. mars. Útnorðan stormur fyrst, svo hægð innfjarðar, hula í lofti hér, en glaðt sólskin yfir Skagaströndina. Linara frost. Við tókum nótina upp, sáum hrot. Fórum ei. Jóni á Klúku illt í auga. Jón m. upp að Felli.

23. mars. Heiðbirta og blíðviðri. Embættað á Felli. Jón minn fór þangað, varð á Heydalsá um nóttina.

24. mars. Við austan, loftþunnur og sígandi frost. Hægur innfjarðar, þó flóa-bára. Við fórum til vöðunnar. Ég kastaði 2 en óheppnaðist, hún setti sig í flóann og vindinn. Enginn fékk neitt.

25. mars. Austan stormur innfyrir Ey og óþæg bára. Vaðan í mesta máta en varð ei átt við hana á milli fyrir vindi og sjó. Ég náði sel með 10 ½ f. aðrir ekkert. Við fundum nokkra rafta. Heið birta og blítt veður á landi. Jón varð á Heydalsá um nótt.

26. mars. Sama veður þó hægari og báruminni, en meira frost. Vaðan lítil og stygg. Sæm. náði einstökum kóp.

27. mars. Landaustan bráðviðri, frostlint. Ég fullgjörði skrúfhaglara* í hefilbekkinn. Magnús fór úr skipunminu*. Jón með honum út á bæji, og varð þar um nóttina. Finnb. fletti hér hrífuhöft. og skáku*.

28. mars. Austan hvass, loft þunnur og sígandi frost. Ég lét gripið við hefilbekkinn. Góður reki við sjóinn. Jón út á Heydalsá, gjöra við kvern* og klukku.

29. mars. Sama veðurlag, frost meira. Ég var að gjöra við bactöngina*. 1 ær vesöl af pestinni. Búið að missa 1 úr henni. Jón fór út að Heydalsá. Varð um nóttina.

30. mars. Norðan með frosti, hægri er á leið og héla í lofti. Embættað í Tröllatungu, fóru héðan Þork., Guðríður og Guðrún. Ærin lakari. Jón varð útfrá.

31. mars. Hægur landaustan til sjóarins, logn á landi og fannfergu kafald undir kvöld, birti þá með þíðviðri. Var kominn snjór í mjóalegg. Ég var að enda við baktöngina. Ærin skorin af. Jón kom heim undir kvöldið. Þá í tilbúningi að fara norður með Guðmundi á Geststöðum.

*Apríl 1851

1. apríl. Landsunnan logn og blíðviðri. Allir fóru til vöðunnar utan Jón m. Þeir fóru norður. Ég skaut sel, Jón á Hafnarh. og Jón í Tungugr. en skutlaði 2. Sæmundur ekkert. Vaðan þá skást*. Mér ólánaðist.

2. apríl. Þoka og dimma, með vætuyrju undir hádegi, þá dríf vestan, svo fjúkyrja og frost síðast. Við fórum út í haga. Sáum háhyrningana. Þá heim og fengum barning. Lögðum nótina og áttum beitt með. Gerðum til kópinn, á honum 5.f. og 14.m. Drógum sinn og skrokk frameftir. Sóttum Finnb. á reisa Skjóna í húsinu.

3. apríl. Sólskin og blíða, þykknaði síðast til hláku. Sást enginn selur útúr. Við sóttum spýtur í fangann.

4. apríl. Suðvestan hláviðri. Fjúk síðast og lítið frost. Ég var að smíða að hefilbekknum, svo að smíða snældutein. Vitjaði ei nótarinn ár.

5. apríl. Suðvestan stormur. Frostlaust, sá sól á milli. Ég fór ofan að búð að vitja nótarinn ár. Ekkert í henni. Ég markaði þar allar rár er ég átti. Brasaði snældutein og lagaði hann til. Smíðaði uppstandara við hefilbekkinn.

6. apríl. Suðvestan hægur og þíðviðri. Jón kom að norðan. Embættað á Felli. Nóg jörð komin.

7. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Við Keli fórum fram á fjörð í skot snuður. Sáum engvan vöðusel. Tókum upp nótina og settum það allt í stand. Jón m. byrjaði ferð fyrir faktorinn inn að Melum og svo þaðan norður í Kaupstað. Sagt er besta fiskirí úr öllum veiðistöðum.

8. apríl. Sama veðurstaða og veðurlag. Ég fór ofan á Heiðarbæjarreka með Finnboga m. að taka út spítur. Konan mín el. dvaldi í Heiðarbæ á meðan, og Málmfríður.

9. apríl. Norðaustan til Flóans. Logn innfjarðar og glaðasólskin. Ég meittaði 9 ½ * járn fyrir Björn á Klúku og var þar á meðan.

10. apríl. Austnorð stormur og þykkur, frostlítið. Við Keli fluttum frameftir það er ég fékk hjá Finnboga af spítum. Jón enn inn frá. Kom Jón á Tind. Urðum og ásáttir um fóður og verðlag á Skjóna.

11. apríl. Hæglátur norðan og hart frost að nóttunni. Ég var að skrifa bréf fram yfir miðjan dag. Keli fór með þau út að Smáhömrum. Ég smíðaði hleralamir og spöng á dengsluhamarinn.

12. apríl. Vestan stormur og sólfar. Frost að nóttunni. Við sóttum 6 álna spýtu á Heiðarbæjarrekann.

13. apríl. Vestan stormhvass og leysing. Þó við kulda til fjallanna og frost er á hverri nóttu. Embættað í Tröllatungu. Fóru héðan Keli, Þórunn og Guðrún. Jón enn fyrir norðan. Komið skip í Stykkishólmi fyrir viku og sást til annars í flóanum.

14. apríl. Hæglátur útnorðan með fjúki á millum. Ég var í smiðju við ýmislegt. Kom Magnús Gunnlaugsson. Jón m. enn fyrir norðan. Fréttist þaðan góður lifrarafli.

15. apríl. Austan garður með miklu hagléli um morguninn. Svo fjúklítill til kl 6 e.m. Þá stór kafald þar til kl 1 fy.m. Þó frostlítið. Við Keli vorum að hefla til og reika sástafi og gluggaramma.

16. apríl. Austan hægur innfjarðar framanaf með sólskini, hvass er á leið og fjúkslitringur. Ég hleypti girðin* spottum og var að gjöra við basetöngina. Mikið vesæll af verk í mjöðminni. Keli slasaðist í hendi í rúmi sínu. Hrökk hnífurinn af rifgarði á vinstri handar vöðvar rúsi* þumlung, en ekki eins djúpan. Jón f. norðan.

17. apríl. Skírdagur. Austan garður og landsunnan í loftið, þykkur og frostlaus. Embættað í Tungu. Fóru Þórunn og Guðrún. Við Keli gátum ei farið, ég vegna gigtar. Keli vegna sársins. Jón f. norðan.

18. apríl. Hvassari austan, loftþynnri. Emb. Tungu. Fóru systurnar allar. Við Keli vorum eins og báðir heima. Jón m. enn fyrir norðan.

19. apríl. Stórgarðurinn austan með kafaldskófi og sígandi frosti. Þeir voru að koma að norðan. Við Björn á Klúku skiptum skinum*.

20. apríl. Sami austan garðurinn með frosti og kófi á millum. Embættað á Felli. Jón m. kom að norðan og Magnús í Veiðileysu með honum. Ég vesæll í mjöðminni. Jón minn fór með Finnboga í Heiðarbæ fram að Vonarholti að draga með honum sleða suður, og sækja meðöl fyrir mig, Magnús í Veiðileysu og Finnboga.

21. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Embættað á Felli. Jón fyrir sunnan. Við hjónin fórum að Klúku. Komum um kvöldið. Málmfríður komin hætt á meðan af vindbögling er hljóp fyrir anrunið*. Ég heldur lakari. Fékk gieklar* plötu til reynslu.

22. apríl. Sami garðurinn en loft þynnri. Ég brá mér að Klúku, er við sama. Jón ókominn

23. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Glatt sólskin og allt að hægja. Kom Björn m. að taka á blóð er var vesöl. Keli fór með keitu* inn áð Húsavík. Jón ókominn að sunnan. Þeir eru að fara norður.

24. apríl. Storm gola vestan og loftþunnur. Tók á meðan sólin skín. Við Ólöf á Klúku skrifuðum norður dóttur okkar Sigríði. Fóru bréfin sama daginn á stað. Jón m. var útá Heydalsá. Guðrún m. dróg dautt lamb frá Glámu.

25. apríl. Norðan stormur og heiðbirta. Frost er sólarinn ár misti við. Ég var að saga og laga til gluggaramma. Vesæll í mjöðminni, fór að brúka meðölin. Jón kom frá Heydalsá. Reyndi áður um mansbrún* fyrir fisk. Varð ei lífs var.

26. apríl. Sólskin og blíðviðri. Í tilbúningi að koma vestur. Ég nokkuð skárri. Ég og Jón vorum að smíða utan um glugga.

27. apríl. Vestan stormur, héla í lofti. Embættað í Tröllatungu. Fórum við hjónin, Þórunn og Málmfríður.

28. apríl. Vestan stormur og héla í loftinu. Við vorum að smíða gluggaramma. Jón m. fór inn áð Tungugröf að fá Guðbrand yngri til Hólmsferðarinn ár með sér. Keli sótti 4 sperrur ofan að Kirkjubóli. En Grímur lánaði Jóni. Kom Magnús í Steinadal að sækja Jörp sína. Varð um nóttina.

29. apríl. Hægð og dumbungur með sudda síðast. Stúlkurnar fóru að vinn á og byrjuð á Brekkunni. Við Keli gjörðum að meisu og ýmislegt. Jón minn byrjaði Stykkishólmsferð sína. Skjóni látinn fyrst út eftir 17 vikna innistöðu. Allt féð lá fyrst úti.

30. apríl. Norðan stormur og hreinviðri. Frost að nóttinni. Ég var að gjöra við gluggakarma, og við Keli.

*Maí 1851

1. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Við klipptum og böðuðum Skjóna. Ég smíðaði króka í glugga fyrir B. m. á K. Keli var að smíða askinn*. Jón m. í Hólmsferðinni. Afli mikill af hákarli fyrir norðan. Konan m. elskuleg alltaf hrygg.*.

3. maí. Vestan stormur og þerrir. Við hjónin fórum að Klúku og dvöldum þar frameftir deginum.

4. maí. Vestan hæglátur og þerrir. Embættað á Felli og jarðaður Sveinn Eiríksson. Jón ókominn.

5. maí. Vestan stormur, þykkur og smáskúrir á milli. Við Þorkell smíðuðum 9 hornhagldir. Hann sótti kvörnina að Geststöðum og gerði við fötu og með lamb að heiðarb.*

6. maí. Suðvestan hæglátur. Smá skúrir á milli. Ég var allan daginn í smiðju fyrir Finnboga m. í Heiðarbæ. Hann að ryða* söðulgjörð á meðan. Bar ein dain*.

7. maí. Landsunnan hæglátur og væta á millum. Við Keli vorum að hlaða kálgarðinn framan smiðjuna þar til Jón m. kom um daginn. Ég var mikið skárri í bakinu og lærinu.

8. maí. Landaustan hægð og þerrir. Við vorum allir að hlaða garðinn. Ég brá mér að Klúku að mæla þar vefstaðinn.

9. maí. Við norðan og þerrir. Við vorum allir að hlaða kálgarðinn. Fullgjörðum rúma 4 faðma. Komið Hafnarskipið og spekúlent fyrir norðan. Óvissir prísar.

10. maí. Norðan og þerrir. Við hlóðum nokkuð í garðinum. Stungið út sumarfjósið og lambhúsið. Ég smíðaði tvenn járnmél, önnur með hringjum. Jón fór út á bæi um kvöldið að mála glugga á Sáhömrum* og skila úr apótekinu á Heydalsá. Tómas á Geststöðum sagði upp búskapnum í Heiðarbæ og varð kyrr hjá föður sínum.

11. maí. Við landsunnan hæglátur með smá skúrum á milli. Embættað í Tröllatungu, fór til kirkjunnar Keli, Guðríður og Guðrún. Jón var út á Smáhömrum. Við hjónin, Þórunn og Málmfríður fórum að Klúku litla stund.

12. maí. Sunnan hægð og mari, með smá skúrum á milli. Við vorum í garðinum. Stúlkurnar unnu á.

13. maí. Vestan stormur með skúrum. Við vorum að hlaða garðinn. Konan mín fór ofan að Heiðarbæ. Bar ein ær, og var tvílemb, en gat ei fætt nema með hjálp Guðrúnar í Heiðarbæ. Lömbin vildu fæðast bæði í einu. Þetta var um nóttina fram á mýrum.

14. maí. Austan gúlpur. Ég var að smíða hestajárn, Jón gjöra við söðul, Keli smíða asklok. Bar ein. Komu Grímur og Jens.

15. maí. Norðaustan stormur. Við vorum að rífa úr smiðjuveggjunum og hlaða bekkinn fyrir framan hjallinn. Ég járnaði Ljósku fyrir prestinn.

16. maí. Þykkur og væta er á leið. Embættað í Tungu. Við fórum hjónin, Keli, Þórunn og Málmfríður.

17. maí. Vestan stormur og væta á milli. Við rifum niður smiðjuna að viðum og allt grjót, og þriðjung veggjanna. Komum 1 ½ lagi undir hana fyrir framan hjallinn.

18. maí. Vestan með skúrum litlum á milli. Norðan og kaldari er á leið. Embættað á Felli.

19. maí. Norðari með frosti og fjúki til fjalla framan af. Varð lítið af fjúkinu í byggðinni. Fór alltaf dagbatnandi*, með hægð og sólskini. Hart frost síðast. Við hlóðum 2 lög af grjóti og torfi af smiðjuveggjunum. Rifum smiðjuveggina gömlu í gunn, sléttuðum hana niður og byggðum garðinn á hólnum. Guðbrandur yngri í Tungugröf var með okkur og heim um kvöldið.

20. maí. Hægð og fannfergju kafald undir hádegi*. Suðvestan stormur með skúrum á milli, kom snjór í ökkla*. Við vorum að pæla upp garðinn og jafna í honum moldina og mokað í kringum hann. Svo var stungið fyrir hesthúsinu, sauðahúsinu og hlöðunni þar á milli.

21. maí. Vestan stormur með krapa skúrum á milli. Við vorum að taka* uppundir húsunum. Búnir að því og jafna grundvöllinn undir þeim og skera* ofan hesthúsið og hlöðuna og mikið okað* úr tóftunum af mold.

22. maí. Víð útnyrð þó meira norðan hæglátur og krapaskúr er á leið. Ég lét eitt klumbruhnausalag á smiðjuna í kring. Keli flutti hnaus og torf. Mokaði nokkrum hestum á túnið áður. Jón m. og G.randur stungu 8a hundruð af hnaus.

23. maí. Við vestan og þerrir. Var tekið af nokkrum kindum*. Svo lét ég lag allt um kring á smiðjuna. Jón* og Gbrandur stungu rúm átta hundruð. Keli flutti torf og hnaus.

24. maí. Austan þoku gúlpur með þéttu úrfelli allan daginn. Við fullgerðum smiðjuveggina og reistum grindina. Guðbrandur yngri í Tungugröf hefur dvalið hjá mér þessa viku í vinnu.

25. maí. Austan hvass og þerrir. Hægði er á leið. Embættað í Tröllatungu. Fóru Jón og Þorkell og Guðríður.

26. maí. Vestan stórofsi með bleytu kafalds hrannarekstri á milli. Við vorum að bera út grjót úr sumarfjósinu og hlaða bálkinn í smiðjunni og grafa grjót og sprengja. Jón fór ofan að búð og sótti skotpening og bjó um bátinn. Kom Guðbrandur yngri í Tungugröf til vinnu og varð um nóttina.

27. maí. Vafsa veður og þurr til miðaftans, þá úrfelli en nokkuð hægri. Tókum þá saman tað um morguninn. Reif mikið af veggjunum á kálgarðunum og braut niður smiðjugrundina.

28. maí. Vestan stormur og þurr til nóns. Þá hægri með vætu og síðast austan sláttur með þoku og úrfelli. Við vorum að hlaða gaflinn og efri hliðvegginn á sauðahúsinu úr grjóti og torfi. Var meiri partur grjótsins úr jörðu grafinn, hitt úr hesthúsatóftunum.

29. maí. Uppstigningardagur. Vestan bráðviðri með stór úrfelli. Varð varla neitt á milli, en áleið, haglbleytuhryðjur. Um og eftir miðaftanið hopaði vindurinn til útnorðurs með kafaldséljum svo festi. Þó jafn hvass til 12 e.m. hljóp vindurinn aftur til vesturs, eins hvass. Varð ei embættað.

30. maí. Vestan stór dríf með kafaldsbleytu hriðjum allan daginn. Festi til fjalla er á leið og frost til fjalla á hvurri nóttu, en lítið í byggðinni. Þó er tún og úthagi liðkuð* eftir vonum en tún mikið kalin. Ég var að hleypa árepti til miðaftans. Drengirnir að saga. Svo að grafa grjót og hlaða. Hjónin Tómas og Herdís á Broddanesi komu að Klúku, að kveðja föður sinn og systkin en flytja nú búferlum inn í Hrútafjörð til dóttur sinn ár Valgerðar.

31. maí. Vestan bráðvirði með hagléljum á milli. Þingað á Kirkjubóli. Ég felldur í lausafjárskatt. Drengirnir ökuðu* gjóti að byggingunni.

*Júní 1851

1. júní. Norðan og gjörði snjó í skóvarp og frost. Fákaf* snjó í miðjar hlíðar. Embættað á Felli. Fréttist lát Sigríðar á Drangsnesi, eftir mæðu saman barnburð. Þó lifir barnið.

2. júní. Hátt norðan hvass með kófi til fjalla og hörkufrost síðast ofan að sjó. Var hrestur við kálgarðinn aftur, smiðjan reist rept og þakin eingöngu. Líka flutt 200 af klumbu. Fluttu þeir Þorkell og Guðbrandur í Tungugröf.

3. júní. Norðaustan hvass með kafalds éljum og frosti til fjalla. Fór allt að frjös* eftir miðaftan. Síðast kafald staða. Voru fluttar 16 ferðir af hnaus eða 200. Við Jón hlóðum neðri vegginn á fjárhúsinu, hlöðunni og hesthúsinu framan undir hnaus. Líka velt miklu af grjóti ofan af holtinu. Búin að missa 5 lömb og 2 ær óbornar.

4. júní. Hátt norðan bráðviðri og stór kafaldi. Gjörði skafla ofan fyrir Bungur, en þámaði er á leið hér framfyrir. Fanst ein ærin uppundir Búrfelli yfir dauðu lambi sínu, sem var þó vel stórt og var lukka að hún var lifandi. Inn látið, var allt vesælt. Varð ekkert gjört nema hlint að skepnunum. Kýr stóðu inni hér.

5. júní. Austan stórgarður með fannfergju. Skóf í skjól hér ofan á tún. Allt inn látið nema gömlu sauðirnir. Drengirnir sóttu belgvirki inn að Húsavík. Ingveldur í Heiðabæ slasaðist í andliti, er hún vesæl af bólgu í því.

6. júní. Austan hvass með fjúkslítning á milli. Tók af láglendinu. Við veltum grjóti af holtunum og hlóð bálkinn í húsið og grjótlag í efri vegginn á hlöðunni. Dó 7. lambið.

7. júní. Norðan hvass með éljum á milli. Festi lítið. Hart frost síðast. Við entum við neðri vegginn á húsinu og fram að hlöðu vindauga. Járnuðum Brún og Karra.

8. júní. Norðan hæglátur og loft þunnur (Hvítasunna í dag og nú er 7da vika sumars.) Embættað í Tröllatungu. Fórum við hjónin. Jón Þorkell, Þórunn, Guðrún og Málmfríður. Ingveldur í Heiðarbæ gat ei farið vegna bólgu í andlitinu og vesældar.

9. júní. Austan þokugúlpur með úrfelli og kafaldi til fjalla. Embættað í Tungu. Urðu börnin 4 til altaris. Fór ég líka. Finnbogi í Heiðarbæ vesæll af uppsölu.

10. júní. Norðan hvass með kafalds éljum á milli. Snjóaði á fjöll og festi. Byggð síðast og hart frost. Ég flutti spýtur frá Húsavík er Finnbogi í Heiðarbæ lét mig fá. Jón smíðaði ár* fyrir séra Halldór, Keli hömluár fyrir mig. Jón út á bæi um kvöldið að fá kaffi. Varð ei neitt.

---

11. júní. Norðan hvass með éljum á milli. Frost til fjalla og í byggð eftir sólarlag. Við létum 2 klumbruhnauslög á neðri vegginn. Svo byggðu drengirnir upp króna en ég leitaði að greni og fann ei. Var fyrst stíað við stekkinn. Þeir voru að ríða á Kollabúðafundinn.

12. júní. Norðan hvass og loftþunnur, smá él á milli. Frost til fjalla og í byggð síðast. Við hlóðum það eftir var af neðri veggnum fyrir framan umtangað*. Hlóðum líka efni hlöðuvegginn fram að stalli að mestu undir hnaus. Sóttum mest grjótið upp í holtið og sprengdum það þar úr.

13. júní. Norðan stormur og fjúkleiðingar á milli. Síðast gjörði alhvítt. Við fyltum og létum grjótlag á fjárhúsvegginn efri og lögðum hnauslag fjárhúsgaflinn, hliðvegginm efri á því og efri hlöðuvegginn. Keli flutti rúm 200 af hnaus og 24 torfur. Jón risti 150 af torfi. Fundarmenn fyrir sunnan.

14. júní. Austnorðan stormhvass með slitning kafalda allan daginn. Festi ekki í byggðinni, en allt af til fjalla og frost á þeim. Við hlóðum 2 ½ lag af hesthúsinu og fylltum allt lagið á tóftinni kamba á milli að ofanverðu. Keli flutti 150 af hnaus og 24 torfur.

15. júní. Norðan stormur og þerrir. Fannst lamb svart í flóðapittnum er við misstum daginn áður. Búin að 7 og 2 ær með lömbum. Þeir komu af fundinum. Embættað á Felli.

16. júní. Austnorðan stormur á sjó og landi en hægur vestan í loftið og þerrir. Síðast úrfelli. Ég stakk út stóra húsið. Keli ákaði* út en Jón í brúargjörð í Tröllatungu í þar í Torfskarði.

17. júní. Við sunnan hæglátur og þerrir framyfir nón, þá hægt ég mikið svo regn á eftir. Síðast þurrt. Við Jón lögðum meira en hálft lagið á tóftina. Svo markaði Jón lömbin. Keli flutti mikið á annað hundrað.

18. júní. Austan stormur og þerrir, frost að nóttinni. Við Jón lögðum hnauslagið á efri fjárhúsvegginn og norður gaflinn. Hlóðum líka gaflhlaðið uppúr á fremri gaflinum. Keli flutti torf og hnaus. Finnbogi gelti fyrir mig 9 lömb.

19. júní. Norðan hæglátur og þerrir. Jón minn og Ólafur á Klúku ristu fyrir mig torf, hérumbil 480. Ég tók af sauðum með konu m. og hlóð hálft lag á fríveggin*. Keli flutti 100 af hnaus. Kom Jón á Bakka.

20. júní. Austnorðan stormur og þerrir. Við entum við tóftina að öllu og ristum 6 reiðingstorfur. Ingveldur kom með eggin.

21. júní. Austan stormur og þerrir. Við Keli vorum að eiga við garðinn heima. Var hann stunginn upp hálfur og týnt sem varð grjót og óþrif úr honum. Svo fór ég inn áð Húsavík. Smíðaði 12 járntinda og bjó til hrífuna um kvöldið. Jón fór suður að Garpsdal með Guðríði, hún vesöl af verk og eymdarskap. Fylgdist Guðbjörg Árnadóttir með þeim í lækningarskini.

22. júní. Logn og þerrir og í afláti til annarrar áttar. Embættað í Tröllatungu. Fór Þorkell til kirkjunnar. Komu og vorum um daginn Björn og Ingveldur í Heiðarbæ með Steinunni litlu.

23. júní. Vestan stormur og þykkur með skúrum er á leið. Við vorum að taka saman taðið. Fluttum milli 20 og 30u í kálgarðinn af hrossa taði. Jón kom um morguninn norður með stúlkurnar.

24. júní. Landsynningur með þokudimbing og vætu framyfir miðjan dag. Þá þurrt og austan stormur. Við vorum allir að kappi að vinn á í garðinum og stúlkurnar að tína steina og rusl. Urðum ei búnir. Kom Björn m. á Klúku að taka Guðríði blóð á fótinum, og gekk bátt*. Um háttatíma kom Einar á Sandnesi og dvaldi hjá okkur til klukkan 3r e miðnætti.

25. júní. Besti þerrir. Lagði inn austan um há daginn. Við entum við garðinn. Sáðum í 2 beð. Meir var ei til. Jón m. fór út að Kollafjörð 4. færum, fékk 3. Kom með fræið um leið frá Kirkjubóli. Bjó ég til um garðinn á hlaðinu. Stúlkurnar þvoðu ull.

26. júní. Norðan hægð og þerrir. Ég og Helga systir á Klúku bræddum niður frá. Sáðulaf* í garðinn. Kom Jón á Brúna.

27. júní. Vestandrif og þerrir. Við fluttum að búðum kaupstaðarvöru. Jón m. með Eyjólfi í Húsavík norður. Fært frá og keflað.

28. júní. Sama veðurlag. Ég var á Klúku að setja í stand smiðjubelg og allt þar lútandi. Komst ei yfir ána aftur.

29. júní. Snerist til austurs með stormi og þoku miðjan daginn. Embættað á Felli. Þeir í kaupstaðnum. Kom alfarinn að Heiðarbæ signór Magnús Gunnlaugsson.

30. júní. Hægð og besti þerrir. Lagði inn útrænu, þeir fyrir norðan. Við Keli þöktuym smiðjuna og bjuggum um að öllu.

*Júlí 1851

1. júlí. Blíðviðri og besti þerrir, hvessti vestan er á leið. Við skárum mó. Þeir fyrir norðan.

2. júlí. Bráðviðri vestan. Stór fórdjárfæði* í garðinum. Ég fór að Klúku. Smíðaði 16. nagla stóra og smáa, stóran og lítinn hólk, í og á blístruna. Eldaði upp 10 hesthófsnagla, og enti útaf við belgvirkin. Keli smíðaði 100 af trétöppum. Þeir fyrir norðan.

3. júlí. Eins bráðviðrið vestan og þerrir. Við Keli vorum að sníðum til og saumuðum húðirnar á virkin. Þeir fyrir norðan.

4. júlí. Við norðan og þerrir. Kældi vestan er á leið. Við skáru mó. Var þvegin ull, þeir fyrir norðan.

5. júlí. Við vestan hæglátur og þerrir. Fór Þorkell með Sveini á Geststöðum eftir kolum fyrir mig, Finnboga í Heiðarbæ og Björn á Klúku. Ég enti við belginn að öllu. Þeir komu að norðan er á leið og fluttu um kvöldið, hvur til sín.

6. júlí. Við norðan hæglátur, þurr og þykkur. Embættað í Tungu. Jón, Þórunn og Guðrún fóru héðan. Þorkell kom með kolin.

7. júlí. Blíðviðri og þerrir og snúa sér til vestan. Við fluttum 6 hesta af grjóti framan af stekkjarbörðum, 2 hesta af grjóti inn án úr Heiðarbæjarbásum, og 2 hesta af smiðjumó úr skemmubökkunum til smiðjunnar. Hlóðum ablin* að mestu, bikuðum belginn og bjuggum hann í ablinum. Kom Ormur að tala um steðjar. Konan m., Keli og Málmfríður fóru ofan að Kirkjubóli, Jón að Húsavík.

8. júlí. Við sunnan hægur og þykkur. Sneri sér til austurs með úrfelli. Jón Þorkell og Björn í Heiðarbæ ráku í sameiningu lömb og geldfé. Við Guðríður og Þórunn tókum saman pisju. Guðrún fór að Heiðarbæ að bera tað. Ég um kvöldið að Tröllatungu að sækja steðja.

9. júlí. Norðan stormur og besti þerrir. Við Jón komum steðjanum og stólpunum í lag. Reyndum svo smiðjuna. Fórum svo að koma fyrir viðum í hesthúsinu og saga. Þorkell flutti allan daginn torf. Fréttist lát Jónatans er drukknaði augafullur í Staðará í gærdag. Krankfellt* suður um dali.

10. júlí. Besti þerrir og útræna. Jón, Guðríður, Þórunn og Guðrun rifu hrís og komu með á 3 hestum. Við Keli *** létum vegglægur***.

11. júlí. Við norðan og besti þerrir. Við vorum að saga, reis* í, refta og tyrfa sauða og hesthús hlöðuna. Ég sótti á 4 hesta að Heiðarbær af skalldröftum* og árepti. Fiskurinn kominn. Öfluð í Tungugröf.

12. júlí. Norðan garður með skúrum á milli. Við fullgjörðum hlöðuna og hesthúsið að öllu og bárum grjót allt í kring. Drengirnir fóru í silungaá og fengu ei neitt. Aflaðist í Tungugröf 64 á skip.

13. júlí. Hæglátur norðan og þurr. Embættað í Tröllatungu. Við hjónin, Keli og Guðrún fórum til kirkjunnar. Gefin í hjónaband Jón Eyjólfsson og Marín Guðbrandsdóttir.

14. júlí. Norðaustan hæglátur og þurr. Voru sagaðar yfir 30 álnir til hússins. Við hvolfðum bátnum og bikuðum að utan, tókum með okkur araptis* hest er Grímur gaf mér. Þeir öfluðu í Tungugröf um 120. Heiðarbæ 40.

15. júlí. Besti þerrir og útræna. Réru margir til fiskjar, synir mínir réru í samlögum við Finnboga m. í Heiðarbæ, urðu mestir af öllum, fengu 65 á skip. Ég fór út að Smáhömrum og fékk árefti á 2 hesta. Sótti líka skalldrafta á hest að Heiðarbæ.

16. júlí. Besti þerrir og útræna. Drengirnir mínir réru með Finnboga m. í Heiðarbæ og öfluðu 13. Ég var að láta vefglæur* og máta staðinn. Kom Jón á Bakka og Þórey mín með honum. Hún varð um nóttina. Flestir farnir að slá í túni og engjum.

17. júlí. Sama veðurlag. Við reistum húsið að öllu, reftum og þöktum lítið. Jón fylgdi Þóreyju að Tungu. Kom Eggert í Garpsdal í róðra skyni. Varð um nóttina.

18. júlí. Besti þerrir og austan stormur. Entum við að refta og reisa húsið, hrisa* og þekja hálft 3ja þakið. Eggert fór héðan.

19. júlí. Austan hæglátur og þurrviðri. Suddayrja um miðjan daginn. Var húsið klárað að öllu. Lagfært þar á skemmunni og hjallinum. Söguðu piltarnir tvær 4 álna fjalir í smiðju þilið. Ég með stúlkunum, tók saman móinn. Stúlkurnar rifu lyng, það sótt að hálfu.

20. júlí. Landaustan þokugúlpur með úrfelli á milli, þó hægur og besta veður. Embættað í Tröllatungu. Fóru til kirkjunnar Þorkell og Guðríður.

21. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða. Var byrjað að slá á brekkunni við lækinn. Ég var í smiðju að smíða ljá, enti við það klukkan 3 eftir miðnætti. Kvef og hósti er í fólki hér og víðar, þó liggja fáir. Steinunn á Klúku liggur í lær og bakverk.

22. júlí. Norðan og besti þerrir. Þoka er á leið. Ent við brekkuna að slá. Við hjónin rökuðum stykkið fyrir utan lækinn og nokkuð af brekkunni. Enti við ljáinn. Drengirnir söguðu 8a alnir í smiðju þilið. Kom Jón garðyrkjumaður og varð um nóttina. Heiðarbæjarhjónin sendu okkur bita af hval er þar rak.

23. júlí. Norðan og besti þerrir. Við hjónin með Guðrúnu og Málmfríði. Entum við að raka brekkuna. Piltarnir og 2r stúlkurnar slógu fornabæinn norður úr og uppúr. Söguðu piltarnir síðast átta álnir til smiðjunnar.

24. júlí. Austan garðsvera og linju þerrir á daginn. Við hjónin rökuðum breiðavöll allan ofan til. Bræðurnir báðir, Guðríður og Þórunn slógu frá fornabænum og flötina ofan til og norður úr.

25. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða. Við hjónin rökuðum með Guðrúnu og Málmfríði kringum alla flötina norður úr. Systkinin hin 4 slógu hólmann á vellinum, fóru svo í stykkið framan götuna að neðanverðu. Rifjað einu sinni, ekkert hirt. Ég var að grípa í að láta þilið fyrir smiðjuna.

26. júlí. Skörp útræna norðan, og besti þerri. Börnin slógu í stykkinu. Við hjónin með Guðrúnu og Málmfríði rökuðum í vellinum. Var hirt brekkan heimað læk og ofan úr, og það saltað. Voru 18. Það hirta heim bundið.

27. júlí. Norðan stormur og besti þerrir. Embættað á Felli. Riðu héðan þangað Þorkell, Þórunn og Guðrún. Kom hér Björn á Klúku. Fullt af hafís fyrir öllum Ströndum og inn í flóa móti Reykjafirði.

28. júlí. Norðan og besti þerrir. Myrkvaþoka á næturnar. Hirtir 7 kaptan* af Breiðavelli. Rakaður völlurinn útaf, líka slegið í stykkinu. Kom séra Björn og dvaldi framyfir formyrkvanóna, sem varð á milli miðdegis og nóns, 11/12 sólarinn ár myrkvaðist. Barna dauði um suður og vestur land. Drengjast* þau saman með pínu og deyja svo. Er enn uppfundið ekkert meðal hér móti þessu. Þessi sjúkdómur lét sig og í ljósi á unglömbum í vor.

29. júlí. Vestan stormur með smá skúrum um dagmálin. Svo besti þerrir. Hirtur völlurinn útaf og ent við að slá stykkið. Ég sótti 2 pisju hesta frameftir.

30. júlí. Austan stormhvass og þornað suður loft á milli, þó besti þerrir. Rakað stykkið og alhirt. Steigin* og rökuð vestan og bundið úr henni að mestu. Búið að hirða af túninu 49.

31. júlí. Landaustan stormur og þurr að mestu. Þykknaði er á leið og hnutu dropar við og við. Var slegið í útræktinni frá hesthúsinu utar. Ég flutti 8 hesta af pisju.

*Ágúst 1851

1. ágúst. Austnorðan garðsvera. Þykkur og þurr. Ent við að slá útræktina. Ég enti við að flytja móinn.

2. ágúst. Austnorðan garður og úrfelli undir nón. Börnin slógu fyrir heiman vota hvamm. Ég smíðaði ljá.

3. ágúst. Vestan útnyrðingur, hæglátur og þerrir. Embættað í Tröllatungu. Við hjónin Guðrún litla. Klúku og tungið* fólkið varð til altaris. Þórey kom að sunnan til kirkjunnar og margt fólk fleira.

4. ágúst. Vestan hvass og besti þerrir. Við öll rökuðum alla útræktina. Drengirnir slógu í hesthúsflóanum. Var bágt að eiga við hey vegna veðurs.

5. ágúst. Vestan hvass með úrfelli á milli. Rökuð upp öll taðan á útræktinni. Rakað í hesthúsflóanum og slegið í flóanum fram betur síðast. Við hjónin hreinsuðum kringum nýju húsin uppfrá. Ég lagaði til í smiðjunni fram við.

6. ágúst. Vestan stormhvass og besti þerrir. Við hjónin með Málmfríði breiddum allt á útræktinni og veituheyið, rifjuðum svo var allt hirt síðast. Börnin hin rökuðu í flóanum, en urðu ei búin. Krankfellt af kvefi og innislegu* þar með fylgjandi uppsala og taksnertur. Af túninu varð nú 56 heimbundin. Annars er nú graslítið ár hér vestan lands, en gott suður frá. Hvað þar heldur hafa verið votsamt vor, hér þvert á mót.

7. ágúst. Vestan stormur og besti þerrir. Við hjónin með Kela, þrifum í og kringum stórhúshlöðuna og fluttum 4a. rudda kapla fram í sauða hlöðuna. Bundum og þangað 7 kapla úr hesthúsflóanum og 2

kapla framan úr flóanum í stórhúshlöðu. Keli sótti hestana fram á dal, hin börnin slógu fram í flóðaflóa.

8. ágúst. Hæglátur og besti þerrir. Við hjónin bundum úr flóanum 13 af þurabandi. Börnin heyjuð í flóanum framan og neðan stokkgarðshólinn.

9. ágúst. Norðan og þerrir. Heyjað framfrá og bundnir heim 24. Ég fór með. Hirtir 10. Lítið um fisk sem stendur.

10. ágúst. Austan hvass og þerrir. Embættað í Tungu. Fóru héðan Jón, Guðríður og Þórunn. Sást stór jaki inn án Bjarnarnes. Kom Jón garðyrkjumaður.

11. ágúst. Við norðan og besti þerrir. Rakað og slegið framfrá. Var ég þar um miðjan daginn. Hirtum svo við hjónin 15 er heima voru. Guðrúnu varð illt af uppsölu og landfarsótt. Sagt var fyrir 3r dögum að fiskurinn hefði vaðið uppi í Stórtóftum hér með sveitinni. Þeir sögðu það hafa verið smáfisk. Það er krankfellt af landfarsótt.

12. ágúst. Stilling og besti þerrir. Bundnir heim 12. af þurabandi. Heyjað framfrá, Guðrún varð heima vesöl og konan mín þjáð af uppsölu og niðurgangssótt. Líka af megnu hugarangri sem alltaf þjáir hana eftir Björn okkar sálaða. Kela bagaði verkur yfir um sig.

13. ágúst. Við norðan og þerris flæsa. Var bakað og slegið í framfrá. Var ég þar líka um stund. Fléttaði svo hálft reiptagl. Konunni m. léttara, eins Guðrúnu.

14. ágúst. Við norðan hæglátur og þerrir. Heyjað fram frá. Bundnir heim 12 af þunu*. Konunni minni léttara, eins Guðrúnu. Keli orðinn vesæll af landfarsótt og flökurleika.

15. ágúst. Við norðan hæglátur og besti þerrir. Heyjað framfrá. Bundnir heim 12. Tvo þurfti að breiða. Þorkell var heima. Honum léttara og svarf í 10 pör skæða*.

16. ágúst. Við vestan hæglátur og besti þerrir. Var að ganga vætu í loftið. Því jörðin var hvít af hélu um morguninn hefur verið frost að öðru hverju til fjalla á næturnar. Bundin heim 21, hitir af þeim 14 í sauðahlöðuna. Komið heim 2 hraukum. Jón fór í á með Sveini á G. fékk 1 silung.

17. ágúst. Vestan stormur með skúrum á milli. Embættað á Felli. Ég vesæll af landfarsótt. Rétum um kvöldið, fengum 42. Sagt lát Jóns Ólafssonar á Ingunnarstöðum og stúlku frá Króksfjarðarnesi. Ásgeir kom heim af þjóðfundinum. Varð hann styttri en vera átti af ósamþykki.

18. ágúst. Suðaustan stormur með stórskúrum á milli. Börnin heyjuðu framfrá. Við hjónin hirtum 6. kapla. Ég gjörði við fiskinn. Mér nokkuð léttara.

19. ágúst. Suðaustan hæglátur með úrfelli á milli. Börnin slógu á partinum. Ég var heima. Gjörði ýmislegt. Sló til sauð saman að mestu í 2 ljái.

20. ágúst. Austnorðan garður og þurr. Börnin heyjuðu í partinum. Var ei bundið. Ég smíðaði 2 ljái og sauð saman 2 niðurfellu fleyga. Nýrekin hrafnreyðarkálfur á Smáhömrum. 3 álnir milli skurða.

21. ágúst. Austnorðan hvass og þurr að mestu. Börnin heyjuðu í partinum. Ég var heima vesæll af niðurgangssótt. Tökin* þá til ónýtis. Ég var að búa til í samsuðu.

22. ágúst. Norðaustan hvass og þurr að mestu. Heyjað í partinum. Var ég þar miðjan daginn. Fór svo að sjóða saman ljá og varð hálfvesæll. Ekki bundið.

23. ágúst Sama veðurstaða. Bundnir heim 27, hirtir af þeim 22. Keli, Guðríður og Þórunn heyjuðu rúma 6egs*. Fréttist hvalreki frá Munaðarnesi, tvítugur kálfur

24. ágúst. Snjóaði í miðjar hlíðar að nóttinni, hæglátari bjartur og norðan. Embættað í Tröllatungu. Fóru allir héðan. Giftist Jón í Tungugröf Maríu frá Hrófá.

25. ágúst. Við norðan hæglátur og góður þerrir til nóns, brá þá í loft vætu af vestri, frost og héla að nóttunni. Við breiddum um 40 í partinum. Rökuðum það upp aftur. Rakað og slegið á 5m. Konan m. var framfrá líka, hirtum 5m kapla heima. Rérum klukkan 9 ½* Komum kl. 1 ½ Allir háttaðir. Fengum 39. Rúma færislengd frá landi, undan Naustavíkur tanganum.

26. ágúst. Hátt norðan garður með hraglanda á milli. Slegið og rakað hægst í partinum og bundnir heim af því 15. og gjörði til fiskinn og fór með.

27. ágúst. Útnorðan stormur. Stórsjór, besti þerrir. Bundnir 15 af þeim og 3 af votu.

28. ágúst. Frost að nóttinni. Útnorðan hvass og þurr, góður þerrir er á leið. Bundnir heim 21. Voru hirtir af þeim 15 og 15 voru hirtir af því er heima var.

29. ágúst. Hægt og þerrir. Var að snúa sér til vesturs. Við rérum um miðjan morgun, komum heim um miðdegi. Fengum 76 með lóu* og ýsu. Stúlkurnar slógu í flóðanum og þangað fóru piltarnir er heim komu. Við hjónin hirtum 9u er heima voru, ég slægði og afhöfðaði fiskinn.

30. ágúst. Við sunnan hæglátur og dimbingur, kældi er á leið með skúrum. Slógu börnin á Stórholtsbreiðunum til nóns. Heima til kvölds. Jón fór suður að Bakka og Garpsdal. Konan m. el.leg fór yfir að Klúku og að Heiðarbæ því von var á prófastinum. Hann kom þó ekki við um kvöldið.

31. ágúst. Við sunnan hæglátur og þurr að mestu. Embættað í Tröllatungu. Fór Þorkell héðan til kirkjunnar. Jón kom heim um nóttina. Þóreyju dóttur minni fæddist meybarn 26. þessa mánaðar og nefndist nafni móður sinn ár.

*September 1851

1. september. Hæglátur norðan og flæsa. Við slógum og rökuðum á stórholtsbreiðunum. Þoku dimbingur síðast.

2. september. Norðan garður og bleytu regn í byggð en snjóaði til fjalla og ofan í hóla. Við slógum á Stórholtsbreiðunum til miðaftans. Svo kyrr heima. Ég sló til síu* og sauð saman 6 stykki af niðurfellu. Sálaður Guðmundur blindi á Ljúfustöðum. Lágu 3 flekkir á engjunum hjá okkur.

3. september. Sama veðurstaða og veðurlag til hádegis, þá birti alltaf betur og betur. Tók þá ei snjó af fjöllum því skafið í og gjörði hart frost síðast. Við slógum á sama plássi. Kom séra Björn og Jón garðmaður.

4. september. Góður þerrir af útnyrðing framyfir nón. Þykknaði þá og gjörði vætu síðast. Við rökuðum og rifjuðum á stórholtsbr. Konan mín var með okkur.

5. september. Vestan stormur og væta að öðru hverju. Við slóum og rökuðum á Stórholtsbreiðunum.

6. september. Sunnan stormur, þámað loft og þurrt. Var slegið. Rökuð ljá og rakaðir upp undir 20. Guðmundur á Bakka kom og varð hér um nóttina.

7. september. Sunnan hæglátur og besti þerrir. Embættað á Felli. Komu hér 8a um daginn.

8. september. Sunnan hæglátur og flæsa smá skúrir á milli. Heim bundnir 36, af því hirtir 30, heyjaðir 3.

9. september. Sunnan hæglátur og þétt úrfelli framyfir miðjan dag. Þá með smá skúrum. Við slógum öll í flóanum fram og niðrund Stakkgarðshólnum.

10. september. Suðvestan flæsa en smá skúrir á milli. Bundið úr heim mýrunum 36, hirtir af því 10. Þorkell, Þórunn og Guðrún rökuðu á 16 að fanga to*.

11. september. Vestan hvass og þerrir þó með smá skúrir á milli. Hirtir á túninu 36. Fylltar hlöðurnar, heim bundur* 12. Gjörði síðast kl. 12 mikið úrfelli.

12. september. Vestan stormhvass með stórskúrum. Við slógum á Flóðahvammsbökkunum. Svo í Votahvammi eftir máltíð. Fisklaust á handfæri, aflast á lóðir.

13. september. Vestan hvass með stórhriðjum á milli. Við slógum öllu á Flóðahvammsflóanum. Stúlkurnar fóru heim um miðjan dag. Guðbjörg á Geststöðum kom með gott kaffi til okkar piltanna. Fréttist lát Björns frá Reynikeldu er lagðist í Þrúðardal daginn eftir greftran föður síns. Var ei vika milli þeirra. Sögð enn og nokkur konulát að sina*.

14. september. Við vestan hæglátur og þurr framyfir miðaftan, þá úrfelli. Sögð nýdáin 14 börn á hálfum mánuði í Laxárdal. Embættað í Tröllatungu. Jónatan sálaði fundinn á Grænanesi og greftraður á Stað.

15. september. Vestan hvass með stórhríð allan daginn. Þeir leituð tam*bafi ollið*. Jón m. kom ei heim. Við Keli gjörðum ýmislegt.

16. september. Vestan bráðviðri með stórhríðum. Þeir komu ekki út leitunum.

17. september. Vestan hvass með skúrum. Þeir komu úr leitunum. Ég alheimti lömbin. Vantaði 9u sauði. Fréttist lát Þóreyjar litlu Guðmundsdóttur frá Bakka. Ormur tók út fyrir hálfan steðjann.

18. september. Vestan hvass með stórhryðjum á milli. Þeir leituðu eftirleitina, ég heimti ekkert. Við tókum uppúr fremsta beðinu hvítkálið.

19. september. Vestan stormur með stór haglhriðjum á milli. Ekkert varð við hey átt. Kom Eggert [Oddsson] í Langey. Hann sagði barnadauðann að 15 árum.

20. september. Við vestan og stórhríð allan daginn. Ég var að gjöra við rekur. Bræðurnir að brýna lóðir. Greftraður og haldið begrafelsið Björns S. frá Reynikeldu.

21. september. Vestan stormur og þurr undir miðaftan, þá úrfelli. Embættað á Felli.

22. september. Vestan hvass með bleytuéljum. Við beittum 2 lóðir með ýsum frá Tungugröf. Komumst að bátnum svo heim að Heiðarbæ. Biðum þar um tíma, svo á stað aftur djúpt á víkina. Urðum að lenda 2u urðum varir, en náðum ekki. Svo heim, ég heimti 3 sauði.

23. september. Vestan og hvass og snjóaði að byggð. Svo háa rok með éljum á milli til kl. 3 e.m. Þá upp í útnyrðing með frosti og smáfjúki. Ei náði Finnbogi lóðum sínum. Við fórum að taka uppúr garðinum. Urðum búnir með hann hálfan.

24. september. Útnorðan stormhvass loftþunnur og frost. Við Keli tókum uppúr garðinum útaf í hágaf* undir avegsit* rúmar 3 2/2 tíma. Við lögðum 2 2/2 lóð um kvöldið. Jón leitaði að Skjóna í Tungudal og fann hann.

25. september. Frost og vestan stormur. Við lögðum 2 en tókum 2 2/2 lóð á þeim 34. Rakað framfrá ca 14. Náðum ei lóðum.

26. september. Frost að nóttunni. 30 sunnan hvass bleytukafald í allan daginn. Festi til fjalla fyrst. Við sóttum lóðirnar á þeim 11. af fiski og ýsu, 2 löngur og 2 skötur. Fluttum heim lóðir og fiskafla. Ég gjörði til góða sem þurfti beggja daga aflanum. Drengirnir ristu 120.

27. september. Suðvestan stormur og haglskúrir til hádegis. Þá besti þerrir. Börnin rökuðu upp ljána. Guðbjörg á Geststöðum með þeim. Ég gjörði við árar, net og gildingar* á bátnum. Lét skrá fyr. skáp hjá Sólveigu í Heiðarbæ og smíðaði skafa fyrir konu mína.

28. september. Vestan stormur með krapaéljum á milli. Við Þorkell leituðum sauðanna og fundum 3. Hraundal. Vöntuðu þá aðra 3. Embættað í Tröllatungu. Lýst með Ólafi og Ingibjörgu á Kirkjubóli og Högna og Margréti á Heydalsá.

29. september. Frost að nóttunni, hægð og þurrt. Var að snúa sér til norðurs. Voru bundnir 32 úr flóðafláunum, bundu bræðurnir, ég fór með. Snjókrafl á fjöllum.

30. september. Hart frost að nóttunni og loft þunnur. Svo austan hvass með bleytu kafaldi allan daginn. Festi ofan að láglendi. Við beittum og rérum og allir. Náðum ei lúðunum aftur um kvöldið. Sama var um fleiri.

*Október 1851

1. október. Austan kútpur* og bleytukafald til fjalla. Náðum ei lóðum. Sama um suma.

2. október. Við útnyrðing hæglátur fyrst, hvessti eftir hádegið vestan. Snérist til norðurs síðast. Við náðum lóðunum, á þeim 3 skötur, 1 langa, og 13 af fiski og ýsu. Lögðum ei aftur. Bundum úr flóanum 30 á 5*.

3. október. Austan garður með bleytu kafaldi ofan að láglendi. Þurrari miðjan daginn. Kominn mikill snjór til fjalla. Við bundum 12 úr flóanum og entum við á engjunum, um 80 á túninu. Fisklítið sem stendur.

4. október. Austan stórgúlpur, lagði þoku að sjó á milli en þurr. Haldin hreppaskil. Kirkjubóls menn alla lóðir fn.

5. október. Landaustan gúlpur og stórhríð miðjan daginn. Embættað í Tröllatungu. Fórum við feðgarnir allir.

6. október. Sama veðurstaða en hægri. Við lögðum lóð inn ár, svo í land. Skutum 2 skot til ónýtis. Svo fram aftur. Drógum þær að mestu, á þeim 6 og 1 háfur. Lögðum svo niður aftur. Björn á Klúku missti 2 lóðir.

7. október. Sami austnorðan garðurinn með stórúrfelli á milli í byggðinni en bleytu kafald til fjalla. Tókum lóðirnar um morguninn á þeim 16 af fiski og ýsu. Lögðum þær að kvöldinu aftur.

8. október. Hæglátari garðurinn og þurr og bjartur eftir dagmál. Við tókum nætur lóðirnar. Á þeim 33 af fiski og ýsu. Lögðum hinar. Tókum þær um kvöldið, á þeim 20 af fiski og ýsu. Lögðum næturlóðirnar.

9. október. Sama garðsveran og þurr að mestu. Ég sótti næturlóðirnar með Magnúsi og Grími í Heiðarbæ. Jón m. fór inn áð Eyri með landskuld og leigur. Þorkell suður að Bakka, að sækja sauðina er vöntuðu. Á lóðunum voru 23. af fiski og ýsu, 1 langa og 2 skötur.

10. október. Við útnorðan þurr og hæglátur. Var allt heyið breitt og látið liggja flatt. Ég lagði lóðirnar í sameiningu við Finnboga á Heiðarbæ. Keli kom að sunnan með sauðina og Jón á Bakka með honum og varð um nóttina.

11. október. Austan garður og stór úrfelli í byggð, en bleytukafald til fjalla. Við Keli sóttum í sameiningu við Finnb. lóðirnar. Var baujan af djúpbólinu* hjá mér, fundum af henni lítinn maga er þar var með, er sást við og við. Eins þaungulleggur* milli báranna. Á lóðu 16 með skötu. Jón kom heim um kvöldið kl. ganga til 11u.

12. október. Norðan stormur og bleytu kafald svo festi í byggð. Tók þó af á láglendi. Embættað á Felli.

13. október. Útnyrðings steytingur og þurr. Við beittum og lögðum 3 lóðir. Skárum 3 sauði, á og hrút.

14. október. Norðan garður og bleytu kafald eftir hádegi. Við sóttum lóðirnar, á þeim 20u. Lögðum ei aftur. Lágu á túninu yfir 40 í föingum* og göltum* annað eins ei. Menn úr Flatey voru á ferðinni. Snjóaði nær til sjóar.

15. október. Austan stórgarður með bleytu kafaldi allan daginn. Festi næst til sjóar, gjörði fönn mikla til fjalla.

16. október. Við útnyrðing hæglátur og loftþunnur. Enn stór garður til flóans og forátttu brim. Voru saman gefin Högni og Ólafur við konur sínar. Vorum við hjónin, bræðurnir og Málmfríður í veislu þeirra.

17. október. Hæglátur norðan, gjörði föl um morguninn en af tók um miðjan daginn. Við skárum 6, 4 sauði, gelda á og hrút. Bárum saman nokkuð af heyinu.

18. október. Hæglátur norðan. Við rérum með 6 lóðir, á þeim 23. Ég skaut kóp. Jón leitaði lamba og fann ekki. Gengur nú kvefsýki og barnadauði. Ég vesæll af hósta og taksnert fyrir brjóstinu. Sumir hafa fallið í öngvit, en komist til leiðréttingar við blóðtöku. Fyrir þessu hafa orðið 3 stúlkur hér í sveit, Þórdís í barnsfæðingu á Kollafjarðarnesi og Margrét og Anna á Kirkjubóli.

19. október. Við útnyrðing, storum og flæsa. Embættað í Tröllatungu. Við hjónin, Þorkell, Þórunn og sl* betur til altaris Ég fann lítið til taksins, en hafði hósta.

20. október. Hægð og þoku hula í lofti, sá þó til sólar. Við beittum og lögðum 4 lóðir. Bárum saman heyið á breiðavallarflötinni, hesthúshólnum og sounni* svo fram tókum lóðirnar og lögðum aftur, á þeim 55.

21. október. Norðaustan stórgarður með bleytu kafaldi. Varð ei vitjað lóða. Allir vesælir af kvefi.

22. október. Af sömu átt. Hægri með frostkófi. Við náðum lóðunum, á þeim 26 af fiski og ýsu, 2 löngur og 2 skötur. Ég og fleiri höfðum mikinn hósta. Guðbjörg Árnadóttir varð hér um nóttina.

23. október. Austnorðan stormur, þerrir og frost. Rérum ekki. Hirt mikið af túninu, hesthús=tóftina gömlu, hitt allt látið liggja flatt. Ég gjörði allt við fiskinn, þó með veikum burðum. Konan mín veik í kinninni af heimakomu. Jón tók sundur klukkuna og gjörði hana heilbrigða.

24. október. Við austnorðan loftþunnur og flæsa. Var allt hirt af túninu. Ingveldur í Heiðarbæ var með okkur. Ég mikið vesæll af kvefinu og hósta og þvínær allir. Konan m. el. eins í kinninni. Ég beitti 2 lóðir og lögðum 80 fjórar um kvöldið. Gjörði þá snjóhrakning*.

25. október. Norðan stormur og þurr. Allir við sama, þó lakari sumir. Jón, Guðríður og Þórunn sóttu hrís á 3 hestum inn eftir. Við Keli kvöldumst eftir lóðunum, á þeim 11 af fiski og ýsu og 2 skötur.

26. október. Hægð og loftþunnur, lognþoka í hlíðum, margir voru hér vesælir, Þórunn aumust. Hafði uppsölu og verk fyrir brjóstinu. Fór ei á fætur. Eg purgierði, vann á um síður. Þjáður af verk fyrir brjóstinu og hósta. Konunni m. léttara í kinninni. Var ei embættað á Tungu eða Fellskirkju því séra Halldór var kjörinn sáttamaður millum séra Sigurðar á Stað og Guðbrands á Kalldrananesi.

27. október. Vestan stormur með stórhriðjum á milli. Þórunn þjáð af takinu og landfarsótt. Mér léttara er á leið. Þó vesæll fyrir brjóstinu. Jón minn fór norður í kaupstað og Sigurður í Húsavík ætluðu að ná undir heiðina um kvöldið.

28. október. Útnorðan steitingur með éljum á milli. Þórunn sárvesöl af taki og kvefsýki, tekið blóð. Ég sjálfur vesæll af hósta og verk fyrir brjóstinu. Jón fyrir norðan.

29. október. Vestan kmindur* í loftið. Stormhvass er á leið. Þórunn nokkuð léttari, fékk mikill svita. Ég eins.

30. október. Vestan ofsaveður með hriðjum á milli. Setti niður fiskihjalla mína. Reif skemmuna og á stórhústöðum. Þórunn léttari, eg eins, fór lítið út. Jón f. norðan.

31. október. Norðan með frosti og hæglátur. Þórunni léttara, mér þyngra með kulda og skjálfta og taksnert. Háttaði strags* að segja aftur. Hlýnaði svo framvegis. Jón fyrir norðan.

*Nóvember 1851

1. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi. Mér léttara. Þórunn eins. Jón kom heim. Fyrst látið inn.

2. nóvember. Hæglátari norðan með frosti og fjúki á milli. Okkur Þórunni léttara. Var ei embættað.

3. nóvember. Norðan hæglátur og frost. Ég lagði í sameiningu við Finnboga því hann fór suður með Björn sinn. Tókum ei um kvöldið. Var sumar fjóshaugurinn borinn á völl þó illt væri.

4. nóvember. Við útnyrðing hæglátur. Þó frost. Borið á niðurtúnið með hafðfillgi. Vitjuðum lóða, á mínum 8a Finnboga 16. Lögðum aftur í sameiningu.

5. nóvember. Hæglátur sunnan og þurr, frostlítið. Var ei á völl borið vegna skreipu. Við tókum og lögðum í sameiningu, á mínum 9 Finnboga 12.

6. nóvember. Suðvestan þíðviðri og stormur, var ei áborið, teknar og lagðar í sameiningu lóðirnar, á mínum 8a F.b. 24. Voru þar af 2 skötur. Okkur léttara.

7. nóvember. Suðvestan þíðvirðri og sudda drungi. Við lögðum í sameiningu 3 fyrir F. Öngvar fyrir mig, vegna vinds. Tók mínar 4 á þeim 12. Á F. lóð 4. Við fengum báða dagana barning í land. Þó meir þann

síðari. Ég léði Sólveigu 2 hesta inn að Víðidalsá undir hrís. Kofa bar átti gridda*. Eggert í Garpsdal kom og varð um nóttina.

8. nóvember. Vestan drif með bleytu hriðjum á milli. Jón fylgdi Eggert suður í Garpsdal. Kom um nóttina aftur. Við Keli bárum saman gallta 2 i 1* við stórhúshlöðuna og gjörðum upp fyrir hann um leið og ýmislegt fleira.

9. nóvember. Austan stormur, bleytu kafaldi til fjalla. Keli smalaði og kom ei heim um kvöldið.

10. nóvember. Í norðan afláti. Frost og smá fjúk á milli. Síðast vestan með stór úrfelli og bleytu kafaldi til fjalla. Keli varð á Tind um nóttina. Jón vitjaði hans. Borið á völl.

11. nóvember. Vestan hvass með stórhriðjum af bleytu kafaldi. Síðast frost kafald. Ég stakk að 3 lóðir í Naustavík. Jón sótti gelding að Húsavík. Vantaði eitt lamb.

12. nóvember. Vestan stormur og loftþunnur og frost, borið í garðinn og á völl. Lambið kom í kindurnar.

13. nóvember. Hart frost og hreinviðri, hæglátur. Fór Jón fram að Tind að sækja sög, en fékk ei. Við lögðum 3 lóðir utanoddagrunn*.

14. nóvember. Vestan hvass og þíðviðri. Við náðum lóðunum, á þeim 16. Gátum ei lagt aftur. Lömb alkomin inn.

15. nóvember. Vestan steitingur og þíðviðri. Síðast norðan og frost með fjúki. Við lögðum lóðirnar, svo í land og tókum skotin í Naustavíkinni og fluttum út í hjallinn í Byrgistanganum. Þaðan til lóðanna á þeim og gjörði því til góða.

16. nóvember. Norðan með frosti og kófi á milli. Embættað á Felli. Ég hálfvesæll af kvefi á ný og Þórunn á líka.

17. nóvember. Hægð og fannfergja allan daginn, en frostlint. Við beittum og lögðum 3 lóðir, fórum svo að Húsavík. Beittum þar aðar 3 lóðir. Við Eyjólfur mæltum lagnir í Tungugröf meðan drengirnir beittu. Svo fram tókum Þorfinni á þeim* 18. lögðum hinar og gjörðum því til góða.

18. nóvember. Vestan drif og þíðviðri, fórum ei til lóða. Kom Finnbogi í Heiðar.

19. nóvember. Hæglátur norðan og frost. Við tókum lóðir og lögðum aðrar. Á þeim hvuru tveggja 28.

20. nóvember. Norðan hæglátur og sígandi frost. Við ofluðum 28 á lóðirnar.

21. nóvember. Hægð og sunnan ágangur, hvessti síðast með hríð. Öfluðum 19. 16 á lóðir, 3 á haldfæri. Létum lóðirnar liggja.

22. nóvember. Vestan drif með bleytu hriðjum. Náðum ei lóðum. Jón fór er á leið út að Kollafjarðarnesi að sækja færi. Keli malaði á Klúku.

23. nóvember. Útnorðan sterkviðri og stór molld er á leið. Varð ei embættað. Jón kom heim.

24. nóvember. Útnorðan stórdrif en kafaldslítill. Gekk sjór í meira lagi á land. Við vorum að gjöra við í sauðahúsinu. Fréttum hröpun Skjóna míns í Vatnadal.

25. nóvember. Suðaustan garður, þurr og í afláti. Ég og Keli með Magnúsi í Heiðarbæ. Vitjuðum lóðanna beggja bæjanna er legið höfðu 3 sólarhringa, á mínum 13 Finnboga 38. Hann, Jón m., Sveinn og Tómas á Geststöðum bintu og gjörðu við Skjóna og fluttu á 2 hestum af honum að Tind um kvöldið.

26. nóvember. Hægð og frostlítið. Við Keli lögðum 4 lóðir og tókum um kvöldið, í þeim 12. Jón og Finnbogi komu með Skjóna slátur.

27. nóvember. Hægð og frostlítið. Lögðum og tókum lóðir, á þeim 14. Sáluð Guðrún systurdóttir mín á Hamri.

28. nóvember. Gott veður og lítið frost. Við tókum lóðirnar, á þeim 21. Lögðum þær svo út í djúp.

29. nóvember. Logn, beiðbirta og frost. Við tókum lóðirnar, á þeim 34. Hjá öðrum á lóðir jafnaðarlega 50-100 beggja vegna fjarðarnins fyrir utan mig. Minn inn frá. Jörðin enn eins og sumardag til dala og sjóar. Lömb óinntekin staðar. Rosknu fé enn ei gefið. Piltur varð úti á Hrófá þann 23. þ. m. Enn ei fundinn. Alltaf eru börnin að deyja, þau og ýmsir að liggja sjúkir.

30. nóvember. Vestan stormur og frost með þoku á brúnunum. Embættað í Tungu og jarðsett þar Guðrún Sæmundsdóttir frá Hamri. Sagður hvalreki að Ísafirði með því nær 500 vættir. Nýlega sást hér undan Óskleif ma na* stór hvalur. Varð ei náð.

*Desember 1851

1. desember. Logn, hreinviðri og sígandi frost. Við beittum 6 lóðir og lögðum á nýja mídi*.

2. desember. Logn, hreinviðri og sígandi frost. Við tókum lóðirnar, á þeim 34. Gjörðum því til góða, beittum svo og lögðum lóðirnar.

3. desember. Logn og frostlítið. Við útnyrðing. Við lögðum og tókum lóðirnar, á þeim 23. Keli vesæll í auga.

4. desember. Við sunnan logn og frostlaust. Gjörði stórrigningu síðast. Þar á eftir stórdríf um nóttina. Við Jón tókum og lögðum 4 lóðir, á þeim 24. Keli var vesæll í auga. Engin vöðuselur hefur enn sést.

5. desember. Vestan dríf og þurr. Svo austan dríf með kafa og þoku. Svo útnorðan með frosti og kafaldi. Við tókum 3 lóðirnar, á þeim 23. Voru 2 bornar heim og kvestar.

6. desember. Landaustan hæglátur með þoku kafaldi og frostlítið þar til síðast. Drengirnir sóttu ýsuspirður og skrápa ofan í Naustavík.

7. desember. Austnorðan með frosti og kafaldi. Var ei embættað, allt inn látið og í fyrsta sinni gefið kindum.

8. desember. Logn, frost og hreinviðri. Ég fór upp að Tungu fyrir dag að setja í lag og taka uppundir vöðuselanótinni séra Halldórs. Svo út að tanga og lagði með drengjunum 4 lóðir, en þeir beittu meðan ég var uppfrá.

9. desember. Landaustan fannspýja allan daginn, þó fé úti. Farið að gefa því með. Farið að harðna á jörð. Gátum ei vitjað lóðanna. Gjörðum við hjá Kofu og milli fjóssins og hlöðunnar, líka við sauða jötuna.

10. desember. Vestan hvass framanaf, svo hægari með úrfelli. Við lögðum ei lóðir. Piltarnir sóttu spýtu að Geststöðum er Jón átti. Ég sótti járnkarl aftur í Naustavík.

11. desember. Hægð og úrfelli er á leið, síðast hvass vestan með úrfelli. Við Keli fórum með lóðirnar og lögðum tókum* að hálfu aftur, á þeim 8. Lögðum þær aftur. Jón var að hjálpa Finnboga að slá af Brún hans. Lestrarfélagsmennirnir voru að streyma úteftir. Ég fór ei á þann fund.

12. desember. Sama veðurlag. Þann 10. þessa m. náðum við lóðunum er lagðar voru 8. þessa m. Á þeim 8 spraka* og lóa. 24 af þeim í bobba. Voru þær greiddar heima daginn eftir.

13. desember. Vestan stórviðri og stórhríð. Var hríðin minni er á leið. Lóðirnar voru frammi. Gekk upp vatn í nýja húsunum.

14. desember. Vestan bráðviðri, en þurr að mestu og os*. Þelaði fram í fjöll. Embættað á Felli. Náðust ei lóðirnar. Ég með drengjunum. Grófum skurð fyrir ofan nýju húsin, því vatnið rann útúr báðum húsunum sem kom uppum þau. Við Jón vitjuðum í tanganum, áin undir hvít. Sögð 3 börn sáluð á Stað á Reykjanesi og 4a veikt í barnapestinni.

15. desember. Hæglátur framyfir miðjan dag, með sígandi úrfelli fyrst. Síðast stórdríf vestan með bleytu stórhriðjum. Festi til fjalla. Við Keli vitjuðum lóða, á þeim 20. 1 í bobba eftir spröku, en hún í burt. Greiddum hana um vökuna heima. Jón fór suður eftir meðölum handa Guðríði.

16. desember. Hæglátur við suðvestan og smávæta. Við Keli beittum og lögðum 4 lóðir. Fórum með reiðingshest um leið og tókum á hann ýsur og skrapa. Í hesthúsinu var að mestu þrotinn upp gangurinn, enn minkaði* lítið í sauðahúsinu. Kom þó lint* undan gaflinum á því norðan til allt dir* sundur af rigningum.

17. desember. Launaustan garður, frostlítið, allur þykkur af fannfergju hérna megin fjarðarins. Stórsjór en hægur innfjarðar. Við Keli sóttum lóðirnar, á þeim 15. Gjörðum ei til nie* stakkuðum* lóðir. Fluttum okkur heim að grafa skurðinn hjá nýju húsunum. Jón fyrir sunnan. Vantaði féð á Klúku.

18. desember. Landaustan bleytu kafald og drif allan daginn. Við Keli og Tómas á Geststöðum entum við að grafa skurðinn. Jón fyrir sunnan. Klúkuféð ófundið.

19. desember. Austan drif með frosti og kafaldi. Við Keli gjörðum til dráttunum og stokkuðum lóðirnar. Orðið jarðlítið af áfreða og djúpfenni til fjalla. Jón f. sunnan, ófundið K. féð.

20. desember. Suðvestan bloti. Síðast austan með frosti og kafald. Ég lét stallfjalirnar. Jón kominn, fór útá Bæi að fá í f* ár á selanót. 2 Tómasar með honum. Klúkuféð fannst.

21. desember. Austnorðan með frosti og kafaldi. Allt stóð inni. Var ei embætta á hvurugri kirkjunni.

22. desember. Austan hæglátari framyfir hádegi, þá gúlpur. Ég beitti 2 lóðir niður frá. Jón kom frá Geststöðum. Náði mér ei* niður frá. Varð því ei af róðri. Keli gjörði peningaverk heima.

23. desember. Austan fannspýju kafald, til kl. 2 e.m. Þá vestan stormur og loftþunnur. Ég gjörði við löm fyrir Magnús á Heiðarbæ. Bræðurnir möluðu á Klúku. Gott fiskirí er á lóðir enn útfrá. Sagður mikill barna dauð úr Landeyjum að austan. Allt að tvítugu.

24. desember. Landsunnan hægur og frostlaust. Gjörði stór hríð* um miðjan daginn. Síðast hvass vestan. Við Jón rérum með 3 lóðir, fórum að Hafnarhólmi meðan* þær lágu. Á þeim 5m. Inn í firðinum farnir að afla vöðuselinn í næturnar.

25. desember. Vestan dríf, þurr að mestu og leysti lítið. Fóru Jón og Þorkell uppað Fellskirkju.

26. desember. Vestan hvass og besta hláka, með skúrum á milli. Jón bóndinn á Tind kom eftir elldi*.

27. desember. Suðvestan hlávíðri. Þétt úrfelli síðast. Við Keli vorum að leysa úr nót. Svo fór ég ofan í Naustavík að skrífa fiski. Jón var að riða nót. Svo að Geststöðum að sækja mélkvörn. Konan m. el. vesöl af uppsölu.

28. desember. Landsunnan hægur, með linju kafaldi allan daginn. Bati* síðast. Var ei embættað.

29. desember. Bráðviðri vestan og stórmold. Kom Guðmundur á Kirkjubóli að fá hjálp með byrjun nótar. Við vorum að búa til flár og riðnót. Allt stóð inni.

30. desember. Hægur með hreinviðri og hörðufrosti. Var að snúast til norðurs. Við Keli sóttum fiskifang á hestum ofan að búð. Jón vesæll.

31. desember. Austan garður með frosti og kafaldi. Allt inni. Jón sáraumur af uppsölu og niðurgöng. Léttara síðast. Ég helldi nót fyrir Finnboga í Heiðarbæ.

1852

*Janúar 1852

1. janúar. Norðan með frosti og kafaldi. Varð ei embættað. Jóni léttara. Guðrún vesæl af kverkabólgu.

2. janúar. Norðan með frosti og kafaldi. Ég sótti skötu og færi ofan að búð. Jóni og Guðrúnu léttara.

3. janúar. Norðan með frosti og kafaldi. Ég vesæll. Nóg jörð, en ei er fé úti nema litla stund. Sauðir og hestur lengur.

4. janúar. Norðan með frosti og skafrenningi. Enn fjúklaus að ofan. Komst fólk hér úr dalnum ei til kirkju vegna árinn ár.

5. janúar. Norðan hart frost og hreinviðri. Sóttu drengirnir fisk á sleða í Naustavíkina. Ég sneri færi með Finnboga á meðan. Kom Björn og Ólafur á Klúku þangað á meðan og ferjuðu vöðuselanót. Voru þá piltar mínir þangað komnir. Áttum allir að þiggja þar kaffi upp á lofti. En rétt í því þegar við vorum upp komnir og alt heima fólkið og farið var að skenkja, hrundi allt loftið niður í 2. stafgaflinum með öllum, nema Jóni og Kela því þeir voru í norðasta stafgólfinu. Magnús Gunnlaugsson komst við á fæti, aðrir ekkert. Við af báðum bæjum hjálpuðum til að koma upp loftinu aftur. Við héðan vorum framyfir miðja nótt. Hinir fóru fyrri.

6. janúar. Norðan bráðviðri með hörku og kafaldi. Kom* hér Einar á Sandnesi og Björn á Klúku, hann tók Guðríði blóð. Allt stóð inni.

7. janúar. Norðan með hörku og kafaldi allt inni. Við vorum að gjöra við nótina og láta á hana flár.

8. janúar. Sama veðurlag. Allt stóð inni. Við sóttum hellu í* Naustavíkina. Var það örðugt verk.

9. Hæglátur og harka. Var útlátið miðjan daginn. Við létum helluna í sauðhúsabálkinn.

10. janúar. Norðan bráðviðri með stór mold og mestu hörku. Allt fraus og garðaði í bænum og allar gluggatóftir héluð inn án.

11. janúar. Sama veðurlag. Var hélan enn meiri. Kom Guðbjörg Árnadóttir um kvöldið og varð um nóttina.

12. janúar. Sama veðurlag. Fullar allar víkur af lagnaðarís.

13. janúar. Hæglátari og kafaldslaus. Enn harkan eins. Við sóttum fiska á sleða í Tangann og drógum eftir ánni. Hún eins og múr og flugsleip. Var útlátið.

14. janúar. Sama veður. Við sóttum eins á sleðanum. Var út látið. Kom Borgamagnús. Sagður hafíshroði inn áð Skeiðklett. Þetta haust aflaðist á bátinn að fiski og ýsu 721, 17 skötur og 13 löngur, 1 kópur. Upp sagt róðrum á aðfangadaginn f. jól. Engin vaða hefur enn sést útá firðinum.

15. janúar. Við landsunnan og lítilfjörlegur bloti. Fórum með nótirnar ofan í Naustavík.

16. janúar. Landaustan hæglátur og smá fjúk á milli. Drógu piltarnir nótar hellur úr tanganum inn í Naustavík.

17. janúar. Landsunnan hægur og myrkva þoka með fjúki á milli allan daginn. Ég lét jötuböndin útaf í sauðahúsið. Engin vaða hefur enn sést. Tveir doggar hafa komið í nótur inn í firði. Sex börn eru dáin frá veturnóttum til annars dags jóla á Stað á Reykjanesi í barna pestinni.

18. janúar. Við landsunnan lítið frost og lognhægð allan daginn. Embættað á Felli. Komu 6.

19. janúar. Landaustan stormur og frostlaust. Kom séra Halldór og Magnús í Arnkötludal og varð um nóttina okkur báðum til skemmtunar. Allgóðar jarðir.

20. janúar. Suðvestan bloti þó hæglátur. Ég sótti lýsi ofan í búð. Dýnu haldið. Jón vesæll í hné af biltu.

21. janúar. Landaustan stór gúlpur og frostlítið. Drengirnir voru að saga í rúmbotn. Guðrún Þorsteinsdóttir nýsáluð á Víðidalsá og Magnús bóndi á Þambárvöllum. Bæði voru þau komin yfir 60. Eru gamalmenni og vesælt fólk að týnast burtu, auk barnapestarinnar.

22. janúar. Sama veðurlag. Leysti til muna. Ég lét hæla á* hellur niður í Naustavík. Drengirnir unnu sama.

23. janúar. Útvestan stormur og frost. Við sóttum lifur ofan í búð. Sést engin vaða.

24. janúar. Fannfergja fyrst svo útsynningur. Hægð og frost um nóttina. Góð jarðsnöp víðast.

25. janúar. Útsynnings bleita að bráðviðri allan daginn. Varð þó embættað í Tungu, fóru 5m héðan. Ingibjörg dóttir séra Halldórs sáraum af höfuðpínu, tekin til bænar.

26. janúar. Við vestan í áttinni og þamað* loft, en hæglátur. Haldið kvígunni hyrndu. Jón í Tungugröf hafði fengið 2 seli.

27. janúar. Við vestan hæglátur til hádegis, en körgugt loft, hvessti fyrir miðjan dag. Ég fór með Jón minn og Björn minn á Klúku í skotsnuður. Fengum strax kóp á álbrúninni, þá hvessti vestan. Fengum barning í land. Drógum kópinn að Klúku og gjörðum þar til á honum. 2. f.

28. janúar. Útnyrðings steiting, hart frost og hreinviðri. Ég réri með Kela m. og Ólaf á Klúku í skot snuður. Fundum þá fyrst vöðhrot, ljón stiekt*. Gat eg ei kastað né skotið til hennar. Jón m. fór með Eyjólfi í Húsavík í selasnuður inn fjörð. Ég skaut til kóps og missti. Jón í Tungugröf fékk 18 af fiski á lóðir í gær. Nú þar á við og vöðuselskóp. Geldingur hjá mér nærri dauður í sauðfjárpest sem enn er að stinga sér niður.

29. janúar. Vestan stormur og hart frost. Við byrjuðum að leggja nóturnar í Tungugröf. Fékk Guðbrandur fyrir það landskuld sína. Konan m. vesöl.

30. janúar. Við sömu átt, en hægtlátur. Þeir fóru í vöðuna. við lögðum í nóturnar útaf. Jón minn fór suður að Garpsdal eftir meðölum handa móður sinni.

31. janúar. Við útnyrðing frost og hreinviðri. Réru allir í vöðuna, hún ekki lítil en mjög stygg. Jón í Tungugröf og Sæmundur á Hamri fengu sem með skutli. Ég missti dauðan skotsel niður. Fallaðist 2 köst.

*Febrúar 1852

1. febrúar. Hreinviðri og frost og við útnyrðing. Embættað í Tröllatungu. Fóru bræðurnir héðan og Guðríður.

2. febrúar. Kyndilmessa. Stór ofsi í hallaustan með bleytu kafaldi allan daginn með mesta stór róti. Við fórum allir félagsmenn inn að notinu*. Þær fóru illa* við tóufund*. Gátum ei viðgjört. Sáum 8a vöðusela út með Húsavíkurlandi.

3. febrúar. Hægri austnorðan og kafaldslaus en stórsjór og þétt frost. Við allir lagfærðum nótirnar. Vorum að því allan daginn. Sáum vöðuna í smá hrotum ljón styggva.

4. febrúar. Frost og hreinviðri og hægur. Fóru allir í vöðuna. Hún mikil nokkuð, en feikna stygg. Sæmundur skaut kóp, aðrir fengu ekkert. Góð jarðsnöp.

5. febrúar. Hægð frost og hreinviðri. Vaðan mikil en ótæk af styggð. Enginn fékk neitt með byssu eða skutli.

6. febrúar. Við útnyrðing hæglátur og lint frost og fjúkél á milli. Við fórum allir í vöðuna. Hún mikil og ljónstygg. Jón í Hafnarhólmi og Jón í Tungugröf fengu sinn selinn hvur, aðrir ekki. Ég kastaði 8a köst og skaut 2 skot allt til ónýtis. Anders í Gautsdal fór norður í verið. Jarðskort af djúpfenni.

7. febrúar. Útnyrðings steitingur og hart frost. Allir fóru til vöðunnar. Hún mikil og jafn stygg. Torfi fékk einn aðrir ekki. Fóru menn frá vöðunni fyrir miðjan dag vegna vinds.

8. febrúar. Útnorðan dríf með frosti og kafaldi. Átti að embætta á Felli en varð ekki. Kom Guðbjörg Árnadóttir.

9. febrúar. Hægt, frost og hreinviðri. Sást lítið vað og mjög stygg. Varð ei í hana róið. Voru 3 selar í nótinni okkar félagsmanna. 1 með 15 fjórðunga, 2 með 11 fjórðunga.

10. febrúar. Vestan stormur og bleytu bloti. Við lagfærðum nótirnar.

11. febrúar. Útsynningur. Sást vaðan, enginn fór til hennar. Ég smíðaði og lét hældrag undir bátinn minn. Keli og Jón Bjarnarson voru að smíða rúm í húsinu hjá okkur hjónum.

12. febrúar. Útsynningur. Við fórum til nótanna. 1 brimill í þeim með 8 ½ fjórðung. Jónarnir með Kela smíðuðu rúmið útaf.

13. febrúar. Útsynningur, þó hæglátur er á leið. Sást engin vaða.

14. febrúar. Norðaustan fannfergja. Kominn mikil ófærð og jarðlaust. Í nótunum kópur með 6 fjórðungum.

15. febrúar. Landaustan stormur og frostlint. kafaldslaus og sást til lofts, en það kórg* mikið. Embættað á Felli.

16. febrúar. Hæglátur austan með smá fjúki á milli og lint frost. Við tókum upp allar nótirnar og færðum nokkrar Hafnarnesi, hinar að Heiðarbæjartanganum.

17. febrúar. Útnorðan hvass með hörku og kafaldi. Varð ei átt við nótirnar. Við vorum að smíða stjóra*. Fyrir rúmri viku slasaðist Guðmundur Þórðarson á Kollafjarðarnesi í læri af skipshnífli og Guðrún samastaðar gekk úr liði. Öxlin* að mestu á henni. Sést engin vaða.

18. febrúar. Norðaustan hæglátari með hörku og litlu fjúki á milli. Við vorum allan daginn að lagfæra nótirnar og létum einn stjóra á þarf. Sást ei vaða.

19. febrúar. Norðan með frosti. Þó í afláti. Smíðaðir 2 stjór.

20. febrúar. Megnir útsynningur. Vitjuðum nóta. Létum áþ* 2 stjóra. Sáum vöðuna mikla inn án Kleifa.

21. febrúar. Útsynningur og fannfergja síðast. Vitjuðum nótnanna. Ekkert í þeim. Komin mikil ófærð.

22. febrúar. Stórhríð og bloti. Svo útsynningur. Varð ei embættað..

23. febrúar. Útsynnings stórmolld allan daginn. Varð ei vitjað nóta.

24. febrúar. Við vestan og hreinviðri. Í Hrafsnessnótunum 4 selar, á þeim 41 fjórðungur og 2 doggar er skemmt höfðu nótina, í þeim fjór* til samans.

25. febrúar. Sunnan og hláviðri. Vaðan fara með landinu. Fengum brimil í Naustavíkurnótina með 10 fjórðungum.

26. febrúar. Hláviðri og góð leysing. Ekkert í nótunum. Sáum hrot frammi. Eyjólfur í Húsavík sótti nýja áttæringinn sinn útaf Kollafjarðarnesi en fór með annað úteftir.

27. febrúar. Hláviðri fram yfir miðjan dag. Þá hægð og snúa sér til norðan. Sást vaðan. Ekkert í nótunum. Eyjólfur kom utanað. Menn mínir voru með honum.

28. febrúar. Norðan hæglátur. Við fórum í vöðuna. Jón m. gat ei farið því hann var að flytja sig að skýfu* og allir. Vaðan mikil en stygg. Jón Tungug. og Jón á Hafnarh. fengu sel. Mér ólánaðist eins og fyrri, ekkert í nótunum.

29. febrúar. Steitingur og harka með smá fjúki á milli. Emb. Tungu. Fóru 5m héðan. Ei vitjað nóta.

*Mars 1852

1. mars. Norðan með frosti og hreinviðri. Háhyrningar voru að rífa vöðuna sundur. Við fengum granselskóp í Naustavíkur nótina með 6 fjórðungum. Hun voru með Hrafnsness nótinni en kom ekkert í hana. Þeir á Hafnarhólmi fengu þá 11 í sínar nætur. Einar á Gjögri dáin.

2. mars. Heiðbirta frost og logn. Eyjólfur í Húsavík fór norður. Jón minn með honum. Sást engin vaða. Ég, Finnbogi og Björn fluttum feitan sel út í búð mína.

3. mars. Sama veður. Gekk upp sunnan með hægð er á leið. Sást vöðuhrot í íshroða undan ánni. Fórustum við Jón Bjarnarson á mis. Gat því ei komist til hrotsins fyrr en um nón. Elltum það en náðum ei kasti. Svo að nótunum. Í Hrafnsnessnótinni urta, á honum 9 ½ fjórðungur.

4. mars. Sunnan með hægð og linjufjúki. Svo bráðviðri sunnan og þíða. Við fórum til nótanna og svo fram á fjörð til vöðunnar. Hvessti þá með fjúkinu. Fórum þá í land.

5. mars. Bráðviðri vestan með bleytu. Varð ei vitjað nótanna.

6. mars. Bráðviðri vestan með stórúrfelli. 1 í nótunum með 9 fjórð.

7. mars. Sunnan hláviðri og hæglátur framyfir miðjan dag. Þá stormur og úrfelli. Fréttist af Gjögrinu. Allir réru þar í. 3=4 k.m. mælir hjá þeim mesta. ½ m. hjá þeim minnsta. Óvíst enn hvurt Eyjólfur í Húsavík hefur getað róið. Em. á Felli.

8. mars. Sunnan hláviðri og þurr allan daginn. Ég fór inn að Húsavík að spítti síðasta félagsskinnið. Sást engin vaða. Kom á hlaðið séra Halldór, Jón Bjarnarson fylgdi honum uppeftir.

9. mars. Logn og sólskin, lítið frost, mikill sjókuldi. Við fórum í vöðusnuður. Sáum lítið hrot, ótækt. Lentum á Smáhömrum. Keli skutlaði stafnum mínum í sjóinn. Hann sást ei meir.

10. mars. Sunnan í áttinni. Logn og blíðviðri. Mikið mystur báða dagana. Ég fór ekkert því fjörðurinn var allur rendur og ófær af lagnaðarís. Ég var vesæll af verk fyrir brjóstinu. Þó á fótum.

11. mars. Háttsunnan besta hláviðri. Ég fór ei neitt vegna vinds. Jón fór frá Tungugröf og náði standsel. Við Keli söguðum kistu kubb fyrir Björn á Klúku hér heima.

12. mars. Suðvestan hláviðri með sólskini og þurr. Við vorum heima. Jón Bjarnarson gáði í nótirnar. Ekkert í þeim.

13. mars. Sama veðurlag, en hvassari og úrfelli síðast. Ég = Björn og Finnbogi fórum til nótanna í Hrafnsnessnótinni. Brimill mjög flæktur, urðum að skera af flár svo greitt yrði = hafði annar bitið sig úr. Settum nótina í stand og gjörðum til selinn, á honum 8 ½ f. Að því liðnu fórum til nótarinn ár aftur á sama stað. Komin urta og annar úr, eins flækt. Urðum að gjöra sem fyrri. Á henni 9 ½ f. Við Finnb. fórum á bátnum út í Naustav. Björn á undan Reið Korra í bagh* yfir ána.

14. mars. Vestan drif með éljum. Vantaði 1 sauðinn. Ég fór inn í Hrafnsnes að gæta nótanna. Varð ei embættað.

15. mars. Hægur vestan, þykkur og vætu yrja á milli. Við gáðum nóta. Ekkert í þeim. Konan m. el. og ég dvöldum í Heiðarbæ. Kom Björn úr Flatey á meðan. Sauðurinn kom lifandi.

16. mars. Vestan drif með bleytu kafaldi frá hádegi til kvölds. Eru allar ár orðnar auðar og beðeyða* fram í fjöll. Hafa sauðirnir úti legið meir en viku.

17. mars. Vestan hvass og þurr. Svo hart frost. Við gengum inn til nóta, ekkert í þeim.

18. mars. Suðvestan hláviðri og hægur yfir miðjan dag, þá smáhvessandi. Síðast bráðviðri með úrfelli. Sauðirnir lágu úti. Ég gekk inn til nóta um leið og ég afhenti Guðmund Brandssyni á Kirkjubóli 2 fjórðunga af feitum sel, frá Jóni mínum til Heydalsárhjónanna. Ekkert í nótunum.

19. mars. Vestan bráðviðri og stórhríð. Hægði er á leið með bleytu kafaldi, svo í útnyrðing með fannfergju og frosti. Við hvolfdum bátnum. Varð ei vitjað nóta. Keli sótti sauðina.

20. mars. Hátt norðan hvass með hörku og kafaldi. Var gengið til nótanna á landi. Þær enn kyrrar. Allt inni.

21. mars. Austnorðan, en hvassari með hörku og kafaldi. Allt inni. Kom Sólveig í Heiðarbæ. Ég fylgdi henni heim. Slitin nótin frá Naustavíkurtanganum. Að hinni var ei gætt.

22. mars. Austnorðan garðurinn eins, en kafaldslaus og frost minn á. Sólskin allan daginn. Keli vitjaði nóta með Finnb. Þær báðar slitnar frá landi og færst úr stað. Ég vesæll nokkuð.

23. mars. Austan garðurinn í afréni. Heiðbirta og sólskin. Við vitjuðum nótanna. Þær orðnar tvöfaldar.

24. mars. Mesta blíða með sólskini. Við tókum nóturnar upp og settum það allt í lag. 2 hælhellur farnar. 2 kaðalspottar og járnfestar partur. Kofu haldið.

25. mars. Hægð og þykkur, frostlítið. Kældi austan með þoku og sudda er á leið. Við Keli fórum í skotsnuður. Skutum 3 til ónýtis. Sáum engvann vöðusel. Borgamagnús var hér í nótt. Jón Bjarnarson sótti sig hingað.

26. mars. Norðan dríf með frosti og kófi á milli. Fyrir hálfum mánuði skaut sig Sakarías Illugason.

27. mars. Norðan með hörðu frosti og kófi á milli.

28. mars. Sama veðurlag. Embættað í Tröllatungu.

29. mars. Norðan stormur, frost og heiðbirta. Kom Borgamagnús. Sagði tveggja stúlkna lát út Saurbæ og fjárhrakning úr Heydalsseli og Ljáskógaseli. 31 geldsauðar fund og 1 ær með inn í Miðfjarðardölum. Enn norðar hafði og fundist fjalla fé.

30. mars. Logn og heiðbirta, en hart frost. Kom séra Halldór hér í húsvitjun. Sáum stóran jaka í sundið. Sagður ísinn kominn inn að Eyjum. Við söguðum selju kubb.

31. mars. Norðan hæglátur með hreinviðri og frosti.

Apríl 1852

1. apríl. Austnorðan steitingur og frost. Fjúklaus. Við Keli vorum að girða á milli hlöðunnar og sauðahússins með spækjum. Keli leitaði sauðanna og fann.

2. apríl. Landaustan fannfergja og þoka allan daginn. Kom snjór í kálfa. Frostlaust og væta síðast. Við entum við hjá sauðhúshlöðudyrunum.

3. apríl. Sunnan hæglátur og mesta blíðviðri og leysing. Við Keli vorum að þilja í skemmunni úr kvertilsstöfum.

4. apríl. Sunnan og hlávirðri. Embættað á Felli.

5. apríl. Suðvestan stormur og þíðviðri. Við Keli fórum inn að Sandnesi. Gjörð Einar við gallann á tvíhlaupuðu byssunni m. Á Hellu urðum við um nóttina, og framundir miðaftan daginn eftir.

6. apríl. Sama veður. Við fórum hingað yfir er á leið og urðum að halda undir Borgir, svo út með.

7. apríl. Við sömu átt, en þykknaði og gjörði vætu er á leið og logn hægur. Við Keli fórum í skotsnuður. Misstum 2 skot með höglum, og daugann? sel af kúluskoti. Skutum 2 svartfugla. 2 lömb vantaði.

8. apríl. Vestan stormur og þurrviðri. Embættað á Felli.

9. apríl. Sama veðurlag og veðurstaða. Mikið mistur. Jón minn kom að norðan og allir. Fréttist til skipa. Em. á Felli.

10. apríl. Logn og mistur. Ég skaut til hrafnreyðar og missti. Líka 2 kópa og missti báða. Mikið af svartfugli.

11. apríl. Páskadagur. Landaustan ísing og hagli heila sólarhringinn. Stóð fé inni. Sauðina vantaði og fundust ei. Embættað í Tungu. Við fórum hjónin Jón og Keli, líka Guðríður, hún var veik í fingri. Sagt: er að 108 börn hafi dáið næstliðið ár í Dalasýslu, en 53 af 60 í Vestmannaeyjum. Byl gjörði í Skotlandi, sem reif trén frá rótum og feykti ? sýsuknöppum. Í Grikklandi hrundu 500 hús í einum stað, af jarðskjálfta. Í París voru drepnir nær 3000 þ í upphlaupi.

12. apríl. Myrkvaþoka en minni ísingin og logn. Svo lynjufjúk og regn síðast. Embættað í Tröllatungu.

13. apríl. Sunnan hlávíðri og blíða. Allir fóru norður Keli leitaði Tungudal eftir sauðunum og fann ekki. Þeir búnir að liggja úti hálfa aðra viku. Eru farin öll tún að grænka.

14. apríl. Suðvestan stormur með skúrum á milli. Keli og Guðmundur yngri á Gestsstöðum leituðu sauðanna Miðdal og Hraundal, fundu þá ekki, en farið að gróa frammi í dölum. Kofu haldið aftur.

15. apríl. Blíðviðri af sömu átt. Ei fundust sauðirnir.

16. apríl. Blíðviðri af sömu átt. Við Keli fórum fram á fjörð í selasnuður. Sáum hrot og einstaka kópa, en gátum ei komist í færi. Komum svo í land. Farið að ganga kvef. Keli fór upp að Tungu að fá Jón Bjarnason að leita með sér á morgun og varð þar um nóttina. Málmfríður búin að fá hósta. Þeir leituðu sauðanna um Tungudal, Bakkadal, Garpsdal og þangað heim og drukku þar kaffi. Svo Rangálana og Vatnadal, þar fundu þeir þá með tölu og yfirgáfu þá í Runataglinu í hálfrökkri. Komu hingað um nóttina kl. 2.

17. apríl. Sunnan góðviðri með skúrum á milli.

18. apríl. Hæglátur og í tilbúningi til austan. Svo hagl síðan fjúk og hvass með sígandi frosti. Allt innlátið. Em. á Felli.

19. apríl. Norðaustan með frosti og kófi. Keli og Sveinn á Gestsstöðum leituðu sauðanna og fundu þá í Vatnadal og Hraundal. Ég var að smíða vefstaðinn.

20. apríl. Sama veður staða. Hörku frost. All inn. Kóf á milli. Ég var að smíða vefstaðinn.

21. apríl. Í niðurgangi til suðurs. Frost minn á. Ég var að smíða vefstaðinn. Allt útlátið. Upp grafin Sakarías er myrti sig. Krufinn og tekið úr honum hjartað sem flytjast átti til landfísikusar. Læknir gjörði þetta, sýslumaðurinn var þar.

22. apríl. Sumardagurinn fyrsti. Sunnan hæglátur með smávætu á milli. Ég var að smíða vefstaðinn.

23. apríl. Sunnan mari og blíðviðri. Væta um miðjan daginn. Við fórum í selasnuður. Sá 1 vöðusel, en komumst ei nærri honum. Skutum 4 svartfuglur. Jarðaðir tvíburarnir Ingibjargar á Kirkjubóli, konu Ólafs. Fluttum feitan sel frá Húsavík að Kirkjubóli.

24. apríl. Við sunnan blíðviðri og þurrt. Við bárum á nýju húsin og kúahlöðuna. Snerum færi.

25. apríl. Hægð og myrkva þoka allan daginn. Embættað í Tungu. Fóru 4 héðan. Ég Keli, Þórunn og Guðrún. Kominn spekúl. Bekk fyrir norðan.

26. apríl. Logn og blíðviðri með myrkvaþoku allan daginn. Við öll hreinsuðum kálgarðinn og stungum upp 4/2 part hans. Rifum öll ling sem við bárum heim.

27. apríl. Æskilegt veður, þokulítið, logn og sólskin. Við stungum öll upp það eftir var af garðinum. Gengum svo í að bera sundur blauta heyið úr galtanum er settur var saman ótyrfður í haust. 2 flekki. Var það ei meir en 2/2 p.

28. apríl. Sólskin og blítt veður. Sjólæða á milli. Við Keli fórum inn áð Sandnesi, urðum á Hellu um nóttina.

29. apríl. Þykkur af suðri og sjólæða. Við fórum heim og rökuðum upp ruddaflekkina. Stúlkurnar byrjuðu að vinn á á túninu. Eins á bæjunum í kring.

30. apríl. Austnorðan stormur. Kóf til fjalla.

*Maí 1852

1. maí. Hægð og góðviðri. Ég var að smíða vefstaðinn. Sóttum að Klúku Jens til vistar hér, hann mikið vesæll. Komið Hafnarskipið fyrir norðan. Sagður afli á Gjögri 30 tunnur hjá Torfa. Hann mestur, hjá Eyjúlfi í Húsavík 19 tunnur. Báru ei þessara skip meir.

2. maí. Vestan stormur og leysing. Keli fór með Jens suður að Garpsdal. Embættað í Tungu.

3. maí. Suðvestan drif og þerrir. Ég var að smíða vefstaðinn. Keli og Jens fyrir sunnan. Varð ei unnið á vegna vinds. Fundið ógrynni gulls í Nýja Hollandi. 20 þúsund á einum stað og hvar sem leitað var, fannst gullið. Nú er verið að smíða í Englandi stærsta skip í heimi, 54 faðma langt, 7 faðma breytt og eins djúpt. Í því 4 gufuvélar og í þeim til samans 1200 hesta afl. Það hleypur á sólarhring um 80 mílur. Ber við 5 stærstu Indíaför. Uppfundið verkfæri í Vesturálfu að slá með. Það slær á dag frá 12-20 dagsláttur. Eyrarsund orðið tolllaust fyrir alla.

4. maí. Vestan drif með skúrum á milli. Ég var að smíða vefstaðinn. Þeir komu að sunnan, Keli og Jens.

5. maí. Vestan hvass með hryðju skúrum á milli. Ég fór fram að Gestsstöðum og smíðaði um 20 af járnsaum í vefstaðinn.

6. maí. Vestan í áttinni. Hægur miðjan daginn af landsynning, svo kafaldskrepja síðast. Snjóaði á fjöll. Ég fór út að Smáhömrum að sækja farangur Guðbjargar Árnadóttur. Jens er við sama.

7. maí. Vestan steitingur með krepjuhryðjum. Embættað í tungu. Fóru til kirkjunnar, Þórunn og Guðrún. Jens eins.

8. maí. Hægð og blíðviðri. Við Keli sóttum Guðbjörgu að Smáhömrum og ærnar hennar. Jens eins.

9. maí. Austnorðan drif með þokuruðningi. Sá sól oftast. Keli fór suður að Garpsdal að sækja hnakk handa sér. Em. á Felli.

10. maí. Við austan hæglátur. Sá til sólar við og við. Stúlkurnar unnu á. Ég rakaði af hestunum. Keli kom að sunnan og þeir að norðan.

11. maí. Norðan loftþunnur og hvass. Stúlkurnar unnu á. Var fyrr? tekið af við stekkinn. Við Keli rákum gamalt pálblað og smíðum úr úr hefsthófsnagla. Var að ganga í sig, kafaldskóf.

12. maí. Norðaustan hvass með kafaldskófi. Bar fyrsta ærin. Stúlkurnar unnu á. Keli fór að Kirkjubóli og Klúku fyrir mig. Ég var að smíða rakgrindina til vefstaðarins.

13. maí. Norðan steitingur, frost og kófkafald. Ég enti við rakgrindina. Varð ei unnið á. Kom Magnús í Heiðarbæ.

14. maí. Sama veðurlag, en frostið meira. Lá inni. Magnús í Heiðarbæ setti niður með Vefstaðinn. Klökknaði ekki um hádaginn. Stúlkurnar rifu lyng.

15. maí. Norðan með frosti og kófi á milli. Slaknaði ekki í byggð. Haldin aksjón á uppgjafabúi Halldórs á Tind. Ég smíðaði feldgrind. Jens léttara.

16. maí. Meir við útnyrðing og frostminn á. Guðbjörg vinnukona mín fór suður með Guðm að Tindum. Embættað í Tungu.

17. maí. Norðan hægandi og loft þunnur, frost síðast. Ég var að við slagborðið og ýmislegt. Þeir fyrir norðan.

18. maí. Hægur sunnan fram yfir miðjan dag. Þá með skúrum og stormhvass. Eyjúlfur og menn hans.

19. maí. Vestan með skúrum. Eyjólfur sigldi norður til viðarferðar og Jón minn með honum.

20. maí. Hægur sunnan. Embættað í Tungu. Við Hjónin og Keli og Guðríður fórum til kirkjunnar.

20. maí. Vestan drif og þurr. Ég var að setja saman kistuna Helgu á Klúku. Stúlkurnar unnu á.

22. maí. Sama veðurlag. Ég reif með Finnboga þilin úr baðstofunni Halldórs á Tind [skrifar Kind] og bárum á 3 h. ofan eftir.

23. maí. Vestan stormur og þykkur. Embættað á Felli. Kom hér Finnbogi og Guðmundur vinnumaður hans og dvaldi hér við langspils slátt. Líka Björn og Jón í Arnkötludal.

24. maí. Hæglátur vestan og þurr. Við Keli vorum að hlaða garð fyrir norðan nýju húsin úr hesthústóftunum gömlu. Stúlkurnar þvoðu ull, hinar unnu á. Fréttist sjálfsmorð Þorsteins á Broddanesi, er skeði þann 22. þ.m. Hann stakk pennahnífi í brjóstið þar í stofunni, en lét ei konu sína komast inn meðan hann vann verkið. Orsökin er ofdrykkja.

25. maí. Hægð og þykkur með vætu og þoku á milli. Við fórum til grasa, ég og stúlkurnar 4. Jón kom úr viðarferðinni.

26. maí. Vestan steitingur og þerrir. Allt stungið útúr stóra húsinu og kofanum. Jens er enn vesæll. Ranghermt er um Þorstein. Hann gjörði 3 tilraunir sama daginn. Drekkja sér, skjóta og síðast skar hann yfir úlnliðinn, á hálsinn, í brjóstið stunga, allt í einu í stofunni.

27. maí. Þerrir með útrænu. Var útstungið sauðahúsið.

28. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Jón m. fór með Jón alfarinn til sveitar sinn ár að Holti. Tekið af 9u sauðum.

29. maí. Sama verðulag og veðurstaða. Þvegin ull. Jón kom að sunnan. Kominn spekúlant í Kúvíkur að nafni Markússen.

30. maí. Hæglátur norðan og hula í lofti. Hvítasunna. Embættað í tungu. Héðan fóru 5m. við hjónin vorum heima.

31. maí. Hægur norðan og hula í lofti. Embættað í Tungu. Urðu héðan til altaris, Þorkell, Þórunn og Guðrún.

Júní 1852

1. júní. Norðan stormur og hula í lofti. Við bjuggu ¼ garðsins undir sáningu. Tókum af nokkrum kindum.

2. júní. Norðan stormur og kóf til fjalla, með frosti. Við vorum að lera? til kálgarðinn.

3. júní. Norðan steytingur og besti þerrir. Þingað á Kirkjubóli. Enti við kálgarðinn.

4. júní. Við norðaustan. Hæglátur og þurr. Ýmislegt starfað er við þurfti. Guðmundur á Hvalsá varð var við fisk.

5. júní. Sama veðurlag og veðurstaða. Ýmislegt gjört.

6. júní. Sama veðurstaða og veðurlag. Embættað á Felli.

7. júní. Hægð og blíðviðri. Við skárum mó í félagi frá Heiðarbæ. Þar í veitunni. Jón m. fór norður með Eyjúlfi.

8. júní. Góðviðris þerrir. Við skárum mó í fremri partinum og hættum þar við. Jón fyrir norðan.

9. júní. Góðviðri og þerrir. Lagði inn miðjan daginn. Við Guðríður og Þórunn skárum mó hjá Litlaholti. Jón kom að norðan. Guðbjörg vesæl í auganu aðrir af kvefi.

10. júní. Vestan stormur með smá skúrum á milli. Jón sóttur inn eftir. Ég betalaði Bjarni og Finnboga kornið er þeir áttu hjá mér. Keli leitaði fram í Miðdal.

11. júní. Góðviðri og smá skúrir á milli. Ég bræddi við ?

12. júní. Austan með þoku og skúruum á milli. Jón bræddi.

13. júní. Við norðan og þerrir. Embættað í Tungu.

14. júní. Sama veðurlag. Lítið gjört, vesæld í flestum, af kvefi og kverkabólgu. Jón heima.

15. júní. Sama veðurlag. Ég gjörði lítið vegna vesældar. Fórum að byrja að hlaða upp kálgarðinn við Brekkuendann.

16. júní. Þerrir og við norðan. Ég afhenti séra B. á Klúku fyrir tólg og prestgjöld. Bjó Jón m: til kaupstaðarferðar. Beint frá Þorpum fyrir fisk, fengust 12. Guðmundur Sveinsson hýddur fyrir barneignir á Kirkjubóli.

17. júní. Við norðan og þerrir. Við vorum að hlaða kálgarðinn út frá, heimri vegginn.

18. júní. Við norðan og besti þerrir. Við gerðum við kálgarðinn útaf. Jón minn fór með Eyjúlfi norður í bræðsluferð og kaupstaðinn um leið. Allir frískari.

19. júní. Við norðan og þerrir. Við Keli reyndum um Oddagrunn fyrir fisk, urðum ei varir. Sáum stökkulinn skammt fyrir af[t]an okkur, héldum því í land með hraði. Lögðum netgarm hjá Steinboganum og fengum 4 silunga.

20. júní. Sama veðurlag. Embættað í Tungu, ég fór til kirkju og 3 aðrir. Allir að ryðjast í kaupstaðinn.

21. júní. Sama veðurstaða. Var að ganga er á leið upp garð...? Við Guðb: bjuggum garðinn til, undir sáningu. Þorkell fór til réttarbyggingar með öðrum að Steinadal. Fært frá.

22. júní. Norðaustan garður, með skúrum á milli. Við Guðbjörg sáðum í garðinn út frá. Jón fyrir norðan. Keli í réttarbyggingunni.

23. júní. Norðaustan garður. Jón fyrir norðan, Keli í réttarbyggingunni. Ég að smíða hestajárn.

24. júní. Jónsmessa. Sami garðurinn. Jón fyrir norðan. Keli kom heim. Við Guðbjörg tókum saman móinn.

25. júní. Austan garður og þoka. Ruðningur ofan á mýrar. Jón fyrir norðan. Allt flutt af stekknum. Sóttir 6 hestar af lyng og hrísi. Ég var að smíða hestajárn.

26. júní. Sami garðurinn. Eyjúlfur sigldi heim og var þó nær ófært. Við skárum mó. Var Guðmundur Sveinsson með okkur í móskurðinum. Jón sóttur inn eftir um nóttina.

27. júní. Sami garðurinn. Embættað á Felli. Komu hér drukknir Magnús Gunnlaugsson og Tómas Guðmundsson.

28. júní. Austan garðurinn með skúrum á milli. Fóru héðan til grasa fram á Miðdal. Jón, Guðríður, Þórunn og Guðbjörg. Ég vesæll af kvefi. Nýdáinn Jón á Hvítadal.

29. júní. Sama veðurlag. Það framfrá, ég lakari, þó á fótum. Settum í stand orf og hrífur.

30. júní. Alltaf austan garðurinn. Það kom heim af fjallinu. Ég og fleiri vesælir hér og annarstaðar af kvefinu.

*Júlí 1852

1. júlí. Austan kólgan. Allt við sama hér og annars staðar. Geta ei skipamenn komist í kaupstaðinn.

2. júlí. Sami garðurinn, gránaði á fjöll og frost til byggðar. Byrjað að slá í fremri partinum. Kvef vesæld í flestum.

3. júlí. Sami garðurinn. Guðbjörg og Þórunn rökuðu framfrá 44 föng. Aðrir komu þar ekki. Keli og Guðrún ráku lömbin. Jón suður eftir kotum. Ég smíðaði tannir og hamar.

4. júlí. Sami garðurinn og hvað kaldastur. Jón kom að sunnan. Embættað á Felli. Mér þyngdi er á daginn leið, af beinverkjum og landfarsótt. En Guðríði meira og með taki. Svo Björn m. á Klúku varð að taka henni blóð. Linaði þá er frá leið.

5. júlí. Við landaustan með vætu framan af. slegið og rakað í fremri partinum 9. kaplar. Ég og Guðríður lík.

6. júlí. Við landaustan með vætu. Sló fólkið í Partinum.

7. júlí. Í afláti. Besti þerrir. Slegið og rakað í Partinum ?, upp eftir í Norðal er ég átti. Allir að slá túnin.

8. júlí. Besti þerrir. Allt breitt í Partinum. Ég eins.

9. júlí. Sama veður. Þurrkað framfrá og bundið þaðan heim á sauðahlöðu 20. Guðríður fór fram eftir. Ég lakari, hljóp í mig tak. Var þó ei lengi strangt. Sett stólpípa síðast.

10. júlí. Þerrir og blíðviðri. Þurrkað og upprakað. Það sem var til í Partinum. Gjörðu þau mest að því Jón og Guðbjörg. Keli, Guðríður, Þórunn og Guðrún voru að koma Rudda út og kringum stórhúshlöðuna. Lögðu eldi í meiri partinn af því. Ég vesæll. Purgerði og reyndi ýmislegt.

11. júlí. Blíðviðri og besti þerrir. Embættað og jarðsunginn í tungu Ingibjörg sáluga Halldórsdóttir er þjáðst hafði í hálft ár af höfuðpínu og margskonar eymd. Mér lítið léttara.

12. júlí. Við norðan og þerrir. Bundið úr Partinum 20 og hirtir. Byrjað að slá túnið. Ég mikið vesæll.

13. júlí. Sama veðurlag. Slegið fyrir norðan kálgarðinn. Ég fór að Klúku að láta taka mér blóð.

14. júlí. Sama veðurlag. Slegið á Brekkunni. Mér léttara.

15. júlí. Sama verðurlag. Rakað og slegið á Brekkunni.

16. júlí. Sama veðurlag. Slegin útræktin norðurfrá. Hirt nokkuð á Brekkunni, en nokkuð rakað upp. Ég vesæll af hósta.

17. júlí. Eins. Slegin Sæunnar flöt og að mýrinni. ég vesæll af megnum hósta, kastaði Jörp Guðbjargar f. Jón minn og Jón kallinn á Tind reyndu fyrir fisk, fengu 1.

18. júlí. Við norðan og þerrar. Emb. á F. Keli, Þórunn og Guðrún riðu suður að Garpsdal og margt fleira.

19. júlí. Þerrir. Rakað ofan að mýrinni, lítið slegið.

20. júlí. Flæsa. Hirt af brekkunni 80 sem lækurinn réði út úr og ofanúr. Slegið í stekknum. Ég alltaf vesæll.

21. júlí. Við norðan alltaf. Þerrir flæsa, tvírifjað. Slegið það eftir var af stekknum. Guðríður og Guðrún rökuðu það allt frá hádegi, til háttatíma. Hitt og ég slóð Breiðavallarflötina norðan úr.

22. júlí. Landaustan rigning fram eftir deginum. Kom ofan í þurra töðu hjá mörgum. Slegið fram stykkið af útræktinni að sumarfjósi. Ég reri með Jón kallin á Tind, fengum 27. Fundum 9 álna tré við Hrófár og Víðidalsár landamerki. Ég vesæll af ýmsu og verk í hálsliðnum.

23. júlí. Austan stormur og þurr. Slegið á Breiðavelli. Ég líkur. Ýmsir að ríða suður í brúðkaup Sigurðar Sakaríassonar. Hafliði í Þorpum aflar allvel fiskinn á hverjum degi.

24. júlí. Austan með úrfelli. Að öðru hvurju. Slegið í Veitunni.

25. júlí. Við norðan og besti þerrir. Embættað í Tungu. Urðum við hjónin, Jón, Guðríður og Guðbjörg til altaris með Tungu, Klúku og öðru mörgu fólki.

26. júlí. Þerrir linja á Breiðavelli. Guðríður veik í þumalfingri á hægri hendi, ég skárri.

27. júlí. Við sunnan með skúrum. Kom ofan í. Upp rakað nokkuð. Við piltarnir rérum, fengum 27. Stúlkurnar slógu í veitunni. Guðríður lakari.

28. júlí. Við norðan besti þerrir. Rakaður útaf völlurinn. Hirti allt stykkið. Guðríður lakari. Ég við skárri.

29. júlí. Góður þerrir. Hirtur fremri partur útræktarinnar.

30. júlí. Hægur sunnan æskilegur þerrir. Hirtur Breiðivöllur og 10 kaplar ofan til úr Veitunni. Guðríður eins. 55 af túnum.

31. júlí. Þerrir fram yfir miðjan dag. Bundið úr veitunni neðan til og breitt. Hætt fyrir nón öllum heyverkum. Jón og Guðbjörg riðu inn að Kleppustöðum. Þorkell með Guðríði suður að Garpsdal. Ég hreinsaði allan arfa úr garðinum.

*Ágúst 1852

1. ágúst. Austan með úrfelli í millum. Embættað í Tungu. Þórunn og Guðrún urðu að þéna í Heiðarbæ, urðu um nóttina, allt þar reið inn eftir. Benidikt og Þorlákur á Hamri komu hér um hádegi. Fóru héðan kl. 7. e.m. Það sem ferðaðist héðan kom heim um nóttina. Fátt um fisk.

2. ágúst. Austan garður með vætu á millum. Slegið í veitunni og heim bornir 3 hraukar. Ég skárri, Guðríður eins.

3. ágúst. Garðurinn. Ent við veituna neðan vallinn og framúr að öllu leyti. Ent við að koma töðuinni heim. Ég smíðaði ljá.

4. ágúst. Austan garðurinn með úrfelli á millum. Byrja að slá flóðahvamminn. Ég smíðaði ljá. Þar á eftir hljóp í mig tak undir vinstri síðuna. Lagðir við saltbakstarar. Linaðist þá.

5. ágúst. Austan og í afláti. Þerrir flæsa. Slegið í hvamminum. Ég vesæll af takinu , þó á fótum. Guðríði í afturbata.

6. ágúst. Austnorðan stormur og þurr. Bundið úr Flóðahvamminum 21. Ég fór með. Jón m. reri með Jóni kallinum á Tind. Öfluðu 62. Mér skárra, Guðríði líkt.

7. ágúst. Hægð og væta að öðru hvurju. Slógu stúlkurnar og Keli hvamminn út og rökuðu á 7. Ég, Jón m. og Jón á Tind rerum um hádegi, fengum 84.

8. ág. Austanorðan með skúrum á milli. Komu 12. Em. að F. 40 þurraband og 51 engjaband heim komið.

9. ág. Austan. Rakað og slegið framfrá. Guðríði í afturbata.

10. ág. Austan rakaður út af hvammurinn. Bundnir 21. Væta á milli.

11. ág. Slegið framfrá. Tekinn saman mórinn.

12. ág. Norðan stormur með smá skúrum á milli, hirtir 24. Heim bundnir 15. Guðríði skárra, en ei til verka.

13. ág. Norðan stormur og þerrir flæsa, hirtir 36. Heimbundnir 12. Ég alltaf hálfvesæll. Guðríði er heldur að skána.

14. ág. Sama veður. Hirtir 33. Heimbundnir 15. Nýsáluð Guðrún Magnúsdóttir, kona Ólafs í Miðhúsum.

15. ág. Austan og besti þerrir. Embættað í Tungu.

16. ág. Landaustan hægur og þerrir. Ég reri með Finnboga í samlögum, fengum 51. Fólkið heyjaði í Flóðunum, hirtir 15.

17. ág. Við vestan útnyrðing, besti þerrir, heyjað í Flóðunum. Bundnir heim 15. Guðríði h eldur að skána.

18. ág. Vestan með stór skúrum framyfir miðjan dag. Slegið á Flóðunum. Ég gjörði hitt og þetta.

19. ág. Góður þerrir framyfir miðjan dag. Smá væta síðast. Bundnir heim 30. Upprakaðir 27. Hirtir 6.

20. ág. Hægur sunnan og væta framan af. Ent við Flæðin.

21. ág. Sunnan og þerrir, hirtir í galta 15. Heimbundnir 18.

22. ág. Suðaustan stórhríð eftir miðjan dag. Reið Jón m. og Guðbjörg að Garpsdalskirkju. Embættað í Tröllatungu.

23. ág. Sunnan stormur með stórhryðjum á milli. Slegið í Partinum.

24. ág. Sunnan stormur og þerrir. Rakað í Partinum. Við breiddum 45 heima, sem allt var upp rakað í lanir.

25. ágúst. Sunnan stormur og væta framan af, þá þurr. Við hjónin bundum 22 úr lönum í tóftina út frá. Hitt fólkið heyjaði í Partinum. Kom Guðrún í Heiðarbæ með 2 börn.

26. ágúst. Við austan, góður þerrir, þó komu 2 skúrir ofan í. Hirt allt af túninu í tóftina af okkur hjónunum, Jóni og Guðbjörgu. Hitt fólkið heyjaði í Partinum. Fór Guðríður þá í fyrsta sinni á engjar síðan hún veiktist í fingrinum snemma á túnaslætti. Nú að mestu gróið.

27. ágúst. Austan garður og þerrir flæsa. Heyjað í Partinum og heimbundnir 24. Við hjónin vorum að þurrka það.

28. ágúst. Austan stormur og þurr. Heyjað í Partinum og heim bundnir 30. Það allt breitt, hitt rifjað og upprakað nokkuð.

29. ágúst. Hægð og besti þerrir. Embættað á Felli. Höfuðd.

30. ágúst. Landaustan hæglátur. Heyjað í Partinum og hirtir í heyið út frá 17. Reri Jón á Tind inn um allt og varð ei lífs var.

31. ágúst. Austan hæglátur og flæsa. Heyjað í Partinum og bundnir heim 18. Hirtir um kvöldið 13 í heyið. Farnir að róa með lóðir á Ströndinni fyrir viku, þó fátt á þær enn.

*September 1852

1. september. Landsunnan hægð og þurrviðri. Ent við partinn og bundið úr honum 9 og 3 heimari partana úr Leitunum. Nú byrjar 20. vika sumars og hefir enn ei eitt strá fokið eða ónýst - eða einn dag hafa þurft inni að vera. Guði sé lof og dýrð!

2. september. Sunnan og hæglátur þerrir. Hirtir 30 og svo heyjað framfrá fyrir og eftir.

3. sept. Sunnan hæglátur og væta á milli. Heyjað uppundir Stakkgarðinum. Fisklítið sagt víðast.

4. september. Sunnan hægur með skúrum á milli. Heyjað fram frá. Við Jón minn og Finnbogi í Heiðarbæ rérum er á leið, urðum ei lífs varir. Komu þau Tómas í Gufudal og móðir hans og Eggert í Garpsdal, allt varð um nóttina.

5. septem. Landaustan þung rigning og fram yfir miðjan dag. Fóru þá gestirnir á stað. Var ei embættað.

6. septem. Vestan hvass með hryðjum, heyjað fram frá og bundnir 30. Finnbogi léði mér 3 hesta. Bleik var veik.

7. september. Vestan hvass og þung rigning eftir miðjan dag. Bundnir 9 og rakað á 6. Hætt fyrir nón.

8.september Vestan hvass með smá skúrir á milli, en þó þerrir. Heim bundnir 24. Upprakaðir 30.

9. september. Vestan drif með hraglanda á milli. Hirtir og breiddir 63. Fyllt fjárhús og sauðahlöðurnar.

10. september. Hæglátur norðan og þerrir. Heyjað í stykkinu heiman við skál og alborið upp heyið út frá.

11. sept. Sama veður. Heyjað í sama stað og heimbundnir 24. Sagt upp um leið. Hafa heyjast í sumar 55 af töðu og 354 af engjabandi og 40 af þurrabandi fyrir túnslátt.

12. sept. Sama veður, en frost og héla að nóttunni. Embættað i Tröllatungu. Fóru héðan til kirkju 4.

13. spet. Sama veður. Bornir upp við húsin 40. Hestar hjá hinu heyinu. Alhreinsað túnið. Jón fór í leitirnar.

14. sept. Við útnyrðing og besti þerrir. Ég tyrfði galtann. Allir voru í rekstrarstússi. Ég byrjaði að taka úr garðinum. Finnbogi í Heiðarbæ enti við að heyja hér. Stúlkurnar rifu hrís og lyng í Heiðarbæjarlandi.

15. sept. Við útnyrðing steytingur besti þerrir og frost að nóttunni. Ég var að taka úr garðinum. Jón fór í kaupstað.

16. sept. Norðan steytingur, besti þerrir og frost að nóttunni. Stúlkurnar rifu hrís og í sama landi. Keli leitaði eftirleitina. Alheimt. Kona datt úr söðli í Miðfirði og lifði fáa daga á eftir.

17 .september. Vestan drif og þerrir. Svo norðaustan með kafaldshrakning til fjalla. Ég var að tak úr garðinum. Jón m. og Björn í Heiðarbæ komu að norðan.

18. sept. Hægur og besti þerrir. Ég enti við að taka upp úr garðinum. Voru úr honum 11 ½ tunna af næpum og maírófum.

19. september. Hægð og besti þerrir. Frost að nóttunni. Embættað á Felli. Var húsfyllir hér um daginn og Bjarni Þorkelsson drukkinn. Menn 2 úr Eyjafirði fyrir fóru hvor öðrum. Í sumar hvað hafa rekið hval velfeitan á Öndverðarnesi og 500 marsvína á Suðurlandi. Skip nýkomið að utan. Með bestu fréttir af árferði þar og frið. Kornið varð á 9 rigbd sem áður var á 9. áður en skipið kom. Englendingar hafa keypt í sumar um 140 hesta á Austurlandi fyrir 16-°° Rigsbankadala hestinn.

20. sept. Hægð og þerrir. Hart frost að nóttunni. Við Keli fluttum 35 af mó heim. Jón risti torf.

21. sept. Vestan með vætu á milli. Við fluttum 10 af mó. Jón risti torf. Mikið fiskfátt sem stendur. Ýsa það aflast.

22. september. Vestan hæglátur og þurr framyfir miðjan dag þá austan með bleytukafaldi og stórhríð. við gjörðum uppfyrir heyin og þöktum nokkuð af stórhúshlöðunni um leið.

23. september. Hátt sunnan bráðviðri með úrfelli, framyfir miðjan dag. Þá útnorðan með bleytu hríð, snjóaði á fjöll. Jón m. fór með öðrum að endurbæta vegina inn að Hrófá.

24. september. Austnorðan garður. Snjóaði að láglendi, tók þó af um miðjan dag uppí hlíðar. Við allir vorum að rífa upp grjót í hlíðinni og hlaða á vörður, sem heim á að dragast í vetur.

25. sept. Hátt norðan hvass með éljum á milli. Festi þá él í byggðinni. Við öll sóttum 15 hesta af fjalldrapa og lyngi inní Heiðarbæjarland. Var nokkuð af því rifið um leið. Jón m. fór upp að Felli um kvöldið með Finnboga Guðmundi í Heiðarbæ. Vígð saman Björn og Þórdís á Kollafjarðarnesi, líka Jónatan og Elín á Broddanesi.

26. september. Frost að nóttunni, þerrir og vestan stormur. Embættað á Felli. Kom hér Jón garðyrkjumaðurinn með færi að rekja úr og snúa. Kom Jón m. ei heim.

27. sept. Norðan drif, frost og þerrir. Við vorum allir við færin með Jóni gr. og urðum búnir. Jón kom heim. Gott fiskerí út á Ströndinni. Nú meira fiskur þar. Ýsu meira inn frá.

28. septemb. Hart frost, besti þerrir, stormur vestan, borið á völl. Við Grímur stefndum Guðmundi Sveinssyni á Geststst.

29. september. Vestan stormur og þerrir. Ent við að ..vera á völlinn. Gott fiski útfrá um 80 með skipi.

30. september. Austnorðan drif og þurr. Við þöktum hlöðuna útfrá. Komu hér frændur mínir, Jón og Jóhannes Þórðarsynir. Ristum ofan í bása og þöktum fjósið.

Október 1852

1. október. Norðan með éljum á milli. Við skárum 9 sauði og 2 hrúta. Snerum lóðar þinir með Birni á Klúku.

2. október. Sama veðurlag. varð lítið gjört. Jón leitaði að hryssu handa Guðbjörgu hér, en nú fór á stað inn að Kleppustöðum. Jón fór með sauði að Tungu. Þorkell að Kollafjarðarnesi að láta sníða sér föt. Þórunn með honum að Hlíð.

3. október. Austnorðan drif með éljum á milli, festi þá ei á láglendinu. Embættað í Tröllatungu.

4. október. Norðan steytingur og fjúklaus. Frost er á leið. Piltarnir rökuðu allar gærurnar. Ég gjörði við í fjósinu.

5. október. Vestan drif og þerrir. Jón minn var í Heiðarbæ að slátra með Birni þar. Finnbogi var hér um daginn. Guðbjörg kom inn ánað. Ég brytjaði spað. Keli vesæll af kvefi.

6. októb. Norðan drif og þerrir. Frost að nóttunni. Gjörðum hitt og þetta. Gott fiskerí inní fjörðinum, á ferð séra Eiríkur. Skotin kvígan 3. vetra í henni uppvistningur og af mör 6 fjórðungar. Guðmundur Sigmundsson hjálpaði okkur.

7. októb. Vestan stormur og þerrir. Skárum 10 roskið, gjörði Finnbogi m. til með okkur. Höfum við ei enn róið.

8. október. Vestan hvass með yrju. Jón þakti hús með Tómasi á Geststöðum. Við Keli brytjuðum spað.

9. október. Vestan hvass með úrfelli á milli. Haldin hreppskil.

10. október. Hæglátur og gott veður. Var ei embættað.

11. október. Vestan og með úrfelli. Við komum þá þó ? ?? og hjallinn. Brytjuðum niður ket.

12. oktb. Austan gúlpur. Við Jón reistum og létum undir þak á búðinni hans Finnboga í Heiðarbæ. Keli rakaði ?

13. oktb. Austan gúlpur. Við settum eitt og annað í stand.

14. okt. Hægð og væta. Við fórum að róa í samlögum. Við Finnbogi m. í Heiðarbæ. Fengum fátt.

15. októb. Sama veður. Við rérum í samlögum og fengum fátt.

16. októb. Austan gúlpur. Við rérum og fengum fleira. Höfum við fengið í samlögunum þessa daga um 90 og 2 skötur, rúm 40 hvur. Bensi á Hamri og Hallfríður urðu hér nóttina.

17. október. Hægð og gott veður. Embættað í Tröllatungu. Urðu til altaris Þorkell, Þórunn og Guðrún.

18. októb. Vestan með úrfelli. Við Jón lögðum 4 lóðir. Börðum svo upp á Tungu og rifum hjallinn minn þar og tókum allt lauslegt úr búðinni og fluttum inní Naustavík.

19. október. Vestan stormur og úrfelli. allan daginn. Við sóttum lóðirnar um kvöldið og fengum hrakviðri í land. Á þeim voru 33 af fiski og ýsu, 1 langa og 2 skötur.

20. október. Vestan hægri með skúrum á milli. Við beittum 4 lóðir og lögðum þær. Fórum svo og Finnbogi á sínum bát upp í Kirkjubóltangann og rifum búiðina og fluttum úr henni og hjallinum inn í Naustavík. Gjörðum til fyrra dags fisksins.

21. október. Hægur fram yfir miðjan morgun, þá áhlaup norðaustan. Við náðum þó lóðunum með harðfylgi. Á þeim 33 af fiski og ýsu og 1 langa. Finnbogi náði einsínum, því hann var seinni til. Við gjörðum þessu til góða og þöktum búðina útaf.

22. október. Austnorðan drif með úrfelli. Hlóðu piltar mínir ásamt Finnboga stólpa undir spelahjall í Naustavíkinni.

23. okt. Sama veðurlag. Piltar mínir fóru með Finnboga að nótum hans á þeim 25. Svo hlóðum við stólpa það eftir dagsins.

24. október. Gott veður og sólskin. Jón m. fór suður að fá meðöl. Ég flutti kvörnina að Kirkjubóli til uppboðs. Embættað að Felli.

25. október. Við landaustan hægur og gott veður. Hvessti um kvöldið. Ég og Keli rérum með lóðir og haldfæri. Fengum 12 á handfæri, 16 á lóðir. Lögðum niður aftur. Jón kom heim um kvöldið. …

26. október. Austan stormur, varð ei róið. Við héðan og frá Heiðarbæ vorum að hlaða hjallstólpa í Naustavíkinni.

27. okt. Við norðan hæglátur, hreinviðri og sígandi frost. Við lögðum lóðirnar. Reyndum svo með handfæri og fengum um 80 fram undan Hraf[n]snesi. Vorum framyfir dagsetur.

28. okt. Við norðan hreinviðri og lítið frost. Ég tók heim lóðirnar á þeim um 40 og 2 skötur. Lögðum aftur.

29. okt. Austan stormur og kafaldsyrja framan af. Festi til fjalla. Tókum lóðirnar, á þeim 30. lögðum aftur.

30. okt. Sama veðurlag. Tókum lóðirnar á þeim 33. Lögðum aftur og tókum, á þeim 7.

31. október. Austan stormur og bleytuyrja er á leið. Var embættað í Tungu. Urðum við hjónin, Jón, Guðríður og Guðbjörg til altaris. Nú er vika af vetri og grátt á fjöllum.

Nóvember 1852

1. nóvember. Austan stórgarður með mikilli rigningu er á leið. Ég fór inn að Tungugröf að draga ? til ?. Setti og margt í stand um lóðir og færi í Naustavíkinni.

2. nóvember. Stórgarðurinn og megn bleytisrigning. Frostkafald. síðast. Lak allt og streymdi?. Piltarnir leituðu kinda, vöntuðu 7. Sigurður Hákonarson smíðaði hér skaflajárn. Ég fór ofan í Naustavík að hlynna að fiski.

3. nóvember. Útnorðan stórdrif með kófi kafaldi fram yfir miðjan dag. Þá hæglátari og fjúklaus. Voru piltarnir að koma saman kindum. Vantaði síðast veturgamlan gelding. Ég gjörði hitt og þetta í smiðju, svo ofan í Naustavík að gera við árar og gilldarð.

4. nóvember. Austan gúlpur og þíðviðri. Við Björn á Klúku lásum upp dóminn fyrir Guðmund á Gilsstöðum. Drengirnir gjörðu við gluggana uppi á baðstofunni. Lömbin fyrst tekin inn. Jón fór fram að Tind og varð um nó.

5. nóvember. Austan hæglátari. Við Keli vorum að kenna lömbunum át. Fórum síðan ofan aftur með stúlkunum og beittum og lögðum 4 lóðir. Jón varð í húsbygging á Tind.

6. nóvember. Hátt norðan stórgarður með kófi og frost er á leið. Við náðum lóðunum, á þeim 36 af fiski og ýsu og 6 skötur. Gjörðum við það þurfti fisk og lóðum. Guðbjörg fór með kindur að Smáhömrum f. sig.

7. nóvember. Hátt norðan stórkafald með hörðu frosti. Stóð fé inni. Hefur vantað sauð meir en viku. Var ei embættað. Guðbjörg útfrá.

8. nóvember. Norðan stormur og hart frost og hreint veður. Hæglátur síðast. Við beittum 4 lóðir og lögðum. Guðbjörg kom.

9. nóvember. Norðaustan gúlpur og leysti mikið. Við náðum lóðunum á þeim 49 af fiski, ýsu og 2 löngur.

10. nóvember. Útnorðan hægð og hreinviðri, sígandi frost. Við beittum 6 lóðir og lögðum. Reyndum með handfæri, urðum ei varir. Snjóhrafl til fjalla. Lömb búin inni standa viku.

11. nóvember. Hægð, hreinviðri og frost. Við tókum lóðirnar á eim 23 af fiski og ýsu. 1 skata. Beitttum svo 5 aftur og lögðum.

12. nóvember. Hægur, norðan og frost. Kæld er á leiðaustan. Við tókum lóðirnar á þeim 14. Beittum og lögðum. En í því ég enti við 4u lóðina slapp endinn, drógum upp aftur, á þeim 6. Fórum svo með þær í land með beitunni.

13. nóvember. Norðan garður með frosti. Ég smíðaði hlekki á Kofu. Keli fór að Tungu að finn á Bjarna Þorkelsson.

14. nóvb. Norðan garður með hörku og kafaldskófi. Embættað á Felli. Jörðin er hrein og góð upp á fjöll.

15. nóvember. Sama veðurlag en meira kafaldið. Ég fór ofan að Naustavík og sá ból og niðristöðu við, er Eyjúlfur í Húsavík átti að þvælast uppeftir víkinni.

16. nóvember. Norðan með hörku og svælings kafaldi allan daginn. Samt var fé út látið eins og hina dagana.

17. nóvember. Kafald, harkan og ofsinn eins. Kvef í öllum.

18. nóvem. Stór ofsinn austan, en þurr og frostlíði. Kvefið meira.

19. nóvem. Sama veðurlag. Ég og Þórunn sárvesöl af kvefinu t.

20. nóvb. Sama veðurlag. Ég við rúmið og Þórunni því nær. Hin léttara.

21. nóvb. Ívið linari ofsinn. Frysti. Ég og Þ. lík. Autt í hliðar.

22. nóvb. Hæglátur og h reinviðri fram eftir deginum. Jón m[inn], Guðm. í Heiðarbæ og Jón litli á Tind byrjuðu ferð að sækja færi fyrri nótafélagsmennina.

23. nóvember. Norðan hreinviðri og frost. Þeir í norðurferðinni Jónarnir og Guðm. Ég sárvesæll af hósta og höfuðverk. Fór ei úr rúminu. Þórunn lítið skárri og fleiri vesælir.

24. nóvember. Frost og gott veður. Allir að róa og afla frá 40 til 100 með skipi. Við sem fyrri, lét ég taka mér blóð á báðum fótum. Við höfðinu. Varð mér af því skárra. En Þórunni við bitra á hálsinum á handlegg, henni skárra af því.

25. nóvember. Frost og gott veður. Allir róa og afla. Ég og aðrir við sama. Fór ég ekki á fætur.

26. nóvemb. Sama veðurlag. Allir róa og afla, utan frá Miðdalsgröf. Ég og mínir við sama hrimann.

27. nóvemb. Átt austur öskrandi garður með fannfergju. Gjörði blaut skinnklæði um miðjan daginn. Ég og mínir við sama: þeir fyrir norðan. Fiskerí gott á Hrútafirði.

28. nóvemb. Nokkuð skárri. Frostið meira. Minn á kafaldið. Ég og mínir eins. Keli sótti ær að Tind. Þeir komu að norðan. Varð ei embættað. Sagður: er 100 lídra afli á einum bæ á Vatnsnesi. Sáust vöðuselar í besta færi í Naustavíkinni logn dagana meðan ég var veikur.

29. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi. Útlátið. Ég eins og Þórunn við sama. Gott fiskerí á Hrútaf. en men á Eyjafi.

30. nóvemb. Landsynnings fannspýja allan daginn. bleyta síðast. Jón minn og Guðbjörg voru á Tind. Ætlaði hann eftir meðölum mér og mínum. Hún fyrir sig. Fóru í gærkveldi frameftir. ...

*Desember 1852

1. desember. Norðan með frosti og kafaldi. Þau komu í R.

2. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Allt inni. Snjór kall yfir allt. Magnús Jónsson kom 29. nóvember með með steðjann er hann lofaði að kaupa augst 1851.

3. desemb. Norðan með frosti og hreinviðri. Kom Tómas á Gest.

4. desemb. Norðan með frosti og kófi. Jón minn fór suður.

5. desemb. Frost og hreinviðri. Jón fyrir sunnan. Emb. í Tungu.

6. desemb. Frost og hreinviðri. Jón fyrir sunnan. Þeir afla fiskinn.

7. desemb. Sama veður. Jón kom meðölin að sunnan. Þeir aflað.

8. desemb. Frost og kafald. Norðan, komið fanndýpt.

9. desember. Norðan með frosti og kafaldi. Allt inni.

10. desember. Norðan með frosti og kafaldi. Allt stóð inni.

11. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Allt stóð inni.

12. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Allt stóð inni. Komin mikil fönn og skel yfir. Svo ei getur fönnin rifist. Nóg jörð fyrir hesta í góðu, en engin fyrir kindur vegna áfrerans.

13. desemb. Norðan hæglátari. Hart frost og hreinviðri. Haldinn félagsfundurinn á Kollafjarðarnesi. Drengirnir mínir fóru ofan í Naustavík að sækja fisk og rár. Ég mikið skárri. Þórunni og hinu albata. Við erum að ríða nýja nót í félagið.

14. desember. Norðan með frosti og kafaldi. Allt inni.

15. desem. Norðan frost og kóf. Sæluvika.

16. desemb. Norðan með frosti. Fjúklítið. Kindur fóru út. Fréttist andlát Guðmundar m. á Hellu, er legið hafði í viku í taki og þyngslum fyrir brjóstinu. Tók Björn á Klúku honum blóð í þrem stöðum morguninn áður hann andaðist. Fyrr ei til hans sendi, en víða krankfellt. Ég er skárri.

17. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Allt inni.

18. desemb. Norðan með frosti o kóf. Allt inni.

19. desemb. Frost og hreinviðri. 4.s.d. í aðventu. Úti kindur.

20. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Allt inni.

21. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Allt inni.

22. desemb. Hreinviðri og frost. Látið út litla stund. Þeir róa víða.

23. desemb. Landaustan í loft, en austan til sjóarins og ?

24. desemb. Norðan frost og hreinviðri. Útlátið, þeir afla er róa.

25. desember. Jóladagur. Hátt norðan hvass með frosti og kafaldi. Kom í fyrrakvöld hingað Björn og Ingveldur í Heiðarbæ, en Guðbjörg og Jón héðan fóru fram að Geststöðum. Hann kom í gærdag aftur. Varð ei embættað.

26. desemb. Norðan með hörku og kafaldi. Ei embættað.

27. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Guðbjörg kom.

28. desemb. Norðan með frosti, fjúk minn á, allt inni.

29. desemb. Hátt norðan bráðviðri með stórkafaldi og hörðu frosti. Linaði er á leið. Jón m. sótti fisk ofan í Naustavík. Síðast fannfergja og hægð. Gjörði snjó í kálfa. Frostlinara.

30. desemb. Landaustan frosthægur og lítið fjúk. Allt inni nema hestar stundarkorn. Ókeift af fönninni.

31. desember. Sunnan stormur á landi og sígandi frost. Ég gjörði við stoð í hlöðunni út frá og hestastallinn.

1853

*Janúar 1853

1. janúar 1853. Norðan með frosti og kafaldi.

2. jan. Norðan með frosti og kafaldi .

[Aftan við 1.-2. jan] Þessa daga var var prestur uppfrá.

3. jan. Norðan með frosti og kafald. Allt inni.

4. jan. Norðan með frosti og kafaldi. Allt inni.

5. jan. Norðan með frosti og kafaldi. Allt inni. Jón sótti fisk. Sent eftir Birni m. á Klúku að taka Guðríði blóð.

6. jan. Norðan hæglátur og frost. Loftþunnur. Við Jón og Björn og Finnbogi fórum inn áð Húsavík og setja saman nætur. Taka af stálteina og skipta um.

7. jan. Sama veður staða og veðurlag. Við fórum sömu inn eftir og gjörðum sama. Jón minn varð eftir, því ei var búið.

8. jan. Sama veðurstaða og veðurlag. Ég gjörði ýmislegt í smiðju. Engin vaða hefur enn sést hér í vetur.

9. jan. Norðan með frosti og kófi. Varð ei embættað. Jón og Tómas fóru út á bæi að fá sér í stjóra.

10. jan. Norðan með frosti og kófi. Ég fór ofan í Naustavík að fá mér í stjóra og klappa í flúruna f. hring.

11. jan. Norðan með frosti og kófi. Ég fór ofan í Naustavík að sækja stjóraefnið. Kom því að Heiðarbæ og smíðaði hann þar um kvöldið. Jón fór að Tind að fullgjöra nót. Ekki hefur enn í vetur sést hér á firðinum.

12. jan. Norðan með frosti og kóf. Jón framfrá og var að koma smiðjuhurðinni fyrir og gjöra við þilið á henni.

13. jan. Norðan frost og hreinviðri. Jón kom með nökum? sínum frá Tind með ?. Hann fylgdi þeim að Húsavík með hana og urðu þ? ? um nóttina og enti við smiðju þiðlið. Fé inni vegna snjódýptar.

14. jan. Norðan frost og hreinviðri. Jón kom inn áð og tók fisk með mér í Naustavíkinni. Ég gætti vöðunnar og sá ei.

15.jan. Sama veðurlag. Við drógum nótina okkar ofan eftir. Ég gáði vöðunnar og sáum engan sel.

16. jan. Vestan stormur og bloti, framyfir miðjan dag. Þá útnorðan með hörku og megniskafaldi. Emb. í Tröllatungu.

17. jan. Norðan með hörku og kafaldi. Sóttu drengirnir kálfinn inn að Húsavík í vökulök fyrir Kofu.

18. jan. Norðan með hörku og kófi undir hádegi, sló þá um loft af útnyrðing. Huldi fjörðinn frostreykur. Kofu haldið.

19. jan. Norðan með hörku og kófi. Kom Sveinbjörn ? bjuggu drengirnir til snjóhús yfir lækinn út við götu.

20. jan. Norðan með hörku og stór kafaldi, er á leið. Við nóta félags menn ? ? ? ? og bundum þar 4 stjóra. Tungugrafar menn búnir að fá sel í nótina.

21. jan. Norðan með hörku, ? fór dagbatnandi. Við Ólafur á Klúku bundum 3 stjóra í Naustavíkinni. Jón m og B í Hb. sóttu kálf handa kvígunni hvítu. Henni haldið. Þorri byrjar.

22. jan. Hægur og frostlinari. Kældi sunnan síðast og þá frostlaust. Við lögðum næturnar. Eyjúlfur við Hrafnsnes , ég við ? tangann. Dagana næstu 2 fyrir þennan hafði vaðan verið að fara smátt og smátt með löndum. Tg. 2ar með 11.

23. jan. Suðvestan bloti. Var ei embættað. Við litum til nóta, ekkert í þeim.

24. jan. Sunnan hæglátur og þíðviðri. Austan fjúk síðast. Ekkert í nótunum. Kvígunni sömu haldið aftur.

25. jan. Útnorðan garður með hörku og kafaldi. 1 sel í Hrafnsnessnótinni með 98 fjórðungum.

26. jan. Norðan nokkuð linari og í afláti. Vitjuðum nóta, þær fordjarfaðar nokkuð í báðum stöðum. Ekkert í þeim.

27. jan. Hægð og muggukafald allan daginn. Kópur í Hrafnsnesnóttin sem Eyjólfur fær í beitu. Hann er enn óveginn.

28. jan. Sunnan drif og stórrigning. Ekkert í nótunum. Höfum allir félagsmenn lagt saman í tvítuga nót og höfum þessa viku verið í sameiningu að semja hana. 6 selar eru komnir á Tungugröf en 13 á Hafnarhólmi.

29. jan. Stórkafald vestan allan daginn. Við fórum inn eftir og riðum nótina útaf. Væn urta í Hrafnsnesnótinni.

30. jan. Sama veðurlag til kvölds. Vika af þorra. fengust 3 selana í næturnar, urta og brimill í nótunum.

31. jan. Hæglátur, þó við sunnan. Kópur í nótunum. Á honum 5m fjórðungar (misgáningur) stórmold vestan í dag. Við gjörðum til selar 3 á þeim til saman 3? fjórðungar. Það sem skrifað var um 31. jan til heyririr ?

*Febrúar 1853

1. febrúar. Bloti um kvöldið og sterkviðri með hry.

2. febr. Kyndilmessa. Sunnan stormur og ?? ? lítið frost. Austan fjúk er á leið. Svo stórmold vestan um 1. klukkutíma um dagsettrið. Svo hægð en með frosti og kafaldi. Við ætluðum að leggja fyrir dráttar, ? enn gátum ei vegna storm. Sakarías í ? liggur í gulu.

3. feb. Norðan með frosti og kafaldi. Ekkert í nótunum. Vaðan að fara með landinu. Ég skaut 2 skot til ónýtis.

4. feb. Vestan með kafaldi. Drif síðast. Við vorum að lagfæra næturnar. Var urta á Hrafnsnesmölinni, gjörðum hana til og skiptum á henni 8½ fjórðungur.

5. feb. Útnorðan með hörku og kafaldi. Varð ei vitjað nóta.

6. feb. Stórmold útnorðan með hörku. Ei vitjað nóta. Ei embættað.

7. feb. Vestan stormur. Loftþunnur og mikil harka. Við Finnbogi og Ólafur á Klúku. Vitjað um Naustavíkurnótina. Í henni gramselskópur, sáum þá vöðuna halda inn eftir. Skildum kópinn eftir í nótinni og fórum til Eyúlfs inn eftir. 2 nótunum þar, því kom vaðan þar. Drógum þá fyrir og fengum 6. 8 voru eftir um kvöldið inn án í Bugtin[ni].

8. feb. Hægur norðan um morguninn. Eftir hádegi. Garður austan. 2 í Hrafnsnesnótunum. 3 eftir í bugtinni fyrir ofan. Gjörðum til 7 af þeim til saman 64 ½ f.

9. feb. Austnorðan ofsa garður, en frostlint. Sleit upp næturnar við Hrafnsnes og stór fordjarfaðist er sleit frá járnfesti og mölvaði dreka. Næturnar út frá voru kyrrar. Við gjörðum síðast við selina. Komið til hlutar 20 f. og 18 merkur. Öskudagur.

10. feb. Linari garðurinn. Nótunum. Selur í þeim sem út frá voru. Þær fluttar inn eftir og allar greiddar allar.

11. feb. Hægð og hreinviðri. Við bættum næturnar 5 og lögðum þær. Fundum járnfestina. Jón Pálsson sigldi í verið frá Kollafjarðarnesi. Sagður skiptapi á leið undir Jökul 4r á, unglingsmaður varð úti á Holtavörðuheiði og 3 manneskjur í Húnavatni og Skagafjarðarsýslum á þorranum.

12. feb. Vestan stormur og hreinviðri með linu frosti. Við lögðum næturnar útaf og settum þær í stand. Gjörðum til selinn á honum 8 f. og 15 m. Komnir til hlutar 22 fjórðungar.

13. feb. Sama veðurlag, en hægri. Við gættum nóta. Í þeim doggur. Sést hvergi selur um fjörðinn úti. Ei embættað á felli Komu hingað Björn og Ingveldur. Fóru um dagldur. Komu líka Margrét, Högna kona og varð um nóttina.

143. feb. Við norðan hægð og þoka. Við vorum að efna til í stjóra.

15. feb. Vestan stormur, við vorum gjöra hið sama. Kom Guðm. Gróumaður frá séra Bjarna mínum eftir sel. 32. mrkur Jón m. Björn í Heiðarbæ og Guðm. á Gestst. Ætluðu út í Hólm, urðu á Tind um nóttina.

16. feb. Útnyrðingssteitingur og hart frost. 1 selur í nótunum. Drógum fyrir um kvöldið. Náðum þá urtu í rökkrinum. 2 voru þá eftir í kvíunum ti morguns. Sæluvika byrjar.

17 .feb. Vestan stórdrif allan daginn og frostlítið. Við vorum allan daginn að berjast við brimil og urtu í kvíunum. Náðum henni í lausa nót upp við land, en misstum hann. Settum svo næturnar í lag síðast. Hægð í rökkrinu.

18. feb. Útnyrðings drif og hart frost. Ekkert í nótunum. gjörðum til selanna 2 á þeim voru 21 fjórðungar til saman. Eyjúlfur keypti þann 3ja til beitu.

19. feb. Vestan steytingur og hart frost. Ekkert í nótunum. Ég skaut 6 rjúpur. Þorri endar. Helga á Klúku liggur mikið veik. Skipið er vermennirnir drukknuðu af rak á Brjánslæk með segli og reiða. Fernir búnir að róa á Gjögrinu. Mælir hjá þeim mesta. Sáu íshroða.

20. feb. Vestan stormur loftþunnur og frostlítið. Við vitjuðum nóta. Ekkert í þeim. Fórum svo allir til kirkju. Góa byrjar.

21. feb. Norðanvestan sperra allan daginn og hreinviðri. Þoka. Til hafísins af norðri inn að ei, ekkert í nótunum. Ég skaut 17 rjúpur, þeir ókomnir úr Hólmsferðinni.

22. febg. Dimmu muska, með smáfjúki framundir miðjan dag, þá vestan sperra, en fjúklaus. Hægð í rökkrinu. Gekk kvígan hyrnda. Þorkell og Guðrún sóttu kálfinn um nóttina fram að Arnkötludal. Henni haldið. Þeir komu úr Hólminum.

23. feb. Vestan blíðviðri frost og hreinviðri. Ekkert í nót.

24. feb. Norðan stormur, þó hægandi. Kom látursselur í og refi sig úr. Sáum 3 vöðusela. Jarðlaust hér fyrir allt. Snöp í Heiðarbæ. Verður ei komist fram í Eyjar út af Múlanesi fyrir ísum. Reiðt fram í Akureyjar. Eyjólfsmenn að flytja sig.

25. feb. Vestan drif og hreinviðri. Svo útnorðan stórdrif. Með fjúki, þá austan og hart frost. Sigurður og Þorsteinn í Húsavík sóttu tvívegis í dag súrmat á sleða. Ekkert í nótunum.

26. feb. Vestan stormur og bar í loftið. Ekkert í nótunum. Hvolfdum upp skipinu Eyjólfs. Allir búnir að flytja sig.

27. feb. Vestan stormur og hreinviðri. Frostlinaði er á leið. Embættað í Tröllatungu. Við piltarnir allir og stúlkurnar 3 fórum t. k.

28. feb. Vestan drif og þíðviðri. Ekkert í nótunum.

*Mars 1853

Martius 1. Góðviðri. Sólskin og logn. Eyjólfur fór norður. Vitjuðum nóta. Ekkert í þeim. Sást hvurgi selur um allan fjörðinn.

2. mars. Sólskin, logn og blíðviðri. Ekkert í nótunum. Við drógum 2 grjótsleða úr talginu.

3. mars. Sunnan hlávíðri. Við Keli fórum í skotsnuður. Sáum 4 vöðusela. Fengum storm og börðum undir Tungugrafarhólma. Svo heim. Við drógum 1 grjótsleða.

4. mars. Vestan hæglátur. Vitjuðum nóta. Ekkert í þeim.

5. mars. Landsunnan með bleytu rigning. Ekkert í nótunum. Fréttist lát Gísla Gíslasonar á Drangsnesi.

6. mars. Vestan með fjúki fram yfir miðjan dag. Þá stórmold. Keli fór upp að Felli og varð um nóttina.

7. mars. Austan þoku gúlpur. Ekkert í nótunum.

8. mars. Suðvestan stormur með éljum á milli. Ekkert í nótunum.

9. mars. Suðaustan stormur. Frostlítið og lítið él um miðjan daginn. Vitjuðum nótanna. Ekkert í þeim. Klæddum þar þurfti, fórum svo að brytja feita selinn okkar. Reiður með illfiski inn á firði.

10. mars. Sunnan í áttinni. Logn og blíðviðri. Við Keli fórum í skotsnuður. Sáum hrot. Komumst í tæri við vöðuselskóp, en náðum ei. Vitjuðum nóta ekkert í þeim. Festum upp skötur okkar og Finnboga.

11. mars. Sunnan stormur með sólskini og éljum á milli. Frostlítið. Ekkert í nótinni. Við brytjuðum sel okkar.

12. mars. Landsunnan frostlítið og fannfergja fram yfir miðjan dag. Við Björn á Klúku vorum að sprengja og draga uppá bakkana í Naustavíkinni. Gengum að nótunum. Í þeim ekkert.

13. mars. Landsunnan frostlaust og hægur. Embættað í Tröllatungu. Fóru héðan til kirkju Keli, Guðríður og Guðrún. Við hjónin og Málmfríður fórum ofan að Heiðarbæ. Kristín á Tind varð um nóttina.

14. mars. Austan drif með þoku gúlp allan daginn. Frostlítið. Við Keli drógum 2 grjótsleða úr hlíðinni = einn úr Naustavíkinni.

15. mars. Austan gúlpur og frostlítið. Við Keli og Guðm. á Klúku drógum 2 grjótsleða úr Naustavíkinni að Heiðarbæ. Fórum síðan inn að nótum í þeim 2 urtur. Urðum að skera hreifana af annari svo hún losuð yrði. Sjór var mikill. var því Finnboga illt. Þetta er þriðju dagurinn 4i í góu.

16. mars. Norðan stormur frost og hreinviðri. Við gjörðum til selanna, 11 ½ á öðrum, hinum 8 = 17 m. Lagfærðum næturnar.

17. mars. Sama veðurstaða og veðurlag. Ég vitjaði nótanna, ekkert í þeim. Gekk upp flekkótta kvígan hyrnda. Henni haldið aftur.

18. mars. Sama veðurlag og veðurstaða. Við gættum nótanna, Ekkert í þeim. Alltaf er hér jarðlaust. En beitt ofan að sjó í Heiðarbæ.

19. mars. Við norðan, logn og linara frost. Hula í lofti. Við lagfærðum næturnar og bundum á þær víða flár. Ekkert í þeim. Engin vaða ekki sést enn, heldur til hafíssins hér inn frá.

20. mars. Hreinviðri og blíðviðri. Embættað í Tröllatungu. Við fórum hjónin. Málmfríður og Guðbjörg til kirkjunnar. Vitjuðum nótanna, ekkert í þeim.

21. mars. Sama góðviðrið. Við vitjuðum og gjörðum við næturnar. Ekkert í þeim. Góuþræll. Við Björn á Klúku drógum hellu hingað.

22. mars. Ísing með þoku. Svo norðan steytingur og þétt róst. Ég gfekk inn í hrafnsnes að gæta nótanna og gjöra við landtaugið. Ekkert í þeim. Sagt er að Gjögrarar hafi róið 18. þessa mánaðar.

23. mars. Austan drif og fjúk á milli. Við vitjuðum nótanna. Ekkert í þeim. Þeir komu norðan að og Jón inn hafði Eyjúlfs skip fengið 12 tunnur. Þeir misstu 25 t. og þar í millum Mælir Stefán og Snæbjörn Andrés 4 tunnur. Hann varð að fara í land því tak hljóp í Sigmund. Þeir sáu ísinn fyrir neðan sig.

24. mars. Logn og blíðviðri framan af. Fjúk síðast og vestan stormur. Embættað á Felli. Skírdagur.

25. mars. Maríumessa. Föstudagurinn langi. Norðan með sígandi frosti og fannfergju. Gengið að nótunum. Ekkert í þeim.

26. mars. Austan stormur með kófkafaldi og sígandi frosti. Jón m. fór með Finnboga á bát til nótanna, ekkert í þeim. Við klufum járn og rákum nokkuð. Björn á Klúku rúmfastur af gigt. Þórunn mín hefur þessa viku verið við sauma á Klúku.

27. mars. Páskadagur. Norðan gjóla allan daginn með fannfergju. Fóru héðan piltarnir og Guðbjörg. Hitt sneri aftur í Heiðarbæ. Guðríður, Þórunn og Guðrún.

28. mars. Norðan stormur og kófkafald. Varð ei embættað.

29. mars. Landsunnan hægð og þíðviðri. Við tókum upp næturnar. Jón minn hjálpaði okkur til þess. Fengust í þær í vetur 24 vöðuselar.

30. mars. Landsunnan hægð og blíðviðri með smá vætu fram yfir miðjan dag. Austur til flóans. Samt fóru Gjögurarar norður og Jón minn með þeim. Ég gjörði við hestastallinn.

31. mars. Við landaustan. Sólskin og blíðviðri. Þoka til flóans og sló henni yfir um kvöldið. Við Keli fórum inn að Sandnesi. Einar sauð framan í járnkall fyrir mig. Fórum út að Hellu og urðum þar um nóttina. Aldrei gat ég skotið til sels.

*Apríl 1853

1. apríl. Þykkur af sömu áttu. Gjörði sólskin og blíðviðri eftir miðjan dag. Ég skaut 2 skot með Kutu bæði til ónýtis.

2. apríl. Sama veðurlag. Við fórum í skotsnuður fengum ekki. Stúlkurnar drógu fisksleða fram eftir.

3. apr. Myrkva þoka allan daginn. Sá sól í gígnum og hlýtt veður. Embættað í Tungu. Fóru héðan 5m. Við Keli, Þórunn, Guðrún og Hálm. Í Frankaríki er ný búið gufuskip. Þarf 200 tunnur steinkola á sólarhring til að geta haft 1000 hestöfl.

4. apr. Austan garðvera hægur innfjarðar, þar til síðast. Frostlint. Við stungum út stóra húsið og mokuðum.

5ti apríl. Austnorðan garður og frost sígandi. Var ei útlátið. Við Keli gjörðum við heyið út frá. Sóttum allar sköturnar og járnkallinn ofan í Naustavík á sleða. Þórunn og Guðrún möluðu inní Húsavík. Guðbjörg héðan, kom utan frá Smáhömrum.

6. apr. Austan garður með frosti og kófkafaldi. Allt inni. Ég gjörði allt úti. Því Þorkell var vesæll af uppþoti.

7. apr. Norðan stormur og frost og í afláti. Kela skárra.

8. apr. Við sunnan, logn og hlýtt. Við fórum í skotsnuður. Misstum kóp fram á firði. Annan misstum við skotinn með kúlu. Við land.

9. apríl. Við sunnan logn og frostlaust. Kældi eftir miðjan dag. Við Keli fórum fram á fjörð. Sáum engan sel, svo upp nótum og greiddum þær sundur. Tókum allar niðristöður, svo að Húsavík og fengum þar kaffi, gátum ei leitað kópsins vegna storm.

10. apríl. Logn, frostlítið, og þokumugga allan daginn. Embættað í Tröllatungu. Fóru héðan Guðríður, Þórunn og Guðbjörg. Þennan vetur hafa aflast í nætur af vöðusel hér í sveit 64, en 51 á Selströnd og í Staðarsveit, alls 115.

11. apríl. Norðan stormur og frost, var út látið. Stungið útúr. lambahúsinu. Björn á Klúku kom og meitlaði millti. Grímur á Kirkjubóli kom, en fann mig á Klúku. Guðbjörgu hjá mér tekið blóð á fætinum Kom Borga-Magnús og varð um nóttina.

12. apríl. Logn, heiðbirta og frost til hádegis, þá vestan drif og var að ganga í loftið vestan. Borga Magnús fór héðan með leigurnar. Við Björn og Finnbogi sóttum næturnar inní Hrafnsnes og breiddum þær á Húsavíkurkambinn. Í þriðja blaði Ingólfs segir fá að árið 1848 hafi menn talið í Lundúnaborg verið 1000000. 876.676, þar af 200.000 atvinnulaus, 50.000 á göngu um stræti á nóttar tíma og skjóta sér inni í brennivínsbúðir á morgnanna. Þá opnast, og taka þar dúr. Borgin hvað vera ummáls 25 mílur enskar 160.000 hús og 7.100 stræti. Merkiskonur í Englandi hafa gjört samtök við konur í Vesturheimi að leggjast á eitt með mönum sínum að afvenda mannnsali svertingja sem hefur og fer fram með

guðleysi. Á eyjunni Sardínu í Miðjarðarhafi er það atvinnu vegur fátækra bænda að veita arnir og aðra hæfugla. Piltur einn þar, um tvítugt, seig í djúpa gjá, eftir hreiðrum gamma, og þá hann tók hreiðrið kallaði hann til þeirra er áttu að draga hann upp. Þá vöknuðu gammarnir og sóttu að honum. Hann varðist með skálm en hjó í ofboðinu festina til hálfs. Komst þó með skelfingu á því er efti var upp. Afmyndaður af skelfingu.

14. apríl. Suðvestan hlávíðri. Séra Halldór kom heim að húsvitja. Las hér með Málmfríði Guðmundur í Heiðarbæ.

15. apríl. Sunnan hlávíðri og logn. Við tókum saman næturnar og skárum flár af sumum. Við fundum kópinn í Naustavíkinni, skamm étinn, á því sem eftir var 4 fjórðungar.

16. apríl. Við sunnan mesta blíðviðri. Við reyndum með lóðir, engin skepna á þeim. Sáum vöðuhrot. Fórum yfir að Kleifum, Keli og Þórunn fóru út að Hlíð og Broddanesi.

17. apríl. Landaustan þoku kafald, en er á leið austnorðan frostkafald. Ég var að gjöra við galtann út frá. Embættað á Felli.

18. apríl. Norðan með frosti og kafaldi. Keli og Þórunn komu heim.

19. apríl. Sólskin, logn og blíðviðri. Við Keli fórum í skotsnuður. Sáum alls 6s vöðusela. Komumst ei í færi.

20. apríl. Suðaustan hægð og blítt veður. Síðasti vetrardag.

21. apríl. Landaustan og gott við. Jón kom heim. 24 tunnur komnar á skip hjá Eyjúlfi. Komið timburskip á Ísafjörð.

22. apríl. Landaustan blíðviðri. Kongsbænadagur. Emb. í Tu.

23. apríl. Landaustan drif og hreinviðri. Við félagsmenn skiptum hér skinnunum. 20 * til hlutar. Hér komin lítil snöp. Blóðeyður síðan með einmánuði um allt vestur og Suðurland. En nýkomin jörð um Norðurland og sumstaðar í Strandasýslu. Þó hér í Tungusveit engin snöp til dala. Margir í heyþröng.

24. ap. Austan stormur og sá sól á milli. Embættað í Tröllatungu. Héðan fóru Jón, Keli, Guðríður, Þórunn. Guðrún Málfríður og Guðbjörg. Kom Helga konan og Bogi á Klúku.

25. apríl. Austnorðan stormur og frost. Við sóttum nætur ofan í Naustavíkina og spýtur. Hér komin lítil snöp.

26. apr. Sólskin og gott veður. Þeir fórus norður. Við snerum færi. Kom Borga-Magnús. Sögð skip koma á Skagaströnd. Ég fór ofan að Kirkjubóli. Kældi útnorðan er á leið.

27. apr. Austan orðan stormur og hart frost. Kom Sveinn á Geststöðum.

28. ap. Norðan stormur kóf og frost. Ég var að gjöra hitt og þetta í smiðju. Kom Tómas Góus. með sleða. Alkominn úr veri að norðan. Stefán og Snæbjörn alkomnir heim af Gjögrinu skip sín.

29. ap. Norðan með frosti og kófi. Var litla stund útlátið. Rak Keli fyrir mig járn. Ég sauð saman ljástein.

30. ap. Norðan gúlpur og kóf. Ég smíðaði ljá, fór yfir að Klúku og skipti þar 2 kópskinnum. Hvurt með 1000 götum eftir marflærnar.

*Maí 1853

1. maí. Norðaustan með frosti og kafalds steyting. Emb. á Felli.

2. maí. Sama veðurlag. Ég varð að hætta að smíða ljá, því eldur ætlaði að koma í aflstokkinn. Þá sneri ég öngultauma og hnýtti þá á.

3. maí. Norðan með frosti og kófi. Linaði er á leið. Þá þoka og bleytufjúk. Ég fór inn að Víðirdalsá.

4. mái. Landaustan þoka og bleytufýla. Við Keli drógum 3 grjótsleða úr taglinu. Ég smíðaði önglastokk. Sneri öngultauma og hnýtti á. Kom Björn á Kollafjarðarnesi og Sigurður í Húsavík að norðan. Sögðu þar illviðri og fannir miklar. Hvergi eru skip komin. Nú er hálfur mánuður af sumri. Mikil snöp komin hér í góðu framundan stekkinn. Hafa hér verið rúmar 20 vikur jarðleysur allvíða en eldiviðarneyð.

5. maí. Við landaustan hæglátur og hlýtt veður. Uppstigningardagur. Embættað í Tröllatungu. Héðan fóru til kirkju, Þorkell, Guðríður og Þórunn, Guðbjörg fór út að Heydalsá. Fóru hér hjá Jörundur og hans kona. Kom Guðm. Sveinsson og Ingveldur í Heiðarbæ. Síðast. Lömb fyrst útlátin efti 25 vikna innistöður. En rekið fé ofaneftir.

6. maí. Norðan drif og hart frost er á leið. Við Keli gjörðum við heyið út frá og lögðum til básana hjá kúnum.

7. maí. Landaustan drif og frost. Fjúkslitringur er á leið. Stúlkurnar voru að reita lyng niður á Lyngnesi og varð lítið . Nú er hálf þriðja vika sumars og er snjór kringum bæinn undir hönd og fjárhúsi út frá, en sauðahúsið upp á miðja hlið og nærri jafnt göflunum. Hafís sagður: Við Vestur og Austurland.

8. maí. Norðan hreinviðri og hart frost og í afláti. Embættað í Tungu. Héðan fóru 2 stúlkur. Lömb út látin.

9. maí. Hægð og gott veður og ganga lin í loftið. Við Keli fórum inn að Sandnesi og Hellur, urðum þar um nóttina.

10. maí. Suðvestan stormur og linviðri. Við fórum hingað yfir.

11. maí. Mari og mesta blíðviðri. Við Keli fórum út að Kollafjarðarnesi. 3 vikur af sumri. Kindum hleypt frameftir. Komin skip í Stykkishólm og Ólafsvík. Glad á Ísafjörð með timbur.

12. maí. Blíðviðri með smáskúrum. Ég gjörði við smiðjuna. Misstum á svarta og fannst hvergi. Leituðu allir.

13. maí. Sama verðurlag. Leitað að ánni og fanst ei.

14. maí. Sama verðurlag. Leitað að ánni og fannst ei. Ég lét skráfyrir smiðjuna og borð skúffuna. Sagt er að róið hafi Gjögrar 11. þ.m.

15. maí. Hvítasunna. Norðan andvari og gott veður. Ærin fanst í læknum fyrir neðan hengju hjá fjósdyrunum. Embættað á Felli.

16. maí. Blíðviðri og leysing. Keli og Björn í Heiðarbæ ætluðu suður. Varð ei af því. Embættað á Felli.

17. maí. Blíðviðri og sólskin. Næturfrost. Lagði inn útræna. Keli og Björn fóru suður um sólaruppkomu. Jón kom að norðan. Hann aflaði 13 tunnur í róðrinum. Sá mesti 24.

18. maí. Sama blíðviðri. Unnið á Brekkunni heim fyrir húsin. Keli og Björn komu að sunnan . Ókomið skipið í Flatey og fyrir norðan. Nú er mánuðir af sumri. Klakinn jafn sauðhúsum.

19. maí. Við sunnan og blíðviðri. Jón og Guðbjörg fóru fram að Tind og urðu þar um nóttina. Leist ofan af sauðhúshliðinni.

20. maí. Sama verðurlag. Guðbjörg héðan, fluttist að Tind.

21. maí. Sama veðurlag. Ég sló til ljástein. Lagði stétt með smiðjunni. Dó lamb.

22. maí. Trinitatis. Besta hláka. Embættað á Felli.

23. maí. Hláviðrið sama. Við Jón hlóðum stöpulinn undir hlóðin. Keli og Guðrún möluðu inní Húsavík.

24. maí. Vestan hláviðri. Enn ókomið skipið fyrir norðan.

25. maí. Suðsaustan hæglátur og væta allan daginn. Byrjað að stinga upp garðinn. Kýrnar fyrst út látnar. Enduð 5ta vika sumars. Jón minn fór inn að Húsavík til norðurferðar. Kom aftur. Sögð mörg fiskiskip í flóanum. Stúlkurnar unnu á. Leystur skaflinn við sau?husið ofan til. Hefur þar leyst mannhæð í rúma viku.

26. maí. Sunnan hæglátur gjörði mikla skúr síðast. Eyjúlfur fór norður og Jón minn með honum. Ég skaut önd í ánni.

27. maí. Austan gúlpur. Fyrsti síðast og gjörði fjúk . Börnin fóru miðjan daginn til grasa. Öfluðu lítið.

28. maí. Austan drif og þurrviðri. Frost til fjalla. Ég fór inn að Viðirdalsá með Reykjanesfolann til geldingar. Kom B. Magnús. Nýkomin 2 skip í Flatey. B. í Heiðarbæ fór til Flateyjarferðar.

29. maí. Austnorðan stormur og loftþunnur. Bornar 10 lambgimbrar. Embættað í Tungu. Fóru héðan 3. Þorkell, Guðríður og Þórunn.

30. maí. Vestan stormur og besti þerrir. Stúlkurnar unnu á. Keli malaði á Klúku. Við hjónin reistum tað.

31. maí. Hægð og smávæta eftir hádegi. Tókum saman allt taðið út frá. Byrjuðum norðari kálgarðinn. 3 ærlömb dauð.

*Júní 1853

1. júní. Vestan hvass með úrfelli á milli. Við Keli vorum að hlaða norðari garðinn. Týndist vænn gemlingar af túninu, í ána er haldið að hann hafi farið. Jón fyrir norðan. Ókomið skipið þar.

2. júní. Vestan þerrir og bráðviðri allan daginn. Varð ekkert gjört úti. Reif víða þök af húsum. Fannst ei gemlingurinn. Sögð manns drukknan í Þverá hjá Köldukinn.

3. júní. Vestan stormur með smáskúrum. Við hjónin og Þorkell tókum saman taðið á Hesthúshólnum. Stúlkurunar unnu á. Kom Björn í Heiðarbæ úr Flatey og Magnús timburmaður. Gemlingurinn var á Geststöðum. Bar seinast lambgimburin.

4. júní. Hægð og væta allan daginn. Við Þorkell vorum að hlaða garðinn norðari. Stúlkurnar unnu á litla túnið.

5. júní. Landaustan með smávætu á milli. Embættað í Tröllatungu. Fóru héðan til kirkjunnar við Þorkell, Þórunn og Guðrún. Sögð komin 2 eða 3 skip á Skagaströnd. Eyjúlfur ókominn.

6. júní. Landaustan góðviðri og þerrir. Við Þorkell bjuggum fremri garðinn undir sáningu. Stúlkurnar unnu á.

7. júní. Sama veðurstaða með smávætu á millum. Við Þorkell entum við garðinn. Sendi svo með járnhrífuna um kvöldið inn að Víðidalsá. Jón minn kom að norðan.

8. júní. Landsunnan með þéttu úrfelli að öðru hvurju. Bráðviðri síðast. Þingað á Kirkjubóli. Ókomið skipið á Reykjaf.

9. júní. Landsunnan góðviðri með smá vætu á milli. Við allir vorum að hlaða garðinn nýja að neðanverðu. Konan mín og Málmfríður möluðu inn í Húsavík. Sagt: skipið komið fyrir norðan.

10. júní. Góðviðri og útræna miðjan daginn. Við vorum að hlaða garðinn og sáðum í þann eldri. Sigldi inn fjörðinn skip útlenskt er enginn þekki og lagðist á Skeljavík. Þeir á Ströndinu lóðseruðu það þangað. Enginn skyldi þá, þeir heldur aungva, til getið að væru Bretar. Ekkert höfðu þeir að selja. Vildu ei nema naut, kindur ekki.

11. júní. Sama blíðviðrið og veður staðan. Við hlóðum af garðinum og byrjuðum upp stekkinn. Jón minn með Eyjúlfi norður. Stíað fyrst.

12. júní. Sama veður. Útlenska skipið lagði út. Embættað á Felli. Björn í Heiðarbæ kom með eggin frá Kollafjarðarnesi.

13. júní. Þerrir fram yfir miðjan dag. Þá væta. Við Þorkell stungum út. Húsin útfrá að öllu leyti. Hlóðum dálítið af garðinum. Jón kom að norðan. Þorkell sótti hann inn eftir um nóttina.

14. júní. Landsynnings væta og hægð allan daginn. Við Þorkell vorum að hlaða garðinn neðan til. Guðm. á Geststöðum kom til að leggja á stein.

15. júní. Vestan stormur með smá skúrum á milli. Við Þ. entum við, neðan og norður garðveggina.

16. júní. Við sunnan með vætu á millum. Við Keli hlóðum vegginn á hlaðinu fyrir norðan steininn.

17. júní. Sama veður. Við Þorkell vorum að moka í garðinum.

18. júní. Vestan með vætu á milli. Við Keli vorum við garðinn. Jón fram á Tind. Verið að búa sig á grasafjall.

19. júní. Sama veðurlag. Guðríður og Þórunn fóru inn á Víðidalsárgrasafjall. Embættað í Tröllatungu.

20. júní. Vestan stormur og þurr. Við rifum til hálfan garðinn. Björn á Klúku veikur í handarjaðri.

21. júní. Vestan stormur. Við Þorkell entum við garðinn. Ingveldur í Heiðarbæ reisti taði með konu minni.

22. júní. Norðan stormur og þerrir. Við allir hlóðum gaflinn milli hlöðunnar og fjóssins. Jón Halldórsson á Tind var hjá mér um daginn.

23. júní. Við norðan og besti þerrir. Ég með stúlkunum sáði norðari garðinn. Bræðurnir entu við eftir hliðvegginn á fjósinu. Þorkell með viðbætur að Víðdalsá til stúlkna á grasafjallið.

24. júní. Jónsmessa. Blíðviðri og besti þerrir. Við gjörðum við hlöðuna út frá og ristum reiðing. Jón bræddi um nóttina fyrir sí?

25. júní. Vestan bráðviðri og þerrir til náttmála. Þá hægri og úrfelli með snjókrapa í miðjar hlíðar. Við Þorkell, Guðrún og Ingveldur í Heiðarbæ tókum saman væna 7 hrauka. Konan mín bræddi í Naustavíkinni selinn minn. Stúlkurnar komu af grasafjallinu. Jón fór fram að Tind. Varð um nóttina. Fordjarfaðist og umrótaðist allt í görðunum.

26. júní. Norðan stormur og þurr að mestu. Embættað í Tröllatungu.

27. júní. Norðaustan stórgarður með bleytu kafaldi til fjalla. Varð lítið gjört. Við ætluðum hér í kring á hestum norður í kaupstað, en hefur þótt það ófært vegna illviðris.

28. júní. Sami garðurinn og heldur lakari. Snjóaði í hlíðar.

29. júní. Sami garðurinn. Ég fór að Heiðarbæ og gjörði við belg.

30. júní. Í afláti. Fórum á hestum norður í kaupstað og Björn á Klúku, B. í Heiðarbæ og séra Halldór. Jón minn og hans félagar fóru og norður til bræðslu. Komumstum að Kjós um miðjan morgun.

*Júlí 1853

1. júlí. Norðan og þerrir. Héldum í kaupstaðinn og útréttuðum það er vér þurftum og ? af um nóttina.

2. júlí. Andvari sunnan. við við héldum úr kaupstaðnum og áðum á Bólstað. Svo heim. Þá var miður morgun þess 3ja júlí.

3. júlí. Þerrir og góðviðri. Jón fyrir norðan að bræða. Var ei embættað í hvurugri kirkjunni. Eyjúlfur fór norður kaupstaðarferð og séra Halldór með honum.

4. júlí. Norðan hægur og besti þerrir. Voru rekin lömbin . Ég setti niður smiðjuna í Heiðarbæ. Nú á fjalli 40 lömb, 8a sauðir tvævetrir, 5 geldingar veturgamlir, 3 hrútar, 6 ær geldar, 4 lambgimbrar lömb heima.

5. júlí. Norðan hvass og kaldur. Jón m. og Ólafur komu frá Bræðslunni. Fóru á mis við Eyjúlf. Við Þorkell vorum að lappa sinn að hvuru. Stúlkurnar rifu lyng.

6. júlí. Hæglátari norðan. Ég smíðaði lamir á kistu og lét þær á. Smíðuðum bekkinn í smiðjunni. Jón m. og Björn á fóru norður aftur. Slysfarir. Dottið hafði jaki á barn í fjöru við Ísafjörð, annað kafnaði í fönn á Suðurlandi. Stýrimaður fórst út á stórsjó við Suðurland.

7. júlí. Austnorðan hæglátur og þerrir. Við skárum mó. Ég sauð saman í ljá handa Birni á Klúku.

8. júlí. Við sunnan hægð og væta er á leið. Stúkurnar voru að sauma seglið á bátinn minn. Kom Borga-Magnús og fór héðan með ruslið hans Jens.

9. júlí. Landsunnan hægur með úrfelli á millum. Ég smíðaði ljá fyrir Björn á Kl. Jón kom að norðan.

10. júlí. landaustan stormur með smá skúrum á milli. Embættað á Felli. Við Keli reyndum fyrir fisk eftir náttmálin. Kom hér Guðbjörg Árnadóttir á Tind.

11. júlí. Við sunnan og hiti fram á miðjan dag. Þá steypiregn um einn tíma. Storm hvass á eftir. Var byrjað að slá fyrir norðan lækinn. Þorkell leitaði allan daginn að 2 ám og 2 gimbrum. Þær komu saman við. Ærnar fundust ekki. Ær var nærri dauð, en raknaði við eftir tilreynslu með stólpípu og kaffi.

12. júlí. Landsynning góðviðri með vætu á millum. Var slegin brekkan að mestu. Ég smíðaði ljá fyrir B á Kl.

13. júlí. Sama veðurlag. Ent við brekkuna og slegin útræktin fram að sauðahúsi. Ég smíðaði ljá.

14. júlí. Við norðan og þerrir. Búin útræktin fram að sauðahúsi. Stúlkurnar rökuðu brekkuna fram að húsum. Við ætluðum yfir að Hellu. Varð ei af því.

15. júlí. Sama veður, búið fram að sumarfjósi og allt rakað. Við fórum að Hellu. Reyndum, urðum ei varir.

16. júlí. Besti þerrir og útræna. Við hjónin með Málmfríði rifum um brekkuna og útræktina og rökuðum upp 2 flekki. Var stykkið slegið ofan að Mýri. Jón fór út á bæi með Guðbjörgu. Verið að búa sig undir suður reið.

17. júlí. Vestan stormur. Við riðum að Garpsdal, ég, Þorkell, Guðríður, Þórunn og Guðrún frá Heiðarbæ, 5m hjónin eldri, Guðlaug, Björn og Guðmundur, fórum dal, til bak aum Tunguheiði. Komum laust fyrir miðjan morgun. Embættað á Felli. Jón minn fór þangað með Guðbjörgu.

18. júlí. Vestan stormur og þoka í lofti, sá sól á milli. Hirt frá læknum. Úr og að kvíum.

19. júlí. Austan með úrfelli. Slegin útræktin framan til.

20. júlí. Austan fyrst, svo vestan og úrfelli. Ent við útræktina og slegið nokkuð af stykkinu norðan til.

21. Þurrviðri og austan. Ent við stykkið og byrjaður Breiðivöllur að neðan eftir flötinni.

22. júlí. Austan og flæsa. Slegið í Vellinum. Rakað á stykkinu og rakað upp ofan að Mýri.

23. júlí. Austan gúlpur og úrfelli framyfir miðjan dag. Var slegið á Vellinum og upp að Görðum. Ég smíðaði yfir 80 af hesthófsnöglum fyrir Finnboga. hann og Björn sonur hans slógu á meðan.

24. júlí. Austan og þurr að mestu til kvölds. Embættað í Tungu. Varð margt fólk til altaris og við hjónin, Jón og Guðríður. Heiðarbæjar fólkið reið inn að Stað.

25. júlí. Austan stórgarður með úrfelli á millum. Við entum við túnið. Slógum hús og görða. Jón m. fór í kaupavinnu að Tind. Kirkjubólsfólk heyjar í Tindslandi.

26. júlí. Sami garðurinn, en þurr. Slógum út með brekku í Veitunni til miðdagsborðunar, þá rakað stykkið útaf. Ég hálf vesæll af hósta og kvefi.

27. júlí. Austan þykkur og þurr að mestu. Við slógum norður eftir Veitubörðunum til mIðdagsborðunar. Stúlkurnar þá að raka húsin og í Vellinum. Við Þorkell fórum í smiðjuna til háttatíma að reka járn og kljúfa.

28. júlí. Austan flæsa, ent við að raka völlinn.

29. júlí. Norðan og þerrir, hrit ofan að Mýri. Rakaðir 6 kaplar í Veitunni. Verið að byggja gripa sýningar hús í Frakklandi. Makalaus trúarvilla kom upp hjá Löppum. Þeim þótti ritningin of lin, sneru dýrðlegustu orðum hennar þannig: Faðir vor í Helvíti, þóttust hafa anda er fræddi þá, börðu menn og drápu, ef ei tóku trú þeirra.

30. júlí. Norðan og þerrir, hirt af útræktinni og stykkinu, að öllu. Rakað allt í veitunni. Séra Björn m. var hér mest af deginum. Verið að leggja járnbrautir yfir löndin og allstaðar fréttafleigir yfir land og sjó. Í Þýskalandi er kaþólskan að festa rætur og ?æfeminn til Æ. m. af 60 börnum eru 20 hjónabandsbörn. Fullt verslunarfrelsi komið á í Bretlandsríki, Vesturheim og Hollandi. Nýr ritgjörð komin í gang frá Eyjafjarðar prentsmiðju, heitir Norðri.

31. júlí. Norðan og besti þerrir. Allur Breiðivöllur í flekkjum. Embættað í Tröllatungu. Héðan fóru til kirkju Þorkell og Guðrún.

*Ágúst 1853

1. ágúst. Norðan fyrst, svo vestan með smá yrju á milli. Þornaði þó. Rifjaðu á vellinum og rakað upp í galta á flötinni, hirt af fornbænum og uppundir garðinn. Slegið og rakað í veitunni fram yfir miðjan dag. Mér var jafnskárra af kvefinu.

2. ágúst. Vestan flæsa. Hirt af flötinni. Hitt upp rakað. Bundnir 18 úr Veitum. Rakaðir 8. Ég sló frá nóni. Þeir réru til fiskjar, Jón kallinn á Tind og Guðmundur Davíðsson.

3. ágúst. Besti þerrir. Ég sló það eftir var í Veitunni. Hún rökuð út af. Þorkell leitaði fram á hádegi og fann hirt taðan útaf. og 14 af veituheyi. Jón m. fór norður til kaupavinnu að Reykjanesi 31. júlí næstliðinn.

4. ágúst. Vestan stormur, gjörði vætu síðast. Ég og Guðríður og Þórunn byrjuðum að slá í Keldunni. Þorkell og Guðrún entu við að binda úr Veitunni. Úr henni 40. Þau sóttu og lyng á 3 hesta. Fluttum heim reiðinginn.

5. ágúst. Vestan og úrfelli. Þó hæglátur við slógum öll stekkjar flötina og þar uppeftir.

6. ágúst. Vestan og þurr. Slegið fyrst, svo rökuðu stúlkurnar á 15. Þorkell sló til kvölds. Ég til borðunar, þá að breiða Veituheyið og að smíða ljá. Ólafur á Klúku réri í samlögum við Finnboga og fékk 80.

7. aug. Vestan með úrfelli allan daginn. Embættað á Felli.

8. agu. Vestan með hryðjum allan daginn. Slegin tungan, lækjarbakkinn og það sem var eftir af stekkjarflötinni. Rakað á 6 ½. Árið sem leið fanst í Nýja Hollandi hnaus af óhreinsuðu gulli 30 fjórðungar, hreinsað 10 fjórðungar, kostaði 48000 R. Síðan tollverndin komst á í England hafa verið fluttar þaðan bómullar vörur fyrir 206 milljónir af ullar vefnað fyrir 63 m. af lín fatnaðar f. 32 milljónir.

9. aug. Vestan drif með hryðjum á milli. Rakað í keldunni og bundnir heim 20. Ég smíðaði og tindaði hrífur.

10. ág. Vestan drif og besti þerrir. Breitt yfir 60 heima og á Stekkjarflötinni. Líka rakað og slegið. Varð ei við átt heyið um miðjan daginn fyrir bráðviðri. Allt látið liggja að nóttuni.

11. ág. Vesan drif og bresti þerrir. Hirtum veituheyið og 20 af útheyi sem var á túninu. Rökuðum allt upp í galta á Stekkjarflötinni, ekkert slegið.

12. ág. Vestan stormur og besti þerri. Var breitt ofan annan til við Stekkjarlækinn upp og ofan og á Stekkjarflötinni um úr keldunni gú. Svo slegið frá miðaftani til kvölds.

13. ág. Vestan stormur og besti þerrir, hirtir og heimbundnir upp og ofan með stekknum 29. 11 rakaðir. 114 heyjaðir.

14. ág. Við norðan og þurr. Þeir voru að fara norður í spekúlantinn Glad. Ég og Keli rerum um kvöldið, fengum 34.

15. ág. Sama veður. Við slógum í keldunni. Jón á Tind. Bóndinn sló hjá mér um daginn í skiptum við Jón minn. Hann reri með föður hans, þeir komu ei um kvöldið. Jón varð um nóttina. Jón minn kom í gær að norðan. Slógum há um kvöldið.

16. ág. Norðan flæsa. Slegin hjá um morguninn. Entum við Kelduna upp úr. Þeir komu úr róðrinum. Öfluðu 120.

17. ág. Norðan og góð flæsa. Rakað og bundið úr keldunni á Stekkjarflötina. Slegið á Ennunum. Ég gjörði við fiskinn.

18. ág. Norðan stormur og suddi fram yfir miðjan dag. Þá þurr. Slegið og rakað í Ennunum. Ég sauð saman í ljá.

19. ág. Besti þerrir norðan. Bundnir 12 af engja bandi úr Ennunum og 12 af þurrabandi af Stekkjarflötinni.

20. ág. Þerrir og norðan stormur. Bundnir heim 16 af þurru af stekkjarflötinni og 7 úr Ennunum af votu.

21. Norðan og besti þerrir. Embættað í tungu. Komu hér um morguninn. systkinin frá Garpsdal. Eyjúlfur og Sigríður Arnbjörg og Gísli frá Múla. Allir fór héðan til kirkju nema konan mín.

22. ág. Besti þerrir norðan. Byrjað að slá í heimri partinum. Jón risti um kvöldið 70 fyrir Tómas í H-b.

23. ág. Norðan og flæsa. Hirtir 8a. Komið heim öll taðinu. Svo slegið í Partinum.

24. ág. Norðan og þerrir. Slegið í Partinum. Þeir reru, Jó og Jón kallinn á tind. , öfluðu 62.

25. ág. Norðan góðviðri og þerrir. Rakað og slegið í Partinum. Rakað upp í tvo galta.

26. ág. Norðan þerrir. Bundnir 32 af þurrabandi úr Partinum. Jón á Tind léði mér 2 hesta.

27. ág. Norðan kaldur og þurr, bundið úr Partinum. 7 af þurru og 12 af engjabandi. Jón á Tind léði mér 2 hesta.

28. ág. Noðran og þerrir. Embættað á Felli. Bræðurnir sóttu vörpu inn að Hrófá. Komu Guðm. og Óli.

29. ág. Höfuðdagur nýi. Norðan hægur og þerrir. Slegið hæðst í Partinum, norðan til. Jón m. á Tind í manna skiptum.

30. ág. Við norðan og þerrir. Entum við Partinn ofan til. Var slegið og rakað. Guðbjörg A. dóttir var hjá okkur í staðinn Jóns, krankfelt víða af landfarsótt.

31. Við útnyrðing og þerrir. Voru bundnir heim 9 þurrir og 9 votir. Jón m. réri með Jóni karli á Tind. Öfluðu 63. Fórum í ána með vörpuna. Náðum 9. Meira misstist.

*September 1853

1. september. Vestan stormur og suddi fyrst, svo þerrir. Bundnir 18 af þurrkuðu og óþurrkuðu. Ég fór í veitubakkann og náði 22.

2. sept. Vestan stormur og þurr. Bundnir heim 15 af óþurrkuðu. Við fórum í Króksfljótið með vörpuna og fengum 62.

3. sept. Vestan drifaveður og þurr að mestu. Slegið á miðjum Partinum fram á miðjan daginn. Hætt þá vegna veðurs. Jón minn hjálpaði Jóni á Tind að þekja hey. Við hjónin tókum saman flekki og galta á túninu. Við drógum á og fengum 1.

4. sept. Suðvestan drif með úrfelli á millum. Var ei embættað.

5. sept. Sama veðurstaða og veðurlag. Við slógum á Stórholtsbreiðunum og Jón á Tind til nóns í staðinn Jóns m. Hann reri, afli 85.

6. september. Rakaðir og bundnir heim 14 úr jarðfallinu.

7. sept. Suðvestan stormur og besti þerrir. Bundnir 6 úr jarðfallinu og ent við partinn. Rakað í flekki á Stórholtsbreiðunum. Hirtir 13 heima á Breiðavallarflötinni.

8. september. Sunnan drifaveður og þerrir. Hirtum 20 heima og 12 af þurrabandi á Stórholtsbreiðunum.

9. septeb. Sama veðurlag. Rakaðir og hirtir 6 af Stórholtsb. Borið upp heyið útfrá. Komu Varúðarreglur við kóleru sem kvað geysa í Kaupmannahöfn.

10. septemb. Sunnan hæglátur og væta. Slegið niðri unduran Miðskál til miðdagsborðunar. Þá rekið járn og dregið í fljótið. Fengum ekkert. Smíðaðir önglar.

11. septem. Við sunnan hæglátur og þurr. Embættað í Tungu. Lýst með Jóni m. og Guðbjörgu. Jóni Jónatanssyni og Guðrúnu systur minni. Ég purgerði og var vesæll um daginn.

12. septem. Við sunnan hægur og þerrir. Rakað og slegið undan Miðskál og bundnir heim til 21. Jón m. og Jón kallinn á tind reru og fengu 150. Tinds systkin voru í hér í Jóns m. stað.

13. september. Við vestan og flæsa. Rakað og slegið undir Miðskál. Bundnir heim 21.

14. september. Landaustan hægur og mikill úði fram yfir miðjan dag. Þá þurrari. Við rérum allir eftir miðaaftan og fengum 47. Komum í hámeri og misstum í henni 4 faðma af færi, stein og öngul.

15. sept. Vestan stórviðri og stórhríð. Vorum heima til miðaftans. Rökuðum eftir það 8.

16. september. Suðvestan stór ofsi með haglhríðar ókrum. Svo rokið var jafnhátt ströndinni. Snjóaði í miðjar hlíðar og allt lak. Stormur til nóns. Kom Bjarni á Leigjum. Páll í Reykjarvík og Jón Pálsson í Bjarnarfirðinum. (Í Hamborg fæddist meybarn með 1 auga í andliti, ekkert nef, fingur við olboga, það kom andv.)

17. sept. Vestan með skúrum á milli. Bundnir 8 og nokkuð rakað. Jón minn fór suður. (Í Lundúna fæddist meybarn andvana með 2 höfðum. Samt lifði móðirin.)

18. sept. Landaustan dumbungur með úrfelli. Embættað á Felli. Jón minn fyrir sunnan. Þorkell til leita að Tind um kvöldið. Englands gufuskip fara á ári annan eins veg og 50 sinnum kringum jarðarhnöttinn.

19. septemb. Landaustan stórbleytuhríð allan daginn. Samt var leitð. Fóru héðan til þess báðir bræðurnir. Kaupmaður í Vesturheimi hefur gefið uppihald í 300 börnum munaðarlausum fyrir 3 m-ónir. dollars. Komin er fréttafleigr er á kominn í heiminum yfir 40.000 mílur.

20. sept. Vestan stormur og þurr. Þar til síðast. Bræðurnir komu úr leitunum. Vantaði mig 4 lömb og 6 roskið. Kom Guðmudur Þórðarson með fræ og meðöl til mín. Stúlkurnar rökuðu upp hána. Allt upprakað frá læknum og utar.

21. Vestan bleytuhríð fram yfir hádegi. Þá og var að ganga í loftið. Þorkell sjúkur af kóleru með uppsölu og síðast niðurgangi. Linaði er á leið. Ég smalaði Jón m. að Hrófá að saga.

22. Austan minnilegur ofsi með bleytu kafaldi allan daginn. Festi í hlíðar. Kominn snjór til muna á fjöll. Þorkell á fótum og skárri. Ég smalaði. Kýr út miðjan daginn. Há rok yfir allan fjörðinn.

23. september. Norðan með kafaldsslitring. Jafnminn á veðrið. Frost að nóttunni. Kom Eggert í Langey. Þorkeli léttara. Jón minn var að saga á Hrófá.

24. sept. Sami garðurinn, þó linari með smá éljum. Festi þó ei í byggðinni. Ég breiddi nokkuð heima og það sem Þorkell og Þórunn bundu heim sem var 21. Jón inn frá.

25. sept. Norðan hæglátur og þerrir. Embættað í Tungu.

26. sept. Norðan hæglátur og flæsa framyfir miðjan dag, þá kafald allt í einu. Kom ofan í allt flatt hjá mér og öðrum. Kom Sveinbjörn frændi m. og varð um nóttina.

27. septemb. Norðaustan hvass með bleytu kafaldi öðru hvurju allan daginn, frost síðast. Sveinb. var kyrr. Jón m. kom frá Hrófásögunni. Skornir dilkarnir.

28. september. Norðan með frosti og kófkafaldi. Allt tekið uppúr görðunum. Rúm tunna af undir ávöxtum þeim. Sveinbjörn var kyrr. Jón m. var á Tind.

29. sep. Norðan og hreinviðri og frost. Við rerum með handfæri og fengum 120. Varð ei átt við h ey fyrir snjó. Sveinbjörn fór uppí Kollafjörð með Rósu.

30. septemb. Norðan hreinviðri og frost. Tók þó í á móti sól. Varð ei átt við fyrir snjó. Við rérum með handfæri, f. 70. Kom hér séra Eiríkur Kúld og Jón á Reykhólum.

…

*Október 1853

1. október. Hreinviðri og frostlinara. Við rérum, fengum 40 á handfæri. Stúlkurnar hirtu allar lanirnar fyrir heiman og utan húsin. Við flekkina varð ei átt fyrir snú?

2. október. Norðan hæglátur og þerrir, en snjór svo ei varð þurrkað. Rerum með handfæri og lóðir. Fengum 50 á handfæri en 70 á lóðirnar. Sumir fengu 100 og að 150.

3. októb. Við norðan og steytingur. Rerum ei, gjörðum allt til og festum upp. Bjuggum til hjall.

4. októb. Rérum og fengum 40 á handfæri, en 70 á lóðir.

5. októb. Hreinviðri og við norðan. Rérum og fengum 14 á handfæri 60 á lóðir. Við fórum frameftir miðjan daginn og gjörðum við byssuna milli kveikana.

6. októb. Við norðan og hreinviðri. Rerum með lóðir á um 60. fórum frameftir og skárum 5 kindur. Var verið að vola í heyinu og hirt nokkuð af því. Voru hér um nóttina Hjónin Jón og Guðný frá fremri Brekk.

7. októb. Við norðan og hreiniviðri. Við Keli rerum með lóðir og fengum 57 á lóðirnar. Gjörðum allt itl og festum allt upp. Jón var í veislu tilbúningi sínum. Gefin í hjónaband Guðm. Sigmundsson og GUðbjörg.

8. okt. Við útnyrðing og hreinviðri. Embættað á Felli. tókum saman hey að útaf. Hélur og forst á næturnar.

9. október. Norðan og dumbungur. Saman gefin Jón m. og Guðbjörg. Jón og Guðrún systir mín.

10. október. Norðan gott veður. Lögðum fram um kvöldið.

11. októb. Norðan sama veður. Tókum lóðirnar og lögðum aftur.

12. okt. Sama veður. Lögðum og tókum aftur.

13. okt. Sama veðurlag. Lögðum og tókum aftur. Var Jón eigi.

14. október. ogarði snjó og tók af deginum. Hvass austan lögur. Tók Þorkell aftur með Lofti. Haldin hreppskil Aflaðist á bátinn þessa viku 290 af fiski og ýsu og 9u skötur.

16. október. Norðan hægur og frost. Emb. í Tröllatungu.

17. októb. Norðan stormur og þ urrviðri og frost. Við rerum með lóðir og á þeim 116 og 3 skötur. gjörðum upp fyrir heyið. Við Keli. Andaðist úr svefni séra Björn Hjálmarsson á Klúku nú í nótt að mestu heilbrigður.

18. október. Norðan með frosti og kófkafaldi. Var ei róið. Við Kelai gjörðum til aflanum. Jón m. fór norður í kaupstað. Komst að Hrófá og varð þar um nóttina.

19. októb. Norðaustan með frosti og kófkafaldi. Ég var að dupta að hinu og þessu. Keli að leita og smala. Jón kom inn ánað og fór fram að tind um kvöldið.

20. október. Norðan með frosti og kófi. Við Þorkell söguðum í byrstu og byggðum upp skyggnið. Jón m. á Tind.

21. októb. Við útnyrðing hægur. Hvessti austan er á leið. Ég gat ei róið. Jón m. á Tind. Við Keli og Jóhann með okkur skárum 10. 3 hrúta, 1 sauð og 6 ær. í því til samans 10 fjórðungar.

22. október. Norðan með frosti og kafaldi. Við duptuðm að því er þurfti. Jóhann kom hér og varð um nóttina og rakaði gærur með Kela. Látið fé inn.

23 október. Norðan með frosti og kófi. Embættað í Tröllatungu. Kofa bara og átti 2 kálfa.

24. október. Við norðan gott veður. Við rerum ekki. Skárum 11 rostna. Jón m. byrjaði í ferð sína tur norður og Guðbrandur í Tungugröf með.

25. októb. Við útnyrðing og gott veður. Við rerum og öfluðm 34 á 4 lóðir. Lögðum 2 til næturinn ár og haukalóð við endann á þeim.

26. okt. Austan drif er á leið. Tókum lóðirnar í samlögum á þeim 66. 1 lóa og spraka. Jón fyrir norðan.

27. október. Norðan með frosti og kófkafaldi. Rérum ei.

28. október. Hægð og fannfergja allan daginn. Rerum og fengum 56. Var jarðsunginn séra Björn sálugi. Konan mín elskuleg var í begrafelsinu. Ég náði ei. Hún varð í Heiðarbæ um nóttina.

29. október. Við útnyrðing hæglátur frost og hreinviðri. Við vitjuðum haukalóðinar og 2 lóðir aðrar á þeim 18. Jón kom að norðan færalaus.

30. október. Norðan með frosti og kafaldi. Emb. á Felli.

31. október. Norðan með blota bleyti. Þámaði af til sjóar, en varð skel til fjalla og jarðlaust þar. Við Þorkell brytjuðum spað og söltuðum. Jón m. á Tind.

*Nóvember 1853

1. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi. Guðmundur á Gilsstöðum og skaut og gerði til ? með Þorkeli og Jóhanni er hér hefir verið síðan á helgi. Jón m. á Tind að saga í fjárhús.

2. nóvemb. Landaustan hæglátari innfjarðar og bloti. Við Þorkell sóttum með Jóhanni haukalóðina og aðra lóð við hana. Á þeim 1 þorskur og skata. Lömb inntekin. Jón á Tind. Í haust slasaðist stúlka á Reykjanesi, hér norður frá 10 vetrar með þeim hætti að látúnsprjónn rakst upp í nasirnar og gekk út hjá auganu en náðist ei. Hún var send doktor á Skagaströnd.

3. nóvemb. Ýsing og dimma. Við söltuðum kjöt og brytjuðum.

4. nóvemb. Frostlítið og sunnan stormur. Gjörðum sam.

5. n.v. Hæglátur vestan og þíðviðri. Við rérum allir, fengum 26. Þorkell flutti mó í gær.

6. nóvember. Hæglátur og gott veður. Embættað í Tröllatungu. Fóru héðan og urðu til altaris 3.

7. nóvember. Útsynningur. Við beittum 4 lóðir, en fórum ei fram, því hann fór dagversnandi.

8. nóvemb. útsynningur allan daginn.

9. nóvemb. Útsynningur allan daginn. Var fé úti framyfir miðjan daginn. Piltarnir söguðu raft til að fyrirbyggja að hestarnir næðu ei í heyið.

10. nóvemb. Landaustan stórhríð allan daginn. Sunnan síðast, lögðum lóðirnar, en náðum ei.

11. nóvember. Landaustan hæglátur og fram á miðjan dag,. Þá nær suðri með stormi og bleytu fannspýju undir rökkur, þá suðvestan stórdrif með stórhríð og framundir dag. Allt lak og streymdi. Jóhann flúði úr búðinni hingað um vökuna. Við sóttum lóðirnar, á þeim 28. Beittum 4 aftur og lögðum, þó mið ótta. Komumstum í land undan veðrinu.

12. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi. Vestan síðast og gjörði snjó í miðjan legg.

13. nóvemberm. Norðan hæglátur með kafaldi í millum. Var ei embættað. Við Þorkell og Jóhann sóttum lóðirnar, á þeim 52. Jón fram á tind.

14. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi. Þó út látið fé og hestar. Jóhann hér, en Jón á Tind.

15. nóvem. Norðan með frosti og kafaldi. Allt útlátið miðjan daginn. Jón kom að framan.

16. nóvem. Hreinviðri og hart frost. Við rerum og fengum 22. Jón varð niðri í Naustavík hjá búðar mönnum þar, en Jóhann hér.

17. nóvember. Hátt sunnan bráðviðri með stórsösku fram yfir miðjan dag. Þá bloti, þurr síðast.

18. nóvember. Sunnan stormur fram yfir miðjan dag með smávætu. svo hægð og þurr. Við Þorkell beittum og lögðum 6 lóðir, en gátum ei náð þeim. Þorkell varð hastarlega veikur. Komst þó heim, en Jón m. réri með Lofti, því Jóhann fór eftir færum fyrir hann vestur og Björn í Heiðarbæ með honum. Ný dáinn séra Þorleifur í Gufudal og Þorsteinn í Vatnshorni. Kom Borga-Magnús.

19. nóvember. Suðaustan stormur um morguninni. Svo hæglátur. Landsunnan með fjúki á millum. Við sóttum lóðirnar á þeim42 og 2 skötur. Engvir reru.

20. nóvember. Við sunnan hreinviðri og frost. Em á Felli.

21 nóvember. Útsynningur, þó með éljum á millum. Við Þorkell beittum 7 lóðir og ætluðum að leggja og létum út strenginn, en tókum hann inn óðara og börðum í land. Kom þá Jón minn og fór fram með okkur. Lögðum svo allan, en fengum þá barning í land.

22. nóvember. Vestan stormur og frost. Við sóttum lóðirnar í samlögum við Björn og Loft. Á mínum 53 1 lóðin slitin og flækt. Þórunn í Heiðarbæ, Ingveldur hér.

23. nóve. Við sunnan hæglátur og sígandi frost. Við Keli beittum 4 lóðir og lögðum. Tókum þær aftur, á 35. Þórunn niðurfrá, Ingveldur hér.

24. nóve. Stór bleytu hríð fram yfir miðjan dag, þá útsinningur og bráðviðri. Við Keli beittum 5 lóðir fengum drif í land. Loftur barði að Kirkjubóli. Ingveldur hér, Þórunn niður frá.

25. nóv. Við sunnan og hreinviðri. Við Keli sóttum lóðirnar, á þeim 54, beittum aftur og lögðum. Okkur Finnboga varð sundurorða út af róðrinum. Ingveldur hér, Þórunn niðurfrá. Jóhann ókominn.

26. nóv. Landsunnan hæglátur og sígandi frost. Við Keli sóttum lóðirnar, á þeim 52. Þórunn kom, Ingveldur heim.

27. nóv. Suðvestan linjukafald öðruhverju. Emb. í Tröllatungu, fóru 4. héðan. Ég, Keli, Þórunn, Málmfríður. Þeir komu að vestan. Jóhann og Björn.

28. nóv. Útnyrðingskafald og frostlint. J´hann og Þorkell sóttu fisk á sleða í Naustavíkina. Jarðsnöp í góðu. Björn á Klúku kom með bókaspjöld.

29. nóvember. Austan stórofsi með kafaldi á milli. Var kófrok yfir allan fjörðinn. Ég for ofan í Naustavík.

30. nóv. Austnorðan með frosti og kafaldi. Björn á Klúku var hér að hefla til bókaspjöld.

Desember 1853

1. desember. Hreinviðri og frost. Síðast vestan. Við Þorkell beittum 5 lóðir og lögðum. Jón kom frá Tind. Jóhann fór ofaneftir, hefur hann verið hér síðan á helgi samfleytt. Séra Arnór í Vatnsfirði nýdáinn. 3 menn drukknuð[u] af báti fyrir vestan. Áttæringur lá úti nógðrá? hafi í stórgarði í hálfa aðra viku um veturnætur og komu allir aftur óskemmdir.

2. desemb. Suðurlægur stormur með yrju á milli. Við náðum lóðunum á þeim 52. Hinir lögðu, við ekki.

3. desember. Suðvestan hæglátur miðjan daginn. Við beittum og tókum, á lóðunum 46. Hreinviðri var og sígandi frost. Jóhann hingað og varð um nóttina. Næstliðinn mánuð hafa gengið sífelldir umhleypingar með blotum og bleytu kaföldum af suðri og austri, einstaka dag norðan með frosti og kafaldi. Lítil snöp í góðu við sjó og hér, en jarðlaust til dala.

4. desem. Norðan með frosti og kafaldi. Var ei embættað. Jóhann var hér. Jón framfrá.

5. desemb. Frost og hreinviðri. Rérum og öfluðum 59 á skip. Vika af aðventu. Sést enginn vöðuselur.

6. desember. Sunnan hvass og bloti. Við Sóttum 7 lóðir og lögðum er á leið. Engir réru hér megin, nema Ólafur á Klúku, einfelldnadist fram og hleypti að Hafnarhólmi.

7. desember. Útsynningskafald og bleyta á millum. Varð ei vitjað lóðanna. Jóhann kom hér og var framundir kvöld.

8. desemb. Sama veðurlag, þó lakari. Varð ei vitjað lóðanna. Jóhann kom hér og varð um nóttina.

9. desember. Vestan útsynningur framyfir miðjan dag. Þá hægri með fannfergju. Við sóttum lóðirnar á þeim 50. Jóhann hruflaðist af skíða falli.

10. desember. Vestan stórmold framundir miðjan dag, þá af ýmsum áttum, þó kafaldslaus. Við Jón gjörðum við fiskinn og drógum sleða frameftir.

11. desember. Frost, logn og þoka með smáfjúki á milli. Var ei embættað á hvurigri kirkjunni. Jón fram.

12. desemb. Útrsynningur hæglátur, lögðum og tókum lóðirnar á þeim 44.

13. des. Lögðum og tókum lóðirnar á þeim 52. Útsinningur. Keli fór út á félagsfundinn, kom heim veikur af sviðabólum um öxlina og brjóstið.

14. desember. Vestan stormur og skafrenningur. Við beittum í sameiningu við Loft 8a lóðir og lögðum, fórum síðan að Hellu. Fengum þaðan barning og undir Tungugrafarhólmana. Þorkell varð veikur af uppþota kláða, svo ég sendi Sigmund suður.

15. Við vestan, hæglátur og loftþunnur, sígandi frost. Við tókum lóðirnar, á mínum 37. Loftar 20. Beittum allar niður aftur. Sigmundur kom að sunnan með meðölin. Þorkeli skárra. Kvað sjúkdómur hans heita blöðrusýki. Varð Loftur og Sigmundur hér um nóttina og röktu úr færi.

16. desember. Frost og hreinviðri. Sóttum lóðirnar á þeim 24. Lögðum ei aftur. Loftur fór fram hingað og v[ar] u[m] nóttina.

17. desember. Vestan drif fram yfir miðjan dag. Þá hreinviðri og frost. Loftur varð hér aftur. Jón framef[ir].

18. desember. Hæglátur vestan með smáfjúki á millum. Var ei embættað. Fæddur og skírður Björn á Klúku. Hélt ég honum undir skírn. Héldum fund með okkur félagsnótnamenn um kvöldið inní Húsavík.

19. desember. Frost, hreinviðri. Ég gat ei róið því Jón var fram á Tind. Allir réru. Fiskfærra.

20. desb. Frost og hreinviðri og ganga upp til … . Við rérum í samlögum við Loft, fengum 34.

21. deseb. Hlávíðri vestan. Rerum ei. Felldum nótina mína.

22. deseb. Hlávíðrið. Æskiligt. Eigi róið. Felldum hinn jaðarinn.

23. desb. Hlávíðrið eins. Ei róið. Ég gjörði við niður frá.

24. desb. Hlávíðrið í afréni. Útsynningur síðast. Lagði vel. Jörð næg og góð. Ingveldur í Heiðarbæ kom með Svein og urðu um nóttina. Hleypt til fyrst.

25. desember. Vestan frost og hreinviðri. Norðan með frosti og fjúki er á leið. Vestan síðast. Embættað á Felli. Jóladagur.

26. desember. Vestan hægur, frost og hreinviðri. Em[bættað] á Felli.

27. desember. Hreinviðri og vestan drif. Ég gjörði við niður frá og tók ofan 200 og setti allt í stand. Ólafur á Klúku reri fyrir dag út í Djúp áður hvessti. Kom ei heim um kvöldið.

28. desember. Vestan hlávíðri og hvass með úrfelli á millum. Við vorum að saga í slár og stjóra.

29. desember. Hægð, frost og hreinviðri. Ég sótti 200 af fiski og höfuð á hest ofan eftir og kom því svo öllu í lag. Stökk hrútur inn um stórhúshlöðugluggann og bógbrotnaði, látinn svo heim í kúahlöðu.

30. desember. Frost og hreinviðri. Við vorum að saga í flær og smíða stjóra. Sigmundur kom að sunnan með meðöl og blek, handa Þórunni Jóni og okkur Þorkeli. Hann varð um nóttina. Ýmsir róa og afla.

31. desember. Við norðan og frost, hreinviðri. Ég enti við stjórann og flárnar á nótina mína.

1854

*Janúar 1854

1. janúar 1854. Norðan stormur og hreinviðri. Embættað í Tungu. Við fórum 6 héðan.

2. jan. Norðan með frosti og fjúki á millum. Ég skrifað? fiski niður frá. Finnbogi beitt við ? hrútinn.

3. jan. Frost og hreinviðri. Þorkeli og Þórunni tekið blóð. Hann vesæll af kýlistilbúning undir hendinni, hún af verk í viðbeini.

4. jan. Frost og hreinviðri. Ég bætt á nót flár niður frá.

5. jan. Frost og hreinviðri. Bundum flár á nætur.

6. jan. Frost og hreinviðri. Lögðum við Hrafnsnes.

7. jan. Frost og hreinviðri. Bundum stjóra á nætur snerum niðri stöðum.

8. janúar. Frost og hreinviðri. Embættað í Tröllatungu. 4 fóru héðan. Ég Þorkell, Guðríður, Guðrún.

9. janúar. Frost og hreinviðri. Við Þorkell sóttum fisk á 3 hestum ofan eftir og pordum við hann. Lögðum í Naustavíkinni og settum þar allt í stand.

10. jan. Frost og hreinviðri. Gjörðum hitt og þettað.

11. jan. Frost og hreinviðri. Við Þorkell sóttum allan fisk sem var niður frá og komum honum fyrir. Gjörði sunnan veður með frassa, er á leið. Ólafur rær enn og aflar um 40.

12. jan. Landaustan drif og frostlint. Haldið rauðflekkóttu kvígunni. Bundum á nót. Við Jón og Tómas í Heiðarbæ. Dröfn haldið 6. þessa mánaðar. Jarðir góður, engin vaða.

13. janúar. Við landsunnan, gjörði hægðar él um miðjan daginn. Við Jón bundum flár og stjóra.

14. jan. Austan gúlpur og frostlaust. Við Jón festum upp sköturnar. Ég smíðaði nagla í stýrisjárnin.

15. jan. Frost og hreinviðri. Embættað í Tungu. Við fórum hjónin, Þórunn og Málmfríður. Urta í Hrafnsnesnót.

16. jan. Austan drif, frost og hreinviðri. Fórum inn að Húsavík og vógum selinn en gátum ei. Ólafur réri og varð á Kleifum.

17. jan. Landaustan frostlint og smáfjúk í millum.

18. janú. Austan gúlpur og linja. Varð ei vitjað nóta.

19. an. Landaustan gúlpur. Bleytukafald síðast. Við gættum nótanna. Ekkert í þeim, utan 6 svartfuglar.

20. janúar. Sama veðurlag. Við Jón vorum að smíða stýri.

21. janú. Suðaustan hæglátur og frostlaust. Ekkert í nótunum. Kofu haldið. Frá 70 til 80 á 5m lóðir undir Reykjanesi en engin vaða sést en, en mikil á Hrútafirði. Þeir fyrstu að fara norður, svo allir eftir helgina. 1 laugardagur í þorra. Sagt er: að maður að nafni Baldvin á Skagaströnd hafi hálsskorið sig með barbírnum um leið og hann rakaði sig á jólanóttina. Hann var og trúarníðingur. Sagt er líka að nýlega hafi 2 menn á Vestfjörðum fyrirfarið sér, sinn með hvurju móti. Þar kvað vera gott fiskirí en lítil vaða. Loftur hér í nótt og hina fyrri.

22. jan. Vestan stórdrif með úrfelli, síðast bráðviðrin að bleytukafaldi og sletti ofan í. Svo frost og fjúklaus. Ei embættað.

23. jan. Hægð og hreinviðri. Svo austan drif og hagl kafald síðast. Við vitjuðum nóta og beittum 4 lóðir en lögðum ei.

24. jan. Hægðar fjúk, landaustan. Svo austan drif. Við Jón fórum til lóðanna. Komumst að Grunnbólinu og sigldum svo í land, létum krók á stýrið og 2 nagla í bátinn, svo fram aftur og náðum lóðunum, á þeim 24. Gjörðum til og bárum heim beitu og lóðir. Þorkell vesæll í fótum. Andrés lá til byrja.

25. jan. Útsynningur linari er á leið. Við fórum til nótanna, ekkert í þeim. Þorkell vesæll í fæti.

26. jan. Útsynningur. Varð ei róið. Keli vesæll í fætinum.

27. jan. Útsynningur. Þorkeli batnað í fótunum. Útnorðan áhlaup er á leið. Ólafur hleypti að Heydalsá. Ekkert í nótunum.

28. jan. Vestan stormur og frost. Ekkert í nótunum. Ég vóg fisk og barði fönn úr fiski. Jón inn að Kleppustöðum.

29. jan. Hæglátur vestan og hreinviðri. Embættað á Felli.

30. jan. Útsynningur. Ekkert í nótunum. Kom Jens að sunnan. Ólafur á Klúku kom eftir heyskiptum fyrir Björn handa kúnum.

31. jan. Norðan með frosti og kafaldi. Ekkert í nótunum.

*Febrúar 1854

1. feb. Frost og hreinviðri. Kópur í Heiðarbæjar nótunum.

2. feb. Útsinningur. Urta í Heiðarbæjar nótinni.

3. febrúar. Vestan og hláviðri. En rosa mikill. Urta í Naustavíkurnótinni með 12 fjórðungum (Nei, í gær). Gjörð til í dag.

4. febr. Sunnan hláviðri og hæglátur. Urta í Hrafnsnesnótinni á henni 10 fjórðungar. Hvolfdum skipinu Eyjúlfs.

5. febr. Hæglátur vestan með muggukafaldi. Var ei embættað. Mið þorri. En hefur ekkert hrot sést. 12. selar eru komnir í nætur í sveitinni. Jarðir nógar sem stendur.

6. febr. Megn útsinningur og stórviðri. Við fórum að Heiðarbæ og dvöldum þar stundarkorn. Svo heim. Ólafur fór ofan í Naustavík.

7. febr. Vestan hæglátur og muggukafald fram yfir miðjan dag, þá bjartari og hart frost. Hvolft upp skipi Eyjúlfs. Hafði þá selur rifið sig úr nótinni.

8. febr. Vestan stormur og hreinviðir og hart frost. Við vitjuðum netanna útfrá. Hafði selur smogið. Jón m. fór inn að Hrófá að saga.

9. febr. Hátt sunnan stormur og ganga í sig. Hlánandi. Ekkert í nótunum.

10. febr. Vestan þíðviðri en krepja til fjalla. Ekkert í nótunum.

11. febr. Vestan og hlávíðri. Bráðviðri, fjúk síðast. Kofu haldið aftur. Ekkert í nótunum. Jón kom frá Hrófá, svo fram að Tind. Í norðan veðrinu mikla í haust brotnaði Reykhóla og Gufudalskirkjur, 7 skkip fórust þá á millum Skagafjarðar og Eyjafjarðar. Víða tóku hey og fé hraktist í sjó og fennti, líka slengdist til jarðar og dó.

12. febr. Vestan drif, frostlítið fjúk er á leið. Ei embættað. Ekkert nótum.

13. febr. Vestan sterkviðri og stórhríð allan daginn. Varð ei viðtajð nóta. Við fórum ofaneftir, ég sótti lifur. J'on minn út á Broddanesi.

14. febr. Norðan hvass með hörku og kófi. Ekkert í nótunum. Svartflekku haldið.

15. febr. Vestan með hörku og éljum á milli. Ekkert í nótunum. Við Finnbogi vorum að gjöra við Naustavíkurnæturnar. Þær voru slitnar frá hleinum, gátum ei að gjört því þær voru flæktar í stjórann.

16. febr. Stórmold vestan fram yfir dagmál. Þá útnorðan með stórkafaldi og hörku. Varð ei gætt nótanna. Jón kom utan að.

17. febr. Stórmold með hörku norðan. Ég vitjaði nóta. Ég saumaði skinnstakk.

18. febr. Norðan hægri og linandi frost. Kafald eftir miðjan dag. Bloti síðast. Ég fór að Klúku og hjó upp kvörnina þar lagfærðar næturnar.

19. feb. Við vestan, þykkur og hæglátur. Var ei embættað. Góa byrjar.

20. feb. Stór útsynningur allan daginn. Varð ei vitjað nótanna.

21. febr. Bloti og útsynningur. Við vitjuðum nótanna og létum á þær flár. Ekkert var í þeim. Jón minn fór fram að Tind.

22. febr. Megnis útsynningur allan daginn. Varð ei vitjað nótanna. Jón Halldórsson varð hér um nóttina. Hann bar mikið af fiskifangi.

23. febr. Fannspýja, bloti og norðan með frosti yfir sólarhringinn. Vitjuðum nótanna, ekkert í þeim. Jón minn fram á Tind.

24. febr. Útnorðan drif með hörku og kófi. Varð ei vitjað nótanna. Nú orðið klára jarðbann, af áfreða og fanndýpt.

25. febr. Við útnyrðing frost og hreinviðri. Vitjuðum nótanna, ekkert í þeim. Sögð mikil vaða á Hrútafirði. Bestu búnir afla þar 20 í nætur og eins með byssu. Hér sést enginn selur.

26. febr. Bloti og bráðviðri vestan. Var ei embættað 7.v.f. inngangur.

27. feb. Megnis útsynningur allan daginn. Varð ei vitjað nótanna.

28. feb. Megnis útsynningur, svo bloti. Gætt að nótunum, ekkert í þ.

*Mars 1854

1. mars. Megn útsinningur. Varð ei vitjað nótanna. Jón kom frá Hrófá.

2. mars. Útsynningur allan daginn. Jón m. og Björn sóttu drukk að Tind.

3. mars. Útsynningur allan daginn. Var hvurugan daginn nóta vitjað. Jón m. og Björn fóru út að Kollafjarðarnesi með sleða. Ég fór að Klúku og Kirkjubóli. Jarðlaust. Vaða mikil og góð á Hrútafirði. Nú er komið að miðri góu og hefur enn ei þennan vetur sést 1 selur á Steingrímsfirði og muna ei slíkt elstu menn.

4. mars. Landaustan fannfergju kafald allan daginn. Ég mokaði upp bátinn minn og færði undir búðar gaflinn. Varð ei vitjað nóta.

5. mars. Hægur með þoku og ísing allan daginn. Embættað í Tungu. Við Skúli fórum til kirkjunnar og vitjuðum um næturnar. Í þeim urta og kópur. Hann slapp úr gögnum þá inn átti að draga.

6. mars. Hægur sunnan með vætu á millum. Náðum kópnum voru doggarnir búnir að éta hann til helminga, náðust af þeim 3 og var niðri þeim nær 2 fjórðungar af sel með skinninu í þeim sjálfum lifrar fjórðungur.

7. mars. Vestan drif og þíðviðri. Eyjúlfur ætlaði norður, en varð ei af vegna vinds. Ég var að skrifa fiski heima.

8. mars. Hægð og linju fjúk. Vestan stormur síðast. Ég sótti sel ofan eftir og spýtti skinn. Eyjúlfur fór ekki.

9. mars. Hæglátur suðvestan. Eyjúlfur fór norður. Ekkert í nótum.

10. mars. Vestan stormur, gættum ei nótanna. Skiptum feita selnum.

11. mars. Austan með fannfergju kafaldi allan daginn. Varð ei vitjað nóta. Þorkell malaði á Geststöðum.

12. mars. Austan norðan með kafaldi allan daginn. Ei embættað. Kom Björn minn á Klúku með Norðra.

13. mars. Útsynningur, svo hæglátur, fyrir miðdegi, landaustan fannfergja. Síðast bloti. Vitjað um nótina. Ekkert í þeim.

14. mars. útnorðan stórdrif með fannfergju. Svo vestan með bleytukafaldi og stórviðri. Varð ei nóta vitjað.

15. mars. Við vestan hæglátur og fjúklítill. Ekkert í nótunum.

16. mars. Fannfergju kafald af ýmsum áttum, austan drif síðast. Við Þorkell sóttum spýtur á sleða. Nú er klára jarðbann yfir allt. Nú er fimmtudagurinn síðastur í góu.

17. mars. Vestan með sólskini og skafrenning. Þó frostlítið. Við gættum nóta, ekkert í þeim. Drógum allir sleða með Birni mínum á Klúku. Það var fiskur á sleðanum.

18. mars. Vestan og hæglátur með sólkskini og frostlítið. Við gættum nótanna, ekkert í þeim. Þórunn fór inn að Húsavík og varð þar um nóttina.

19. mars. Vestan drifa veður og hláviðri. Þórunn kom og Margrét með henni og varð hér um nóttina. Em. á Felli.

20. mars. Sólskin og blíðviðri. Við tókum upp úr Hrafnsneslögnina.

21. mars. Hláviðri og drifaveður. Fórum ei ofan eftir.

22. mars. Hláviðri, en háarok allan daginn og skarahríð eftir öllu fjallinu norðan taglið og heim að Heiðarbæ. Svo að skafl lagði yfir kofan Sólvegar og upp á mæni á dýraloftið. Hér niðri bar lítið á skaranum. Hurðina frá hesthúsinu tók veðrið og braut. Var hún hingað og þangað ofan á götum.

23. mars. Vestan drif og hláviðri. Við Björn í Heiðarbæ fórum inn að Húsavík og breiddum næturnar.

24. mars. Hláviðri fram yfir miðjan dag, þá hægð og linju fjúk, við Keli þrifum fyrir öllum peningahúsadyrum, han varð vesæll.

25. mars. Maríumessa. Frost og hreinviðri fram yfir hádegi. Þá stormur vestan með smáskúrum. Við tókum upp næturnar í Naustavíkinni. Þorkell m. og Björn í Heiðarbæ fóru suður að Garpsdal. Þorkell m.: vegna veiki sinnar, en Björn eftir meðölum handa Benidikt á Kirkjubóli, er slasaðist á fæti af Hellusteini er féll á hann í veðrinu. Ásgeir á Kollafjarðarnesi kvað slasast hafa í sama veðri af járni, en kom á augabrúnina. Liggja þeir báðir rúmfastir.

26. mars. Suðvestan stormur og hláviðri. Embættað í Tröllatungu. Fóru héðan Guðríður og Þórunn. Þorkell og Björn komu að sunnan. Guðmundur Þórðarson kom og sagði bátstapa af Suðurnesjum með þremur mönnum. Hann kom heim og með meðöl til mín.

27. mars. Hláviðri. Ég gjörði við bát fyrir Björn minn á Klúku.

28. mars. Vestan hæglátur fram yfir hádegið og væta, þá allt í einu útsynningur og rok framundir miðaftan, þá hægð og þurr. Ég sótti feitan sel.

29. mars. Vestan með bleytukafaldi öðru hverju og háa roki. Allan daginn. Engin skepna var út látin og ekkert úti.

30. mars. Vestan sterkviðri og þreifandi mold allan daginn. Þorkell gerði með mér úti um morguninn, hljóp þá uppá honum, ég gjörði einn úti um kvöldið og átti bágt með. Þessi útsynningur er sá versti er komið hefur í vetur sem er fimmtudagurinn 1. í einmánuði.

31. mar. Suðvestan hægur og lítill bloti framundir hádegi. Svo vestan rokviðri með frosti og stórösku. Ég gjörði einn úti, því Þorkell var vesæll og var ég nær uppgefinn þá heim komst. Er nú komin allmikil fönn aftur.

*Apríl 1854

1. apríl. Austan með fannfergju þar til kl. 5 f.m. þá batnandi, hæglátur og hreinviðri. Vestan útnyrðingur og frost. Gjörði lítið él er á leið. Við Þorkell bárum hey og stúlkurnar.

2. apríl. Útnorðan drif með frosti, hér hæglatur og fjúklaus, en sást til sólar öðru hverju. Kafaldsbálskúrir var fyrir norðrinu en fór minnkandi eftir4 sem á daginn leið og heiðbirti jafnóðum. Var ei embættað því ófærðin var allmikil.

3. apríl. Þokuhægð og smá fjúk fram yfir hádegi, þá vestan hvass með hlávíðri. Hefur fé inni staðið í viku vegna illviðra og fanndýptar. Hestar stund úr degi, stöku dag úti. Keli hreinsaði sig. Sagt er að norðan að 4ur skip hafi róið af Gjögrinni þann 20. mars. hafi tvennir lent aftur 21 s.m. en til hinn á sé enn ei frétt. Þann 25. mari n.b. var reynt fyrir fisk með handfæri frá Hvalsá í Tröllatungusóknum og drógust 4ir, enn varð var, hvar sem rennt var færinu.

4. apríl. Vestan drifa stormur og loftþunnur um miðjan daginn. gjörði jarðlaust að mestu fyrir fé um morguninn af áfreða útsynningum um kvöldið. Þorkell fór upp að Tungu að vitja um Halldór kallinn hvort hann gæti komið, því þetta var skildagur hans. Varð hann hér um tíma séra Halldóri til þénustu. Nú er miður einmánuður. Gefur að kalla aldrei yfir þveran fjörð eða fjall.

5. apríl. Vestan drif og slitrings kafald, framyfir hádegi, þá eftir það stórmold og veðrið af því skapi. Hestar voru úti litla stund. Ekki fréttist neitt til skipakomu ennþá.

6. apríl. Við norðan frost og hreinviðri. Útlátið um miðjan daginn.

7. apríl. Norðan stormur og hreinviðri. Útlátið miðjan daginn. Ég fór ofan í Naustavík að sækja sprek til eldiviðar.

8. apríl. Norðan með frosti og kafaldi. Fé inni. Þorkell að smíða aska. Ég að meitla tönnur af sög og rífa af henni ryð.

9. apríl. Norðan með kafaldskófi og frosti. Fé inni. Ei embættað.

10. apríl. Við útnyrðing, hægð og gott veður. Fé útlátið. Við Keli sóttum taðpoka að Klúku. Kom Sigmundur í Garpsdal eftir fiski fyrir séra Bjarna og varð um nóttina.

11. apríl. Logndrífa framundir dagmál, þá þoka og smásuddi úr menn. Svo sólskin og blíerið. Sigm: fór héðan með fisk á Rauðku sinni. Við stungum út lambhúsið.

12. apríl. Vestan meður felli og leysingu allan daginn. Kom og fór héðan Eggert frá Garpsdal. Hafði hann byssu til ferðar.

13. apríl. Hlávíðrið og mikil leysing. Skipin er vöntuðu af Gjögrinu eru fram komin með heilu og höldnu.

14. apríl. Norðan með fjúki og frosti. Þeir komu heim af Gjögrinu.

15. apríl. Norðan hæglátur. Frost og hreinviðri. Björn á Klúku var hér að hefla bókaspjöld. Hér kom og Ormur. Gáfu þeir báðir okkur kaffi.

16. apríl. Páskadagur. Dimbingur með þoku og vætu. Em. í Tungu.

17. apríl. Landsynningsdimbingur með þoku og úrfelli allan daginn. Fóru sömu héðan til kirkju og í gær. Við Keli, Þor, Grðr og Guðrún.

18. apríl. Vestan framyfir miðjan dag með vætu, þó þurr og stormur, væta síðast. Brúnn minn hefur verið inni alinn í mánuð vegna megurðar á góðri gjöf og blöndu, en í morgun gat hann ei stigið í vinstri afturfót, var bólgumikill ofan og neðan konunganefið.

19. apríl. Þokudymbingur og væta allan daginn, þurr síðast. Lítið frost.

20. apríl. Norðaustan drif með kafaldskófi og hörku. Var ei útlátið. Varð að reisa Brún á hverjum degi.

21. apríl. Hæglátur og hart frost. Útlátið miðjan daginn.

22. apríl. Mjúkt veður og frostlint. Stúlkurnar rifu lyng.

23. apríl. Hlávíðri. Embættað á Felli.

24. apríl. Sunnan og hlávíðri. Við Keli gjörðum hitt og þettað.

25. apríl. Sunnan og hlávíðri. Væta síðast. Ég sótti Halldór er til mín fór að Tröllatungu. Brúna hestinum mínum er í aftur bata.

26. ap. Vestlægari og þíðvíðri. Við tókum saman félags næturnar, ég Þorkell, Finnbogi og Björn sonur hans.

27. ap. Norðaustan stormur og frost dálítið. Ég lagaði til sveifinavið stýrið á bátnum mínum. Vantaði 5 lambgimbrar um kvöldið.

28. apr. Vestan og úrfelli. Síðast og bleytukafald til fjalla.

29. apr. Vestlægur og bleytufjúk framyfir miðjan dag. Kom snjór til muna á fjöll, en festi ei í byggð. Kom Finnbogi og fór í smiðju og bilar? hún hjá honum. Fyrir hálfum mánuði er komið skip á Skagaströnd.

30. apr. Stórofsi austnorðan með hörku og kafaldi. Ei embættað, allt inni.

*Maí 1854

1. maí. Sama veður nokkuð vægari allt inni. Við röktum niður í öngultauma. Gjörðu piltarnir það gjöra þurfti úti. Þorkell og Halldór.

2. maí. Sama veður. Kafaldið var minn á, en frostið eins. Var útlátið miðjan daginn. Bornar 3 lambgimbrar fyrir mál, dautt undan einni. Kom Lalilja Lilja frá Húsavík og gaf konu minni klút. Var hún þá fátæk af matbjörg. Ég sneri öngultauma 40.

3. maí. Sama veður staða fjúklastu og sá sól á millum. Frostið var eins, en heldur í niðurgöngu. Var út látið. Ég sneri 60 öngultauma.

4. maí. Landaustan hæglátur, smá fjúk á millum, þeir reru á Gjögrinu, föstudaginn 29. apríl og lentu daginn eftir, Jón Guðmundsson í Bæ á Selströnd villtist heim til sín. Allir öfluðu nokkuð.

5. maí. Landaustan og þurrviðri. Við Þorkell rifum upp smiðjuna og gjörðum við belginn.

6. maí. Landsunnan góðviðri. Við Þorkell settum niður smiðjuna og settum saman Bátssveifina niður frá.

7. maí. Landaustan drif og besti þerrir. Embættað í Tröllatungu, fór héðan 4. Þorkell, Guðríður, Þórunn og Málmfríður.

8. maí. Norðan hæglátur og þerrir. Tókum sundur tað.

9. maí. Norðan og þerrir. Frost á nóttu hverri, fyrst farið að vinn á á. Þorkell með vefjarverk að Tungu, ég hnýtti saman öngultauma. Kom Jónatan á Smáhömrum að biðja um vinnukonu.

10. maí. Austan stormur og frost, en þurrviðri. Ég lét Þorkel reka inn að Víðirdalsá er ég tók af Guðmundi og lamb að Kirkjubóli. Tómas í Heiðarbæ sótti sjálfur ána sína. Stúlkurnar unnu á.

11. maí. Landaustan og hæglátur, mjúkt veður. Gjörð fjúk síðast. Við Þrkr ökuðum 31 hjólbörum fjárhúshaugnum á Brekkuna. Stúlkurnar unnu á. Reist taðið. Guðrún veik af kýli á bakinu.

12. maí. Bænadagur. Landsynningshægðar fjúk og mjúkt veður. Tók af fölið. Norðan síðast og kaldari. Konan m. elskul. veiki þyngri og kom ei dúr á auga alla nóttina. Kom Helga konan á Klúku að koma Birni litla inn hjá okkur. Komið Reykjarfjarðarskipið. Embættað á Felli.

13. maí. Norðan með frosti og kófkafaldi framyfir miðjan dag. Bar fyrsta ærin. Þorkell sótti tað að Klúku. Komin 4 skip á Skagaströnd.

14. maí. Ajrða steytingur, sólskin og hörkufrost. Embættað á Felli. Við hjónin fórum yfir að Klúku. Léðum Guðrúnu ársvist.

15. maí. Vestan drifastormur suðvestan með úrfelli á millum. Komu hér Björn m. á Klúku, Jón á Tind og Guðbjörg þar.

16. maí. Vestan drif með kafaldséljum á milli. Við Keli gjörðum við bæjarhurðina fremri. Ekki var unnið á túninu.

17. maí. Norðan stormur, hreinviðri og frost. Unnið á túninu. Jón m. kom að norðan og fór norður um kvöldið aftur. Kom Tilælendskt skip inn á fjörðinn og lagðist á Reykjavíkina.

18. maí. Hægð og sunnan í áttinni. Væta síðast. Við Þorkell fórum út að Broddanesi með leigurnar. tókum þar Þóreyju m. sem flutt var til sveitar sinn ár, fór hún með okkur hingað og varð um nóttina. Farangur hennar varð eftir á Kib.

19. maí. Lestan stormur með skúrum á milli. Ég setti reiðaböndin á bátinn minn og heflaði til seglásinn á hann. Þorkell sóttur farangurinn Þóreyjar að Kirkjubóli.

20. maí. Norðan drif kafaldi á milli og frosti til fjalla. Ég setti saman seglásinn. Kom Jónatan að biðja um Þóreyju, til ónýtis.

21. maí. Hátt norðan hvass með kófkafaldi og hörku. 4 ½ v. af sumri. Var ei embættað. Guðrún kom að gamni sínu frá Klúku.

22. maí. Háttnorðan garður með hörku og kófkafaldi. Var út látið miðjan daginn það óborna. Útlenska skipið lá kyrrt.

23. maí. Sami hörku garðurinn, sama lag haft á kindunum. Ég var að spinna hrosshár þessa dagana, en Þorkell kemdi það.

24. maí. Landaustan gúlpur og þíðviðri. Ég enti við hrosshárið.

25. maí. Austan gúlpur og smáväeta. Uppstigningardagurinn. Em. í Tungu.

26. maí. Austan til flóans, sólskin og gott veður. Við fórum fram á franska skipið. Fengum þar brennivín og lítið af brauði, þeir voru mikið góðir og alúðlegir, svo héldum við inn að Sandnesi og töfðum þar til kl. 11, svo að Hellu og urðum þar um nóttina.

27. maí. Austræna og þerrir. Við fórum frá Hellu um miðdegi.

28. maí. Góðviðri, sólskin og þerrir. Myrkvaþoka að nóttunni og allan daginn á firðinum. Embættað á Felli.

29. maí. Norðaustan stormur, þoka yfir allan sjóinn og þerrir. Þingað á Kirkjubóli. Flæmskir lögðu út.

30. maí. Innlagning austan og þerrir. Haldin aksjón á Klúku á eigum séra Björns sáluga.

31. maí. Útnyrðings stormur og þerrir. Við Keli gjörðum við stekkinn. Stúlkurnar voru léðar að Geststöðum.

*Júní 1854

1. júní. Vestan og þerrir. Við Þorkell ökuðum fjárhúshaugunum út á túnið. Stúlkurnar reistu tað og unnu á.

2. júní. Vestan stormur og þerrir. Við ökuðuðum norðari garðinum í hin fremri holli og ö? Ég bikaði bátinn minn.

3. júní. Vestan hvass og leysing með sólskini.

4. júní. Hvítasunna vestan stórdrif og þerrir. Em. í T.

5. júní. Vestan nokkuð hægri. Kom Guðm. Sveinsson. Em. í T.

6. júní. Vestan drif og þerrir. Við Keli vorum að eiga við í görðunum. Tekið saman tað og unnið á.

7. júní. Vestan stormur og skúrir á milli. Við Þorkell vorum að erfiða í garðinum. Stúlkurnar unnu á.

8. júní. Vestan drifa stormur með krapa skúrum á milli. Gránaði ofan í Kastaladal. Við feðgarnir vorum að vinn á í görðunum. Stúlkurnar unnu á. Enn er ófrétt um komu Gjögrara úr róðrinum.

9. júní. Hægur og við austan. Snjóaði í miðjar hlíðar, er á leið. Við vorum í görðunum, aflífuð ær eftir langvinn án batatilraunir. Nú fréttist að þrennir Gjögrarar hefðu lent, aðfaranóttina laugardagsins f. Hvítasunnu og aflað vel. Til hinna var enn óspurt. Hafísinn hafði gjört öllum ónæði á legunni.

10. júní. Norðan drif og þerrar. Frost til fjalla. Við entum við að stinga upp garðana. Allir Gjögrarar höfðu lent heilu og höldnu í gærdag eftir nærri hálfsmánaðar útivist. Öfluðu flestir vel. Mikið vesælir höfðu menn sumir verið orðnir hjá Jakop.

11. júní. Trínitatis. Emb. á Felli. Í morgun sigldi inn á Skeljavík útlensk fiskidugga. Var landaustan stormur og rigning. Dó lamb. Björn í Heiðarbæ kom með eggin.

12. júní. Stóreflis norðaustan garður með frosti og kafaldi til fjalla. Rak flæmska skipið upp í víkina fyrir inn án Skeljavíkurhólmann, en sagt óbrotið. Kapteinninn fór strax til sýslumanns í dag og Sakarías á Heydalsá með honum. Ég húðaði belg í Heiðarbæ.

13. júní. Heldur í afláti með garðinn. Við tókum af við stekkinn og bjuggum norðari garðinn undir sáningu. Eyjúlfur kom hér.

14. júní. Norðan hæglátur og lina. Við Keli unnum í garðinum.

15. júní. Landaustan þykkviðri og væta. Við unnum í garðinum. Stúlkurnar fóru tili grasa stundarkorn.

16. júní. Hægur norðan og þerrir. Þorkell, Finnbogi og Halldór byggðu upp fyrir mig stekkinn. Ég sáði í hálfan garðinn með ralstarnar?

17. júní. Vestan stormur og þurrviðri. Varð ei sáð vegna storms. Við Þorkell og Halldór stungum nokkuð útúr stóra húsinu. Þórunn fór inn á strandaða skipið með Heiðarbæjarfólkinu.

18. júní. Sunnan stormur og þurrviðri. Við fórum héðan til kirkju við hjónin. Þorkell, Guðríður og Guðrún mín frá Klúku og urðum öll til altaris. Sáðum í garðinn um nóttina.

19. júní. Norðan hæglátur og þerrir. Við stungum út úr stóra húsinu nokkuð. Stúlkurnar tóku sundur. Haldinn Kollabúðafundurinn.

20. júní. Norðan stormur og þerrir. Við entum við stóra húsið.

21. júní. Við landsynning og þerrir. Fóru héðan inn á skip við hjónin, Þorkell, Guðríður, Þórey, Málmfríður og Guðbjörg á Tind, frá Klúku hjónin, Guðrún dóttir mín, Guðmundur, Bogie og Valgerður litla, frá Heiðarbæ Finnbogi, Björn og Guðmundur, Kirkjubóli Valgerður og Elín. Þar fengum við ekkert gott. Konan mín var nærri komin í Víðidalsárnar. Með guðs hjálp gat ég bjargað henni. Guðríður datt af baki og laskaðist í fæti. Gjörði ég svo þetta.

Fjöldi manna fór að sjá
franska duggu og veislu stjá
sumir nærri sukku í hyl
svo bar öðrum slysnin til,
úr öllu varð að endingunni
armæða og apaspil.

22. júní. Landsunnan hæglátur með skúrum á millum. Við Þorkell með Halldóri fórum að leita eftir mó og fundum hann um síðir uppundir Búrfellsflóa all góðan.

23. júní. Landsunnan með skúrum. Við 3 skárum móinn.

24. júní. Landsunnan með skúrum. Við Þorkell skárum móinn. Halldór malaði á Klúku. Verið að búa sig undir grasafjallið.

25. júní. Landsunnan að mestu þurr, fólkið fór á fjallið. Em. í Tungu. Sáust fyrst 3 plöntur í garðinum nú á 9unda degi.

26. júní. Norðan útræna og þerrir. Myrkvaþoka að nóttunni. Komnar um 100 plöntur í garðinn. Ég smíðaði hestajárn. Fært frá.

27. júní. Sama veðurlag. Við vorum að girða fyrir milli hesthússins og sauðahlöðunnar. Fórum inn að Sandnesi, Björn og Finnbogi.

28. júní. Útræna og þerrir að deginum. Logn og þoka að nóttunni. Haldin aksjón á strandaða skipinu og því fylgjandi gafsi?. Við Skeljavík. Allt varð þar mjög dýrt nema salt.

29. júní. Sama veður að mestu. Ég með Kela sóttum 3 tunnur af salti inn á sandinn á bátnum mínum.

30. júní. Landaustan hæglátur með smávætu á milli. Við tókum saman allt Stórahústaðið. Ég og aðrir hér vesælir af kvefi.

---

*Júlí 1854

1. júlí. Garðhrina að deginum gjörði logn um náttmál. Þorkell minn fór í kaupstaðarferð með Grími og Ormi.

2. júlí. Sama veðurlag og besti þerrir. Embættað á Felli. Finnbogi sótti grasafólkið inn eftir. Jón minn gjörði við klukkuna.

3. júlí. Við norðan, þoka á næturnar, þerrir á daginn og innlagning.

4. júlí. Sama veðurlag og veðurstaða. Rekin lömbin og hrútarnir.

5. júlí. Sama veðurlag. Þeir komu að norðan. Um nóttina komu heim 12 lömb af þeim sem rekin voru daginn áður.

6. júlí. Sama veðurlag. Þorkell sótti sig ofan eftir. Ég hef verið mikið vesæll af kvefi nú í viku. Þó fleiri. Kona nýdáin á Bjarnarnesi.

7. júlí. Sama veðurlag. Við Þorkell smíðuðum milli hesthúss og hlöðunnar og stiga við sauðhúsjötuna. Ég við sama. Hinir skárra.

8. júlí. Vestan stormur og besti þerrir. Þorkell og Björn ráku lömbin aftur. Halldór fór með hestana á eftir þeim.

9. júlí. Vestan drif og þerrir. Við Þorkell tókum saman móinn. Stúlkurnar tóku horblöðku. Mér nokkuð skárra (óaðgætt þetta er sunnudagur, embættað í Tungu).

10. júlí. Vestanstormur, gjört í dag sem skrifað var í gær.

1.1. júlí. Vestan stormur og þerrir. Lomið upp sunnan fjósinu og pisju.

12. júlí. Vestan stormur og þerrir. Komið inn taðinu úr tveimur húsum.

13. júlí. Við austan og þerrir. Byrjað að slá fyrir norðan lækina.

14. júlí. Norðan hæglátur og sígandi úrfelli. Slegin brekkan langt út fyrri hús. Kalldur situr hjá á ??

15. Við norðan þurr og þerrirleysa. Ent við Brekkuna og útræktina slegin fram að Hesthúslind kom Ormur.

16. júlí. Við vestan og þerrir. Embættað í Tröllatungu.

17. júlí. Við norðan og þerrir. Slegið fram að sunnan Fjósi. Jón minn var hjá okkur. Mér léttar af kvefinu.

18. júlí. Norðan og þerrir. Slegin Sæunnarflöt. Róin upp hvalrifrildi á Gálmaströnd af Ásgeiri á Kollafjarðarnesi.

19. júlí. Norðan og þerrir. Jón m. fór og allir í hvalskurðinn.

20. júlí. Norðan og þerrir. Slegið í stykkinu. Rakað og rifjað útfrá.

21. júlí. Austan gúlpur. Við Björn fórum út á hvalinn og urðum nóttina. Slegið í útræktinni. Ekkert búið að hirða.

22. júlí. Útnorðan og besti þerrir. Allt upp rakað. gjörði skúr. Guðríður varð hastarlega veik af verk í eyranu. Henni tekið blóð. Jón m. kom heim. Sagt lát Vigfúsar sýslumanns á Borðeyri.

23. júlí. Austan hæglátur. Embættað á Felli. Skipt hvalnum eftir embætti. Hvur sótti sitt og héldu heim um nótt.

24. júlí. Þerrir hirt allt af fram að læk og útræktinni fram að sumarfjósi. Þórey sauð kvalin.

25. júlí. Þerrir. Rifjað á stykkinu ofan til og útræktinni framan til. Slegið fyrir ofan mýrina. Guðríður vesöl.

26. júlí. Vestan flæsa með smá yrju á milli. Hirt sem til var.

27. júlí. Vestan og þerrir framyfir miðjan dag. Þá sudda úrfelli. Ég, Þórey og Þórunn slógum í stykkinu. Þorkell fór suður eftir meðölum handa Guðríði, varð um nóttina.

28. júlí. Vestan og þerrir, Þorkell kom að sunnan. Deyði Helga í Húsavík. Slegið í Stykkinu.

29. júlí. Við sunnan hæglátur og smá væta. Ent við Stykkið. Byrjað sem eftir var af útræktinni. Ég smíðaði ljá fyrir B. T.-g.

30. júlí. Vestan og besti þerrir. Embættað í Tröllatungu.

31. júlí. Vestan og væta á millum. Slegið í Breiðavelli. Jón minn var hér aðra vikuna. Barn brenndi sig til bana á Fitjum.

*Ágúst 1854

1. ágúst. Af ýmsum áttum með sudda úða, ent við völlinn og útræktina. Enginn hefur enn reynt fyrir fisk.

2. ágúst. Vestan besti þerrir, hirtir 3 kaplar og rakað stykkið og útræktin út af.

3. ágúst. Vestan hvass með stórhryðjum á nóttum. Jón leitaði að 6 ám og fann. Rakaði vellinum og upprakað á Stykkinu.

4. ágúst. Vestan með skúrum á milli. Slegið í Hesthúsflóanum og rakað þar á 10. allt lát flatt á Breiðavelli.

5. ágúst. Hægur landaustan með skúrum á milli. Slegið á veitunni undan stykkinu og rakaður völlurinn út af. Var riðið héðan suður.

6. ágúst. Landaustan með þoku og stórhríð allan daginn Var ei embættað í Tungu né Garpsdal. Jónarnir á Tind réru.

7. ágúst. Vestan stormur með vætu á millum. Slegið á veitubökkunum. Kemurinn fiskurinn inní fjörð. 100 með skipi.

8. ágúst. Austan stór garður og úrfelli. Slegið í veitunni. Ég hálfvesæll.

9. ágúst. Sami garðurinn, minn á úrfellið. Slógum á 7, rökuðum á 11.

10. ágúst. Austan garðurinn, en þurr. Við rökuiðum alla veitubakkana og ofan til. fram að Breiðavelli. Það voru 19 kaplar að fangatölu.

11. ágúst. Linari garðurinn og þurr. Rifjað tvisvar. Við slógum veituna undan Breiðavelli og rökuðum hana líka. Það voru 13 hestar.

12. ágúst. Austan gúlpur og hraglandi allan daginn. Slegið nokkuð norðast á veitubakkanum. Slegin h á og fyrir framan leyti.

13. ágúst. Útnorðan drif og þurr. Snjóaði fyrst á fjöll. Byrjuð 17. vika sumars. reið Þorkell inn að Stað með Heiðarbæjarfólkinu. Þórunn var hjá Ingveldi niður frá.

14. ágúst. Norðan og linju þerrir. Hirtir 3 kaplar. Jón var hér.

15. ágúst. Útnyrðingur og góður. Hirt öll taðan. Kom ofan í 2 flekki síðast. Voru 96 af túninu heimbundnir.

16. ágúst. Vestan flæsa. Slegin há um morguninn. Bundið 32 úr veitunni. Breitt nokkuð. Rökuð ljá. Hirtir 4 fyrst af útheyi. Guðrún mín á Klúku var sjúk af taki og landfarsótt. Ég fór til hennar með dropa og áburð. Málmfriður fór yfir um og varð um nóttina.

17. ágúst. Vestan með stórúrfelli framyfir hádegi. Þá þurrari. Slegið í Þrílægunum og þar fyrir neðan. Kom hingað prófasturinn og Grímur um kvöldið og fór allt vel á með okkur.

18. ágúst. Vestan hæglátur og þurr að mestu. Slegin há á Hesthúshólnum og rakað á 12 fyrir framan leitið. Guðrúnu léttara.

19. ágúst. Norðan hæglátur og flæsa. Var verið að vala? í heyinu?

20. ágúst. Norðan gúlpur og úrfelli er á leið. Við hjónin fórum til kirkju. Kom Ormur um kvöldið að tala um jörðina og fólkið.

21. ágúst. Norðan gúlpur og þurr. Rakað og slegið á Votahvammsbökkunum. Ég smíðaði ljá. Þórunn léð í staðinn Guðrúnar að Klúku þessa viku. Hún hér og léttara. Guðríður vesöl af kýli á bakinu.

22. ágúst. Norðan garður. Verið að vala? í heyinu. Hirt nokkuð.

23. ágúst. Norðan gúlpur og flæsa. Verið að vala? í heyinu. Hirt nokkuð og upp rakað nokkuð. Bundnir 30.

24. ágúst. Norðan og besti þerrir. Hirt um 30 og upp rakað 40.

25. ágúst. Við vestan og logn. þurr framyfir miðdegi. Þá stórúrfelli, hirt veituheyið og allt bundnir 4 af bökkunum. Veikt barnið Jóns.

26. ágúst. Vestan með úrfelli. Að öðru hverju. Við slógum í Stekkjarflóanum. Guðríður vesöl af kýlinu á bakinu.

27. ágúst. Landaustan með úrfelli. Embættað í Tungu.

28. ágúst. Vestan með stórhríð og veðri. Við slógum í Stekkjarfl. framyfir nón. Var ei fært að fara út eftir það.

29. ágúst. Norðan þurr á milli. Slegið fyrst, svo rakað á 16. Byrjuð Stekkjarflötin. Guðríður skárri í kýlinu. Höfuðdagur nýi.

30. ágúst. Norðan og þurr, fram yfir hádegi. Slegið upp og ofan stekkinn. Stúlkurnar fóru ei út eftir miðdagsborðun. Við piltarnir slógum og rökuðum á þrjá hesta heiman Stekkjarlækinn, byrjuðum svo börðin fyrir ofan. Guðríður enn inni.

31. ágúst. Vestan drif og stórhríð. Slegið á Börðunum og Flóanum. Stúlkurnar fóru ei út eftir miðdagsborðun. Guðríður byrjaði að fara út.

*September 1854

1. september. Vestan hríð og veður. Við slógum 3 piltarnir á Votuhvammsbökkunum og neðan til af Illukeldu.

2. sept. Sama veðurlag. Við slógum í Votahvammi og stúlkurnar litla stund. Kýrnar brutu inn stórhúshlöðuna og datt þar inn ein og hafði farið fram í lambhús og stokkið yfir jötubönd óskemmd.

3. sept. Við útnyrðing þurr og hæglátur. Embættað á Felli.

4. sept. Vestan stórviðri og þerrir. Gat enginn á verki tekið. Áttum í 100 í ljá og fauk þar af vissir 60. margir höfðu mikinn skaða.

5. sept. Vestan hæglátur og þurr. Austan síðast. Við rökuðum öll og fengum 12 kapla af vel 20 kapla bletti og þó var þar minnst fokið.

6. september. Norðan hæglátur og þurr. Við Guðríður rökuðum á Stekknum. Þorkell og Þórunn bundu 34.

7. septb. Vestan og úrfelli á millum. Við slógum og rökuðum á 4 svo fórum við að raka á stekkjarflötinni og í ennunum.

8. septb. Vestan drif og þurr undir kvöld. Ég breiddi allt heima. Ent við ennin og stekkinn. Svo rökuðum við á Votahvammsbökkunum síðast.

9. september. Landsynning hægð og væta á millum. Ég og Guðríður slógum og rökuðum á 6 kapla. Þorkell og Þórunn bundu 36.

10. sept. Austan gúlpur og hraglandi. Við fórum héðan til kirkjunnar, ég Þorkell og Halldór. Fréttist um eldsbruna frá Hjaltastöðum og að töður fúnaðar ofan í túnin á Suðurlandi. Hafa gengið óþurrkar allan að kalla ágústmánuð og það sem er af þessum.

11. september. Norðaustan stormur og þurr síðari part dags. Bundnir 21 við Guðríður heyjuðum 9u. Þórey fæddi Sigurbjörg.

12. sept. Bráðviðri landaustan og þurr að nóni. Þá stórhríð. Ég sótti prest. Skírð Sigurb. 91 á túninu í flekkjum og köplum.

13. sept. Austan fýlugúlpur. Síðast stórhríð fram yfir miðja nótt. Við Þorkell og Guðríður vorum að raka og slá undir miðaftan. Þórunn hefur verið 2 nætur í Heiðarbæ, en Guðrún mín hér hjá Þóreyju.

14. sept. Austnorðan garður með úrfelli á milli. Við piltarnir 3 og Guðríður heyjuðum í Keldunni. Þórunn niðurfrá, Guðrún hér.

15. sept. Austnorðan garður, við sömu heyjuðum í Keldunni. Þórunn niður frá, Guðrún hér. Túnið allt fullt.

16. septemb. Sami garðurinn, en þurr. Við vorum öll að breiða og rifja. Þórunn kom fram eftir. Guðrún fór ofan eftir.

17. september. Austan garður og sudda fýla á millum. Við rifjuðum og rökuðum upp 34. Embættað í Tröllatungu.

18. septemb. Norðaustan góður þerrir. Við og með Þórunni og Guðríði hirti 24. Rökuðum upp 30. Þorkell leitaði Lambafjallið.

19. september. Norðan góður þerrir blástur. Við hirtum 38 og héldum til yfir 60.

20. september. Norðan stormur og þurr að mestu. Við hirtum allt af túninu. Þorkell kom úr leitinni8 og hjálpaði okkur.

21. septemb. Landþungur og þurr fram yfir miðjan dag, þá krapahryðjur og suddaúði. Snjóaði í miðjar hlíðar um kvöldið. Ég og stúlkurnar 2 slógum í Keldunni. Þorkell fór í eftirleit.

september. Við útnyrðing. Hægð og sólskin, frost síðast. Að því liðnu stórúrfelli. Ég með stúlkunum , slógum á 4, rökuðum á 10. Þorkell kom úr leitinni. Heimti 10. 16 fangahnappar í Keldunni.

22. september. Vestan með úrfelli. Við Þorkell ruddum með hlyandr? og slógum öll á 4 og rökuðum 20 fangahnappar í keldunni.

23. september. Vestan drif og stórhryðjur. Snjóaði í hlíðar. Var ei átt við heyskap. Kom Sveinbjörn Eyjúlfsson og varð um nóttina.

24. september. Sama veðurlag. Varð Sveinbjörn aftur um nóttina. Kom Magnús Jónsson í Flatey. embættað á Felli.

25. september. Vestan drif og bleytuhryðjur á milli. Ekkert varð úti gjört. Sveinbjörn fór héðan. Þorkell saumaði smokka. Ég reif skötur.

26. september. Vestan drif og útsynningur með stórhagli, sólskin á millum éljanna, snjóaði til sjóar. Stórmold á fjallinu. Ég tók úr þremur beðum í garðinum. Þorkell saumaði smokka.

27. september. Vestan með útsynningséljum. Ekkert úti.

28. september. Landsynningur hægð og þurr að mestu. Við komum heim öllu taðinu go skárum 5 lömb. Ég tók upp úr 1 ½ beði úr garðinum.

29. september. Landaustan, hæglátur og þurr að mestu. Þorkell fór í leitir. Ég var að taka upp úr garðinum. Jarðlítið á fjöllum. Mikalismessa.

30. september. Landaustan og þurr fram yfir hádegi, þá bleytukafald, var bundið heim úr Illukeldu 24. Mikið af heyjum úti.

*Október 1854

1. október. Norðan með frosti. Gránað til sjóar. Var ei embættað.

2. október. Norðan og hörkufrost og hreinviðri. Voru gefin saman Benidikt og Valgerður. Eyjúlfur og Ólöf. Við Keli vorum í veislunni. Komnir heim um dægramót. Fórum á stað gangandi.

3. október. Frost, sólskin og hreinviðri. Við breiddum allt á túninu. Þeir voru og rifu af skipinu inn frá og entu við. Náðu járnfestinni.

4. október. Norðan með frosti og kafaldi. Ég var að berja upp úr garðinum. Kindurnar voru inn látnar. Kýr búnar að vera inni 4 d.

5. október. Sama veður, allt innlátið. Ég barði uppúr garðinum. Komu hér og urðu um nóttina Jón og Guðný.

6. október. Frost og hreinviðri framyfir miðjan dag. Bleytu fjúk síðast vestan, var að ganga illviðri í loftið. Við skárum 14. 13 hrúta veturgamla og 1 sauð veturgamlan. Skarst illa. Hafa nú í 4 daga skipsfélags menn verið að rífa það.

7. október. Vestan stórhríð og sterkviðri.

8. október. Vestan með skúrum og hæglátur. Við Þorkell og Guðríður fórum til kirkju. Varð ei embættað.

9. október. Sunnan stormur og þurr að mestu. Gjörum við fjárhúshlöðuna og sóttum salttunnu ofan í Naustavík.

10. október. Landþungur og smá væta á milli. Þorkell rakaði 12 gærur rosknar. Ég skar af rófum og fleira.

11. október. Norðan með kófi og hörðu frosti. Við Þorkell fluttum 20 hesta af mó undan Búrfelli.

12. október. Vestan drif og stórbleytuhríð. Varð ekkert úti gjört.

13. október. Vestan með bleytukafaldi, gránaði til sjóar.

14. október. Vestan hæglátari og sígandi frost. Við Þorkell fluttum 12 hesta af mó og entum við hann. Sóttum 2 tunns. af salti ofan í Naustavíkina. Komum heim eftir dagsetur.

15. október. Norðan með frosti og kafald. Embættað á Felli.

16. október. Norðan með frosti og hreinviðri. Skárum 16 ær.

17. október. Norðvestan drif með sudda. Ég brytjaði og saltaði kjöt. Þorkell rakaði gærur.

18. október. Hátt norðan stormur og besti þerrir. Bundum 20 úr keldunni og breiddum. Jónatan léði mér flest.

19. október. Norðan frost og hreinviðri. Bundið síðast úr engjunum 18. Hirtum það sem leigið hafði á túninu.

20. október. 1. vetrardagur. Mjúkt og gott veður, gjörði fyrst lítið fjúk, varð ei átt við hey. Við sóttum bátinn m út að Heydalsá og tókum þar um leið minn part úr franska skipinu.

21. október. Útnorðan með stórviðri og bleytukafaldi. Varð ei embættað. Þórey kom og um nóttina, hefur hún verið á Klúku nú í hálfan mánuð.

22. október. Norðaustan sterkviðri með bleytukafaldi. Varð ei embættað. Allt inn látið. Þórey kom frá Klúku.

23. október. Norðan með frosti og stórkafaldi á millum. Vöntuðu 5 í gær en fundust nú. Þórey fór yfir um aftur.

24. október. Norðan með frosti og kófkafaldið.

25. október. Norðan með frosti og kófkafaldi.

26. október. Norðan með frosti og éljum á millum.

27. október. Norðan með frosti og skafkafaldi. Við skárum 16 lömb og Sveinn á Geststöðum með okkur. Bárum saman föngin á flötunum í smá galta.

28. október. Landaustan bráðviðri með bleytu hríð. Leysti þó mikið. Við Þorkell brytjuðum kroppana og söltuðum. Reyndum járnið úr skipinu.

29. október. Landaustan gúlpur með bleytukafald, þiðnaði þó af fram undir hlíðar. Embættað í Tröllatungu, urðu til altaris 21, fóru héðan 4. Við Þorkell, Þórunn og Guðríður. 22. þ.m. í stórhríðinni sem þá gjörði fórust 80 fjár á Brekku í Gilsfirði. Stóraholti flæddu þá 20.

30. október. Landsunnan með fjúki á milli. Var allt heyjað upprakað í föng og sett á garðinn .Var róið af hinum.

31. október. Vestan drif og bleytuhríð á milli. Þeir réru og áttu bágt. Jón Guðmundsson rak á keypalausum bátnum að Hafnarhólmi.

*Nóvember 1854

1. nóvember. Norðan með hörku og fjúki. borið á völl.

2. nóvember. Hæglátur og við útnyrðing. Hart frost. Borið á völl.

3. nóvember. Vestan stormur hér niðurfrá, stórmold í fjallið og mjög veðurlegur í loftið. Fórum með lóðir og niðristöður ofan eftir. Svo frameftir og borið á völl. Ég smíðaði járngildingar í keipar á bátnum mínum. Linaði frost er á leið.

4. nóvember. Vestan bráðviðri eftir hádegi. Reif galtana á Breiðavallarflötinni og föngin á garðinum. Var um morguninn hæglátur með þokusudda. Við fórum ofan eftir og negldum saman hlera. Beittum ekki. Hinir réru og náðu ei lóðum. Ég sagaði í keipnef. Þorkell ellti í skrínustokk hans sér. 3.v. vetur byrjar.

5. nóvember. Vestan bráðviðri með skúraleiðingum á milli. Átti að embætta á Felli. Ingveldur kom með kaffi frá bróður sínum til konu minn ár. Jón á Tind sótti 2 kindur. Eru gimbrarlömb ei komin á gjöf. Jarðlaust ofan í miðjar hlíðar.

6. nóvember. Vestan stórhríð og sterkviðri.

7. nóvember. Vestan stórviðri með frosti og kafaldslaus.

8. nóvb. Vestan stormur, frost og hreinviðri. Við rérum fyrst og fengum 31 á skip.

9. nóvember. Norðvestan steytingur með hörku frosti. Við rérum og fengum 43 á skip. 6. þ.m sálaðist sæmdarkonan Guðrún Bjarnardóttir á Kirkjubóli 93 ára. Ekkja tveggja manna. Blessuð sé hennar minning.

10. nóvemb. Stórdrif vestan fram yfir miðjan dag. Þá hægur. Þorkell og Björn Heiðarbæ bundu heyleifarnar saman í galta í Hesthúsflagið. 3 vikur af vetri.

11. nóvemb. Landsynningshægð með fjúki á milli. Við rerum og öfluðum 40. Gjörði úrfelli síðast.

12. nóvemb. Vestan með bleytu krepju. Emb. á Felli.

13. nóvemb. Við útnorðan, frost og hreinviðri. Öfluðum 30. Reri ei Ólafur á Klúku eða Naustvíkingar.

14. nóvemb. Logn, frost og hreinviðri. Öfluðum 59.

15. nóvember. Landsynningur lítið frost og hreinviðri. Við fórum upp að Heydalsá, öfluðum 19 smákindur.

16. nóvember. Hægur austan og lint frost. Öfluðum 41.

17. nóvember. Sama veður. Öfluðum 7.

18. nóvember. Þoku með smá fjúki. Öfluðum 21.

19. nóvember. Vestan bráðviðri og hláviðri. Varð ei róið. Embættað í Tröllatungu. Blóðeyða upp á háfjöll.

20. nóvember. Vestan drif og hreinviðri með frosti. Bar Svartflekka. Reri Loftur, en ekki ég eða Ólafur.

21. nóvember. Útnorðan stórgarður með frosti og kófkafaldi. Ég beitti og komst á mið og svo í land, en lagði ekki. Aðrir lögðu og urðu að hleypa. Sumir misstu nær allan afla út í lendingunni.

22. nóvember. útnorðan steytingur. Hreinviðri og frost. Ég lagði fram 4 lóðir og lét liggja.

23. nóvember. Vestan drif, frost og hreinviðri. Við sóttum lóðirnar. Á þeim 28. Beittum aftur 4. og lögðum þær. Kofa bar 17. þessa mánaðar og átti 2 kálfa. Í dag var vaðan sögð löngu komin á Hrútaf.

24. nóvember. Vestan stórdrif, gátum ei vitjað lóða.

25. nóvember. Vestan stórdrif og bleytuúrfelli á milli. gátum vitjað lóða. Sigurður í Húsavík skaut Bleik og gjörði Finnbogi hana til með honum.

26. nvbr. Hægð og kafaldsbleytu slettingur, austnorðan stórgarður síðast með stórkafaldi og hörku. Við náðum lóðunum á þeim 56. ⅘ vantaði af lóð. Ei embættað.

27. nóvember. Norðan með hörku og kafaldi.

28. nóvember. Norðan með hörku og kafaldi

29. nóvember. Norðan með hörkukófi.

30. nóvember. Norðan með hörku og kófkafald.

*Desember 1854

1. desember. Norðan steytingur og brunaharka.

2. desember. Landsynningshægð og fannspýja. Við lögðum um miðjan daginn og fengum 11. Bárum lóðirnar frameftir.

3. desember. Útnorðan með frosti. ?aska síðast. Var hér um nóttina Jón m. og kona hans og Björn í Heiðarbæ. Embættað á Felli. Komið vöðuhrot inn í fjörð.

4. desember. Útnorðan með hörku og kafaldi. 2 í aðventu.

5. desember. Norðan frost og kóf. Varð ei róið.

6. desemb. Norðan með frost og kófi. Ei róið. Við fórum inn að Húsavík, nótafélagsmennirnir að tala um útveginn.

7. desember. Landaustan fannspýja allan daginn. Ísing síðast með frosti. Ókleypt af fanndýpt.

8. desember. Norðan með hörku kafaldi. Smíðuðum fjala sleða á drif fönn.

9. desember. Vestan stormur með frosti og fjúklaus. Sótti Sigurður í Húsavík limina af Bleik.

10. desember. Bloti, svo útsynningur. Við Keli gjörðum við fiskinn okkar niður frá. Sálaðist barnið Tómasar í Heiðarbæ. Var ei embættað.

11. desember. Vestan stormur og frost. Jarðlaust fyrir fé.

12. desember. Útsynningur og frost.

13. desemb. Útsynningur og frost. Kom Samúel með kaffi frá Sv.

14. desember. Vestan með frosti og éljum.

15. desember. Vestan með frosti og éljum.

16. desember. Vestan með frosti og éljum.

17. desember. Norðan með frosti og fjúki. Jarðlaust af fanndýpt. Þórey m. og Jón m. komu og urðu um nóttina. Ei embættað.

18. desember. Vestan með hörku. Lögðum 5 lóðir.

19. desember. Vestan með hörku kófi.

20. desemb. Hæglátur vestan og frost. Náðum lóðunum, á þeim 24. Drógum þær fram eftir.

21. desemb. Vestan stórmold með hörku og ofsa.

22. desemb. Hæglátur vestan og hart frost.

23. desemb. Hæglátur vestan og hart frost.

24. desemb. Norðan með hörku og kafaldi. S.dagur.

25. desemb. Jóladagur. Norðan með hörku og kófi. E. ? Jón m. Guðbjörg og Þórey urðu hér um nóttina.

26. desember. Norðan með hörku kófi. Ei embættað.

27. desember. Hægur og hart frost. Við lögðum fram.

28. desember. Sunnan og bloti. Hægur miðjan daginn. Við sóttum lóðirnar, á þeim 5. Misstum 1 ½ lóð. gjörði stórdrif er við lentum.

29. desember. Stór útsynningur og hart frost allan daginn.

30. desember. Bloti svo útsynnings kóf. Jarðlaust að öllu.

31. desember. Norðvestan með hörku kófi á milli. Em. á T.

1855

*Janúar 1855

1. janúar 1855. Frost og hreinviðri. Embættað á Felli.

2. jan: Norðan með frosti og fjúki er á leið.

3. jan: Hægur með drifakafaldi og frost. Haldið Kofu? og Svartflekku. Guðmundur á Gest: sótti nautið með ?.

4. jan. Hæglátur vestan með frost og smá fjúki.

5. jan. Norðvestan með frosti og fjúki á milli, haldið Dröfn.

6. jan: Dimmukafald fyrst, svo vestan með kafaldi og blotamynd.

7. jan. Norðan með frosti og stórkafaldi síðast, ei embættað.

8. jan. Norðan með frosti og kófi. Klára jarðbann.

9. jan. Hægur og ganga í loftið sunnan. Bloti síðast. J.m. varð um nóttina.

10. jan. Útsynningur allan daginn og bráðviðri. Jón minn varð um nóttina aftur.

11. jan Vestan stórdrif og frost. Hægði um kvöldið.

12. jan. Hægur og kafalds mugga og frostlinara.

13. jan. Sunnan hláviðri.

14. jan. Hláviðri. Ei embættað.

15. jan. Vestan drif hreinviðri og sígandi frost. Kom Ormur? með korn og mél að gera úr brauð. Hér kom og Halldór í Vonarholti. Jarðlaust hér, nóg hinumeginn.

16. jan. Við vestan hægur og frostlítið. Við fórum á skotveiðar. Sáum 2 vöðusela, fengum ekkert. Þorkell fór með Óla út að Kirkjubóli að sækja fisk er við lentum.

17. jan. Suðvestan hláviðri. Ég smíðaði drag undir bátinn minn.

18. jan. Sama veður. Ég lét dragið undir bátinn.

19. jan Sama veður. Ég smíðaði staf handa mér. Guðríði tekið blóð á tungurótinni. Halldór malaði á Klúku.

20. jan. Hæglátur vestan og krepja. Fjúk síðast og frost.

21. jan. Norðan með hörku og kafaldi. Varð ei embættað.

22. jan. Norðan með hörku og kafaldi.

23. jan. Austan gúlpur og frostlítið.

24. jan. Austan gúlpur og frost meira.

25. jan. Við norðan og hæglátur, loftþunnur. Pálsmessa.

26. jan. Frost og hreinviðri. Haldið Rauðflekku í gær.

27. jan. Norðan stormur, frost og hreinviðri.

28. jan. Frost og hreinviðri og við útnyrðing. Engin vaða.

29. jan. Frost og hreinviðri af sömu átt. Jarðsnöp í góðu.

30. jan. Frost og hreinviðri af sömu átt. Sóttum á sleða fisk.

31. jan. Frost og hreinviðri með vestan spennu. Settum á sleða fisk. Sagt er að úti hafi orðið frá því í haust til þessa tíma 10 manns hingað og þangað um landið. Maður skar sig á háls í Svefneyjum sem kvað hafa svarið rangan eið og þó drukkinn og deyði af því. Í Stykkishólmi dó maður af brennivíni, en átti um leið í slarki við tvo menn er fríkenndir voru að hafa unnið honum bana.

*Febrúar 1855

1. febrúar. Góðviðri. Frost og hreinviðri. Skiptum nótum.

2. febr. Frost og hreinviðri. Kyndilmessa.

3. feb. Góðviðri frost og hreinviðri. Við Keli fórum í skotsnuður, fengum ekkert. Þeir voru að fella nætur.

4. febr. Sama góðviðrið. Nýju v.f.inngangur. Embættað í Tungu.

5. feb. Góðviðri, frost og hreinviðri. Þorkell hjálpaði til með næturnar í minn stað, en ég var að ríða mína nót.

6. feb. Gott veður, frost og hreinviðri. Lagt við Hrafnsnes. Þorkell hjálpaði þeim að leggja í minn stað. Ég var að ríða nótina. Nú er þriðji þriðjudagur í þorra. Björn í Heiðarbæ, Guðmundur á Klúku og Guðmundur á Geststöðum fóru á stað út í Stykkishólm eftir kaffi, sykri og tóbaki.

7. febr. Vestan stormur, frostlítið og hreinviðri. Ég reið nótina. Þorkell rakti í hana. Kom Margrét Magnúsdóttir úr B?

8. febr. Vestan stormur og frostlítið. Kom Ormur að taka út vermötuna fyrir mann þann er hann mér léði til norðurreiðar, líka Jón á Kleppustöðum. Við vorum að ryðja á millum.

9. febr. Logn og hreinviðri. Við fórum með nótina inn eftir.

10. f. Myrkvaþoka og logn, lögðum nótina.

11. feb. Við norðan frost og hreinviðri. Embættað í Tungu.

12. febr. Við norðan, frost og hreinviðri. Ekkert í nótunum.

13. febr. Við norðan með frosti og hreinviðri. Ekkert í nótum.

14. febr. Við norðan, frost og hreinviðri. Björn smíðaði hér um Björn sinn sáluga og ég með honum. Ekkert í nótinni.

15. febr. Austan stormur, frost og hreinviðri. Sást hafísinn hér.

16. febr. Hreinviðri og hart frost. Jarðaður B. litli Björnsson.

17. febr. Austnorðan garður með frosti og kófkafaldi. Rak inn hafísinn. Gátum ei tekið næturnar.

18. febr. Sjö v.f. inngangur. Frost og hreinviðri, við náðum nótunum.

19. febr. Vestan stormur og linjubloti síðast. Vorum að reka lömb í fóður.

20. febr. útsynningur. Síðast norðan með frosti og kafaldi.

21. febr. Norðan með kafaldi og stórhörku.

22. febr. Norðan með kafaldskófi og stórhörku. Lítil hafísbrydding var hér með landinu inn að Kálfanesi. En nú á rúmum sólarhring hefur allan fjörðinn lagt út á Hyrnur og norðan af Grímsey austur með og mun nú snart gengur fjörður þvert og endilegt. Jafn mikil ísalög hér á jafn stuttum tíma man enginn nú lifandi. 8 skipshafnir liggja tepptar á Eyjum er ætluðu á Gjögur. 11 lömbin er ég búinn að koma fyrir, 8 eru eftir, sem ei verða rekin fyrir sleypu og hörkunni.

23. febr. Norðan með kafaldskófi og brunahörku.

24. febr. Norðan með kafaldskófi og brunahörku.

25. febr. Norðan með kafaldi og minnilegri hörku. Stég frostið 22 gráður, en sumsstaðar 23 og er það hið mesta frost hér.

26. febr. Norðan og frostlinara. Farnir að vaka á firðinum. Annar þriðjudagur í góu. Ég fór ofan að Kirkjubóli.

27. febr. Norðan með linara frosti og hægur. Við Keli rákum 3 lömb að Smáhömrum og Þorpum til samans. Var ég að koma fyrir því roskna líka og urðu það að Kirkjubóli 8. Við urðum nóttina á Broddanesi. Margir eru farnir að vaka á ísnum.

28. febr. Sæluvika. Norðan kaldari. Við komum heim.

Mars 1855

1. mars 1855. Norðan með hörku og kófi. Reknar 2 að Klúku og 2 að Tind. Menn liggja kaldir hingað og þangað.

2. mars. Hart frost og hreinviðri. Ég og Guðmundur á Klúku rákum fram að Arnkötludal og þá bæina. B. og Keli út á bæina.

3. mars. Frost og hreinviðri. Þorkell og Björn komu að utan.

4. mars. Norðan hægur með frosti og hreiniviðri. Emb. í Tungu.

5. mars. Við útnyrðing frost og hægur. Við sóttum nótina í Hrafnsnes.

6. mars. Við sunnan frost og hægur. Var að ganga í loftið lin. Björn á Klúku tók Halldóri hjá mér blóð. Við verk og kvefþyngslum.

7. mars. Sunnan og þíðviðri, þó þurr og hæglátur.

8. mars. Sunnan hlávíðri. fimmtudagurinn 3je í góu.

9. mars. Sunnan stormur með smáfjúki og sígandi frost. Við Þorkell höfum verið að leysa upp þessa viku nótagarma og entum nú við. Snöp komin hér í góðu. Gjörði rek á ísinn.

10. mars. Vestan og lítið frost. Þeir að reka sunnan úr fóðrum norður. Þó er þar víðast komin nóg jörð.

11. mars. Norðan með frosti og kófi. Varð ei útlátið. Em. í Tungu.

12. mars. Norðan með frosti og kafaldi. Við unnum hrosshár.

13. mars. Norðan með frosti og kafaldi. Konan m. El. meiddi sig á fötu barmi, er varð undir síðu henni á sleypu.

14. mars. Hæglátur norðan og hreinviðri. Mikil fönn á jörð.

15. mars. Landaustan uppgangsgarður og frostlint og ofankafaldslaust. Björn í Heiðarbæ fór suður efti rmeðölum handa konu minni. Hún er í rúminu og bá[gt] haldinn.

16. mars. Landaustan stórgarður og skafmold. En frostlítið.

17. mars. Sama veðurlag. Konan m. el. lítið skárri. Björn ókominn.

18. mars. Nokkuð linari garðurinn og í afláti. Björn kom að sunnan. Konunni m. el nokkuð skárra. Embættað á Felli.

19. mars. Sólskin og hlýtt veður. Þorkell m. og Guðmundur á Geststöðum fóru með 2 ær að Tungu. Andaðist Þorleifur í Hlíðarseli í gær um nón. Ég meiddi mig á loga, er hljóp í meðöl.

20. mars. Gott veður, sólskin og hreinviðri.

21. mars. Gott veður, sólskin og hreinviðri. Allt fullt af ís.

22. mars. Gott veður og hreinviðri. Útlátið á hverjum degi.

23. mars. Gott veður og hreinviðri. Myrkvaþoka er á leið.

24. mars. Norðan stormur og hreinviðri. Konunni léttara.

25. mars. Norðan með frosti og kófi. Embættað í Tröllatungu.

26. mars. Í afláti, frost og hreinviðri. Í gær var af prestinum og söfnuðinum Guð! beðinn að af venda harðindunum.

27. mars. Vestan hlávíðri, en þó rosalegur. Var ei út látið.

28. mars. Vestan blíðviðri og leysing. Hér af má sjá: að heyrir Guð! oss í náð. Suður á Nesjum skaut sig maður í brjóstið, því hann tók ógætilega byssu uppúr bát, en hún var hlaðin, dróst hún upp í því hann tók hana úr bátnum.

29. mars. Hlávíðri og drifaveður. Leysti mikið.

30. mars. Hlávíðri og blítt veður. Nógleg jörð allsstaðar.

31. mars. Hlávíðri og hvass framyfir dag. Ísinn enn á firðinum.

*Apríl 1855

1. apríl. Hlávíðri með krapaskúrum þegar á leið daginn. Embættað í Tungu.

2. april. Hægviðri og sólskin og lítið frost.

3. apríl. Blíðviðri og sólskin og lítið frost.

4. apríl. Austnorðan hæglátur með þoku og linu kafaldi.

5. apríl. Skírdagur. Vestan með bleytu kafalds éljum.

6. apríl. F.d. langi. Vestan með bleytuéljum á millum. Em. í Tungu.

7. apríl. Við norðan hæglátur. Kom Ormur, skiptum túninu.

8. apríl. Páskad. 3. sunnud. í einmánuði. Hreinviðri og sígandi frost og að ganga kafald í loftið.

9. apríl. Stórkafald austnorðan, en frostlítið.

10. apríl. Norðan með frosti og kófi. Guðm. Sveinsson var um hátíðina á flangri hér um.

11. apríl. Norðan með frosti og kófi. ÉG fór út að Heydalsá að sækja fiska vætt, er hann lánaði mér.

12. apríl. Norðan hæglátur með frost. Komu inn að frá Vík Björn og Þórunn mín. Þau fóru inn eftir á Föstudaginn langa. Fædddist Birni á Klúku 2 meybörn, Ragnheiður og Guðrún.

13. apríl. Gott veður og loft þunnur. Séra Halldór húsvitjaði. Við hvolfdum bátnum okkar. Björn fór suður með Margrétu.

14. apríl. Norðan með frosti og kófi. Við settum í land kipnef.

15. apríl. Norðan hart frost og kafald. Þá embættað í Tungu.

16. apríl. Frost og hreinviðri. Björn og Margrét komu að ?.

17. apríl. Landsynnings hægð með fjúki og þoku, frostlaust.

18. apríl. Norðan með frosti og kafaldi. Við vorum að setja upp sá.

19. apríl. Sumardagurinn fyrsti. Norðan frost og kafald. Hefur þessa báða daga staðið inni og komið mikill snjór.

20. apríl. Í afláti frost og hreinviðri. Var að ganga í loftið sunnan. Gjörði um nóttina kafaldsfannfergju, svo blota undir daginn. Allt var fullt af hafís útí miðflóa.

21. apríl. Sunnan hlýviðri og hæglátur. Leysti furðanlega. Finnbogi í Heiðarbæ sótti hey á 2 hesta í gærf. Var hreppstjóra Grími sagt til kvíilda? hjá Óla á Vonarholti og ekkjunni á Hlíðarseli og þar drepinn hestur úr hor.

22. apríl. Sunnan besta hlávíðri sunnudagur 1. í sumri. Var ei embættað. Lá allur Steingrímsfjörður út úr og genginn.

23. apríl. Sunnan hlávíðri og drifa veður. Leysti mikið.

24. apríl. Stórofsi vestan en þurr. Lá nærri að svipta myndi húsum. Austan flapur með frosti síðast.

25. apríl. Sunnan og blíðviðri. Við Finnbogi skiptum nótum.

26. apríl. Við norðan gott veður og hreinviðri. Við Keli bikuðum bátinn. Ísinn á firðinum undir Hamar og Heydalsá.

27. apríl. Við sunnan blíðviðri og hlýindi.

28. apríl. Vestan með krepjuskúrum. Tók ísinn af firðinum innundir Borgir. Þetta er laugardagurinn 2. í sumri.

29. apríl. Vestan stormur þerrir. Embættað í Tungu.

30. apríl. Vestan hvas sog hlíviðri. Við Þorkell byrjuðum að stinga í búðina í Naustavíkinni. Björn og Ingveldur fóru til ?.

*Maí 1855

1. maí. Vestan drif og þerrir. Við stungum miðjan daginn niður frá.

2. maí. Norðan hreinviðri og hægandi. Drengirnir stungu í búðina.

3. maí. Vestan með kafaldágangi. Við Guðmundur hlóðum að búðinni. Þorkell með Eggert út á bæi. Vantaði 2 ær.

4. maí. Bænadagur. Fyrst logn mugga og þoka til kl. 9 f.m. þá allt í einu austan bráðviðri og stórmold með frosti allan daginn.

5. maí. Austan stórmold með frosti.

6. maí. Sama veður. Linari er á leið. Kom Eggert fékk færi.

7. maí. Norðan með hörku og kafaldi. Þó út látið, því ekkert var til að gefa. Fór að Klúku og fékk þar í 4 kaffipoka.

8. maí. Hlýtt veður og sólskin. Rann niður, rekið heim til mín frá Vonarholti og Arnkötludal og Tungu, sumt nær horfallið.

9. maí. Hlýtt veður, fer að Kirkjubóli og keypt af Grími fyrir gemling fisk og korn. Flutti Orm fram eftir, hann lét mig fá hálfvætt fiska og mélfjórðung. Kom Arndís og dóttir hennar Björg. Fjárskaðar urðu á Bænadaginn suður um Reykhólasveit frá 40 til 7 á bæ.

10. maí. Við vestan útnyrðing og smá él á milli. Eldaskild. Við Þorkell sigldum inn að Sandnesi og svo að skipinu franska, sem byrjað var að rífa í gær. Kom Helga vinnukona Orms. Kýr voru úti því frostlaust var á daginn.

11. maí. Við útnyrðing hæglátur og snjókrepja til fjalla. Sögð 2 skip komin í Höfðann og 1 í Reykjavík. Þar hjá að nú sé Nikulás dauður og frost mikil utanlands. Komu 27 K.T.O …

12. maí. Við útnyrðing hæglátur. Kom pilturinn til Orms.

13. maí. Við norðan hæglátur. Embættað á Tröllatungu.

14. maí. Landsynnings góðviðri, skúr er á leið. Ég fór inn eftir að rífa skipið. Sagðar fréttir að vestan, 3 kvenmenn urðu úti vestan undir Bolungarvík að vitja hrognkelsabanda, gátu sett bátinn en urðu til á leiðinni. Kona varð úti á Lónseyri. 40 fjár týndust úti í Hraundal og víðar nokkuð færra. Bóndi með 2 ungum mönnum drukknaði á heimleið úr Höfðakaupstað, hann átti heima á Vatnsnesi og þeir allir. Fannst báturinn á skeri. Þetta skeði allt á Bænad.

15. maí. Gott veður. Þó við kulda. Var verið að rífa og skipta af skipinu. Hafís fyrir vestan og norðan innundir Gjögursmið, verður ei róið.

16. maí. Gott veður, lítið frost að nóttunni. Sama við skipið. Ókomið skip

17. maí. Við landaustan þoka og kaldara. Mikið fiskerí á Suðurnesjum. Ókomin skip nema 2 í Reykjavík. Embættað í Tungu.

18. maí. Gott veður og hreint. Skipt skipinu og endað við það.

19. maí. Sama veðurlag. Frost á næturnar. Þorkell og Jón fóru inn í fjörð.

20. maí. Gott veður. Embættað í Tröllatungu. Komið skip í Stykkishólm.

21. maí. Sunnan hlýviðri og með skúrum á millum. Bræðurnir komu að inn án. Guðrún missti ána sína í Skriðulækinn. Ég var að byggja búðina.

22. maí. Hlýtt veður. Sá sól er á leið. Við vorum að byggja búðina.

23. maí. Landaustan stormur vorum við búðarbygginguna. Ær drapst í P..

24. maí. Austan stór garður. Gránaði í sjó. Vorum að byggja búðina.

25. maí. Austan garðurinn í afláti. Byggðum búðina. Þeir komu að na..

26. maí. Gott veður. Entum við búðina að veggjunum .Ormur flutti sig.

27. maí. Hvítasunna, blítt veður. Embættað á Felli.

28. maí. Blíðuveðurátt. Ég fór um kveldið að Sandnesi og var þar um nóttina og við Þorkell.

29. maí. Suðvestan og þerrir. Við fórum þar út á Stekkjarnes og rifum 3 hrísklyfjar, svo að hellu og biðum þess að h ægði, en það vildi ekki verða. Lögðum af stað og fengum barning undir Borgir og allt af og svo heim. Ormur flutti sig og Elínu algjört frameftir. Þraut nú skaflinn undir sauðhúsgaflinum, en ei í brekkunni. Hart nær 6 v. af sumri. Skip víða komin.

30. maí. Sunnan hlaviðri. Við fórum ofan að Kirkjubóli. Ætluðum að sækja skipsviðinn inn eftir, en varð ei afl.

31. maí. Gott veður. Öll húsin stungin út. Ég afhenti Ormi ær 6 í kvígildið og 2 fyrri mat og nú búinn að kaupa mat fyrir 4 vættir. Eru nú eftir 27 eftir af 60 er ég setti á í haust. Réttar 20 kindur á ég nú sjálfur og 10 gemlinga, 2 klára og 3 ?

*Júní 1855

1. júní. Gott veður væta á millum. Þingað á Kirkjubóli. Við sóttum skipsviðinn inn eftir. Bárum af við Steinbogann.

2. júní. Gott veður, skiptum og settum skipið svo í smiðju.

3. júní. Þurrviðri og austan. Embættað í Tungu.

4. júní. Landaustan og þerrir. Stungið upp í garðinum.

5. júní. Landaustan og þjétt úrfelli. Byrjað að hlaða búrið á bak við eldhúsið og stungið í garðinum.

6. júní. Landaustan og þerrir. Verið að byggja búrið og stungið garðurinn. Ég hálfvesæll, þó á fótum. Ormur í smiðju.

7. júní. Austan garður og krepja, byggt búrið og stekk.

8. júní. Sama veðurlag. Snjóaði í miðjar hlíðar. Virt hér.

9. júní. Hægð og þurrviðri. Flæmskir komu og fóru um kvöldið.

10. júní. Vestan stormur og væta. Embættað í Tröllatungu.

11. júní. Hægð og mikið úrfelli. Austan síðast. Ormur lét fara byggja húsið uppúr gömlu kvíunum.

12. júní. Austan garður og fjúkhrakningur. Snjóaði í miðjar hliðar. Við Þorkell reistum búðina og þöktum 2 þökin.

13. júní. Austan garðurinn, gránaði í sjó og hörku frost að nóttunni. Við Þorkell entum við búðina að öllu og læstum.

14. júní. Austan garðurinn og frost að nóttunni.

15. júní. Heldur í afláti. Ég fékk 2 fjórðunga á korni hjá Grím.

16. júní. Hægur norðan og besti þerrir. Ökuðum til í garðinum nokkuð.

17. j. Góðviðri og þerrir. Embættað á Felli. Komnir 2 spekúlantar.

18. j. Sama verður, fórum að Broddanesi. Allir norður utan ég.

19. júní. Hægð, síðast úrfelli og sunnan. Við Keli fórum á bátnum mínum um kvöldið norður. Lentum á Gjögri kl. 4 f. miðdag.

20 júní. Suðvestan með úrfelli á millum. Vorum á Gjögri.

21. júní. Sama verður. Vorum kyrrir á Gjögrinu.

22. júní. Hæglátari sunnan. Við fórum í kaupstaðinn og höndluðum.

23. júní. Fórum heim og fengum logn og leiði. Mjög syfjaðir.

24. júní. góðviðri og sólskin. Embættað í Tröllatungu.

25. júní. Góðviðri og þerrir. Sáðum í 4 beð.

26. júní. Gott veður. Fært frá. Ég var að káka við garðinn einn.

27. júní. Við vestan og mikið úrfelli. Reist búrið. Gjört í garðinum.

28. júní. Sunnan góðviðri og væta á millum . Sáð í garðinn.

29. júní. Sama veðurlag. Fóru 7 héðan á Vatnadal til grasa.

30. júní. Sama veðurlag. Sáð í garðinn. Það kom af dalnum.

*Júlí 1855

1. júlí. Austlægari. Embættað í Tungu. Urðum til altaris.

2. júlí. Við sunnan og væta. Þingmaríumessa. Enti við að sá í garðinn. Sótti 3 tunnur af korni og bankab. til samans að Kollafjarðarnesi.

3. júlí. Góðviðri og væta. Gjörði við keip, sótti spýtur að Steinboga.

4. júlí. Góðviðri og væta. Farið að ryðja heiðarnar. Skorinn mór. Ormur smíðaði sjái. Enginn enn reynt fyrir fisk.

5. júlí. Sunnan væta og góðviðri. Skorinn mór. Þeir ruddu.

6. júlí. Sunnan og þurr og góðviðri. Skorinn mór. Bjarni suður.

7. júlí. Þerrir og góðviðri. Þorkell að Húsavík. Skorinn mór.

8. júlí. Góðviðri og þykkviðri. Kom Guðmundur Sveinsson. Embættað á Felli. Reið uppeftir Þorkell, Loftur, Arndís.

9. júlí. Þoka, hlýindi og væta á millum. Lítið gjört.

10. júlí. Sama veður. Sett í stand heyverkfæri. Ristur reiðings…

11. júlí. Við sunnan hægviðri og þurr. Byrjað að slá.

12. júlí. Við sunnan og væta. Ég hálfvesæll. Vorum í smiðju á vígsl.

13. júlí. Við sunnan og væta á millum. ég við sama, þó í smiðju.

14. júlí. Þurr og ganga til norðurs. Vorum að smíða ljá.

15. júlí. Útnorðan og þerrir. Em. í Tungu. Sótti njóla að Víðdalsá.

16. júlí. Norðan og þerrir. Ég skreið á fótum. Ormur smíðaði 2 ljái.

17. Norðan og þerrir. Vorum að smíða ljái.

18. Norðan þerrirflæsa. Hirtum nokkuð búðir.

19. Norðan og þerrir flæsa. Vorum í smiðju.

20. Norðan þerrir flæsa. Skiptum engjunum.

21. Austan og þerrir. Fúlt að sunnan með úrfelli. ? ?

22. júlí. Vestan drif og fúlviðri er á leið. Emb. í Tungu. Fóru 8 héðan. Urðu stúkur mínar 3 til altaris.

23. júlí. Vestan drif og þurrviðri. Farið að heyja á engjum hjá báðum. Kominn lóða fiskur.

24. júlí. Vestan og þerrir flæsa. Heyjað hjá Litlaholti.

25. júlí. Norðan góður þerrir, alhirt taðan hjá báðum.

26. júlí. Þoka og lítil flæsa norðan. Bundnir hjá mér 24.

27. júlí. Þoka og sama veðurlag. Ormur að heyja í Illukeldu.

28. júlí. Besti þerrir norðan. Bundnir 32, hjá ormi 15 h.m. hirtir 24ir. Ormur í tilbúningi að fara með vörur okkar norður.

29. júlí. Besti þerrir og norðan. ormur fór norður. Em. í Tungu.

30. júlí. Besti þerrir norðan. Hirt hjá báðum 40 til samans. Tekinn saman allur mórinn.

31. júlí. Norðan flæsa, bundið af stekknum. Farið á fjallið. Ormur kom að norðan. gat ekkert fyrir mig fengið.

*Ágúst 1855

1. ágústi. Norðan gúlpur með sudda. Voru 4 á fjallinu að heyja, ekki bundið. Stúlkurnar slógu niðri.

2. ágúst. Norðan með suddi. Bundið af fjallinu 15.

3. ágúst. Norðan og þurrt. Bundnir 19 af fjallinu. 10 niðri.

4. ágúst. Hægur norðan og þerrir fram á miðjan dag, þá smá væta. Hirtir 30 hjá báðum. Bundnir 35.

5. ágúst. Sunnan hægur með smá skúrum. Byrjað að slá flógahvamminn. Ormur heyjaði í Partinum.

6. ágúst. Við austan og þerrir. Bundnir 25 af fallinu.

7. ágúst. Þerrir, bundnir 27 af fjallinu.

8. ágúst. Þerrir framyfir miðjan dag, þá úrfelli. Bundnir 20 úr flóðahvamminum og 20 hjá Ormi úr Partinum, hirtir 17 hjá hvurjum fyrir sig. Ég alltaf hálf vesæll.

9. ágúst. Þerrir, heyjað framfrá hjá báðum.

10. ágúst. Austan garður. Bundum 20 úr hvamminum. Ég meiddist í mjöðminni af sátu upptaki. Maður í Stóraholti nýulega datt niður dauður af sátu upptaki.

11. ágúst. og væta. Byrjað að slá hjá mér í fremri partinum.

12. ágúst. Austan og væta er á leið. Embættað í Tröllatungu.

13. ágúst. Austan og landsynningur. Heyjað í Pörtunum.

14. ágúst. Austan og stórhríð er á leið. Réru Keli og Loftur fengu 36.

15. ágúst. Austan og þurr á millum. Heyjað í Pörtunum.

16. ágúst. Autan og þurr að mestu. Ég á fótum og skárri.

17. ágúst. Austan og landsunnan hlýju blástur.

18. Austan og úrfelli allan daginn.

19. Austan garður og þurr að mestu. Embættað á Felli.

20. ágúst. Stór garður, þurr undir kvöld. Snjóaði þá á fjöll. Komnir heim af engjabandi hjá Ormi 240. Mér 200. Bundnir hjá mér í dag 40 úr Partinum. Búið að veiða í ánni 110.

21. ágúst. Austan drif og þurr. Hirt hjá báðum.

22. ágúst. Austan hæglátari. Hirt hjá báðum.

23. ágúst. Hægur austan og góður þerrir. Bundið hjá mér 40 úr partinum. Ormur hirti.

24. ágúst. Góður þerrir. Hirt hjá mér 40. Bundnir hjá Ormi 55. Gengur kvefvesöld.

25. ágúst. Austan garður og þerrir. Hirtir hjá mér 45.

26. ágúst. Austan stórgarður og þokugúlpur. Embættað í Tungu.

27. ágúst. Austan garðurinn fór inn undir Stóraholt á slá um miðjan daginn, fóru svo sumir í rúmið , hitt kvaldist á fótum. Hjá Ormi voru allir við vinnu og heyjuðu 20 um daginn. Gengur nú megn kvefsýki. Magnús á Finnbogastöðum ný dáinn.

28. ágúst. Austan kuldagarður, gátu sumir verið vinnu verk hjá mér, allir hinumegin.

29. ágúst. Sama veðurlag. Sumt hjá mér við vinnu. Ég vesæll af kvefi og í mjöðminni. Hitt allt við vinnu.

30. ágúst. Austan gúlpur. Væta er á leið. Bundnir hjá mér 15. Ég fór með og datt af baki áfram. Skaðaðist lítið, vesæll undir.

31. ágúst. Austan með úrfelli. Þorkell og Guðrún voru miðjan daginn framfrá. Þórey og Þórunn varla á fótum af kvefþyngslum.

September 1855

1. septemb. Austnorðan kuldadrif. Þorkell sótt meðöl handa mér. Ég lagstur í kvefþyngslum og verk í mjöðminni. Þórey = þeru inni?

2. septemb. Kuldagúlpur norðan. Ei embættað. Ég lá þar eins.

3. septemb. - 8. septemb. Þessa viku hafa gengið á víst sunnan landaustan og norðan vindar með úrfelli. Þær stúlkurnar mikið vesælar. Drógust á fótum. Hin systkinin lítið skárri, þó út á millum. Hún sjálf vesæl. Ég lá alltaf. Brúkaði meðöl, bakstra, tevatn, stólpípu, brenndi á mig og lét taka mér blóð.

9. septemb. Sama veðurlag. Nýrekinn fertugur hvalur á Þambárvöllum, lítið fengu Tungusveitungar af honum. Ég í fötu.

10. septemb. Landaustan með hríð. Leitað, heimtist illa.

11. septemb. Þurrari austan og hvass. Mér nokkuð léttara.

12. septemb. Við sömu átt og suddi á millum. Stúlkunum léttara.

13. septemb. Hægur austan og suddi á millum. Þeir réru bræðurnir Jón og Þorkell með Guðmund á Geststöðum í gærdag og dag. Fengu báða dagana um 90 til samans. Ég í rúminu.

14. septemb. Hægur og ábúðarlegur til nóns, þá bráðviðri með úrfelli sunnan. Réru ei mínir menn, Sakarías fór á Ströndina.

15. septemb. Austan bleytugarður. Mér léttar Guð! sé lof.

16. septemb. Austan stórdrif og þurr til miðaftans. Embættað í Tröllatungu. Líst með Ormi og Elínu, Jóni og Margrétu. Riðu í gær inn áð Stað Þorkell og Þórunn og Björn í Hei-bæ.

17. september. Austan fúlviðri. Þau komu heim. Þ.Þ. Varð áttum samtal millum okkar Orms um að ég sleppti byggingar ráðum yfir hálfri Miðdalsgröf og neitaði ég þrisvar í röð, hér í húsinu nokkrum áheyrandi. Varð hann þá heldur óaðgætinn í orðum, að hann fékk þau ekki með myndugheitum. Orðin eru mér minnisstæð meðan lifi, þó ei skrifi ég þau hér.

18. septem. Austan stórgarður með snjóbleytu á fjöllum og nær í miðjar hlíðar. Stúlkunum batnað. Ég á fótum.

19. septemb. Austan drif með éljum. Leituðu Þorkell og Bjarni fundu yfir 20. Ég heimti eina roskna. Ormur aðra.

20. septemb. Austan stórgarður með megnu bleytukafaldi framyfir miðjan dag festi til sjávar. Skaflar í miðjar hlíðar.

21. septemb. Austan garður og úrfelli í millum.

22. septemb. Í afláti, til vestan, væta fyrst, svo þurr og hægur. Réru allir nema frá mér. Þorkell og Þórunn fóru með Guðríði litlu að Vonarholti. Þork. kom þ. eftir. Kom Jón á Kleppustöðum og varð um nóttina.

23. septemb. Vestan með stórhryðjum. Embættað í Tungu.

24. septemb. Hægð og gott veður. Allir réru, utan frá mér. Þorkell og Bjarni leituðu suður, urðu í Garpsdal.

24. septemb. Vestan með stórhryðjum, þeir komu að sunnan. ég heimti gimbur með dilk. Alheimti. Björn í Heiðarbæ lét glugga í búrið fyrir mig.

25. september. Logn og gott veður, ganga til austurs. Ég reri með Þorkel og Björn, aflaði 9 á skip.

26. septemb. Austan drif með bleytu kafalds hryðjum. Skiptum mónum. Fluttu Orms og mínir menn Þork. og Björn hvor sér. Mórinn var sár fordjarfaður.

27. september. Austan bleytu hrakningur. Kom Jón minn.

28. sept. Allgott veður. Þeir réru. Öfluðu rúma 40.

29. sept. Stórhríð og við vestan.

30. septemb. Norðan með bleytukafaldi. Embættað í Tröllatungu.

*Október 1855

1. október. Norðan með frosti og kófi. Kom Þórunn f. Vonarholti.

2. október. Frost og hægð. Hirt sem til var og borið í galta í Hestaflagið. Gjörði fjúk síðast.

3. október. Við vestan með yrju síðast. Tekið úr hálfum garðinum flutt uppeftir til vistunar. Hjónaefnin fóru uppeftir.

4. október. Austan drif og þurrviðri. Ormur, Elín, Jón og Margrét giftust. Allir hér fóru í veisluna nema við hjónin.

5. október. Austan stórgarður með kófi á millum .Komu hjónin hitt kom um veisludagskvöldið. Ýmsir glaðir.

6. október. Austan stórgarður með hörðu frosti og kófi. Haldin hreppskil, ent við að taka upp úr garðinum. Úr honum 5 tunnur rúmar. Rak hjá Sakaríasi á Heydalsá í fyrri nótt meira en áttærings farm af spýtum.

7. október. Þvervestan steitingur mjög kaldur, en þurr. Embættað í Tröllatungu. Við fórum hvurutvegja hjónin Þorkell og Þórunni, urðum öll til altaris.

8. október. Loftþunnur frost og hægð. Þorkell og Björn í Heiðarbæ, flutti 16 hesta af mó. Ormur skar 10 lömb.

9. október. Sólskin og blítt veður. Kældi vestan síðast. Þeir reru bræðurnir og Björn. Öfluðu 9 á skip. Skáru 6 4 hrúta og 2 ær geldar. Sú besta kindin 20 m lakasta 9 m. Ormur skar gelda á og hrút. Menn hans fluttu 20 hesta af mó.

10. október. Vestan drif og stór hryðjur á millum. Kom Jón og Guðnýu og urðu um nóttina.

11. okt. Við útnyrðing hæglátur með smá fjúki á millum. Kom Grímur að tala um jarðnæði fyrir Orm. Bræðurnir og Björn réru og öfluðu 35.

12. október. Austan stórgarður með bleytu hrannarekstri á milli. Varð ei róið. Bræðurnir rökuðu Guðrún, Orms menn rifu hrís.

13. október. Austan garður með bleytukafaldi allan daginn. Var ei embættað. Þorkell m. Fylgdi bróður sínum að Vonarholti.

14. október. Norðan stormur hart frost og fjúklaus. Þorkell og Björn sóttu síðast mó. Smíðað um glugga.

15. október. Vestan með stór hríð allan daginn. Þeir smíðuðu glugga hjá Þórunni og byrjuðu að annan handa Þóreyju.

16. október. Norðan með frosti og kafaldi. Björn lét gluggann hjá Þóreyju og sneri rúmi Þórunnar. Þorkell gjörði við fötur.

17. október. Frost og hreinviðri. B. og Þ. báru á völl.

18. o. Við vestan frost og hreinviðri fram yfir hádegi. Þá útsinningur. B. og Þ. báru á völl. Skáru 7 lömb menn Orms reru og lentu á Smáhömrum. Öfluðu 26. Ormur skar 6 roskið.

19. o. Fannfergja allan daginn stórmold. Síðast með frosti vestan. Vorum að gera við reku og kúrhald. Þ. og B. leituðu að fénu, allt látið inn. Ormur fór inn að Prestbakka. Þeir reru, öfluðu 36.

20. október. Fannfergjukafald og frost síðast. Embættað á F.

22. október. Stórkafald norðan með frosti. Lömb inn tekin.

23. o. Stórkafald með frosti og norðan. Út látið báða dagana.

24. október. Norðan með frosti hreinviðri. Ormur kom inn áð.

25. október. Stórkafald með hörðu frosti. Ég fór inn að Húsavík.

26. október. Stórkafald norðan með hörku.

27. október. Norðan með frosti og mygling. Ei róið of hvass.

28. október. Norðan steitingur og linara frost. Embættað á Felli.

29. október. Hreinviðri og frostlítið. Róið, aflaðist 18.

30. október. Hreinviðri og frostlítið. Róið, aflaðist 70.

31. október. Hægð og frostlaust. Róið, aflaðist 20. Misstist 4½ lóð. Náðist 2½. Fiskiríið að aukast.

*Nóvember 1855

1. nóvember. Vestan og þíðviðri. Sigurður í Húsavík fann lóðirnar á þeim 30.

2. nóvember. Vestan drif og bleytukafald en varð að vatni í byggðinni. Róið aflaðist 25.

3. nóvember. Vestan og bleytuhríð. Frostkafald síðast.

4. nóvember. Frost og hreinviðri. Embættað í Tröllatungu.

5. nóvember. Austnorðan með frosti og kafaldi. Svo hægur og fjúklaus. Bræðurnir og Björn lögðu nokkuð af lóðunum og létu liggja.

6. nóvember. Frost og hreinviðri. Þeir sóttu lóðirnar vantaði 3. Sigurður slæddi og náði 140, en vantaði 160 öngla af lóðunum.

7. nóvember. Norðan með frosti og kófi. Varð ei róið. Jón heim.

8. nóvember. Norðan með frosti og fjúklaus. Ei róið. Kom ei Jón.

9. nóvember. Norðan og hægur. Björn fór norður. Kom Jón, ei róið.

10. nóvember. Landaustan bloti og drif austan er á leið. Bræðurnir lögðu og náðu ei lóðunum. Ei heldur Ólafur á Klúku. Sagt: er að selur hafi verið fastur á lóðaröngli í Bæ með ½ vætt eða 6 fjórðungum, er það fáheyrt. Ei farið ag gvssfé?

11. n-ber. Norðan garður, kafald er á leið. Bræðurnir sóttu lóðirnar á þeim 12. Ólafu rog sótti og sínar. Embættað á Felli.

12. n-ber. Við norðan með þokukafaldi, svo hægur og bjartur.

13. n-ber. Frost og hreinviðri fram undir hádegi. Þá norðaustan með fannmoki. Náðu bræðurnir naumast lóðunum á þ. g. Björn kom að norðan, jarðskart af fanndýpt.

14. n.ber. Norðan með muggu kafaldi. Komin mikil fönn, út látið. Enginn réri.

15. n.ber. Við norðan og frostminn á er á leið. Stóð fyrst inni.

16. n.ber. Við sunnan frostlaust. Hvessti er á leið. Róið, aflað 10.

17. n.ber. Við sunnan og logn, frostlaust. Róið. Aflaðist 13.

18. n.ber. Sunnan þíðviðri. Embættað í Tröllatungu.

19. n.ber. Sama veður, þurr, reru, öfluðu 2 á skip.

20. n.ber. Sama góðviðrið og þíðviðrið. Róið aflaðist 26 og í vöðuselskópur með 5m f. og 5.m. Jón skaut hann.

21. nóvember. Róið aflaðist 96. Ég fór með. Gott veður.

22. nber. Logn og hreinviðri. Mikill lagnaðarís, róið, aflaðist 26.

23. nóvember. Logn, frost og hreinviðri. Var ei róið fyrir ís. Út á bæjunum var róið í flóann. Öfluðu strax 90 til 100. Jón minn fór frameftir. Við fórum í skotsnuður. Fengum ekki.

24. nóvember. Logn, kældi sunnan síðast með þíðviðri. Við fórum ofaneftir að setja í stand, svo að smíða árar.

25. nóvember. Sunnan hláviðri. Ei embættað.

26. nóvember. Sunnan hláviðri, en þurr. Var rifið hrís inní Hrófárlandi af Þorkeli, Birni, Þóreyju og Guðrúnu.

27. nóvember. Suðvestan hvass með úrfelli framyfir miðjan dag. Ég vesæll af blöðrusýki, heldur versnandi. Konan mín lá í rúminu af bakverk og var að brenna á sig. Kom Grímur að segja frá slysinu á Guðríði litlu í Vonarholti, hún brenndi sig í soðpotti.

28. nóvember. Sunnan góðviðri og hláviðri. Rifu stúlkurnar 2m og Björn í Heiðarbæjarlandi hrís og lyng. Mér þyngdi, henni létti. BJörn m. á Klúku tók mér blóð á báðum fótum.

29. nóvember. Suðvestan hláviðri. Fór Þorkell og 2 stúlkurnar að rifa inn frá og sækja hrís á 4 hestum. Björn fór suður fyrir mig eftir meðölum.

30. nóvember. Sama veður. Var ei róið. Björn kom að sunnan.

*Desember 1855

1. desember. Sama veður. En þurr og logn. Rifu piltarnir og stúlkurnar inn frá. Mér ívið léttara. Konan mín á fótum.

2. desember. Aðventa. Hláviðri og örþelað uppá fjöll. Em. á Felli.

3. dseember. Drifaveður með sudda. Piltarnir skrifuðu fiski.

4. desember. Logn, frost og hreinviðri. S'ottu piltarnir hrís á 4um hestum inn eftir. Ég skárri. Kom Guðmundur B. Orms.

5. desember. Logn frost og hreinviðri. Þeir sóttu á 3 hestum hrís. Mér er heldur í afturbata. Henni batnað.

6. desember. Vestan stormur og hreinviðri með frost. Piltarnir komu 5 hestum af h rísi í skemmuna og af 6 í eldhúsið. Var eftir úti af 4unna. sem ei komst inn.

7. desember. Hægur, vestan og frostlítið. Þorkell sótti fisk og spyrður ofan eftir. Mér jafnléttara. Blóðeyða á hæstu fjöllum.

8. desmber. Við útn yrðing, hægur , frost og hreinviðri. Sjókulldi. Sagður: Hafís mikill kominn inn fyrir Reykjafjörð. Þorkell og Björn fóru í skotsnuður, skutu aldrei. Ormur réri til fiskjar, aflaði 7. Hinir útfrá 20 að 50. Magnús í Vonarholti 90 á hnísugörn. Maður austan frá hrasaði með lærið á ljá og fór í gegnum. Dó eftir 5m tíma. Skip strandað við Langanes. 2 skip úr Vestmannaeyjum týndust við landeyjar, á þeim 16 manns. 2 menn tíndust í Hellirsár.

9. desember. Við norðan frost og hreinviðri. Messað í Tungu.

10. desember. Sama veður. kom Hafísinn inn á fjörð.

11. desember. Sama veður. Við fórum í skotsnuður, fengum ekki.

12. desember. Við úrnyrðing frost og hreinviðri. Jón minn, Þorkell og Björn fóru út að Smáhömrum. Fengu ekkert.

13. desember. Vestan hláviðri fram á rökkur. Þá norðan með ýsingskafaldi og sígandi frosti. Vorum heima. Brann smiðja á Heiðarbæ með öllu sem þar var inni.

14. desember. Logn, þoka og ísrigning allan daginn. Við Þorkell og BJörn fórum í skotsnuður, fengum vöðuselskóp. Skutum til gransels kóps og mistum.

15. desember. útnorðan með hörku og kófi nærri jarðlaust af ísing. Gjörum til kópinn á honum 5 f. og 16. m.

16. desember. Hreinviðir og hart frost. Var ei embættað.

17. desember. Sunnan og hláviðri er á leið. Tók af ísinguna sem var hér um bil 4 strásbreiddir. IVð fórum ekkert.

18. desember. Sunnan hláviðri og storm hvass. Við rerum inn undir Borgir að ísnum og honum útundir Hellu.

19. desember. AF ýmsum áttum. Stór rigning allan daginn. Við fórum ekkert. Ormur fór ofan eftir, svo heim.

20. desember. Landsunnan frostlítið og fjúk á millum.

21. d-ber. Útnorðan stormur og hart frost. Fjúklítið.

22. desember. Sunnan stormur og frostlítið. Tók litla rifu í ísinn með landi. Er nú fjörðurinn allur stíflaður af hafís inn fyrir Víðidalsá. Svo rifa, en gengur ís þar fyrir inn án. Að mestu fullur flóinn og sést út fyrir hann, ísinn, af fjöllum norður frá.

23. desember. Norðaustan stormur, frost og hreinviðri, góðar jarðir, sagður ís fyrir Austurlandi.

24. desember. Norðaustan drifaveður með frosti og kófi.

25. desember. Jóladagur, austan frost og hreinviðri.

26. desember. Norðan frost og hreinviðri. Embættað á Felli.

27. desember. Frost og hreinviðri.

28. desember. Frost og hreinviðri.

29. desember. Frost og lítið fjúk. Drógum borð framefitr ?

30. desember. Sunnudagur milli alladags og jóla. Frost og kafald.

31. desember. Austan garður með bleytu kafald. Sagt var að heyrst hefði og sést vistir eftir bjarndýr út á firðinum, inn án Grímsey. Ísinn gengur þvert og endilangt.

1856

*Janúar 1856

1. janúari. Nýársdagur 1856. Útnorðan með frosti og kafaldi. Var ei embættað. Farið að vaka á ísnum út á bæjunum fengu sumir 3, sumir 4 dogga. Ekkert inn frá.

2. janúari. Austan gúlpur, margir að vaka á ísnum og afla.

3. janúar. Sama veðurlag. Nógar jarðir. Ég smíðaði öngla.

4. janúar. Sama veðurlag. Ég setti í stand sóknir við önglana.

5. janúar. Sama veðurlag. Búnir að afla útfrá frá 2 til 4 lýsistunna.

6. janúar. Austan garðurinn. Var ei embættað.

7. janúar. Norðan með hörðu frosti og kófi. Við fórum fram með 2 hákallafæri í þverálin. Fengum ekkert.

8. janúar. Norðan með hörðu frosti. Fengum ekkert á færin.

9. janúar. Norðan frost og kóf. Fengum dogg með 1 ½ fjórðung.

10. janúar. Frost og hreinviðri. Ekkert á færunum okkar.

11. janúar. Vestan drif, skafmold. Hörku. Ekkert á færunum.

12. janúar. Vestan stórdrif með stór rigningu, bleytukafald síðast og frost. Tóku allir upp færin. Ekkert á mínum. Komið um 30 l. tunnur hjá öllum útfrá. Þeir komu heim sem vestur áttu að róða, Jón minn hefur hér verið í 4ra daga sér til ónýtis.

13. janúar. Vestan og kafald með drifi. Ei embættað. Jón fór heim. Búinn að taka hafísinn frá smáhömrum undir Fiski nes. Jarðlaust.

14. janúar. Með frosti og hreinviðri. Vorum á ísnum, fengum ekkert.

15. janúar. Við útnyrðing, frost og hreinviðri. Fengum ekkert.

16. janúar. Sama veðurlag. Fengum ekkert. Jarðlaust af áfreða.

17. janúar. Fannfergju kafald allan daginn og frost. Tóku allir upp hér inn frá. Komin ófærð. Tók ísinn frá Skáruklettum að Smáhö.

18. janúar. Frost og kóf norðan. Þó hægur. Voru fram af Strö.

19. janúar. Hart frost og hreinviðri austan.

20. janúar. Útsynningur. Embættað í Tungu og jarðsungið barnið. H. og Þrúðar.

21. janúar. Hátt norðan með hörku og kafaldi. Kom Sæmundur á Hellu.

22. janúar. Norðan hæglátari og harka, kafaldslítill.

23. janúar. Norðan hart frost og hreinviðri. Þeir voru að skjóta af ströndinni og fengu ekkert, ei heldur Ormur.

24. janúar. Útnorðan stórmold með mestu hörku. Braut ísinn frá Reykjanesi inní Borgir og Víðirdalshöfða, en liðaði allan uppí land, Ormur og Grímur misstu sitt færið hvor, Eyjúlfur 3, Guðmundur Sveinsson varð hér veður fastur í 2 nætur.

25. janúar. Þorri og Pálsmessa. Norðan með kófi og hörku. Fundust ei fær.

26. janúar. Norðan smáfjúk og harka. Settum fiskinn okkar ofan eft.

27. janúar. Norðan með fjúki og hörku. Var að reka inn nýjan ís.

28. janúar. Norðan með hörku frosti og hreinviðri. Hundar farnir að drepast í sveitinni hér og sér á mörgum.

29. janúar. Hart frost og hreinviðri. Við Þorkell sóttum fjalirnar okkar úr mastrastubbunum að Kirkjubóli. Hafísinn hér megin fram í ál svo ei verður reynt við sel. Enginn hákall.

30. janúar. Myrkva þoka allan daginn og hart frost.

31. janúar. Þoka, frost og útnorðan. Kafald síðast.

...

*Febrúar 1856

1. febrúar. Frost, hægur og þoka með fannfergju. Komin ófærð.

2. febrúar. Þoka og kafaldskóf með hörku. Kyndilmessa. Vika af þorra. Er að reka inn nýjan hafís. Hundar að drepast í sveitinni. 1 nær dauður hér, sér á hinum. Jarðlaust.

3. febrúar. Norðan með frosti og kafaldi. Ei embættað.

4. febrúar. Norðan með frosti og kafaldi.

5. febrúar. Norðan með frosti og kafaldi.

[aftan við 4.-5. febr.] Fögru flekku haldið 15. janúar.

6. febrúar. Öskudagur. Austnorðan gúlpur með lynjukafaldi.

7. febrúar. Sunnan í áttinni, hægð og frosthægur.

8. febrúar. Sama veðurlag og veðurstaða. Fullur fjörðurinn útí ey.

9. febrúar. Hreinviðri og frostlint.

10. febrúar. Frost og hreinviðri. 4 að skjóta í pollinum.

11. febrúar. Frost og hreinviðri. Þorkell með Jóni bróður sínum út á Broddanes. Mikil fanndýpt hér megin.

12. febrúar. Hreinviðri og harka mikil. Ég fór með Jóni m. út að Heydalsá og fengum þar bát. Settum hann út á ísinn fram á Álbrún. Lentum á Smáhömrum urðum í Þorpum.

13. febr. Hreinviðri og harka. Fórum til vöðunnar. Hún lítil og stygg. Fengum ekkert. Jón til mín, ég að Heydalsá.

14. febr. Hreinviðri og h arka. Ég kastaði 3 en allt varð ófært af hörkunni. Ormur fékk sel með byss. Sigurður, ég ekkert.

15. febr. Hreinviðri og harka. Við fengum vænan kóp með byssu.

16. febr. Hreinviðri og harka. Fengum ekkert. Gengum heim.

17. febr. Hreinviðir og vægara frost. Embættað á Felli. 2 af Þ.

18. febr. Hreinviðri og hart frost. Fórum úteftir fengum ekkert.

19. febr. Hreinviðir og hart frost. Fengum ekkert.

20. febr. Hreinviðri og h art frost. Gekk til vesturs áttar.

21. febr. Hláviðri. Fór að taka yst af ísnum. Fengum ekkert.

22. febr. Hláviðri og stórdrif. Fórum úteftir, ei fram.

23. febr. Hláviðri. Fengum vænan sel með skutli. Urðum á H?

24. febr. Góa byrjar. Hláviðri. Drógum af fyrri selnum inni ?

25. febrúar. Hláviðri, mikið úrfelli frameftir, svo miðjan daginn drif. Fórum til vöðunnar við skörina, misstum skotsel.

26. febr. Hláviðri og hægur, úrfelli mikið er á leið. Fengum ekki.

27. febr. Hláviðri og væta. Fengum ekki. Ég fór heim. Yfir gaf útfrá.

28. febr. Hláviðri, Settum bátinn minn útí Br.tanga. Hvessti er á leið.

29. febr. Stór úrfelli og þoka fram yfir miðjan dag, þá stór drif.

*Mars 1856

1. mars. Sterkviðri og háa rok. Tók allan ísinn héðan frá landi inní Borgir. Víða reif þök og velti um hjöllum. Hægði er á leið.

2. mars. 2. sunnudagur í Góu. Logn og blítt veður. Embættað í Tungu.

3. mars. Hláviðri, hægur fyrst, svo hvass, fórum fram fengum ekki.

4. mars. Hláviðri fórum ekkert. Sigurður fór norður.

5. mars. Logn og gott veður. Stygg vaða. Misstum skotsel.

6. mars. Hlávíðri, fórum inn að skör, fengum ekki, nóg vaða stygg.

7. mars. Hlávíðri, drif og úrfella á milli, Jón m. fluttur að Kleifum.

8. mars. Stórdrif vestan með hrakning. Ég var að … til …

9. mars. Austan stormur, frost og hreinviðri. Embættað á Felli.

10. mars. Frost og hreinviðri. Norðan stormur og fjúk síðast. Við fórum í skot-snuður og inn að Sandnesi, lentum undir Bæjarnes og gengum svo ísinn. Fengum ekki, en nógan ís.

11. mars. Austan með frosti og kafaldi, allur hafís burtu.

12. mars. Frost, hægð og sólskin. Ég reyndi byssuna, þ. að Vonarholti.

13. mars. Mesta fannfergja austan allan daginn. Prestur húsvitjaði.

14. mars. Hægur af öllum áttum, með þoku og linju fjúki, Sunnan hlávíðri síðast. Var komin mikil fönn.

15. mars. Boðunardagur Maríu. Sunnan hlávíðri og blíðviðri.

16. mars. Hægð og blíðviðri. Embættað í Tungu, Elín, Helga, Guðrún og Málmfríður fóru héðan. Konan m. Þórunni að Heydalsá.

17. mars. Við sunnan, gott veður fórum ekkert. Böðið? fyrir norðan.

18. mars. Blíðviðri sunnan. Smá væta síðast. Fórum ekki Þeir í legunni.

19. mars. Blíðviðri. Við Þorkell fórum inn að Stað. Þeir komu úr legunni ...

20. mars … og öfluðu allir vel. 2 skiptapar frá Ísafjarðardjúpi, 4 af öðru, 2 af hinu skipinu. Fiskirí lítið. Vorum við embætti á Stað.

21. mars. Var frost á næturnar, logn sólskin um daginn. Við vorum við embætti aftur, fórum svo út að bátnum við Rostungsklett og að Sandnesi á bátnum um kvöldið, urðum þar um nóttina. Einar gjörðu við Valbérmspípu? fyrir mig og tókst vel.

22. mars. Frost að nóttunni. Sólskin og gott veður. Sjólæða litla stund. Við fórum með skörinni, sáum 3 vöðusela. Sjókuldi mikill.

23. mars. Páskadagur. Síðasti sunnudagur í Góu. Frost að nóttunni og hélur á morgnan. Sólskin og hiti, embættað í Tungu.

24. mars. Sama veðurlag. Við Þorkell minn fórum á Bát út að Kollafjarðarnesi og Broddanesi og áttum fyrir ísnum, urðum á Broddanesi um nóttina í besta eftirlæti. Allir fóru norður aftur.

25. mars. Líkt veður. Hula í lofti miðjan daginn, vestan stormur síðast. Við héldum heim, en fengum á móti frá Smáhömrum.

26. mars. Gott veður og hula í lofti, andvari vestan. Við rifum 5 inn í Hrófárlandi. Ég Þork. Þórey, Þórunn og Guðrún.

27. mars. Austan stormur með smá fjúki. Ég fór að byrja að sn… færa snældum. Þorkell púlt. Farið að lifna á Börðum.

28. mars. Vestan stormur með krepju fyrst. Við Þorkell gjörðum sama. Björn í Heiðarbæ fór síðan eftir meðölum handa Sigurbjörg, hún veik í hálsinum. Hann kom að liðnu nóni aftur.

29. mars. Vestan stormur með smá vætu á millum. Við gjörðum sama.

30. mars. Blíðvirði. Embættað á Tröllatungu.

31. mars. Austan flái og gott veður. Sunnan síðast, ég við rokkana.

Apríl 1856

1. apríl. Suðvestan með úrfelli og krepju til fjalla, þó lítið fr. Ég enti við færarokkana. Þorkell að smiða kistil handa Guðrúnu.

2. apríl. Við austan og hægð. Blíðviðri. Snerum 120. Niðurfrá

3. apríl. Austan garður, þó frost og fjúklaust. Við fórum ofaneftir. Flettum kjálkunum en brutum sög. Byrjuðum stólpa.

4. apríl. Austangarðurinn, þó sólskin. Vorum heima báðir.

5. apríl. Landaustan blíðviðri, Snerum 120. Hlaðið af stólpanum.

6. apríl. Við sunnan blíðviðri. Embættað í Tungu.

7. apríl. Útnorðan drif og hreinviðri. Frost að nóttunni. Við Þorkell sóttum hrísið inn í Hrófárlandið á 5m hestum.

8. apríl. Norðan og hreinviðri. Frost að nóttunni. Hreinsuðum garðinn.

9. apríl. Norðan og hreinviðri. Frost að nóttunni. Stungum 120 af hnaus í Naustavíkinni og hlóðum hálfan stólpa.

10. apríl. Norðan og hreinviðri, frost að nóttunni. Við fórum ofan eftir og hlóðum að öllu 2 stólpana og byrjuðum þann þriðja. Fórst skip á Reykjarfirði 31. mars með farangur og öllu, í spón við Naustvíkur.

11. apríl. Við norðan hreinviðri og frost að nóttunni. Hlóðum 3ja stólpann.

12. apríl. Sama veður. Hlóðum þann 4a og entum við hjallinn að veggjunum.

13. apríl. Hreinviðri og í niðurgöngu. Embættað á Felli.

14. apríl. Sunnan stormur og ábúðarlegur. Verðum hér vart við niðurgangssótt.

15. apríl. Sterkviðri með stórúrfelli allan daginn. Þorkell smíðaði kistulok.

16. apríl. Vestan drif með hagléljum fram yfir hádegi. Björn í Heiðarbæ sótti Þórunni. Fór hún þá alfarin frá okkur, viku fyrir sumar.

17. apríl. Vestan drif og þurrviðri. Gátumum ei út gjört 9. og 12. sm.m komu Hafnarskip á Reykjafjörð. Korn á 13, Bb 15, kaffi 26, s a 28.

18. apríl. Bænadagur. Vestan drif og þurr. Fórum að Tunguk 3.

19. apríl. Vestan stormur með vætu á millum. Bárum í garðinni og brekkuna.

20. apríl. Vestan drif og úrfelli. Kom Guðm. Sveinsson. Ei embættað. Síðan á góu hefur hér um pláss fé ei inn í hús komið, en hér í Gröf síðan snemma á einmánuð. Til lóu heyrðist hálfri þriðju viku fyrir sumar.

21. apríl. Vestan garri með bleytuéljum á milli. Allt fé úti.

22. apríl. Stórkafald norðan, voru að leita allan daginn kindanna. Þorkell og Loftur. Fundu allt. Hestar innlátnir. Björn á Klúku missti hrút.

23. apríl. Norðan með frosti og kafaldi, ei útlátið, ég fór inn að Húsavík og fékk hjá Halldóri 2 fjórðunga af korni og einn af fiski, því þá átti ég ekkert af mat nema dropann úr 2 kúm, því sambýlismaður minn Ormur O.s. hélt inni hjá sér 1 vætt og 2 fiskum er hann átti að fá mér með Sigurbjörg.

24. apríl. Sólskin og gott veður. Sumardagurinn fyrsti.

25. apríl. Vestan steitingur með skúrum á milli. Festur upp hákallinn.

26. apríl. Vestan drifa stormur og sólskin. Ég smíðaði trog. Þ. Blokkir 4 í vefstól og spólustokk. Mikið leysti af fönninni.

22. þessa mánaðar fórst skip frá Skálholtsvík, er sækja átti að Reykjarfirði 16 viðarhesta. Fóru um morguninn frá Eyjum og er haldið þeir farist hafi á Bjarnarfjarðarrifi. Skipið rak á Nesströnd brotið og viðurinn. Formaðurinn hét Jón og var giftur, Jón hét annar og var giftur, 2 Ólafar, annar þeirra giftur, Guðmundur sá fimmti.

27. apríl. Norðan stormur með smá éljum á milli. Frost síðast. Em. í T.

28. apríl. Norðan með smáfjúki á millum, en þó gott veður, sólskin er á leið.

29. apríl. Blíðviðri. Ég fór að Heydalseli að fá mat og peninga til láns en fékk ekkert. Sveið kol um kvöldið.

30. apríl. Blíðviðri. Við Þorkell fórum að Hafnarhólmi og þáðum skemmtilega viðtöku, hjálpaði nafni mér um 1½ f. fiska korn f. og 12 m. af tólg.

*Maí 1856

1. Uppstigningadagur. Blíðviðri. Embættað á Felli.

2. maí. Blíðviðri. Vorum að stinga upp gerðin fyrst.

3. maí. Blíðviðri, þó við sunnan. Stungum upp í garðinum.

4. maí. Gott veður, vestan hægur með smáskúrum. Embættað á Felli.

5. maí. Hægur vestan með vætu framan af. Svo norðan með frosti og kafaldi. Gjögrarar reru og öfluðu vel. 32 sá mesti, sá minnsti 16 tunnur.

6. maí. Norðan með frosti og kófi. Ég var að smíða í vefstaðinn.

7. maí. Vestan stormur og þurrviðri. Tók af allt föl, rekið í????unim nokkuð, vorum að enda við að stinga upp garðinn.

8. maí. Vestan með skúrum. Björn tók ærnar sínar og Þórunnar, það var 7 alls. Henni gáfum við 2 ær. Hún átti 1 og gemling. Björn fékk 2 í skuld og fóðraður gemlingur.

9. maí. Landaustan góðviðri. Við hlóðum 2 faðma af túngarði útfrá.

10. maí. Landaustan garður, en þurr. Þorkell og Guðrún möluðu.

11. maí. Hvítasunna. Embættað í Tungu. Konfermderuð 7 börn og Málmfríður.

12. maí. Norðan garður i´gær og dag með fjúki á milli. Emb. í Tungu.

13. maí Austnorðan stormur og í afláti. Frost að nóttunni. Við vorum að hlaða túngarðinn útfrá að aftanverðu.

14. maí. Við stungum útúr stóra húsinu. Átti ég nú ei neinn dropann úr kúnni. Þannig hefur mitt líf liðið fram þetta ár. Allan daginn var vestan þerrir og stormur.

15. maí. Góðviðri og útræna. Ég fékk að vestan 24* höfuð.

16. maí. Norðaustan drif og þerrir. Við Þorkell fórum út að Smáhömrum og Heydalsá og sóttum fisk handa prófastinum.

17. maí. Norðan stórdrif með kófi og frosti til fjalla. Við Þorkell fórum inn áð eyri, urðum Nóttina í Gröf[yfirstrikað]í Bitru.

18. maí. Norðaustan drif og þerrir, urðum við embætti á Eyri, en um nóttina á Einfætingsgili og þá fyrri.

19. maí. Norðan stormur, þó meir við útnyrðing. Við héldum heim.

20. maí. Austnorðan drif með hraglanda. Tókum saman taðið og stungum út úr sauðahúsinu.

21. maí. Austangarður og kóf með frosti til fjalla. Þingað á Kirkjubóli. Bornar 4. 1 lamb dautt. Endir 4. viku sumars.

22. maí. Norðan drif og hreinviðri með frosti. Var Miðdalsgröf úttekin frá mér hálf, handa Ormi Oddssyni, er hér hefur dvalið næstliðið ár. Úttektin var viðunanleg, en lofanir Orms við mig stóðu fáar heima, þær að undanförnu. Guð! minn dæmi það í náð.

23. maí. Hreinviðri, hæglátur og norðan. Við vorum að byrja garð við flatan endann norðan stóra húsið.

24. maí. Norðan drif og hreinvirði. Við vorum að hlaða garðinn.

25. maí. Norðan drif og hreinviðri. Embættað í Tungu, urðum til altaris.

26. maí. Gott veður og hreinviðri. Reyndum, urðum ei varir.

27. maí. Við sunnan og blíðviðri. Við Þorkell skárum mó í Vonarholti fyrir Jón minn og urðum þar um nóttina. Hann fór í viðarferð.

28. maí. Við sunnan og blíðviðri. Við skárum mó og heim um kvöldið.

29. maí. Blíðviðri. Skárum hjá Litlaholti mó til nóns.

30. maí. Sunnan hægur og smá væta. Skárum mó. Þorkell rak hrúta mína 7 fram í Arnkötludalsþvergil.

Júní 1856

1. júní. Landaustan stormur og þurr. Eyjúlfur kom hér. Embættað á Felli.

2. júní. Gott veður og við sunnan, vorum að búa garðinn undir sáð.

3. júní. Sama veður. Við gjörðum sama. Fóru féögur til grasa.

4. júní. Vestan stormur. Ég með útbrot á niðurandlitinu. Varð ei sáð vegna storms. Ormur fór að byggja fjós á minni lóð að óspurðu mér.

5. júní. Sama veður. Ormur reif gamla fjósið í forboðið mínu. Varð ei sáð.

6. júní Sama veður. Ormur hélt áfram að brjóta það gamla, en byggja n. f.

7. júní. Sama veður, meira skúrir á milli. Ormur að reisa nýja fjósið. Ég lakari í andlitinu. Þ.m. upp í fjörð með bréf til prófastsins. Varð ei sáð.

8. júní. Sunnan með smáskúrum. Embættað í Tungu. Símonsen sigldi inn.

9 .júní. Austan stormur. Ormur inn á Sk hans menn stungu tröð ofan nýja fjósið hann. Guðjón bókasölumaður úr Reykjav. kom og sagði: að Napolon Frakkakeisari væri kominn í R.v. á 2 línu skipum.

10. júní. Norðaustan steytingur. Kom Jón m. að fá fræ. Ég vesæll af kýlum á andlitinu. Neðan nefið með 4m götum. Annað kýlið undir munnvikinu. Vinstra megin en stærra og gata fleira. Var sáð í gær og dag.

11. júní. Norðan stormur. Þ enti við að sá. Sótti hesta á dalinn.

12. júní. Norðan stormur og þurr. Gránaði til fjalla. Ég eins með kýlin.

13. júní. Norðan hægð og þerrir. Ég lítið skárri. Ent við að slá.

14. júní. Sunnan hægur fyrst. Við vorum að gjöra við hlöðuna, Þorkell, Loftur, Kristján; Guðrún og Björg fóru eftir nónið inn á skip. Hvessti þá smátt og smátt með úrfelli og síðast háarok landsunnan. Svo við voða lá á danska skipinu og bátunum, er við það voru. Slitnaði áttæringur frá skipinu með borðvið er átti Guðbrandur á Kaldrananesi og braut 2 báta framan við um leið. Ég átti annan. Sakarías á H annan, en skipið rak að klettum og það til stórskemmda. Viðinn rak. Fólkið héðan komst á mínum bát úteftir.

15. júní. Sunnan hæglátur og þurr. Embættað á Tungu. Ormur að stað til norðf.

16. júní. Norðaustan stórgarður, gránaði í hlíðar. Við Þorkell gjörðum við styrkishlöðuna.

17. júní. Norðan og í afláti. Við Þorkell smöluðum og leituðum að greni. Kom Jón minn um kveldið og ljíngum? við með h.n.

18. júní. Norðaustan garðvera. Við Þorkell reistum hjallinn. Guðrún og Þórey fóru á Víðirdalsár grasafjall.

19. júní. Landaustan stormur og gott veður, smá væta síðast. Við Þorkell vorum að hleypa og refta hjallinn. Jón minn fékk pott hjá okkur, svo norður.

20. júní. Gott veður og innlagning. Við entum við hjallinn í Naustavíkinni.

21. júní. Sama veðurlag. Við björðum við bátinn. Kom jaktin hjá Jakob.

22. júní. Austan stormur með smáskúrum á milli. Komu 9. Emb. á Felli.

23. júní. Austan stormur og væta síðast. Ég tók saman mó. Þorkell brenndi á sig, til heilsubótar. Smalaði um kvöldið.

24. júní. Austan með vætu. Þorkell og Málmfríður fóru inn á jaktina með því frá Heiðarbæ. Fékkst þar ekkert. Ég stakk klumbru.

25. júní. Austan gúlpur og væta e r á leið. Við Þorkell stungum klumbru. Varð Ormur myndugur yfir því!!! en hafði látið rista að 90 í óskiptu slægjulandi? að mér óspurðum er hnausinn stakk ég í Hesthúsflóanum í óskiptu, því hann var ætlaður til þess fyrir báða. Hann kom úr kaupstaðarferðinni í gær.

26. júní. Austan hjúlpur framan af. Við Þorkell ristum torf ofan Lambeyri. Gjörðum við skemmuskrána.

27. júní. Austan hæglátari og þerrir. Var fært frá, Þorkell og Cristján sátu hjá ánum. Málmfríður og Björg hjá lömbunum. Tók ég mig burt úr búri Orms, hann sitt og sína úr skemmunni minni.

28. júní. Hæglátur austan og þerrir. Sátu hjá þeir sömu, rekin lömbin af Lofti, Bjarna, Málmfríði og Björg. Björn sótti grasafólkið og Jónatan. Ég bikaði að gjörðina á bátnum mínum.

29. júní. Vestan stormur og besti þerrir. Þær komu af fjallinu. Embættað í T.

30. júní. Innlagning og besti þerrir. Komum inn taði. Fórum að Víðirdalsá.

Júlí 1856

1. júlí. Sama veður. Skárum mó. Þ. vesæll af kverkabólgu. Jaktin fór út.

2. júlí. Landaustan hægð og úði allan daginn. Þorkell flutti systur sínar á grasafjall að Vonarholti. Ég var að koma fyrir í Skemmunni.

3. júlí. Væta og hægð. varð lítið gjört. Ormsmenn byggðu fjósrangala.

4. júlí. Góðviðri væta og austan síðast. Við Þ. reyndum fyrir fisk. Urðum varir á einum stað, en náðum ei. Strandarm. fengu um og yfir 100 á lóðir, þá reyndu þeir fyrst með þær. Frá Kirkjubóls var ófrétt. 2ar á 11. viku sumars var þetta. B. á Bjarnarnesi fann á sjó um skop af tólg.

5. júlí. Austan stórdrif með yrju á milli. Þ. sótti systurnar. Farið að slá fyrir 4 og fram daginn sumstaðar. Ormur enti við bekkstafgólfið á baðstofu.

6. júlí. Norðan og besti þerrir. Embættað í Tröllatungu.

7. júlí. Norðan í afláti og góður þerrir. Vestan sperra frá hádegi fram á miðnætti, þá hægur austan. Lögðum fyrst lóðir um morguninn, en náðum ei fyrr en hann sneri sér á þeim 26 og 3 sk. Fórum í land og beittum 4 og tókum að kvöldi þessi.

8. júlí og var þá austan innlagning og góður þerrir á lóðunum 46 og 3 skötur. Ormur lét heyja þessa 2 daga flóann um framf.

9. júlí. Innlagning og góður þerrir. Byrjað að sláttur hja mér.

10 júlí. Austan garður. Slógum heima á brekkunni. Ormur lét slá stykkið litla af flötinni minni undan fremra og neðra kálgarðshorninu.

11. júlí. Austan garður og vætra. Lítið slegið því kóleru snertur inntók allt mitt fólk yfir 12 tíma. Varð Þórey aumust.

12. júlí. Hæglátur austan. Var brekkna slegin vel út fyrir hús. Allir við verk, þó með veikum burðum. Sumir. Við Björn bræddum lifur.

13. júlí. Góður þerrir. Stormur og sjólæða fyrst. Komu 9 veldrukkið Ormsmegin af sjálfum honum sumum gestum? hans. Em. á Felli.

14. júlí Austnorðan garðsvera og flæsa. Ent við brekkuna og slegin útræktin fram fyrir húsin út frá. Símonsen lagði inn.

15. júlí. Sama veðurstaða. Ent við útræktina fram að Orms fjósi. Byrjað stykkið hjá mýrinni. Þorkell suður að sækja kol.

16. júlí. Sama veðurstaða. Rökuð brekkan og útræktin og slegið í stykkinu. Slóst Ormur uppámig og mína með fúkyrðum og hótunum. Þorkell minn kom með kolin.

17. júlí. Ent við að slá stykkið frá mýrinni uppúr. Besti þerrir norðan og rifjað 3. Þorkell fór inn eftir með skuldina til Símonsen.

18. júlí. Við norðan og þerrir flæsa allt upp rakað, lögðum lóðir.

19. júlí. Suðvestan stormur og smá væta. Sóttum lóðirnar, á þeim 24.

20. júlí. Norðan og þurr. Embættað. Séra Sigurður að Stað í Tröllatungu.

21. júlí. Austangarður. Rakað í stykkinu. Ég flutti 14 hesta af mó.

22. júlí. Austan, slegið í stykkinu. Ég smíðaði ljá fyrir mig.

23. júlí. Við norðan, ent að slá stykkið. Ég að efna til í ljá.

24. júlí. Við norðan og flæsa. Rakað stykkið og byrjað að slá veitupartinn. henni var skipt að kvöldi þess 20. s.m. Rerum að kvöldinu.

25. júlí. Hægur og við austan. Sóttum lóðirnar, á þeim 39. Lögðum aftur að kvöldinu. Stúlkurnar rökuðu úr veitunni.

26. júlí. Hægur og við austan. Stúlkurnar slógu í Hesthúsflóanum. Við sóttum lóðirnar. Á þeim 76. Gjörðum öllu til góða. Þ= Þ suður.

27. júlí. Sjólæða, þerrir um miðjan daginn. Embættað í Tungu.

28. júlí. Við norðan og þurr. Var byrjað að slá í flóðunum.

29. júlí. Sama veður. Var slegið í sama stað. Ég reri, aflaði 77.

30. júlí. Sama veður. Heyjað í sama stað. Ég reri, aflaði 54.

31. júlí. Sama veður. Heyjað sama stað. Ég réri ekki. Hirt taðan öll.

Ágúst 1856

1. ágúst. Sama veður. Bundnir 14 úr Flóðunum. Ég gjörði við fisk.

2. ágúst. Góður þerrir vestan. Hirt sem heima var. Ég reri, aflaði 66.

3. ágúst. Góður þerrir norðan. Emb. á Felli. Þorkell og Þórey inn áð Stað.

4. ágúst. Besti þerrir vestan framyfir miðjan dag, þá austan. Ég reri með Finnboga og Benidikt á Klúku, aflaði 56.

5. ágúst. Austan og linju þerrir. Ég gjörði við aflann og smíðaði þá heim kom ljá að mestu. Heyjað efst í Flóðunum.

6. ágúst. Við norðan þurrt veður og gott. Bundið úr Flóðunum 28.

7. ágúst. Sama veður og þoka framyfir miðjan. Ég réri, aflaði 22.

8. ágúst. Góður þerrir. Hirtum allt. Fingurmein eru að heimsækja fólk, mest í Tungu. Dáið barn á Broddadalsá og Þorpum.

9 .ágúst. Vestan þerrir. 12 af þurrabandi bundnir úr Partinum.

10. ágúst. Vestan þerrir. Embættað á Tungu. Ég og Þorkell fórum til kirkju.

11. ágúst. Norðan og góður þerrir. Við heyjuðum í Partinumm.

12. ágúst. Norðan og þerrir. Heyjuðum í sama stað.

13. ágúst. Norðan þurr og hvass heyjuðum í sama stað. Kom Brynjólfur um kvöldið til mín í kaupavinnu. Loftur kjúkur nú í afturbatra.

14. ágúst. Norðan stormur og þurrviðri. Bundnir hjá mér 24. Var Brynjólfur.

15. ágúst. Norðan og þerrir. Heyjað í Partinum, var Brynjólfur.

16. ágúst. Vestan stormur og þerrir. Ent við Partinn. Fyllt hlaðan við húsin.

17. ásgúst. Þurr fyrst, svo væta. Embættað á Felli. Þorkell reið að Garpsdal.

18. ágúst. Vestan stormur og þurr að mestu. Byrjaður flóinn heiman flóðin. Fyllt fjóshlaðan. Ég flutti mó. Brynjólfur í kaupavinnu hjá mér.

19. ágúst. Landaustan og úrfelli að öðru hverju. Slegið í flóanum.

20. ágúst. Sama veðurlag. Slegið í flóanum.

21. ágúst. Sama veðurlag. Þó þyngri vætan. Slegið í flóanum.

22. ágúst. Vestan stormur og flæsa er á leið. Rakað í flóanum. Kom herra prófasturinn að tala um fjóstið millum okkar Orms.

23. ágúst. Austan gúlpur þurr að mestu, ent við að raka í flóanum.

24. ágúst. Norðan og þurr veður. Var ei embættað. Prestur vesæll.

25. ágúst. Þerrir og norðan. Bundum úr flóanum 48. Frost að nóttunni.

26. ágúst. Við landaustan og flæsa. Svo væta, kom ofan í hjá mér.

27. ágúst. Norðan og góður þerrir. Bundnir og rakað heim 12, þurrkað heima og hirt í galta. Kom Jón minn, ætlaði að róa, ? væta í gær og slegið í heim mýrunum.

28. ágúst. Þá gjört það sem skrifað var í gær.

29. ágúst. Höfuðdagur nýi. Norðvestan besti þerrir. Bundnir úr flóanum 23 og ent við hann. 4 bundnir heim frá. Frost að nóttu.

30. ágúst. Norðan besti þerrir. Allt hirt og borið upp hey við hlöðuna útfrá við gaflinn. 4 galtar þurrir heftir.

31. ágúst. Norðan og þerrir. Embættað í Tröllatungu.

*September 1856

1. september. Góður þerrir. Slógum og rökuðum í mýrunum. Hirtum 3 galta á túninu að hlöðudyrunum útfrá og ristum upp á hann.

2. september. Vestan stormur og þerrir. Rökuðum í galta framfrá og slógum svo til kvölds. Róið á hverjum degi á Ströndinni.

3. september. Suðvestan stormur og stórúrfelli eftir hádegi. Við rökuðum mikið af ljánni áður, ristum uppá galtann og fluttum svo til kvölds. Ormur sló framan Leitislækinn og hætti þ.

4. septb. Austan flái og flæsa. Við rökuðum upp ljána. Breiddum nokkuð og rökuðum það upp í sæti.

5. september. Hægur norðan og þurr. Bundnir 25 af stúlkunum því Þorkell var veikur í handarjaðri og fór því með.

6. september. Suðvestan besti þerrir. Bundnir 4 úr engjunum og tókum okkur upp úr þeim. Hirtum allt og þöktum. Heyjað 240.

7. septb. Vestan drif og þétt úrfelli að mestu allan daginn. Em[bættað] á Felli.

8. sept. Vestan drif og úrfelli. Ég setti upp lóð. Þorkeli skárra.

9. september. Sama veðurlag. Snjóaði á fjöll síðast í fyrsta sinn.

10. september. Vestan hvass með hryðjum á milli. Við fluttum allan hnausinn í fjósið. Ormur og Kristján fóru suður á Skarðströnd.

11. september. Vestan og úrfelli. Ristum torf og fluttum.

12. september. Vestan stormur með skúrum. Rerum og Þórey með okkur. Öfluðum 9 á salt=fisk.

13. septemb. Vestan hægur og úrfelli. Rerum 3, öfluðum 66.

14. september. Vestan með stórúrfelli er á leið. Embættað í Tröllatungu.

15. september. Austnorðan stórgarður með bleytukafaldi, festi í miðjar hlíðar. Varð ei róið.

16. septe. Austan garður, hægur fyrst, lögðum, en náðum ekki lóðunum.

17. sept. Stórgarður norðan með bleytu kafald á milli. Slytti dálítið. Sóttum lóðirnar á þeim 50 og ein skata. Byrjuðum fjósgaflinn norðari.

18. sept. Austnorðan stórgarður. Við gjörðum upp fyrir norðara heyið og hlóðum upp með hinu að neðanverðu.

19. september. Norðan stormur og þurr. Rerum og fengum 18.

20. sept. Landsunnan og í loftið og logn með úrfelli allan daginn. Austan síðast. Rerum, fengum 31.

21. septem. Landaustan og þétt rigning allan daginn. Þorkell leitaði hesta allan daginn til fjallleita að morgni. Ei embættað.

22. september. Austan garður með þoku fram yfir miðjan dag. Var leitað. Fyrsta leit. Komu ei leitarmenn.

23. september. Sami garðurinn með kafaldséljum. Þeir komu úr leitinni, heimtist illa. Kom Guðmundur Þórðarson.

24. sept. Landaustan hægur með dimmu kafaldi. þeir leituð annað sinn.

25. sept. Landaustan stormur og þurrviðri. Þeir komu úr leitinni.

26. sept. Austan drif með éljum. Orms m. fóru í fjósgaflinn með okkur.

27. sept. Vestan útnyrðingur og þerrir. Leitað þriðja sinni, fundu ekkert.

28. september. Útnyrðingur og þerrir. Embættað á Felli.

29. september. Norðan og þurrviðri. Rérum og öfluðum 24. Mikalismessa.

30. september. Sama veðurstaða og veðurlag. Rerum öfluðum 68.

*Október 1856

1. október. Garður norðan, gjörðum til aflann. Skárum hrútana. Sótt kýr?

2. október. Norðan. Rérum, öfluðum 20.

3. október. Austan garður. Gjörðum uppfyrir heyið við hlöðuna.

4. október. Suðvestan drif með skúrum á milli. Ég réri með Björn og Þóreyju. Náði undir með harðfylgi. Þorkell fylgdi Margréti inn að Einfætingsgili. 8 voru á lóðunum.

5. október. Logn og þurrviðri. Við urðum til altaris hjónin og Málmfríður en 33 alls til altaris um daginn.

6. okt. Þann 4 - þ.m. var þurrviðri og austan stormur og haldin hreppskil. En þann 6. þ.m. var allt það sem skrifað er þ. 4.

7. október. Austan garður. Þorkell kom inn að.

8. október. Norðan með kóféljum. Entum við fjósgaflinn. Reftum og þöktum að mestu. Voru 2 menn frá Ormi með okkur til nóns.

9. október. Hægð og stórrigning fram á miðjan dag. Þá hvass sunnan.

10. október. Vestan drif með stórskúrum. Jón minn varð um nóttina.

11. október. Logn og væta er á leið. Við Þorkell fórum að Hellu og fengum sel, og gjörðum allt við hann niður frá, þá lentum.

12. október. Sunnan stormur og þurrviðri. Embættað á Felli og jarðsett þar 3 ung börn. Ýsa er það sem aflast, er þó fátt.

13. október. Landsunnan hæglátur með vætu á milli. Rérum, öfluðum 67.

14. október Sama veðurlag. Rerum, öfluðum 90 og 2 skötur.

15. október. Austan garður. Gjörðum við aflann og duptuð að húsum.

16. október. Sami garðurinn. Rigning, frost og fjúk síðast.

17. október. Garðurinn í afláti. Ég sneri niðristöður fyrir Finnboga.

18. október. Hæglátur suðvestan. Rerum, öfluðum 7. Jón m. sk. sel.

19. október. Vestan með úrfelli. Var ei embættað.

20. október. Vestan með úrfelli. Þorkell sótti Jarp að Einfætingsgili.

21. október. Vestan þurrari, Þorkell kom með hestinn.

22. október. Vestan hæglátur og þurr. Hyrndaflekka bar, átti gridda.

23. október. Vestan og þurrviðri. Gjörðum við heyið ofan Stórhúshlöðunum.

24. október. Vestan og þurr. Bárum á völl. Fisklítið út fyrir Kirkjuból.

25. október. Vestan stormur og suddahríð, átti að embætta í Tröllatungu.

26. október. Vestan og úrfelli. Fiskfátt. Róa sumir.

27. október. Stórgarður norðan með úrfelli.

28. október. Suðvestan með úrfelli. Tókum inn lömbin.

29. október. Sama veðurlag. Tókum upp grjót.

30. október. Vestan með úrfelli. Tókum upp grjót.

31. október. Norðan garður með kófi. Gjörðum að öllum gáttum.

*Nóvember 1856

1. nóvember. Allraheilagramessa. Norðan með kófi. Vika af vetri.

2. nóvb. Hart frost og hreinviðri. Embættað í Tungu. Jarðsunginn Guðmundur Guðmundsson í Arnkötludal. 72 ára gamall. Konan Guðbjörg Björnsdóttir á Broddanesi varð undarlega veik eftir barnsburð, en er nú orðin frískari fyrir guðs! og Skaptasens hjálp.

3. nóv.b. Gott veður og hreinviðri. Fórum inn að Sandnesi og urðum um nóttina. Skutum eitt skot, fengum ekkert.

4. nóv.b. Sama veðurlag. Héldum heim, fengum ekkert.

5. nóv.b. Suðvestan og úrfelli. Vorum heima.

6. nóv.b. Hæglátur sunnan, lögðum fram 4 lóðir.

7. n. Hægur sunnan. Kældi síðast. Sóttum lóðirnar á þeim 12.

8. n.br. Bráðviðri vestan, varð að reyra heyin með reipum.

9. nbr. Við útnyrðing, hreint veður og frost. Jón m. hér. E. á Felli.

10. nóvember. Við vestan útnyrðing, frost og hreinviðri. Ég leitaði eftir Jarp og fann hann í Heydal. Þorkell að Grána og fann hann í Tungukötlum. Allir róa, en fátt er þó um fiskinn fr.

11. nbbr. Frost og hreinviðri, með þoku í byggð. Lögðum fram.

12. nbr. Þvervestan bráðviðri, náðum ei lóðunum.

13. n-br. Austangarður fjúklaust. Náðum ei lóðunum.

14. n-ber. Stormur þvervestan. Náðum lóðunum. Á þeim 16 og skata.

15. n-ber. Muggufjúk og hægur. Lögðum og tókum. Öfluðum 8.

16. n-br. Austan garður, leitaði Keli að Jarp. Embættað í Tungu.

17. nóvember. Suðvestan hláviðri. Róið frá Kirkjubóli.

18. nóvember. Sama veðurlag og veðurstaða. Róið frá samastað.

19. nóvember. Sama veðurlag og veðurstaða. Lögðum fram 4 lóðir.

20. nóvember. Sama veðurlag og veðurstaða. Náðum lóðunum, á þeim 18.

21. nóvember. Stórgarður austnorðan með kafaldi. Stóð fyrst inni. Aðventa.

22. n-ber. Norðan með fjúkhrakning. Ei róið. Konan mín el. hefur legið í um rúma viku í kólerusnert í niðurgangi og flökurleika. Hefur þetta sóttarfeli gengið á flestum hér á bæ og bæjunum í kring. Bráðasótt er búin að drepa 7 á Kollafjarðarnesi og Broddanesi, annars staðar ekkert. Kláðasótt er sögð suðurfrá.

23. N-ber. Norðan með frosti og kófi. Konunni minni léttara.

24. n-ber. Norðan með frosti og kófi.

25. n-ber. Norðan og hart frost. Rerum, öfluðum 3 á skip. Rak tvítugan hval á Grænanesi. Konunni minni léttara.

26. n-ber. Norðan með frosti og kófi. Hestar innkomnir.

27. n-ber. Norðan með frosti og kófi. Hvolfdum bátnum.

28. n-ber. Norðan með frosti og kafaldi. Allir fóru inn á hvalfjöruna. Ég komst undan Kálfanesi og sneri þar til baka af veikleika.

29. n-ber. Norðan með frosti og kófi. Þeir komu af hvalnum. Fengu sumir með eina saðningu, aðrir tunnu af þvesti og ½ vitt? vogar.

30. n-ber. Hægur og norðan. Þeir sóttu hvalagnir okkar að Sandnesi. Þorkell fór með þeim og að stað með bréf. Ei embættað.

*Desember 1856

1. desember. Hægur og kafaldsmugga. Þork. kom og ávann lítið.

2. d.ber. Vestan steytingur og bloti. Lögðu 3ir lóðir, náðu ei.

3. d.ber. Norðan garður með hörku og kafald.

4. d.ber. Sama verðulag og veðurstaða. Kominn fiskurinn, gefur ei.

5. d.ber. Sama veðurlag og veðurstaða. Nást ekki lóðir þeirra.

6. d.ber. Sama veðurlag og veðurstaða. Hörkurnar og kaföldin mikil.

7. d.ber. Ofsa veður með hörku og kafaldi. Ei embættað.

8. d.ber. Sami garðurinn. Ég vesæll af niðurgangi sóttinni sem gengur.

9. d.ber. Sami garðurinn. Allt hefur inni staðið í garðinum.

10. desember. Norðan með hörku og kafaldi. Allt inni.

11. d.ber. Norðan með hörku og kafaldi. allt inni.

12. d.ber. Norðan með hörku og kafaldi. Allt inni.

13. d.ber. Norðan með hörku og kófi. Látið út. Ég fór inn að Víðidalsá. Ýmsir sóttu lóðir er lágu í garðinum.

14. d.ber. Hægur og frost. Ei embættað.

15. d.ber. Sunnan hlávíðri. Síðast um kvöld og nóttina geysi rok. Fordjarfaðist hér hey og uppfyrirgerðir.

16. d.ber. Fyrst norðan rif með hörku og kafaldi, skánaði er á leið. Ormur og Kirkjubólsmenn vitjuðu lóða.

17. desember. Sunnan þíðviðri. Lögðum lóðir en náðum ei.

18. desember. Sunnan og hlávíðri. Ég fór með Jón minn og Bjarna til lóðanna, náði ei og hleypti því að Hafnarhólmi.

19. d.ber Vestan rok og úrfelli. Vorum kyrrir.

20. d-ber. Vestan drif og með éljum. Vorum kyrrir.

21. d-ber. Vestan með frosti og kafaldi. Vorum kyrrir.

22. desember. Við útnyrðing. Við tókum lóðirnar á þeim 22 höfðum misst 20 öngla. Allir voru orðnir hræddir um okkur.

23. d-ber. Þoku kafald síðast, norðan með frosti.

24. d-ber. Norðan með frosti og kafaldi.

25. d-ber. Jóladagur. Frost og kafald. Ei embættað.

26. d.ber. Frost og kafald. Ei embættað.

27. d.ber. Frost og kafald.

28. d.ber. Frost og hreinviðri. Embættað í Tröllatungu.

29. d.ber. Frost og kafald norðan. Gengur hósti og kvef.

30. d.ber. Frost og kafald norðan.

31. d.ber. Austan belgingur, kafaldslaus og frostlinari.

1857

*Janúar 1857

1. janúar 1857. Nýársdagur. Austan belgingur og frostlítið.

2. janúar. Frost og hreinviðri. Rérum og öfluðum 29.

3. janúar. Frost og hreinviðri. Rérum, öfluðum 20.

4. janúar. Norðan með frost og kófi. Ei embættað.

5. janúar. Austan með fannfergju og þoku. Bloti síðast.

6. janúar. Þrettándi. Vestan rosi og hraknings úrfelli. Leysti þó.

7. janúar. Norðan með kafaldi og stórhörku.

8. jan. Norðan með hörku og kófi. Látin ís fyrir alla glugga.

9. jan. Norðan harka og kafald með bráðviðri er á leið. Allt af jörðin ef gæfi.

10. jan. Norðan stórmold og harka. Engin vaða hefur enn sést hér, en á aðventu voru Hrútfirðingar búnir að fá 6 til 20 með byssu og 9 í nætur. Vaðan kvað vera þar mikil og kom um veturnætur.

11. janú. Norðan með hörku og kafaldi. Ei embættað.

12. janúar. Norðan með hörku kófi.

13. janúar. Norðan hart frost og muggu kafald. Steitingur er á leið.

14. janúar. Vestan sterkviðri og stórmold. Illvitjandi húsa.

15. janúar. Útsynningur og frost. Reyndum rerum með byss. Kona sálaðist af barnsförum á Hrófá.

16. Vestan og él á milli. Ekkert farið.

17. janúar. Við vestan með smáéljum á milli. Ég var að draga bátinn minn með eikar dragi.

18. janúar. Þoka og ísing. Embættað í Tungu og jarðsett þar konan sem sálaðist á Hrófá.

19. janúar. Þykkviðri hægð og hart frost, lögðu s. á Kirkjub.

20. janúar. Stórgarður austan með hörku og kafaldi.

21. janúar. Hæglátur frost hart og þykkur. Lögðu n. Húsavík. Haldið Flekku.

22. janúar. Norðan með hörku og kafaldi.

23. janúar. Norðan m. hörku og kafaldi. Þorri byrjar.

24. janúar. Þvervestan með skafmold á fjallið. Hægur á sjóinn.

25. janúar Þvervestan og frostlaust. Embættað á Felli.

26. janúar. Vestan drif frost og hreinviðri.

27. janúar. Hægur og frost fyrst. Svo bloti og bráðviðir. ? vöðuna.

28. janúar. Útsynningur. Vorum að setja í stand næturnar.

29. janúar. Útsynningur, svo þvernorðan með hörku og kafaldi.

30. janúar. Norðan með hörku og kafaldi. Vaðan með löndunum.

31. janúar. Norðan með hörku. Svo útsynningur. Þeir að fá í næturnar. Guðmundur á Smh. 8, S á Hey 1, Grímur 3, Stefán 22 af hvuru tagi.

*Febrúar 1857

1. febrúar. Við sunnan hægur og frostlint. Ei embættað.

2. febrúar. Kyndilmessa. Hægur fyrst, svo vestan drif. Lögðum nótina.

3. febrúar. Vestan hægur, svo útsynningur, gáðum að nótinni.

4. febrúar. Muggukafald, svo bráðviðri, vestan. Gáðum að nótinni.

5. febrúar. Út norðan steytingur. Nótin slitin frá landinu.

6. febr. Hreinviðri og frost. Síðast norðan áhlaup. Reru allir . Enginn fékk neitt. Ég sá vöðu hrot, gjörðum við nótina.

7. febr. Norðan garður með hörku og kafaldi. Mið þorri.

8. febr. Norðan með hörkukafaldi. Varð ei vitjað nóta.

9. febr. Norðan með hörku og kafaldi. Varð ei vitjað nóta.

10. febr. - 14 febr. Þessa viku alla hefur verið ýmist norðan og vestan með stórkaföldum, hörkum og áhlaupum. Einn látursels kóp höfum við fengið í næturnar. Allir hér megin búnir að taka þær upp. Utan ég. Hafíshroði kom þessa dagana inn og er horfinn. Guðm. á Kollafjarðarnesi. sá í vík?

15. febr. útsynningur átti að embætta á Felli. Kom Gísli Sölvason.

16. febr. Sunnan hægur tvennir fóru norður á gjögur.

17. febr. Við sunnan og farga hvass síðast. Vaðan með löndum.

18. febr. Norðan með frosti og kafaldi.

19. feb. Stórmold með hörku og kafaldi og norðan. Þrotinn lækurinn hérna.

20. Fjúkslitringur, vitjuðum nótarinn ár í henni gramselur með 10 fjórðungum.

21. F. Útsynningur allan daginn. Komnar grófar fannir. Þorraþræll.

22. Febr. Útsynningur. Embættað á Felli.

23. Feb. Útsynningur allan daginn.

24. feb. Útsynningur allan daginn.

25. feb. Bloti og útsynningur. Síðast drapst lambhrútur hjá mér.

26. feb. Útsynningur allan daginn.

27. feb. Bloti og útsynningur síðast. Fór Gísli Sölvason að Heiðarb.

28. feb. Hlávíðri vestan. Kom Gísli Sölvason hingað aftur.

*Mars 1857

1. mars. Annar sunnudagur í góu. Hlávíðrið sama. Fyllti heystæða af vatni.

2. mars. Útsynningur og háarok. Öfluðu í næturnar útfrá.

3. mars. Austnorðan með hörku og kafaldi. Gísli fór að Húsavík.

4. mars. Við útnyrðing hægur og hart frost. Tókum spottann sem eftir var af nótunum og stjórana. Rúmir 3/4 fórust og 2 niðrihöld.

5. mars. Hægð og mesta fannfergja allan daginn. Komin mesta ófærð.

6. mars. Útnorðan stórmold og mesta harka. Skipstapi að vestan. 6 á.

7. mars - 14. mars. Norðan með frosti. Jarðleysur yfir allt. Sunnan og norðan. Þessa viku alla hafa gengið á víxl landsunnan og austnorðan kaföld með hörðu og linu frosti. Aldrei á sjó gefið og ekkert í nætur aflast, en legið undir hættu af ísreki. Skiptapar 5 að vestan og menn að verða úti hingað og þangað um land, því veðráttan er alltaf voðaleg á sjó og landi. Við Þ. fórum inn að Víðirdalsá með sleða.

15. mars. Austnorðan garður með frosti og fjúki. 3ja vika góu byrjar.

16. mars. Sólskin og gott veður til miðaftans. Þá austan garður. Við Þ. fórum inn að Sandnesi og varð ferðin ei sem vildum.

17. mars. Norðaustan með frosti og kafaldi. Sóttum á sleða og sigldum heim.

18. mars. Gott veður og hreint. Miðvikudagur síðastur í Góu.

19. mars. Gott veður og blítt. Gekk upp sunnan lin. Sóttum tað að Vonarholti.

20. mars. Þiðviðri sunnan og stormur. Drógum á sleða úr Naustavíkinni.

21. mars. Þíðviðri sunnan og blítt veður. Fórum í skotsnuður. Fengum ekki og að Smáhömrum.

22. mars. Sama veður, æskilegt. Embættað í Tröllatungu.

23. mars. Blíðviðri og sólskin. Þoka síðast. Ég reyndi með byssu, fékk ekkert. Skaut 4 skot. Ormur fór norður og Jón m. með honum.

24. mars. Myrkva þoka, frost og logn. Ég var kyrr heima.

25. mars. Maríum. Sama veður, ég var kyrr heima af þokum.

26. mars. Þynnri þokan og frost. Við fórum fram, sáum ei sel.

27. mars. Þokulaust og blíðviðri. Fórum inn að Sandnesi, misstum gransel undan á H?

28. mars. Logn og gott veður. Gjörði kafald, er á leið og alla nóttina.

29. mars.Norðan með sígandi frosti og kafaldi. Ófærð mikil. Ei embættað.

30. mars. Norðan og í afláti. Þá frost og fjúk. Ófært nema á skíðum.

31. mars. Hægð og gott veður. Alls staðar nema í þessum sóknum, nóg jörð.

*Apríl 1857

1. apríl. Blíðviðri og sólskin. Séra Halldór kom í húsvitjun, en varð ei af því Magnús Hrútfjörð sótti hann að skíra barn á Broddadalsá.

2. apríl. Gott veður, frost og myrkvaþoka. Við Þ. fórum á bát út að Broddanesi. Hittum fyrir okkur vöðusela langt undan Heydalsá, skutum 2 skotum og náðum ei. Héldum heim um kvöldið, þá háttað er komum.

3. apríl. Sólskin, frost og steytingur hér. Klökknaði lítið.

4. apríl. Sólskin og blíðviðri. Fórum í skotsnuður, skutum 2, kastaði 2, allt fargi.

5. apríl. Pálmari. Sunnan blíðviðri, ei emb. hér fyrir viku komin skip á Stykkishólm og Ísafjörð. Kaffi þá frá 29 s til 22 sykur til 18.

6. apríl. Sunnan gott veður og þíðviðri. Fórum ekkert.

7. apríl. Sunnan sama veður. Séra Halldór húsvitjaði her´um dalinn.

8. apríl. Austan garður með kófi. Þeir komu heim af Gjögrinu.

9. apríl. Skírdagur. Norðan með frosti og kófi. Ei embættað.

10. apríl. Föstudagurinn langi. Stórkafald með frost. Ei embættað.

11. apríl. Norðan stórmold með hörku. Sáust hafís jakar.

12. apríl. Páskadagur 3ji sunnudagur í einmánuði. Stórmold og harka.

13. apríl. Stórmold og mesta harka. Hafísinn að reka inn.

14. apríl. Norðan drif, heiðbirta og harka. Ísinn er meiri.

15. apríl. garðurinn aftur, með hörku og kafaldi. Ísinn er meiri og hvað ei sjá útyfir hann norður frá. Verið að koma fyrir kindum Jónatans á Geststöðum. Fyrir viku komin 2 skip í höfðann.

16. apríl. Norðan með hörku og kafaldi. Alltaf ísinn að aukast.

17. apríl. Norðan með hörku og kafaldi. Verður skepnum naumast sinnt.

18. apríl. Austan stórgarður og skafmold. Varð allt að bleytu.

19. apríl. Síðasti sunnudagur í einmánuði. Stórofsi austan og frostlint.

20. apríl. Garðurinn linari. Allt fullt af ís hér og fyrir vestan.

21. apríl. Allgott veður og sólskin. Ýmsir að ganga norður.

22. apríl. Blíðviðri og sólskin. Sóttum mó á Kirkjubólsfjallið.

23. apríl. Sunnan góðviðri og leysing. Sést ei yfir ísinn af Drangask.

24. apríl. Sama góðviðrið á sunnan.

25. apríl. Sama góðviðrið á sunnan. Fyrst útrennt kindum.

26. apríl. Sunnudagur fyrsti í sumri. 23ja vikna innistaða. Em. í Tungu.

27. apríl. Suðvestan stormur og leysing. Ég öðru hverju að ríða silunganet.

28. apríl. Við sunnan hægur með krepju fyrst, svo stórdrif. Fórum fram og fengum kóp.

29. apríl. Suðvestan með úrfelli. Þurrari er á leið. Ísinn að reka af firðinum.

30. apríl. Sólskin og logn. Við fórum í skotsnuður, sáum fátt, fengum ekki.

*Maí 1857

1. maí. Sólskin og leysing. Rak ísinn norðurfyrir ey. 30tugan hval rak á Vatnsnesi um páskana. Skiptapi varð í Hólminum þann 20. apríl. 4 á. Formaðurinn hét Páll, góður maður. Frægasta skytta og við höndlun.

2. maí. Mesta blíðviðri. Gjörðum við heygarðinn hjá hlöðunni út frá.

3. maí. Sunnan hláviðri með úrfelli. 9u hvalir drepnir á Skagagrönd.

4. maí. Sunnan og úrfelli með mestu leysingu. Fjárkláði víða um land. Inni hefur fé staðið hér 23. v. 4 skiptapar á þeim28. 16 helfrostið og orðið bráðdauðir. Reykjafjarðarskipið liggur á Skagagrönd vegna hafíss. 90 fjár hraktist í sjó austur frá. 13 tók skriða í Gilsfjarðarmúla.

5. maí. Blíðviðri. Ég fór fram að Vonarholti. Steypti sér jörp meri í ána ófæra og sást ei meir. Jón bóndinn þar átti hana. Ég varð þar um nóttina.

6. maí. Sunnan og blíðviðri. Ísinn í hræring um flóann og firðina.

7. maí. Stormur sunnan, þykkur og leysing.

8. maí. Sunnan stormur með sólfari. Mesta leysing. Bænadagur.

9. maí. Sunnan blíðviðri og leysing. Í páskahretinu mikla bráðhungraði fé á 2 bæjum á Langadalsströnd og sumir skáru skepnur af bjargarb.

10. maí. Sama sunnan blíðan og leysingin. Embættað í Tröllatungu.

11. maí. Austnorðan sólskin og lítið frost að nóttunni.

12. maí. Sama veðurlag. Ég missti gemling svartan í Þrítækjinum, var rekið hingað kindur Jóns míns frá Vonarholti. Kom Ingibjörg með þeim.

13. maí. Sama veðurlag, en hvassari. Gránaði í fjöll.

14. maí. Við sunnan og góðviðri. Farið að bera fé. Málmfríður fór að Heiðarbæ.

15. maí. Góðviðri sunnan og leysing. Halldór sótti hval af Skagastrandar fiskunum.

16. mái. Blíðviðri og leysing. Guðbjörg og börnin sótt að Vonarholti.

17. maí. Myrkvaþoka, svo bjartari og kaldur á austan. Embættað á Felli.

18. maí. Austnorðan garður, snjóaði í byggð. Sótt ferð að Vonarholti.

19. maí. Stórgarður austnorðan, frost og kafkafald. Þingað á Kirkjubóli.

20. maí. Stórgarðurinn með frosti og fjúki. Drapst tryppi hjá Ormi.

21. maí. Uppstigningardagur. Sami garðurinn. Embættað í Tungu.

22. maí. Sami garðurinn með fjúkslitring og frost síðast.

23. maí. Hæglátur og hreinviðri. Guðbjörg sáraum.

24. maí. Þerrir og norðan andvari.

[Aftan við 22.-24. maí:] Ég rak kindur að Vonarholti og varð þar um nóttina.

25. maí. Góðviðri og þerrir. Byrjað að vinn á á Brekkunni. Guðbr. var veik.

26. maí. Góðviðri og þerrir. Unnið á. Guðbjörg eins. Kýr út látnar fyrst.

27. maí. Útræna hæg og þerrir. Stungið út, nokkuð. Guðbr. aumari, tekið blóð.

28. maí. Blíðviðri og þerrir. Stungið út nokkuð úr Stórahúsinu. Guðb. eins.

29. maí. Blíðviðri og þerrir. Ent við yfirstunguna í Stórahúsinu. Guðb. eins.

30. maí. Blíðviðri og þerrir. Unnið á, ég beið í Heiðarbæ eftir sýslum. Hann kom ei.

31. maí. Blíðviðri og þurr. Hvítasunna. Embættað í Tungu. Guðb. tekin til bænar.

*Júní 1857

1. júní. Gott veður austan garður síðast. Fórum inn að Sandnesi.

2. júní. Austan stórgarður og frost síðast. Grár gemlingur fannst í skurði í Þrítægunum þó lifandi. Haldinn Kollafjarðarnesfundur.

3. júní. Hæglátari. Frost síðast. Stungið út.

4. júní. Norðan hæglátur. Sigurður kom heim. Höfðu róið, öfluðu 7.

5. júní. Besti þerrir og innlagning. Ætluðum að Broddanesi, gaf ei.

6. júní. Besti þerrir og skarpur inn. Tekið út Vonarholtið.

7. júní. Norðan stormur. Trinitatis. Embættað á Felli.

8. júní. Norðan stórgarður og frost að nóttunni.

9. júní. Norðan hægri og hörkufrost, en kafaldslaus.

10 júní. Útnyrðings steitingur og sólskin.

11. júní. Vestan drif með skúrum. Sléttum 28 faðma utan húsinu.

12. júní. Vestan drif og þerrir. Nefndarmenn skoðuðu kindurnar.

13. júní. Sunnan hægð með smá vætu. Fórum heim frá Broddanesi, en út eftir nótt áður.

14. júní. Austan stormur. Embættað í Tröllatungu.

15. júní. Þerrir, innlagning með þoku. Stungum hnaus.

16. júní. Vestan stormur með skúrum. Vorum að hlaða heytóft.

17. júní. Vestan stormur með skúrum. Hlóðum tóftina.

18. júní. Vestan stormur með skúrum. Hlóðum tóftina.

19. júní. Vestan stormur með skúrum. Hlóðum tóftina.

20. júní. Vestan stormur með skúrum. Entum við tóftina.

21. júní. Vestan stormur. Embættað að Felli. Fórum inn að Hellu.

22. júní. Góður þerrir og innlagning. Komum heim. Simonsen kom í fyrri nótt. Glad og Bride í dag. Allir á Skeljavík.

23. júní. Hægð og smá væta. Allir að höndla inn frá. Sáðum.

24. júní. Við sunnan og smávæta. Sáðum í hesthúshauginn.

25. júní. Vestan stormur og þerrir. Vorum að þurrka ruddan.

26. júní. Vestan stormur og þerrir. Byrjuðum búrkofann.

27. júní. Innlagning og besti þerrir. Tókum rudda saman.

28. júní. Vestan stormur og þurr. Þorkell með Eyjúlfi í Húsavík inn á skipið.

29. júní. Vestan drif. Simonsen og Glad sigldu á Hrútafjörð.

30. júní. Vestan drif og væta á milli. Þorkell rak lömb með Eyjúlfi.

*Júlí 1857

1. júlí. Norðaustan garður. Gránaði á fjöll. Fært frá. Byrjuðum búrið.

2. júlí. Sami garðurinn, en þó linari. Sigurður kom heim. Við að flytja og hlaða.

3. júlí. Innlagning og besti þerrir. Þorkell leitaði hesta, Jón sótti sig.

4. júlí. Við sunnan og góðviðri. Við að hlaða og flytja í tóftina.

5. júlí. Vestan stormur og væta á milli. Fórum inn á jaktina.

6. júlí. Vestan stormur og smá skúrir. Hlóðum og fluttum í tóftina. Komin fisk reita. Þó betur á lóðir. Við reyndum með færi, urðum ei varir.

7. júlí. Hægð og vestan. Fluttum og hlóðum. Ég með kýli á kinnbeininu.

8. júlí. Sama góðviðrið. Fluttum og hlóðum. Þeir afla líkt á hvurutveggja.

9. júlí. Við norðan, besti þerrir. Jón minn fór vestur í fiskikaup.

10. júlí. Austnorðan gúlpur með úrfelli. Skárum ofan hlöðupartinn.

11. júlí. Sama veður. reistum undir grindina á búrinu. Stúlkurnar sóttar.

12. júlí. Austanorðan gúlpur. Embættað á Felli.

13. júlí. Sama veður. Við vorum að saga í grindina í búrið.

14. júlí. Sama veður. Við söguðum í grindina og settum saman. Ormur þiljaði sundur baðstofuna. Skorinn mór.

15. júlí. Bestri þerrir. norðan. Við entum við búrið að öllu. Farið slá hjá O.

16. júlí. Norðan og þerrir. Skorinn mór. Einginn rær til fiskjar.

17 .júlí. Norðan og þerrir. Skorinn mór. Getið um Ólaf trúarvilling.

18. júlí. Norðan þerrir. Ég fór upp að Þiðriksvöllum. Jón eftir kolum.

19. júlí. Norðan og þerrir. Embættað í Tröllatungu. Jón kom.

20. júlí. Norðan og þerrir. Skorinn mór. Byrjað að slá. Ég vesæll af kvefi.

21. júlí. Norðan og þerrir linja. Ég lakari af hóstanum.

22. júlí. Norðan gúlpur. Enginn hefur reynt nýlega fyrir fisk.

23. júlí. Landaustan og stórhríð allan daginn. Glad kom í gær.

24. júlí. Austan garður og þoku ruðningur.

25. júlí. Austan garðurinn. Var rakað. Átti að heita þurrt.

26. júlí. Austan gúlpur. Embættað í Tungu, af séra Sigurði, urðum við til altaris með fleirum. Kom Jakob að krefja mig og aðra um skuldir.

27. júlí. Þurriviðri og hægur austan. Rökuðum öll . Strandarar við handfærafisk.

28. júlí. Austan stórgarður og flæsa. Byrjað að slá veituna. Rökuðum upp allt norðurfrá.

29. júlí. Við Austan og smávæta. Ent við að slá veituna. Ég leysti nót um daginn.

30. júlí. Austan stormur og flæsa. Rökuð upp veitan. Ég setti í stand lóðataug. Síldferð ákafleg, eftir því fuglinn. Farið að fiskast á lóðir vel, líka á handfæri.

31. júlí. Austan hæglátur. Gjörði steypiregn síðast. Lagði lóðir. Aflaði á handfæri 21.

*Ágúst 1857

1. ágúst. Austan stormdrif. Tókum lóðir á þeim 36, 1 sk. 90 á handfæri.

2. ágúst. Hægð og gott veður. Þó smá væta. Embættað á Felli. Farið á skip sama.

3. ágúst. Vestan stormur. Gjörði skúr ofaní, en þornaði. Komu bræðurnir af skipinu með 60 af fiski. Urðu menn hýrir. Fiskur og ákafleg síld er komin.

4. ágúst. Austan garðvera. Ég reri með Finnboga. Aflaði á lóðir og handfæri 82.

5. ágúst. Vestan stórdrif og þerrir. Reif flekki.

6. ágúst. Hæglátur sunnan og þurr. Hirt úr veitunni og bundnir 16 um flóann.

7. ágúst. Hægur austan og þurr. Heyjað heiman stekkinn. Reri með Jón Orms, afl. 90.

8. ágúst. Sama veður. Reri með Bensa á Klúku, aflaði 70.

9. ágúst. Austan gúlpur. Embættað í Tungu.

10. ágúst. Gott veður, þurr og innlagning. Reri með Jón á Tind. Aflaði á handfæri 84.

11. ágúst. Hægð og væta á milli. Gat ei róið. Bundið um stekkjarflóanum 23.

12. ágúst. Landaustan hæglátur með skúrum. Heyjað á Flóðahvammsbökkum.

13. ágúst. Stórgarður austan, Símonsen lagði út og inn aftur. Rakað í sama st.

14. ágúst. Þerrir og innlagning. bundið af Bökkunum. 40.

15. ágúst. Vestan með úrfelli á milli. Bundnir 13. Símonsen sigldi.

16. ágúst. Vestan drifastormur. Var ei embættað.

17. ágúst. Vestan stormur. gjörði skúr. Þurr er á leið. Guðbjörg kona Jóns míns fæddi 2 meybörn um dagmál. Sáluðust báðar eftir hádegið.

18. ágúst. Vestan stormur með skúrum er á leið. Kom ofan í hjá öllum.

19. ágúst. Vestan drif með skúrum. Jarðsettar dætur Jóns míns.

20. ágúst. Vestan stormur og góð flæsa. Rakað í galta.

21. ágúst. Hægur landaustan fyrst. Hirtu 47. Reru, náðu ei lóðum vegna veðurs.

22. ágúst. Stór úrfelli. Svo þurr og bráðviðri háttsunnan. Náðum lóðunum k?uðið. á þeim 25 af ýsu og 5 skötur.

23. ágúst. Landsunnan hægur og sudda úrfelli. Kom Þórey. Embættað á Felli.

24. ágúst. Suðvestan besti þerrir fyrst, svo skúr, svo þurrt, hirtum af eyrinni.

25. ágúst. Vestan besti þerrir. Lögðum lóðir, en náðum ei.

26. ágúst. Vestan þerrir flæsa. Náðum lóðunum, á þeim 18. Bundum 30.

27. ágúst. Landsunnan með úrfellis úða allan daginn. Slegið og rakað upp.

28. ágúst. Við sömu átt og úrfelli allan daginn. Ég sló með því í keldunni.

29. ágúst. Vestan flæsa að nóni. Rökuðum í Keldunni. Jón leitaði að ám.

30. ágúst. Af ýmsum áttum. Þurr að mestu. Embættað í Tungu. Lýst með B. og Þórunni.

31. ágúst. Vestan hæglátur og þurr. Bundnir 42.

*September 1857

1. september. Vestan stormur með skúrum.

2. september. Bráðviðri vestan og þurr er á leið. Rakað upp og fak.

3. september. Hægur og þurr framan af, þá úrfelli. Hirtir 40.

4. september. Vestan og úrfelli á milli, slegið og rakað.

5. september. Logn og myrkvaþoka, svo bjartur og þurr. Slegið.

6. september. (Nei: Embættað í Tungu. Ég fór til kirkju. Vestan stormur, þurr að mestu.

7. september. Hæglátur vestan og þerrir. Rakað og bundnir 40.

8. septemb. Vestan drif og þerrir. Bundnir 8. Hirtir 20.

9. septemb. Vestan stormur og þerrir. Hirt yfir 50.

10. september. Norðan og þerrir. Byrjuðum að slá fjallið.

11. september. Vestan besti þerrir. Bundum heim af því af fjallinu 30.

12. september. Við norðan, þoka fyrst, svo besti þerrir. Bundum 12.

13. septem. Við norðan lognþoka, sá sól í gegnum. Embættað á Felli.

14. september. Norðan og þerrir. Slegið í Stekkjarhvamminum. Hirtir 20.

15. september. Norðan og þerrir. Byrjað úr flóanum, hirtir 22.

16. september. Norðan og flæsa. Slegið og rakað í flóanum.

17. september. Austan gúlpur, slegið og bundnir 21.

18. september. Við vestan hæglátur. bundnir úr Búrfellsflóa 18. Rakaðir 20.

19. september. Vestan drif og stór ókjör á milli. gjörðum við fjósið.

20. september. Við vestan gott veður. Embættað í Tungu, gefin saman B. og Þórunn.

21.september. Lognþoka fyrst. Svo sunnan hægur og þurr. Leituð fjöll.

22. september. Vestan með skúrum. Ekkert átt við heyskap.

23. september. Vestan með skúrum fram yfir hádegi, þá þurr. Leitað annað sinn.

24. september. Hægð og þurr undir hádegi. Þá austan garður. Lagði ég og allir lóðir, náði enginn um kvöldið. Bundið úr flánum, það eftir var 24.

25. september. Austan stórgarður með hreggi. Gránaði á fjöll.

26. september. Austan stórgarður með krapaheggi. Jón á Bakka hér veðurfastur.

27. september. Austan stórgarðurinn. Skírt barn á Tind. Var ei embættað.

28. september. Garðurinn sami. Misstu margir lóðir. Fundust sumar.

29. september. Garðurinn í afréni. Sóttum lóðir. Á þeim 5 skötur og þrjár ?

30. september. Við sunnan og blíðviðri. Lögðum og tókum. Öfluðum 44.

*Október 1857

1. október. Sama veður. Kældi um kvöldið útnorðan. Öfluðum 43.

2. október. Stórgarður austanorðan með frostkófi.

3. október. Stórgarður með bleytukafaldi. Vall fært veður. Haldin hreppskil.

4. október. Sami garðurinn með kófi og fjúki. Embættað.

5. október. Sama veður. Varð lítið gjört. Mikil fönn á fjöllum og áfreri.

6. október. Sama veður. Lítið gjört úti fyrir frosti.

7. október. Frost og hreinviðri. Ekki sjóveður. Slátrað Kofu.

8. október. Hreinviðri og gott veður. Rerum, öfluðum 36.

9. október. Sama veður. Tók af snjó að mestu á láglendi. Rerum, öfluðum 60.

10. október. Sama veður. Þurrka dálítið í norðan síðast hvass. Öfluðum 54.

11. október. Austan bráðviðri og þurr. Komum saman öllu heyinu í galta.

12. október. Landaustan og úrfelli, allt lak. Fór að reka viðinn.

13. október. Austan drif og úrfelli á milli.

14. október. Austan stormur og smá væta á milli.

15. október. Logn og blíðviðri. Rérum, öfluðum 47.

16. október. Sama veður. Rerum, öfluðum 36.

17. október. Sama veður. Vorið saman úr göltunum. Illa þurrt, eftir nokk

18. október. Norðan með kófi á milli. Embættað á Felli.

19. október. Sama veður.

20. október. Sama veður.

Okt. 21. Sama veður.

22. október. Hart frost og hægur. Svo sunnan og rokveður.

23. október. Vestan rokveður með úðarigningu allt lak. Sumarendi.

24. október. 1. vetrardagur, vestan og rigning.

25. október. Vestan með úrfelli. Ei embættað.

26. október. Vestan hæglátur og úrfelli á milli. Reftum og þöktum kofann við húsin. Gjörðum upp fyrir hesthúsgaltann og bárana?.

27. október. Hæglátur landsunnan. Rerum, öfluðum 18. Sóttum lifur að Hafna.

28. október. Frost og fannfergja fyrst, svo stórhríð vestan. Sótt hrísið. Komu seint.

29. október. Rann upp með austan garð og bleytukafaldi. Beittu sumir.

30. október. Norðan með hörku og kafaldi, allt inn látið. Bar Flekka.

31. október. Norðan með hörku og kafaldi. Lömb inn tekin.

*Nóvember 1857

1. nóvember. Norðan með hörku, fjúklítið. Ei embættað.

2. nóvember. Frost og hreinviðri og fluttum Jón minn. Öfluðum 60.

3. nóvember. Frost og hreinviðri. Rérum, öfluðum 36.

4. nóvember. Vestan með éljum. Rerum, öfluðum 29.

5. nóvember. Landsunnan stormur og blíðviðri. rerum, fórum að Hellu 3.

6. nóvember. Landsunnan drif með úrfelli í milli. Rerum ei.

7. nóvember. Gott veður. Rerum, öfluðum 16.

8. nóvember. Vestan stormur með krapahríð á milli. Embættað í tungu.

9. nóvember. Suðvestan stormur, fórum á miðja leið, svo heim.

10 .nóvember. Sunnan drif, sátu lóðir með beitunni.

11. nóvember. Vestan drif og stórúrfelli.

12. nóvember. Lognþoka og suddi. Lögðum lóðir, hvessti er í land kom.

13. nóvember. Vestan stórdrif. Gátum ei vitjað lóðanna.

14. nóvember. Vestan drif, gátum ei vitjað lóðanna.

15. nóvember. Gott veður, sóttum lóðirnar, á þeim 35. Fluttum Jón m.

16. nóvember. Sunnan hægur. Lögðum, öfluðum 20.

17. nóvember. Sunnan drif. Beittum lóðir, en lögðum ei.

18 nóvember. góðviðri. Lögðum og tókum 7 á lóð. Þork. flutti mó.

19. nóvember. Sunnan stormur, gott veður. Systkin og Björn rifu f.m. hrís.

20. nóvember. Hægð og bleytukafald er á leið. Sóttum hrísið.

21. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi.

22. nóvember. Norðan með frosti. Embættað á Felli. Jarðsunginn Jón frá B.

23. nóvember. Hreinviðri og hægð. Lögðum lóðir. Fórum að Sandnesi og að hellu. Urðum þar um nóttina. Tókum ei lóðirnar um kvöldið.

24. nóvember. Sama veður. Sunnan síðast. Tókum lóðirnar, á þeim 9 alls.

25. nóvember. Vestan hrakningur. Vorum heima. Barn sálaðist á Geststöðum.

26. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi.

27. nóvember. Vestan háa rok og úrfelli á milli.

28. nóvember. Vestan með stóréljum á milli. Þorkell sótt folann sinn.

29. nóvember. Vestan hrakningur. Þorkell leitaði fola Jóns. Aðventa.

30. nóvember. Hægð og ágangur í lofti. Fórum í sk.sn. fengum kóp.

*Desember 1857

1. desember. Austan fannspýja. Stóð allt inni. Gjörðum kópinn til á h. 5.f.

2. desb. Norðan með frosti og kafaldi. Kominn djúpfenni.

3. desemb. Hátt norðan ofsa veður með hörku og blindkafaldi.

4. desemb. Vestan með frosti og stórkafaldi. Komnar geysi fannir.

5. desemb. Vestan með kófi. Hægur er á leið. Norðan síðast.

6. desemb. Vestan með frosti og kafaldi. Embættað ekki.

7. desemb. Hreinviðri og mesta harka. Lagði brunareykinn yfir allan fjörðinn. Norðan drif og kafald um kvöldið. Fórum að Sandnesi.

8. desemb. Norðan með frosti og kafaldi.

9. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Sálaðist Jón á Tind.

10. desemb. Norðan með frosti og kafaldi.

11. desemb. Austan með kafalds ísingu.

12. desemb. Landsunnan hægur og frostlaust.

13. desemb. Landsunnan hægur og þíðviðri. Ei embættað.

14. desemb. Við norðan með þoku og fjúkslitring.

15. desemb. Við norðan með þoku og fjúkslitring.

16. desemb. Sama veðurlag. Jarðsnöp og útlátið.

17. desemb. Sama veðurlag. Aldrei gefur í skotsnuður. Fiskreita út frá.

18. desemb. Sama veðurlag. Engin vaða enn komin hér. Mikil á Hrútafirði.

19. desemb. Sama veðurlag. Nokkuð hvassari og fjúkminni.

20. desemb. Austan stórgarður og bleytuhrakingur. 4 í aðventu.

21. desember. Garðurinn fram á miðjan dag. Svo gott veður til kvölds.

22. desember. Útsynningur og fost. Jarðlaust.

23. desember. Útnorðan með korku og kófi.

24. desember. Sama veðurstaða og kóf.

25. desember. Jóladagur. Norðan kóf. Embættað á Felli.

26. desember. Logn og gott veður. Fórum að Hafnarhólmi. Skutum kóp eftir dagetur. Það var vöðselur. Við vorum 2, ég og Keli.

27. desember. Útsynningur. Sáum vöðuna fyrst í gær.

28. Vestan drif. Bleytubloti. Jarðlaust af áfreða.

29. Vestan bloti og háa rok allan daginn. Vaðan með land?

30. Útsynningur, þó með bleytu f. Þurviðri síðast.

31. Suðvestan stormur og þíðviðri. Snöp við sjóinn. Endir ársins.

1858

*Janúar 1858

1. janúar. Vestan með éljum. Embættað í Tungu. 1858.

2. janúar. Sunnan og hlávíðri. Varð ei gætt að vöðu.

3. janúar. Vestan stormur og hreinviðri. Embættað í Tungu.

4. janúar. Vestan drif og hlávíðri. Lögðu á Kirkjubóli og Húsavík.

5. janúar. Vestan og þíðviðri. Komin næglig jörð.

6. janúar. Vestan dríf og útsynningur. Þrettándi.

7. janúar. Landaustan bleytukafald. Jarðlítið. Aldrei gaf* fremnar*.

8. janúar. Frost og hreinviðri. Fórum að Sandnesi, sóttum bittur.

9. janúar. Landaustan bleytu kafald. Vestan stór kafald síðast.

10. janúar. Vestan hæglátur og fannfergja. Embættað á Felli.

11. janúar. Hægð, frost og fjúklaus. Róum*, misstum dauðan kóp við borð.

12. janúar. Útsynningur, ekkert gáð að vöðu.

13. janúar. Útsynningur, bloti síðast og stór drif.

14. janúar. Útsynningur fyrst, svo norðan með hörku og kafald.

15. janúar. Norðan kóf og harka, þó í afláti.

16. janúar. Logn fyrst, svo bloti og bráðviðri síðast. Fengum k. m. skutli.

17. janúar. Vestan dríf með frosti og fjúkslitning á milli. Ei embættað.

18. janúar. Fannfergju kafald allan daginn.

19. janúar. Norðan með hörku og kafaldi. Fjárkláðinn kominn að Hrútafjarðarhálsi.

20. janúar. Hreinviðri og hart frost. Háhyrningarnir tóku vöðuna. Við skotmennirnir fórum allir fram, fengum ekkert. 19 komnir í votur* í sv.* átta manns fóru í sjó eftir jól við Ísafjarðardjúp, það með sýslumaður Erlindur.

21. janúar. Vestan drif og þíðviðri. Jarðbann sem stendur.

22. janúar. Þorri. Útsynningur allan daginn.

23. janúar. Hlávíðri og drifa veður. Aldrei gefur fram á fjörðinn.

24. janúar. Hlávíðri. Kominn nógleg jörð. Embættað í Tröllatungu.

25. janúar. Pálsmessa. Vestan dríf, frost og hreinviðri að mestu.

26. janúar. Stórdríf vestan og bleytukrepja allan daginn. Kusu haldið.

27. janúar. Útsynningur allan daginn.

28. janúar. Útsynningur og harka um miðjan daginn. Sóttum mó að Vonarholti. Komumst* með sleðann ofan fyrir bergið. Piltarnir heim, eg að Húsavík.

29. janúar. Norðan með hörku og kafaldi. Komum sleðanum frameftir.

30. janúar. Norðan með hörku og fannmoki framundir kvöld.

31. janúar. Frost hart og hreinviðri. Ei embættað.

*Febrúar 1858

1. febrúar. Frostlaust og hreinviðri. Fórum fram, sáum ei sel.

2. febr. Frost og hægur. Fórum í skotsnuður, sáum hrot, en enginn neitt aflaði. Komust í kröggur af lagnaðarís.

3. febr. Austan stórgarður með kafaldi frostlinara.

4. febr. Norðan með hörku og kafaldi.

5. febr. Norðan með hörku og kafaldi. Kominn móður.

6. febrúar. Norðan hörku og kafaldi með þerri.

7. febrúar. Hvass vestan með skafmold framundir nón. Ei embættað.

8. febrúar. Hægt og frostlint. Rérum, ég fékk kóp með 5m fjórðungum.

9. febrúar. Við sunnan og hlaviðri. Fórum til vöðunnar, hún lítil og stygg. Fengum ekkert.

10. febrúar. Hlaviðri og stylling. Fórum ekkert. Háhyrningarnir að reita vöðuna.

11. febrúar. Hlaviðri sunnan. Ég fór ekkert fram. Vaðan uppundir land, af háhyrn.

12. febrúar. Við norðan með þoku, hægð og hrími, við Þorkell urðum á Hafnarhólmi.

13. febrúar. Blíðviðri* og lítið frost. Mikil vaðan, mikill skelís, sem tálmaði* að þónokuð*.

14. febrúar. Blíðviðri. Embættað á Felli. Bjarni á Ljúfustöðum fórst á ís, og náðist dauður.

15. febrúar. Fjúk og dimma, austan síðast. Ég fékk sel með 12 f. og 16 m.

16. febrúar. Gott veður. Vaðan stygg. Enginn fékk neitt.

17. febrúar. Gott veður og lítið frost. Vaðan stygg. Enginn fékk neitt.

18. febrúar. Austan drif og fjúk. Vaðan með löndunum. Fengu 8a í Húsav.

19. febrúar. Landaustan stormur. Vaðan með löndunum.

20. febrúar. Gott veður og frostlítið. Sáum vöðuna, fórum til hennar. Fengum ekki.

21. febrúar. Góa byrjar. Hreinviðri og logn lítið frost. Embættað í Tungu.

22. febrúar. Við landsunnan blíðviðri. Fórum í hrot. Ólánaðist með byssu og skuti.

23. febrúar. Sama blíðviðri. Sóttum mó og tað 4m hestum að Vonarh. Þeir norður.

24. febrúar. Sama blíðviðri. Fórum fram, fengum ekkert. Enn jarðlítið.

25. febrúar. Suðvestan drif og þíðviðri. Sást vaðan um morguninn.

26. febrúar. Suðvestan stormur á milli. Vaðan með löndunum. Eyjólfur fékku um daginn.

27. febrúar. Við suðvestan og frostlaust. Gjörði snjó að nóttunni. Eyjólfur 3 um daginn.

28. febrúar. Við sunnan og blíðviðri. Fór fólk til kirkju. Embættað í Tröllatungu.

*Mars 1858

1. mars. Logn og blíðviðri. Fórum til vöðunnar, fengum kaup með skutli á honum 2. f. og 12. m. Haldinn fundur á Kirkjubóli um kláðafaraldrið.

2. amars. Logn og blíðviðri. Fórum til vöðunnar, skutum kóp með 4. f. og 5. m.

3. mars. Hlaviðri og drifaveður. Við Þorkell sóttum selinn á sleða.

4. mars. Logn og sólskin. Ég misti sel með ránni, skutlinum og nokkuð af k=færi.

5. mars. Norðan með hörku og kófi. Vaðan með landinu. Ég varð inntekinn af taki þá ég var háttaður og þungt haldinn um nóttina.

6. mars. Norðan með hörku og kófi. Þeir að draga fyrir vöðuna. Mér léttara.

7. mars. Norðan með hörku og stórmold. Sunnudagur í mið-Góu.

8. mars. Norðan með hörku og stórkafaldi. Fór að mæða* með löndunum.

9. mars. Norðan með hörku en kafalds minni. Svefneyingar hafa fengið 127 vöðusela í nótir þennan vetur, aðrir 9?*.

10. mars. Norðan harkan eins og í afláti.

10 [11]. mars. Hart frost*, hægð og fjúk er á leið og bloti síðast. Fórum fram til einskis.

12. mars. Útsynningur allan daginn. Háhyrningarnir fóru undir Hellu í gær.

13. mars. Útnyrðingur með kófi. Ég fór út að Smáhömrum. Fæddist Þuríður [Ormsdóttir].

14. mars. Norðan hæglátari enn frosthart. Embættað á Felli og haldinn fundur um fjárk.

15. mars. Við landaustan hægur og frostlinara. Laða* málið.

16. mars. Norðan með frosti og kófi. Elín mjög sjúk. Niðurgangssótt gengur. Þuríður skírð*.

17. mars. Norðan með frostkófi. Sagður hafís fyrir Skagafirði.

18. mars. Austan gúlpur og landsunnan í loftið. Öll vaða burt af háhyrningum.

19. mars. Bloti og fjúk fyrst. Svo regn og vestan stormur. Björn fór suður.

20. mars. Vestan með hrakningi. Bar ákaft í loftið. Björn með meðöl fyrir mig og Guðrúnu. Hún kvalin í niðurgangi. Ég sjálfur vesæll af sama. Gengur þessi niðurgangssótt á mörgum og krangfelt* af fleiru.

21. mars. Bráða hláka, mikið úrfelli og drif hvass. Ei embættað.

22. mars. Sama veðurlag og veðurstaða. Leysingin mikil. Góuþræll.

23. mars. Vestan með sólskini og vætu síðast. Austan sláttur með þokuyrju.

24. mars. Þoka framyfir miðjan dag. Þá sólskin og innlagning. Fórum að Hafnarhól.

25. mars. Maríumessa. Þver vestan kulda garri og sólskin allan daginn.

26 mars. Vestan drif með skúrum á milli. Ég fór að Smáhömrum og sótti selskrokk.

27. mars. Vestan með úrfelli. Í komu hingað Guðrún á Kirkjubóli og hjónin B.V.*

28. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Byrjaði í gærkveldi harkan og kafaldið.

29. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Engin skepna út látin. Pálmas.d. í gær.

30. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Kominn mikill móður.

31. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Ýmsir orðnir heynaumir.

*Apríl 1858

1. apríl. Skírdagur. Norðan með hörku og kófi.

2. apríl. Föstud. langi. Hæglátur. Sólskin og frost. Kominn hafíshroði.

3. apríl. Frost og hreinviðri. Vestan stormur. Þeir komu af Gjögrinu í gær. Ég fór fram að Vonarholti og varð þar um nóttina. Fékk storm og skafmold.

4. apríl. Páskadagur. Blíðviðri og frostlaust. Fjöldi fólks við kirkjuna.

5. apríl. Við sunnan og blíðviðri. Embættað í Tungu aftur. Gjögrarar norður aftur. Þennan vetur hafa fengist í bönd 182 af vöðu og látursel báðu megin fjarðarins.

6. apríl. Logn og gott veður. Gátum ei farið fram fyrir ís með landinu.

7. apríl. Sama veður. Settum fram af ísnum. Sáum 3 sela. Settum í Birgistangann.

8. apríl. Austan þoku gúlpur með yrju. Frost síðast.

9. apríl. Vestan garri og kaldur. Þó leysti dálítið.

10. apríl. Hreinviðri og hart frost. Austnorðan. Kom Þórey og varð um nóttina.

11. apríl. Austan stormur, hreinviðri og hart frost. Þorkell og Guðrún fóru upp að Þiðriksvöllum og urðu þar um nóttina. Embættað á Felli.

12. apríl. Hægð. Hreinviðri og hart frost. Hefur ei klöknað fyrir dýrum þessa daga. Þó sólin hafi glatt skinið. Hafís fyrir öllu vestu og norðurlandi.

13. apríl. Hreinviðri og frost. Austan dríf síðast. Ísinn inn á Gjögursmið.

14. apríl. Austan stórgarður. Frostlaust og fannspýja á milli.

15. apríl. Landaustan drif og frostlítið. Sunnan ágangur í loftið.

16. apríl. Landaustan drif. Sólfar og frostlítið. Sóttum hrís í Hrófárland.

17. apríl. Landaustan hægur með fannspýju undir hádegi. Þá norðlægari.

18. apríl. Landaustan gúlpur og frostlítið. Embættað í Tungu.

19. apríl. Landaustan stormur, frostlint. Dó barn í Tungu úr barnaveiki.

20. apríl. Austan stormur og frostlítið. Ísinn upp malin* norður frá.

21. apríl. Logn og þoka fyrst, gekk upp sunnan. Síðasti vetrardagur. Fórum inn að Sandnesi og út að Hellu. Urðum þar um nóttina.

22. apríl. Sumardagur. Suðvestan rok með úrfelli allan daginn. Vorum ki.

23. apríl. Logn og væta. Komum heim. Gjörðum við skemmuna.

24. apríl. Landaustan með úrfelli frá hádegi. Sótti hey að Smáhömrum.

25. apríl. Hægur austan með þoku og ísingu allan daginn. Embættað í Tungu.

26. apríl. Þvervestan drif og þurr. Jón m. kom heim á eftir bát. Nú norður.

27. apríl. Vestan garri með krapa og hagli á millum.

28. apríl. Norðan garður með kafaldi og frosti. Ég sótti hey að Kirkjubóli.

29. apríl. Háttnorðan með hörku og stór éljum á milli. Útlátið um miðdegi.

30. apríl. Bænadagur. Hreinviðri og frost. Ég fram að Vonarholti og heim.

*Maí 1858

1. maí. Stórdrif vestan með bleytukafaldi. Herskip franskt ei komið í R.v.

2. maí. Stórgarður hátt norðan með frost og stór éljum á milli.

3. maí. Krossmessa. Fyrst hægur með korg í lofti, svo muggu kafald. þar eftir vestan drif með bleytuhríð. Þorkell sótti hey að Vonarholti.

4. maí. Hátt norðan drif með frosti. Lítið fjúk. Jón m. og Ormur komu heim.

5. maí. Vestan stormur hreinviðri og frostlaust. Þeir norður, uppsk. á Tind.

6. maí. Sunnan hægur fyrst, svo hvass með úrfelli. Við fluttum 3 fóðrar lömb og héldum heim. Fengum á móti og mikið úrfelli.

7. maí Suðvestan með úrfelli og mikil leysing. Allir burt frá Tind.

8. maí. Suðvestan hvass með hryðjum og mikil leysing. Ég byrjaði hampnet.

9. maí. Suðvestan stórdríf og þerrir. Halldór flutti fyrst að Tind. Ei embættað.

10. maí. Suðvestan drif krapi síðast. Ég var að riða silunganetið.

11. maí. Vestlægur. Drífa stormur með krapa éljum. Við Keli að Broddanesi.

12. maí. Við norðan hægur og innlagning. Við um miðaftan frá Broddanesi.

13. maí. Uppstigningardagur. Frost að morgninum. Þíðviðri vestan er á leið. Em. í Tun.

14. maí. Norðan garður með hörku og kófi. Ég missti gemling í þrílægunum*.

15. maí. Norðaustan stórgarður með hörku og kófi.

16. maí. Norðaustan stórgarður með hörku kófi. Ei embættað.

17. maí. Norðaustan garðurinn með hörku. Ég sótti hey að Kirkjubóli í poka.

18. maí. Norðaustan garðurinn með hörku. Sótt hey að Hlíðarseli fyrir Guðbjörg.

19. maí. Norðaustan garðurinn sami. Sóttum hrý* fyrir Guðbjörgu. Þeir að koma hér.

20. maí. Norðaustan garðurinn, harka og fjúk. Ég sótti hey að Hlíðarseli. Drap sig ær, er ég átti í gær hjá Breiðave.*

21. maí. Norðaustan garðurinn og harkan.

22. maí. Norðan garður kuldi. Skepnurnar að deyja hjá ýmsum.

23. maí. Hvítasunna. Garðurinn í afláti. Embættað á Felli.

24. maí. Gott veður og sólskin. Við fórum yfir á Strönd. Urðum um nóttina. Bæði roskið og lömb eru að hropna af úr lungnaveiki og taugaveiki.

25. maí. Mjúkt veður og sólskin. Ég að riða silunganetið.

26. maí. Austan drif og þerrir. Þingað hér. Lítið farið að lifna.

27. maí. Gott veður og við landsynning. Væta á milli.

28. maí. Landaustan með vætu fyrst og gott veður. Þork. vesæll í kverkum.

29. maí. Við landsynning. Gott veður og þurr.

30. maí. Trintatis. Austan með þoku og sudda. Svo vestan. Emb. í Tungu.

31. maí. Austan stórgarður og þerrir hádegi. Við fórum að Hellu og heim.

*Júní 1858

1. júní. Norðaustan stórgarður með fjúki að nóttunni og frostlít.

2. júní. Austan garður með bleytukafaldi á millum.

3. júní. Sami garðurinn með bleytu fjúki á millum. Lömbin að deyja.

4. júní. Hæglátari en bleytu fjúk. Tryppin á dalinn. Kálfurinn að Vonarholti.

5. júní. Austan belgingur og frost að nóttunni.

6. júní. Stórdrif austan og kaldur. Ei embættað.

7. júní. Stórofsi austan með frosti og stórmold. Dó mikið af lömbum.

8. júní. Austan ofsinn með bleytukafaldi. Fór dagbatnandi. Leituðu fjárs á Tind Þorkell og Bjarni. Höfðu dáið 10 lömb og gemlingur.

9. júní. Landaustan hæglátur og smáskúrir. Komið skip í Kúvíkum.

10. júní. Við sunnan og blíðviðri. Ormur fór í viðarferð og Jón m. með honum.

11. júní. Sunnan blíðvirði. Borið á völl. Annað skip komið á Reykjafjörð.

12. júní. Besti þerrir og innlagning. Við Þorkell felldum net og lögðum.

13. júní. Sama veður. 5 silungar í nýja netinu. Embættað í Tungu. Kom hingað nýfætt barn frá Tind á föstudaginn. Sama dag Guðrún mín lið* að Geststöðum. Búin að afla 7 silunga.

14. júní. Góðviðri þó landaustan drif. Vatn samt á milli.

15. júní. Austan drif. Ekkert skip komin á Steingrímsfjörð.

16. júní. Blíðviðri. Þó vætusamt. Guðr. fundarlega.

17. júní. Sama veðurlag. Farið að aflast Bjarnarnesi. 20 á skip.

18. júní. Stór úrfelli af ýmsum áttum. Leitað grenja í annað sinn.

19. júní. Sunnan og úrfelli. Símonson lagði inn.

20. júní. Blíðviðri. Sigurður* kom hingað 11. þessa m. Embættað á Felli.

21. júní. Blíðviðri. Þorkell orðinn vesæll. Skúrir á milli. Liggur eldiviður.

22. júní. Blíðviðri og með skúrum. Þorkell lakari.

23. júní. Vestan drif með skúrum. Þorkell lagstur. Landfarsótt.

24. júní. Vestan drif með skúrum. Þorkeli tekið blóð.

25. júní. Vestan, svo norðan. Þorkeli þyngra. Sent suður eftir meðölum.

26. júní. Norðangarður og gránað á fjöll. Þ. tekið blóð aftur. Sóttur Jón á Hellu.

27. júní. Þerrir og norðan. Minni kvölin í höfðinu og brjóstinu. Jón yfirum aftur.

28. júní. Góðviðri og smáskúrir síðar. Þorkell að mestu eins. Lagði netin aftur.

29. júní. Við austan, innlagning og þurr. Þorkell eins. Fært frá, 6 gemlingar frá mér og 11 lömb. Glad* og Bryde* lögðu inn.

30. júní. Við suðvestan og þurr. Þorkell að kalla eins.

*Júlí 1858

1. júlí. Við sunnan og flæsa. Þorkell eins. 7 liggja rúmfastir á Stað.

2. júlí. Góður þerrir. Þorkell eins. Ég alltaf upp yfir honum.

3. júlí. Suddaúrfelli allan daginn. Dó Lýður litli á Hamri úr barnaveiki.

4. júlí. Austan gúlpur. Þorkell eins. Em. í Tungu. Giftust Sigurður og Margrét.

5. júlí. Austan stormur. Þorkell að eins. Mest í höfðinu.

6. júlí. Sjólæða og innlagning. Þorkell við sama. Fórum að skera mó í Hbæ.

7. júlí. Innlagning og gott veður. Sótt meðöl fyrir Þorkel í annað sinn á Jóni m.

8. - 23. júlí. Landsunnan og austan á millum. Á víxl væta og þerrir. Fram að 14 þ.m. þá austan alltaf og væta á millum. Nú 23. þ.m. austan garður og kóf til f. Þorkell fór að dragast rúma á milli 15. þessa m.

og í aftur bata. 12. þ. m. lagðist Málmfríður í sömu sótt og er eins að kalla við 23. s.m. 18. og 19. s.m. lögðust í sam Elín kona Orms og Guðbjörg kona Jóns. Liggja þær nú allar þrjár. Mikið þungt við 23. þessa m. Fleiri finn á til hér á bæ. Á Tind liggur konan Guðný og 2 börn. Piltur dó úr andarteppu á Hamri 12.v. Hét Lýður sonur Sæmundar á Stað. Hafa að kalla allir lagst og legið í sótt þessar. Sóttin færir með sér höfuðóra, því hún hleypir blóðinu til höfuðsins og fljúgandi verkjum um allan kroppinn. Ég hef sjálfur verið með meinsemd í lófanum á hægri höndi frá byrjun hennar til gróið var í 6 vikur. Þó róið þrisvar. Fiskur kom um 9. og 10. þessa m. hér inn. Byrjuð tún 14=15 þ.m. Ormur búinn með sinn part í kvöld hjá mér, útfyrir lægðina á Brekkunni.

24. júlí. Austan garðurinn með krepju á fjöll. Málmfríður sáraum.

25. júlí. Austan. Málmfr. útar óráð. Elín og Guðbr. sáraumar.

26. júlí. Austan. Málmfr. léttara. Hinar jafn aumar. Búin brekkan.

27. júlí. Austan þoka. Væta síðast. Málmfr. í bata. Hinar eins. Þ. að slá.

28. júlí. Sama veðurlag. Málfr. léttara. Þorkell að fríska sig.

29. júlí. Sama veðurlag. Ég réri með Jóni mín. Aflaði 120 á lóðir og handfæri.

30. júlí. Sama v. Réri með Björn og Bjarna. Aflaði 115 á hvurutveggja.

31. júlí. Sama v. Réru með sömu. Aflaði 65 á hvurutveggja. Ákafleg síld um allan fjörðinn. Menn álitu það hafsíld.

*Ágúst 1858

1. ágúst. Norðaustan stormur og þurr. Málmfr. léttara. Ei embættað.

2. ágúst. Landaustan garður. Úrfelli er á leið. Ekkert búið að hirða.

3. ágúst. Landaustan garður með þokufýlu. Verið að slá í stykkinu.

4. ágúst. Sama veðurlag. Taðan liggur öll á túnunum. Heldur skánar fólki hér.

5. ágúst. Sama veðurlag en hæglátari. Réri, aflaði um 40 á handfæri.

6. ágúst. Sama veðurlag. Réri aflaði 48 á handfæri og lóðir. Ent við stykkið.

7. ágúst. Austan garður og stórhríð. Slegið út með brekkunni. Öllum léttara.

8. ágúst. Austan og stórhríð. Séra Halldór fyrir sunnan í hófi Þorsteins í Húsv. Símonsen búinn liggja viku í seinni ferð sinni hingað. Jón m. orðinn veikur. Af því ég varð veikur sem ég ? leið að ? tilfelli og við reittum? þennan mánuð hafa til enda verið óþerrar og ekkert hirt af töðu eða útheyi. Við lögðumst 3 í einu. Ég við rúmið í 6 vikur, Jón í mánuð, Guðrún hálfan mánuð. Ormsmegin lögðust stúlkurnar, Elín varð aumust af þeim.

*September 1858

September hefur verið þurrari. Komu flæsur á milli síðari part hans, náðist þá heybjörg manna. Þó var taða og úthey manna hrakin til skaða. 26. þessa mánaðar var landaustan drif, þurrviðri og frost að nóttu, svo illt var að raka fyrir hádegi.

27. sept. Sama veður, voru hirtir 18. Heyjað 5. Hart frost að nóttu

28. sept. Austan drif og þurr, bundnir 10. Varð ei slegið fyrir hádegi.

29. sept. Mikalismessa. Stórdrif með frosti og fjúki er á leið.

30. september. Austan garður frost og stór kafald. Öllum batnað mín og Jóns megin. Guð! sé lof. Kristján lagstur.

*Október 1858

1. október. Sama veður látið inn. Illar heimtur vantaði um 50 um sveita

2. okt. Stórgarður með bleytukafaldi. Haldin hreppskil. Sást halastjarna í norðri og gekk til vesturs.

3. okt. Austan garður með bleytukafald. Háa rok um fjörðinn.

4. okt. Garðurinn með frost og kafaldi.

5. okt. Garðurinn með frosti og kafaldi.

6. okt. Garðurinn með frosti og kafaldi.

7. október. Sami garðurinn með frost og kafaldi.

8. október. Garðurinn linari, frostið eins. Ég bar á völl. Ormur aflaði 60.

9. október. Garðurinn sem í gær. Ent að bera á völl. Ormur aflaði 100.

10. október. Landaustan dríf og frostlinara. Þorkell og Guðr. að Vonarho. Embættað á Felli. Jarðsett um leið Jón í Steinadal og barn frá Þorpum.

11. október. Landaustan stormur. Gott fiskirí.

12. október. Stormur landaustan. Rérum, öfluðum 60. 1 skötu.

13. október. Landaustan stormur. Vorum í landi.

14. október. Austan utan fyrir, hægur inn fjarðar. Rérum, öfluðum 40.

15. október. Stórgarður austan með smá fjúki á milli. Frostlaust í byg,

16. október. Norðan garður og frost. Embættað á Felli.

17. október. Norðan garður og þíðviðri.

18. október. Sunnan og þíðviðri.

19. október. Vestan stór drif.

20. október. Vestan gott veður. Ég fór með Guðrúnu að Bassastöðum.

21. október. Vestan drif. Ég fór að Hellu.

22. október. Vestan stormur. Ég fór að Hafnarhólmi.

23. október. Vestan dríf og þíðviðri, þó við krapa á millum.

24. október. Norðan garður með frosti og kófi.

25. október. Norðan sama veðurlag.

26. október. Norðan hæglátari, allir réru. Hingað og þangað liggur fólk.

27. október. Norðan hreinviðri og frost. Ég sóttur að Hafnarhólmi.

28. október. Sunnan og þíðviðri. Andaðist Sigurbjörg í barna andarteppunni.

29. október. Sunnan stormur og þíðviðri. Sigurbjörg jarðsett.

30. október. Sunnan hláviðri. Ég fór fram að Vonarholti. Var þar um nóttina.

31. október. Vestan drif og kaldari. Ég var í Vonarholti.

*Nóvember 1858

1. Nóvember. Suðvestan hlá???, ég fór heim. Barn dó á Tind snemma á vökunni.

2. Nóvem. Hláviðri og gjörleyst upp á fjöll.

3. nóv.b. Sunnan hláviðri.

4. nóvemb. Sama veðurátta.

5. nóvemb. Sama veðurátta, þótt hvass á millum.

[Aftan við 3 síðustu daga er skrifað:] Barnaveikin er að deyða börnin beggja vegna fjallsins.

6. nóv.b. Sama veður átt.

7. nóvemb. Sama veðurátt. Embættað í Tröllatungu

8. nóvemb. Sama veðurátt. Í betra lagi út frá þá gefur. Færra inn frá. Ég fór með leigurnar upp að Fjarðarhorni stóra. Varð þar um nóttina.

9. nóvemb. Hláviðri. Ég fór að Broddanesi og að Fjarðarhorni aftur.

10. nóvember. Hláviðri og smá skúrir á milli. Ég hélt heim.

11. nóvember. Sama veðurlag. Róið aflað 30.

12. nóvember. Logn og .. krepja er á leið. Ég fór að Þiðriksvöllum, varð um nóttina.

13. nóvemb. Austan drif fyrst. Gjörði hægð. Frost og hreinviðri. Ég fór heim.

14. nóvemb. Norðan hægð, smá fjúk og þoka. Embættað í Tröllatungu.

15. nóvember. Þokufjúkmiglingur og hægð. Ég sótti morið að Þorpum.

16. nóvemb. Sama veðurlag. Ég réri í staðinn Björns, öfluðum 54.

17 nóvemb. Þoku gúa frost. Þeir réru öfluðu 19.

18. nóvember. Bráðviðri, austan með frost og kafaldi.

[Aftan við 2 síðustu daga stendur:] Sýslumaðurinn yfirheyrði mig á Kirkjubóli uppá Odd í H.v.

19. nóvember. Norðan og hart frost. Var ei róið. Við Jón m. skárum ærnar.

20. nóvember. Gjörði logn fönn í mjóalegg. Hart frost og hreinviðri síðast.

21. nóvemb. Sunnan þíðviðri. Ég kláraði fyrst ánum. Embættað á Felli.

22. nóvemb. Sunnan þíðviðri. Tók af snjóinn að hálfu leyti.

23. nóvemb. Norðan stormur og hreinviðri. Jón m. fór suður eftir meðölum.

24. nóvemb. Sunnan þíðviðri og logn, Þorkell flutti mig inn fyrir Víðidalsá. Ég gekk inn að Ósi, þaðan á bát einsamann að Bassastöðum, varð þar um nóttina.

25. nóvember. Norðan stormur og frost. Ég að stað , varð þar um nóttina. Rifið hrís.

26. nóvemb. Norðan stormur og frost, ég að Bassastöðum aftur, varð þar um nóttina.

27. nóvemb. Norðan með frosti. Ég að Sandnesi. Gjört við byssu, varð um nóttina.

28. nóvemb. Austan stórgarður og frostlítið. Ég að Hellu, varð þar um nóttina.

29. nóvember. Stórgarður austan með bleytukafaldi. Ég var kyrr á Hellu.

30. nóvemb. Hægur norðan og fjúkdimma. Ég að Bæ. Varð þar um nóttina.

*Desember 1858

1. desemb. Stórdrif norðan með ísingu. Stórmold er á leið. Landaustan bloti um nóttina. Ég fór frá Bæ að Bjarnanesi, varð þar um nóttina.

2. desemb. Hægur fyrst, svo áhlaup með stór mold. Ég að * varð þar um nóttina.

3. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Ég að Hamri varð þar um nóttina.

4. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Varð kyrr á Hamri.

5. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Ég að Hafnarhólmi, varð þar um nóttina.

6. desemb. Norðan með frosti og kafaldi. Ég var um kyrrt að Hafnarhólmi.

7. desember. Gott veður, frostlítið og logn. Ég með flutning undir Víðirdalsárhöfða.

8. desember. Norðaustan drif með fjúki. Engin vaða. Fiskirí. Fátt og smátt. Nóg jörð.

9. desember. Sunnan hæglátur og þíðviðri. Ekki róið.

10. desember. Sunnan þíðviðri og hæglátur. Ég er að flétta niðristöðu*.

11. desember. Sunnan þíðviðri, fiskiríið meira og stærra. Þá róið, er engin vaða.

12. desember. Sunnan þíðviðri og hægð. Embættað á Felli.

13. desember. Austan dríf og hrakningur. Lögðum lóðir, en náðum ei.

14. desember. Austan garður og kafald. Varð ei lóða vitjað.

15. desember. Hægt og gott veður. Vitjuðum lóða. Vantaði 2½. Fengum dogg.

16. desember. Vestan dríf og hreinviðri. Var ei róið.

17. desember. Landsynningur og gott veður. Róið, aflaðir 11 á skip.

18. desember. Austan gola, samt róið. Aflaðist 27 á skip.

19. desember. Hátt norðan garður með sígandi frosti og kafaldi.

20. desember. Stórgarður, með frosti og kafaldi.

21. desember. Sama veðurlag. Andaðist Elín Guðm.dóttir á Geststöðum.

22. desember. Sami garðurinn með frosti og kafaldi.

23. desember Sami stórgarðurinn með frosti og kafaldi.

24. desember. Garðurinn í afláti. Engin vaða hefur enn sést.

25. desember. Jóladagur. Gott veður. Frost og hreinviðri.

26. desember. Gott veður, frost og hreinviðri. Embættað í Tungu.

27. desember. Við sunnan logn og gott veður. Fórum í skotsnuður, og um loið* Þorkell að Stað. Ég að Bassastöðum, urðum um nóttina.

28. desember. Útsynningsvera, þó hæglátur. Sóttum vega* íss út fyrir Bassastaði.

29. desember. Útsynningur framan af, svo norðan. Elín jarðsett.

30. desember. Ýmis fjúk og ísing með þoku allan daginn.

31. desember. Bloti og leysing. Síðast sterkviðri og kafald með frosti.

1859

*Janúar 1859

1. janúar 1959. Leysing og drif, ei embættað.

2. janúar. Útsynningur og frost. Svo útnorðan. Síðast vestan. Ei embættað.

3. janúar. Hægð, fannspýja, þoka og ísing síðast. Slæm færð.

4. janúar. Vestan drif og leysing. Allt flóði af vatnsgangi.

5. janúar. Útsynningur Á milli og frost. Garðsnap.

6. janúar. Hægð og grimmdar harka. Fórum að Hafnarhólmi.

7. janúar. Hægð og við sunnan. Sunnan drif síðast. Ætluðum að Sandnesi eftir mó. Komumst undan Víðdalsá og náðum undir Hrafnsnes.

8. janúar. Útsynningur allan daginn. Eingin vaða hefur enn sést.

9. janúar. Bloti, stórrigning allan daginn.

10. janúar. Útsynningur allan daginn. Gátum ei sótt bátinn.

11. janúar. Norðvestan hörku drif með skafrenning. Ég þreif bátinn.

12. janúar. Hreinviðri og hart frost. Fórum fram. Sáum ei sel.

13. janúar. Hæglátur vestan og þíðviðri. Dregnir 2 sleðar af mó.

14. janúar. Drifaveður og hláka. Mikil rigning á milli. Haldið kusu. ?

15. janúar. Hæglátur og fjúkkrepja og dymbingur. Fórum ei fram.

16. janúar. Suðvestan með frosti og fjúki á milli. Ei embæ. Ég kom frá V.hol.

17. janúar. Hreinviðri og hörkufrost. Fórum fram, fengum ekkert.

18. janúar. Hátt norðan drif með fjúki og grimmdar hörku.

18. janúar. Hreinviðri og hart frost. Fjúk myglingur á milli.

19. janúar. Austan Stórgarður og stórmold. Frostlinara.

20. janúar. Útsynnings garri. Sá þó alltaf til lofts. Engin vaða enn.

21. janúar. Útsynningur allan daginn. Þorri byrjar.

22. janúar. Háttnorðan með frosti og kafaldi. Ég að varði Eyjúlf um Odd í Hús?

23. janúar. Norðan með frosti og kafaldi. Var ei embættað.

24. janúar. Norðan með hörku og kafaldi.

25. janúar. Norðan með hörku og kafald. Pálsmessa.

26. janúar. Norðan með hörku og kafaldi.

27. janúar. Norðan með hörku og kafaldi.

28. janúar. Norðan með hörku og kafaldi.

29. janúar. Norðan með hörku og kafaldi. Var ei embættað.

30. janúar. Norðan með hörku og kafaldi.

31. janúar. Norðan með hörku og kafaldi. Hafísinn farinn að reka.

Febrúar 1859

1. febrúar. Norðan með hörku og kafaldi. Búið að taka upp netin.

2. febrúar. Kyndilmessa. Hart frost og hreinviðri. Báturinn í landi af ís.

3. febrúar. Norðan með hörku og stórkafaldi. Ísinn er meiri.

4. febrúar. Norðan með hörku og stórmold. Fullur fjörðurinn af ís.

5. febrúar. Norðan með hörku og kafaldi. Fullt í Ey og Skeljavík.

6. febrúar. Við norðan frost og hreinviðri. Ei embættað.

7. febrúar. Frost og hreinviðri. Ég fór uppí Þ.v.dal varð um nóttina.

8. febrúar. Frost og hreinviðri. Ég hélt heim. Farið að vaka á ísnum.

9. febrúar. Austan gúlpur og linara frost. Farnir að að afla dogga.

10. febrúar. Frost og hreinviðri. Allir að flykkjast á ísinn.

11. febrúar. Frost og hreinviðri. Ég fór með færi á ísinn.

12. febrúar. Bloti. Fór ísinn að reka. Náðust færin með naumindum.

13. febrúar. Útsynningur. Ég fór út að Kollafjarðarnesi. Varð um nóttina.

14. febrúar. Útsynningur. Héldum heim. Ég , Jón, Grímur og Ormur.

15. febrúar. Útsynningur. Við Þorkell sóttum á skíðum að Þorpum.

16. febrúar. Við norðan og fjúk, hart frost.

17. febrúar. Hreinviðri og frost. Ég sótti matbjörg að Hlíðarseli.

18. febrúar. Þvervestan drif með frosti. Þorkell sótti að Hlíðarseli sama.

19. febrúar. Bloti og stórrigning og leysing.

20. febrúar. Útsynningur og frost. Ei embættað.

21. febrúar. Mikil fannfergja og hart frost. Jarðlaust af fanndýpt.

22. febrúar. Hart frost og hreinviðri, varð ei útlátið vegna fanndýptar.

23. febrúar. Fannfergjukafald. Hart frost og hæglátur.

24. febrúar. Norðaustan kófkafald, hart frost og ófært um jörð að fara af fönn.

25. febrúar. Norðan með kafaldi og frost. Akkaði í þiljur?

26. febrúar. Fjúklítill og frost. Hæglátur. Varð ei komist fram.

27. febrúar. Hægð og fjúk fyrst, svo bloti, ei embættað.

28. febrúar. Logn og ágangur sunnan. Austan bleytukafald er á leið.

Mars 1859

1. mars. Norðan með frost og fjúkum. Jarðlaust af fanndýpt.

2. mars. Norðan með frosti og fjúki. Ísinn að koma fyrir.

3. mars. Sama veðurlag. Skoðuð hjá mér heyin af Benidikt og Birni.

4. mars. Norðan með frosti og fjúki. Við rákum úteftir. Urðum á Smáhöm[rum].

5. mars. Sama veður. Héldum að Smáh[ömrum] frá Kollafjarðarnesi aftur.

6. mars. Mið góa. Norðan stórkafald er á leið. Héldum heim.

7. mars. Harka og stórmold norðan. Komnar feikna fannir.

8. mars. Hreinviðri og hart frost. Allan fjörðinn tekur að leggja.

9. mars. Öskudagur. Allgott veður til nóns, þá skafrenningur og hart frost.

10. mars. Norðan með frosti og kafaldi. Fönnin í meira lagi.

11. mars. Norðan sterkviðri og stórmold með frosti. Komnar feikna fannir.

12. mars. Sama veður en linari. Á brekkunni er skaflinn um 6 álna á þ.

13. mars. 2 sunnudagur í góe. Frost og heiðbirta.

14. mars. Hreinviðri, hart frost og drif. Ég fór upp að Felli. Varð um nóttina.

15. mars. Sama veður með þoku. Komi. Mikill hafís kominn. Ég að Smáhömrum, varð þar um nóttina. Margir heylitlir. Fanndýpt, jarðlaust. 2 hvali? rak fyrir vestan, annar í Aðalvík 60ur og í Bolungarvík.

16. mars. Frost og þokukafald. Ég hélt heim. Sæluvika.

17. mars. Norðan með hörkukófi. Margir farnir að skera.

18. mars. Sama veðurlag. Allt fullt af hafísum og jarðbönn yfir land.

19. mars. Sama veðurlag, ég fór fram að Vonarholti. Varð um nóttina.

20. mars. Norðan hörkubruni og skafrenningur. Sáust hjálmabörð? hálf. Embættað.

21. mars. Góuþræll. Hægð með fjúki og frosti. Ég fór fram að Tind. Þorkell út á bæi, fyrir Björn í Heiðarbæ. Kom Guðrún m. frá Bassast.

22. mars. Einmánuður. Norðan með hörku og kafaldi. Guðrún kom, séra Halldór og Eyjúlfur búnir refa sandi? að stað suður. Margir hestar.

23. mars. All gott veður, frost og hreinviðri. Þork. og Guðr. að Tungu.

24. mars. Norðan með frosti og kófi. Margir farnir að skera.

25. mars. Maríum. Frost og fjúk. Ég með Guðrúnu að Bassastöðum.

26. mars. Frost og fjúk. Ég frá Bassastöðum að Hafnarhólmi.

27. mars. Stórmold með hörku. Ég kyrr á Hafnarhólmi.

28. mars. Svælingsmold með grimmdar hörku. Ég kyrr á Hafnarhólmi.

29. mars. Hreinviðri og frost. Ég gekk frá Hafnarhólmi yfir að Kirkjubóli.

30. mars. Frost og hreinviðri. Ýmsir að skera eða koma fyrir hér og sun.

31. mars. Frost og hreinviðri. Skafrenningur á milli.

Apríl 1859

1. apríl. Frost og hreinviðri. Skafrenningur á milli.

2. apríl. Frost og hreinviðri. Alltaf frostin í meira lagi.

3. apríl. Frost og hreinviðri. Linara frost. Mélföstusunnudagur.

4. apríl. Hægð og muggufjúk, frostlítið. Við Þork. fórum með hestana inn að Húsavík sem áttu fara suður á jörð, svo yfir á Strönd og heim aftur.

5. apríl. Hægð, muggukafald og frostlint. Farið með hestan að H?. aftur til ónýtis.

6. apríl. Norðan þoku kóf, meira frost. Farið með 21 hest suður til beitar.

7. apríl. Norðan með hörku og kafaldi. Ýmsir að reka hesta og fé suður á jörð. Víða búið að drepa kýr, hesta og kindur af heyleysi. Hafþök af ís fyrir vestan, norðan og austan. 2 hvalir dauðir á Skagaströnd.

8. apríl. Norðan frosti og kafaldi. Grímur skoða til heyja hjá mér.

9. apríl. Austan norðan stórgarður með frosti kafaldi.

10. apríl. Sama veðurlag. 2 s.e. í einmánuði. Geysi fannir komnar.

11. apríl. Birti allt um loftinu eftir hádegi. Hart frost og skafrenningur. Þorkell minn fór í vistina að Heydalsá.

12. apríl. Norðan með hörku kófi. Sagðar dauðar 18 kýr í Reykhólas.

13. apríl. Sama veður. Síðasta kýrin er við áttum var drepin að mér óspurðum.

14. apríl. Norðan hreinviðri með frosti og skafrenningur.

15. apríl. Norðan með hreinviðri, frosti og skafrenningur.

16. apríl. Norðan með hreinviðri, frosti, skafrenning. Ég að Hamri.

17. apríl. Norðan með hreinviðri, hægð og frosti. Síðasti s.d. í einmánuði.

18. apríl. Frost og hreinviðri. Fórum að Bassastöðum, urðum um nóttina.

19. apríl. Frost og hreinviðri. Héldum heim, rekið suður frá Hellu.

20. apríl. Frost og hreinviðri. Ég og Þorkell út á bæi, ég varð um nóttina á Broddanesi. Þ. h eim, Ormur og Guðm. Tind ráku suður kindur.

21. apríl. Skírdagur og sumardagur. Ég heim. Gekk upp norðan.

22. apríl. Föstud. langi. Austnorðan með frosti og kafaldi.

23. apríl. Sama veðurlag. Allir að reka suður fé og hesta.

24. apríl. Páskar, hæglátur landsynningur.

25. apríl. Sólskin og blítt. Við Björn í H=bæ fórum yfir á Strönd, leisti ?. 17 kúm, um 30 hesta og 400 fjár búið að farga í Víkursveit.

26. apríl. Sama veður. Blóðeyða fyrir sunnan. Lítil snöp í Heiðarbæ.

27. apríl. Sólskin og blíðviðri. Frost að nóttunni.

28. apríl. Sama veður. Ég fór út að Broddanesi. Hákalls á Smáhörmum.

29. apríl. Sama veður. Skip komið í Hólminn og Ísafjörð.

30. apríl. Sama veður. Snöp komin hér í hlíðinni.

*Maí 1859

1. maí. Blíðviðri. Ég og Þorkell fórum út að Kollafjarðarnesi.

2. mái. Sama veður. Við Þorkell fórum að vaka á fyrir hákall.

3. maí. Sama veður. Fengum 5 dogga. Lítil snöp við sjóinn.

4. maí. Sama veður. Var verið að koma í land hákallinum.

5. maí. Sama veður. Fengum 3 þorska frá mér. Málfríður varð veik.

6. maí. Sama veður, fengum þrjá. Komust við Björn land hákalli.

7. maí Sama veður. Öllu komið á land. Varð ei vart.

8. maí. Sama veður. Ei embættað. Vegna ófærðar. Allar kindur fyrir ?

9. maí. Hægð og hláviðri. Varð ei vart. Upp tekin færin.

10. maí. Alltaf góðviðri. Sálaðist á Heydalsá dóttir Guðb. í Tungug.

11. maí. Góðviðri. Kindur víða að hrobna? af úr ýmsum sjúkleik.

12. maí. Góðviðri og leysingar. Hafísinn enn kyrr. Lagnaðarís slæmur.

13. maí. Góðvirði alltaf. Farið að sjást lífgun í úthaga og túnum.

14. maí. Góðvirði. Vinnufólk skildagur. Ég meiddi mig í góm á gleri.

15. maí. Góðviðri. Embættað á Felli. Ísinn enn við sama.

16. maí. Góðviðri. Gisti á Hafnarhólmi, fór í fjörðinn með 12 kindur.

17. maí. Góðviðri. Málmfríður mín fór að Húsavík í vist.

18. maí. Góðviðri. Þó drifastormur vestan. Ísinn á reki.

19. maí. Gott veður og vestan stormur. Maður úr Hrútafirði Jónatan að nafni fór ofan um ísinn á sömu víkinni og Gísli inn án Hellu.

20. maí. Gott veður og stormur. 4 hvalir reknir fyrir vestan alls.

21. maí. Vestan stormur með skúrum. Tekin út af mér síðari partur Grafar.

22. maí. Gott veður. Ísinn minnkar í flóanum. Fastur við löndin.

23 maí. Hæglátur landaustan. 2 ½ tunna lýsis í hlut á Eyjum. uppinn? ísinn.

24. maí. Sama veður. Þingað á Kirkjubóli. Oddur strýktur á þinginu.

25. maí. Við landaustan. Fór ísinn að reka að aftur. Gott fiskerí fyrir vestan.

26. maí. Austan stormur og kafaldshrakningur. Lömb deyja víða.

27. maí. Sama veður, leysti upp. Höfða og Kúvíknaskipin ligg á Ísafirði.

29. maí. Gott að kalla, þó fýluúði allan daginn. Embættað á Felli.

30. maí. Fjúk hrakningur framan af. Fullt af hafís aftur. Skipt um skemmun.

31. maí. Landsynningur með skúrum. Ég skar ofan fjósið.

*Júní 1859

1. júní. Hægur af sömu átt. Besti þerrir. Konan mín fór til Orms.

2. júní. Góðviðri. Landsunnan uppstigningardagur. Embættað í Tungu.

3. júní. Við sunnan gott veður. Ég fór að Hlíðarseli. Ísinn að fara.

4. júní. Gott veður og suðurlægur. Þeir fóru norður á Gjögrið héðan.

5. júní. Norðan og þerrir. Skip komið á Reykjafjörð. Spekúlant.

6. júní. Austan með þoku. Rak inn ísinn í þriðja sinn.

7. júní. Austan hægur. Við Guðb. fórum að Broddanesi og heim aftur.

8. júní. Suðvestan stormur og þerrir. Ísinn fór. Ég stakk út hús.

9. júní. Linari með skúrum. Allur ís horfinn. Enduðu 7.v.s.umars. 31. janúar kom ísinn.

10. júní. Landaustan stórdrif. Rak ísinn að aftur. Varð ei róið norður frá.

11. júní. Við vestan hægur fyrst. Svo úrfelli og rok síðast. Ég enti við syðri gaflinn á hjallinum að láta spelina fyrir hann.

12. Hvítasunna. Útnorðan hægur, svo austan. Besti þerrir. Ísinn horfinn. Embættað á Felli.

13. júní. Logn og innlagning. Bjarni kom af Gjögrinu, ei varð róið fyrir ís norður frá. 6 skip voru á Reykjarfirði. 2 spekúlantar er ætluðu á Steingrímsfjörð. Hafnarskipið og 3. er ætluðu til norður hafnarinn ár. Sagt er að Eyrarbakka skipið hafi farist í ísnum og sprengt efri hluta þess í háa loft. Halda menn að Fortúna hafi farist í ís. 6 fiskiskip útlensk hafi og farist að sögn manna.

14. júní. Stórdrif með smáskúrum vestan, ég var að efna til í vindaugun á hjallinum.

15. júní. Norðan stormur. Við Guðbjörg fórum að Broddanesi.

16. júní. Mari og hægð. Þeir komu heim af Gjögrinu, gátu ei róið.

17. júní. Sunnan með skúrum. Ég enti við efra vindaugað. Kom Kristensen.

18. júní. Sunnan með krapa skúrum. Kristensen má ei höndla á Skeljavík.

19. júní. Norðan. Glad lagði út aftur. Lagðistundan Heydalsá. Embættað í gær, endaði ég við hjallin. nema að læsa honum.

20. júní Innlagning og þerrir. Ég var niðri Naustavík að l?

21. júní. Innlagning og þerrir. Sólst. Ég sótti hákall að K. og festi upp.

22. júní. Við austan og innlagning. Kominn allgóður sauðgróður.

23. júní. Við landaustan. Kristensen fékk leyfi að höndla hér.

24. júní. Þoka og logn fyrst. Svo austan drif. Við fórum á skipið til ónýtis.

25. júní. Stórgarð austan, snjóaði í byggð. Laskaðist skip í Húsavík.

26. júní. Hæglátur austan. Ei embættað. Betalaði Bjarni í Tungu 2 rigd. 48 f.

27. júní. Austan. Við Jón minn fórum inn á skip og vorum þar. Ég veikur af kvefi.

28. júní. Við sunnan. Við héldum heim. Ég með hósta og beinverki.

29. júní. Við sunnan hæglátur. Ég var að greiða þarann úr netinu.

30. júní. Sunnan með vætu. Jón og Guðbjörg flutt inn eftir.

*Júlí 1859

1. júlí. Hæglátur sunnan. Fært frá. Ég bætti hampnetið og lagði út.

2. júlí. Þingm. Þvervestan drif og þerrir. Ég tók upp netin 2. Þeim

3. júlí. Vestan drif og þerrir. Ei embættað. Við hjónin fóru upp í gær. Jón og Guðbjörg fóru að Fitjum. 1. sam m. hér í dag áttust við O. og ?.

4. júlí. Vestan og þerrir. Ég var að bræða lifrina.

5. júlí. Sama veður. Ég enti við að bræða fyrir mig og Björn.

6. júlí. Bráðviðri vestan allan daginn. 3 í netinu. Ég niður frá.

7. júlí. Suðvestan stormur allan daginn. Hægur að nóttinni, ég niður frá.

8. júlí. Sama veður staða. Ég var niður frá að rekja í og snúa öngultaum.

9. júlí. Sunnan hægur með skúrum . Við Þ.M. fórum að Hellu, svo heim.

10. júlí. Sama veðurlag, meira úrfellið. Séra Bjarni emb. í Tröllatungu. Frá 10. þessa mánaðar til 15 s.m. hafa verið vestanátt með skúrum á milli. Þann 16. s.m. landaustan með skúrum. Lagðar fyrst 3 lóðir frá Kirkjubóli og á þeim 90 af þorski.

17. júlí. Hátt vestan drif og þerrir. Urðum við til altaris með mörgum.

18. júlí. Vestan drif og þerrir. Óvíða farið að slá.

19. júlí. Vestan drif og þerrir. Farið að róa frá Kirkjubóli og afla. Fórum inn á skip, urðum þar um nóttina. Ka? fór með Jóni á Hellu.

20. júlí. Sama veður. Við héldum heim, misstum hesta að Hrófá, ég hníf.

21. júlí. Sama veður. Búið að láta gildru í ána og láta milnu í K:gil.

22. júlí. Hæglátari. Víðast farið að slá. Alltaf rifa þerrar.

23. júlí. Hæglátur landsynningur, væta síðast. Kristensen á stað. Ég gerði við net í Húsavík.

24. júlí. Landsynningur með úða. Embættað á Felli.

25. júlí. Hægur sunnan. Þerrir lítið. Farið að fiskast vel á lóðir.

26. júlí. Hægð og flæsa. Ég reri með Kristján. Öfluðum 80.

27. júlí. Austan drif með skúrum. Ég réri ekki.

28. júlí. Við sunnan. Ég réri með Stefán og Kristján aflað 95.

29. júlí. Við sunnan. Réri með Björn í Heiðarbæ, aflaði 47.

30. júlí. Við sunnan. Réri með Björn í H. aflaði 118.

31. júlí. Vestan stormur. Embættað í Tungu.

*Ágúst 1859

1. ágúst. Norðan garður og úrfelli á milli.

2. ágúst. Norðan garður. Ég reri með Guðmund G.B.son aflaði 48.

3. ágúst. Garðurinn sami. Ég reri með sama mann. aflaði 96.

4. ágúst. Stórgarður. Ei róið. Snjóaði á fjöll.

5. ágúst. Hæglátari, ei róið, fór batnandi.

6. ágúst. Innlagning og besti þerrir. Ég reri með Björn aflaði 28.

Frá 6. ágúst 28. s.m. hafa verð umhleypingasamt flæsur á millum. 21. sm.m. vestan bráðviðri. Fauk stórum hey í miðjum þessum mánuði drekkti maður sér kom að Gautshamri, Helgi að nafni. Hann er nú rekinn og kominn á Neskirkju og biður þar doktors skoðunar.

29. ágúst er norðaustan garður lan? nokra? duga? að undan? með snjókomu á fjöll. 2 menn drekktu sér í sjó fyrir vestan. Prófastur og bóndi frá Hrafseyri og bæum, báðir fundnir.

30. ágúst. Sami garðurinn með frosti og snjó til fjalla. Á bát minn hafa komið frá byrjun róðra í sumar til þessa 1010 af þorsk og ýsu, 7 skötur og ein hnísa.

31. ágúst. Austnorðan sami garðurinn með snjó komu til fjalla.

*September 1859

1. september. Veðurlag sama, þó snjókoman meiri ofan í dali.

2. septb. sama veðurlag. Alsnjóað ofan á Hærrihalla.

3. september. Norðan þerrir, flæsa, frost að nóttu. Ég fór upp í Þiðriksvalladal með net og gat ei fengið að leggja vegna heyanna þar.

4. septemb. Besti þerrir með sólskini. Embættað á Felli. Dó Kristján.

5. septemb. Stórrigning allan daginn. Ég veiktist í mjöðm í gærkveldi.

6. sept. Hægð og þerrirleysa. Dróst á fótum. Gat ei róið.

7. sept. Þerrir og hægð. Ég var fluttur að Hellu.

8. sept. Austan garður og besti þerrir. Ég var kyrr, lítið skárri.

9. sept. Við norðan hæglátur og flæsa. Ég fluttur, komst heim, nokkuð ?

10. september. Við landsynning. Hægur og væta, snjókrepja til fjalla.

11. september. Logn og hægð. Ég skárri. Embættað á Tungu. Kristján jarðaður.

12. septem. Austan hæglátur og flæsa. Ég skárri. Sótti beitu að Tungugröf.

13. septem. Hægur og flæsa. Ég reri. Aflaði 48. 3 skötur.

14. septemb. Sama veður. Ég reri. aflaði 111. Misti lóð og spotta.

15. septem. Við landsynning og flæsa. Ég réri, aflaði 132. Misti niðristöðu og ból.

16. sept. Austan góð flæsa. Ég var í landi að gjöra til aflanum.

17. sept. Logn og væta. Ég reri, aflaði 130 1 skötu.

18. sept. Norðaustan stormur og hreinviðri. Embættað í Tungu.

19. sept. Austan garður með bleytukafaldi til fjalla. Leitað lambafjall.

20. sept. Austan garðurinn og bleytu hrakningur. Ég var að setja upp lóðir.

21. sept. Sama veðurlag. Meira frost. Ég var að setja upp lóðir.

22. sept. Sami garðurinn með kafaldshrönnum og frosti. Ég við lóðirnar.

23. sept. Sama veðurlag. Ég enti við 2 lóðirnar sem Ásgeir hjálpaði mér í.

24. septemb. Sama veðurlag. Ég skrifaði fiski og Stefán með mér.

25. septemb. Sami garðurinn. Fjúkminn á og frostlítið. Embættað á Felli.

26. septem. Linari garðurinn og þurrviðri. Varð ei róið.

27. septemb. Gott veður og þurrt. Rérum, öfluðum 28

28. sept. Blíðviðri og þurr. Rérum, öfluðum 70.

29. sept. Blíðviðri og þurr. Rérum. Öfluðum 99.

30. sept. Blíðviðri og þurrt. Rérum. Ölfuðum 100.

*Október 1859

1. október. Blíðviðri og þurrt. Rérum Öfluðum 110. 3 skötur, hreppsk.d.

2. október. Landaustan drif og þurr. Embættað í Tröllatungu.

3. október. Landaustan garður með kófi.

4. október. Sami garðurinn með kófi hörku.

5. október. Linari garðurinn, ef hart frost.

6. október. Logn og gott veður. Rérum, öfluðum 50 og skötu.

7. október. Landsynnings stórhríð og hægð. Rérum, öfluðum 53.

8. október. Við sunnan blíðviðri og hægð. Rérum öfluðum 46.

9. október. Blíðviðri. Embættað í Tröllatungu.

10. október. Blíðviðri. Rérum, öfluðum 35.

11. október. Blíðviðri. Rérum, öfluðum 20.

12. október. Blíðviðri. Fórum í skotsnuður, misstum kóp.

13. október. Blíðviðri. Rérum, öfluðum 16.

14. október. Norðan drif með frosti og hreinviðri.

15. október. Norðan og haft frost í afláti.

16. október. Blíðviðri og frostminn á. Fluttum Guðríð m. að Hafnarh´æolmi. Hún var hjá okkur berdaga?. Embættað í Tungu.

17. október. Frost og héla. Við Björn lögðum lóðir, náðum ekki.

18. október. Stórdrif vestan. Náðum ei lóðum.

19. október. Norðan garður og frost, náðum ei lóðum.

20. október. Norðan með frosti og kófi. Náðum lóðunum með Ormi en þ. ?.

21. október. Norðan með frosti og kófi. Þórunn n. sárveik.

22. október. Norðan með frosti og kófi. Þórunn eins.

23. október. Norðan með frosti og kafaldi. Þórunni aðeins léttara.

24. október. Norðan með frosti og kafaldi. Enginn áfreði upp á fjöll.

25. október. Norðan með frosti og kafaldi. Jörðin hin besta á háfjöll.

26. október. Norðan með frosti og kafaldi. Jón minn var í nótt.

27. október. Sami garðurinn. Linara frost og fjúkminn á.

28. október. Norðan með frosti og kafaldi.

29. október. Norðan með frosti og kafaldi.

30. október. Norðan með frosti o kafaldskófi. Ei embættað.

31. október. Norðan með frosti og kófkafaldi.

*Nóvember 1859

1. nóvember. Norðan með frosti og kafaldi. Þungfært. Nóg jörð.

2. nóvember. Norðan með frosti og kófkafald. Róið útfrá. Fiskfátt.

3. nóvember. Norðan með frosti en kafaldsminn á.

4. nóvember. Norðan með hörkufrosti. Stefán úr veri í gær.

5. nóvember. Norðan með hörku og kafaldi. Róið útfrá.

6. nóvember. Norðan með hörku og stórkafaldi. Jörðin eins góð.

7. nóvember. Norðan og frost mikið. Kafaldsminn á.

8. nóvember. Hægð og frost mikið. Gat ei róið. Viðarreki útfrá.

9. Nóvember. Við sunnan hæglátur, Við Björn með Guðr. að Bassastöðum og urðum þar um nóttina. Barnadauði mikill fyrir vestan.

10. nóvember. Þíðviðri og logn. Við heim. Fiskast útfrá.

11. nóvember. Þíðvirði og logn. Rerum fengum 4 á skip.

12. nóvember. Þíðviðri og logn. Rerum, öfluðum 21 á skip.

13. nóvember. Þíðviðri og stormur. Jón m. að sækja sig á bát. E. í Tungu.

14. nóvember. Sunnan hláviðri. Bátlaus, aðrir reru. Ormur misti lóðir.

15. nóvember. Sunnan hláviðri og drif, ei róið.

16. nóvember. Vestan garri og útsynningur. Ei róið. Fiskur þá gefur.

17. nóvember. Vestan hæglátur með bleytuéljum. Rerum, öfluðum 5.

18. nóvember. Vestan drif fyrst, svo hægð, síðast norðan og frost.

19. nóvember. Austangarður. Með kafaldi og þétt frost.

20. nóvember. Norðan með frosti. Fjúklítið. Ei embættað. Góð jörð.

21. nóvember. Norðan með frost og kófi. Gengur þungt kvef.

22. nóvember. Norðan með frosti. Hér eru allir vesælir af kvefinu.

23. nóvember. Hægð og mugga. Ég í skotsnuður. Mistei kóp dauðan.

24. nóvember. Sunnan hláviðri. Ég vesæll af kvefinu.

25. nóvember. Sunnan hláviðri. Hljóp í mig taksnertur.

26. nóvember. Við vestan, hægð og frost. Ég í skotsnuður. Fékk 2 vöðuselskópa. Kom tak í mig í Heiðarbæ um kvöldið. Linaðist þá háttaði. Þorkell varð hjá okkur um nóttina.

27. nóvember. Aðventa. Logn og blíðviðri. Embættað á Felli.

28. nóvember. Norðan með hörku og kafaldi. Mér léttara.

29. nóvember. Hreinviðri og hart frost. Fórum í skotsnuður. Fengum ei.

30. nóvember. Hreinviðri og hart frost. Rérum til sama, fengum ekki.

*Desember 1859

1. Desember. Sunnan hláviðri og drif. Þeir reru útfrá. Öfluð.

2. Desember. Útsynnings garri. Reru útfrá. Hleyptu sumir og náðu ei lóðum.

3. desember. Fyrst kafaldsdimma. Svo stórgarður allt í einu með kaf.

4. desember. Stórgarður með hörku og stórmold. Sá í kálgarðinn ei meir.

5. desember. Stórmold með hörku. Ill vitjandi húsa báða dagana.

6. desember. Stór mold með hörku, allt inni.

7. desember. Kafaldsminni en harkan eins. Ég rak ærnar mínar að Heiðarbæ. Var þá eftir af því er við áttum lifandi í Miðdalsgröf, ég, konan mín og kötturinn.

8. desember. Hæglátari en hart frost. Við fórum í skotsn. ekkert.

9. desember. Stór ofsi vestan með stór rigningu.

10. desember. Fjúk miglingur hæglátur og frostlítið. Ég malaði.

11. desember. Við norðan hart frost og hreinviðri. Ei embættað.

12. desember. Við útnyrðing hart frost og hreinviðri. fórum í skot: fengu ei.

13. desember. Sama veður. Fórum í skotsnuður. Fengum ekkert.

14. desember. Sama veður. Ég fór inn að Víðdalsá. Fiskast um Hyrnurnar.

15. desember. Sama veður, ég fór í skotsnuður. Sá ei sel. Fórum að Hellu.

16. desember. Sama veður. Ég framað Tind með fisk til Halldórs.

17. desember. Logn, frost minn á og myglingur á milli. Ég í skoti, misstum sel.

18. desember Við norðan hæglátur. Ýmsir fiska á Flóanum. Þó er það smátt.

19. desember. Frost og hreinviðri. Fórum í skotsnuður, fengum ekkert.

20. desember. Frost og hreinviðri. Róið í flóann til fiskjar.

21. desember. Frost og hreinviðri. Fórum til ónýtis.

[Vantar 22. des. i dagbókina]

23. desember. Frost og hreinviðri. Fengum kóp með 2 fjórðungum.

24. desember. Forst og hreinviðri. Ormur fékk ?=kóp, aðrir ei.

25. desember. Frost logn og þoka í lofti. Jóladagur. Embættað á Felli.

26. desember. Frost og hreinvirði. Víða kank? af kvefi.

27. desember. Frost og hreinviðri. Hírkingar? í inni.

28. desember. Frost og hreinviðrið. 2 í skotsnuður, fengu ekkert.

29. desember. Frost og hreinviðri. Við Þorkell sóttum mó að Vonarholti.

30. desember. Norðan með fjúki og frost. Ég að Arnkötludal.

31. desember. Með frosti og fjúki. Ég að Tind eftir bók.

1860

*Janúar 1860

1. janúar. Norðan með frost og fjúki. Ég vesæll af taki. Embættað í Tung:

2. janúar. Norðan með frosti og kafaldi. Engin vaða hefur sést.

3. janúar. Norðan með frost. Nógleg jörð.

4. janúar. Norðan frosti og kafaldi. Komu fáir. Hafísjakar.

5. janúar. Norðan með frosti og kafaldi. Engin vaða enn komin.

6. janúar. Hart frost og hreinviðri. Ýmsir í skotsnuður, fengu ekki.

7. janúar. Útsunnan bloti. Kafald síðast með frosti.

8. janúar. Útsynningur með sígandi frosti. Jarðlítið. Sagður er sjúkleiki úr Norður og Suðurlandi af kvefi og taugaveiki og deyja margir úr hvorutveggja. Hér gengur og kvef. Deyja fáir.

9. janúar. Vestan bloti og útsynningur. Jarðlítið.

10. janúar. Suðvestan stór bleytukafald og bloti.

11. janúar. Fyrst loftþunnur og logn. Svo stórfergja síðast stórmold vestan.

12. janúar. Suðvestan bleytu? kafald og bloti.

13. janúar. Útsynningur og frostlítið. Jarðlaust að kalla.

14. janúar. Útsynningur. engin vaða hefur enn sést. Aldrei gefur fram.

15. janúar. Norðan með frosti og kófkafaldi. Ei embættað.

16. janúar. Suðvestan og bloti jarðlítið, engin vaða.

17. janúar. Útsinningur. Skárri er á leið.

18. janúar. Bloti, þíðviðri til kvölds. Snöp meiri.

19. janúar. Hreinviðri og frost af ýmsum áttum.

20. janúar. Þíðviðri sunnan. Meiri jörð. Þorri byrjar.

21. janúar. Hægð og frostlint. Sóttum tað á bát að Víðirdalsá.

22. janúar. Hægð og frostlint. Þámað loft. Embættað á Felli

23. janúar. Austan stórgarður, þó fisklítið. Ég fór að Hlíðarseli.

24. janúar. Norðan með kófi og hörku. Fann ég kóp í Heiðarbæ.

25. janúar. Norðan með kófi og hörku, hæglátari.

26. janúar. Norðan með frosti. Kófi farið að mæða með landinu.

27. janúar. Norðan hart frost og kóf. Góð snöp allvíðast.

28. janúar. Norðan hart frost. Hæglátur innfjarðar. Engin vaða.

29. janúar. Austan drif, hart frost og hreinviðri. Ég fór að Kollafjarðarnesi.

30. janúar. Frost og hreinviðri. Ég að Broddanesi og heim um kvöldið.

31. janúar. Frost og hreinviðri. Ég í skotsnuður, sást ei selur.

*Febrúar 1860

1. febrúar. Frost og hreinviðri. Ég fór fram, sá ei sel. Jón m. kom.

2. febrúar. Kyndilmessa. Vestan stórdrif og stórrigning allan daginn.

3. feb. Útsynningur og bráðviðri síðast og hart frost.

4. febr. Útsynningur. Norðan með frosti síðast. Jón minn v. um nóttina.

5. febr. Níuviknafasta. Norðan með hörku og stórkafaldi.

6. febr. Norðan með hörku og kófkafaldi. Ekkert fréttist til íssins.

7. febr. Norðan með hörku og kófkafaldi. Ekkert fæst í nætur enn.

8. febr. Norðan hart frost og í afláti. Góður hákallsafli norður frá.

9. febr. Gott veður. Þeir fóru norður frá Húsavík og Kirkjubóli.

10. febr. Landaustan drif og frost. Sunnan ágangur í lofti.

11. febr. Hvítt logn undir hádegi, þá vestan stormur. Ormur fékk kóp.

12. febr. Sunnan í áttinni. Hægð og mugga er á leið. Embættað á Felli.

13. febr. Hláviðri, leysti mikið. Fjúk síðast.

14. febr. Bráðviðri fyrst, svo hæglátari, frostlaust og þerrir.

15. febrúar. Hlávíðri. Jarðsungin madame Guðrún í Garpsdal og Anna á Kleifum kona Eggert. er dó viku síðar.

16. febrúar. Hlávíðri.

17. febrúar. Hlávíðri. Gefur ei fram á fjörðinn. Engin vaða enn.

18. febrúar. Fyrst fjúk og hægur, svo norðan með frosti og kafaldi.

19. febr. Norðan með frost, loftþunnur, kom Guðrún og Málmfríður.

20. febr. Gott veður og logn. Við í skotsnuður. Sáum fátt, fengum ekki.

21. febr. Vestan stórrigning og leysing. Þriðjudagur fyrsti í góu.

22. febr. Vestan garri með éljum. Slitti ofan í þýtt. Öskudagur.

23. febr. Hægur með austan fannspýju til hádegis. Þá vestan áhlaup og með veðri og stórmold. Ég fór að Húsavík og Naustv. Kom heim áður á skellti.

24. febr. Útsynningur allan daginn. Lítið hrot hefur sést framundan Hrófá.

25. febr. Vestan með éljum, þó hæglátari. Ég fór fram að Gestsstöðum.

26. febr. Vestan stormur, hart frost, fjúklítið. Embættað í Tungu.

27. febr. Útsynningur allan daginn. Jarðskart af áfreða.

28. febr. Við vestan hæglátur. Ormur fór fram missti 2 sela.

29. febr. Frost og hreinviðri, fram á miðjan dag, þá austan áhlaup með kafaldi. Við Björn fórum að Kleifum og Hellu, fengum hroða, lentum í Paradís.

Mars 1860

1. mars. Norðan með frosti og kafaldi. Svo útnorðan. Svo vestan mold.

2. mars. Við sunnan gott veður. Fórum fram, sáum ókenndan illfisk. Klakk f. [bætt við síðar?]

3. mars. Austan flái fjúklítið. Mikil fuglfird. Ég sótti á sleða tað í n.v.

4. mars. Útnorðan drif, svo hægur, fjúklaust. Mið góa. Vaða inn á firði.

5. mars. Hæglátur. Kældi austan er á leið. Fórum fram, fengum ekkert.

6. mars. Blíðviðri allan daginn. Ég missti 2 sela, hálf dauða. Ormur fékk 3 v.s. um kvöldið, þá lentum og búnir að hálfsetja. kom kópur ég skaut hann á h.2.f.

7. mars. Hlávíðri fram á miðjan daginn. Þá útsynningur. Ég gerði til kópinn.

8. mars. Hlávíðri, leysti mikið. Klakkfiskurinn og sverðfiskurinn inni.

9. Hæglátur sunnan þó éljum á milli, ég fór ei fram, hinir fengu ekkert.

10. mars. Gott veður framyfir hádegi. Þá austan stórdrif. É og Or. fengum kóp.

11. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Embættað á Felli. - Í gær í áhlaupinu varð úti á Tunguheiði Guðbrandur Hjálmarsson yfir 80?

12. mars. Norðan með hörku og kófi, éljum. Haldinn fundur um það í Tungugröf.

13. mars. Fannfergju kafald. Síðast austan með kafaldi. Fórum á bát að Hrófá.

14. mars. Landaustan fannfergja fyrst, svo sunnan rigning, útsynningur síðast.

15. mars. Hægur austan. Fórum fram, skaut 4 sk. og misti öll. Ormur missti eins.

16. mars. Útsynningur, norðan kafald með frost síðast. Elín fæddi Guðrúnu.

17. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Guðrún skírð.

18. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Síðasti sunnudagur í góu.

19. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Sáust hafísjakar.

20. mars. Norðan með hörku og kafaldi, meiri ísinn.

21. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Ísinn alltaf meiri.

22. mars. Norðan með hörku og kófi. Íshellan komin inn að Naustavík.

23. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Fullur fjörðurinn inn að Borgum.

24. mars. Norðan með hörku og kafaldi. Allt fullt sem sést af ís.

25. mars. Maríumessa. Norðan hæglátari. Fjúk minn á. Harkan eins.

26. mars. Norðan með kófi og bruna hörku. Farnir að vaka á.

27. mars. Norðan með hörku fjúklítið, allt fullt af ísnum, * allt frá Reykjanesi á Skeljavík og inn ár. Hvalir þar inn frá og hrot.

28. mars. Frost og hreinviðri og hægð. Fóru 7 í hvalaveiðar úr sveitinni inn eftir. Ég í rjúpnaleit, sá eingva. Allur flóinn fullur, þeir inn frá.

29. mars. Norðan með þokukófi. Ég fékk 5 rjúpur, þeir inn frá.

30. mars. Norðan með hörkukófi, ég fékk 11 rjúpur, þeir inn frá.

31. mars. Norðan með stórmold og mestu hörku. Fraus á loftinu.

*Apríl 1860

1. apríl. Norðan bráðviðri. Sá til brúna, minni harka. Fraus á loftinu.

2. apríl. Norðan hart frost og hreinviðri. Þeir vaka yfir kalnum (hvalnum?) inn frá.

3. apríl. Frost og hreinviðri. Gekk upp ? Þeir inn frá, og að koma heim.

4. apríl. Hláviðri. tekin upp öll færi út frá. Þeir inn frá.

5. apríl. Hláviðri. Drif og mesta leysing. ísinn að fara. Þeir inn frá. Fiskurinn sem þeir járnuðu inn frá kar í gær á Sandnesi á honum 40 vættir. Skipt laugardaginn fyrir páska. Allir heim með sitt.

6. apríl. Útsynningur. Hafísinn kominn út, en eftir inn á firðinum.

7. apríl. Hægur vestan að hádegi. Svo norðan með frosti og kófi. Þeir k. heim sem eftir voru á Gjögrinu. Þorkell kom þá og gaf okkur kaffi og sykur.

8. apríl. Páskadagur. Stórmold með hörku norðan allan daginn.

9. apríl. Gott veður. Sólskin og logn. Þó frost. Embættað í Tröllatungu.

10. apríl. Útsynningur. Komin hafþök af ís. Sér hvurgi út yfir.

11. apríl. Landsynningur. Hægðar fjúk fyrst, svo þíðviðri sunnan.

12. apríl. Sunnan hláviðri. Síðast frost. og smá él. Komust ei norðan.

13. apríl. Hláviðri sunnan, stórhríð og veður síðast. Við Jón m. fórum út að Kollafjarðarnesi. Var Ásgeir þá besta manneskja. Urðum á Smáhömrum.

14. apríl. Hægur sunnan og mesta leysing. Við heim, allir norður, ísinn að fara.

15. apríl. Vestan drif með stóréljum á milli. Ei embættað.

16. apríl. Hláviðri og leysing. Ísinn burt, nema inn á firðinum.

17. apríl. Landsynnings þoka og hægð. Konan mín fór inn að Húsavík.

18. apríl. Sunnan hláviðri. Ég keypti 12 faðma línu af Andrési 88 sk.

19. apríl. Hláviðri með sólskini. Hákallsafli á Hyrnunni. Frá 22 til 22 með ?

20. apríl. Vestan leysing með sólskini. Ég reif mér hrísklif.

21. apríl. Vestan með sólskini og leysingu. Ég enti við silunganetið. Halldór og Þrúður komu hingað. Flutt á 8i í gær og eins í dag.

22. apríl. Norðan með þoku og fjúki. Fyrsti sunnudagur í sumri.

23. apríl. Norðan með kófi og hörðu frosti.

24. apríl. Austan drif með fjúki á milli, linara frost.

25. apríl. Gott veður, ég fór norður að Bæ, varð um nóttina, frá 20 til 28 t á skip á Gjögrinu.

26. apríl. Fyrst vestan, hláviðri, svo allt í einu austan með frosti og kafaldi, ég í Bæ.

27. apríl. Blíðviðri. Komum hingað yfir. Ég, Sæmundur, Finnbogi, Halldór.

28. apríl. Landsunnan hláviðri með rigningu. Sást vöðuhrot.

29. apríl. Suðvestan stormur og þurr. Ei embættað. Mikil leysing.

30. apríl. Landaustan stormur, fannspýja. Guðb. Árnadóttir varð um n.

Maí 1860

1. maí. Við sunnan og blíðviðri. Kom maður að vestan. Sagði gott fiskerí.

2. maí. Vestan stormur og með sólskini og leysingu.

3. maí. Krossmessa. Vestan fyrst, svo austan drif og sólskin. Frost að nóttu.

4. maí. Kóngsbænadagur. Sólfar og innlagning. Embættað í Tröllatungu.

5. maí. Mesta blíðviðri. Hula í lofti og hvítt logn úti haf.

6. maí. Norðaustan stormur, þykkur og lítið frost í byggð. Embættað í Tungu.

7. maí. Gott veður og sólskin. Ég fór inn í Hrútafjörð. Varð á Broddanesi.

8. maí. Sama veður. Kældi þó norðan eftir sem á leið. Ég fór að Snartartungu.

9. maí. Norðaustan stórgarður og harka, ég fór að Litlu-Hvalsá. Ö? að síssumann [sýslumann?)

10. maí. Hægri og hart frost. Ég fór frá Hvalá að Prestbakki og að Skálholtsvík.

11. maí. Besta veður, þó við norðan. Ég að Brekku.

12. maí. Blíðviðri. Ég heim. Flestir komnir heim að norðan.

13. maí. Góðviðri. Embættað á Felli. Heyrðust dynkir í austri í gær og d.

14. maí. Þurrvirði og innlagning. Komin skip fyrir vestan og sunnan.

15. maí. Norðan stormur, frost á næturnar. Þingað á Kirkjubóli.

16. maí. Norðan með frosti þá á leið. Ég byrjaði að flytja mig frá Gröf í Naustavíkina. Þar eð Ormur flæmdi okkur burt með sínum viðurgjörning. Brunadynkirnir búnir að heyrast í 6 daga í landaustri.

17. maí. Uppstigningdagur. Austan stormur. Embættað í Tungu.

18. maí. Austan stormur og fjúkmyglingur. Ég fór að Br. og Kollaf. Svo heim.

19. maí. Útnorðan drif með kófi og hafísreki. Gjörði fönn að nóttunni.

20. maí. Útnorðan drif frost með hafísreki. Ei emb. Dynkirnir enn.

21. maí. Austnorðan með kófi á milli og frost. Ísinn að tínast inn.

22. maí. Sama veðurlag og veðurstaða. Ég flutti á 2 hestum í Naustavíkina.

23. maí. Sama veðurlag. Sagt er að Kötlugjá sé að gjósa.

24. maí. Sama veðurlag. Frosti ð jafn meira. 5 vikur af sumri.

25. maí. Stórdrif með frosti og fjúki. Hélaði glugga.

26. maí. Hæglátari meira fjúk. Íshroði á fjörðum og víkum. Auður flóinn. Teknir út Geststaðir.

27. maí. Hvítasunna. Austnorðan með frosti og kófi á milli. Ei embættað.

28. maí. Sama veðurlag. Fjúklítið. Frost hart. Ísinn ei meiri.

29. maí. Loft þunnur, en drifa steytingur og frost. Ég að gjöra við klafa.

30. maí. Austan drif og frost. Þoka í lofti, fjúklaus.

31. maí. Austan stormur, kaldur en fjúklaus.

Júní 1860

1. júní. Austan stormur og frosthægur. Ég flutti á 3 hestum og Þorkell.

2. júní. Austan garður, þurr og frost. Haldin aksjón á því ég mátti ýtrast selja, fór allt fyrir hálfvirði.

3. júní. Trínitatis. Norðan með kulda og frosti. Embættað á Felli.

4. júní. Austan stormur og kuldi. Ísinn alltaf meiri.

5. júní. Austan stormur og kuldi. Símonsen hafnaði sig á H:h:

6. júní. Sam veður. Símonsen sendir til amtmanns að meg[a] höndla allt.

7. júní. Sama veðurstaða. Hægur og sjólæða. Ég flutti. Konan m: reif lyng.

8. júní. Hæglátur og sjólæða. Séra Ólafur í Flatey jarðaður í gær.

9. júní Sama veður alltaf. Ísinn að reiða inn. Bjargræðisskortur víðast að heyra. Nema á úr Ísafjarðarsýslu, þar fiskast vel.

11. júní. Alltaf kuldar og þerrar og noðran. Varð maður bráðkvaddur á Heydalsá, norðan frá Birgisvík og var að setja til nýja netið.

12. júní. Við norðan, sólskin og þerrir, fullur fjörður af ís. Ég við netið.

13. júní. Sama veður lag. Fullt út í flóa af ís. Ég við netið. Enti.

14. júní. Innlagning og þoka. Simónsen má ei höndla nema mat.

15. júní. Vestan hægviðri með smáskúrum. Ég lét glugga í búðina.

16. júní. Austan garður og … Við fórum … á skipið, ég fékk ekkert.

17. júní. Þerrir og við austan. Embættað í Tröllatungu.

18. júní. Þerrir og hægð. Við hjónin fórum alfarin frá Gröf í Naustavík.

19. júní. Austan kuldadrif og þerrir. ég lagði fyrst. Fékk 1. Byrjað að byggja.

20. júní. Sama veður. ég og frá Heiðarbæ fórum að Hellu. 2 í netinu.

21. júní. Austan drif og þerrir. Ég bjó til eldhús. Fékk 10 í netið.

22. júní. Austan og þerrir. Ég og frá Heiðarbæ á skipið. 2 í netið. Ísinn minni.

23. júní. Austan og þerrir. Kom Halldór í Gröf. 3 í netinu.

24. júní. Jónsmessa Austan stormur og þerrir. Embættað á Felli.

25. júní. Hægð og þerrir undir hádegi. Þá innlagning. Við ??? fórum um nóttina að Hafnarhólmi. Hingað og yfir um aftur. Símonsen róinn út og fór í spýtnaleit um kvöldið. Fékk til muna. 5 í netinu.

26. júní. Austnorðan stórgarður. Gat ei lagt. Fór að byggja húsið okkar.

27. júní. Sami garðurinn. ég að byggja. Ísinn farinn. Mylningur við land.

28. júní Garðlægja og þerrir. 3 í netinu. Guðm. Gíslason á Broddadalsá dáinn.

29. júní. Vestan drif. Úrfelli er á leið. Ekkert í netinu. Ormur kom með kaffi.

30. júní. Vestan rosi. Ekkert í netinu. Guðm. á Tind byggði með mér.

Júlí 1860

1. júlí. Vestan rosi með skúrum. Brann á Kollafjarðarnesi. Ekki.

2. júlí. Sama veður. Dúknað kaupm. á Ísafirði og 4 með honum í net…

3. júlí. Innlagning og þerrir. Kom Ólöf í Húsavík hingað með mat.

4. júlí. Stórúrfelli fyrst, svo drif vestan. 18 fengust í netin síðan í gær.

5. júlí. Vestan hæglátur. Ekkert í netin. Komin fiskreita, kom Halldór í Gröf með mjólk. Sæm. á H. að leita dóttur sinni lækning hjá séra B. Sveitarbarn nýdáið á Tind úr barnaveiki. Fólk liggur víða í taugaveikinni og Jón læknir á Hellu. Við Björn í Heiðarbæ að saga í kofann.

6. júlí. Vestan rokveður er á leið með sudda. Sæm fór yfir snemma.

7. júlí. Sunnan hæglátur. Ég með sá að Arnkötludal. Kom hér Guðb. Friðrik og hans kona með barn að Heiðarbæ. Guðb. gaf okkur 3 þorska nýja, feitan sel og kaffi. Sæm: sendi okkur og gaf grjón, baunir, korn, harða drætti og hákall.

8. júlí. Hæglátur sunnan og blíða. Séra Bjarni embættaði í Tröllatungu.

9. júlí. Logn, þoka og úði með skúrum á milli. Lagt nýja netið fyrst. 7 í hin.

10. júlí. góðviðri með skúrum. Fórum inn á skip til ónýtis. Ekkert í netinu.

11. júlí. Sama veður. Ég að byggja. 7 í nýja netið, 5 í hin. Komnir 65 í netin. Kom Grímur, Ormur, Oln? og Þrúður. Konan m. veik af uppsölu.

12. júlí. Við austan með skúrum. Gúlpur síðast. Tók upp netin.

13. júlí. Landsunnan góðviðri með vætu. Ég að byggja ? landi.

14. júlí. Sama veður. Við Þorkell m. vorum að saga. Lögðum netin. Guðbrandur sálugi er úti varð í vetur, nýfundinn í Gautsdalsá.

15. júlí. Landsynningur með skúrum. Embættað á Felli. 3 í nýja netið.

16. júlí. Sama veður. Jón Sigurðsson frá séra Halldóri að byggja m.mér.

17. júlí. Þurrviðri. Björn á Klúku og Benedikt að byggja hjá mér. Flækti sig kópur í nýja netið og dó þar strax. 1 í nýja netið.

18. júlí. Hægð og gúlpur. Komu kaupstaðarhjónin Capitain og Egilsen?

19. júlí. Hæglátur og þoka, Friðrik var að stinga í kafanum m. 2 í nýja netið.

20. júlí. Austan hægur og þoka. Guðm. Guðbr.son flutti hnaus.

21. júlí. Austan hæglátur og þoka. Kom með gjafir Guðríður Guðm.dóttir.

22. júlí. Austan stormur og þoka. Embættað í Tungu. 1 í netið nýja.

23. júlí. Hægur austan í. Finnbog að byggja með mér. Þó veikur. 5 í nýja netið.

24. júlí. Við sunnan. Hægur. Við hjónin rifum hrís. 3 í nýja netið.

25. júlí. Sunnan með smáskúrum. Ég sárveikur af uppsölu og niðurgangi. 4 í nýja netið. Silungur, selur, og smáreiðar á dingi? við hleinina. Símsen lagði inn.

26. júlí. Sunnan með skúrum. Mér léttara. Ekkert í netið.

27. júlí. Austan gúlpur en hægur. Mér léttara, en jókst munnsviði nasabólga.

28. júlí. Við sunnan hægur og þurr. 2 enskir drukknuðu nýlega á Reykjarfirði.

29. júlí. Suðvestan með úrfelli. Var ei embættað.

30. j. Sunnan drif og með skúrum. Gísli í Hamri viðbeinsbrotnaði.

31. júlí. Við útnyrðing og þurr að mestu, lagði nýja netið.

*Ágúst 1860

1. ágúst. Sunnan hægur og suddi á milli. 15 í nýja netið.

2. ágúst. Hægur fyrst, svo útnorðan. Við Keli ætluðum inn á skip. Snerum til baka við Tungugrafarhólma. 18 í nýja netið um daginn.

3. ágúst. Norðaustan garður, þurr að mestu. Ég að byggja.

4. ágúst. Norðaustan garður og hrakningur. Ég hálfvesæll.

5. ágúst. Norðaustan garður og þerrir. Embættað á Felli. Yrja síðast.

6. ágúst. Norðaustan gúlpur. Netin í landi. Lítið af töðunni innkomið.

7. ágúst. Þurr og austan gjóla. Símonsen lagði út frá Hafnarh. Ég fór fram að Tind og þáði miklar gjafir af Guðm. og Sveini.

8. ágúst. Austan fýla við og við. Ég fann girðis flaska frammi.

9. ágúst. Austan með þoku og fýlu. Ég að gjöra við net og hleypa girði úr flaskanum. 1 í stúfinn, annar. Orðið vart á handfæri.

10. ágúst. Austan stormur en þurr. Konan m. uppí Heiðarbæ og að bætra annan stúfinn og að hlypa út af flaskanum.

11. ágúst. Austan gjóla og þurr. Ég réri fyrst með þork. aflaði 60 á hand.

12. ágúst. Vestan flæsa. Við urðum til sakramentis með börnum okkar.

13. ágúst. Stór rigning. Sunnan síðast. Ég réri með Benidikt og Björn. Varð hvergi lífs var. Tókum 2 tré er ég átti í Skeljavík.

14. ágúst. Hægur og rigning fyrst. Svo út norðan með drif með rigningu.

15. ágúst. Stórdrif út norðan fyrst. Svo sólskin og logn síðast.

16. ágúst. Útnorðaustan drif. Nýsálaður Árni sonur sonar míns.

17. ágúst. Austan stormur og flæsa. Ég réri, aflaði 25 á handfæri.

18. ágúst. Austanhægur og þurr. Ég aflaði 75 á handfæri, hafaíkdinn?

19. ágúst. Við sunnan og þurr. Greftrað? br. frá Hv. Málfríður veik. Embættað í T.

20. ágúst. Landaustan og góð flæsa. Ég réri, aflaði 37.

21. ágúst. Við landaustan. Besti þerrir. Ég réri. Aflaði 71. Kom í Hmeri.

22. ágúst. Austnorðan garður. Ég skaust fram með Þorkel, aflaði 10. Góð flæsa.

23. ágúst. Stórgarður. Ég sótti hrís upp í Kleifadal.

24. ágúst. Austnorðan hæglátur og góð flæsa. Ég gat ei róið, vantaði mann.

25. ágúst. Austnorðan garður, þurr að mestu. Ég smíðaði öngla.

26. ágúst. Norðan og þerrir. Flæsa. Embættað á Felli.

27. ágúst. Austnorðan og þerrir. Ég réri með Benidikt og Finnboga. Aflaði 96.

28. ágúst. Austan gúlpur. Réri með Finnb. aflaði 49. Svenskur m. reist hjá.

29. ágúst. Stórgarður austnorðan, snjóaði á fjöll.

30. ágúst. Sami garðurinn. Sárkaldur og frost fyrst að nóttu.

31. ágúst. Sólskin og logn. Vestan drif síðast. Ég réri, aflaði 11. Varð á Hafnarh.

*September 1860

1. september. Sunnan stormur og smáskúrir. Komumstum heim. Kom Guðný á Tind.

2. september. Hæglátur sunnan og þurr. Komu 8a þar á meðal madame Kristín á Kleifum og færði okkur smjör. Emb. í Tungu.

3. septemb. Logn og úði. Síðast vestan drif. Ég reri einn á bát, aflaði 16.

4. septemb. Logn og stórrigning að nóni. Svo vestan. Ég réri með 2 af. 3.

5. septemb. Vestan háarok með úrfelli á milli. Engir gátu heyjað.

6. septemb. Vestan drif með krapaskúrum til nóns. Friðrik var hjá mér.

7. septemb. Útnorðan drif með éljum. Snjóaði á fjöll.

8. september. Vestan hægur og besti þerrir. Ég reri með lóðir fyrst, aflaði 2.

9. september. Vestan stormur og smáskúrir. Komu 7. Embættað í Tungu.

10. september. Vestan stormur með skúrum. Gat ei róið.

11. september. Vestan stórdrif með skúrum. Við kaffilaus, ég fór að Tind.

12. septemb. Austnorðan gúlpur. Okkur bættist kaffi í Húsavík. Ólöf þar veik. Við gjörðum henni bað. Skiptapi úr Arnarfirði 4 á.

13. septemb. Við norðan gott veður veður og þerrir. Gat ei róið.

14. septemb. Austan drif og þurr. Við Keli rérum, öfluðum 12.

15. septemb. Landaustan stór hviða og veður. Var ei embættað.

16. septemb. Austan garður og úrfelli.

17. septemb. Enn stríðari garðurinn með bleytukafaldi. Leitardagur.

18. septemb. Nokkuð linari garðurinn. Snjóaði í sjó niður.

19. septemb. Dimbingur, mikill undir sjór. Síðast austan drif. Réri aflaði 16. Sæluvika.

20. septemb. Stórgarður og rigning. Kom hér Jón Eyjúlfsson á H.h.

21. septemb. Ofsa garðurinn og rigning allan daginn.

22. septemb. Sami stórgarðurinn. Rok hingað yfir miðjan fjörð og bleytu.

23. septemb. Garðurinn nokkuð linari og þurr. Embættað í Tungu.

24. septemb. Hæglátur norðan. Kominn mikill snjór á fjöll. Ég réri, afl. 72.

25. septemb. Gott veður og við sunnan. Frost að nóttu. Ég réri, aflaði 55.

26. septemb. Logn og þurrviðri. Ég réri, aflaði 30.

27. septemb. Vestan drif fyrst, svo austnorðan. Ég réri ekki.

28. septemb. Sunnan hæglátur og flæsa. Ég réri, aflað 31.

29. septemb. Sunnan drif með skúrum á milli. Ég flutti hnaus.

30. septemb. Sunnan með skúrum. Ei embættað.

*Október 1860

1. október. Suðvestan stórdrif með bleyturigningu. Síðast norðan m. frosti og kófi. Vorum 4 að byggja kofann. Hjálmar í Tungu giftist.

2. októb. Gott veður. Rérum, öfluðum 39. Snerum færi.

3. októb. Gott veður. Rérum, öfluðum 15. Fórum að Hafnarhólmi.

4. októb. Vestan og með éljum. Rérum, öfluðum 10. Misstum lóðir. 5.

5. október. Besta veður. Rérum, öfluðum 22. Fundum allar lóðirnar. Doggur á.

6. október. Austan stormur með bleytukafaldi. Haldin hreppskil.

7. október. Norðan með frosti og kófi. Embættað á Felli.

8. októb. Norðan með frosti og kófi. Sigríður dóttir mín að finn á móðir sína, nú á Kirkjubóli.

9. október. Norðan með frosti. Sigríður dóttir mín fór heim aftur.

10. októb. Norðan með frosti. Ég sótti súrmat að Arnkötludal.

11. októb. Hreinviðri. Hart frost, hélaði glugga. Réri, aflaði 28.

12. októb. Útnorðan með fjúki á milli. Við Þorkell byggðum frammaf b?

13. októb. Norðan með frosti og kafaldi. Snjóaði í sjó.

14. októb. Norðan hæglátur og frost. Var ei embættað.

15. októb. Norðan með kófi og frosti. Lítið fiskerí inn á firði hér.

16. októb. Útnorðan ofsagarður með frosti og kafaldi.

17. októb. Hæglátur norðan og frost. Rérum, öfluðum 23.

18. októb. Hæglátur norðan og frost. Rérum, öfluðum 12.

19. október. Norðan hreinviðri, frost og drif. Ég sótti sög að Heydalsá.

20. október. Sama veður. Við Þorsteinn voru að saga í húsið okkar.

21. októb. Sunnan hláviðri. Þorkell sótti súrmat minn að Arnkötludal.

22. októb. Sunnan baðviðri og leysing. Ég fékk Ólöfu rígdalin sinn

23. októb. Við sunnan Rérum, öfluðum 12 og kóp með 32 m.

24. októb. Sunnan. Ég smíðaði dyragrind fyrir kofann og stromp.

25. októb. góðviðri. Rérum, öfluðum 48.

26. októb. Gott veður. Þorkell og Finnbogi réru, öfluðu 28. Ég veikur.

27. októb. Gott veður. Þeir réru, Þ og F, öfluðu 15. Mér léttara.

28. októb. Gott veður og þurr. Embættað á Felli.

29. októb. Sunnan hláviðri. Ég og frá Heiðabæ. Rifum hrís.

30. októb. Sunnan bráðviðri með úrfelli. Rifum ekki.

31. októb. Sunnan leysing og úrfelli. Bráðviðri síðast. Rifum.

*Nóvember 1860

1. nóvemb. Sunnan og þurr, gott veður. Rifum ekki.

2. nóvemb. Sunnan með skúrum. Við rifum.

3. nóvemb. Sunnan drif með úrfelli á milli. Rifum ekki.

4. nóvemb. Sunnan blíðviðri. Ei embættað. Fisk fátt víða.

5. nóvemb. Þurriviðri og gott veður. Sunnan í loftið.

6. nóvemb. Sunnan stormur og væta framan af. Sóttum hrísið.

7. nóvemb. Blíðviðri og logn. Ég hækkaði eldhúsið við búðina.

8. nóvemb. Sunnan hægur, væta á milli. Rérum öfluðum 2 brómsur.

9. nóvemb. Sunnan góðviðri. Við hjónin rifum lyng.

10. n. Sunnan drif með skúrum. Ég reif hrís, hún malaði.

11. n. Stórrigning allan daginn, austan með bleytukafaldi síðast. Emb. í Tungu.

12. n. Stórgarður austan með hörku og kafaldi. voru ýmsir að leita fjársins.

13. n. Sama veður. Vatnaði fé víða meira og minn á. Ég vesæll af kvefi.

14. n. Sama veður. Ýmsir að leita kinda. Ég eins.

15. n. Sama veður. Ég dregst á fótum. Fundum 2 kindur dauðar á H.a.

16. n. Sama veður. Þó minn á kafaldið. Harkan eins. Ég við sama.

17 n. Hægð, hart frost og fjúkmyglingur. Ég við sama.

18. n. Hægð, hart frost og loftþunnur. Mér heldur léttara. Em. Felli.

19. N. Norðaustan með kafaldi. Mér léttara.

20. n. Sama veður. 11 enn ófundið í Garpsdal. 6 fundust út um Eyjar.

21. N.br. Norðaustan hæglátur og frostlítið.

22. N. Landsunnan linja og hæglátur. Mér léttara.

23. n. Landaustan og linja. Fiskfátt.

24. n. Logn og úrfelli. Ég fór í skotsnuður, sá ei sel og að Hellu.

25. n. Frost og hreinviðri. Ganga í norðan. Embættað í Tung.

26. nn. Hægur fyrst, svo austan drif með frosti og kafaldi. Réru flestir.

27. n. Austan með frosti og kafaldi, mér allt af léttara.

28. n. Austan með frosti og kafaldi.

29. n. Austan með frosti og kafaldi.

30. n. Austan, frost og hreinviðri.

*Desember 1860

1. desember. Hægur landsunnan og frostlaust er á leið.

2. desemb. Aðventa, logn hægur og úrfelli er á leið.

3. desemb. Austnorðan með frosti og kófi. Við Keli söguðum.

4. desemb. Austan með hörku og kafaldi.

5. desemb. Sama veður. Frosthart.

6. des. Logn. Söguðum.

7. desem. Landsynnings belgingur og frostlaust.

8. desemb. Landsunnan drif fyrst, svo hægð og úrfelli.

9. desemb. Landsynningshægð og frostlítið. Ei embættað.

10. desemb. Logn og lítið frost. Fórum í skotsnuður. Sáum ei sel.

11. desemb. Við vestan hægð. Frost meira. Fórum ei.

12. desemb. Gott veður og landsynning. Góður afli fyrir austan ?

13. desemb. Austan stórdrif með fjúki og frosti.

14. desemb. Hægð fyrst, svo austan drif með bleytu. Við Keli fórum inn að Víðdalsá og S.vík?

15. d.b. Logn. Sunnan síðast. Við Keli sóttum bátinn og taðið inn eftir.

16. d.b. Gott veður og sunnan. Embættað á Felli. 14. s.m. sálaðist Ingibjörg í Þorpum, kona Árna. Degi áður dó þar smalapiltur.

17. desember. Gott veður. Ég fékk kópvöðusel með 3.f. og 17. m.

18. dsemb. Austan stormur og lint frost.

19. desemb. Austan drif og hart frost. Við Þorkell söguðum.

20. desemb. Frost og hægð. fórum í skotsnuður. Sáum engan sel.

21. desmb. Hart frost og hreinviðri. Ég fór fram að Tind.

22. desemb. Hart frost og hreinviðri. Ég dró ofan úr holtum hrís og ling.

23. desemb. Hátt norðan stór garður með hörku, en fjúklítið.

24. desemb. Norðan með hörku og kafaldi.

25. desemb. Jóladagur norðan með hörku og kafaldi. Ei embættað.

26. desemb. Stórgarður með hörku og kafaldi.

27. desemb. Sama veðurlag, harkan en meiri með brúna reik um lönd?

28. desemb. Ofsaveður austan um morguninn. Allt í einu hægur sunnan.

29. desemb. Hæglátur sunnan og frost hægur.

30. desemb. Austnorðan með sígandi frosti og fjúki. Kom Margrét á Kirkjubóli, gaf okkur brauð og ekk[i] kaffi. Höfum án þess verið síðan fyrir jól og vorum hins sama um nýárið. Þar Margrét brást.

31. desemb. Hæglátur norðan með frosti. Lítið fjúk á milli.